



This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:


- + *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.
- + *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.
- + *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.
- + *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.


About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at <http://books.google.com/>



Hosted by Google





Verð: 1 kr.

Íslendinga sögur.

11.

Laxdæla saga.

Búð hefir til prentunar
Valdimar Ásmundarson.




Réykjavík.

Kostnaðarmaður: **Sigurður Kristjánsson.**

1895.

LAXDÆLA SAGA.

BÚID HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.
KOSTNAÐARMAÐUR: *SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.*
1895.



FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.

FORMÁLI.

Laxdæla saga hefir áðr komið út þrisvar á prenti, og eru það þó í rauninni að eins tvær útgáfur. Fyrst er sagan prentuð í Khöfn 1826 og gefin út af nefnd Árna Magnússonar. Fylgir þeirri útgáfu latnesk þýðing eftir Þorleif Guðmundsson Repp. Í annað sinn er sagan endrprentuð eftir þessari útgáfu á Akreyri 1867 með for mála eftir dr. Jón Þorkelsson rektor. Þar er einungis breytt stafsetningu og fácinar athugasemdir settar neðanmáls. Þriðja sinn er Laxdæla prentuð í Kaupmannahöfn 1889—91 og gefin út af „Samfund til udgivelse af gammel nordisk literatur“. Dr. Kr. Kálund hefir unnið að þeirri útgáfu og er hún mjög vönduð.

Hin fyrri útgáfa er gefin út eftir skinnbók þeirri í Safni Árna Magnússonar, nr. 132 fol., sem nefnd er Möðruvallabók, og er hennar nokkuð getið í formálanum fyrir Kormáks sögu. Möðruvallabók er talin rituð skömmu eftir 1300.

Jón Sigurðsson hefir ætlað að gefa út Laxdælu eftir Möðruvallabók með stafsetningu handritsins. Textinn er fullbúinn til prentunar, og er það handrit nú í safni hans á Landsbókasafninu nr. 125 fol.

Annað aðalhandrit sögunar enn Möðruvallabók er

IV

komið af Vatnshyrnu, skinnbók, sem brann í Kaupmannahöfn 1728. Afskriftir af því handriti hafa verið lítt kunnar þar til er Kálund gaf út Laxdælu. Hann hefir gefið söguna út eftir handriti, sem eflaust er afskrift af Vatnshyrnu. Þetta handrit er nr. 225, 4to., í safni íslenska Bókmentafélagsins í Khöfn, og hefir Hákon kaupmadr Bjarnason á Bildudal gefið það félaginu. Þetta er mjög merkilegt handrit, enn á það vandar endann. — Annað handrit samkynja (ættað frá Vatnshyrnu) er og í sama safni, nr. 310, 4to., sem Sigmundur Mattiasson á Seyðisfirði (nú í Ameríku) hefir gefið félaginu. Þar er endir sögunnar óskaddr, og er þannig til heil afskrift af Laxdælu úr Vatnshyrnu. Þetta virðist einnig vera gott handrit. Dr. Kálund hefir þó ekki notað það við útgáfu sína af Laxdælu, af því að hann vissi ekki af því fyrr enn um seinan.

Að þessi tvö pappírshandrit af Laxdælu hafa geymzt í eign einstakra manna hér á landi fram á vora daga, sannar bæði, að menn glata ekki öllu slíku hér, svo að nauðsyn beri til að sópa því öllu úr landi og hitt, að merkileg pappírshandrit af fornritum geta eun dulizt hér á landi.

Auk þessara hinna helztu handrita af Laxdælu eru til ýms brot af henni á skinni erlendis og mörg pappírshandrit. Þau handrit af Laxdælu, sem eru hér á Landsbókasafninu, eru, að sögn Pálma Pálssonar, aðstoðarbókvarðar, öll komin af Möðruvallabók, og sama er að segja um þau tvö handrit af sögunni, sem eru í safni Bókmentafélagsins í Reykjavík (A 9 a (= B III 3 a) og B 39).

Er annað þeirra skrifað af Einari Bjarnasyni á Mælifelli, enn hitt mun vera frá 18. öld.

Elzta brot af Laxdælu er í Safni Á. M. nr. 162 D₂, eitt skinnblað, sem talið er ritað á síðari hlut 13. aldar. Annað elzta brot af Laxdælu er í 162 D₁ í sama safni, og er það eldra enu Möðruvallabók (ritað um 1300), enda ber að mestu saman við hana.

Líkindi eru til, að handrit það sem D₂ er úr sé nákomnast elzta frumriti Laxdælu, enn öðl þau handrit, sem talin eru skyld D₂, eru annaðhvort svo breytt eða óheil, að sagan verðr ekki gefin út eftir þeim.

Stafsetningin á D₂ er mjög fornleg. Þar er gerðr greinarmunr á æ og æ, sagnendingin *st* er þar *sk*, *ð* er ritað í staðinn fyrir *d*, t. d. í *fjölði* og *sæmð*, *-legr* er ritað í staðinn fyrir *-ligr* (sem annars er algengt í hinum yngri fornritum, enn er nú aftr orðið *-legr*) o. s. frv.

Sú útgáfa, sem hér kemr af Laxdælu, er að mestu prentuð eftir Kálunds útgáfu, nema orðum hefir verið breytt á stöku stað, einkum þar sem álitid var, að handrita orðamunrinn neðanmáls væri réttari enn textinn.

Stuttr kafli í enda sögunnar, sem Kálund hefir tilfært aftan við formála útgáfu sinnar eftir hdr. nr. 310 4to í safni isl. Bókmentafél. í Khöfn, hefir ekki verið tekinn til greina við þessa útgáfu, úr því ekki var kostur á að nota alt handritid, sem að líkindum er þess vert, að því væri gaumur gefinn. Þess má þó geta, að þar er orðamunr nokkur. Bolli segir við Þorstein (á bls. 260 í þessari útgáfu): „*ek gef mér lítit um slíka hluti, man ok eigi torveldi at ryðja þessu þegar í dóm kemr. Þat mun*

VI

ok sannara, sagði Þorsteinn, at hafa eigi hér þessa gjöf við, því at ek munda hafa gefit þér hrossin, þó at eigi hefði þetta í orðit . . .“. „*Þá kjstu þat*“, sagði Þorsteinn, „*er öllum oss gegnir verr, því at þótt Helgi sé lítilsverðr, þá er hann mér þó hendilangr*“.

Aldr Laxdæla sögu má nokkuð ráða af D₂, það er að segja, hve snemma sagan hefir verið færð í letr, enn glöggvast sést það á ýmsu í sögunni sjálfri, svo og því, að Eyrbyggja saga vitnar til Laxdæla sögu, enn Eyrbyggja saga er talin rituð um 1250. Í 78. kap. Laxdælu (á 243. bls. í þessari útgáfu) er nefndr Ketill Hermundarson, „er ábóti var að Helgafelli“, enn Ketill ábóti dó 1220. — Sagan er því fyrst skrásett á árunum milli 1220 og 1250. Höfundrinn hefir að öllum líkindum verið prestur við Breiðafjörð sunnanfram eða munkr á Helgafelli.

Því verður ekki neitað, að frásögnin í Laxdælu er ekki allstaðar áreiðanleg í sögulegu tilliti, og hafa því þeir menn, sem á síðari árum hafa risið upp erlendis til að gera sögur vorar tortryggilegar, véfengt hana í mörgum atriðum. Frásagnirnar um Ketil flatnef, hirðmensku Höskuldar, Hrúts og Óláfs pá, móðerni Óláfs pá og ferð hans til Írlands, vist Kjartans með Óláfi konungi Tryggvasyni og vinátta hans og Ingibjargar konungs systur, þykir þeim alt ósennilegt. Enn engin gild rök eru færð gegn þessum atriðum. Þá þykja þeir Hrapparnir grunsamlegir menn, einkanlega þar sem hinn þriðji Hrapp er í Njálu, og þeir eru allir lyndislíkir, enn ekki er óeðlilegt, að menn, sem bera sama nafn, geti oft verið

VII

likir, með því að þeir eru oft af sömu ætt. Þá þykja sumar frásagnirnar um Þorkel Eyjólfsson miðr trúlegar, einkanlega það, að hann hafi ætlað að byggja svo stóra kirkju að Helgafelli sem kirkjan var í Niðarósi, og er það fært á móti, að kirkjuviðrinn hafi ekki getað verið svo mikill, þar sem sagan segir, að viðrinn hafi verið dreginn norðan „meir enn á tuttugu hestum“ (þrjátíu hestum“ hafa sum hdr., sbr. hinar eldri útg. af Laxdælu, og er það tekið upp í þessa útgáfu). Enn þótt hestarnir hefði ekki verið yfir 20, hefði mátt draga á þeim mikla við, þar sem Þorkell var að flutningnum frá því skömmu eftir jól og fram á langaföstu, enda er líklegt, að sleðar hafi að einhverju leyti verið notaðir til að aka viðunum. Það þykir ennfremr ótrúlegt, að Óláfr konungr hafi verið svo stórgjöfull við Þorkel sem sagan segir, að hann hafi gefið honum „tíu tigi marka brends silfrs“ (þ. e. um 30000 kr. í vorum peningum). Enn sagan fullyrðir heldr ekkert um það, segir það einungis „alsagt“.

Eins og þegar er sagt, hafa flestar þessar rengingar við lítil rök að styðjast. Öðru máli er að gegna um það, sem sagan segir frá Bolla Bollasyni. Þar er auðsjáanlega ranghermt og ýkt. Eftir er Bolli Bollason kemr til sögunnar, gerist sagan miklu óáreiðilegri enn áðr, og þá fer tímatalið mjög út um þúfur.

Upphaflega hefir Laxdæla saga ekki verið lengri enn til enda 78. kap., enda er svo í handritum þeim sem næst standa hinni elztu gerð sögunnar, sem enda kapítulann með þessum orðum: „Ok lýkr þar nú sögunni“. Bolla

VIII.

Þáttur, sem hefst með 79. kap., er síðar tilbúinn, enn þó ekki miklu yngri enn sagan. Þessi þáttur er alveg óáreiðilegr; að minsta kosti voru þeir menn, sem við hann koma, fyrir löngu dauðir, þegar Bolli Bollason var uppi. Höfundrinn hefir verið norðlenskr og líklega átt heima í Svarfaðardal eða þar í grend.

Frásögn Laxdælu um utanför Hrúts er blönduð málum, þannig, að það sem Laxdæla segir um dvöl hans í Noregi, á við hina fyrri dvöl hans þar meðan hann var ungr (sbr. Njálu). Enn frásagnirnar um Kjartan er lítil ástæða til að rengja, þótt söguritarinn dragi ef til vill nokkuð hans taum, þar sem Óláfs sögu Tryggvasonar ber saman við frásögn Laxdælu.

Í nokkurum pappírshandritum, sem virðast skyld hinu elzta handritsbroti af Laxdælu, er frásögnin um sverðstuldinn í Hjarðarholti nokkuð frábrugðin hinnri venjulegu sögu. Þar stendr svo í einu hdr. (og fleirum með nokkurum orðamun):

Óláfr mælti: „Hér skulu vit fara kyrt at þessu máli ok þetta ekki í hávaða hafa, svá hér verði beinaspjöll at, því at fáir munu hafa verit í þessu illræði, enn göngum nú ok látum eftirboðsmenn, og ef þessi maðr verðr á vegi þínum eða okkrum, er sverðit hefir gert þjófstolit, þá munu vit finna mikinn hvímt á honum, enn ef nökkurir hafa skotizt í burt, þeir er setit hafa at boði váru um hríð, þá gera þeir ærit ljósa greiðslu um þetta mál“. Síðan líta þeir feðgar yfir liðit ok sakna þriggja manna, Þórólfs Ósvífrssonar ok sona Þórhöllu. Þá lét Óláfr ríða eftir þeim; þar til valdist Beinir hinn sterki við

IX

fimta mann. Snjóor var fallinn, svá at sá til spora. Ok þá er þeir Beinir koma inn at Fáskrúð (önnur hdr. hafa Ljáskrúð), sá þeir hvar þeir Þórólfr fóru; þeir sjá þá ok eftirreiðina. Þeir Þórólfr vóru þá komnir inn til Hálsaklifs (eða Hálgaklifs, önnur hdr.: Hagaklifs) ok sneru þá inn í skóginn. Þeir Beinir sóttu þá fast eftir; bar þat eitt þá við, at eigi varð fundr þeira, at keldótt var at ráða ok skógótt; enn þeir Þórólfr höfðu þá hleypt hestana ok taka þá á fæti undan. Beinir fann sverðit konungsnaut í keldu ofan bert. Þeir sneru heim eftir þat. Tók Kjartan við sverðinu“.

Þessi frásögn er að sumu leyti sennilegri enn hin venjulega frásögn, enda er hún fornleg, og að hún sé gömul má ráða af því, að hún kemr fram í hinu færeyska kvæði „Kjartanstættir“, sem hlýtr að vera mjög gamalt. Enda benda orðin í Fornmannasögum II 226 á þessa frásögn, þar sem stendr „er eftir þeim var riðit“. Það eitt er athugavert við þessa frásögu, að hér er Beinir hinn sterki nefndr í stað Áns hvíta.

Dr. Kålund gerir lítið úr áreiðileik Laxdælu í sögulegu tilliti, enn virðist fara of langt í sumum atriðum. Þannig er fráleitt að segja, að það sé „romantisk udsmykning“, sem „aldrig har hart noget tilsvarende på Island“, að Guðrún Ósvífrsdóttir hafi átt laukagarð. Laukagarða er víða getið hér á landi í fornöld, og á Hólum í Hjalta-dal er nefndr laukagarðr fram á daga Jóns biskups Arasonar. Sæmundr Eyjólfsson heldr, að ‚laukagarðr‘ hafi verið alment nafn á matjurtagarði (Búnaðarrit VII 9).

Tímatals villur eru talsverðar í Laxdælu, og kemr

tímatál hennar víða ekki heim við önnur sögurit, svo sem Noregs konunga sögur og Ísl. Annála. Einkum er það skeikult, sem snertir viðburði og menn í öðrum löndum. Þó kemr Laxdælu saman við fornensk eða írsk fornrit þannig, að þau geta manna, sem Laxdæla nefnir, svo sem Þorsteins rauðs (Oistin), sem fellr um 875 o. fl. Mýrkjartans nafnið er írskt konunganafn (Muircertach). Einn af þeim konungum, er báru þetta nafn, var höfuðkonungr á tímabilinu 926—943, enn aðrir eru smákonungar, er sumir voru uppi um sama leyti. Einn af þeim var drepinn 963. Ekkert er á móti því, að Melkorka gæti verið dóttir einhvers af þessum konungum.

Í tímatals ágríp það sem stendr hér aftan við formálann eru þau ártöl sett, sem líklegust þykja, enn áreiðanleg má ekki telja nema sum af þeim. Einkum er tímatalið óáreiðanlegt í síðara hlut sögunnar, eftir er Bolli Bollason kemr til sögunnar, enda er óvíst nær hann er fæddr. Mun hann vera fæddr fyrir enn í sögunni segir. Víg Helga Harðbeinssonar og Þorgils Höllusonar hljóta að hafa farið fram fyrir enn sagan segir, enda er ólíklegt að hefndin eftir Bolla hafi dregizt mörg ár. Sama er að segja um gifting Þorkels Eyjólfssonar. Utanfór Þorkels Eyjólfssonar og Gellis sonar hans hefir og verið nokkuru fyrir enn sagan segir.

Enn eins og áðr er sagt, koma Fornmannasögur víða allvel heim við Laxdælu, svo sem frásagnirnar um þá Kjartan og Bolla. Bolla Þorleikssyni er enda lizt greinilegar í Fornmannasögum enn í Laxdælu. Í Fornmannasögum stendr:

XI

„Bolti var mikill maðr vexti ok allstyrkr, fríðr sýnum, réttnefjaðr ok heldr langleitr, þykkvarraðr ok þó ekki munnljótr, grunneygðr ok þó ekki opineygðr, ok lágu fagrt augun. Ljósjarpr var hann á hárr; manna hermannligastr ok hinn mesti skartsmaðr“.

Af því að efnið í Laxdælu er svo skáldlegt, hefir það orðið yrkisefni útlandra skálda. Hið elzta kvæði út af Laxdælu eru Kjartanspættir (Kjartanstættir), gamalt fær-cyskt kvæði, sem prentað er í „Færøiske kvæder“, sem út eru gefin af V. U. Hammershaimb. Þá má og nefna sjónleik eftir Oehlenschläger „Kjartan og Guðrún“ og söguljóð eftir hið nafnkunna enska skáld William Morris „The Lovers of Guðrún“ o. fl. Loks hefir Brynjólfur Jónsson frá Minnanúpi ort söguljóðin „Guðrún Ósvífrsdóttir“, sem prentuð eru í Reykjavík 1892. — Rímur af Laxdæla sögu hefir ort séra Eiríkr Bjarnason, síðast prestur á Hvalsnesi († 1791), 50 að tölu, og er handrit af þeim í safni Jóns Sigurðssonar á Landsbókasafninu, nr. 46 4to. — Í rímum þessum, sem séra Eiríkr hefir ort í elli sinni á Seltjarnarnesi, er frásögnin lík og í þeim handrita-flokki Laxdælu, sem einna er elztr að kyni. Þar er líka sögnin um sverðstuldinn í Hjarðarholti samkvæm þeirri, er tilfærð er hér að framan.

Höfundur Laxdælu hefir verið ágætr söguritari að mörgu leyti, og eru ýmsir kaflar í sögunni mæta vel ritaðir. Lyndiseinkunnir kvennanna, Guðrúnar Ósvífrsdóttur, Hrefnu, Þorgerðar Egilsdóttur og Þuríðar Óláfsdóttur eru skýrlega sýndar. Mörg af samtölunum eru ágætlega rituð, svo sem samtál Guðrúnar við Snorra Sturluson um

hefndina eftir Bolla og samtali hennar við Þorgils Höllu-son um sama efni. Þá eru og mannlýsingarnar skemtilegar, svo sem lýsingarnar á mönnum þeim er sóttu Helga Harðbeinsson, þótt þær lýsingar sé ef til vill ekki fyllilega samkvæmar þeim tíma, er sagan gerðist á.

Jón Sigurðsson heldr, að höfundr Laxdælu gæti verið Brandr prior hinn fróði, eða Guðmundr prestur Brandsson í Hjarðarholti († 1151), sem var mjög merkr maðr og í biskupskjörum með Klængi. Sá Guðmundr var sonr Brands Gísla sonar, Eyjólfssonar, Þorkels sonar Alviðrukappa, Þórðar sonar, Haraldssonar hárfagra? (sbr. Landnámu II, 27). — Þó þykir Jóni Sigurðssyni einna líklegast að sagan í þeirri mynd, sem hún nú er í, væri samín af Torfa presti Guðmundarsyni, sem var prestur í Hjarðarholti um 1230. Það kemr líka bezt heim við þann tíma, er sagan er fyrst í letr færð.

Gunnars þáttur Þiðranda bana hefir áðr verið gefinn út með Laxdælu; fylgir bæði í Kaupmannahafnarútgáfunni fyrri og í Akreyrarútgáfunni, enn ekki í útgáfu Kálunds. Með því að þessi þáttur er alveg sérstakr og aðalviðburðirnir í honum fara fram í Austfirðingafjórðungi, langt frá þeim stöðum, er Laxdæla saga gerðist á, var ekki ástæða til að láta hann fylgja sögunni, þótt Bolla þáttur sé hafðr með, af því hann fylgir sögunni í flestum handritum.

Annars er svo til ætlazt, að allir slíkir 'þættir' komi út í sérstökum bindum af þessum Íslendingasögum, og er því von á þeim, eða nokkurum af þeim, áðr mjög langt liðr.

XIII

Staða-rannsóknir Sigurðar Vigfússonar, sem lesa má um á við og dreif í Árbók Fornleifafélagsins, koma allvel heim að því er kemr til Laxdæla sögu. Staðalýsingarnar og örnefni standa heima við það sem nú er, nema hvað skógarnir, sem sagan talar um, eru nú að mestu eyddir, enda hafa þegar verið eyddir í fornöld. Í Dölum var og rauðablástr mikill í fornöld, sem fundizt hafa menjar af á þessari öld, svo sem rauðablástrssmiðjan í Ljárskógum, sem lýst er í Árbók fornleifafélagsins, og hefir það eitt með öðru spilt skógunum.

TÍMATAL.

Unnr djúpuðga kemr til Íslands . . .	um 892.
Unnr djúpuðga deyr	— 900.
Fæddr Óláfr pái	— 938.
Ólafr pái fer í fóstr að Goddastöð- um 7 vetra	— 945.
Drukun Þorsteins surts	950—60.
Útkoma Hrúts	um 945.
Melkorka giftist Þorbirni skrjúp. Utanferð Óláfs pá	— 955.
Óláfr pái heimsækir Harald konung gráfeld og Gunnhildi. Fer til Írlands og finnr Mýrkjartan konung afa sinn og fer síðan til Noregs	955—57.
Óláfr pái er með Noregs konungi um vetrinn og fer um vorið til Íslands	957—58.
Óláfr pái giftist Þorgerði	um 959.
Reistr bær í Hjarðarholti	— 960.
Höskuldr Dala-Kollsson deyr	— 972.
Fæddr Kjartan Ólafsson	— 970.

Óláfr pái fer utan í annað sinn	um 975.
Fæddr Þorkell Eyjólfsson	— 979.
Utanför Kjartans og Bolla	996—97.
Kjartan dvelr í Noregi. Útkoma Bolla með Gizuri og Hjalta	997—99.
Kristni lögtekin á alþingi	1000.
Útkoma Kjartans	1001.
Haustræð í Hjarðarholti. Gripastuldr	1002.
Víg Kjartans Óláfssonar	1003.
Fæddr Þorleikr Bollason	1001—1003.
Dauði Óláfs pá	1006.
Víg Bolla Þorleikssonar	1007.
Guðrún Ósvífrsdóttir flytr að Helga- felli	1008.
Víg Helga Harðbeinssonar	fyrir 1010?
Dauði Ósvífrs og Gests Oddleifssonar	— 1010?
Víg Þorgils Höllusonar	— 1010?
Guðrún Ósvífrsdóttir giftist Þorkeli Eyjólfssyni	— 1010?
(Utanför Þorkels Eyjólfssonar).	
Druknan Þorkels Eyjólfssonar	1026.
Útkoma Bolla Bollasonar	1030.
Dauði Snorra goða	1031.
Dauði Gellis Þorkelssonar	1073.

Eins og áður er sagt, er það víst, að víg Helga Harðbeinssonar, víg Þorgils Höllusonar og gifting Guðrúnar Ósvífrsdóttur hefir verið fyrr enn í sögunni segir, og mikil líkindi eru

XVI

til, að Guðrún hafi giftzt Þorkatli Eyjólfssyni 1008, eða sama árið og hún fluttist að Helgafelli og hafi þau þá farið að búa þar. Væri nú Gellir sonr þeirra fæddr 1008 eða 1009, þá kemr það vel heim, að hann væri 12 ára, er Þorkell Eyjólfsson fór til Noregs með hann, og að það hafi verið 1020, því að þá var Óláfr konungr í Niðarósi um vetrinn, og enn fremr kemr það heim við það sem annálar segja, að Gellir dæi hálfstötugr 1073.



Laxdæla saga.

Ketill flatnefr hét maðr, son Bjarnar bunu. Hann var hersir ríkr í Noregi ok kynstórr. Hann bjó í Raumsdal í Raumsdælafylki; þat er milli Sunnmærar ok Norðmærar. Ketill flatnefr átti Yngvildi, dóttur Ketils veðrs, ágæts manns; þeira börn váru fimm; hét einn Björn enn austræni, annarr Helgi bjólan. Þórunn hyrna hét dóttir Ketils, er átti Helgi hinn magri son Eyvindar austmanns ok Raförtu dóttur Kjarvals Írakonungs. Unnr en djúpúðga var enn dóttir Ketils, er átti Óláfr hvíti Ingjaldsson, Fróðasonar ens frækna, er Svertlingar drápu. Jórunn mannvitsbrekka hét enn dóttir Ketils. Hon var móðir Ketils hins fiskna, er nam land í Kirkjubæ. Hans son var Ásbjörn, faðir Þorsteins, föður Surts, föður Sighvats lög-sögumanns.

· 2. Á ofanverðum dögum Ketils hófst ríki Haralds konungs hins hárfagra, svá at engi

fylkiskonungur þreifst í landinu né annat stór-
 menni, nema hann réði einn nafnbótum þeira.
 Enn er Ketill fregn þetta, at Haraldr konungr
 hafði honum slíkan kost ætlat sem öðrum ríkis-
 mönnum at hafa frændr óbætta, enn gerr þó at
 leigumanni sjálf, — síðan stefnir hann þing við
 frændr sína, og hóf svá mál sitt: „Kunnig
 hafa yðr verit skifti vár Haralds konungs, ok þarf
 eigi þau at inna, því at oss berr meiri naud-
 syn til að ráða um vandkvæði þau, er vér eig-
 um fyrir höndum. Sannspurðan hefi ek fjandskap
 Haralds konungs til vár. Sýnist mér svá, at
 vér munim eigi þaðan trausts biða; lízt mér
 svá sem oss sé tveir kostir gervir, at flýja
 land eða vera drepnir hverr í sinu rúmi; en
 ek ok þess fúsari at hafa slíkan dauðdaga sem
 frændr mínir, enn eigi vil ek yðr leiða í svá
 mikil vandkvæði með einræði mínu, því at mér
 er kunnigt skaplyndi frænda minna ok vana, at
 þér vilit eigi við oss skiljast, þótt mannaun sé
 í nökkur at fylgja mér“. Björn son Ketils svar-
 ar: „Skjótt mun ek birta minn vilja. Ek vil
 gera að dæmum göfgra manna ok flýja land
 þetta; þykkjumst ek ekki af því vaxa, þótt ek
 biða heiman þræla Haralds konungs, ok elti þeir
 oss af eignum várum eða þiggja af þeim dauða
 með öllu“. At þessu var gerr góðr rómr ok
 þótti drengilega talat. Þetta ráð var bundit,
 at þeir mundu af landi fara, því at synir Ketils

fýstu þessa mjök, enn engi mælti á móti. Björn ok Helgi vildu til Íslands fara, því at þeir þóttust þaðan mart fýsilegt fregit hafa; sögðu þar landkosti góða, ok þurfti ekki fé at kaupa; kölluðu vera hvalrétt mikinn ok laxveidar, enn fiskastöð öllum missarum. Ketill svarar: „Í þá veiðistöð kem ek aldregi á gamals aldri“. Sagði Ketill þá sína ætlan, at hann var fúsari vestr um haf; kvaðst þar virðast mannlífi gott. Váru honum þar víða lönd kunnig, því at hann hafði þar víða herjat.

3. Eftir þetta hafði Ketill boð ágætt. Þá gifti hann Þórunni hyrnu dóttur sína Helga hinum magra, sem fyrr var ritat. Eftir þat býr Ketill ferð sína ór landi vestr um haf. Unnr dóttir hans fór með honum ok margir aðrir frændr hans. Synir Ketils heldu þat sama sumar til Íslands ok Helgi magri mágr þeira. Björn Ketilsson kom skipi sínu vestr í Breiðafjörð, ok sigldi inn eftir firðinum ok nær hinu syðra landinu, þar til er fjörðr skarst inn í landit; enn fjall hátt stóð á nesinu fyrir innan fjörðinn. Enn ey lá skamt frá landinu. Björn segir, at þeir mundu eiga þar dvöl nökkura. Björn gekk á land upp með nökkura menn, ok reikaði fram með sjónum; var þar skamt í milli fjalls ok fjöru; honum þótti þar byggilegt. Þar fann Björn reknar öndvegissúlur sínar í einni vík; þótti þeim þá ávísat um bústaðinn. Síðan tók Björn sér þar land alt á millum Stafár ok Hraun-

fjarðar, ok bjó þar er síðan heitir í Bjarnarhöfn. Hann var kallaðr Björn enn austræni. Hans kona var Gjaflaug, dóttir Kjallaks ens gamla; þeira synir váru þeir Óttarr ok Kjallakr. Hans son var Þorgrímr, faðir Víga-Styrs og Vermundar, enn dóttir Kjallaks hét Helga; hana átti Vestarr á Eyri, son Þórólfs blöðruskalla, er nam Eyri. Þeira son var Þorlákr faðir Steinþórs á Eyri. Helgi bjólan kom skipi sínu fyrir sunnan land, ok nam Kjalarnes alt á milli Kollafjarðar ok Hvalfjarðar, ok bjó at Esjubergi til elli. Helgi hinn magri kom skipi sínu fyrir norðan land ok nam Eyjafjörð allan á milli Sigluness ok Reynisness ok bjó í Kristnesi. Frá þeim Helga ok Þórunni er komit Eyfirðingakyn.

4. Ketill flatnefr kom skipi sínu við Skotland ok fekk góðar viðtökur af tignum mönnum, því að hann var frægr maðr ok stórættaðr, ok buðu honum þann ráðakost þar, sem hann vildi hafa. Ketill staðfestist þar ok annat frændlið hans nema Þorsteinn dótturson hans. Hann lagðist þegar í hernað ok herjaði víða um Skotland ok fekk jafnan sigr. Síðan gerði hann sætt við Skota, og eignaðist hálf Skotland, ok varð konungr yfir. Hann átti Þuríði Eyvindardóttur, systur Helga ens magra. Skotar heldu eigi lengi sættina, því at þeir sviku hann í trygð. Svá segir Ari Þorgilsson enn fróði um

líflát Þorsteins, at hann felli á Katanesi. Unnr djúpúðga var á Katanesi, er Þorsteinn fell son hennar; ok er hon frá þat. at Þorsteinn var látinn, enn faðir hennar andaðr, þá þóttist hon þar enga uppreist fá mundu. Eftir þat lætr hon gera knörr í skógi á laun; ok er skipit var algert, þá bjó hon skipit ok hafði auð fjár. Hon hafði í brott með sér alt frændlið sitt þat er á lífi var, ok þykkjast menn varla dæmi til finna, at einn kvenmaðr hafi komizt í brott ór þvílikum ófriði með jafnmiklu fé ok föruneysi. Má af því marka, at hon var mikit afbragð annarra kvenna. Unnr hafði ok með sér marga þá menn, er mikils váru verðir ok stórættaðir. Maðr er nefndr Kollr, er einna var mest verðr af föruneysi Unnar; kom mest til þess ætt hans; hann var hersir at nafni. Sá maðr var ok í ferð með Unni, er Hörðr hét; hann var enn stórættaðr maðr ok mikils verðr. Unnr heldr skipinu í Orkneyjar, þegar er hon var búin; þar dvaldist hon litla hrið. Þar gifti hon Gró, dóttur Þorsteins rauðs; hon var móðir Greiladar, er Þorfinnr jarl átti, son Torf-Einars jarls, sonar Rögnvalds Mæra jarls; þeira son var Hlödver, faðir Sigurðar jarls, föður Þorfinns jarls, ok er þaðan komit kyn allra Orkneyinga jarla. Eftir þat helt Unnr skipi sínu til Færeyja, ok átti þar enn nökkura dyöl; þar gifti hon aðra dóttur Þorsteins; sú hét Ólof; þaðan er komit kyn

hit ágæzta í því landi, er þeir kalla Götuskeggja.

5. Nú býst Unnr í brott ór Færeyjum, ok lýsir því fyrir skipverjum sínum, at hon ætlar til Íslands; hon hefir með sér Óláf feilan son Þorsteins rauðs, ok systur hans þær er ógiftar váru. Eftir þat lætr hon í haf, ok verðr vel reiðfara, ok kemr skipi sínu fyrir sunnan land á Vikrarskeið. Þar brjóta þau skipit í spán. Menn allir heldust ok fé. Síðan fór hon á fund Helga bróður síns með tuttugu menn. Ok er hon kom þar, gekk hann á mót henni ok bauð henni til sín við tíunda mann. Hon svarar reiðulega ok kvaðst eigi vitat hafa at hann væri slíkt lítilmenni, ok ferr í brott. Ætlar hon nú at sækja heim Björn bróður sinn í Breiðafjörð; ok er hann spyr til ferða hennar, þá ferr hann í mót henni með fjölmenni, ok fagnar henni vel, ok bauð henni til sín með öllu liði sínu, því at hann kunni veglyndi systur sinnar. Þat líkaði henni allvel, ok þakkaði honum stórmensku sína. Hon var þar um vetrinn, ok var henni veitt it stórmannligsta, því at efni váru gnóg enn eigi fé sparat. Ok um várit fór hon yfir Breiðafjörð ok kom at nesi nökkuru, ok átu þar dagverð; þar er síðan kallat Dögurðarnes, ok gengr þar af Meðalfellsströnd. Síðan helt hon skipi sínu inn eftir Hvammsfirði ok kom þar at nesi einu ok átti

þar dvöl nökkura. Þar tapaði Unnr kambi sínum; þar heitir síðan Kambsnes. Eftir þat fór hon um alla Breiðafjarðardali, ok nam sér lönd svo víða sem hon vildi. Síðan helt Unnr skipi sínu í fjarðarbotninn; váru þar reknar á land öndvegissúlur hennar. Þótti henni þá auðvitað, hvar hon skyldi bústað taka. Hon lætr bæ reisa þar er síðan heitir í Hvammi ok byggði þar. Þat sama vár, er Unnr setti bú saman í Hvammi, fekk Kollr Þorgerðar dóttur Þorsteins rauðs. Þat boð kostaði Unnr; lætr hon Þorgerði heiman fylgja Laxárdal allan, ok setti hann þar bú saman fyrir sunnan Laxá. Var Kollr hinn mesti tilkvæmdamaðr. Þeira son var Höskuldr.

6. Eftir þat gefr Unnr fleirum mönnum af landnámi sínu. Herði gaf hún Hörðadal allan út til Skrámuhlaupsár. Hann bjó á Hörðabólstað ok var mikill merkismaðr ok kynsæll. Hans son var Ásbjörn auðgi, er bjó í Örnólfsdal á Ásbjarnarstöðum; hann átti Þorbjörgu dóttur Miðfjarðar-Skeggja. Þeira dóttir var Ingibjörg, er átti Illugi enn svartí; þeira synir váru þeir Hermundr ok Gunnlaugr ornstunga; þat er kallat Gilsbekkingakyn. Unnr mælti við sína menn: „Nú skulu þér taka ömbun verka yðvarra; skortir oss nú ok eigi föng til at gjalda yðr starf yðvart ok góðvilja. Enn yðr er þat kunnigt, at ek hef frelsi gefit þeim

manni, er Erpr heitir, syni Melduns jarls; fór þat fjarri um svá stórættaðan mann, at ek vilda at hann bæri þrælsnafn“. Síðan gaf Unnr honum Saudafellslönd á millum Tunguár ok Miðár. Hans börn váru þau Ormr ok Ásgeirr, Gunnbjörn ok Halldís, er átti Dala-Álfr. Sökkólfi gaf hon Sökkólfsdal ok bjó hann þar til elli. Hundi hét lausingi hennar; hann var skozkr at ætt; honum gaf hon Hundadal. Ósk hét hin fjórða dóttir Þorsteins rauðs; hon var móðir Þorsteins surts ens spaka, er fann sumarauka. Þórhildr hét en fimta dóttir Þorsteins. Hón var móðir Álfs í Dölum; telr mart manna kyn sitt til hans. Hans dóttir var Þorgerðr kona Ara Mássonar á Reykjanesi, Atla sonar, Úlfs sonar ens skjálga ok Bjargar Eyvindardóttur, systur Helga ens magra; þadan eru komnir Reyknesingar. Vigdís hét en sétta dóttir Þorsteins rauðs ok þadan eru komnir Höfðamenn í Eyjafirði.

7. Óláfr feilan var yngstr barna Þorsteins. Hann var mikill maðr ok sterkr, friðr sýnum ok atgervimaðr enn mesti; hann mat Unnr um fram alla menn, ok lýsti því fyrir mönnum, at hon ætlaði Óláfi allar eignir eftir sinn dag í Hvammi. Unnr gerðist þá mjök ellimóð; hon kallaði til sín Ólaf feilan ok mælti: „Þat hefir mér komit í hug, frændi, at þú munir staðfesta ráð þitt ok kvænast“. Óláfr tók því vel ok

kveðst hennar forsjá hlíta mundu um þat mál. Unnr mælti: „Svá hefi ek helzt ætlat, at boð þitt muni vera at áliðnu sumri þessu, því at þá er auðveldast at afla allra tilfanga, því at þat er nær minni ætlan, at vinir várir muni þá mjök fjölmenna hingat, því at ek ætla þessa veizlu síðasta at búa“. Óláfr svarar: „Þetta er vel mælt; enn þeirar einnar konu ætla ek at fá, at sú ræni þik hvárki fé né ráðum“. Þat sama haust fékk Óláfr feilan Álfðisar; þeira boð var í Hvammi. Unnr hafði mikinn fékostnað fyrir veizlunni, því at hon lét víða bjóða tignum mönnum ór öðrum sveitum. Hon bauð Bírni bróður sínum ok Helga bróður sínum bjólan; kómu þeir fjölmennir. Þar kom Dala-Kollr mágr hennar ok Hörðr ór Hörðadal ok mart annat stórmenni. Boðit var allfjölment, ok kom þó hvergi nærri svá mart manna sem Unnr hafði boðit fyrir því at Eyfirðingar áttu farveg langan. Elli sótti þá fast at Unni, svá at hon reis ekki upp fyrir miðjan dag, enn hon lagðist snemma niðr. Engum manni leyfði hon at sækja ráð at sér þess á milli er hon fór at sofa á kveldit ok hins er hon var klædd; reidulega svarar hon, ef nökkur spurði at mætti hennar. Þann dag svaf Unnr í lengra lagi, enn þó var hon á fótum, er boðsmenn kómu, ok gekk á móti þeim ok fagnaði frændum sínum ok vinum með sæmd; kvað þá ástsamlega gert hafa, er

þeir höfðu sótt þangat langan veg — „nefni ek til þess Björn ok Helga, ok öllum vil ek yðr þökk kunna, er hér eruð komnir“. Síðan gekk Unnr inn í skála ok sveit mikil með henni. Ok er skálinn var alskipaðr fanst mönnum mikit um, hversu veizla sú var sköruleg. Þá mælti Unnr: „Björn kveð ek at þessu bróður minn ok Helga ok aðra frændr mína ok vini; bólstað þenna með slíkum búnaði, sem nú megu þér sjá, sel ek í hendr Óláfi frænda mínum til eignar ok forráða“. Eftir þat stóð Unnr upp ok kvaðst ganga mundu til þeirrar skemmu, sem hon var vön at sofa í; bað at þat skyldi hverr hafa at skemtan, sem þá væri næst skapi, enn mungát skyldi skemta alþýðunni. Svá segja menn, at Unnr hafi verit bæði há ok þrekleg; hon gekk hart utar eftir skálanum; fundust mönnum orð um, at konan var enn virðuleg. Drukku menn um kveldit, þangat til at mönnum þótti mál at sofa. Enn um daginn eftir gekk Óláfr feilan til svefnstofu Unnar frændkonu sinnar; ok er hann kom í stofuna, sat Unnr upp við hægindin. Hon var þá önduð. Gekk Óláfr eftir þat í skála ok sagði tíðendi þessi. Þótti mönnum mikils um vert, hversu Unnr hafði haldit virðingu sinni til dauðadags; var nú drukkit alt saman brullaup Óláfs ok erfi Unnar. Ok enn síðasta dag boðsins var Unnr flutt til haugs þess er henni var búinn. Hon

var lögð í skip í hauginum, ok mikit fé var í haug lagt með henni; var eftir þat aftr kastadr haugrinn. Óláfr feilan tók þá við búi í Hvammi ok allri fjárvarðveizlu at ráði þeira frænda sinna, er hann höfðu heimsótt. Enn er veizluna þrýtr gefr Óláfr stórmannlegar gjafir þeim mönnum, er þar vǫru mest virðir áðr á brott fóru. Óláfr gerðist ríkr maðr ok höfðingi mikill; hann bjó í Hvammi til elli. Börn þeira Óláfs ok Álfðisar vǫru Þórðr gellir, er átti Hróðnýju dóttur Miðfjarðar-Skeggja — þeira synir vǫru þeir Eyjólfgr grái, Þórarinn fylsenni, Þorkell kuggi; — dóttir Óláfs feilans var Þóra, er átti Þorsteinn þorskabítr, son Þórólfs mostrarskeggs; þeira synir vǫru Börkr enn digri ok Þorgrímr faðir Snorra geða. — Helga hét önnur dóttir Óláfs, hana átti Gunnarr Hlífson — þeira dóttir var Jófriðr, er átti Þóroddr son Tungu-Odds, enn síðan Þorsteinn Egilsson; Þórunn hét enn dóttir hans; hana átti Hersteinn son Þorkels Blund-Ketilssonar; — Þórdís hét hin þriðja dóttir Óláfs; hana átti Þórarinn Ragabróðir lögsögumaðr. — Í þann tíma, er Óláfr bjó í Hvammi, tekr Dala-Kollr mágr hans sótt ok andaðist. Höskuldr son Kolls var á ungum aldri, er faðir hans andaðist; hann var fyrr fullkominn at hyggju enn vetratölu. Höskuldr var vænn maðr ok gervilegr. Hann tók við föðurleifð sínni ok búi; er sá bær við hann

kendr, er Kollr hafði búit á; hann var kallaðr síðan á Höskuldsstöðum. Brátt varð Höskuldr vinsæll í búi sínu, því at margar stoðar runnu undir, bæði frændr ok vinir, er Kollr faðir hans hafði sér aflat. Enn Þorgerðr Þorsteinsdóttir móðir Höskulds var þá enn ung kona ok en vænsta. Hon nam eigi yndi á Íslandi eftir dauða Kolls; lýsir hon því fyrir Höskuldi syni sínum, at hon vill fara utan með fjárhlut þann sem hon hlaut. Höskuldr kvaðst þat mikit þykkja, ef þau skulu skilja, enn kvaðst þó eigi mundu þetta gera at móti henni, heldr enn annat. Síðan kaupir Höskuldr skip hálf til handa móður sinni, er uppi stóð í Dögurðarnesi. Réðst Þorgerðr þar til skips með miklum fjárhlut. Enn eftir þat siglir Þorgerðr á haf ok verðr skip þat vel reiðfara ok kemr við Noreg. Þorgerðr átti í Noregi mikit ætterni ok marga göfga frændr; þeir fögnuðu henni vel ok buðu henni alla kosti þá sem hon vildi með þeim þiggja. Hon Þorgerðr tók því vel ok segir, at þat er hennar ætlan at staðfestast þar í landi. Þorgerðr var eigi lengi ekkja áðr maðr varð til at biðja hennar. Sá er nefndr Herjólftr; hann var lendr maðr at virðingu, auðigr ok mikilsvirðr. Herjólftr var mikill maðr ok sterkr; ekki var hann friðr maðr sýnum ok þó enn sköruligsti í yfirbragði; allra manna var hann bezt vígr. Ok er at þessum málum var setit, átti Þorgerðr svör at

veita, er hon var ekkja; ok með frænda sinna ráði veikst hon eigi undan þessum ráðahag ok giftist Þorgerðr Herjólfí, ok ferr heim til bús með honum; takast með þeim góðar ástir. Sýnir Þorgerðr þat brátt af sér, at hon er enn mesti skörungr; ok þykkir ráðahagr hans nú miklu betri enn áðr ok virðulegri, er hann hefir fengið slíkrar konu sem Þorgerðr var.

8. Þau Herjólfir ok Þorgerðr höfðu eigi lengi ásamt verit áðr þeim varð sonar auðit. Sá sveinn var vatni ausinn ok nafn gefit, ok var kallaðr Hrútr. Hann var snemmendis mikill ok sterkr, er hann óx upp; var hann ok hverjum manni betr í vexti, hár ok herðibreiðr, miðmjór ok limaðr vel með höndum ok fótum. Hrútr var allra manna fríðastr sýnum, eftir því sem verit höfðu þeir Þorsteinn móðurfadir hans eða Ketill flatnefr; enn mesti var hann atgervimaðr fyrir allra hluta sakir. Herjólfir tók sótt ok andaðist; þat þótti mönnum mikill skaði. Eftir þat fýstist Þorgerðr til Íslands ok vildi vitja Höskulds sonar síns, því at hon unni honum um alla menn fram, enn Hrútr var eftir með frændum sínum vel settr. Þorgerðr bjó ferð sína til Íslands ok sækir heim Höskuld son sinn í Laxárdal. Hann tók sæmilega við móður sinni; átti hon auð fjár ok var með Höskuldi til daudadags. Fám vetrum síðar tók

Þorgerðr banasótt ok andaðist. Höskuldr tók fé alt, enn Hrútr bróðir hans átti hálf.

9. Í þenna tíma réð Noregi Hákon Aðalsteinsfóstri. Höskuldr var hirðmaðr hans; hann var jafnan sinn vetr hvárt með Hákonu konungi eða at búi sínu; var hann nafnfrægr maðr bæði í Noregi ok á Íslandi. Björn hét maðr; hann bjó í Bjarnarfirði ok nam þar land; við hann er kendr fjörðrinn. Sá fjörðr skerst í land norðr frá Steingrímsfirði, ok gengr þar fram háls í milli. Björn var stóráttadr maðr, ok auðigr at fé. Ljúfa hét kona hans; þeira dóttir var Jórunn; hon var væn kona ok ofláti mikill; hon var ok skörungr mikill í vitsmunum. Sá þótti þá kostr beztr í öllum Vestfjörðum. Af þessi konu hefir Höskuldr frétt, ok þat með, at Björn var beztr bóndi á öllum Ströndum. Höskuldr reið heiman með tíunda mann, ok sækir heim Björn bónda í Bjarnarfjörð. Höskuldr fekk þar góðar viðtökur, því at Björn kunnir góð skil á honum. Síðan vekr Höskuldr bónorð, enn Björn svarar því vel, ok kveðst þat hyggja, at dóttir hans mundi eigi vera betr gift, enn veik þó til hennar ráða. Enn er þetta mál var við Jórunni rætt, þá svarar hon á þá leið: „Þann einn spurðaga höfum vér til þín Höskuldr, at vér viljum þessu vel svara, því at vér hyggjum, at fyrir þeirri konu sé vel sét, er þér er gift, enn þó mun

faðir minn mestu af ráða, því at ek mun því samþykkjast hér um, sem hann vill“. Enn hvárt sem at þessum málum var setit lengr eða skemr, þá varð þat af ráðit, at Jórunn var föstnuð Höskuldi með miklu fé; skyldi brullaup þat vera á Höskuldsstöðum. Riðr Höskuldr nú í brott við svá búit ok heim til bús síns, ok er nú heima til þess er boð þetta skyldi vera; sækir Björn norðan til boðsins með fríðu föruneyti. Höskuldr hefir ok marga fyrir boðsmenn, bæði vini sína ok frændr, ok er veizla þessi hin sköruligsta; enn er veizluna þraut, þá ferr hverr heim til sinna heimkynna með góðri vináttu ok sæmilegum gjöfum. Jórunn Bjarnardóttir sitr eftir á Höskuldsstöðum, ok tekr við búsumsýslu með Höskuldi; var þat brátt auðsét á hennar högum, at hon mundi vera vitr ok vel at sér ok margs vel kunnandi, ok heldr skapstór jafnan; vel var um samfarar þeira Höskulds ok ekki mart hversdaglega. Höskuldr gerist nú höfðingi mikill. Hann var ríkr ok kappsamr, ok skorti eigi fé; þótti hann í engan stað minni fyrir sér enn Kollr faðir hans. Höskuldr ok Jórunn höfðu eigi lengi ásamt verit áðr þeim varð barna auðit. Son þeira var nefndr Þorleikr; hann var elztr barna þeira; annarr hét Bárðr. Dóttir þeira hét Hallgerðr, er síðan var kölluð langbrók; önnur dóttir þeira hét Þuríðr. Öll váru börn þeira efnileg. Þorleikr

var mikill maðr ok sterkr ok enn sýniligsti, fálátr ok óþýðr; þótti mönnum sá svipr um hans skaplyndi sem hann mundi verða engi jafnaðarmaðr. Höskuldr sagði þat jafnan, at hann mundi mjök líkjast í ætt þeira Strandamanna. Bárðr Höskuldsson var ok skörulegr maðr sýnum ok vel sterkr; þat bragð hafði hann á sér sem hann mundi líkari verða föðurfrændum sínum. Bárðr var hægr maðr í uppvexti sínum ok vinsæll maðr. Höskuldr unni honum mest allra barna sinna. Stóð nú ráðahagr Höskulds með miklum blóma ok virðingu. Þenna tíma gifti Höskuldr Gró systur sína Vélcífi gamla. Þeira son var Hólmgöngu-Bersi.

10. Hrappr hét maðr, er bjó í Laxárdal fyrir norðan ána gegnt Höskuldsstöðum.¹¹ Sá bær hét síðan á Hrappsstöðum; þar er nú auðn. Hrappr var Sumarliða son ok kallaðr Viga-Hrappr; hann var skoðkr at föðurætt, enn móðurkyn hans var alt í Sudreyjum, ok þar var hann fæðingi; mikill maðr var hann ok sterkr; ekki vildi hann láta sinn hlut, þó at manna munr væri nökkurr, ok fyrir þat er hann var ódæll, sem ritat var, enn vildi ekki bæta þat er hann misgerði, þá flýði hann vestan um haf ok keypti sér þá jörð er hann bjó á; kona hans hét Vigdís, ok var Hallsteins dóttir; son þeira hét Sumarliði. Bróðir hennar hét Þorsteinn surtr, er þá bjó í Þórsnesi, sem fyrr var

ritat; var þar Sumarliði at fóstri, ok var enn efniligsti maðr. Þorsteinn hafði verit kváng-aðr; kona hans var þá önduð. Dætr átti hann tvær; hét önnur Guðriðr, enn önnur Ósk. Þorkell trefill átti Guðriði, er bjó í Svignaskarði; hann var höfðingi mikill ok vitringr; hann var Rauða-Bjarnarson, enn Ósk dóttir Þorsteins var gefin breiðfirzkum manni; sá hét Þórarinn. Hann var hraustr maðr ok vinsæll, ok var með Þorsteini mági sínum, því at Þorsteinn var þá hniginn ok þurfti umsýslu þeira mjök. Hrappr var flestum mönnum ekki skapfeldr, ok var hann ágangssamr við nábúa sína; veik hann á þat stundum fyrir þeim, at þeim mundi þungbýlt verða í nánd honum, ef þeir heldi nökkurn annar fyrir betra mann enn hann. Enn bændr allir tóku eitt ráð, at þeir fóru til Höskulds, ok sögðu honum sín vandræði. Höskuldr bað sér segja, ef Hrappr gerir þeim nökkut mein, — „því hvárki skal hann ræna mik mönnum né fé“.

11. Þórðr goddi hét maðr, er bjó í Laxárdal fyrir norðan á. Sá bær heitir síðan á Goddastöðum. Hann var auðmaðr mikill. Engi átti hann börn. Keypt hafði hann jörð þá er hann bjó á. Hann var nábúi Hrapps, ok fekk oft þungt af honum. Höskuldr sá um með honum, svá at hann helt bústað sínum. Vigdís hét kona hans, ok var Ingjalds dóttir Óláfs sonar feilans. Bróðurdóttir var hon Þórð-

ar gellis, enn systurdóttir Þórólfs rauðnefs frá Sauðafelli. Þórólfr var hetja mikil ok átti góða kosti. Frændr hans gēngū þangat jafnan til trausts. Vigdís var meir gefin til fjár enn brautargengis. Þórðr átti þræl þann, er út kom með honum; sá hét Ásgautr. Hann var mikill maðr ok gervilegr, enn þótt hann væri þræll kallaðr, þá máttu fáir taka hann til jafnaðarmanns við sik, þótt frjálsir hétu, ok vel kunni hann at þjóna sínum yfirmanni. Fleiri átti Þórðr þræla, þó at þessi sé einn nefndr. Þorbjörn hét maðr; hann bjó í Laxárdal it næsta Þórði upp frá bæ hans ok var kallaðr skrjúpr; auðigr var hann at fé; mest var þat í gulli ok silfri; mikill maðr var hann vexti ok rammr at affi; engi var hann veifiskati við alþýðu manns. Höskuldi Dala-Kollssyni þótti þat ávanta um rausn sína, at honum þótti bær sinn húsaðr verr enn hann vildi. Síðan kaupir hann skip at hjaltneskum manni. Þat skip stóð uppi í Blönduósi. Þat skip býr hann, ok lýsir því, at hann ætlar utan, enn Jórunn varðveitir bú ok börn þeira. Nú láta þeir í haf, ok gefr þeim vel ok tóku Noreg heldr sunnarlega, kómu við Hörðaland, þar sem kaupstaðrinn í Björgvin er síðan. Hann setr upp skip sitt, ok átti þar mikinn frænda afla, þótt eigi sé hér nefndir. Þá sat Hákon konungr í Víkinni. Höskuldr fór ekki á fund Hákonar konungs, því at frændr

hans tóku þar við honum báðum höndum. Var kyrt allan þann vetr.

12. Þat varð til tíðenda um sumarit öndvert at konungr fór í stefnuleiðangr austr í Brenn-eyjar, ok gerði frið fyrir land sitt, eftir því sem lög stóðu til it þriðja hvert sumar. Sá fundr skyldi vera lagðr höfðingja í milli at setja þeim málum, er konungar áttu um at dæma. Þat þótti skemtanarför at sækja þann fund, því at þangat kómu menn nær af öllum löndum, þeim er vér höfum tíðendi af. Höskuldr setti fram skip sitt; vildi hann ok sækja fund þenna, því at hann hafði eigi fundit konung á þeim vetri. Þangat var ok kaupstefnu at sækja. Fundr þessi var allfjölmennr; þar var skemtan mikil, drykkjur ok leikar ok alls kyns gleði. Ekki varð þar til stórtíðenda; marga hitti Höskuldr þar frændr sína þá sem í Danmörku váru. Ok einn dag, er Höskuldr gekk at skemta sér með nökkura menn, sá hann tjald eitt skrautlegt fjarri öðrum búðum. Höskuldr gekk þangat ok í tjaldit, ok sat þar maðr fyrir í guðvefjar klæðum, ok hafði gerzkan hatt á höfði. Höskuldr spurði þann mann at nafni. Hann nefndist Gilli, — „enn þá kannast margir við ef heyra kenningarnafn mitt; ek em kallaðr Gilli em gerzki“. Höskuldr kvaðst oft hafa heyrt hans getit; kallaði hann þeira manna auðgastan, sem verit höfðu í kaupmannalögum.

Þá mælti Höskuldr: „Þú munt hafa þá hluti at selja oss, er vér viljum kaupa?“ Gilli spyrr, hvat þeir vilja kaupa förunautar. Höskuldr segir, at hann vill kaupa ambátt nökkura, — „ef þú hefir at selja“. Gilli svarar: „Þar þykizt þér leita mér meinfanga um þetta, er þér falið þá hluti, er þér ætlið mik eigi til hafa, enn þat er þó eigi ráðit, hvárt svá berr til“. Höskuldr sá, at um þvera búðina var fortjald. Þá lyfti Gilli tjaldinu, ok sá Höskuldr, at tólf konur sátu fyrir innan tjaldit. Þá mælti Gilli, at Höskuldr skyldi þangat ganga ok líta á, ef hann vildi nökkura kaupa af þessum konum. Höskuldr gerir svá. Þær sátu allar saman um þvera búðina. Höskuldr hyggr at vandlega at konum þessum; hann sá at kona sat út við tjaldskörina; sú var illa klædd. Höskuldi leizt konan fríð sýnum ef nökkut mátti á sjá. Þá mælti Höskuldr: „Hversu dýr skal sjá kona, ef ek vil kaupa?“ Gilli svarar: „Þú skalt reiða fyrir hana þrjár merkr silfrs“. „Svá virði ek“, segir Höskuldr, „sem þú munir þessa ambátt gera heldr dýrлагða, því at þetta er þriggja verð“. Þá svarar Gilli: „Rétt segir þú þat, at ek met hana dýrra enn aðrar; kjós nú einhverja af þessum ellifu ok gjalt þar fyrir mörk silfrs, enn þessi sé eftir í minni eign“. Höskuldr segir: „Vita mun ek fyrst, hversu mikit silfr er í sjóð þeim, er ek hefi á beltí mér“, —

biðr Gilla taka vágina, enn hann leitar að sjóðnum. Þá mælti Gilli: „Þetta mál skal fara óvélt af minni hendi, því at á er ljóðr mikill um ráð konunnar; vil ek at þú vitir þat, Höskuldr, áðr vit sláim kaupi þessu“. Höskuldr spyrr, hvat þat væri. Gilli svarar: „Kona þessi er ómála; hefi ek marga vega leitat mála við hana, ok hefi ek aldri fengit orð af henni; er þat at vísu mín ætlan, at þessi kona kunní eigi at mæla“. Þá segir Höskuldr: „Lát fram reizluna ok sjám, hvat vegi sjóðr sá er ek hefi hér“. Gilli gerir svá. Reiða nú silfrit ok váru þat þrjár merkr vegnar. Þá mælti Höskuldr: „Svá hefir nú tiltekizt, at þetta mun verða kaup okkart; tak þú fé þetta til þín, enn ek mun taka við konu þessi; kalla ek at þú hafir drengilega af þessu máli haft, því at vísu vildir þú mik eigi falsa í þessu“. Síðan gekk Höskuldr heim til búdar sinnar; þat sama kveld rekti Höskuldr hjá henni. Enn um morguninn eftir, er menn fóru í klæði sin, mælti Höskuldr: „Lítt sér stórlæti á klæðabúnadi þeim, er Gilli enn auðgi hefir þér fengit; er þat ok satt at honum var meiri raun at klæða tólf enn mér eina“. Síðan lauk Höskuldr upp kistu eina ok tók upp góð kvenmanns klæði ok seldi henni; var þat ok allra manna mál, at henni semdi góð klæði. Enn er höfðingjar höfðu þar mælt þeim málum, sem þá stóðu lög til, var

slitit fundi þessum. Síðan gekk Höskuldr á fund Hákonar konungs ok kvaddi hann virðulega, sem skaplegt var. Konungr sá við honum ok mælti: „Tekit mundu vér hafa kveðju þinni Höskuldr, þóttu hefðir nökkuru fyrr oss fagnat, ok svá skal enn vera“.

13. Eftir þetta tók konungr með allri bliðu Höskuldi ok bað hann ganga á sitt skip, — „ok ver með oss meðan þú vill í Noregi vera“. Höskuldr svarar: „Hafð þökk fyrir boð yðvart, enn nú á ek þetta sumar mart at starfa; hefir þat mjök til haldit, er ek hefi svá lengi dvalizt at sækja yðvarn fund, at ek ætlaða at afla mér húsaviðar“. Konungr bað hann halda skipinu til Víkriinnar. Höskuldr dvaldist með konungi um hrið. Konungr fekk honum húsavið ok lét ferma skipit. Þá mælti konungr til Höskulds: „Eigi skal dvelja þik hér með oss lengr enn þér líkar, enn þó þykir oss vandfengit manns í rúm þitt“. Síðan leiddi konungr Höskuld til skips ok mælti: „At sómámanni hefi ek þik reyndan, ok nær er þat minni ætlan, at þú siglir nú it síðasta sinn af Noregi, svá at ek sjá hér yfirmaðr“. Konungr dró gullhring af hendi sér, þann er vá mörk, og gaf Höskuldi, ok sverð gaf hann honum annan grip, þat er til kom hálf mörk gulls. Höskuldr þakkaði konungi gjafirnar, ok þann allan sóma, er hann hafði fram lagit. Síðan

stígr Höskuldr á skip sitt ok siglir til hafs. Þeim byrjaði vel ok kómu at fyrir sunnan land; sigldu síðan vestr fyrir Reykjanes ok svá fyrir Snæfellsnes ok inn í Breiðafjörð. Höskuldr lendi í Laxárósi; lætr þar bera farm af skipi sínu ok setja upp skipit fyrir innan Laxá ok gerir þar hróf at, ok sér þar tóftina sem hann lét gera hrófit. Þar tjaldaði hann búðir, ok er þat kallaðr Búðardalr. Síðan lét Höskuldr flytja heim viðinn, ok var þat hægt, því at eigi var löng leið. Ríðr Höskuldr eftir þat heim við nökkura menn ok fær viðtökur góðar, sem ván er; þar hafði ok fé vel haldizt síðan. Jórunn spurði, hver kona sú væri, er í för var með honum. Höskuldr svarar: „Svá mun þér þykkja, sem ek svara þér skætingu; ek veit eigi nafn hennar“. Jórunn mælti: „Þat mun tveimr skifta, at sá kvittr mun loginn, er fyrir mik er kominn, eða þú munt hafa talat við hana jafnmart sem spurt hafa hana at nafni“. Höskuldr kvaðst þess eigi þræta mundu, ok segir henni it sanna, ok bað þá þessi konu virkta ok kvað þat nær sínu skapi, at hon væri heíma þar at vistarfari. Jórunn mælti: „Eigi mun ek deila við frillu þína, þá er þú hefir flutt af Noregi, þótt hon kynni eigi góðar návistir, enn nú þykki mér þat allra sýnzt, ef hon er bæði dauf ok mállaus“. Höskuldr svaf hjá húsfreyju sinni hverja nótt síðan hann kom heim. enn

hann var fár við frilluna. Öllum mönnum var auðsætt stórmensku-mót á henni, ok svá þat, at hon var engi afglapi. Ok á ofanverðum vetri þeim fæddi frilla Höskulds sveinbarn. Síðan var Höskuldr þangat kallaðr, ok var honum sýnt barnit; sýndist honum sem öðrum, at hann þóttist eigi sét hafa vænna barn né stórmannlegra. Höskuldr var at spurðr, hvat sveinninn skyldi heita. Hann bað sveininn kalla Ólaf, því at þá hafði Óláfr feilan andazt litlu áðr, móðurbróðir hans. Óláfr var afbragð flestra barna. Höskuldr lagði ást mikla við sveininn. Um sumarit eftir mælti Jórunn, at frillan mundi upp taka verknað nokkurn eða fara í brott ella. Höskuldr bað hana vinna þeim hjónum ok gæta þar við sveins síns. Enn þá er sveinninn var tvævetr, þá var hann almæltr ok rann einn saman, sem fjöggra vetra gömul börn. Þat var til tíðenda einn morgun er Höskuldr var gengin út at sjá um bæ sinn; veðr var gott; skein sól ok var lítt á loft komin; hann heyrði mannamál; hann gekk þangat til, sem lækr fell fyrir túnbrekkunni; sá hann þar tvá menn ok kendi; var þar Óláfr sonr hans ok móðir hans; fær hann þá skilit, at hon var eigi mállaus, því at hon talaði þá mart við sveininn. Síðan gekk Höskuldr at þeim ok spyr hana at nafni, ok kvað henni ekki mundu stöða at dyljast lengr. Hon

kvað svá vera skyldu. Setjast þau niðr á túbrekkuna. Síðan mælti hon: „Ef þú vill nafn mitt vita, þá heiti ek Melkorka“. Höskuldr bað hana þá segja lengra ætt sína. Hon svarar: „Mýrkjartan heitir faðir minn; hann er konungr á Írlandi. Ek var þaðan hertekin fimtán vetra gömul“. Höskuldr kvað hana helzti lengi hafa þagat yfir svá góðri ætt. Síðan gekk Höskuldr inn ok sagði Jórinni hvat til nýlundu hafði gerzt í ferð hans. Jórunn kvaðzt eigi vita, hvat hon segði satt; kvað sér ekki um kynjamenn alla, ok skilja þau þessa ræðu; var Jórunn hvergi betr við hana enn áðr, enn Höskuldr nökkuru fleiri; ok litlu síðar er Jórunn gekk at sofa, togaði Melkorka af henni, ok lagði skóklæðin á gólfít. Jórunn tók sokkana ok keyrði um höfuð henni. Melkorka reiddist ok setti hnefann á nasar henni, svá at blóð varð laust. Höskuldr kom at ok skildi þær. Eftir þat lét hann Melkorku í brott fara, ok fekk henni þar bústað uppi í Laxárdal; þær heitir síðan á Melkorkustöðum, — þær er nú auðn, — þat er fyrir sunnan Laxá. Setr Melkorka þar bú saman; fær Höskuldr þar til bús alt þat er hafa þurfti, ok fór Óláfr son þeira með henni. Brátt sér þat á Óláfi, er hann óx upp, at hann mundi verða mikit afbragð annarra manna fyrir vænleiks sakir ok kurt-eisi.

14. Ingjaldr hét maðr; hann bjó í Sauðeyjum; þær liggja á Breiðafirði. Hann var kallaðr Sauðeyjargoði. Hann var auðigr maðr ok mikill fyrir sér. Hallr hét bróðir hans; hann var mikill maðr ok efnilegr. Hann var félitill maðr. Engi var hann nytjungur kallaðr af flestum mönnum. Ekki váru þeir bræðr samþykkir oftast; þótti Ingjaldr Hallr lítt vilja sik semja í síð dugandi manna, enn Halli þótti Ingjaldr lítt vilja sitt ráð hefja til þroska. Veidistöð sú liggur á Breiðafirði, er Bjarneyjar heita; þær eyjar eru margar saman ok váru mjök gagnauðgar. Í þann tíma sóttu menn þangat mjök til veiðifangs; var ok þar fjölmenni mjök öllum missarum. Mikit þótti spökum mönnum undir því, at menn ætti gott saman í útverjum; var þat þá mælt, at mönnum yrði ógæfra um veiðifang, ef missáttir yrði; gáfu ok flestir menn at því góðan gaum. Þat er sagt eitthvert sumar, at Hallr bróðir Ingjalds Sauðeyjargoða kom í Bjarneyjar ok ætlaði til fangs; hann tók sér skipan með þeim manni er Þórólfr hét. Hann var breiðfizkr maðr, ok hann var nálega lausingi einn félauss, ok þó fráleggr maðr. Hallr er þar um hrið, ok þykkist hann mjök fyrir öðrum mönnum. Þat var eitt kveld at þeir koma at landi Hallr ok Þórólfr, ok skyldu skifta fengi sínu; vildi Hallr bæði kjósa ok deila, því at hann þóttist þar meiri

maðr fyrir sér. Þórólfr vildi eigi láta sinn hlut, ok var allstórorðr; skiftust þeir nökkurum orðum við, ok þótti sinn veg hvarum; þrífr þá Hallr upp höggjárn, er lá hjá honum, ok vill færa í höfuð Þórólfi; nú hlaupa meín í milli þeira ok stöðva Hall, enn hann var enn óð-asti, ok gat þō engu á leið komit at því sinni, ok ekki varð fengi þeira skift. Réðst nú Þórólfr á brott um kveldit, enn Hallr tók einn upp fang þat er þeir áttu báðir, því at þá kendi at ríkismunar. Fær nú Hallr sér mann í stað Þórólfs á skipit ok heldr nú til fangs sem áðr. Þórólfr unir illa við sinn hlut; þykkist hann mjök svívirðr vera í þeira skiftum; er hann þar þó í eyjunum ok hefir þat at vísu í hug sér at rétta þenna krók, er honum var svá nauðulega beygðr. Hallr uggir ekki at sér, ok hugsar þat, at engir menn muni þora at halda til jafns við hann þar í átthaga hans. Þat var einn góðan veðr-
dag, at Hallr reri ok váru þeir þrír á skipi; bitr vel á um daginn; róa þeir heim at kveldi ok eru mjök kátir. Þórólfr hefir njósn af athöfn Halls um daginn, ok er staddr í vörum um kveldit, þá er þeir Hallr koma at landi. Hallr reri í hálsi fram; hann hleypr fyrir borð ok ætlar at taka við skipinu, ok er hann hleypr á land, þá er Þórólfr þar nær staddr ok höggr til hans þegar; kom höggit á hálsinn við herðarnar ok fýkr af höfuðit. Þórólfr snýr á brott

eftir þat, enn þeir félagar Halls styrma yfir honum. Spyrjast nú þessi tíðendi um eyjarnar, víg Halls, ok þykkja þat mikil tíðendi, því at maðr var kynstórr, þótt hann hefði engi auðnumaðr verit. Þórólfr leitar nú á brott ór eyjunum, því at hann veit þar engra þeira manna ván, er skjóli muni skjóta yfir hann eftir þetta stórvirki. Hann átti þar ok enga frændr, þá er hann mætti sér trausts af vænta, enn þeir menn sátu nær, er vís ván var at um líf hans mundu sitja, ok höfðu mikit vald, svá sem var Ingjaldr Sauðeyjargoði bróðir Halls. Þórólfr fekk sér flutning inn til meginlands. Hann ferr mjök huldu höfði. Er ekki afsagt hans ferð áðr hann kemr einn dag at kveldi á Goddastaði. Vigdís kona Þórðar godda var nökkut skyld Þórólfi, ok sneri hann því þangat til bæjar; spurn hafði Þórólfr af því áðr, hversu þar var háttat, at Vigdís var meiri skörungr í skapi enn Þórðr bóndi hennar; ok þegar um kveldit er Þórólfr var þar kominn, gengr hann til fundar við Vigdís, ok segir henni til sinna vandræða ok biðr hana ásjá. Vigdís svarar á þá leið hans máli: „Ekki dyljumst ek við skuldleika okkra; þykki mér ok þann veg at eins verk þetta, er þú hefir unnit, at kalla þik ekki at verra dreng; enn þó sýnist mér svá sem þeir menn muni veðsetja bæði sik ok fé sitt, er þér veita ásjá, svá stórir menn sem hér munu veita eftirsjár;

enn Þórðr bóndi minn“, segir hon, „er ekki garmenni mikit, enn órráð vár kvenna verða jafnan með litilli forsjá ef nökkurs þarf við, enn þó nenni ek eigi með öllu at vikjast undan við þik, alls þú hefir þó hér til nökkurrar ásjá ætlat“. Eftir þat leiðir Vigdís hann í útibúr eitt, ok biðr hann þar biða sín; setr hon þar lás fyrir. Síðan gekk hon til Þórðar ok mælti: „Hér er kominn maðr til gistingar sá er Þórólfr heitir, enn hann er skyldr mér nökkut; þættist hann þurfa hér lengri dvöl ef þú vildir at svá væri“. Þórði kvaðst ekki vera um manna setur; bað hann hvilast þar um daginn eftir, ef honum væri ekki á höndum, enn verða í brottu sem skjótast elligar. Vigdís svarar: „Veitt hefi ek honum ádr gisting, ok mun ek þau orð eigi aftr taka, þótt hann eigi sér eigi jafna vini alla“. Eftir þat sagði hon Þórði vígit Halls, ok svá þat at Þórólfr hafði vegit hann, er þá var þar kominn. Þórðr varð styggr við þetta; kvaðst þat víst vita, at Ingjaldr mundi mikit fé taka af honum fyrir þessa björg, er nú var veitt honum, — „ef hér hafa hurðir verit loknar eftir þessum manni“. Vigdís svarar: „Eigi skal Ingjaldr fé taka af þér fyrir einnar nætr björg, því at hann skal hér vera í allan vetr“. Þórðr mælti: „Þann veg máttu mér mest upptefla, ok at móti er þat mínu skapi, at slíkr óhappamaðr sé hér“. Enn þó var Þór-

ólfr þar um vetrinn. Þetta spurði Ingjaldr, er eftir bróður sinn átti at mæla. Hann býr ferð sína í Dali inn at áliðnum vetri, setti fram ferju er hann átti. Þeir váru tólf saman; þeir sigla vestan útnyrðing hvassan ok lenda í Lax-árósi um kveldit; setja upp ferjuna, enn fara á Goddastaði um kveldit, ok koma ekki á óvart; er þar tekit vel við þeim. Ingjaldr brá Þórði á mál ok sagði honum erendi sitt, at hann kveðst þar hafa spurt til Þórólfs bróðurbana síns. Þórðr kvað þat engu gegna. Ingjaldr bað hann eigi þræta, — „ok skulu vit eiga kaup saman, at þú sel mér manninn fram ok lát mik eigi þurfa þraut til, enn ek hefi hér þrjár merkr silfrs, er þú skalt eignast; upp mun ek ok gefa þér sakir þær, er þú hefir gert á hendr þér í björgun við Þórólf“. Þórði þótti féit fagrt, enn var heitit uppgjöf um sakir þær, er hann hafði áðr kvítt mēst, at hann mundi féskurð af hljóta. Þórðr mælti þá: „Nú mun ek sveipa af fyrir mönnum um tal okkart, enn þetta mun þó verða kaup okkart“. Þeir sváfu til þess er áleið nóttina ok var stund til dags.

15. Síðan stóðu þeir Ingjaldr upp ok klæddust. Vigdís spurði Þórð, hvat í tali hefði verit með þeim Ingjaldi um kveldit. Hann kvað þá mart talat hafa, enn þat samit, at uppi skyldi vera rannsókni, enn þau ór málinu, ef Þórólf hittist eigi þar, — „lét ek nú Ásgaut þræl minn

fylgja manningum á brott“. Vigdís kvaðst ekki vera um lygi; kvað sér ok leitt vera, að Ingjaldr snakaði um hús hennar, enn bað hann þó þessu ráða; síðan rannsakaði Ingjaldr þar ok hitti eigi þar manninn. Í þann tíma kom Ásgautr aftr, ok spurði Vigdís hvar hann skildist við Þórólf. Ásgautr svarar: „Ek fylgda honum til sauðahúsa várara, sem Þórðr mælti fyrir“. Vigdís mælti: „Mun nökkut meir á götu Ingjalds enn þetta, þá er hann ferr til skips? ok eigi skal tilhætta, hvárt þeir hafa eigi þessa ráðagerð saman borit í gærkveld; vil ek at þú farir þegar, ok fylgir honum í brott sem tíðast; skaltu fylgja honum til Sauðafells á fund Þórólfs. Með því at þú gerir svá sem ek býð þér, skaltu nökkut eftir taka; frelsi mun ek þér gefa ok fé þat, at þú sér færri hvert er þú vill“. Ásgautr játtaði því, ok fór til sauðahússins ok hitti þar Þórólf; hann bað þá fara á brott sem tíðast. Í þenna tíma riðr Ingjaldr af Goddastöðum, því at hann ætlaði at heimta þá verð fyrir silfrit, ok er hann var kominn ofan frá bænum, þá sjá þeir tvá menn fara í móti sér, ok var þar Ásgautr ok Þórólfr. Þetta var snimma um morgininn, svá at lítt var lýst af degi. Þeir Ásgautr ok Þórólfr váru komnir í svá mikinn klofa, at Ingjaldr var á aðra hönd, enn Laxá á aðra hönd. Áin var ákaflega mikil; váru höfuðisar

at báðum megin, enn gengin upp eftir miðju, ok var áin allill at sækja. Þórólfr mælti við Ásgaut: „Nú þykki mér sem vit munim eiga tvá kosti fyrir höndum; sá er kostr annarr, at þi biða þeira hér við ána ok verjast eftir því sem okkr endist hreysti til ok drengskapr; enn þó er þess meiri ván, at þeir Ingjaldr sæki líf okkart skjótt; sá er annarr kostr at ráða til árinna, ok mun þat þykkja þó enn með nökkurri hættu“. Ásgautr biðr hann ráða; kvaðst nú ekki munu við hann skiljast, — „hvert ráð sem þú vill upptaka hér um“. Þórólfr svarar: „Til árinna munu vit leita“ — og svá gera þeir; búa sik sem léttilegast. Eftir þat ganga þeir ofan fyrir höfuðisinn ok leggjast til sunds, ok með því at menn váru hraustir, ok þeim varð lengra lífs auðit, þá komast þeir yfir ána ok upp á höfuðisinn öðrum megin. Þat er mjök jafnskjótt er þeir eru komnir yfir ána, at Ingjaldr kemr at öðrum megin at ánni ok förunautar hans. Þá tekr Ingjaldr til orða ok mælti til förunauta sinna: „Hvat er nú til ráðs? Skal ráða til árinna eða eigi“? Þeir sögðu at hann mundi ráða, sögðust ok hans forsjá mundu hlíta at; þó sýndist þeim áin óyfirfærileg. Ingjaldr kvað svá vera, — „ok munu vér frá hverfa ánni“. Enn er þeir Þórólfr sjá þetta, at þeir Ingjaldr ráða eigi til árinna, þá vinda þeir fyrst klæði sín ok búa sik til göngu, og ganga þann dag allan;

koma at kveldi til Sauðafells. Þar var vel við þeim tekit, því at þar var allra manna gisting. Ok þegar um kveldit gengr Ásgautr á fund Þórólfs rauðnefs, ok sagði honum alla vöxtu sem á váru um þeira erindi, at Vigdís frændkona hans hafði þenna mann sent honum til halds ok trausts, er þar var kominn; sagði honum alt, hvé farit hafði með þeim Þórði godða; þar með berr hann fram jartegnir þær, er Vigdís hafði sent til Þórólfs. Þórólfr svarar á þá leið: „Ekki mun ek dyljast við jartegnir þessar; mun ek at vísu taka við þessum manni at orðsending hennar; þykki mér Vigdísi þetta mál drengilega hafa farit; er þat mikill harmr, at þvilík kona skal hafa svá óskörulegt gjaforð; skaltu Ásgautr dveljast hér þvilíka hrið sem þér líkar“. Ásgautr kvaðst ekki lengi þar mundu dveljast. Þórólfr tekr nú við nafna sínum og gerist hann hans fylgdarmaðr, enn þeir Ásgautr skiljast góðir vinir, ok ferr Ásgautr heimleiðis. Nú er at segja frá Ingjalði, at hann snýr heim á Goddastaði, þá er þeir Þórólfr höfðu skilizt; þar váru þá komnir menn af næstum bæjum at orðsending Vigdísar; váru þar eigi færi karlar fyrir enn tuttugu. Enn er þeir Ingjaldr koma á bæinn, þá kallar hann Þórð til sín ok mælti við hann: „Ódrengilega hefir þér farit til vár, Þórðr“, segir hann, „því at vér höfum þat fyrir satt, at þú hafir mann-

inum á brott skotit“. Þórðr kvað hann eigi satt hafa á höndum sér um þetta mál; kemr nú upp öll þeira ráðagerð, Ingjaldr ok Þórðar; vill Ingjaldr nú hafa fé sitt, þat er hann hafði fengit Þórði í hendr. Vigdís var þá nær stödd tali þeira, ok segir þeim farit hafa sem maklegt var; biðr Þórð ekki halda á fé þessu, — „því at þú Þórðr“, sagði hon, „hefir þessa fjár ódrengilega aflat“. Þórðr kvað hana þessu ráða mundu vilja. Eftir þetta gengr Vigdís inn ok til erkr þeirar er Þórðr átti, ok finnr þar í niðri digran fésjóð; hon tekr upp sjóðinn ok gengr út með ok þar til er Ingjaldr var, ok biðr hann taka við fénu. Ingjaldr verðr við þetta léttbrúnn ok réttir höndina at móti fésjóðnum. Vigdís hefr upp fésjóðinn ok rekr á nasar honum, svá at þegar fell blóð á jörð; þar með velr hon honum mörg hæðileg orð, ok þat með at hann skal þetta fé aldregi fá síðan; biðr hann á brott fara. Ingjaldr sér sinn kost þann hinn bezta at verða á brottu sem fyrst, ok gerir hann svá, ok léttir eigi ferð sinni fyrr enn hann kemr heim, ok unir illa við sína ferð.

16. Í þenna tíma kemr Ásgautr heim. Vigdís fagnar honum vel, ok frétti hversu góðar viðtökur þeir hefði at Sauðafelli. Hann lætr vel yfir, ok segir henni ályktarorð þau er Þórólfr hafði mælt. Henni hugnaðist þat vel, — „hefir þú nú, Ásgautr“, segir hon, „vel farit

með þínu efni ok trúlega; skaltu nú ok vita skjótlega til hvers þú hefir unnit; ek gef þér frelsi, svá at þú skalt frá þessum degi frjáls maðr heita; hér með skaltu taka við fé því er Þórðr tók til höfuðs Þórólfi frænda mínum; er nú féit betr niðr komit“. Ásgautr þakkaði henni þá gjöf með fögrum orðum. Þetta sumar eftir tekr Ásgautr sér fari í Dögurðar-nesi, ok lætr skip þat í haf; þeir fá veðr stór ok ekki langa útivist, taka þeir Noreg; síðan ferr Ásgautr til Danmerkr ok staðfestist þar ok þótti hraustr drengr, ok endir þar sögu frá honum. Enn eftir ráðagerð þeira Þórðar godda ok Ingjalds Sauðeyjargöða, þá er þeir vildu ráða bana Þórólfi frænda Vigðisar, lét hon þar fjand-skap í móti koma, ok sagði skilit við Þórð godda, ok fór hon til frænda sinna ok sagði þeim þetta. Þórðr gellir tók ekki vel á þessu ok var þó kyrt. Vigðis hafði eigi meira fé á brott af Goddastöðum enu gripi sína. Þeir Hvammverjar létu fara orð um, at þeir ætluðu sér helming fjár þess, er Þórðr goddi hafði at varðveita. Hann verðr við þetta klökkkr mjök, ok riðr þegar á fund Höskulds ok segir hon-um til vandræða sinna. Höskuldr mælti: „Skotit hefir þér þá skelk í bringu, er þú hefir eigi átt at etja við svāmikit ofrefli“. Þá bauð Þórðr Höskuldi fé til liðveizlu ok kvaðst eigi mundu smátt á sjá. Höskuldr segir: „Reynt

er þat, at þú vill at engi maðr njóti fjár þíns, svá at þú sættist á þat“. Þórðr svarar: „Eigi skal nú þat þó, því at ek vil gjarna, at þú takir handsölum á öllu fénu. Síðan vil ek bjóða Óláfi syni þínum til fósturs ok gefa honum alt fé eftir minn dag, því at ek á engan erfingja hér á landi, ok hygg ek at þá sé betr komit féit heldr enn frændr Vigdísar skelli hrömmum yfir“. Þessu játtaði Höskuldr ok lætr binda fastmælum. Þetta líkaði Melkorku þungt; þótti fóstreit oflágt. Höskuldr kvað hana eigi sjá kunna, — „er Þórðr gamall maðr ok barnlauss, ok ætla ek Óláfi alt fé eftir hans dag; enn þú mátt hitta hann ávalt er þú vilt“. Síðan tók Þórðr við Óláfi sjau vetra gömlum ok leggr við hann mikla ást. Þetta spyrja þeir menn er mál áttu við Þórð godða, ok þótti nú fjárheimtan komin fastlegar enn áðr. Höskuldr sendi Þórði gelli góðar gjafir ok bað hann eigi styggjast við þetta, því at þeir máttu engi fé heimta af Þórði fyrir laga sakir; kvað Vigdísi engar sakir hafa fundit Þórði, þær er sannar væri, ok til brautgangs mætti metast, — „ok var Þórðr eigi at verr mentr, þótt hann leitaði sér nökkurs ráðs at koma þeim manni af sér, er settr var á fé hans, ok svá var sökum horfinn sem hrísla eini“. Enn er þessi orð kómu til Þórðar frá Höskuldi ok þar með stórar fégjafir, þá sefaðist Þórðr gellir, ok

kvaðst þat hyggja, at þat fé væri vel komit, er Höskuldr varðveitti, ok tók við gjöfum, ok var þetta kyrt síðan ok um nökkuru færa enn áðr. Óláfr vex upp með Þórði godða ok gerist mikill maðr ok sterkr; svá var hann vænn maðr, at eigi fekst hans jafningi. Þá er hann var tólf vetra gamall, reið hann til þings, ok þótti mönnum þat mikit erendi ór öðrum sveitum, at undrast, hversu hann var ágætlega skapaðr. Þar eftir helt Óláfr sik at vápnabúnaði ok klæðum. Var hann því auðkendr frá öllum mönnum. Miklu var ráð Þórðar godða betrá síðan Óláfr kom til hans. Höskuldr gaf honum kenningarnafn, ok kallaði pá. Þat nafn festist við hann.

17. Þat er sagt frá Hrapp, at hann gerðist úrigr viðreignar; veitti nú nábum sínum svá mikinn ágang, at þeir máttu varla halda hlut sínum fyrir honum. Hrapp gat ekki fang á Þórði fengit síðan Óláfr færðist á fætr. Hrapp hafði skaplyndi it sama enn orkan þvarr, því at elli sótti á hendr honum, svá at hann lagðist í rekkju af. Þá kallaði Hrapp til sín Vigdísi konu sína ok mælti: „Ekki hefi ek verit kvellisjúkr“, segir hann, „er ok þat líkast, at þessi sótt skili várar samvistur; enn þá at ek em andaðr, þá vil ek mér láta gröf grafa í eldhúsdryum, ok skal mik niðr setja standanda þar í dýrunum; má ek þá enn vendi-

legar sjá yfir hýbýli mín“. Eftir þetta deyr Hrappr. Svá var með öllu farit sem hann hafði fyrir sagt, því at hon treystist eigi öðru. Enn svá illr sem hann var viðreignar, þá er hann lifði, þá jók nú miklu við, er hann var dauðr, því at hann gekk mjök aftr. Svá segja menn, at hann deyddi flest hjón sín í aftrgöngunni. Hann gerði mikinn ómaka þeim flestum er í nánd bjuggu; var cyddr bærinn á Hrappsstöðum. Vigdís kona Hrapps réðst vestr til Þorsteins surts bróður síns; tók hann við henni ok fé hennar. Nú var enn sem fyrr, at menn fóru á fund Höskulds ok sögðu honum til þeira vandræða, er Hrappr gerir mönnum, ok biðja hann nökkut ór ráða. Höskuldr kvað svá vera skyldu, ferr með nökkura menn á Hrappsstaði ok lætr grafa upp Hrapp ok færa hann í brott þar er sízt væri fjárgangr í nánd eða mannaferðir. Eftir þetta nemast af heldr aftrgöngur Hrapps. Sumarliði son Hrapps tók fé eftir hann, ok var bæði mikit ok frítt. Sumarliði gerði bú á Hrappsstöðum um várit eftir, ok er hann hafði þar litla hrið búit, þá tók hann ærsl ok dó litlu síðar. Nú á Vigdís móðir hans at taka þar ein fé þetta alt; hon vill eigi fara til landsins á Hrappsstöðum; tekr nú Þorsteinn surtr fé þetta undir sik til varðveizlu. Þorsteinn var þá hniginn nökkut ok þó enn hraustasti ok vel hress.

18. Í þann tíma hófust þeir upp til mannvirðingar í Þórsnesi frændr Þorsteins, Börkr enn digri ok Þorgrímr bróðir hans. Brátt fanst þat á, at þeir bræðr vildu þá vera þar mestir menn ok mest metnir, ok er Þorsteinn finnr þat, þá vill hann eigi við þá bægjast; lýsir því fyrir mönnum, at hann ætlar at skifta um bústað, ok ætlaði at fara bygðum á Hrappsstaði í Laxárdal. Þorsteinn surtr bjó ferð sína af várþingi, enn smali var rekinn eftir ströndinni. Þorsteinn skipaði ferju ok gekk þar á með tólfta mann; var þar Þórarinn mágr hans, ok Ósk Þorsteinsdóttir ok Hildir hennar dóttir, er enn fór með þeim, ok var hon þrevetr. Þorsteinn tók útsynning hvassan; sigla þeir inn at straumum í þann straum, er hét Kolkistustraumr; sá er í mesta lagi þeira strauma, er á Breiðafirði eru; þeim tekst siglingin ógreitt; heldr þat mest til þess, at þá var komit útfall sjávar, enn byrinn ekki vinveittr, því at skúraveðr var á, ok var hvast veðrit, þá er rauf, enn vindlítið þess í milli. Þórarinn stýrði, ok hafði aktaumana um herðar sér, því at þröngt var á skipinu; var hirzlum mest blaðit ok varð hár farmrinn, enn löndin váru nær; gekk skipit lítit, því at straumrinn gerðist óðr at móti; síðan sigla þeir á sker upp ok brutu ekki at. Þorsteinn bað fella seglit sem skjótast; bað menn taka forka ok ráða af skipinu. Þessa

ráðs var freistat ok dugði eigi, því at svá var djúpt á bæði borð, at forkarnir kendu eigi niðr, ok varð þar at biða atfalls; fjarar nú undan skipinu. Þeir sá sel í strauminum um daginn, meira miklu enn aðra. Hann fór í hring um skipit um daginn, ok var ekki fitjaskammr; svá sýndist þeim öllum sem mannsaugu væri í honum. Þorsteinn bað þá skjóta selinn. Þeir leita við ok kom fyrir ekki. Síðan fell sjór at. Ok er nær hafði, at skipit mundi fljóta, þá rekr á hvassviðri mikit ok hvef fir skipinu, ok drukkna nú menn allir, þeir er þar váru á skipinu, nema einn maðr. Þann rak á land með viðum; sá hét Guðmundr; þar heita síðan Guðmundareyjar. Guðriðr átti at taka arf eftir Þorstein surt föður sinn, er átti Þorkell trefill. Þessi tíðendi spyrjast víða, drukkun Þorsteins surts ok þeira manna, er þar höfðu látizt. Þorkell sendir þegar orð þessum manni Guðmundi, er þar hafði á land komit, ok er hann kemr á fund Þorkels, þá slær Þorkell við hann kaupi á laun, at hann skyldi svá greina frásögn um líflát manna, sem hann segði fyrir. Því játti Guðmundr. Heimtir nú Þorkell af honum frásögn um atburð þenna, svá at margir menn váru hjá. Þá segir Guðmundr svá, kvað Þorstein hafa fyrst drukknað, þá Þórarin mág hans, — þá átti Hildir at taka féit, því at hon var dóttir Þórarins, — þá kvað

hann meyna drukna, því at þar næst var Ósk hennar arfi, móðir hennar, ok lézt hon þeira síðast; bar þá féit alt undir Þorkel trefil, því at Guðríðr kona hans átti fé at taka eftir systur sína. Nú reiðist þessi frásögn af Þorkatli ok hans mönnum, enn Guðmundr hafði áðr nökkut öðruvís af sagt. Nú þótti þeim frændum Þórarins nökkut efanleg sjá saga, ok kölluðust eigi mundu trúnað á leggja raunarlaust, ok töldu þeir sér fé hálf t við Þorkel, enn Þorkell þykkist einn eiga ok bað gera til skírslu at sið þeira. Þat var þá skírsla í þat mund, at ganga skyldi undir jarðarmen, þat er torfa var ristin ór velli. Skyldu endarnir torfunnar vera fastir í vellinum, enn sá maðr, er skírsluna skyldi fram flytja, skyldi þar ganga undir. Þorkell trefill grunar nökkut, hvárt þannig mun farit hafa um líflát manna, sem þeir Guðmundr höfðu sagt it síðara sinn. Ekki þóttust heiðnir menn minna eiga í ábyrgð, þá er slíka hluti skyldi fremja, enn nú þykkjast eiga kristnir menn, þá er skírslur eru gervar. Þá varð sá skírr, er undir jarðarmen gekk, ef torfan fell eigi á hann. Þorkell gerði ráð við tvá menn, at þeir skyldi sik láta á skilja um einhvern hlut ok vera þar nær staddir, þá er skírslan væri frömd ok koma við torfuna svá mjök, at allir sæi at þeir feldi hana. Eftir þetta ræðr sá til, er skírsluna skyldi af höndum inna, ok

jafnskjótt sem hann var kominn undir jarðarmentit, hlaupast þessir menn at mót með vápn-um, sem til þess váru settir, mætast þeir hjá torfubugnum ok liggja þar fallnir, ok fellr ofan jarðarmentit sem ván var. Síðan hlaupa menn í millum þeira ok skilja þá; var þat auðvelt, því at þeir börðust með engum háska. Þorkell trefill leitaði orðróms um skírsluna; mæltu nú allir hans menn, at vel mundi hlitt hafa, ef engir hefði spillt. Síðan tók Þorkell lausafé alt, enn löndin leggjast upp á Hrappstöðum.

19. Nú er frá Höskuldi at segja, at ráð hans er virðulegt; var hann höfðingi mikill. Hann varðveitti mikit fé, er átti Hrútr Herjólfsson bróðir hans. Margir menn mæltu þat, at nökkut mundu ganga skorbíldar í fé Höskulds, ef hann skyldi vandlega útgjalda móðurarf hans. Hrútr er hirðmaðr Haralds konungs Gunnhildarsonar, ok hafði af honum mikla virðing; helt þat mest til þess, at hann gafst bezt í öllum mannraunum; enn Gunnhildr drotning lagði svá miklar mætr á hann, at hon helt engan hans jafningja innan hirðar, hvárki í orðum né öðrum hlutum. Enn þó at mannjafnaðr væri hafðr ok til ágætis manna talat, þá var þat öllum mönnum auðsætt, at Gunnhildi þótti hyggjuleysi til ganga eða öfund, ef nökkurum manni var til Hrúts jafnat. Með því at Hrútr

átti at vitja til Íslands fjárhltar mikils ok göfgra frænda, þá fýsist hann at vitja þess; býr nú ferð sína til Íslands. Konungr gaf honum skip at skilnaði ok kallaðist hann reynt hafa at góðum dreng. Gunnhildr leiddi Hrút til skips ok mælti: „Ekki skal þetta lágt mæla at ek hefi þik reyndan at miklum ágætismanni, því at þú hefir atgervi jafnframt hinum bestum mönnum hér í landi, enn þú hefir vitsmuni langt um fram“. Síðan gaf hon honum gullhring ok bað hann vel fara; brá síðan skikkjunni at höfði sér ok gekk snúðigt heim til bæjar; enn Hrútr stigr á skip ok siglir í haf. Honum byrjaði vel ok tók Breiðafjörð. Hann siglir inn at eyjum. Síðan siglir hann inn Breiðasund ok lendir við Kambsnes ok bar bryggjur á land. Skipkváman spurðist ok svá þat, at Hrútr Herjólfsson var stýrimaðr. Ekki fagnar Höskuldr þessum tíðendum ok eigi fór hann á fund hans. Hrútr setr upp skip sitt ok býr um. Þar gerði hann bæ, er síðan heitir á Kambsnesi. Síðan reið Hrútr á fund Höskulds ok heimtíró móðurarf sinn. Höskuldr kvaðst ekki fé eiga at gjalda, kvað eigi móður sína hafa farit félausá af Íslandi, þá er hon kom til móts við Herjólf. Hrúti líkar illa ok reið í brott við svá búit. Allir frændr Hrúts gera sáemílega til hans aðrir enn Höskuldr. Hrútr bjó þrjá vetr á Kambsnesi ok heimtíró jafnan fé at

Höskuldi á þingum eða öðrum lögfundum ok var vel talaðr; kölluðu þat flestir, at Hrútr hefði rétt at mæla; enn Höskuldr flutti þat, at Þorgerðr var eigi at hans ráði gift Herjólf; enn lézt vera lögráðandi móður sinnar, ok skilja við þat. Þat sama haust eftir fór Höskuldr at heimboði til Þórðar godda. Þetta spyr Hrútr ok reið hann á Höskuldsstaði við tólfta mann. Hann rak á brott naut tuttugu; jafnmörg lét hann eftir. Síðan sendi hann mann til Höskulds ok bað segja, hvort eftir fé var at leita. Húskarlar Höskulds hlupu þegar til vápna, ok váru ger orð þeim er næstir váru ok urðu þeir fimtán saman; reið hverr þeira svá sem mátti hvatast. Þeir Hrútr sá eigi fyrir eftirreiðina, enn þeir áttu skamt til garðs á Kambsnesi. Stíga þeir Hrútr þegar af baki ok binda hesta sína, ok ganga fram á mel nökkurn ok sagði Hrútr, at þeir mundu þar við taka; kvaðst þat hyggja, þótt seint gengi fjárheimtan við Höskuldr, at eigi skyldi þat spyrjast, at hann rynni fyrir þrælum hans. Förunautar Hrúts sögðu, at liðsmunr mundi vera. Hrútr kvaðst þat ekki hirða; kvað þá því verrum förum fara skyldu sem þeir væri fleiri. Þeir Laxdælir hljópu nú af hestum sínum ok bjuggust nú við. Hrútr bað þá ekki meta muninn ok hleypr í móti þeim. Hann hafði hjálm á höfði, enn sverð brugðit í hendi, enn skjöld í annarri. Hann var

vigr allra manna bezt. Svá var Hrútr þá óðr, at fáir gátu fylgt honum. Börðust vel hvárir-tveggju um hrið, enn brátt fundu þeir Laxdælir þat, at þeir áttu þar eigi við sinn maka, sem Hrútr var, því at þá drap hann tvá menn í einu athlaupi. Síðan báðu Laxdælir sér griða. Hrútr kvað þá víst hafa skyldu grið. Hús-karlar Höskulds váru þá allir sárir, þeir er uppi stóðu; enn fjórir váru drepnir. Hrútr fór heim ok var nökkut sárr, enn förunautar hans lítt eða ekki, því at hann hafði sik mest frammi haft. Er þat kallaðr Orrostudalr síðan þeir börðust þar. Síðan lét Hrútr afhöggva féit. Þat er sagt frá Höskuldi, at hann kippir mönnum at sér, er hann spyr ránit, ok reið hann heim. Þat var mjök jafnskjótt, at húskarlar hans koma heim; þeir sögðu sínar ferðir ekki sléttar. Höskuldr verðr við þetta óðr, ok kveðst ætla at taka eigi oftár af honum rán ok manntjón; safnar hann mönnum þann dag allan at sér. Síðan gekk Jórunn húsfreyja til tals við hann ok spyr at um ráðagerð hans. Hann segir: „Litla ráðagerð hefir ek stofnat, enn gjarna vilda ek, at annat væri oftár at tala enn um dráp húskarla minna“. Jórunn svarar: „Þessi ætlan er ferleg, ef þú ætlar at drepa slíkan mann, sem bróðir þinn er; enn sumir menn kalla at eigi sé sakleysi í, þótt Hrútr hefði fyrr þetta fé heimt; hefir hann þat nú sýnt, at hann

vill eigi vera hornungr lengr þess er hann átti, eftir því sem hann átti kyn til. Nú mun hann hafa eigi fyrr þetta ráð upp tekit, at etja kappi við þik, enn hann mun vita sér nökkurs trausts ván af hinum meirum mönnum, því at mér er sagt, at farit munu hafa orðsendingar í hljóði milli Þórðar gellis ok Hrúts; mundi mér slíkir hlutir þykkja ísjáverðir; mun Þórði þykkja gott at veita at slíkum hlutum, er svá brýn eru málaefni; veiztu ok þat, Höskuldr, síðan er mál þeira Þórðar godda ok Vigðisar urðu, at ekki verðr slík bliða á með ykkur Þórði gelli sem áðr, þóttu kæmir í fyrstu af þér með fé-gjöfum fjandskap þeira frænda; hygg ek ok þat, Höskuldr“, segir hon, „at þeim þykkir þú þar raunmjök sitja yfir sínum hlut ok son þinn Óláfr. Nú þætti oss hitt ráðlegra, at þú byðir Hrúti bróður þínum sæmilega, því at þar er fangs ván af frekum úlfi; vænti ek þess, at Hrútr taki því vel ok líklega, því at mér er maðr sagðr vitr; mun hann þat sjá kunna, at þetta er hvárstveggja ykkar sómi“. Höskuldr sefaðist mjök við fortölur Jórunnar; þykkir honum þetta vera sannlegt. Fara nú menn í milli þeira, er váru beggja vinir, ok bera sættarorð af Höskulds hendi til Hrúts, enn Hrútr tók því vel; kvaðst at vísu vilja semja við Höskuld; kvaðst þess löngu hafa verit þúinn, at þeir sendi sína frændsemi eftir því sem vera

ætti, ef Höskuldr vildi honum réttis unna. Hrútr kvaðst ok Höskuldi vilja unna sóma fyrir afbrigði þau, er hann hafði gert af sinni hendi. Eru nú þessi mál sett, ok samit í milli þeira bræðra Höskulds ok Hrúts; taka þeir nú upp frændsemi sína góða heðan í frá. Hrútr gætir nú bús síns ok gerist mikill maðr fyrir sér, enn ekki var hann afskiptinn um flesta hluti, enn vildi ráða því er hann hlutaðist til. Hrútr þokaði nú bústað sínum ok bjó þar sem nú heitir á Hrútsstöðum alt til elli; hof átti hann í túninu, ok sér þess enn merki; þat er nú kallat Tröllaskeið; þar er nú þjóðgata. Hrútr kvángaðist ok fekk konu þeirar er Unnr hét, dóttir Marðar gígju. Unnr gekk frá honum; þar af hefjast deilur þeira Laxdæla ok Fljótshlíðinga. Aðra konu átti Hrútr þá er Þorbjörg hét; hon var Ármóðsdóttir. Átt hefir Hrútr hina þriðju konu ok nefnum vér hana eigi. Sextán sonu átti Hrútr ok tíu dætr við þessum tveim konum. Svá segja menn, at Hrútr væri svá á þingi eitt sumar, at fjórtán synir hans væri með honum; því er þessa getit, at þat þótti vera rausn mikil ok afli; allir váru gervilegin synir hans.

20. Höskuldr sitr nú í búi sínu ok gerist hniginn á enn efra aldr, enn synir hans eru nú þroskaðir. Þorleikr gerir bú á þeim bæ, er heitir á Kamsnesi, ok leysir Höskuldr út fé

hans. Eftir þetta kvángast hann, ok fekk konu þeirar er Gjaflaug hét, dóttir Arnbjarnar Sleitu-Bjarnarsonar ok Þorlaugar Þórðardóttur frá Höfða. Þat var göfígt kvánfang; var Gjaflaug væn kona ok ofláti mikill. Þorleikr var engi dældarmaðr ok enn mesti garpr. Ekki lagðist mjök á með þeim frændum Hróti ok Þorleiki. Bárðr son Höskulds var heima með feðr sínum; hafði hann þá umsýslu ekki minnr enn Höskuldr. Dætra Höskulds er hér eigi getit mjök; þó eru menn frá þeim komnir. Óláfr Höskuldsson er nú ok frumvaxti, ok er allra manna fríðastr sýnum, þeira er menn hafi sét. Hann bjó sik vel at vápnum ok klæðum. Melkorka móðir Óláfs bjó á Melkorkustöðum, sem fyrr var ritat. Höskuldr veik meir af sér umsjá um ráðahag Melkorku enn verit hafði; kvaðst honum þat þykkja ekki siðr koma til Óláfs sonar hennar; enn Óláfr kvaðst henni veita skyldu sína ásjá, slíka sem hann kunnir at veita henni. Melkorku þykkir Höskuldr gera svivirðilega til sín; hefir hon þat í hug sér, at gera þá hluti nökkura, er honum þætti eigi betr. Þorbjörn skrjúpr hafði mest veitt umsjá um bú Melkorku; vakit hafði hann bónorð við hana, þá er hon hafði skamma stund búit, enn Melkorka tók því fjarri. Skip stóð uppi á Boreyri í Hrótafirði. Örn hét stýrimaðr. Hann var hirðmaðr Haralds konungs Gunnhildarsonar.

Melkorka vegr tal við Óláf son sinn þá er þau finnast, at hon vill at hann fari utan at vitja frænda sinna göfugra — „því at ek hefi þat satt sagt, at Mýrkjartan er at visu faðir minn ok er hann konungr Íra; er þér ok hægt at ráðast til skips á Borðeyri“. Óláfr segir: „Talat hefi ek þetta fyrir föður mínum, ok hefir hann lítt á tekit; er þanneg ok fjárbag fóstura míns háttat, at þat er meir í löndum ok kvikfé, enn hann eigi íslenzka vöru liggjandi fyrir“. Melkorka svarar: „Eigi nenni ek at þú sér ambáttar sonr kallaðr lengr, ok ef þat nemr við förinni, at þú þykkist hafa fé oflittit, þá mun ek heldr þat til vinna, at giftast Þorbirni, ef þú ræðst þá til ferðar, heldr enn áðr; því at ek ætla at hann leggi fram vöruna, svá sem þú kant þér þörf til, ef hann náir ráðahag við mik; er þat ok til kostar, at Höskuldi muni þá tveir hlutir illa líka, þá er hann spyr hvárttveggja, at þú ert af landi farinn, enn ek manni gift“. Óláfr bað móður sína eina ráða. Síðan ræddi Óláfr við Þorbjörn, at hann vildi taka vöru af honum at láni ok gera mikit at. Þorbjörn svarar: „Þat mun því at eins, nema ek ná ráðahag við Melkorku, þá væntir mik, at þér sé jafnheimilt mitt fé, sem þat er þú hefir at varðveita“. Óláfr kvað þat þá mundu at ráði gert; töludu þá með sér þá hluti, er þeir vildu, ok skyldi þetta fara alt af hljóði.

Höskuldr ræddi við Óláf, at hann mundi riða til þings með honum. Óláfr kvaðst þat eigi mega fyrir búsyслу; kvaðst vilja láta gera lambhaga við Laxá. Höskuldi líkar þetta vel, er hann vill um búit annast. Síðan reið Höskuldr til þings, enn snúit var at brullaupi á Lambastöðum ok réð Óláfr einn máldaga. Óláfr tók þrjá tigu hundraða vöru af óskiftu, ok skyldi þar ekki fé fyrir koma. Bárðr Höskuldsson var at brullaupi ok vissi þessa ráðagerð með þeim. Enn er boði var lokit, þá reið Óláfr til skips ok hitti Örn stýrimann ok tók sér þar fari. Enn áðr enn þau Melkorka skildist, selr hon í hendr Óláfi fingrgull mikit ok mælti: „Þenna grip gaf faðir minn mér at tannfé, ok vænti ek at hann kenni, ef hann sér“. Enn fekk hon honum í hönd kníf ok belti, ok bað hann selja fóstru sinni, — „get ek at hon dylist eigi við þessar jartegnir“. Ok enn mælti Melkorka: „Heiman hefi ek þik búit svá sem ek kann bezt ok kent þér írsku at mæla, svá at þik mun þat eigi skifta, hvar þik berr at Írlandi“. Nú skilja þau eftir þetta. Þegar kom byrr á, er Óláfr kom til skips, ok sigla þeir þegar í haf.

21. Nú kemr Höskuldr heim af þingi ok spyrr þessi tíðendi. Honum líkar heldr þunglega; enn með því at vandamenn hans áttu hlut í, þá sefaðist hann ok lét vera kyrt. Þeim Óláfi byrjaði vel ok tóku Noreg. Örn

fýsir Óláf at fara til hirðar Haralds konungs; kvað hann gera til þeira góðan sóma, er ekki váru betr mentir enn Óláfr var. Óláfr kvaðst þat mundu af taka. Fara þeir Óláfr ok Örn nú til hirðarinnar ok fá þar góðar viðtökur. Vaknar konungr þegar við Óláf fyrir sakir frænda hans, ok bauð honum þegar með sér at vera. Gunnhildr lagði mikil mæti á Óláf, er hon vissi, at hann var bróðurson Hrúts; enn sumir menn kölluðu þat, at henni þætti þó skemtan at tala við Óláf, þótt hann nyti ekki annarra at. Óláfr ógladdist er á leið vetrinn. Örn spyr, hvat honum væri til ekka. Óláfr svarar: „Ferð á ek á höndum mér at fara vestr um haf, ok þætti mér mikit undir, at þú ættir hlut í, at sú yrði farin sumarlangt“. Örn bað Óláf þess ekki fýsast; kvaðst ekki vita vánir skipa þeira, er um haf vestr mundu ganga. Gunnhildr gekk á tal þeira ok mælti: „Nú heyri ek ykk þat tala, sem eigi hefir fyrr við borit, at sinn veg þykkir hvarum“. Óláfr fagnar vel Gunnhildi ok lætr eigi niðr falla talit. Síðan gengr Örn á brott, enn þau Gunnhildr taka þá tal; segir Óláfr þá ætlan sína ok svá hvat honum lá við, at koma fram ferðinni; segist vita með sannendum, at Mýrkjartan konungr var móðurfaðir hans. Þá mælti Gunnhildr: „Ek skal fá þér styrk til ferðar þessar, at þú megir fara svá rikulega sem

þú vilt“. Óláfr þakkar henni orð sín. Síðan lætr Gunnhildr búa skip ok fær menn til; bað Ólaf ákveða, hve marga menn hann vill hafa með sér vestr um hafit. Enn Óláfr kvað á sex tigu manna ok kvað þó þykkja miklu skifta, at þat lið væri líkara hermönnum enn kaupmönnum. Hon kvað svá vera skyldu; ok er Örn einn nefndr með Óláfi til ferðarinnar. Þetta lið var allvel búit. Haraldr konungr ok Gunnhildr leiddu Ólaf til skips, ok sögðust mundu leggja til með honum hamingju sína með vingan þeiri annarri, er þau höfðu til lagt; sagði Haraldr konungr, at þat mundi auðvelt, því at þau kölluðu engan mann vænlegra hafa komit af Íslandi á þeira dögum. Þá spurði Haraldr konungr, hvé gamall maðr hann væri. Óláfr svarar: „Nú em ek átján vetra“. Konungr mælti: „Miklir ágætismenn eru slíkt sem þú ert, því at þú ert enn lítit af barnsaldri, ok sæk þegar á vörn fund, er þú kemr aftr“. Síðan bað konungr ok Gunnhildr Ólaf vel fara. Stigu síðan á skip, ok sigla þegar á haf; þeim byrjaði illa um sumarit; hafa þeir þokur miklar, enn vinda litla ok óhagstæða þá sem váru, rak þá víða um hafit; váru þeir flestir innan borðs at á kom hafvilla. Þat varð um síðir, at þoku hóf af höfði, ok gerðust vindar á; var þá tekit til segls. Tókst þá umræða, hvert til Írlands mundi at leita ok urðu menn

eigi ásáttir á þat. Örn var til móts, enn mestr hluti manna mælti í gegn, ok kváðu Örn allan villast, ok sögðu þá ráða eiga er fleiri váru. Síðan var skotit til ráða Óláfs, enn Óláfr segir: „Þat vil ek, at þeir ráði sem hygnari eru; því verr þykki mér sem oss muni duga heimskra manna ráð, er þau koma fleiri saman. Þótti þá ór skorit, er Óláfr mælti þetta, ok réð Örn leiðsögu þaðan í frá. Sigla þeir þá nætr ok daga, ok hafa jafnan byrlitit. Þat var einhverja nótt, at varðmenn hljópu upp ok báðu menn vaka sem tíðast; kváðust sjá land svá nær sér, at þeir stungu nær stafni at, enn seglit var uppi ok alltit veðrit at. Menn hlaupa þegar upp, ok bað Örn beita á brott frá landinu ef þeir mætti. Óláfr segir: „Ekki eru þau efni á um vart mál, því at ek sé at boðar eru alt fyrir skutstafn, ok felli seglit sem tíðast; enn gerum ráð vár, þá er ljóss dagr er ok menn kenna land þetta“. Síðan kasta þeir akkerum, ok hrifa þau þegar við. Mikil er umræða um nóttina, hvar þeir mundu at komnir; enn er ljóss dagr var, kendu þeir at þat var Írland. Örn mælti þá: „Þat hygg ek, at vér hafim ekki góða atkvámu, því at þetta er fjarri höfnum þeim eða kaupstöðum, er útlendir menn skulu hafa frið, því at vér erum nú fjaradir uppi svá sem hornsil, ok nær ætla ek þat lögum þeira Íra, þótt þeir kalli fé

þetta, er vér höfum með at fara, með sínum föngum, því at heita láta þeir þat vágrek, er minnr er fjarat frá skutstafni“. Óláfr kvað ekki til mundu saka, — „enn sét hefi ek, at mannsafnaðr er á land upp í dag, ok þeim Írum þykkir um vert skipkvámu þessa; hugða ek at í dag, þá er fjaran var, at hér gekk upp óss við nes þetta, ok fell þar óvandlega sjór út ór ósinum. Enn ef skip vart er ekki sakat, þá munum vér skjóta báti várum ok flytja skip vart þangat“. Leira var undir, þar er þeir höfðu legit um strengina, ok var ekki borð sakat í skipi þeira. Flytjast þeir Óláfr þangat ok kasta þar akkerum. Enn er á liðr daginn, þá drifr ofan mannfjöldi mikill til strandar. Síðan fara tveir menn á báti til skipsins. Þeir spyrja, hverir fyrir ráði skipi þessu. Óláfr mælti ok svarar á írsku, sem þeir mæltu til. Enn er Írar vissu, at þeir váru norrænir menn, þá beiðast þeir laga, at þeir skyldu ganga frá fé sínu, ok mundi þeim þá ekki gert til auvisla, áðr konungr ætti dóm á þeira máli. Óláfr kvað þat lög vera, ef engi væri túlkr með kaupmönnum — „enn ek kann yðr þat með sönnu at segja at þetta eru fríðmenn; enn þó munu vér eigi uppgefast at óreyndu“. Írar æpa þá heróp, ok vaða út á sjóinn ok ætla at leida upp skipit undir þeim; var ekki djúpara, enn þeim tók undir hendr, eða í bróklinda þeim er

stærstir váru. Pollrinn var svá djúpr, þar er skipit flaut, at eigi kendi niðr. Óláfr bað þá brjóta upp vápn sín ok fylkja á skipinu alt á millum stafna. Stóðu þeir ok svá þykt at alt var skarat með skjöldum. Stóð spjótsoddr út hjá hverjum skjaldarsporði. Óláfr gekk þá fram í stafninn ok var svá búinn, at hann var í brynju ok hafði hjálm á höfði gullroðinn. Hann var girðr sverði ok váru gullrekin hjöltin. Hann hafði krókaspjót í hendi höggtekið ok allgóð mál í. Rauðan skjöld hafði hann fyrir sér, ok var dregit á leó með gulli. Enn er Írar sjá viðbúning þeira, þá skýtr þeim skelk í bringu ok þykkir þeim eigi jafnauðvelt féfang, sem þeir hugðu til. Hnekkja Írar nú ferðinni ok hlaupa saman í eitt þorp. Síðan kemr kurr mikill í lið þeira, ok þykkir þeim nú auðvitat, at þetta var herskip, ok muni vera miklu fleiri skipa ván. Gera nú skyndilega orð til konungs; var þat ok hægt, því at konungr var þá skamt í brott þaðan á veizlum. Hann ríðr þegar með sveit manna þar til sem skipit var. Eigi var lengra á millum landsins ok þess, er skipit flaut, enn vel mátti nema tal millum manna. Oft höfðu Írar veitt þeim árásir með skotum ok varð þeim Óláfi ekki mein at. Óláfr stóð með þessum búningi, sem fyrr var ritat, ok fanst mönnum mart um, hversu skörulegr sjá maðr var, er þar var skipsforingi. Enn er

skipverjar Óláfs sjá mikit riddaralið riða til þeira ok var it fræknligsta, þá þagna þeir, því at þeim þótti mikill liðsmunr við at eiga. Enn er Óláfr heyrði þenna kur, sem í sveit hans gerðist, bað hann þá herða hugina, — „því at nú er gott efni í váru máli, heilsa þeir Ír- ar nú Mýrkjartani konungi sínum“. Síðan riðu þeir svá nær skipinu, at hvárir máttu skilja, hvat aðrir töluðu. Konungr spyr, hverr skipi stýrði. Óláfr segir nafn sitt, ok spurði, hverr sá væri enn vasklegi riddari, er hann átti þá tal við. Sá svarar: „Ek heiti Mýrkjartan“. Óláfr mælti: „Hvart ertu konungr Íra?“ Hann kvað svá vera. Þá spyr konungr almæltra tíðenda. Óláfr leysti vel ór þeim tíðendum öllum, er hann var spurðr. Þá spurði konungr, hvaðan þeir hefði út látit, eða hveirra menn þeir væri. Ok enn spyr konungr vandlegar um ætt Óláfs enn fyrrum, því at konungr fann, at þessi maðr var ríklátr ok vildi eigi segja lengra enn hann spurði. Óláfr segir: „Þat skal yðr kunnigt gera, at vér ýttum af Noregi, enn þetta eru hirðmenn Haralds konungs Gunnhildarsonar, er hér eru innan borðs. Enn yðr er þat frá ætt minni at segja, herra, at faðir minn býr á Íslandi, er Höskuldr heitir, — hann er stórættaðr maðr —, enn móðurkyn mitt vænti ek at þér munið sét hafa fleira enn ek, því at Melkorka heitir móðir mín, ok

er mér sagt með sönnu, at hon sé dóttir þín, konungr, ok þat hefir mik til rekit svá langrar ferðar, ok liggr mér nú mikit við, hver svör þú veitir mínu máli“. Konungr þagnar ok á tal við menn sína; spyrja vitrir menn konung, hvat gegnast muni í þessu máli, er sjá maðr segir. Konungr svarar: „Auðsætt er þat á Óláfi þessum, at hann er stórættaðr maðr, hvárt sem hann er várr frændi eða eigi, ok svá þat, at hann mælir allra manna bezt írsku“. Eftir þat stóð konungr upp ok mælti: „Nú skal veita svör þínu máli, at ek vil öllum yðr grið gefa skipverjum; enn um frændsemi þá, er þú telr við oss, munu vér tala fleira, áðr enn ek veita því andsvör“. Síðan fara bryggjur á land, ok gengr Óláfr á land ok förunautar hans af skipinu. Finst þeim Írum nú mikit um, hversu víglegir þessir menn eru. Þagnar Óláfr þá konungi vel, ok tekr ofan hjálminn ok lýtr konungi; enn konungr tekr honum þá með allri bliðu. Taka þeir þá tal með sér; flytr Óláfr þá enn sitt mál af nýju ok talar bæði langt erendi ok snjalt. Lauk svá málinu, at hann kvaðst þar hafa gull þat á hendi, er Melkorka seldi honum at skilnaði á Íslandi, — „ok sagði svá, at þú, konungr, gæfir henni at tannfé“. Konungr tók við ok leit á gullit ok gerðist rauðr mjök ásýndar. Síðan mælti konungr: „Sannar eru jartegnir; enn fyrir engan mun

eru þær ómerkilegri, er þú hefir svá mikit ættarbragð af móður þinni, at vel má þik þar af kenna. Ok fyrir þessa hluti, þá vil ek at vísu við ganga þinni frændsemi, Óláfr, at þeira manna vitni, er hér eru hjá ok tal mitt heyra; skal þat ok fylgja, at ek vil þér bjóða til hirðar minnar með alla þína sveit; enn sómi yðvarr mun þar við liggja, hvert mannskaup mér þykkir í þér, þá er ek reyni þik meir“. Síðan lætr konungr fá þeim hesta til reiðar, enn hann setr menn til at búa um skip þeira ok annast varnat þann er þeir áttu. Konungr reið þá til Dýflinnar, ok þykkja mönnum þetta mikil tíðendi, er þar var dótturson konungs í för með honum, þeirar er þaðan var fyrir löngu hertekin, fimtán vetra gömul. Enn þó brá fóstru Melkorku mest við þessi tíðendi, er þá lá í kör ok sótti bæði at stríð ok elli; enn þó gekk hon þá staflaust á fund Óláfs. Þá mælti konungr til Óláfs: „Hér er nú fóstra Melkorku ok mun hon vilja hafa tíðendasögn af þér um hennar hag“. Óláfr tók við henni báðum höndum ok setti kerlingu á kné sér ok sagði, at fóstra hennar sat í góðum kostum á Íslandi. Þá seldi Óláfr henni knífinn ok beltit ok kendi kerling gripina ok varð grátfegin; kvað þat bæði vera, at sonr Melkorku var skörulegr, — „enda á hann til þess varit“. Var kerling hress þann vetr allan.

Konungr var lítt í kyrrsæti, því at þá var jafnan herskátt um vestrlönd; rak konungr af sér þann vetr víkinga ok úthlaupsmenn. Var Óláfr með sveit sína á konungs skipi ok þótti sú sveit heldr úrig viðskiftis, þeim er í móti váru. Konungr hafði þá tal við Ólaf ok hans féлага ok alla ráðagerð, því at honum reyndist Óláfr bæði vitr ok framgjarn í öllum manna-raunum. Enn at áliðnum vetri stefndi konungr þing ok varð allfjölment. Konungr stóð upp ok talaði. Hann hóf svo mál sitt: „Þat er yðr kunnigt, at hér kom sá maðr í fyrra haust, er dótturson minn er, enn þó stóráættaðr í föðurkyn; virðist mér Óláfr svá mikill atgervimaðr ok skörungr, at vér eigim eigi slíkra manna hér kost. Nú vil ek bjóða honum konungdóm eftir minn dag, því at Óláfr er betr til yfirmanns fallinn enn mínir synir“. Óláfr þakkar honum boð þetta með mikilli snild ok fögrum orðum, enn kvaðst þó eigi mundu á hætta, hversu synir hans þyldu þat, þá er Mýrkjartans misti við; kvað betra vera at fá skjóta sæmd enn langa svívirðing; kvaðst til Noregs fara vilja, þegar skipum væri óhætt at halda á millum landa; kvað móður sína mundu hafa lítit yndi, ef hann kæmi eigi aftr. Konungr bað Ólaf ráða. Síðan var slitit þinginu. Enn er skip Óláfs var albúit, þá fylgir konungr Óláfi til skips ok gaf honum spjót gullrekit ok

sverð búit ok mikit fé annat. Óláfr beiddist at flytja fóstru Melkorku á brott með sér. Konungr kvað þess enga þörf ok fór hon eigi. Stigu þeir Óláfr á skip sitt, ok skiljast þeir konungr með allmikilli vingan. Eftir þat sigla þeir Óláfr á haf. Þeim byrjaði vel ok tóku Noreg, ok er Óláfs för allfræg; setja nú upp skipit. Fær Óláfr sér hesta ok sækir nú á fund Haralds konungs með sínu föruneyti.

22. Óláfr Höskuldsson kom nú til hirðar Haralds konungs ok tók konungr honum vel, enn Gunnhildr miklu betr. Þau buðu honum til sín ok lögðu þar mörg orð til. Óláfr þiggr þat, ok fara þeir Örn báðir til konungs hirðar. Leggr konungr ok Gunnhildr svá mikla virðing á Ólaf, at engi útlendr maðr hafði slíka virðing af þeim þegit. Óláfr gaf konungi og Gunnhildi marga fáséna gripi, er hann hafði þegit á Írlandi vestr. Haraldr gaf Óláfi at jolum öll klæði skorin af skarlati. Sitr nú Óláfr um kyrt um vetrinn, ok um várit, er á leið, taka þeir tal milli sín konungr ok Óláfr; beiddist Óláfr orlofs af konungi at fara út til Íslands um sumarit. „Á ek þangat at vitja“, segir hann, „göfugra frænda“. Konungr svarar: „Þat væri mér næst skapi, at þú staðfestist með mér ok tækir hér allan ráðakost slíkan, sem þú vilt sjálf“. Óláfr þakk-
aði konungi þann sóma, er hann bauð honum, enn kvaðst þó gjarna vilja fara til Íslands, ef

þat væri eigi at móti konungs vilja. Þá svarar konungr: „Eigi skal þetta gera óvinveitt við þik, Óláfr; fara skaltu í sumar út til Íslands, því at ek sé, at hugir þínir standa til þess mjök; enn enga önn né starf skaltu hafa fyrir um búnað þinn; skal ek þat annast“. Eftir þetta skilja þeir talit. Haraldr konungr lætr fram setja skip um várit; þat var knörr; þat skip var bæði mikit ok gott; þat skip lætr konungr ferma með víði ok búa með öllum reiða; ok er skipit var búit, lætr konungr kalla á Ólaf ok mælti: „Þetta skip skaltu eignast Óláfr; vil ek eigi, at þú siglir af Noregi þetta sumar svá, at þú sér annarra farþegi“. Óláfr þakkaði konungi með fögrum orðum sína stórmensku. Eftir þat býr Óláfr ferð sína, ok er hann er búinn ok byr gefr, þá siglir Óláfr í haf ok skiljast þeir Haraldr konungr með hinum mesta kærleik. Óláfi byrjaði vel um sumarit. Hann kom skipi sínu í Hrútafjörð á Borðeyri. Skipkoma spyrst brátt ok svá þat, hverr stýrimaðr er. Höskuldr fregn útkvámum Óláfs sonar síns ok verðr feginn mjök ok ríðr þegar norðr til Hrútafjarðar með nökkura menn; verðr þar fagnafundr með þeim feðgum; bauð Höskuldr Óláfi til sín; hann kvaðst þat þiggja mundu. Óláfr setr upp skip sitt, enn fé hans er norðan flutt. Enn er þat er sýslat, ríðr Óláfr norðan við tólfta mann ok heim á Höskuldsstaði. Höskuldr

fagnar bliðlega syni sínum. Bræðr hans taka ok með bliðu við honum ok allir frændr hans; þó var flest um með þeim Bárði. Óláfr varð frægr af ferð þessi. Þá var ok kunnigt gert kynferði Óláfs, at hann var dótturson Mýrkjartans Írakonungs. Spyrst þetta um alt land ok þar með virðing sú, er ríkir menn höfðu á hann lagt, þeir er hann hafði heimsótt. Óláfr hafði ok mikit fé út haft, ok er nú um vetrinn með feðr sínum. Melkorka kom brátt á fund Óláfs sonar síns. Óláfr fagnar henni með allri bliðu. Spyr hon mjök margs af Írlandi; fyrst at feðr sínum ok öðrum frændum sínum. Óláfr segir slíkt, er hon spyr. Brátt spurði hon, ef fóstura hennar lifði. Óláfr kvað hana at visu lifa. Melkorka spyr þá, hvi hann vildi eigi veita henni eftirlæti þat, at flytja hana til Íslands. Þá svarar Óláfr: „Ekki fýstu menn þess, móðir, at ek flytta fósturu þína af Írlandi“. „Svá má vera“, segir hon. Þat fanst á, at henni þótti þetta mjök í móti skapi. Þau Melkorka ok Þorbjörn áttu son einn, ok er sá nefndr Lambi; hann var mikill maðr ok sterkr ok glíkr feðr sínum yfirlits ok svá at skaplyndi. Enn er Óláfr hafði verit um vetr á Íslandi ok er vár kom, þá ráða þeir feðgar um ráðagerðir sínar. „Þat vilda ek Óláfr“, segir Höskuldr, „at þér væri ráðs leitat ok tækir síðan við þúi fóstura þins á Goddastöðum; er þar enn

fjárafli mikill; veittir síðan umsýslu um þú þat með minni umsjá“. Óláfr svarar: „Lítt hefi ek þat hugfest hér til; veit ek eigi, hvar sú kona sitr, er mér sé mikit happ í at geta; máttu svá til ætla, at ek mun framarla á horfa um kvánfangit; veit ek ok þat gerla, at þú munt þetta eigi fyrr hafa upp kveðit, enn þú munt hugsat hafa, hvar þetta skal niðr koma“. Höskuldr mælti: „Rétt getr þú. Maðr heitir Egill. Hann er skalla-Grímsson. Hann býr á Borg í Borgarfirði. Egill á sér dóttur, þá er Þorgerðr heitir; þessarrar konu ætla ek þér til handa at biðja, því at þessi kostr er albeztr í öllum Borgarfirði ok þó at víðara væri; er þat ok vænna, at þér yrði þá efling at mægðum við þá Mýramenn“. Óláfr svarar: „Þinni forsjá mun ek hlíta hér um, ok vel er mér at skapi þetta ráð, ef við gengist; enn svá máttu ætla fyrir, ef þetta mál er uppborit ok gangist eigi við, at mér mun illa líka“. Höskuldr segir: „Til þess munum vér ráða at bera þetta mál upp“. Óláfr biðr hann ráða. Líðr nú til þings framan. Höskuldr býst nú heiman ok fjölmennir mjök. Óláfr son hans er í för með honum. Þeir tjalda búð sína. Þar var fjölment. Egill skalla-Grímsson var á þingi. Allir menn höfðu á máli, er Ólaf sá, hversu fríðr maðr hann var ok fyrirmannlegr. Hann var vel búinn at vápn-um ok klæðum.

23. Þat er sagt einn dag, er þeir feðgar Höskuldr ok Óláfr gengu frá búð ok til fundar við Egil. Egill fagnar þeim vel, því at þeir Höskuldr váru mjök málkunnir. Höskuldr vekr nú bónorðit fyrir hönd Óláfs ok biðr Þorgerðar. Hon var ok þar á þinginu. Egill tók þessu máli vel; kvaðst hafa góða frétt af þeim feðgum, — „veit ek ok Höskuldr“, segir Egill, „at þú ert ættstórr maðr ok mikils verðr, enn Óláfr er frægr af ferð sinni; er ok eigi kynlegt, at slíkir menn ætli framarla til, því at hann skortir eigi ætt né friðleika; enn þó skal nú þetta við Þorgerði ræða, því þat er engum manni færi at fá Þorgerðar án hennar vilja“. Höskuldr mælti: „Þat vil ek, Egill, at þú ræðir þetta við dóttur þína“. Egill kvað svá vera skyldu. Egill gekk nú til fundar við dóttur sína ok tóku þau tal saman. Þá mælti Egill: „Maðr heitir Óláfr ok er Höskuldsson, ok er hann nú frægstr maðr einn hverr. Höskuldr faðir hans hefir vakit bónorð fyrir hönd Óláfs ok beðit þín. Hefi ek því skotit mjök til þinna ráða; vil ek nú vita svör þín; enn svá lízt oss, sem slíkum málum sé vel felt at svara, því at þetta gjaforð er göfugt“. Þorgerðr svarar: „Þat hefi ek þik heyrt mæla, at þú ynnir mér mest barna þinna; enn nú þykki mér þú þat ósanna, ef þú vill gifta mik ambáttarsyni, þótt hann sé vænn ok mikill áburðarmaðr“. Egill segir: „Eigi

ertu um þetta jafnfréttin sem um annat; hefir þú eigi þat spurt, at hann er dótturson Mýrkjartans Írakonungs? Er hann miklu betr borinn í móðurkyn enn föðurætt, ok væri oss þat þó fullboðit“. Eigi lét Þorgerðr sér þat skiljast. Nú skilja þau talit, ok þykkir nökkut sinn veg hváru. Annan dag eftir gengr Egill til búðar Höskulds ok fagnar Höskuldr honum vel. Taka nú tal saman. Spyr Hös kuldr, hversu gengit hafi bónorðsmálin. Egill lét litt yfir; segir alt, hversu farit hafði. Höskuldr kvað fastlega horfa, — „enn þó þykki mér þér vel fara“. Ekki var Óláfr við tal þeira. Eftir þat gengr Egill á brott. Fréttir Óláfr nú hvat liði bónorðsmálum. Höskuldr kvað seinlega horfa af hennar hendi. Óláfr mælti: „Nú er sem ek sagða þér, faðir, at mér mundi illa líka, ef ek fenga nökkur svívirðingarorð at móti; réttu meir, er þetta var upp borit; nú skal ek ok því ráða, at eigi skal hér niðr falla; er þat ok satt, at sagt er, at úlfar eta annars erindi; skal nú ok ganga þegar til búðar Egils“. Höskuldr bað hann því ráða. Óláfr var búinn á þá leið, at hann var í skarlatasklæðum, er Haraldr konungr hafði gefit honum. Hann hafði á höfði hjálm gullroðinn ok sverð búið í hendi, er Mýrkjartan konungr hafði gefit honum. Nú ganga þeir Höskuldr ok Óláfr til búðar Egils; gengr Höskuldr fyrir enn Óláfr þegar

eftir. Egill fagnar þeim vel, ok sezt Höskuldr niðr hjá honum, enn Óláfr stóð upp ok litaðist um. Hann sá hvar kona sat á pallinum í búðinni. Sú kona var væn ok stórmannleg ok vel búin; vita þóttist hann, at þar mundi vera Þorgerðr dóttir Egils. Óláfr gengr at pallinum ok sezt niðr hjá henni. Þorgerðr heilsar þessum manni, ok spyrr, hvern hann sé. Óláfr segir nafn sitt ok föður síns — „mun þér þykkja djarfr gerast ambáttarsonrinn, er hann þorir at sitja hjá þér ok ætlar at tala við þik“. Þorgerðr svarar: „Þat muntu hugsa, at þú munt þykkjast hafa gert meiri þoranraun enn tala við konur“. Síðan taka þau tal milli sín, ok tala þau þann dag allan. Ekki heyra aðrir menn til tals þeira, ok áðr þau sliti talinu er til heimtr Egill ok Höskuldr. Tekst þá af nýju ræða um bónorðsmálit Óláfs. Víkr Þorgerðr þá til ráða föður síns. Var þá þetta mál auðsótt ok fóru þá þegar festar fram. Varð þeim þá unt af metorða Laxdælum, því at þeim skyldi færa heim konuna. Var ákveðin brullaupsstefna at Höskuldsstöðum at sjau vikum sumars. Eftir þat skilja þeir Egill ok Höskuldr ok riða þeir feðgar heim á Höskuldsstaði, ok eru heima um sumarit, ok er alt kyrt. Síðan var stofnat til boðs á Höskuldsstöðum, ok ekki til sparat, enn ærin váru efni. Boðsmenn koma at ákveðinni stefnu. Váru þeir Borg-

firðingar allfjölmennir. Var þar Egill ok Þorsteinn son hans. Þar var ok brúðr í för ok valit lið ór heraðinu. Höskuldr hafði ok fjölment fyrir. Veizla var allsköruleg; váru menn með gjöfum á brott leiddir. Þá gaf Óláfr Agli sverðit Mýrkjartansnaut ok varð Egill allléttbrunn við gjöfina. Alt var þar tíðendalaust, ok fara menn heim.

24. Þau Óláfr ok Þorgerðr váru á Höskuldsstöðum, ok takast þar ástir miklar. Auðsætt var þat öllum mönnum, at hon var skörungr mikill, enn fáskiptin hversdaglega; enn þat varð fram at koma, er Þorgerðr vildi, til hvers sem hon hlutaðist. Óláfr ok Þorgerðr váru ýmist þann vetr á Höskuldsstöðum eða með fóstura hans. Um várit tók Óláfr við búi á Goddastöðum. Þat sumar tók Þórðr goddi sótt þá, er hann leiddi til bana. Óláfr lét verpa haug eftir hann í nesi því, er gengr fram í Laxá, er Drafnarnes heitir. Þar er garðr hjá ok heitir Haugsgarðr. Síðan drífa menn at Óláfi ok gerðist hann höfðingi mikill. Höskuldr öfundaði þat ekki, því at hann vildi jafnan, at Óláfr væri at kvaddr öllum stórmálum. Þat var bú risulegast í Laxárdal, er Óláfr átti. Þeir váru bræðr tveir með Óláfi, er hvárrtveggi hét Án; var annarr kallaðr Án enn hvíti, enn annarr Án svartir; Beinir enn sterki var enn þriðri; þessir váru smíðar Óláfs ok allir hraustir menn. Þorgerðr ok

Óláfr áttu dóttur er Þuríðr hét. Lendur þær er Hrappr hafði átt, lágu í auðn, sem fyrr var ritat. Óláfi þóttu þær vel liggja; ræddi fyrir föður sínum eitt sinn, at þeir mundi gera menn á fund Trefils með þeim erendum, at Óláfr vill kaupa at honum löndin á Hrappsstöðum ok aðrar eignir þær er þar fylgja. Þat var auðsótt, ok var þessu kaupi slungit, því at Trefill sá þat, at honum var betri ein kráka í hendi enn tvær í skógi. Var þat at kaupi með þeim, at Óláfr skyldi reiða þrjár merkr silfrs fyrir löndin. Enn þat var þó ekki jafnaðarkaup, því at þat váru víðar lendur ok fagrar ok mjök gagnauðgar. Miklar laxveiðar ok selveiðar fylgdu þar; váru þar ok skógar miklir nökkuru ofar enn Höskuldsstaðir eru, fyrir norðan Laxá. Þar var höggvit rjóðr í skóginum, ok þar var nálega til gers at ganga, at þar safnaðist saman fé Óláfs, hvárt sem veðr váru betri eða verri. Þat var á einu hausti, at í því sama holti lét Óláfr bæ reisa ok af þeim viðum, er þar váru höggvir í skóginum, enn sumt hafði hann af rekaströndum. Þessi bær var risulegr. Húsin váru auð um vetrinn. Um várit eftir fór Óláfr þangat bygðum, ok lét áðr saman reka fé sitt ok var þat mikil fjöldi orðinn, því at engi maðr var þá auðgari at kvikfé í Breiðafirði. Óláfr sendir nú orð feðr sínum, at hann stæði úti ok sæi ferð hans þá

er hann fór á þenna nýja bæ, ok hefði orðheill fyrir. Höskuldr kvað svo vera skyldu. Óláfr skipar nú til; lætr reka undan fram sauðfé þat er skjarrast var; þá fór búsmali þar næst. Síðan váru rekin geldneyti; klyfjahross fóru í síðara lagi. Svá var skipat mönnum með fé þessu, at þat skyldi engan krók rísta. Var þá ferðarbroddrinn kominn á þenna bæ enn nýja, er Óláfr reið ór garði af Goddastöðum, ok var hvergi hlið í milli. Höskuldr stóð úti með heimamenn sína. Þá mælti Höskuldr, at Óláfr son hans skyldi þar velkominn ok með tíma á þenna enn nýja bólstað — „ok nær er þat mínu hugboði, at þetta gangi eftir, at lengi sé hans nafn uppi“. Jórunn húsfreyja segir: „Hefir ambáttarson sjá auð til þess, at uppi sé hans nafn“. Þat var mjök jafnskjótt, at húskarlar höfðu ofan tekit klyfjar af hrossum ok þá reið Óláfr í garð. Þá tekr hann til orða: „Nú skal mönnum skeyta forvitni um þat, er jafnan hefir verit um rætt í vetr, hvat sjá bær skal heita; hann skal heita í Hjarðarholti“. Þetta þótti mönnum vel til fundit af þeim atburðum, er þar höfðu orðit. Óláfr setr nú bú saman í Hjarðarholti; þat varð brátt risulegt; skorti þar ok engi hlut; óxu nú mjök metorð Óláfs; báru til þess margir hlutir; var Óláfr manna vinsælstr, því at þat er hann skifti sér af um mál þanna, þá undu allir vel við sinn hlut.

Faðir hans helt honum mjök til virðingar. Óláfi var ok mikil efling at tengdum við Mýramenn. Óláfr þótti göfgastr sona Höskulds. Þann vetr, er Óláfr bjó fyrst í Hjarðarholti, hafði hann mart hjóna ok vinnumanna; var skift verkum með húskörlum; gætti annarr geldneyta, enn annarr kúneyta. Fjósit var brott í skóg eigi allskamt frá bænum. Eitt kveld kom sá maðr at Óláfi, er geldneyta gætti, ok bað hann fá til annan mann at gæta nautanna — „enn ætla mér önnur verk“. Óláfr svarar: „Þat vil ek at þú hafir en sömu verk þín“. Hann kvaðst heldr brott vilja. „Ábóta þykki þér þá vant“, segir Óláfr; „nú mun ek fara í kveld með þér, er þú bindr inn naut, ok ef mér þykkir nökkur várkunn til þessa, þá mun ek ekki at telja, — ella muntu finna á þínum hlut í nökkuru“. Óláfr tekr í hönd sér spjótit gullrekna, konungsnaut, gengr nú heiman ok húskarl með honum; snjór var nökkurr á jörðu; koma þeir til fjóssins ok var þat opit. Ræddi Óláfr at húskarl skyldi inn ganga — „enn ek mun reka at þér nautin, enn þú bitt oftir“. Húskarl gengr at fjósdurunum. Óláfr finnr eigi fyrr, enn hann hleypr í fang honum. Spyr Óláfr, hvi hann færi sváfæltilega. Hann svarar: „Hrappr stendr í fjósdurunum ok vildi fálma til mín, enn ek em saddr á fangbrögðum við hann“. Óláfr gengr þá at durunum ok leggr spjótinu til hans.

Hrappr tekr höndum báðum um fal spjótsins ok snarar af út, svá at þegar brotnar skaftit. Óláfr vill þá renna á Hrapp, enn Hrappr fór þar niðr, sem hann var kominn. Skilr þar með þeim; hafði Óláfr skaft, enn Hrappr spjótit. Eftir þetta binda þeir Óláfr inn nautin ok ganga heim síðan. Óláfr sagði nú húskarli, at hann mun honum eigi sakir á gefa þessi orðasemi. Um morgininn eftir ferr Óláfr heiman ok þar til er Hrappr hafði dysjaðr verit, ok lætr þar til grafa. Hrappr var þá enn ófúinn. Þar finnr Óláfr spjót sitt. Síðan lætr hann gera bál; er Hrappr brendr á báli; ok er aska hans flutt á sjá út. Heðan frá verðr engum manni mein at aftrgöngu Hrapps.

25. Nú er at segja frá sonum Höskulds. Þorleikr Höskuldsson hafði verið farmaðr mikill ok var með tignum mönnum, þá er hann var í kaupferðum, áðr hann settist í bú, ok þótti merkilegr maðr; verit hafði hann ok í víkingu, ok gaf þar góða raun fyrir karlmensku sakir. Bárðr Höskuldsson hafði ok verit farmaðr, ok var vel metinn, hvar sem hann kom, því at hann var enn bezti drengr ok hófsmaðr um allt. Bárðr kvángaðist ok fekk breiðfirzkrar konu, er Ástríðr hét; var hon kyngóð. Son Bárðar var Þórarinn, enn dóttir hans Guðný, er átti Hallr son víga-Styrs, ok er frá þeim

kominn mikill áttbogi. Hrútr Herjólfsson gaf frelsi þræli sínum, þeim er Hrólfr hét, ok þar með fjárhlut nökkurn ok bústað at landamæri þeira Höskulds, ok lágu svá nær landamerkin, at þeim Hrytlingum hafði yfirskotizt um þetta, ok höfðu þeir settan lausingjann í land Höskulds. Hann græddi þar brátt mikit fé. Höskuldi þótti þetta mikit í móti skapi, er Hrútr hafði sett lausingjann við eyra honum; það lausingjann gjalda sér fé fyrir jörðina, þá er hann bjó á, — því at þat er mín eign“. Lausinginn ferr til Hrúts, ok segir honum alt tal þeira. Hrútr það hann engan gaum at gefa ok gjalda ekki fé Höskuldi. „Veit ek eigi“, segir hann, „hvárr okkar átt hefir land þetta“. Ferr nú lausinginn heim ok sitr í búi sínu rétt sem áðr. Litlu síðar ferr Þorleikr Höskulds-son at ráði föður síns með nökkura menn á bæ lausingjans, taka hann ok drepa, enn Þorleikr eignaði sér fé þat alt ok föður sínum, er lausinginn hafði grætt. Þetta spurði Hrútr, ok líkar illa ok sonum hans. Þeir váru margir þroskaðir, ok þótti sá frændabálkr óárennilegr. Hrútr leitaði laga um mál þetta, hversu fara ætti, ok er þetta mál var rannsakat af lögmönnum, þá gekk þeim Hrúti litt í hag, ok mátu menn þat mikils, er Hrútr hafði sett lausingjann niðr á óleyfðri jörðu Höskulds, ok hafði hann grætt þar fé; hafði Þorleikr drepit hann

á eignum þeira feðga. Undi Hrútr illa við sinn hlut ok var þó samt. Eftir þetta lætr Þorleikr bæ gera at landamæri þeira Hrúts ok Höskulds, ok heitir þat á Kambsnesi. Þar bjó Þorleikr um hríð, sem fyrr var sagt. Þorleikr gat son við konu sinni. Sá sveinn var vatni ausinn ok nafn gefit ok kallaðr Bolli. Var hann enn vænligsti maðr snemma.

26. Höskuldr Dala-Kollsson tók sótt í elli sinni; hann sendi eftir sonum sínum ok öðrum frændum. Ok er þeir kómu, mælti Höskuldr við þá bræðr Bárð ok Þorleik: „Ek hefi tekit þyngd nökkura; hefi ek verið ósótt næmr maðr; hygg ek, at þessi sótt muni leiða mik til bana, enn nú er, svá sem ykk er kunnigt, at þit eruð menn skilgetnir ok eiguð at taka allan arf eftir mik, enn sá er son minn enn þriði, at eigi er eðliborinn. Nú vil ek beiða ykk bræðr, at Óláfr sé leiddr til arfs ok taki fé at þriðjungi við ykk.“. Bárðr svarar fyrri ok sagði, at hann mundi þetta gera eftir því sem faðir hans vildi, — „því at ek vænti mér sóma af Óláfi í alla staði, því heldr sem hann er færikari“. Þá mælti Þorleikr: „Fjarn er þat mínum vilja, at Óláfr sé arfgengr gerr; hefir Óláfr ærit fé áðr; hefir þú, faðir þinn, marga þína muni til gefna ok lengi mjúknat með oss bræðrum; mun ek eigi upp standa þann sóma með sjálfvild, er ek em

til borinn“. Höskuldr mælti: „Eigi munu þit vilja ræna mik lögum, at ek gefa tólf aura syni mínum, svá stórættaðum í móðurkyn, sem Óláfr er“. Þorleikr játtar því. Síðan lét Höskuldr taka gullhring Hákonarnaut, hann vá mörk, ok sverðit konungsnaut, er til kom hálf mörk gulls, ok gaf Óláfi syni sínum, ok þar með giftu sína ok þeira frænda; kvaðst eigi fyrir því þetta mæla, at eigi vissi hann, at hon hafði þar staðar numit. Óláfr tekr við gripunum ok kvaðst til mundu hætta, hversu Þorleiki líkaði. Honum gæzt illa at þessu, ok þótti Höskuldr hafa haft undirmál við sik. Óláfr svarar: „Eigi mun ek gripina lausa láta, Þorleikr, því at þú leyfðir þvilika fégjöf við vitni; mun ek til þess hætta, hvárt ek fæ haldit“. Bárðr kvaðst vilja samþykkja ráði feðr síns. Eftir þetta andaðist Höskuldr. Þat þótti mikill skaði, fyrst at upphafi sonum hans ok öllum tengdamönnum þeira ok vinum. Synir hans láta verpa haug virðulegan eftir hann. Lítit var fé borit í haug hjá honum. Enn fer því var lokit, þá taka þeir bræðr tal um þat, at þeir muni efna til erfis eftir föður sinn, því at þat var þá tizka í þann mund. Þá mælti Óláfr: „Svá lízt mér sem ekki megi svá kveðtt at þessi veizlu snúa, ef hon skal svá gegg verða, sem oss þætti sóma; er nú m þit haustit, enn ekki auðvelt at afla fang: un

ok flestum mönnum þykkja torvelt, þeim er langt eigu til at sækja, á haustdegi, ok vis ván, at margir komi eigi, þeir er vér vildim helzt at kæmi. Mun ek nú til þess bjóðast í sumar á þingi, at bjóða mönnum til boðs þessa; mun ek leggja fram kostnað at þriðjungi til veizlunnar“. Þessu játta þeir bræðr, enn Óláfr ferr nú heim. Þeir Þorleikr ok Bárðr skifta fé með sér; hlýtr Bárðr föðurleifð þeira, því at til þess heldu fleiri menn, því at hann var vinsælli. Þorleikr hlaut meir lausafé. Vel var með þeim bræðrum Óláfi ok Bárði ok blítt, enn heldr stygt með þeim Óláfi ok Þorleiki. Nú liðr sjá enn næsti vetr ok kemr sumar, ok liðr at þingi. Búast þeir Höskuldssynir nú til þings. Var þat brátt auðsætt, at Óláfr mundi mjök vera fyrir þeim bræðrum. Ok er þeir kómu til þings, tjalda þeir búð sína ok bjuggust um vel ok kurteislega.

27. Þat er sagt einn dag, þá er menn ganga til Lögbergs, þá stendr Óláfr upp, ok kveðr sér hljóðs ok segir mönnum fyrst fráfall föður síns — „eru hér nú margir menn, frændr hans ok vinir. Nú er þat vili bræðra minna, at ek bjóða yðr til erfis eftir Höskuld föður vörn, öllum goðorðsmönnum, því at þeir munu flestir enir gildari menn, er í tengdum vöru bundnir við hann; skal ok því lýsa, at engi skal gjafalaust á brott fara enna meiri

manna. Þar með viljum vér bjóða bændum ok hverjum er þiggja vill, sælum ok veslum; skal sækja hálfsmánaðar veizlu á Höskuldsstaði, þá er tíu vikur eru til vetrar“, Ok er Óláfr lauk sínu máli, þá var góðr rómr gerr, ok þótti þetta erendi stórum skörulegt. Ok er Óláfr kom heim til búðar, sagði hann bræðrum sínum þessa tilætlan. Þeim fanst fátt um, ok þótti ærit mikit við haft. Eftir þingit ríða þeir bræðr heim. Líðr nú sumarit. Búast þeir bræðr við veizlunni. Leggr Óláfr til óhneppi-lega at þriðjungi, ok er veizlan búin með hinum beztum föngum. Var mikit til aflat þessar veizlu, því at þat var ætlat, at fjölment mundi koma. Ok er at veizlu kemr, er þat sagt, at flestir virðingamenn koma, þeir sem heitit höfðu. Var þat svá mikit fjölmenni, at þat er sögn manna flestra, at eigi skyrti níu hundruð. Þessi hefir önnur veizla fjölmennust verit á Íslandi, enn sú önnur, er Hjaltasynir gerðu erfi eftir föður sinn; þar váru tólf hundruð. Þessi veizla var en sköruligsta at öllu, ok fengu þeir bræðr mikinn sóma, ok var Óláfr mest fyrirmaðr. Óláfr gekk til móts við báða bræðr sína um fégjafir; var ok gefit öllum virðingamönnum. Ok er flestir menn váru í brottu farnir, þá vikr Óláfr til máls við Þorleik bróður sinn ok mælti: „Svá er, frændi, sem þér er kunnigt, at með okkr hefir verit ekki mátt; nú

vilda ek til þess mæla, at vit betraðim frændsemi okkra; veit ek, at þér mislíkar, er ek tók við gripum þeim, er faðir minn gaf mér á deyjanda degi; nú ef þú þykkist af þessu vanhaldinn, þá vil ek þat vinna til heils hugar þins, at fóstura son þinn, ok er sá kallaðr æ minni maðr, er öðrum fóstrar barn“. Þorleikr tekr þessu vel, ok sagði sem satt er, at þetta er sæmilega boðit. Tekr nú Óláfr við Bolla, syni Þorleiks. Þá var hann þrevetr. Skiljast þeir nú með enum mesta kærleik, ok ferr Bolli heim í Hjarðarholt með Óláfi. Þorgerðr tekr vel við honum; fæðist Bolli þar upp, ok unna þau honum eigi minna enn sínum börnum.

28. Óláfr ok Þorgerðr áttu son. Sá sveinn var vatni ausinn ok nafn gefit. Lét Óláfr kalla hann Kjartan eftir Mýrkjartani móðurföður sínum. Þeir Bolli ok Kjartan vǫru mjök jafngamlir. Enn áttu þau fleiri börn. Son þeira hét Steinþórr ok Halldórr, Helgi, ok Höskuldr hét enn yngsti son Óláfs. Bergþóra hét dóttir þeira Óláfs ok Þorgerðr ok Þorbjörg. Öll vǫru börn þeira mannvæn, er þau óxu upp. Í þenna tíma bjó hólmgöngu-Bersi í Saurbæ, á þeim bæ, er í Tungu heitir. Hann ferr á fund Óláfs ok bauð Halldóri syni hans til fósturs. Þat siggr Óláfr ok ferr Halldórr heim með honum. Hann var þá vetrgamall. Þat sumar

tekr Bersi sótt ok liggr lengi sumars. Þat er sagt einn dag, er menn váru at heyverki í Tungu, enn þeir tveir inni Halldórr ok Bersi, — lá Halldórr í vöggu, — þá fellr vaggan undir sveininum ok hann ór vöggunni á gólfít. Þá mátti Bersi eigi til fara. Þá kvað Bersi þetta:

- (1) Liggjum báðir
 í lamasessi
 Halldórr ok ek,
 höfum engi þrek;
 veldr elli mér,
 enn æska þér,
 þess batnar þér,
 enn þeygi mér.

Síðan koma menn ok taka Halldór upp af gólfinu, enn Bersa batnar. Halldórr fæddist þar upp ok var mikill maðr ok vaskleg. Kjartan Ólafsson vex upp heima í Hjarðarholti. Hann var allra manna fríðastr, þeira er fæðst hafa á Íslandi: hann var mikilleitr og velfarinn í andliti, manna bezt eygðr ok ljóslitaðr; mikit hár hafði hann, ok fagrt sem silki, ok fell með lokkum, mikill maðr ok sterkr, eftir sem verit hafði Egill móðurfaðir hans, ok Þórólfr. Kjartan var hverjum manni betr á sik kominn svá at allir undruðust, þeir er sá hann; betr var hann ok vígr enn flestir menn aðrir; vel var hann hagr ok syndr manna bezt; allar íþróttir hafði hann mjök umfram aðra menn;

hverjum manni var hann lítillátari, ok vinsæll, svá at hvert barn unni honum; hann var léttúðigr ok mildr af fé. Óláfr unni mest Kjartani allra barna sinna. Bolli fóstbróðir hans var mikill maðr; hann gekk næst Kjartani um allar íþróttir ok atgervi; sterkr var hann ok friðr sýnum, kurteislegr ok enn hermannligsti, mikill skartsmaðr. Þeir unnust mikit fóstbræðr. Sitr Óláfr nú at búi sínu svá at vetrum skifti eigi allfám.

29. Þat er sagt eitt vár, at Óláfr lýsti því fyrir Þorgerði, at hann ætlar utan, — „vil ek, at þú varðveitir bú okkart ok börn“. Þorgerðr kvað sér lítit vera um þat, enn Óláfr kvaðst ráða mundu. Hann kaupir skip, er uppi stóð vestr í Vaðli. Óláfr fór utan um sumarit, ok kemr skipi sínu við Hörðaland. Þar bjó sá maðr skamt á land upp, er hét Geirmundr gnýr, ríkr maðr ok auðigr ok víkingr mikill; ódæðar-maðr var hann ok hafði nú sezt um kyrt, ok var hirðmaðr Hákonar jarls ens ríka. Geirmundr ferr til skips ok kannast brátt við Ólaf, því at hann hafði heyrð hans getit. Geirmundr býðr Óláfi til leið svá marga menn, sem hann vildi. Óláfr ok ferr til vistar með setta Hásetar Óláfs vistast þar um Hörðaland. Geirmundr veitir Óláfi vel. Þar var bær ríkr ok mart manna. Var þar gleði mikil um vetrinn. Enn er á leið vetrinn, sagði Ó-

láfr Geirmundi skyn á um erendi sín, at hann vill afla sér húsaviðar; kvaðst þykkja mikit undir at hann fengi gott viðaval. Geirmundr svarar: „Hákon jarl á bezta mörk, ok veit ek víst, ef þú kemr á hans fund, at þér mun sú innan handar, því at jarl fagnar vel þeim mönnum, er eigi eru jafnvel mentir sem þú, Óláfr, ef hann sækja heim“. Um várit byrjar Óláfr ferð sína á fund Hákonar jarls; tók jarl við honum ágæta vel ok bauð Óláfi með sér at vera svá lengi sem hann vildi. Óláfr segir jarli, hversu af stóðst um ferð hans — „vil ek þess beiða yðr, herra, at þér létið oss heimila mörk yðra at höggva húsavið“. Jarl svarar: „Ósparat skal þat, þóttu fermir skip þitt af þeim víði, er vér munum gefa þér, því at vér hyggjum, at ossi sæki eigi heim hversdaglega slikir menn af Íslandi“. Enn at skilnaði gaf jarl honum exi gullrekna, ok var þat en mesta gersemi. Skildust síðan með enum mesta kærleik. Geirmundr skipar jarðir sínar á laun ok ætlar út til Íslands um sumarit á skipi Óláfs. Leynt hefir hann þessu alla menn. Eigi vissi Óláfr um þetta, enn Geirmundr flutti fé sitt til skips Óláfs; var þat mikill auðr. Óláfr mælti: „Eigi þú fara á mínu skipi, ef ek hefða fyrr þetta, því at vera ætla ek þá munu nökkur fara til Íslandi, at betr gegndi, at þik sæi aldri, því er þú ert hér kominn við svá mikit fé, þá“

nenni ek eigi at reka þik aftr sem búrakka“. Geirmundr segir: „Eigi skal aftr setjast, þóttu sér heldr stórorðr; því at ek ætla at fá at vera yðvarr farþegi“. Stíga þeir Óláfr á skip ok sigla í haf. Þeim byrjaði vel, ok tóku Breiðafjörð; bera nú bryggjur á land í Laxarósi. Lætr Óláfr bera viðu af skipi ok setr upp skipit í hróf þat er faðir hans hafði gera látit. Óláfr bauð Geirmundi til vistar með sér. Þat sumar lét Óláfr gera eldhús í Hjarðarholti meira ok betra enn hefði fyrr sét. Váru þar markaðar ágætlegar sögur á þiliviðinum ok svá á ræfrinu. Var þat svá vel smíðat, at þá þótti miklu skrautlegra, er eigi váru tjöldin uppi. Geirmundr var fáskiftinn hversdaglega, óþýðr við flesta; enn hann var svá búinn jafnan, at hann hafði skarlatskyrtil rauðan ok gráfeld yztan ok bjarnskinnshúfu á höfði, sverð í hendi; þat var mikit vápn ok gott, tannhjölt at; ekki var þar borit silfr á, enn brandrinn var hvass ok beið hvergi ryð á. Þetta sverð kallaði hann Fótbit, ok lét þat aldr-egi hendi firr ganga. Geirmundr hafði skamma hríð þar verit, áðr hann feldi hug til Þuridar, dóttur Óláfs, ok vegr hann bónorð við Ólaf, enn hann veitti afsvör. Síðan berr Geirmundr fé undir Þorgerði, til þess at hann næði ráðinu. Hon tók við fénu, því at eigi var smám fram- lagt. Síðan vegr Þorgerðr þetta mál við Ólaf.

Hon segir ok sína ætlan, at dóttir þeira muni eigi betr verða gefin, — „því at hann er garpr mikill, auðigr ok stórlátr“. — Þá svarar Óláfr: „Eigi skal þetta gera í móti þér heldr enn annat, þótt ek væra fúsari at gifta Þuríði öðrum manni“. Þorgerðr gengr í brott ok þykkir gott orðit sitt erendi; sagði nú svá skapat Geirmundi. Hann þakkaði henni sín tillög ok skörungskap. Vekr nú Geirmundr bónorðit í annat sinn við Ólaf, ok var þat nú auðsótt. Eftir þat fastnar Geirmundr sér Þuríði, ok skal boð vera at áliðnum vetri í Hjarðarholti. Þat boð var allfjölment, því at þá var algert eldhúsit. Þar var at boði Úlfr Uggason, ok hafði ort kvæði um Ólaf Höskuldsson ok um sögur þær, er skrifaðar váru á eldhúsinu, ok færði hann þar at boðinu. Þetta kvæði er kallat Húsdrápa ok er vel ort. Óláfr launaði vel kvæðit. Hann gaf ok stórgjafir öllu stórmenni, er hann hafði heim sótt. Þótti Óláfr vaxit hafa af þessi veizlu.

30. Ekki var mart um í samförum þeira Geirmundar ok Þuríðar; var svá af beggja þeira hendi. Þrjá vetr var Geirmundr með Óláfi, áðr hann fýstist í brott ok lýsti því, at Þuríðr mundi eftir vera ok svá dóttir þeira, er Gróa hét. Sú mæðr var þá vetrgömul; enn fé vill Geirmundr ekki eftir leggja. Þetta likar þeim mæðgum stórilla, ok segja til Óláfs,

enn Óláfr mælti þá: „Hvat er nú Þorgerðr? er austmaðrinn eigi jafnstórlátr nú sem um haustit, þá er hann bað þik mægðarinnar?“ Kómu þær engu á leið við Ólaf, því at hann var um alla hluti samningarmaðr; kvað ok mey skyldu eftir vera, þar til er hon kynni nökkurn farnað. Enn at skilnaði þeira Geirmundar gaf Óláfr honum kaupskipit með öllum reiða. Geirmundr þakkar honum vel, ok sagði gefit allstórmannlega. Síðan býr hann skipit ok siglir út ór Laxárósi léttan landnyrðing, ok fellr veðrit, er þeir koma út at eyjum. Hann liggir út við Öxney hálfan mánuð, svá at honum gefr eigi í brott. Í þenna tíma átti Óláfr heimanför at annast um reka sína. Síðan kallar Þuriðr dóttir hans til sin húskarla; bað þá fara með sér. Hon hafði ok með sér meyna; tíu váru þau saman. Hon lætr setja fram ferju, er Óláfr átti. Þuriðr bað þá sigla ok róa út eftir Hvammsfirði. Ok er þau koma út at eyjum, bað hon þá skjóta báti útbyrðis, er stóð á ferjunni. Þuriðr sté á bátinn ok tveir menn aðrir, enn hon bað þá gæta skips er eftir váru, þar til er hon kæmi aftr. Hon tók meyna í faðm sér ok bað þá róa yfir strauminn, þar til er þau mætti ná skipinu. Hon greip upp nafar ór stafnlökinu, ok seldi í hendr förunaut sínum öðrum; bað hann ganga á knarrarbátinn ok bora, svá at ófærr væri, ef þeir þyrfti skjótt

til at taka. Síðan lét hon sik flytja á land ok hafði meyna í faðmi sér; þat var í sólar upp-rás. Hon gengr út eftir bryggju ok svá í skipit. Allir menn váru í svefni. Hon gekk at húð-fati því er Geirmundr svaf í. Sverðit Fótbitr hekk á hnykkistafnum. Þuríðr setr nú meyna Gróu í húðfatit, enn greip upp Fótbit ok hafði með sér. Síðan gengr hon af skipinu ok til förunauta sinna. Nú tekr mærin at gráta. Við þat vaknar Geirmundr ok sezt upp ok kennir barnit, ok þykkist vita, af hverjum rifjum vera mun. Hann sprettr upp ok vill þrifa sverðit ok missir, sem ván var; gengr út á borð ok sér, at þau róa frá skipinu. Geirmundr kallar á menn sína ok bað þá hlaupa í bátinn ok róa eftir þeim. Þeir gera svá, ok er þeir eru skamt komnir, þá finna þeir at sjár kolblár fellr at þeim; snúa nú aftr til skips. Þá kallar Geir-mundr á Þuríði ok bað hana aftr snúa ok fá honum sverðit Fótbit, — „enn tak við mey þinni ok haf heðan með henni fé svá mikit sem þú vilt“. Þuríðr segir: „Þykki þér betra enn eigi at ná sverðinu?“ Geirmundr svarar: „Mikit fé læt ek annat, áðr mér þykkir betra at missa sverðit“. Hon mælti: „Þá skaltu aldri fá þat; hefir þér mart ódregngilega farit til vár; mun nú skilja með okkr“. Þá mælti Geirmundr: „Ekki happ mun þér í verða, at hafa með þér sverðit“. Hon kvaðst til þess

mundu hætta. „Þat læt ek þá um mælt“, segir Geirmundr, „at þetta sverð verði þeim manni at bana í yðvarri ætt, er mestr er skaði at ok óskaplegast komi við“. Eftir þetta ferr Þuríðr heim í Hjarðarholt. Óláfr var ok þá heim kominn ok lét lítt yfir hennar tiltekju; enn þó var kyrt. Þuríðr gaf Bolla frænda sínum sverðit Fótbit, því at hon unni honum eigi minna enn bræðrum sínum; bar Bolli þetta sverð lengi síðan. Eftir þetta byrjaði þeim Geirmundi; sigla þeir í haf, ok koma við Noreg um haustit. Þeir sigla á einni nótt í boða fyrir Staði; týnist Geirmundr ok öll skipshöfn hans. Ok lýkr þar frá Geirmundi at segja.

31. Óláfr Höskuldsson sat í búi sínu í miklum sóma, sem fyrr var ritat. Guðmundr hét maðr Sölmundarson. Hann bjó í Ásbjarnarnesi norðr í Viðidal. Guðmundr var auðigr maðr; hann bað Þuríðar, ok gat hana með miklu fé. Þuríðr var vitr kona ok skapstór ok skörungr mikill. Hallr hét son þeira ok Barði, Steinn ok Steingrímur. Guðrún hét dóttir þeira ok Ólof. Þorbjörg, dóttir Óláfs, var kvemma vænst ok þrekleg; hon var kölluð Þorbjörg digra, ok var gift vestr í Vatnsfjörð Ásgeiri Knattarsyni. Hann var göfugr maðr. Þeira son var Kjartan, faðir Þorvalds, föður Þórðar, föður Snorra, föður Þorvalds. Þaðan er komit Vatnsfirðinga kyn. Síðan átti Þorbjörgu Vermundr Þor-

grímsson; þeira dóttir var Þorfinna, er átti Þorsteinn Kuggason. Bergþóra Óláfsdóttir var gift vestr í Djúpafjörð Þórhalli goða. Þeira son var Kjartan, faðir smið-Sturlu. Hann var fóstri Þórðar Gilssonar. Óláfr pái átti marga kostgripi í gangandi fé. Hann átti uxu góðan, er Harri hét, apalgrár at lit, meiri enn önnur naut. Hann hafði fjögr horn; vóru tvau mikil ok stóðu fagrt, et þriðja stóð í loft upp, et fjórða stóð ór enni ok niðr fyrir augu honum; þat var brunnvaka hans; hann krapsaði sem hross. Einn fellivetr mikinn gekk hann ór Hjarðarholti ok þangað sem nú heita Harrastaðir í Breiðafjarðardali; þar gekk hann um vetrinn með sextán nautum, ok kom þeim öllum á gras; um vórit gekk hann heim í haga þar sem heitir Harraból í Hjarðarholtslandi. Þá er Harri var átján vetra gamall, þá fell brunnvaka hans af höfði honum, ok þat sama haust lét Óláfr höggva hann. Ena næstu nótt eftir dreymdi Ólaf, at kona kom at honum; sú var mikil ok reiðuleg. Hon tók til orða: „Er þér svefns?“ Hann kvaðst vaka. Konan mælti: „Þér er svefns, enn þó mun fyrir hitt ganga. Son minn hefir þú drepa látit ok koma ógerviligan mér til handa, ok fyrir þá sök skaltu eiga at sjá þinn son alblóðgan af mínu tilstilli; skal ek ok þann til velja, er ek veit at þér er ófalastr“. Síðan

hvarf hon á brott. Óláfr vaknaði ok þóttist sjá svip konunnar. Óláfi þótti mikils um vert drauminn ok segir vinum sínum ok varð ekki ráðinn, svá at honum liki. Þeir þóttu honum bezt um tala, er þat mæltu, at þat væri draumskrök, er fyrir hann hafði borit.

32. Ósvífr hét maðr, ok var Helgason, Óttars sonar Bjarnar sonar ens austræna Ketils sonar flatnefs, Bjarnar sonar bunu. Móðir Ósvífrs hét Niðbjörg, hennar móðir Kaðlín, dóttir göngu-Hrólfis öxna-Þórissonar; hann var hersir ágætr austr í Vík; því var hann svá kallaðr, at hann átti eyjar þrjár ok átta tigu yxna í hverri. Hann gaf eina eyna ok yxnina með Hákonu konungi, ok varð sú gjöf allfræg. Ósvífr var spekingr mikill; hann bjó at Laugum í Sælingsdal. Laugabær stendr fyrir norðan Sælingsdalsá gegnt Tungu. Kona hans hét Þórdís, dóttir Þjóðólfs lága. Óspakr hét son þeira, annarr Helgi, þriði Vandráðr, fjórði Torráðr, fimti Þórólfr. Allir váru þeir víglegir menn. Guðrún hét dóttir þeira; hon var kvenna vænst, er upp óxu á Íslandi, bæði at ásjanu ok vitsmunum. Guðrún var kurteis kona, svá at í þann tíma þótti alt barnavípr, þat er aðrar konur höfðu í skarti hjá henni. Allra kvenna var hon kænst ok bezt orði farin; hon var örlynd kona. Sú kona var á vist með Ósvífri, er Þórhalla hét ok var kölluð en málga;

hon var nökkut skyld Ósvífri. Tvá sonu átti hon; hét annarr Oddr, enn annarr Steinn; þeir váru knálegir menn ok váru mjök grjótpálar fyrir búi Ósvífrs. Málgir váru þeir sem móðir þeira, enn óvinsælir; þó höfðu þeir mikit hald af sonum Ósvífrs. Í Tungu bjó sá maðr, er Þórarinn hét, son Þóris sælings; hann var góðr búandi. Þórarinn var mikill maðr ok sterkr; hann átti lendum góðar, enn minna lausafé. Ósvífr vildi kaupa at honum lendum, því at hann hafði landeklu, enn fjölda kvikfjár. Þetta fór fram, at Ósvífr keypti at Þórnarni af landi hans alt frá Gnúpuskörðum ok eftir dalnum tveim megin til Stakkagils; þat eru góð lönd ok kostig. Hann hafði þangat selför. Jafnan hafði hann hjónmart; var þeira ráðahagr enn virðuligsti. Vestr í Saurbæ heitir bær á Hóli; þar bjuggu mágar þrír. Þorkell hvelpr ok Knútr váru bræðr ok ættstórir menn. Mágr þeira átti bú með þeim, sá er Þórðr hét. Hann var kendr við móður sína ok kallaðr Ingunnarson. Faðir Þórðar var Glúmr Geirason. Þórðr var vænn maðr ok vasklegr, gerr at sér, ok sakamaðr mikill. Þórðr átti systur þeira Þorkels, er Auðr hét; ekki var hon væn kona né gervileg. Þórðr unni henni lítit; hafði hann mjög slægzt til fjár, því at þar stóð auðr mikill saman. Var bú þeira gott, síðan Þórðr kom til ráða með þeim.

33. Gestr Oddleifsson bjó vestr á Barða-
strönd í Haga. Hann var höfðingi mikill ok
spekingr at viti, framsýnn um marga hluti,
vel vingaðr við alla ena stærri menn, ok
margir sóttu ráð at honum. Hann reið hvert
sumar til þings, ok hafði jafnan gistingarstað á
Hóli. Einhverju sinni bar enn svá til, at Gestr
reið til þings ok gisti á Hóli. Hann býst um
morgininn snimma, því at leið var löng; hann
ætlaði um kveldit í Þykkvaskóg til Ármóðs,
mágs síns; hann átti Þórunni systur Gests;
þeira synir váru þeir Örnólfr ok Halldórr.
Gestr riðr nú um daginn vestan ór Saurbæ ok
kemr til Sælingsdalslaugar ok dvelst þar um
hrið. Guðrún kom til laugar ok fagnar vel
Gesti frænda sínum. Gestr tók henni vel ok
taka þau tal saman, ok váru þau bæði vitr
ok orðig. Enn er á liðr daginn, mælti Guð-
rún: „Þat vilda ek, frændi, at þú riðir til
vár í kveld með allan flokk þinn; er þat ok
vili feðr míns, þótt hann unni mér virðingar
at bera þetta erendi, ok þat með, at þú gistir
hér hvert sinn, er þú riðr vestr eða vestan“.
Gestr tók þessu vel, ok kvað þetta skörulegt
erendi; enn kvaðst þó mundu ríða, svá sem
hann hafði ætlat. Guðrún mælti: „Dreymt
hefir mik mart í vetr, enn fjórir eru þeir draum-
ar, er mér afla mikillar áhyggju, enn engi maðr
hefir þá svá ráðit, at mér liki, ok bið ek þó

eígi þess, at þér sé í vil ráðnir“. Gestr mælti þá: „Seg þú drauma þína; vera má, at vér gerim af nökkut“. Guðrún segir: „Úti þóttumst ek vera stödd við læk nökkurn ok hafða ek krókfald á höfði ok þótti mér illa sama, ok var ek fúsari at breyta faldinum, enn margir töldu um, at ek skylda þat eigi gera. Enn ek hlýdda ekki á þat, ok greip ek af höfði mér faldinn ok kastaði ek út á lækinn, ok var þessi draumr eigi lengri“. Ok enn mælti Guðrún: „Þat var upphaf at öðrum draum, at ek þóttumst vera stödd hjá vatni einu; svá þótti mér, sem kominn væri silfrhringr á hönd mér, ok þóttumst ek eiga ok einkarvel sama. Þótti mér þat vera allmikil gersemi ok ætlaða ek lengi at eiga, ok er mér váru minstar vánir, þá rendi hringrinn af hendi mér ok á vatnit, ok sá ek hann aldri síðan. Þótti mér sjá skaði miklu meiri, enn ek mætta at glikendum ráða, þótt ek hefða einum grip týnt. Síðan vaknaða ek“. Gestr svarar þessu einu: „Era sjá draumr minni“. Enn mælti Guðrún: „Sá er enn þriði draumr minn, at ek þóttumst hafa gullhring á hendi ok þóttumst ek eiga hringinn, ok þótti mér bættr skaðinn; kom mér þat í hug, at ek munda þessa hrings lengr njóta enn ens fyrra; enn eigi þótti mér sjá gripr því betr sama, sem gull er dýrra enn silfr. Síðan þóttumst ek falla ok vilja styðja mik með hendinni, enn gullhringrinn

mætti steini nökkurum ok stökk í tvá hluti, ok þótti mér dreyra ór hlutunum. Þat þótti mér líkara harmi enn skaða, er ek þóttumst þá bera eftir; kom mér þá í hug, at brestr hafði verit á hringnum, ok þá er ek hugða at brotunum eftir, þá þóttumst ek sjá fleiri brestina á, ok þótti mér þó sem heill mundi, ef ek hefða betr til gætt, ok var eigi þessi draumr lengri“. Gestr svarar: „Ekki fara í þurð draumarnir“. Ok enn mælti Guðrún: „Sá var enn fjórði draumr minn, at ek þóttumst hafa hjálm á höfði af gulli ok var settr mjök gimsteinum. Ek þóttumst eiga þá gerseni; enn þat þótti mér helzt at, at hann var nökkurs til þungr; því at ek fekk varla valdit, ok bar ek halt höfudit, ok gaf ek þó hjálminum enga sök á því, ok ætlaða ekki at lóga honum, enn þó steyptist hann af höfði mér ok út á Hvammsfjörð, ok eftir þat vaknaða ek. Eru þér nú sagðir draumarnir allir“. Gestr svarar: „Glögt fæ ek sét, hvat draumar þessir eru, enn mjök mun þér samstaft þykkja, því at ek mun næsta einn veg alla ráða: bændr mantu eiga fjóra, ok væntir mik þá, er þú ert enum fyrsta gift, at þat sé þér ekki girndarráð. Þar er þú þóttist hafa mikinn fald á höfði ok þótti þér illa sama, þar muntu lítit unna honum, ok þar er þú tókst af höfði þér faldinn ok kastaðir á vatnit, þar muntu ganga frá honum. Því kalla

menn á sæ kastat, er maðr lætr eign sína ok tekr ekki í mót“. Ok enn mælti Gestr: „Sá var draumr þinn annarr, at þú þóttist hafa silfrhring á hendi; þar muntu vera gift öðrum manni ágætum; þeim muntu unna mikit ok njóta skamma stund; kemr mér ekki þat at óvörum, þóttu missir hann með druknun, ok eigi geri ek þann draum lengra. Sá var enn þriði draumr þinn, at þú þóttist hafa gullhring á hendi. Þar muntu eiga enn þriðja bónda. Ekki mun sá því meira verðr, sem þér þótti sá málmrinn torgætri ok dýrri, enn nær er þat mínu hugboði, at í þat mund muni orðit siðaskifti, ok mun sá þinn bóndi hafa tekit við þeim sið, er vér hyggjum at miklu sé háleitari. Enn þar er þér þótti hringrinn í sundr stökkva, nökkut af þinni vangeymslu, ok sáttt blóð koma ór hlutunum, þá mun sá þinn bóndi vera veginn; muntu þá þykkjast glögt sjá þá þverbrest, er á þeim ráðahag hafa verit“. Ok enn mælti Gestr: „Sá er enn fjórði draumr þinn, at þú þóttist hafa hjálm á höfði af gulli ok settr gimsteinum, ok varð þér þungbærr; þar munt þú eiga enn fjórða bónda. Sá mun vera mestr höfðingi, ok mun bera heldr ægishjálm yfir þér. Ok þar er þér þótti hann steypast út á Hvammsfjörð, þá man hann þann sama fjörð fyrir hitta á enum efsta degi síns lífs. Geri ek nú þenna draum ekki lengra“. Guð-

rúnu setti dreyrrauða, meðan draumarnir váru ráðnir; enn engi hafði hon orð um, fyrr eun Gestr lauk sínu máli. Þá segir Guðrún: „Hitta mundir þú fegri spár í þessu máli, ef svá væri í hendr þér búit af mér, enn haf þó þökk fyrir, er þú hefir ráðit draumana. Enn mikit er til at hyggja, ef þetta alt skal eftir ganga“. Guðrún bauð þá Gesti af nýju, at hann skyldi þar dveljast um daginn; kvað þá Ósvífr mart spaklegt tala mundu. Hann svarar: „Ríða mun ek sem ek hefi á kveðit. Enn segja skaltu föður þínum kveðju mína, ok seg honum þau min orð, at koma mun þar, at skemmra mun í milli bústada okkarra Ósvífrs, ok mun okkr þá hægt um tal, ef okkr er þá leyft at talast við“. Síðan fór Guðrún heim, enn Gestr reið í brott ok mætti heimamanni Óláfs við túngarð. Hann bauð Gesti í Hjarðarholt at orðsending Óláfs. Gestr kvaðst vilja finna Ólaf um daginn, enn gista í Þykkvaskógi. Snýr húskarl þegar heim ok segir Óláfi svá skapat. Óláfr lét taka hesta, ok reið hann í móti Gesti við nökkura menn. Þeir Gestr finnast inn við sjá. Óláfr fagnar honum vel ok bauð honum til sín með allan flokk sinn. Gestr þakkar honum boðit ok kvaðst ríða mundu á bæinn ok sjá hýbýli hans, enn gista Ármód. Gestr dvaldist litla hrið ok sá þó víða á bæinn ok lét vel yfir; kvað eigi þar fé til sparat bæjar þess. Óláfr reið á

leið með Gesti til Laxár. Þeir fóstbræðr höfðu verit á sundi um daginn. Réðu þeir Óláfssynir mest fyrir þeiri skemtun; margir váru ungir menn af öðrum bæjum á sundi. Þá hlupu þeir Kjartan ok Bolli af sundi, er flokkrinn reið at; váru þá mjök klæddir, er þeir Gestr ok Óláfr riðu at. Gestr leit á þessa ena ungu menn um stund, ok sagði Óláfi, hvar Kjartan sat ok svá Bolli, ok þá rétti Gestr spjótshalann at sérhverjum þeira Óláfssona, ok nefndi þá alla, er þar váru; enn margir váru þar aðrir menn allvænlegir, þeir er þá váru af sundi komnir, ok sátu á árbakkanum hjá þeim Kjartani. Ekki kvaðst Gestr þekkja ættarbragð Óláfs á þeim mönnum. Þá mælti Óláfr: „Eigi má ofsögum segja frá vitsmunum þínum, Gestr, er þú kennir óséna menn. ok þat vil ek at þú segir mér, hvern þeira enna ungu manna mun mestr verða fyrir sér“. Gestr svarar: „Þat mun mjök ganga eftir ástriki þínu, at um Kjartan mun þykkja mest vert, meðan hann er uppi“. Síðan keyrði Gestr hestinn ok reið í brott, enn nökkuru síðar riðr Þórðr hinn lági, son hans, hjá honum ok mælti: „Hvat berr nú þess við, faðir minn, er þér hrynja tár?“ Gestr svarar: „Þarfleysa er at segja þat, enn eigi nenni ek at þegja yfir því, er á þínum dögum mun fram koma, enn ekki kemr mér at óvörum, þótt Bolli standi yfir höfuðsvörðum Kjartans, ok hann vinni

sér þá ok höfuðbana, ok er þetta ilt at vita um svá mikla ágætismenn“. Síðan riðu þeir til þings, ok er kyrt þingit.

34. Þorvaldr hét maðr, son Halldórs Garpdalsgoða. Hann bjó í Garpsdal í Gilsfirði, auðigr maðr ok engi hetja. Hann bað Guðrúnar Ósvífrsdóttur á alþingi, þá er hon var fimtán vetra gömul. Því máli var eigi fjarri tekit, enn þó sagði Ósvífr, at þat mundi á kostnu finna, at þau Guðrún váru eigi jafnmenni. Þorvaldr talaði óharðfærilega, kvaðst konu biðja, enn ekki fjár. Síðan var Guðrún föstnuð Þorvaldi ok réð Ósvífr einn máldaga, ok svá var skilt, at Guðrún skyldi ein ráða fyrir fé þeira. Þegar er þau koma í eina rekkju ok eiga alls helming, hvárt er samfarar þeira væri lengri eða skemmri. Hann skyldi ok kaupa gripi til handa henni, svá at engi jafnfjád kona ætti betri gripi, enn þó mætti hann halda búi sínu fyrir þær sakir. Riða menn nú heim af þingi. Ekki var Guðrún at þessu spurð, ok heldr gerði hon sér at þessu ógetit, ok var þó kyrt. Brúðkaup var í Garpsdal at tvímánuði. Lítt unni Guðrún Þorvaldi ok var erfið í gripakaupum. Váru engar gersimar svá miklar á Vestfjörðum, at Guðrúnu þætti eigi skaplegt at hon ætti, enn galt þó fjandskap Þorvaldi, ef hann keypti eigi, hversu dýrar sem metnar váru. Þórðr Ingunnarson gerði sér dátt við þau Þorvald ok

Guðrúnu ok var þar löngum, ok fell þar mörg umræða á um kærleika þeira Þórðar ok Guðrúnar. Þat var eitt sinn, at Guðrún beiddi Þorvald gripa kaups. Þorvaldr kvað hana ekki hóf at kunna, ok sló hana kinnhest. Þá mælti Guðrún: „Nú gaftu mér þat er oss konum þykkir miklu skifta, at vér eigim vel at gert, enn þat er litaraft gott, ok af hefir þú mik ráðit brekvisi við þik“. Þat sama kveld kom Þórðr þar. Guðrún sagði honum þessa svivirðingu ok spurði hann, hverju hon skyldi þetta launa. Þórðr brosti at ok mælti: „Hér kann ek gott ráð til. Gerðu honum skyrta og brautgangs höfuðsmátt, ok seg skilit við hann fyrir þessar sakir“. Eigi mælti Guðrún í móti þessu, ok skilja þau talit. Þat sama vár segir Guðrún skilit við Þorvald, ok fór heim til Lauga. Síðan var gert féskifti þeira Þorvalds ok Guðrúnar, ok hafði hon helming fjár alls, ok var nú meira enn áðr. Tvá vetr höfðu þau ásamt verit. Þat sama vár seldi Ingunn land sitt í Króksfirði, þat sem síðan heitir á Ingunnarstöðum, ok fór vestr á Skálmarnes; hana hafði átt Glúmr Geirason, sem fyrr var ritat. Í þenna tíma bjó Hallsteinn goði á Hallsteinsnesi fyrir vestan Þorskafjörð; hann var ríkr maðr ok meðal-lagi vinsæll.

35. Kotkell hét maðr, er þá hafði út komit fyrir litlu. Gríma hét kona hans. Þeira synir

váru þeir Hallbjörn sliðsteinsauga ok Stígandi. Þessir menn váru suðreyskir. Öll váru þau mjök fjölkunnig ok enir mestu seiðmenn. Hallsteinn goði tók við þeim ok setti þau niðr at Urðum í Skálmarfirði, ok var þeira byggð ekki vinsæl. Þetta sumar fór Gestr til þings ok fór á skipi til Saurbæjar, sem hann var vanr. Hann gisti á Hóli í Saurbæ. Þeir mágar léðu honum hesta sem fyrr var vant. Þórðr Ingunnarson var þá í för með Gesti, ok kom til Lauga í Sælingsdal. Guðrún Ósvífrsdóttir reið til þings ok fylgdi henni Þórðr Ingunnarson. Þat var einn dag, er þau riðu yfir Bláskógaheiði, — var á veðr gott; þá mælti Guðrún: „Hvært er þat satt, Þórðr, at Auðr kona þin er jafnan í brókum ok setgeri í, enn vafit spjórrum mjök í skúa niðr?“ Hann kvaðst ekki hafa til þess fundit. „Lítit bragð mun þá at“, segir Guðrún, „ef þú finnr eigi, ok fyrir hvat skal hon þá heita bróka-Auðr?“ Þórðr mælti: „Vér ætlum hana litla hrið svá hafa verit kallaða“. Guðrún svarar: „Hitt skiftir hana enn meira, at hon eigi þetta nafn lengi síðan“. Eftir þat kómu menn til þings; er þar alt tíðendalaust. Þórðr var löngum í búð Gestis ok talaði jafnan við Guðrúnu. Einn dag spurði Þórðr Ingunnarson Guðrúnu, hvat konu varðaði, ef hon væri í brókum jafnan svá sem karlar. Guðrún svarar: „Slíkt viti á konum at skapa

fyrir þat á sitt hóf sem karlmanni, ef hann hefir höfuðsmátt svá mikla, at sjái geirvörtur hans berar, brautgangssök hvárttveggja“. Þá mælti Þórðr: „Hvært ræðr þú mér, at ek segi skilit við Auði hér á þingi eða í heraði, ok geri 'ek þat við fleiri manna ráð, því at menn eru skapstórir, þeir er sér mun þykkja misboðit í þessu?“ Guðrún svarar stundu síðar: „Aftans bíðr ófrans sök“. Þá spratt Þórðr þegar upp ok gekk til Lögbergs ok nefndi sér vátta at. Hann segir skilit við Auði, ok fann þat til saka, at hon skarst í setgeirabrækr sem karlmenn. Bræðrum Auðar líkar illa ok er þó kyrt. Þórðr riðr af þingi með þeim Ósvífrs sonum. Enn er Auðr spyrir þessi tíðendi, þá mælti hon:

„Vel er ek veit þat,
var ek ein um látin“.

Síðan reið Þórðr til féskeftis vestr til Saurbæjar með tólfta mann ok gekk þat greitt, því at Þórði var óspart um, hversu fénu var skift. Þórðr rak vestan til Lauga mart búfé. Síðan bað hann Guðrúnar. Var honum þat mál auðsótt við Ósvíf, enn Guðrún mælti ekki í móti Brullaup skyldi vera at Laugum at tíundu viku sumars; var sú veizla allsköruleg. Samför þeira Þórðar ok Guðrúnar var góð. Þat eitt helt til, at þeir Þorkell hvelpr ok Knútr fóru eigi málnum á hendr Þórði Ingunnarsyni, at þeir fengu

eigi styrk til. Annat sumar eftir höfðu Hólsmenn selför í Hvammsdal; var Auðr at seli. Laugamenn höfðu selför í Lambadal; sá gengr vestr í fjöll af Sælingsdal. Auðr spyr þann mann, er smalans gætti, hversu oft hann fyndi smalamann frá Laugum. Hann kvað þat jafnan vera, sem líklegt var, því at háls einn var á milli seljanna. Þá mælti Auðr: „Þú skalt hitta í dag smalamann frá Laugum ok máttu segja mér, hvat manna er at vetrhúsum eða í seli, ok ræð alt vingjarnlega til Þórðar, sem þú átt at gera“. Sveinninn heitr at gera svá sem hon mælti. Enn um kveldit, er smalamaðr kom heim, spurði Auðr tíðenda. Smalamaðrinn svarar: „Spurt hefi ek þau tíðendi, er þér munu þykkja góð, at nú er breitt hvilugólf milli rúma þeira Þórðar ok Guðrúnar; því at hon er í seli, enn hann heljast á skálasmið, ok eru þeir Ósvífr tveir at vetrhúsum“. „Vel hefir þú njósnað“, segir hon, „ok haf söðlat hesta tvá er menn fara at sofa“. Smalasveinn gerði sem hon bauð, ok nökkuru fyrir sólarfall sté Auðr á bak, ok var hon þá at visu í brókum. Smalasveinn reið öðrum hesti ok gat varla fylgt henni; svá knúði hon fast reiðina. Hon reið suðr yfir Sælingsdalsheiði, ok nam eigi staðar fyrr enn undir tångarði at Laugum. Þá sté hon af baki, enn bað smalasveininn gæta hestanna, meðan hon gengi til húss. Auðr gekk



at dyrum ok var opin hurð; hon gekk til eldhúss ok at lokrekkju þeiri, er Þórðr lá í ok svaf. Var hurðin fallin aftr, enn eigi lokan fyrir. Hon gekk í lokrekkjuna, enn Þórðr svaf ok horfði í loft upp. Þá vakti Auðr Þórð, enn hann snerist á hliðina, er hann sá, at maðr var kominn. Hon brá þá saxi ok lagði á Þórði ok veitti honum áverka mikla, ok kom á höndina hægri, ok varð hann sárr á báðum geirvörtum; svá lagði hon til fast, at saxit nam í beðinum staðar. Síðan gekk Auðr brott ok til hests ok hljóp á bak ok reið heim eftir þat. Þórðr vildi upp spretta, er hann fekk áverkann, ok varð þat ekki, því at hann mæddi blóðrás. Við þetta vaknaði Ósvífr ok spyrr, hvat títt væri. Enn Þórðr kvaðst orðinn fyrir áverka nökkurum. Ósvífr spyrr, ef hann vissi hvern á honum hefði unnit, ok stóð upp, ok batt um sár hans. Þórðr kvaðst ætla, at þat hefði Auðr gert. Ósvífr bauð at ríða eftir henni; kvað hana fámenna til mundu hafa farit ok væri henni skapat víti. Þórðr kvað þat fjarri skyldu fara; sagði hana slíkt hafa atgert sem hon átti. Auðr kom heim í sólar upprás, ok spurðu þeir bræðr hennar, hvert hon hefði farit. Auðr kvaðst farit hafa til Lauga, ok sagði þeim hvat til tíðenda hafði gerzt í förum hennar. Þeir létu vel yfir, ok kváðu of lítit mundu at orðit. Þórðr lá lengi í sárum, ok greru vel



bringu sárin, enn sú höndin varð honum hvergi betri til taks enn áðr. Kyrt var nú um vetrinn. Enn eftir um várit kom Ingunn móðir Þórðar vestan af Skálmarnesi. Hann tók vel við henni. Hon kvaðst vilja ráðast undir áraburð Þórðar; kvað hon Kotkel ok konu hans ok sonu gera sér óvært í fjárránum ok fjölkyngi, enn hafa mikit traust af Hallsteini goða. Þórðr veikst skjótt við þetta mál, ok kvaðst hafa skyldu rétt af þjófum þeim, þótt Hallsteinn væri at móti; snarast þegar til ferðar við tíunda mann. Ingunn fór ok vestr með honum. Hann hafði ferju ór Tjaldanesi. Síðan heldu þau vestr til Skálmarness. Þórðr lét flytja til skips alt lausafé, þat er móðir hans átti þar, enn smala skyldi reka fyrir innan fjörðu. Tólf váru þau alls á skipi. Þar var Ingunn ok önnur kona. Þórðr kom til bæjar Kotkels með tíunda mann. Synir þeira Kotkels váru eigi heima. Síðan stefndi hann þeim Kotkatli ok Grímu ok sonum þeira um þjófnad ok fjölkyngi ok lét varða skóggang. Hann stefndi sökum þeim til alþingis, ok fór til skips eftir þat. Þá kómu þeir Hallbjörn ok Stigandi heim, er Þórðr var kominn frá landi, ok þó skamt. Sagði Kotkell þá sonum sínum, hvat þar hefði í gerzt. Þeir bræðr urðu óðir við þetta, ok kváðu menn ekki hafa fyrr gengit í berhögg við þau um svá mikinn fjandskap. Síðan lét Kotkell gera seid-

hjáll mikinn; þau færðust þar á upp öll; þau kváðu þar harðsnúin fræði; þat vǫru galdrar. Því næst laust á hrið mikilli. Þat fann Þórðr Ingunnarson ok hans förunautar, þar sem hann var á sæ staddr, ok til hans var gert veðrit. Keyrir skipit vestr fyrir Skálmarnes. Þórðr sýndi mikinn hraustleik í sæliði. Þat sá þeir menn, er á landi vǫru, at hann kastaði því öllu, er til þunga var, utan mönnum; væntu þeir menn, er á landi vǫru, Þórði þá landtöku, því at þá var affarit þat sem skerjöttast var. Síðan reis boði skamt frá landi, sá er engi maðr mundi at fyrr hefði uppi verit, ok laust skipit svá, at þegar horfði upp kjölrinn. Þar druknaði Þórðr ok alt föruncyti hans, enn skipit braut í spón; ok rak þar kjölinn, er síðan heitir Kjalarey. Skjöld Þórðar rak í þá ey, er Skjaldarey er kölluð; lík Þórðar rak þar þegar á land ok hans förunauta. Var þar haugr orþinn at líkum þeira, þar er síðan heitir Haugsnes.

36. Þessi tíðendi spyrjast víða ok mælast illa fyrir. Þóttu þat ólífismenn, er slíka fjölkyngi frömdu, sem þau Kotkell höfðu þá lýst. Mikit þótti Guðrúnu at um líflát Þórðar, ok var hon þá eigi heil ok mjök framat. Guðrún fæddi svein; sá var vatni ausinn ok kallaðr Þórðr. Í þenna tíma bjó Snorri goði at Helgafelli. Hann var frændi Ósvífrs ok vin; áttu

þau Guðrún þar mikit traust. Þangat fór Snorri goði at heimboði. Þá tjáði Guðrún þetta vandkvæði fyrir Snorra, enn hann kvaðst mundu veita þeim at málum, þá er honum sýndist, enn bauð Guðrúnu barnfóstr til hugganar við hana. Þetta þá Guðrún ok kvaðst hans forsjá hlíta mundu. Þessi Þórðr var kallaðr kötttr, faðir Stúfs skálds. Síðan ferr Gestr Oddleifsson á fund Hallsteins goða, ok gerði honum tvá kosti: at hann skyldi reka í brott þessa fjölkunnigu menn, ella kvaðst hann mundu drepa þá, — „ok er þó of seinat“. Hallsteinn kaus skjótt, ok bað þau heldr í brott fara, ok nema hvergi staðar fyrir vestan Dalaheiði, ok kvað réttara, at þau væri drepin. Síðan fóru þau Kotkell í brott ok höfðu eigi meira fé enn stóðhross fjögr; var hestrinn svartr; hann var bæði mikill ok vænn ok reyndr at vígi. Ekki er getit um ferð þeira, áðr þau koma á Kambsnes til Þorleiks Höskuldssonar. Hann falar at þeim hrossin, því at hann sá, at þat vǫru afreksgrípír. Kotkell svarar: „Gera skal þér kost á því; tak við hrossunum, enn fá mér bústað nökkurn hér í nánd þér“. Þorleikr mælti: „Munu þá eigi heldr dýr hrossin? því at ek hef þat spurt, at þér munuð eiga heldr sökótt hér í heraði“. Kotkell svarar: „Þetta muntu mæla til Laugamanna“. Þorleikr kvað þat satt vera. Þá mælti Kotkell: „Þat horfir þó nökkut annan

veg við um sakir við Guðrúnu ok bræðr hennar, enn þér hefir sagt verit; hafa menn ausit hrópi á oss fyrir enga sök, ok þigg stóðhrossin fyrir þessar sakir; ganga ok þær einar sögur frá þér, at vér munim eigi uppi orpin fyrir sveitarmönnum hér, ef vér höfum þitt traust“. Þorleikr slæst nú í málinu ok þóttu honum fögr hrossin; enn Kotkell flutti kænlega málit. Þá tók Þorleikr við hrossunum. Hann fekk þeim bústað á Leiðólfsstöðum í Laxárdal. Hann birgði þau ok um búfé. Þetta spyrja Laugamenn, ok vilja synir Ósvífrs þegar gera til þeira Kotkels ok sona hans. Ósvífr mælti: „Höfum vér nú ráð Snorra goða ok spörum þetta verk öðrum; því at skamt mun líða, áðr búar Kotkels munu eiga spánýjar sakir við þá, ok mun, sem vert er, Þorleiki mest mein at þeim; munu þeir margir hans óvinir af stundu, er hann hefir áðr haft stundan af; enn eigi mun ek letja yðr at gera slíkt mein þeim Kotkatli, sem yðr líkar, ef eigi verða aðrir til at elta þau ór heraði eða taka af lífi með öllu, um þat er þrír vetr eru liðnir“. Guðrún ok bræðr hennar sögðu svá vera skyldu. Ekki unnust þau Kotkell mjök fyrir, enn hvártki þurftu þau um vetrinn at kaupa hey né mat, ok var sú bygd óvinsæl. Eigi treystust menn at raska kosti þeira fyrir Þorleiki.

37. Þat var eitt sumar á þingi, er Þorleikr

sat í búð sinni, at maðr einn mikill gekk í búðina inn. Sá kvaddi Þorleik, enn hann tók kveðju þessa manns, ok spurði hann at nafni, eða hvaðan hann væri. Hann kvaðst Eldgrímr heita ok búa í Borgarfirði á þeim bæ, er heita Eldgrímsstaðir, enn sá bær er í dal þeim er skerst vestr í fjöll milli Múla ok Grísartungu. Sá er nú kallaðr Grímsdalr. Þorleikr segir: „Heyrt hefi ek þín getit at því, at þú sér ekki litilmenni“. Eldgrímr mælti: „Þat er erendi mitt hingat, at ek vil kaupa at þér stóðhrossin þau en dýru, er Kotkell gaf þér í fyrra sum-ar“. Þorleikr svarar: „Eigi eru fól hrossin“. Eldgrímr mælti: „Ek býð þér jafnmörg stóðhross við, ok meðalauka nökkurn, ok munu margir mæla, at ek bjóða við tvenn verð“. Þorleikr mælti: „Engi em ek mangsmaðr; því at þessi hross fær þú aldregi, þóttu bjóðir við þrenn verð“. Eldgrímr mælti: „Eigi mun þat logit, at þú munt vera stórr ok einráðr; munda ek þat ok vilja, at þú hefðir óriflegra verðit, enn nú hefir ek þér boðit, ok létir þú hrossin eigi at síðr“. Þorleikr roðnaði mjök við þessi orð ok mælti: „Þurfa muntu, Eldgrímr, at ganga nær, ef þú skalt kúga af mér hrossin“. Eldgrímr mælti: „Ólíklegt þykki þér þat, at þú munir verða halloki fyrir mér; enn þetta sum-ar mun ek fara at sjá hrossin, hvárr okkarr sem þá hlýtr þau at eiga þaðan í frá“. Þor-

leikr segir: „Gerr sem þú heitr, ok hjóð mér engan liðsmun“. Síðan skilja þeir talit. Þat mæltu menn, er heyrðu, at hér væri maklega ákomit um þeira skifti. Síðan fóru menn heim af þingi, ok var alt tíðendalaust. Þat var einn morgin snimma, at maðr sá út á Hrútsstöðum at Hrúts bónda Herjólfssonar, enn er hann kom inn, spurði Hrútr tíðenda. Sá kveðst engi tíðendi kunna at segja önnur, enn hann kveðst sjá mann ríða handan um vaðla ok þar til, er hross Þorleiks váru, — „ok sté maðrinn af baki, ok höndlaði hrossin“. Hrútr spurði, hvar hrossin væri þá. Húskarl mælti: „Vel höfðu þau enn haldit haganum, þau stóðu jafnt í engjum þínum fyrir neðan garð“. Hrútr svarar: „Þat er satt, at Þorleikr frændi er jafnan ómeskinn um beitingar, ok enn þykki mér líkara, at eigi sé at hans ráði hrossin rekin á brott“. Síðan spratt Hrútr upp í skyrtu ok línbrókum, ok kastaði yfir sik grám feldi ok hafði í hendi bryntröll gullrekit, er Haraldr konungr gaf honum. Hann gekk út nökkut snúðigt ok sá, at maðr reið at hrossunum fyrir neðan garð. Hrútr gekk í móti honum ok sá, at Eldgrímr rak hrossin. Hrútr heilsaði honum. Eldgrímr tók kveðju hans, ok heldr seint. Hrútr spurði, hvert hann skyldi reka hrossin. Eldgrímr svarar: „Ekki skal þik því leyna; enn veit ek frændsemi með ykk Þorleiki; enn svá em ek eftir hrossunum

kominn, at ek ætla honum þau aldri síðan. Hefi ek ok þat efnt, sem ek hét honum á þingi, at ek hefi ekki með fjölmenni farit eftir hrossunum“. Hrútr segir: „Engi er þat frami, þóttu takir hross í brott, enn Þorleikr liggi í rekkju sinni ok sofi; efnir þú þat þá bezt, er þit yrðuð á sáttir, ef þú hittir hann, áðr þú riðr ór heraði með hrossin“. Eldgrímr mælti: „Ger þú Þorleik varan við, ef þú vill, því at þú mátt sjá, at ek hefi svá heiman búizt, at mér þótti vel, at fund okkarn Þorleiks bæri saman“, -- ok hristi krókaspjótit, er hann hafði í hendi; hann hafði ok hjálm á höfði, ok var gyrðr sverði, skjöld á hlið; hann var í brynju. Hrútr mælti: „Heldr mun ek annars á leita, enn fara á Kamsnes, því at mér er fótr þungr; enn eigi mun ek láta ræna Þorleik, ef ek hefi fong á því, þótt eigi sé mart í frændsemi okkarri“. Eldgrímr mælti: „Er eigi þat, at þú ætlir at taka af mér hrossin“? Hrútr svarar: „Gefa vil ek þér önnur stóðhross til þess, at þú látir þessi laus, þótt þau sé eigi jafngóð sem þessi“. Eldgrímr mælti: „Bezta talar þú, Hrútr, enn með því at ek hefi komit höndum á hrossin Þorleiks, þá muntu þau hvártki plokka af mér með mútugjöfum né heitan“. Þá svarar Hrútr: „Þat hygg ek, at þú kjósir þann hlut til handa báðum okkr, er verr muni gegna“. Eldgrímr vill nú skilja, ok hrökkvir hestinn; enn er Hrútr

sá þat, reiddi hann upp bryntröllit ok setr milli herða Eldgrími, svá at þegar slitnaði brynjan fyrir, enn bryntröllit hljóp út um bringuna; fell Eldgrímr dauðr af hestinum, sem ván var. Síðan huldi Hrútr hræ hans. Þar heitir Eldgrímsholt suðr frá Kambsnesi. Eftir þetta riðr Hrútr ofan á Kambsnes, ok segir Þorleiki þessi tíðendi. Hann brást reiðr við, ok þóttist vera mjök svívirðr í þessu tilbragði; enn Hrútr þóttist hafa sýnt við hann mikinn vinskap. Þorleikr kvað þat bæði vera, at honum hefði ilt tilgengit, enda mundi eigi gott í móti koma. Hrútr kvað hann mundu því ráða; skiljast þeir með engri bliðu. Hrútr var þá átræðr, er hann drap Eldgrím, ok þótti hann mikit hafa vaxit af þessu verki. Ekki þótti Þorleiki Hrútr því betra af verðr, at hann væri miklaðr af þessu verki; þóttist hann glögt skilja, at hann mundi hafa borit af Eldgrími, ef þeir hefði reynt með sér, svá litit sem fyrir hann lagðist. Fór Þorleikr nú á fund landseta sinna Kotkels ok Grímu, ok bað þau gera nökkurn hlut, þann er Hrúti væri svívirðing at. Þau tóku undir þetta léttlega, ok kváðust þess vera albúin. Síðan ferr Þorleikr heim. Enn litlu síðar gera þau heimanferð sína Kotkell ok Gríma, ok synir þeira. Þat var um nótt; þau fóru á bæ Hrúts ok gerðu þar seið mikinn. Enn er seiðlætin kómu upp, þá þóttust þeir eigi skilja,

er inni váru, hverju gegna mundi; enn fögr var sú kveðandi at heyra. Hrútr einn kendi þessi læti, ok bað engan mann út sjá á þeirri nótt, — „ok haldi hverr vöku sinni, er má, ok mun oss þá ekki til saka, ef svá er með farit“. Enn þó sofnuðu allir menn. Hrútr vakti lengst, enn sofnaði þó. Kári hét son Hrúts, er þá var tólf vetra gamall, ok var hann efnilegastr sona Hrúts. Hann unni honum mikit. Kári sofnaði nær ekki, því at til hans var leikr gerr; honum gerðist ekki mjök vært. Kári spratt upp ok sá út; hann gekk á seiðinn ok fell þegar dauðr niðr. Hrútr vaknaði um morgininn ok hans heimamenn, ok saknaði sonar sins. Fanst hann örendr skamt frá durum. Þetta þótti Hrúti enn mesti skaði, ok lét verpa haug eftir Kára. Síðan riðr hann á fund Óláfs Höskuldssonar, ok segir honum þau tíðendi, er þar höfðu gerzt. Óláfr varð óðr við þessi tíðendi, ok segir verit hafa mikla vanhyggju, er þeir höfðu látit setja slik illmenni et næsta sér, sem þau Kotkell váru. Sagði ok Þorleik hafa sér illan hlut af deilt af málum við Hrút; enn kvað þó meira at orðit, enn hann mundi vilja. Óláfr kvað þá þegar skyldu drepa þau Kotkel ok konu hans ok sonu, — „er þó ofseinat nú“. Þeir Óláfr ok Hrútr fara með fimtán menn. Enn er þau Kotkell sjá manna-reið at bæ sínum, þá taka þau undan í fjall

upp. Þar varð Hallbjörn sliksisteinsauga tekinn ok dreginn belgr á höfuð honum; þegar vǫru þá fengnir menn til gæzlu við hann, enn sumir sóttu eftir þeim Kotkatli ok Grímu ok Stiganda upp á fjallit. Þau Kotkell ok Gríma urðu áhend á hálsinum milli Haukadals ok Laxárdals. Vǫru þau þar barið grjóti í hel, ok var þar ger at þeim dys ór grjóti, ok sér þess merki, ok heitir þat Skrattavarði. Stigandi tók undan suðr af hálsinum til Haukadals, ok þar hvarf hann þeim. Hrútr ok synir hans fóru til sjávar með Hallbjörn. Þeir settu fram skip ok reru frá landi með hann; síðan tóku þeir belg af höfði honum, enn bundu stein við hálsinn. Hallbjörn rak þá skygnur á landit, ok var augnlag hans ekki gott. Þá mælti Hallbjörn: „Ekki var oss þat tímadr, er vér frændr kómum á Kambsnes þetta til móts við Þorleik. „Þat mæli ek um“, segir hann, „at Þorleikr eigi þar fá skemtanardaga heðan í frá ok öllum verði þungbýlt, þeim sem í hans rúm setjast“. Mjök þykkir þetta ákvæði á hafa hrint. Síðan drektu þeir honum ok reru til lands. Litlu síðar ferr Hrútr á fund Óláfs frænda síns, ok segir honum, at hann vill eigi hafa svá búit við Þorleik, ok bað hann fá sér menn til at sækja heim Þorleik. Óláfr svaðar: „Þetta samir eigi, at þér frændr leggizt hendr á: hefir þetta tekizt ógiftusamlega Þorleiki til handar.

Viljum vér heldr leita um sættir með ykk; hefir þú oft þíns hluta beðit vel ok lengi“. Hrótr segir: „Ekki er slíks at leita; aldri mun um heilt með okkr gróa, ok þat munda ek vilja, at eigi byggim vit báðir lengi í Laxárdal heðan í frá“. Óláfr svarar: „Eigi mun þér þat verða hlýðisamt, at ganga framar á hendr Þorleiki, enn mitt leyfi er til; enn ef þú gerir þat, þá er eigi ólíklegt, at mæti dalr hóli“. Hrótr þykkist nú skilja, at fast mun fyrir vera. Ferr heim, ok líkar stórilla. Ok er kyrt at kalla. Ok sitja menn um kyrt þau missari.

38. Nú er at segja frá Stíganda. Hann gerðist útilegumaðr ok illr viðreignar. Þórðr hét maðr, hann bjó í Hundadal; hann var auðigr maðr ok ekki mikilmenni. Þat varð til nýlundu um sumarit í Hundadal, at fé nytjadist illa, enn kona gætti fjár þar. Þat fundu menn, at hon varð gripa auðig ok hon var löngum horfin, svá at menn vissu eigi hvar hon var. Þórðr bóndi lætr henni nauðga til sagna, ok er hon verðr hrædd, þá segir hon, at maðr kemr til fundar við hana, — „sá er mikill“, segir hon, „ok sýnist mér vænlegr“. Þá spyr Þórðr hversu brátt sá maðr mundi koma til fundar við hana. Hon kvaðst vænta, at þat mundi brátt vera. Eftir þetta ferr Þórðr á fund Óláfs ok segir honum, at Stígandi mun eigi langt þaðan í brott; biðr hann til fara með sína

menn ok ná honum. Óláfr bregðr við skjótt ok ferr í Hundadal; er þá ambáttin heimt til tals við hann. Spyr þá Óláfr, hvar bæli Stíganda væri. Hon kvaðst þat eigi vita. Óláfr bauð at kaupa at henni, ef hon kæmi Stíganda í færi við þá; þessu kaupa þau saman. Um daginn ferr hon at fé sínu; kemr þá Stígandi til móts við hana; hon fagnar honum vel ok býðr at skoða í höfði honum. Hann leggr höfuðit í kné henni ok sofnar skjótlega. Þá skreidist hon undan höfði honum ok ferr til móts við þá Ólaf, ok segir þeim, hvar þá var komit. Fara þeir til Stíganda ok ræða um með sér, at hann skal eigi fara sem bróðir hans, at hann skyldi þat mart sjá, er þeim yrði mein at; taka nú belg ok draga á höfuð honum. Stígandi vaknaði við þetta ok bregðr nú engum viðbrögðum, því at margir menn váru nú um einn; rauf var á belgnum, ok getr Stígandi sét öðrum megin í hliðina; þar var fagrt landsleg ok grasloðit; enn því var líkast, sem hvirfilvindr kæmi, at sneri um jörðinni, svá at aldregi síðan kom þar gras upp. Þar heitir nú á Brennu. Síðan berja þeir Stíganda grjóti í hel, ok þar var hann dysjaðr. Óláfr efnir vel við ambáttina, ok gaf henni frelsi, ok fór hon heim í Hjarðarholt. Hallbjörn slíkisteinsauga rak upp ór brimi litlu síðar enn honum var drekt. Þar heitir Knarrarnes, sem hann var kasaðr, ok gekk

hann aftr mjök. Sá maðr er nefndr, er Þorkell skalli hét; hann bjó í Þykkvaskógi á föðurleifð sinni; hann var fullhugi mikill ok rammr at affi. Eitt kveld var vant kýr í Þykkvaskógi; fór Þorkell at leita ok húskarl hans með honum; þat var eftir dagsetr, enn tunglskin var á. Þorkell mælti, at þeir mundu skifta með sér leitinni; ok er Þorkell var einn saman staddr, þá þóttist hann sjá á holtinu fyrir sér kú, ok er hann kemr at, þá var þat Slíkisteinsauga, enn eigi kýr. Þeir runnust á allsterklega; fór Hallbjörn undan, ok er Þorkel varði minst, þá smýgr hann niðr í jörðina ór höndum honum. Eftir þat fór Þorkell heim. Húskarlinn var heim kominn ok hafði hann fundit kúna; ekki varð síðan mein at Hallbirni. Þorbjörn skrjúpr var þá andaðr ok svá Melkorka; þau liggja bæði í kumli í Laxárdal, enn Lambi son þeira bjó þar eftir. Hann var garpr mikill ok hafði mikit fé. Meira var Lambi virðr af mönnum enn faðir hans fyrir sakir móðurfrænda sinna; vel var í frændsemi þeira Óláfs. Líðr nú enn næsti vetr eftir dráp Kotkels. Um várit eftir hittúst þeir bræðr, Óláfr ok Þorleikr; spurði Óláfr, hvárt Þorleikr ætlaði at halda búi sínu. Þorleikr segir, at svá var. Óláfr mælti: „Hins vilda ek beiða yðr, frændi, at þér breytið ráðahag yðrum ok færið utan; muntu þar þykkja sómamaðr, sem þú kemr; enn ek hygg um

Hrút frænda okkarn, at hann þykkist kulda af kenna af skiftum yðrum; er mér litit um, at hætta til lengr, at þit sitizt svá nær; er Hrútr aflamikill, enn synir hans ofsamenn einir ok garpar; þykkjumst ek vant við kominn fyrir frændsemiss sakir, ef þér deilið illdeildum, frændr mínir“. Þorleikr mælti: „Ekki kviði ek því, at ek geta eigi haldit mér réttum fyrir Hrúti ok sonum hans, ok mun ek eigi fyrir því af landi fara; enn ef þér þykkir miklu máli skifta, frændi, ok þykkist þú þar um í miklum vanda sitja, þá vil ek gera fyrir þín orð; því at þá unda ek bezt mínu ráði, er ek var utanlendis; veit ek ok, at þú munt ekki at verr gera til Bolla sonar míns, þó at ek sjá hvergi í nánd, ok honum ann ek mest manna“. Óláfr svarar: „Þá hefir þú vel af þessu máli, ef þú gerir eftir bæn minni; ætla ek mér þat at gera heðan í frá sem hegat til, er til Bolla kemr, ok vera til hans eigi verr enn til minna sona“. Eftir þetta skilja þeir bræðr með mikilli bliðu. Þorleikr selr nú jarðir sínar ok verr fénu til utanferðar; hann kaupir skip, er uppi stóð í Dögurðarnesi. Enn er hann var búinn með öllu, sté hann á skip út ok kona hans ok annat skuldalið. Skip þat verðr vel reiðfara ok taka Noreg um haustit; þaðan ferr hann suðr til Danmerkr, því at hann festi ekki yndi í Noregi; váru látnir frændr hans ok vinir, enn

sumir ór landi reknir. Síðan helt Þorleikr til Gautlands. Þat er flestra manna sögn, at Þorleikr ætti lítt við elli at fást, ok þótti þó mikilsverðr, meðan hann var uppi. Ok lúkum vér þar sögu frá Þorleiki.

39. Þat var þá jafnan tíðhjalat í Breiðafjarðardölum um skifti þeira Hrúts ok Þorleiks, at Hrútr hefði þungt af fengit Kotkatli ok sonum hans. Þá mælti Ósvífr til Guðrúnar ok bræðra hennar — bað þau á minnast, hvárt þá væri betr ráðit, at hafa þar lagit sjálfa sik í hættu við heljarmenn slíka, sem þau Kotkell váru. Guðrún mælti: „Eigi er sá ráðlauss, faðir, er þinna ráða á kost“. Óláfr sat nú í búi sínu með miklum sóma, ok cru þar allir synir hans heima ok svá Bolli frændi þeira ok fóstbróðir. Kjartan var mjök fyrir sonum Óláfs. Þeir Kjartan ok Bolli unnust mest; fór Kjartan hvergi þess er eigi fylgdi Bolli honum. Kjartan fór oft til Sælingsdalslaugar; jafnan bar svá til, at Guðrún var at laugu; þótti Kjartani gott at tala við Guðrúnu, því at hon var bæði vitr ok málsnjöll. Þat var allra manna mál, at með þeim Kjartani ok Guðrúnu þætti vera mest jafnræði þeira manna, er þá óxu upp. Vinátta var ok mikil með þeim Óláfi ok Ósvífri, ok jafnan heimboð, ok ekki því minnr, at kært gerðist með enum yngnum mönnum. Eitt sinn ræddi Óláfr við Kjartan:

8*

„Eigi veit ek“, segir hann, „hví mér er jafnan svá hugstætt, er þú ferr til Lauga ok talar við Guðrúnu; enn eigi er þat fyrir því, at eigi þætti mér Guðrún fyrir öllum konum öðrum, ok hon ein er svá kvenna, at mér þykki þér fullkosta. Nú er þat hugboð mitt, enn eigi vil ek þess spá, at vér frændr ok Laugamenn berim eigi allsendis gæfu til um vár skifti“. Kjartan kvaðst eigi vilja gera í móti vilja föður síns, þat er hann mætti við gera; enn kvaðst vænta, at þetta mundi betr takast, enn hann gat til. Heldr Kjartan teknum hætti um ferðir sínar; fór Bolli jafnan með honum. Líða nú þau miss-ari.

40. Ásgeirr hét maðr ok var kallaðr æðikollr. Hann bjó at Ásgeirsá í Viðidal; hann var son Auðunar skökuls. Hann kom fyrst sinna kynsmanna til Íslands; hann nam Viðidal. Annarr son Auðunar hét Þorgrímr hærुकollr; hann var faðir Ásmundar, föður Grettis. Ásgeirr æðikollr átti fimm börn. Son hans hét Auðunn, faðir Ásgeirs, föður Auðunar, föður Egils, er átti Úlfeði dóttur Eyjólfss ens halta; þeira son var Eyjólf, er veginn var á alþingi. Annarr son Ásgeirs hét Þorvaldr. Hans dóttir var Dalla, er átti Ísleifr byskup; þeira son var Gizorr byskup. Enn þriði son Ásgeirs hét Kálfr. Allir váru synir Ásgeirs vænlegir menn. Kálfr Ásgeirsson var þann tíma í förum ok

þótti enn nýzti maðr. Dóttir Ásgeirs hét Þur-
iðr. Hon var gift Þorkatli kugga, syni Þórðar
gellis; þeira son var Þorsteinn. Önnur dóttir
Ásgeirs hét Hrefna; hon var vænst kvenna
norðr þar í sveitum ok vel vinsæl. Ásgeirr
var mikill maðr fyrir sér. Þat er sagt eitt
sinn, at Kjartan Ólafsson byrjaði ferð sína
suðr til Borgarfjarðar; ekki er getit um ferð
hans fyrr enn hann kom til Borgar. Þar bjó
þá Þorsteinn Egilsson móðurbróðir hans. Bolli
var í ferð með honum, því at svá var ástúðigt
með þeim fóstbræðrum, at hvárgi þóttist nýta
mega, at þeir væri eigi ásamt. Þorsteinn tók
við Kjartani með allri bliðu; kvaðst þökk kunna,
at hann væri þar lengr enn skemr. Kjartan
dvelst at Borg um hrið. Þetta sumar stóð skip
uppi í Gufuárósi. Þat skip átti Kálfr Ásgeirs-
son. Hann hafði verit um vetrinn á vist með
Þorsteini Egilssyni. Kjartan segir Þorsteini í
hljóði, at þat var mest erendi hans suðr þangat,
at hann vildi kaupa skip hálf at Kálfi — „er
mér á því hugr at fara utan“, — ok spyr
Þorstein, hversu honum virðist Kálfr. Þor-
steinn kvaðst hyggja, at hann væri góðr drengr
— „er þat várkunn mikil, frændi“, segir Þor-
steinn, „at þik fýsi at kann annarra manna
síðu; mun þín ferð verða merkileg með nökk-
uru móti. Eigu frændr þínir mikit í hættu,
hversu þér tekst ferðin“. Kjartan kvað vel

takast munu. Síðan kaupir Kjartan skip hálf t at Kálfi, ok gera helmingarfélag. Skal Kjartan koma til skips, þá er tíu vikur eru af sumri. Gjöfum var Kjartan útleiddr frá Borg. Riða þeir Bolli heim síðan. Enn er Óláfr frétti þessa ráðabreytni, þá þótti honum Kjartan þessu hafa skjótt ráðit, ok kvaðst þó eigi bregða mundu. Litlu síðar riðr Kjartan til Lauga, ok segir Guðrúnu utanferð sína. Guðrún mælti: „Skjótt hefir þú þetta ráðit, Kjartan“. Hefir hon þar um nökkur orð, þau er Kjartan mátti skilja, at Guðrún lét sér ógetit at þessu. Kjartan mælti: „Lát þér eigi þetta mislika; ek skal gera annan hlut, svá at þér þykki vel“. Guðrún mælti: „Entu þetta; því at ek mun brátt yfir því lýsa“. Kjartan bað hana svá gera. Guðrún mælti: „Þá vil ek fara utan með þér í sumar, ok hefir þú þá yfirbætt við mik þetta bráðræði; því at ekki ann ek Íslandi“. „Þat má eigi vera“, segir Kjartan; „bræðr þínir eru óráðnir, enn faðir þinn gamall, ok eru þeir allri forsjá sviftir, ef þú ferr af landi á brott, ok bið mín þrjá vetr“. Guðrún kvaðst um þat mundu engu heita, ok þótti sinn veg hváru þeira, ok skildu með því. Reið Kjartan heim. Óláfr reið til þings um sumarit. Kjartan reið með föður sínum vestan ór Hjarðarholti, ok skildust í Norðrárdal. Þaðan reið Kjartan til skips, ok Bolli frændi hans var í för með hon-

um. Tíu váru þeir íslenzkir menn saman alls, er í ferð váru með Kjartani ok engi vildi skiljast við Kjartan fyrir ástar sakir. Riðr Kjartan til skips við þetta föruneyti. Kálfr Ásgeirsson fagnar þeim vel. Mikit fé höfðu þeir utan Kjartan ok Bolli. Halda þeir nú á búnaði sínum, ok þegar er býr gaf, sigla þeir út eftir Borgarfirði léttan byr ok góðan, ok síðan í haf. Þeim byrjaði vel, tóku Noreg norðarla, ok halda inn til Þrándheims, ok hittu þar menn at máli ok spurðu tíðenda. Þeim var sagt, at höfðingjaskifti var orðit í landinu. Var Hákon jarl frá fallinn, enn Óláfr konungr Tryggvason til kominn, ok hafði allr Noregr fallit í hans vald. Óláfr konungr bauð síðaskifti í Noregi. Gengu menn allmisjafnt undir þat. Þeir Kjartan lögðu inn til Niðaróss skipi sínu. Í þenna tíma váru margir menn íslenzkir í Noregi, þeir er virðingamenn váru. Lágu þar fyrir bryggjunum þrjú skip, er íslenzkir menn áttu öll. Eitt skip átti Brandr enn örvi, son Vermundar Þorgrímssonar. Annat skip átti Hallfreðr vandræðaskáld. Þriðja skip áttu bræðr tveir; hét annarr Bjarni, enn annarr Þórhallr; þeir váru synir Breiðár-Skeggja austan ór Fljótshlíð. Þessir menn allir höfðu ætlat um sumarit út til Íslands, enn konungr hafði lagt farbann fyrir skip þessi öll; því at þeir vildu eigi taka við síð þeim er hann bauð. Allir íslenzkir menn fagna vel Kjartani, enn

þó Brandr bezt; því at þeir váru mjök kunnir áðr. Báru nú Íslendingar saman ráð sín, ok kom þat ásamt með þeim, at níta sið þeim er konungr bauð, ok höfðu þessir allir samband, þeir sem fyrr váru nefndir. Þeir Kjartan lögðu nú skipinu við bryggjur ok ruddu skipit, ok störfuðu fyrir fé sínu. Óláfr konungr var í bænum. Hann spyr skipkvámu þessa ok þat með, at þar munu þeir menn margir á skipi, er mikilhæfir eru. Þat var um haustit einn góðan veðrdag, at menn fóru ór bænum cil sunds á ána Nið; þeir Kjartan sjá þetta. Þá mælti Kjartan til sinna félaga, at þeir mundu fara til sundsins at skemta sér um daginn. Þeir gera svá. Einn maðr lék þar miklu bezt. Þá spyr Kjartan Bolla, ef hann vili freista sunds við bæjarmanninn. Bolli svarar: „Ekki ætla ek þat mitt færi“. „Eigi veit ek, hvar kapp þitt er nú komit“, segir Kjartan, „ok skal ek þá til“. Bolli svarar: „Þat máttu gera, ef þér likar“. Kjartan fleygir sér nú út á ána ok at þessum manni, er bezt er sundfærr, ok færir niðr þegar, ok heldr niðri um hrið; lætr Kjartan þenna upp, ok er þeir hafa eigi lengi uppi verit, þá þrífir sá maðr til Kjartans ok keyrir hann niðr ok eru niðri ekki skemr, enn Kjartani þótti hóf at; koma enn upp; engi höfðust þeir orð við. Et þriðja sinn fara þeir niðr, ok eru þeir þá miklu lengst

niðri; þykkist Kjartan nú eigi skilja, hversu sjá leikr mun fara, ok þykkist Kjartan aldri komit hafa í jafn-rakkan stað fyrr; þar kemr at lyktum, at þeir koma upp ok leggjast til lands. Þá mælti bæjarmaðrinn: „Hverr er þessi maðr?“ Kjartan sagði nafn sitt. Bæjarmaðr mælti: „Dú ert sundfærr vel, eða ertu at öðrum íþróttum jafnvel búinn sem at þessi?“ Kjartan svarar ok heldr seint: „Þat var orð á, þá er ek var á Íslandi, at þar færi aðrar eftir; enn nú er lítils um þessa vert“. Bæjarmaðr mælti: „Þat skiftir nökkuru, við hvern þú hefir átt; eða hví spyrst þú mik engis?“ Kjartan mælti: „Ekki hirði ek um nafn þitt“. Bæjarmaðr segir: „Bæði er, at þú ert gervilegr maðr, enda lætr þú allstórlega; enn eigi því siðr skaltu vita nafn mitt, eða við hvern þú hefir sundit þreytt. Hér er Óláfr konungr Tryggvason“. Kjartan svarar engu, ok snýr þegar í brott skikkjulauss. Hann var í skarlatskyrtli rauðum. Konungr var þá mjök klæddr; hann kallar á Kjartan ok bað hann eigi svá skjótt fara. Kjartan víkr aftr ok heldr seint. Þá tekr konungr af herðum sér skikkju góða ok gaf Kjartani; kvað hann eigi skikkjulausan skyldu ganga til sinna manna. Kjartan þakkar konungi gjöfina ok gengr til sinna manna ok sýnir þeim skikkjuna. Ekki létu hans menn vel yfir þessu; þóttu Kjartan mjök hafa gengit

á konungs vald; ok er nú kyrt. Veðráttu gerði harða um haustit; váru frost mikil ok kuldar. Heiðnir menn segja þat eigi undarlegt, at veðráttu léti illa — „geldr at nýbreytni konungs ok þessa ens nýja siðar, er goðin hafa reiðzt“. Íslendingar váru allir saman um vetrinn í bænum; var Kjartan mjök fyrir þeim. Veðrátt batnar, ok kómu menn fjölment þá til bæjarins at orðsending Óláfs konungs. Margir menn höfðu við kristni tekit í Þrándheimi, enn hinir váru þó miklu fleiri, er í móti váru. Einn hvern dag átti konungr þing í bænum út á eyrum, ok talaði trú fyrir mönnum, langt erendi ok snjalt. Þrændr höfðu her manns, ok buðu konungi bardaga í mót. Konungr kvað þá vita skyldu, at hann þóttist átt hafa við meira ofrefli, enn berjast þar við þorpara í Þrándheimi. Skaut þá bóndum skelk í bringu, ok lögðu alt á konungs vald, ok var mart fólk þá skírt. Enn síðan var slitit þinginu. Þetta sama kveld sendir konungr menn til herbergis Íslendinga, ok bað þá verða vísa, hvat þeir talaði. Þeir gera svá; var þar inn at heyra glaumr mikill. Þá tók Kjartan til orða ok mælti til Bolla: „Hversu fúss ertu, frændi, at taka við trú þeiri, er konungr býðr?“ Ekki em ek þess fúss“, svarar Bolli, „því at mér lízt siðr þeira veykleggr mjök“. Kjartan spyrr: „Þótti yðr konungrinn í engum hótum hafa við þá er eigi

vildu undirganga hans vilja?“ Bolli svarar: „At vísu þótti oss konungr ganga ór skugga um þat, at þeir mundu miklum afarkostum mæta af honum“. „Engis manns nauðungar-maðr vil ek vera“, segir Kjartan, „meðan ek má upp standa ok vápnum valda; þykki mér þat ok lítilmannlegt, at vera tekinn sem lamb ór stekk eða melrakki ór gildru; þykki mér hinn kostur miklu betri, ef maðr skal þó deyja, at vinna þat nökkut áðr, er lengi sé uppi haft síðan“. Bolli spyr: „Hvat viltu gera?“ „Ekki mun ek því leynd“, segir Kjartan, „brenna konunginn inni“. „Ekki kalla ek þetta lítilmannlegt“, segir Bolli, „enn eigi mun þetta framgengt verða, at því er ek hygg; mun konungr vera giftudrjúgr ok hamingjumikill; hann hefir ok örugg varðhöld dag ok nótt“. Kjartan kvað áráðit flestum bila, þótt allgóðir karlmenn væri. Bolli kvað þat vant at sjá, hverjum hugar þyrfti at frýja; enn margir tóku undir, at þetta væri þarfleysutal. Ok er konungsmenn höfðu þessa varir orðit, þá fóru þeir í brott, ok segja konungi þetta tal alt. Um morgininn eftir vill konungr þing hafa. Er nú til stefnt öllum íslenskum mönnum, ok er þingit var sett, þá stóð konungr upp, ok þakkaði mönnum þangatkvámu, þeim er hans vinir vildu vera ok við trú höfðu tekit. Hann heimti til tals við sik Íslendinga. Konungr spyr, ef þeir

vildi skírn taka. Þeir ræma þat lítt. Konungr segir, at þeir mundi þann kost velja sér til handa, er þeim gegndi verr, — „eða hverjum yðrum þótti þat ráðlegast at brenna mik inni?“ Þá svarar Kjartan: „Þat munu þér ætla, at sá muni eigi einurð til hafa við at ganga, er þat hefir mælt; enn hér máttu þann sjá“. „Sjá má ek þik“, segir konungr, „ok eigi smáráðan; enn eigi mun þér þess auðit verða at standa yfir höfuðsvörðum mínum, ok ærna hefir þú sök til þess, þóttu heitaðist eigi við fleiri konunga inni at brenna, fyrir þá sök, er þér væri et betra kent; enn fyrir þat er ek vissa eigi, hvárt hugr fylgdi máli þínu, enn drengilega við gengit, þá skal þik eigi af lífi taka fyrir þessa sök; kann ok vera, at þú haldir því betr trúna, sem þú mælir meir í móti henni enn aðrir: kann ek ok þat at skilja, at þat mun skipshöfnum skifta, at þann dag munu við trú taka, er þú lætr ónauðigr skirast; þykki mér ok á því líkendi, at frændr yðrir ok vinir munu mjök á þat hlýða, hvat þér talið fyrir þeim, er þér komið út til Íslands; er þat ok nær mínu hugboði, at þú, Kjartan, hafir betra sið, er þú siglir af Noregi, enn þá er þú komt hegat. Farið nú í friði ok í gríðum, hvert er þér vilið, af þessum fundi; skal eigi pynda yðr til kristni at sinni; því at guð mælir svá, at hann vill, at engi komi nauðigr til hans“. Var góðr rómr

gerr at máli konungs, ok þó mest af kristnum mönnum. Enn heiðnir menn mátu við Kjartan, at hann skyldi svara sem hann vildi. Þá mælti Kjartan: „Þakka viljum vér yðr, konungr, er þér gefið oss góðan frið, ok þanneg máttu oss mest teygja at taka við trúnni, at gefa oss upp stórsakir, enn mælið til alls í bliðu, þar sem þér hafið þenna dag alt ráð vart í hendi, er þér vilið, ok þat ætla ek mér, at taka því at eins við trú í Noregi, at ek meta lítills Þór enn næsta vetr, er ek kem til Íslands“. Þá segir konungr ok brosti at: „Þat sér á yfirbragði Kjartans, at hann þykkist eiga meira traust undir afi sínu ok vápnum, heldr enn þar sem er Þórr ok Óðinn“. Síðan var slitit þinginu. Margir menn eggjuðu konung, er stund var í milli, at nauðga þeim Kjartani til trúarinnar, ok þótti óráðlegt at hafa svá marga heiðna menn nær sér. Konungr svarar reiðulega, kvaðst þat hyggja, at margir mundi þeir kristnir, er eigi mundu þeir jafnháttagóðir sem Kjartan eða sveit hans, — „ok skal slíkra manna lengi biða“. Konungr lætr mart nyt-samlegt vinna þann vetr; lætr hann kirkju gera ok auka mjök kaupstaðinn; sú kirkja var ger at jólum. Þá mælti Kjartan, at þeir mundi ganga svá nær kirkju, at þeir mætti sjá atferði síðar þess, er kristnir menn höfðu; tóku margir undir ok sögðu þat vera mundu mikla

skemtan. Gengr Kjartan nú með sína sveit ok Bolli; þar er ok Hallfreðr í för ok mart manna af Íslendingum. Konungr talaði trú fyrir mönnum, bæði langt erendi ok snjalt, ok gerðu kristnir menn góðan róm at hans máli. Enn er þeir Kjartan váru gengnir í herbergi sín, tekst umræða mikil, hverneg þeim hefði á litizt konunginn nú, er kristnir menn kalla næst enni mestu hátíð, — „því at konungr sagði, svá at vér máttum heyra, at sá höfðingi hafi í nótt borinn verit, er vér skulum nú á trúa, ef vér gerum eftir því, sem konungr býðr oss“. Kjartan segir: „Svá leizt mér vel á konung et fyrsta sinn, er ek sá hann, at ek fekk þat þegar skilt, at hann var enn mesti ágætismaðr, ok þat hefir haldizt jafnan síðan, er ek hefi hann á mannfundum sét, enn miklu bezt leizt mér þó í dag á hann, ok öll ætla ek oss þar við liggja vár málskifti, at vér trúum þann vera sannan guð, sem konungr býðr, ok fyrir engan mun má konungi nú tíðara til vera, at ek taka við trúnni, enn mér er at láta skírast, ok þat eina dvelr, er ek geng nú eigi þegar á konungs fund, er framorðit er dags, því at nú mun konungr yfir borðum vera, enn sá dagr mun dveljast, er vér sveitungar látum allir skírast“. Bolli tók vel undir þetta ok bað Kjartan einn ráða þeira máli. Viðræðu þeira Kjartans hafði konungr fyrri spurt, enn borðin væri í brottu;

því at hann átti trúnað í hvers þeira herbergi enna heiðnu manna. Konungurinn verðr allgláðr við þetta ok mælti: „Sannat hefir Kjartan orðskviðinn, at hátiðir eru til heilla beztar“. Ok þegar um morgininn snimma, er konungr gekk til kirkju, mætti Kjartan honum á strætinu með mikilli sveit manna. Kjartan kvaddi konung með mikilli bliðu ok kvaðst eiga skyld erendi við hann. Konungr tók vel kveðju hans, ok kvaðst hafa spurt af et ljósasta um hans erendi, — „ok mun þér þetta mál auðsótt“. Kjartan bað þá ekki dvala við at leita at vatninu ok kvað þó mikils mundu við þurfa. Konungr segir ok brosti við: „Já, Kjartan“, segir hann, „eigi mundi okkr hér um harðfæri skilja, þóttu værir nökkuru kaupýrri“. Síðan váru þeir Kjartan ok Bolli skirðir ok öll skipshöfn þeira ok fjöldi annarra manna. Þetta var annan dag jóla fyrir tíðir. Síðan bauð konungr Kjartani í jólaboð sitt ok svá Bolla frænda hans. Þat er sögn flestra manna, at Kjartan hafi þann dag gerzt handgenginn Óláfi konungi, er hann var færðr ór hvítaváðum ok þeir Bolli báðir. Hallfredr var eigi skirðr þann dag, því at hann skildi þat til, at konungr sjálfr skyldi halda honum undir skírn. Konungr lagði þat til annan dag eftir. Kjartan ok Bolli váru með Óláfi konungi þat er eftir var vetrarins. Konungr mat Kjartan um fram alla

menn fyrir sakir ættar sinnar ok atgervi, ok er þat alsagt, at Kjartan væri þar svá vinsæll, at hann átti sér engan öfundarmann innan hirðar. Var þat ok allra manna mál, at engi hefði slíkr maðr komit af Íslandi sem Kjartan. Bolli var ok enn vaskasti maðr ok metinn vel af góðum mönnum. Líðr nú vetr sjá, ok er várar, búast menn ferða sinna, svá hverr sem ætlaði.

41. Kálfr Ásgeirsson gengr til fundar við Kjartan ok spyrr, hvat hann ætlaði ráða sinna um sumarit. Kjartan svarar: „Þat ætlaða ek helzt, at vit mundim halda skipi okkru til Englands, því at þangat er nú góð kaupstefna kristnum mönnum. Enn þó vil ek finna konung, áðr enn ek ráða þetta til staðar, því at hann tók lítt á um ferð mína, þá er okkr varð um rætt á vári“. Síðan gekk Kálfr á brott, enn Kjartan til máls við konung ok fagnar honum vel. Konungr tók honum með blíðu ok spurði, hvat í tali hefði verit með þeim félögum. Kjartan segir, hvat þeir hefði helzt ætlat. Enn kvað þó þat sitt erendi til konungs, at biðja sér orlofs um sína ferð. Konungr svarar: „Þann kost mun ek þér gera á því, Kjartan, at þú farir til Íslands út í sumar ok brjótir menn til kristni þar annathvært með styrk eða ráðum. Enn ef þér þykkir sú för torsóttleg, þá vil ek fyrir engan mun láta hendr af þér;

því at ek virði, at þér sé betr hent at þjóna tignum mönnum, heldr enn gerast hér at kaupmanni“. Kjartan kaus heldr at vera með konungi, enn fara til Íslands ok boða þeim trúna, kvaðst eigi deila vilja ofrkappi við frændr sína, — „er þat ok líkara um föður minn ok aðra höfðingja, þá sem frændr mínir eru nánir, at þeir sé eigi at strangari í at gera þinn vilja, at ek sjá í yðru valdi í góðum kostum“. Konungr segir: „Þetta er bæði keyrit hyggilega ok mikilmannlega“. Konungr gaf Kjartani öll klæði nýskorin af skarlati; sömdu honum þau, því at þat sögðu menn, at þeir hafi jafnmiklir menn verit, þá er þeir gengu undir mál, Óláfr konungr ok Kjartan. Óláfr konungr sendi til Íslands hirðprest sinn, er þang-Brandr hét; hann kom skipi sínu í Álftafjörð, ok var með Síðu-Halli um vetrinn at Þvátta, ok boðaði mönnum trú, bæði með bliðum orðum ok hörðum refsingum. Þang-Brandr vá tvá menn, þá er mest mæltu í móti. Hallr tók trú um várit ok var skírðr þváttdaginn fyrir páska ok öll hjón hans, ok þá lét Gizurr hvíti skirast ok Hjalti Skeggjason ok margir aðrir höfðingjar. Enn þó váru þeir miklu fleiri, er í móti mæltu, ok gerðist þá trautt óhætt með heiðnum mönnum ok kristnum. Gerðu höfðingjar ráð sitt, at þeir mundu drepa þang-Brand ok þá menn, er honum vildu veita forstöð. Fyrir þessum ófriði stökk þang-

Brandr til Noregs, ok kom á fund Óláfs konungs, ok sagði honum, hvat til tíðenda hafði borit í sinni ferð, ok kvaðst þat hyggja, at eigi mundi kristni viðgangast á Íslandi. Konungr verðr þessu reiðr mjök ok kvaðst þat ætla, at margir Íslendingar mundu kenna á sínum hlut, nema þeir riði sjálfir á vit sín. Þat sama sumar varð Hjalti Skeggjason sekr á þingi um goðgá. Runólfr Úlfsson sótti hann, er bjó í Dal undir Eyjafjöllum, enn mesti höfðingi. Þat sumar fór Gizurr utan ok Hjalti með honum, taka Noreg ok fara þegar á fund Óláfs konungs. Konungr tekr þeim vel ok kvað þá hafa vel ór ráðit ok bauð þeim með sér at vera, ok þat þiggja þeir. Þá hafði Svertingr son Runólfs ór Dal verit í Noregi um vetrinn, ok ætlaði til Íslands um sumarit; flaut þá skip hans fyrir bryggjum albúit ok beið byrjar. Konungr bannaði honum brottferð; kvað engi skip skyldu ganga til Íslands þat sumar. Svertingr gekk á konungs fund ok flutti mál sitt, bað sér orlofs, ok kvað sér miklu máli skifta, at þeir bæri eigi farminn af skipinu. Konungr mælti ok var þá reiðr: „Vel er, at þar sé son blótmannsins, er honum þykkir verra“ — ok fór Svertingr hvergi. Var þann vetr alt tíðendalaust. Um sumarit eftir sendi konungr þá Gizur hvíta ok Hjalta Skeggjason til Íslands at boða trú enn af nýju, enn hann tók fjóra

menn at gíslum eftir: Kjartan Ólafsson, Hall-dór, son Guðmundar ens ríka, ok Kolbein son Þórðar Freys-goða ok Sverting, son Runólfs ór Dal. Þá ræðst ok Bolli til farar með þeim Gizuri ok Hjalta. Síðan gengr hann at hitta Kjartan frænda sinn ok mælti: „Nú em ek búinn til ferðar, ok munda ek biða þín enn næsta vetr, ef at sumri væri lauslegra um þína ferð enn nú; enn vér þykkjumst hitt skilja, at konungr vill fyrir engan mun þik lausan láta. Enn höfum þat fyrir satt, at þú munir fátt þat, er á Íslandi er til skemtanar, þá er þú sitr á tali við Ingibjörgu konungs systur“. Hon var þá með hirð Óláfs konungs ok þeira kvenna friðust, er þá váru í landi. Kjartan svarar: „Haf ekki slíkt við; enn bera skaltu frændum várum kveðju mína ok svá vinum“.

42. Eftir þat skiljast þeir Kjartan ok Bolli. Gizurr ok Hjalti sigla af Noregi ok verða vel reiðfara; koma at þingi í Vestmannaeyjar ok fara til meginlands; eigu þar stefnur ok tal við frændr sína. Síðan fara þeir til alþingis ok töldu trú fyrir mönnum, bæði langt erendi ok snjalt, ok tóku þá allir menn trú á Íslandi. Bolli reið í Hjarðarholt af þingi með Óláfi frænda sínum; tók hann við honum með mikilli bliðu. Bolli reið til Lauga at skemta sér, þá er hann hafði litla hrið verit heima; var honum þar vel fagnat. Guðrún spurði vandlega um

ferðir hans; enn því næst at Kjartani. Bolli leysti ofléttlega ór því öllu, er Guðrún spurði; kvað alt tíðendalaust um ferðir sínar — „enn þat er kemr til Kjartans, þá er þat með miklum ágætum at segja satt frá hans kosti; því at hann er í hirð Óláfs konungs ok metinn þar umfram hvern mann. Enn ekki kemr mér at óvörum, þó at hans hafi hér í landi litlar nytjar ena næstu vetr“. Guðrún spyr þá, hvárt nökkut heldi til þess annat enn vinátta þeira konungs. Bolli segir, hvert orðtak manna var á um vinátta þeira Kjartans ok Ingibjargar, konungs systur, ok kvað þat nær sinni ætlan, at konungr mundi heldr gifta honum Ingibjörgu, enn láta hann lausan, ef því væri at skifta. Guðrún kvað þat góð tíðendi — „enn því at eins er Kjartani fullbóðit, ef hann fær góða konu“, ok lét þá þegar falla niðr talit, gekk á brott ok var allrauð, enn aðrir grunuðu, hvárt henni þætti þessi tíðendi svá góð, sem hon lét vel yfir. Bolli er heima í Hjarðarholti um sumarit ok hafði mikinn sóma fengit í ferð þessi; þótti öllum frændum hans ok kunningjum mikils um vert hans vaskleik. Bolli hafði ok mikit fé út haft. Hann kom oft til Lauga ok var á tali við Guðrúnu. Eitt sinn spurði Bolli Guðrúnu, hversu hon mundi svara, ef hann bæði hennar. Þá segir Guðrún skjótt: „Ekki þarftu slíkt at ræða, Bolli, engum manni mun ek giftast, með-

an ek spyrr Kjartan á lífi“. Bolli svarar: „Þat hyggjum vér, at þú verðir at sitja nökk-
ura vetr mannlau, ef þú skalt biða Kjartans;
mundi hann ok kost hafa átt at bjóða mér þar
um nökkut erendi, ef honum þætti þat allmiklu
máli skifta“. Skiftust þau nökkurum orðum
við, ok þótti sinn veg hvaru. Síðan riðr Bolli
heim.

43. Nökkuru síðar ræðir Bolli við Óláf
frænda sinn ok mælti: „Á þá leið er, frændi,
komit, at mér væri á því hugr at staðfesta
ráð mitt ok kvángast. Þykkjumst ek nú vera
fullkominn at þroska; vilda ek til hafa þessa
máls þitt orðafullting ok framkvæmd; því at
þeir eru hér flestir menn, at mikils munu virða
þín orð“. Óláfr svarar: „Þær eru flestar kon-
ur, at vér munum kalla at þeim sé fullboðit,
þar er þú ert; muntu ok eigi hafa þetta fyrr
upp kveðit, enn þú munt hafa statt fyrir þér,
hvar niðr skal koma“. Bolli segir: „Ekki
mun ek mér ór sveit á brott biðja konu, með-
an svá nálægir eru góðir ráðakostir. Ek vil
biðja Guðrúnar Ósvífrsdóttur; hon er nú frægst
kvenna“. Óláfr svarar: „Þar er þat mál, at
ek vil engan hlut at eiga; er þér, Bolli, þat í
engan stað ókunnara enn mér, hvert orðtak á
var um kærleika með þeim Kjartani ok Guð-
rúnu. Enn ef þér þykkir þetta allmiklu máli
skifta, þá mun ek leggja engan meinleika til,

ef þetta semst með yðr Ósvífri; eða hefir þú þetta mál nökkut rætt við Guðrúnu? Bolli kvaðst hafa á vikit um sinnsakir, ok kvað hana hafa ekki mjök á tekit — „vænti ek þó, at Ósvífr muni mestu um ráða þetta mál“. Óláfr kvað hann með mundu fara, sem honum líkaði. Eigi miklu síðar riðr Bolli heiman ok með honum synir Óláfs, Halldórr ok Steinþórr; váru þeir tólf saman; þeir riða til Lauga. Ósvífr fagnar þeim vel ok synir hans. Bolli kvaddi Ósvíf til máls við sik ok hefr upp bónorð sitt ok bað Guðrúnar dóttur hans. Enn Ósvífr svarar á þá leið: „Svá er sem þú veizt, Bolli, at Guðrún er ekkja ok á hon sjálf svör fyrir sér. Enn fýsa mun ek þessa“. Gengr nú Ósvífr til fundar við Guðrúnu, ok segir henni, at — „þar er kominn Bolli Þorleiksson, ok biðr þín; áttu nú svör þessa máls. Mun ek hér um skjótt birta minn vilja, at Bolla mun eigi frá hnekt, ef ek skal ráða“. Guðrún svarar: „Skjótlitit gerir þú þetta mál, ok ræddi Bolli eitt sinn þetta mál fyrir mér, ok veik ek heldr af, ok þat sama er mér enn í hug“. Þá segir Ósvífr: „Þá munu margir menn mæla, at þetta sé meir af ofsa mælt enn mikilli fyrirhyggju, ef þú neitar slíkum manni sem Bolli er; enn meðan ek em uppi, þá skal ek hafa forsjá fyrir yðr börnum mínum um þá hluti, er ek kann gerr at sjá enn þér“. Ok er Ósvífr

tók þetta mál svá þvert, þá fyrirtók Guðrún eigi fyrir sína hönd, ok var þó en tregasta í öllu. Synir Ósvífrs fýsa þessa mjök; þykkir sér mikil slægja til mægða við Bolla. Ok hvárt sem at þessum málum var setit lengr eða skemr, þá réðst þat af, at þar fóru festar fram ok kveðit á brullaupsstefnu um vetrnáttu skeið. Síðan reið Bolli heim í Hjarðarholt ok segir Óláfi þessa ráðastofnun. Hann lætr sér fátt um finnst. Er Bolli heima, þar til er hann skal boðit sækja. Bolli bauð Óláfi frænda sínum, enn Óláfr var þess ekki fljótr, ok fór þó at bæn Bolla. Veizla var virðuleg at Laugum. Bolli var þar eftir um vetrinn. Ekki var mart í samförum þeira Bolla af Guðrúnar hendi. Enn er sumar kom, þá gengu skip landa í milli. Þá spurðust þau tíðendi til Noregs af Íslandi, at þat var alkristit; varð Óláfr konungr við þat allgláðr ok gaf leyfi öllum til Íslands þeim mönnum, er hann hafði í gislingum haft, ok fara hvert er þeim líkaði. Kjartan svaraði, því at hann var fyrir þeim mönnum öllum, er í gislingu höfðu verit haldnir — „hafð mikla þökk, ok þann munum vér af taka, at vitja Íslands í sumar“. Þá segir Óláfr konungr: „Eigi munum vér þessi orð aftr taka, Kjartan, enn þó mæltum vér þetta ekki síðr til annarra manna enn til þín; því at vér virðum svá, Kjartan, at þú hafir hér setit meir í vingan enn

gíslingu. Vilda ek, at þú fýstist eigi út til Íslands, þó at þú eigir þar göfga frændr; því at kost muntu eiga at taka þann ráðakost í Noregi er engi mun slíkr á Íslandi“. Þá svarar Kjartan: „Várr herra launi yðr þann sóma, er þér hafid til mín gert, síðan er ek kom á yðvart vald. Enn þess væntir ek, at þér munuð eigi síðr gefa mér orlof enn þeim öðrum, er þér hafid hér haldit um hrið“. Konungr kvað svá vera skyldu, enn segir sér torfengan slíkan mann ótiginn sem Kjartan var. Þann vetr hafði Kálfr Ásgeirsson verit í Noregi, ok hafði áðr um haustit komit vestan af Englandi með skip þeira Kjartans ok kaupeyri. Ok er Kjartan hafði fengit orlofit til Íslandsferðar, halda þeir Kálfr á búnaði sínum. Ok er skipit var albúit, þá gengr Kjartan á fund Ingibjargar konungs systur. Hon fagnaði honum vel, ok gefr rúm at sitja hjá sér ok taka þau tal saman. Segir Kjartan þá Ingibjörgu, at hann hefir búit ferð sína til Íslands. Þá svarar hon: „Meir ætlum vér, Kjartan, at þú hafir gert þetta við einræði þitt, enn menn hafi þik þessa eggjat, at fara í brott af Noregi ok til Íslands“. Enn fátt varð þeim at orðum þaðan í frá. Í þessu bili tekr Ingibjörg til mjöðdrekku, er stendr hjá henni. Hon tekr þar ór motr hvítan gullöfinn ok gefr Kjartani, ok kvað Guðrúnu Ósvífrsdóttur hölztu gott at vefja honum at

höfði sér, — „ok muntu henni gefa motrinn at bekkjargjöf; vil ek, at þær Íslendinga konur sjái þat, at sú kona er eigi þrælaættar, er þú hefir tal átt við í Noregi“. Þar var guðvefjar-poki um utan; var þat enn ágætasti gripr. „Hvergi mun ek leiða þik“, sagði Ingibjörg, „far nú vel ok heill“. Eftir þat stendr Kjartan upp ok hvarf til Ingibjargar, ok höfðu menn þat fyrir satt, at þeim þætti fyrir at skiljast. Gengr nú Kjartan í brott ok til konungs, sagði konungi, at hann er þá búinn ferðar sinnar. Óláfr konungr leiddi Kjartan til skips ok fjöldi manns með honum, ok er þeir kómu þar sem skipit flaut ok var þá ein bryggja á land, þá tók konungr til orða: „Hér er sverð, Kjartan, er þú skalt þiggja af mér at skilnaði okkrum; láttu þér vápn þetta fylgjusamt vera, því at ek vænti þess, at þú verðir eigi vápnbitinn maðr, ef þú berr þetta sverð“. Þat var enn virðuligsti gripr ok búit mjök. Kjartan þakkaði konungi með fögrum orðum alla þá sæmd ok virðing, er hann hafði honum veitt, meðan hann hafði verit í Noregi. Þá mælti konungr: „Þess vil ek biðja þik, Kjartan, at þú haldir vel trú þína“. Eftir þat skiljast þeir konungr ok Kjartan með miklum kærleik. Gengr þá Kjartan út á skip. Konungr leit eftir honum ok mælti: „Mikit er at Kjartani kveðit ok

kyni hans, ok mun óhægt vera at gerða við forlögum þeira“.

44. Þeir Kjartan ok Kálfr sigla nú í haf. Þeim byrjaði vel ok váru litla hrið úti; tóku Hvitá í Borgarfirði. Þessi tíðendi spyrjast víða, útkváma Kjartans. Þetta fréttir Óláfr faðir hans ok aðrir frændr hans ok verða fegnir mjök. Ríðr Óláfr þegar vestan ór Dölum ok suðr til Borgarfjarðar. Verðr þar mikill fagnafundr með þeim feðgum. Býðr Óláfr Kjartani til sín við svá marga menn sem hann vildi. Kjartan tók því vel, kvaðst sér þá eina vist ætla at hafa á Íslandi. Ríðr Óláfr nú heim í Hjarðarholt, enn Kjartan er at skipi um sumarit. Hann spyr nú gjaforð Guðrúnar ok brá sér ekki við þat. Enn mörgum var á því kvíðustaðr ádr. Guðmundr Sölmundarson, mágr Kjartans, ok Þuríðr systir hans kómu til skips. Kjartan fagnar þeim vel. Ásgeirr æðikollr kom ok tilskips at finna Kálf son sinn. Þar var í ferð með honum Hrefna dóttir hans; hon var en fríðasta kona. Kjartan bauð Þuríði systur sinni at hafa slíkt af varningi sem hon vildi. Slíkt it sama mælti Kálfr við Hrefnu. Kálfr lýkr nú upp einni mikilli kistu ok bað þær þar til ganga. Um daginn gerði á hvast veðr, ok hljópu þeir Kjartan þá út at festa skip sitt, ok er þeir höfðu því lokit, ganga þeir heim til búðanna. Gengr Kálfr inn fyrri í búðina. Þær Þuríðr

ok Hrefna hafa þá mjök brotit ór kistunni. Þá þrífr Hrefna upp motrinn ok rekr í sundr. Tala þær um, at þat sé en mesta gersemi. Þá segir Hrefna, at hon vill falda sér við motrinn. Þuriðr kvað þat ráðlegt, ok nú gerir Hrefna svá. Kálfr sér þetta, ok lét eigi hafa vel til tekizt ok bað hana taka ofan sem skjótast, — því at sjá er einn svá hlutr, at vit Kjartan eigum eigi báðir saman“. Ok er þau tala þetta, þá kemr Kjartan inn í búðina; hann hafði heyrt tal þeira ok tók undir þegar ok kvað ekki saka. Hrefna sat þá enn með faldinum. Kjartan hyggir at henni vandlega ok mælti: „Vel þykki mér þér sama motrinn, Hrefna“, segir hann, „ætla ek ok, at þat sé bezt fallit, at ek eiga alt saman motr ok mey“. Þá svarar Hrefna: „Þat munu menn ætla, at þú munir eigi kvángast vilja bráðendis, enn geta þá konu er þú biðr“. Kjartan segir, at eigi mundi mikit undir, hverja hann ætti, enn lézt engrar skyldu lengi vánbiðill vera—, „sé ek at þessi búnadr berr þér vel, ok er sannlegt at þú verðir mín kona“. Hrefna tekr nú ofan faldinn ok selr Kjartani motrinn, ok hann varðveitir. Guðmundr ok þau Þuriðr buðu Kjartani norðr þangat til sín til kynnisvistar um vetrinn. Kjartan hét ferð sinni. Kálfr Ásgeirsson réðst norðr með feðr sínum. Skifta þeir Kjartan nú félagi sínu ok fór það alt í makendi ok vinskap. Kjartan riðr nú frá skipi ok vestr í Dali. Þeir váru

tólf saman. Kemr Kjartan heim í Hjarðarholt, ok verða allir menn honum fegnir. Kjartan lætr flytja fé sitt sunnan frá skipi um haustit. Þessir tólf menn, er vestr riðu með Kjartani, váru allir í Hjarðarholti um vetrinn. Þeir Óláfr ok Ósvífr heldu enum sama hætti um heimboð. Skyldu sitt haust hvárir aðra heimsækja. Þetta haust skyldi vera boð at Laugum, enn Óláfr til sækja ok þeir Hjarðhyltingar. Guðrún mælti nú við Bolla, at henni þótti hann eigi hafa sér alt satt til sagt um útkvámu Kjartans. Bolli kvaðst þat sagt hafa, sem hann vissi þar af sannast. Guðrún talaði fátt til þessa efnis. Enn þat var auðfynt, at henni likaði illa, því at þat ætluðu flestir menn, at henni væri enn mikil eftirsjá at um Kjartan, þó at hon hyldi yfir. Líðr nú þar til, er haustboðit skyldi vera at Laugum. Óláfr bjóst til ferðar ok bað Kjartan fara með sér. Kjartan kvaðst mundu heima vera at gæta bús. Óláfr bað hann eigi þat gera at styggjast við frændr sína, — „minstu á þat, Kjartan, at þú hefir engum manni jafnmikit unt sem Bolla fóstbróður þínum. Er þat minn vili, at þú farir. Mun ok brátt semjast með ykk frændum, ef þit finnizt sjálfir“. Kjartan gerir svá sem faðir hans beiðist, ok tekr hann nú upp skarlatasklæði sín, þau er Óláfr konungr gaf honum at skilnaði, ok bjó sik við skart. Hann gyrði sik með sverðinu konungs-

naut. Hann hafði á höfði hjálm gullroðinn ok skjöld á hlið rauðan, ok dreginn á með gulli krossinn helgi. Hann hafði í hendi spjót, ok gullrekinn falrinn á. Allir menn hans váru í litklæðum; þeir váru alls á þriðja tigi manna. Þeir riða nú heiman ór Hjarðarholti ok fóru þar til er þeir kómu til Lauga. Var þar mikit fjölmenni fyrir.

45. Bolli gekk í móti þeim Óláfi ok synir Ósvífrs og fagna þeim vel. Bolli gekk at Kjartani ok mintist til hans. Kjartan tók kveðju hans. Eftir þat var þeim inn fylgt. Bolli er við þá enn kátasti. Óláfr tók því einkar vel, enn Kjartan heldr fálega. Veizla fór vel fram. Bolli átti stóðhross þau, er bezt váru kölluð; hestrinn var mikill ok vænn ok hafði aldregi brugðizt at vígi. Hann var hvítr at lit ok rauð eyrun ok topprinn. Þar fylgdu þrjú merhryssi með sama lit sem hestrinn. Þessi hross vildi Bolli gefa Kjartani, enn Kjartan kvaðst engi vera hrossamaðr ok vildi eigi þiggja. Óláfr bað hann við taka hrossunum —, „ok eru þetta ena virðuligstu gjafir“. Kjartan setti þvert nei fyrir. Skildust eftir þat með engri blíðu. Ok fóru Hjarðhyltingar heim, ok er nú kyrt. Var Kjartan heldr fár um vetrinn; nutu menn lítt tals hans; þótti Óláfi á því mikil mein. Þann vetr eftir jöl býst Kjartan heiman, ok þeir tólf saman; ætluðu þeir norðr til heraða. Riða nú

leið sína, þar til er þeir koma í Víðidal norðr í Ásbjarnarnes, ok er þar tekit við Kjartani með enni mestu blíðu ok öluð. Váru þar hýbýli en vegligstu. Hallr son Guðmundar var þá á tvítugs aldri. Hann var mjök í kyn þeira Laxdæla. Þat er alsagt, at eigi hafi verit alvasklegri maðr í öllum Norðlendinga fjórðungi. Hallr tók við Kjartani frænda sínum með mikilli blíðu. Eru nú þegar leikar lagðir í Ásbjarnarnesi, ok safnat víða til um heruð. Kom til vestan ór Miðfirði, ok af Vatnsnesi ok ór Vatnsdal, ok alt utan ór Langadal. Varð þar mikit fjölmenni. Allir menn höfðu á máli, hversu mikit afbragð Kjartan var annarra manna. Síðan var aflat til leiks ok beitist Hallr fyrir. Hann bað Kjartan til leiks -- „vildim vér, frændi, at þú sýndir kurteisi þína í þessu“. Kjartan svarar: „Lítt hefi ek tamit mik til leika nú it næsta; því at annat var tíðara með Óláfi konungi; enn eigi vil ek synja þér um sinnsakir þessa“. Býst nú Kjartan til leiks; var þeim mönnum at móti honum skipt, er þar váru sterkastir. Er nú leikit um daginn; hafði þar engi maðr við Kjartani hvárki afl né fimleik. Ok um kveldit, er leik var lokit, þá stendr upp Hallr Guðmundarson ok mælti: „Þat er boð föður míns ok vili um alla þá menn, er hingat hafa lengst sótt, at þeir sé hér allir náttlangt ok taki hér á morgin

til skemtanar“. Þetta erendi ræmdist vel ok þótti stórmannlega boðit. Kálfr Ásgeirsson var þar kominn ok var einkar kært með þeim Kjartani; þar var ok Hrefna systir hans ok helt allmjök til skarts. Var þar aukit hundrað manna á búi um nóttina. Um daginn eftir var þar skipt til leiks. Kjartan sat þá hjá leik ok sá á. Þuriðr systir hans gekk til máls við hann ok mælti svá: „Þat er mér sagt, frændi, at þú sér heldr hljóðr vetr-langt; tala menn þat, at þér muni vera eftirsjá at um Guðrúnu. Færa menn þat til þess, at engi blíða verðr á með ykkur Bolla frændum, svá mikit ástriki sem með ykkur hefir verit allar stundir. Ger svá vel ok hæfilega, at þú lát þér ekki at þessu þykkja, ok unn frænda þínum góðs ráðs; þætti oss þat ráðlegast, at þú kvángaðist, eftir því sem þú mæltir í fyrra sumar, þótt þér sé eigi þat með öllu jamræði sem Hrefna er, því at þú mátt eigi þat finna innan lands. Ásgeirr faðir hennar er göfugr maðr ok stórættaðr. Hann skortir ok eigi fé at fríða þetta ráð; er ok önnur dóttir hans gift ríku manni. Þú hefir ok mér sagt, at Kálfr Ásgeirsson sé enn röskvasti maðr; er þeira ráðahagr enn sköruligsti. Þat er minn vili, at þú takir tal við Hrefnu, ok væntir mik, at þér þykki þar fara vit eftir vænleik“. Kjartan tók vel undir þetta, ok kvað hana vel mála leita. Eftir

þetta er komit saman tali þeira Hrefnu; tala þau um daginn. Um kveldit spurði Þuriðr Kjartan, hversu honum hefði virzt orðtak Hrefnu. Hann lét vel yfir; kvaðst kona þykkja vera en sköruligsta at öllu því er hann mátti sjá af. Um morgininn eftir váru menn sendir til Ásgeirs ok boðit honum í Ásbjarnarnes. Tókst nú umræða um mál þeira ok biðr Kjartan nú Hrefnu dóttur Ásgeirs. Hann tekur því máli líklega, því at hann var vitr maðr ok kunnir at sjá, hversu sæmilega þeim er boðit. Kálfr er þessa máls mjök flýtandi — „vil ek ekki láta til spara“. Hrefna veitti ok eigi afsvör fyrir sína hönd, ok bað hon föður sinn ráða. Er nú þessu máli á leið snúit ok váttum bundit. Ekki lætr Kjartan sér annat líka, enn brullaup sé í Hjarðarholti. Þeir Ásgeirr ok Kálfr mæla ekki þessu í mót; er nú ákveðin brullaupsstefna í Hjarðarholti, þá er fimm vikur eru af sumri. Eftir þat reið Kjartan heim með stórar gjafir. Óláfr lét vel yfir þessum tíðendum, því at Kjartan var miklu kátari, enn áðr hann fór heiman. Kjartan fastaði þurt langaföstu, ok gerði þat at engis manns dæmum hér á landi, því at þat er sögn manna, at hann hafi fyrstr manna fastat þurt hér innanlands. Svá þótti mönnum þat undarleggr hlutr, at Kjartan lifði svá lengi matlauss, at menn fóru langar leiðir at sjá hann. Með slíku móti

váru aðrir hættir Kjartans um fram aðra menn; síðan gengu af páskarnir. Eftir þat láta þeir Kjartan ok Óláfr stofna til veizlu mikillar. Koma þeir norðan Ásgeirr ok Kálfr at ákveðinni stefnu ok Guðmundr ok Hallr, ok höfðu þeir allir saman sex tigu manna. Þeir Kjartan höfðu ok mikit fjölmenni fyrir. Var sú veizla ágæt, því at viku var at boðinu setit. Kjartan gaf Hrefnu at línfé motrinn, ok var sú gjöf allfræg, því at engi var þar svá vitr eða stór-audigr, at slíka gersemi hefði sét eða átta. Enn þat er hygginna manna frásögn, at átta aurum gulls væri ofit í motrinn. Kjartan var ok svá kátr at boðinu, at hann skemti þar hverjum manni í tali sínu ok sagði frá ferðum sínum; þótti mönnum þar mikils um þat vert, hversu mikil efni þar váru til seld, því at hann hafði lengi þjónat enum ágætasta höfðingja, Óláfi konungi Tryggvasyni. Enn þá er boðinu var slitit, valdi Kjartan góðar gjafir Guðmundi ok Halli ok öðru stórmenni; fengu þeir fedgar mikinn orðstír af þessi veizlu. Tókust góðar ástir með þeim Kjartani ok Hrefnu.

46. Þeir Óláfr ok Ósvífr heldu sinni vináttu, þótt nokkut væri þústr með enum yngum mönnum. Þat sumar hafði Óláfr heimboð hálfum mánaði fyrir vetr. Ósvífr hafði ok boð stofnat at vetrnóttum. Bauð þá hvárr þeira öðrum til sín með svá marga menn sem þá þætti

hvárum mestr sómi at vera. Ósvífr átti þá fyrri boð at sækja til Óláfs ok kom hann at ákveðinni stundu í Hjarðarholt. Í þeiri ferð var Bolli ok Guðrún ok synir Ósvífrs. Um morgininn eftir ræddi kona ein um, er þær gengu utar eftir skálanum, hversu konum skyldi skipa í sæti. Þat bar saman ok Guðrún er komin gegnt rekkju þeiri, at Kjartan var vanr at liggja í. Kjartan var þá at ok klæddist ok steypiti yfir sik skarlatskyrtli rauðum. Þá mælti Kjartan til konu þeirar, er um kvenna skipanina hafði rætt, því at engi var annarr skjótari til at svara: „Hrefna skal sitja í öndvegi ok vera mest metin at gervöllu, á meðan ek em á lífi“. Enn Guðrún hafði þó áðr ávalt skipat öndvegi í Hjarðarholti ok annarsstaðar. Guðrún heyrði þetta ok leit til Kjartans ok brá lit, enn svarar engu. Annan dag eftir mælti Guðrún við Hrefnu, at hon skyldi falda sér með motrinum ok sýna mönnum svá enn bezta grip, er komit hafði til Íslands. Kjartan var hjá ok þó eigi allnær ok heyrði, hvat Guðrún mælti. Hann varð skjótari til at svara enn Hrefna: „Ekki skal hon falda sér með motri at þessu boði, því at meira þykki mér skifta, at Hrefna eigi ena mestu gersemi, heldr enn boðsmenn hafi nú augnagaman af at sinni“. Viku skyldi haustboð vera at Óláfs. Annan dag eftir ræddi Guðrún í hljóði til Hrefnu, at

hon skyldi sýna henni motrinn. Hon kvað svá vera skyldu. Um daginn eftir ganga þær í útibúr þat, er gripirnir váru í. Lauk Hrefna upp kistu ok tók þar upp guðvefjarpoka, enn ór pokanum tók hon motrinn ok sýndi Guðrúnu. Hon rakti motrinn ok leit á um hrið ok ræddi hvárki um löst né lof; síðan hirði Hrefna motrinn, ok gengu þær til sætis síns. Eftir þat fór þar fram gleði ok skemtan; enn þann dag er boðsmenn skyldu í brott riða, gekk Kjartan mjök um sýslur at annast mönnum hestaskifti, þeim er langt váru at komnir, ok slíkan farar-beina hverjum, sem hafa þurfti. Ekki hafði Kjartan haft sverðit konungsnaut í hendi, þá er hann hafði at þessu gengit; enn þó var hann sjaldan vanr at láta þat hendi fírr ganga. Síðan gekk hann til rúms síns, þar sem sverðit hafði verit, ok var þá á brottu. Hann gekk þegar at segja feðr sínum þessa svipan. Óláfr mælti: „Hér skulum vér fara með sem hljóðast ok mun ek fá menn til njósnar í hvern flokk þeira er á brott riða“. Ok svá gerði hann. Án enn hvíti skyldi riða með liði Ósvífrs ok hugleiða afhvarf manna eða dvalar. Þeir riðu inn hjá Ljárskógum ok hjá bæjum þeim, er í Skógum heita, ok dvöldust hjá skóginum ok stigu þar af baki. Þórólfr son Ósvífrs fór af bænum ok nökkurir aðrir menn með honum; þeir hurfu í brott í hrískjörri nökkur, á meðan þeir dvöldust hjá

skóginum. Án fylgdi þeim til Laxár, er fellr ór Sælingsdal, ok kvaðst hann þá mundu aftr hverfa. Eigi taldi Þórólfr mein á því, þótt hann hefði hvergi farit. Þá nótt áðr hafði fallit litil snæfölvu, svá at sporrækt var. Án reið aftr til skógar ok rakti spor Þórólfs til keldu einnar eða fens; hann þreifar þar í niðr ok greip á sverðshjöltum. Án vildi hafa til vitni með sér um þetta mál, ok reið eftir Þórarni í Sælingsdalstungu, ok hann fór til með Áni, at taka upp sverðit. Eftir þat færði Án Kjartani sverðit. Kjartan vafði um dúki ok lagði niðr í kistu. Þar heitir Sverðskelda síðan, er þeir Þórólfr höfðu fölgit konungsnaut. Var nú látit kyrt yfir þessu, enn umgerðin fanst aldregi síðan. Kjartan hafði jafnan minni mætr á sverðinu síðan enn áðr. Þetta lét Kjartan á sik bíta, ok vildi eigi hafa svá búið. Óláfr mælti: „Láttu þetta ekki á þik bíta. Hafa þeir sýnt ekki góðan prett, enn þik sakar ekki; látum eigi aðra eiga at því at hlæja, at vér leggim slikt til deilu, þar er til móts eru vinir ok frændr“. Ok við þessar fortölur Óláfs lét Kjartan kyrt vera. Eftir þetta bjóst Óláfr at sækja heimboð til Lauga at vetrnóttum, ok ræddi um við Kjartan, at hann skyldi fara. Kjartan var trauðr til, ok hét þó ferðinni at bæn föður síns. Hrefna skyldi ok fara ok vildi heima láta motrinn. Þorgerðr húsfreyja spurði: „Hvénær skaltu upp taka slikan ágætisgrip, ef

hann skal í kistum liggja, þá er þú ferr til boða?“ Hrefna svarar: „Margir menn mæla þat, at eigi sé örvæna, at ek koma þar, at ek eiga færi öfundarmenn enn at Laugum“. Þorgerðr segir: „Ekki leggjum vér mikinn trúnað á þá menn, er slíkt láta fjúka hér í milli húsa“. Enn með því at Þorgerðr fýsti ákaft, þá hafði Hrefna motrinn, enn Kjartan mælti þá eigi í mót, er hann sá, hversu móðir hans vildi. Eftir þetta ráðast þau til ferðar, ok koma þau til Lauga um kveldit ok var þeim þar vel fagnat. Þorgerðr ok Hrefna selja klæði sín til varðveizlu. Enn um morgininn, er konur skyldu taka búnað sinn, þá leitar Hrefna at motrinum, ok var þá í brottu þaðan, sem hon hafði varðveitt, ok er þá víða leitat, ok fanst eigi. Guðrún kvað þat líkast, at heima mundi eftir hafa orðit motrinn, eða hon mundi hafa búit um óvarlega ok felt niðr. Hrefna sagði nú Kjartani, at motrinn var horfinn. Hann svarar ok kvað eigi hægt hlut í at eiga, at gæta til með þeim, ok bað hana nú láta vera kyrt; segir síðan föður sínum, um hvat at leika var. Óláfr svarar: „Enn vilda ek sem fyrr, at þú létir vera ok hjá þér líða þetta vandræði; mun ek leita eftir þessu í hljóði; því at þar til vilda ek alt vinna, at ykkir Bolla skildi eigi á; er um heilt bezt at binda, frændi“, segir hann. Kjartan svarar: „Auðvitat er þat, faðir, at þú

mundir unna öllum hér af góðs hlutar; enn þó veit ek eigi, hvárt ek nenni at aka svá höllu fyrir Laugamönnum“. Þann dag er menn skyldu á brott ríða frá boðinu, tekr Kjartan til máls ok segir svá: „Þik kveð ek at þessu, Bolli frændi, þú munt vilja gera til vár drengilegar heðan í frá enn hingat til; mun ek þetta ekki í hljóðmæli færa, því at þat er nú at margra manna viti um hvörf þau er hér hafa orðit, er vér hyggjum, at í yðvarn garð hafi runnit. Á hausti, er vér veittum veizlu í Hjarðarholti, var tekit sverð mitt; nú kom þat aftr, enn eigi umgerðin; nú hefir hér enn horfit sá gripr, er fémætr mun þykkja; þó vil ek nú hafa hvárntveggja“. Þá svarar Bolli: „Eigi eru vér þessa valdir, Kjartan, er þú berr á oss; mundi oss alls annars af þér vara enn þat, at þú mundir oss stuld kenna“. Kjartan segir: „Þá menn hyggjum vér hér í ráðum hafa verit um þetta, at þú mátt bætr á ráða, ef þú vill; gangi þér þörfum meir á fang við oss; höfum vér lengi undan eirt fjandskap yðrum; skal nú því lýsa, at eigi mun svá búit hlýða“. Þá svarar Guðrún máli hans ok mælti: „Þann seyði raufar þú þar, Kjartan, at betr væri at eigi ryki; nú þó at svá sé, sem þú segir, at þeir menn sé hér nökkurir, er ráð hafi til þess sett, at motrinn skyldi hverfa, þá virði ek svá, at þeir hafi at sínu gengit; hafi þér nú

þat fyrir satt þar um sem yðr líkar, hvat af motrinum er orðit; enn eigi þykki mér illa, þó at svá sé fyrir honum hagat, at Hrefna hafi litla búningsbót af motrinum heðan í frá“. Eftir þetta skilja þau heldr þunglega. Ríða þeir heim Hjarðhyltingar. Takast nú af heimboðin. Var þó kyrt at kalla. Ekki spurðist síðan til motrsins. Þat höfðu margir menn fyrir satt, at Þórólfr hefði brendan motrinn í eldi at ráði Guðrúnar systur sinnar. Þann vetr öndverðan andaðist Ásgeirr æðikollr. Tóku synir hans þar við búi ok fé.

47. Eftir jól um vetrinn safnar Kjartan at sér mönnum. Urðu þeir saman sex tígir manna. Ekki sagði Kjartan föður sínum, hversu af stóðst um ferð þessa; spurði Óláfr ok lítt at. Kjartan hafði með sér tjöld ok vistir. Ríðr Kjartan nú leið sína, þar til er hann kemr til Lauga. Hann biðr menn stíga af baki, ok mælti, at sumir skyldu geyma hesta þeira, enn suma biðr hann reisa tjöld. Í þann tíma var þat mikil tízka, at úti var salerni, ok eigi allskamt frá bænum, ok svá var at Laugum. Kjartan lét þar taka dyrr allar á húsum ok bannaði öllum mönnum útgöngu, ok dreitti þau inni þrjár nætr. Eftir þat ríðr Kjartan heim í Hjarðarholt, ok hverr hans förunauta til síns heimilis. Óláfr lætr illa yfir þessi ferð. Þorgerðr kvað eigi lasta þurfa, ok sagði Lauga-

menn til slíks gert hafa eða meiri svívirðingar. Þá mælti Hrefna: „Áttir þú, Kjartan, við nökkura menn tal at Laugum?“ Hann svarar: „Lítit var bragð at því“; — segir hann, at þeir Bolli skiftust við nökkurum orðum. Þá mælti Hrefna ok brosti við: „Þat er mér sannlega sagt, at þit Guðrún munið hafa við talast, ok svá hefi ek spurt, hversu hon var búin, at hon hefði nú faldit sik við motrinum ok semdi einkar vel“. Kjartan svarar ok roðnaði mjök við, — var mönnum auðfynt, at hann reiddist við, er hon hafði þetta í fleymingi —: „ekki bar mér þat fyrir augu, er þú segir frá, Hrefna“, segir Kjartan, „mundi Guðrún ekki þurfa at falda sér motri, til þess at sama betr enn allar konur aðrar“. Þá hætti Hrefna þessu tali. Þeim Laugamönnum líkar illa, ok þótti þetta miklu meiri svívirðing ok verri, enn þótt Kjartan hefði drepit mann eða tvá fyrir þeim. Váru þeir synir Ósvífrs óðastir á þetta mál; enn Bolli svafði heldr. Guðrún talaði hér fæst um; enn þó fundu menn þat á orðum hennar, at eigi væri víst, hvárt öðrum lægi í meira rúmi enn henni. Gerist nú fullkominn fjandskapr milli Laugamanna ok Hjarðhyltinga. Ok er á leið vetrinn, fæddi Hrefna barn; þat var sveinn ok var nefndr Ásgeirr. Þórarinn búandi í Tungu lýsir því, at hann vildi selja Tungu land. Var þat bæði, at honum þurru lausafé, enda

þótti honum mjök vaxa þústr milli manna í heraðinu, enn honum var kært við hváratveggju. Bolli þóttist þurfa at kaupa sér staðfestu, því at Laugamenn höfðu fá lönd, enn fjölda fjár. Þau Bolli ok Guðrún riðu í Tungu at ráði Ósvífrs; þótti þeim í hönd falla, at taka upp land þetta hjá sér sjálfum, ok bað Ósvífr þau eigi láta smátt slíta. Síðan réðu þau Þórarinn um kaup þetta ok urðu ásátt, hversu dýrt vera skyldi, ok svá þat er í móti skyldi vera, ok var mælt til kaups með þeim Bolla. Enn því var kaupit eigi váttum bundit, at eigi váru menn svá margir hjá, at þat þætti vera lögfult. Ríða þau Bolli ok Guðrún heim eftir þetta. Enn er Kjartan. Ólafsson spyr þessi tíðendi, ríðr hann þegar við tólfta mann ok kom í Tungu snemma dags; fagnar Þórarinn honum vel ok bauð honum þar at vera. Kjartan kvaðst heim mundu ríða um kveldit, enn eiga þar dvöl nökkura. Þórarinn frétti at um erendi. Kjartan svarar: „Þat er erendi mitt hingat, at ræða um landkaup þat nökkut, er þér Bolli hafið stofnat; því at mér er þat í móti skapi, ef þú selr land þetta þeim Bolla ok Guðrúnu“. Þórarinn kvað sér vanhenta annat, — „því at verðit skal bæði rífligt, þat er Bolli hefir mér fyrir heitit landit, ok gjaldast skjótt“. Kjartan mælti: „Ekki skal þik í skaða, þó at Bolli kaupi eigi landit, því at ek mun kaupa því-

líku verði, ok ekki mun þér duga mjök í móti at mæla því sem ek vil vera láta. Því at þat mun á finnast, at ek vil hér mestu ráða í heraði, ok gera þó meir eftir annarra manna skaplyndi enn Laugamanna“. Þórarinn svarar: „Dýrt mun mér verða drottins orð um þetta mál; enn þat væri næst mínu skaplyndi, at kaup þetta væri kyrt, sem við Bolli höfum stofnat“. Kjartan mælti: „Eigi kalla ek þat landkaup, er eigi er váttum bundit; ger nú annathvært, at þú handsalar mér þegar landit at þvílíkum kostum, sem þú hefir ásáttr orðit við aðra, eða bú sjálfr á landi þínu ella“. Þórarinn kaus at selja honum landit. Váru nú þegar váttar at þessu kaupi. Kjartan reið heim eftir landkaupit. Þetta spurðist um alla Breiðafjarðardali. Eft sama kveld spurðist þetta til Lauga. Þá mælti Guðrún: „Svá virðist mér, Bolli, sem Kjartan hafi þér gert tvá kosti nökkuru harðari enn hann gerði Þórarni, at þú munt láta verða herað þetta með litlum sóma, eða sýna þik á einhverjum fundi ykkrum nökkuru óslæra, enn þú hefir fyrr verit“. Bolli svarar engu ok gekk þegar af þessu tali. Ok var nú kyrt þat er eftir var langaföstu. — Enn þriðja dag páska reið Kjartan heiman við annan mann; fylgdi honum Án svartí. Þeir koma í Tungu um daginn. Kjartan vill, at Þórarinn riði með honum vestr til Saurbæjar at játa þar skuldarstöðum, því at

Kjartan átti þar miklar fjárreiður. Þórarinn var riðinn á annan bæ. Kjartan dvaldist þar um hrið ok beið hans. Þann sama dag var þar komin Þórhalla málga. Hon spyr Kjartan, hvert hann ætlaði at fara. Hann kvaðst fara skyldu vestr til Saurbæjar. Hon spyr: „Hverja skaltu leið riða?“ Kjartan svarar: „Ek mun riða vestr Sælingsdal, enn vestan Svínadal. Hon spurði, hversu lengi hann mundi vera. Kjartan svarar: „Þat er líkast, at ek riða vestan fimtadaginn“. „Mantu reka erendi mitt?“ sagði Þórhalla, „ek á frænda vestr fyrir Hvítadal í Saurbæ; hann hefir heitit mér hálfri mörk vaðmáls; vilda ek, at þú heimtir ok hefðir með þér vestan“. Kjartan hét þessu. Síðan kemr Þórarinn heim ok ræðst til ferðar með þeim; riða þeir vestr um Sælingsdalsheiði, ok koma um kveldit á Hól til þeira systkina. Kjartan fær þar góðar viðtökur, því at þar var en mesta vingan. Þórhalla málga kom heim til Lauga um kveldit. Spyrja synir Ósvifrs, hvat hon hitti manna um daginn. Hon kvaðst hafa hitt Kjartan Óláfsson. Þeir spurðu, hvert hann ætlaði. Hon sagði slíkt af, sem hon vissi, — „ok aldregi hefir hann verit vasklegri enn nú, ok er þat eigi kynlegt, at slíkum mönnum þykki alt lágt hjá sér“. Ok enn mælti Þórhalla: „Auðfynt þótti mér þat á, at Kjartani var ekki annat jafnlétt hjalat, sem um landkaup þeira

Þórarins“. Guðrún mælti: „Vel má Kjartan því alt gera djarflega, þat er honum líkar, því at þat er reynt, at hann tekr þá enga ósæmd til, at neinn þori at skjóta skafti at móti honum“. Bæði var hjá tali þeira Guðrúnar Bolli ok synir Ósvífrs. Þeir Óspakr svara fá ok heldr til áleitni við Kjartan, sem jafnan var vant. Bolli lét sem hann heyrði eigi, sem jafnan, er Kjartani var hallmælt, því at hann var vanr at þegja eða mæla í móti.

48. Kjartan sitr enn fjórða dag páska á Hóli. Var þar en mesta skemtan ok gleði. Um nóttina eftir lét Án illa í svefni, ok var hann vakiðr. Þeir spurðu, hvat hann hefði dreymt. Hann svarar: „Kona kom at mér óþekkelig ok kipti mér á stökk fram. Hon hafði í hendi skálm ok trog í annarri; hon setti fyrir brjóst mér skálmina ok reist á mér kviðinn allan ok tók í brott innyflin ok lét koma í staðinn hrís; eftir þat gekk hon út“, segir Án. Þeir Kjartan hlógu mjök at drauminum ok kváðu hann heita skyldu Án hrísmaga. Þrifu þeir til hans ok kváðust leita skyldu, hvárt hrís væri í maganum. Þá mælti Auðr: „Eigi þarf at spotta þetta svá mjök; er þat mitt tillag, at Kjartan geri annathvært, at hann dvelist hér lengr; enn ef hann vill ríða, þá ríði hann með meira lið heðan enn hingat“. Kjartan mælti: „Vera kann, at yðr þykki Án hrísmagi mjök merki-

máll, þá er hann sitr á tali við yðr um dagana, er yðr þykkir alt sem vitran sé þat er hann dreymir; ok fara mun ek sem ek hefi áðr ætlat fyrir þessum draum“. Kjartan býst snimma fimtadag í páskaviku ok Þorkell hvelpr ok Knútr bróðir hans at ráði Auðar. Þeir riðu með Kjartani á leið alls tólf saman. Kjartan kemr fyrir Hvítadal ok heimti vaðmál Þórhöllu málgu, sem hann hét. Síðan reið hann suðr Svínadal. Þat var tíðenda at Laugum í Sælingsdal, at Guðrún var snemma á fótum, þegar er sólu var ofrat. Hon gekk þangat til er bræðr hennar sváfu; hon tók á Óspaki. Hann vaknaði skjótt við ok svá þeir fleiri bræðr; ok er Óspakr kendi þar systur sína, þá spurði hann, hvat hon vildi, er hon var svá snemma á fótum. Guðrún kvaðst vildu vita, hvat þeir vildu at hafast um daginn. Óspakr kvaðst mundu kyrru fyrir halda, — „ok er nú fátt til verknadar“. Guðrún mælti: „Gott skaplyndi hefðið þér fengit, ef þér værið dætr einshvers bónda, ok láta hvárki at yðr verða gagn né mein; enn slíka svívirðing ok skömm sem Kjartan hefir yðr gert, þá sofi þér eigi at minna, at hann ríði hér hjá garði við annan mann, ok hafa slíkir menn mikit svínsminni; þykki mér ok rekin ván, at þér þorið Kjartan heim at sækja, ef þér þorið eigi at finna hann nú, er hann ferr við annan mann eða þriðja, enn þér sitid

heima ok látit vænlega, ok eruð æ hölzti margir“. Óspakr kvað hana mikit af taka, enn vera ilt til mótmæla, ok spratt hann upp þegar ok klæddist, ok hvern þeira bræðra at öðrum. Síðan bjuggust þeir at sitja fyrir Kjartani. Þá bað Guðrún Bolla til ferðar með þeim. Bolli kvað sér eigi sama fyrir frændsemis sakir við Kjartan, ok tjáði, hversu ástsamlega Óláfr hafði hann upp fæddan. Guðrún svarar: „Satt segir þú þat, enn eigi muntu bera giftu til at gera svá at öllum þykki vel, ok mun lokit okkrum samförum, ef þú skerst undan förinni“. Ok við fortölur Guðrúnar miklaði Bolli fyrir sér fjandskap allan á hendr Kjartani ok sakir, ok vápnaðist síðan skjótt, ok urðu níu saman. Váru þeir fimm synir Ósvífrs: Óspakr ok Helgi, Vandráðr ok Torráðr, Þórólfr, Bolli enn sétti, Guðlaugr enn sjaundi, systurson Ósvífrs ok manna vænlegastr. Þar var Oddr ok Steinn, synir Þórhöllu málgu. Þeir ríðu til Svínadals ok námu staðar hjá gili því, er Hafragil heitir; bundu þar hestana ok settust niðr. Bolli var hljóðr um daginn ok lá uppi hjá gilspreminum. Enn er þeir Kjartan váru komnir suðr um Mjósyndi ok rýmast tekr dalrinn, mælti Kjartan, at þeir Þorkell mundu snúa aftr. Þorkell kvaðst ríða mundu, þar til er þrýtr dalinn. Ok þá er þeir kómu suðr um sel þau, er Norðr-sel heita, þá mælti Kjartan til þeira bræðra, at

þeir skyldu eigi riða lengra, — „skal eigi Þórólfr þjófrinn at því hlæja, at ek þora eigi at riða leið mína fámennr“. Þorkell hvelpr svarar: „Þat munu vér nú veita þér, at riða nú eigi lengra; enn iðrast munu vér þess, ef vér erum eigi viðstaddir, ef þú þarft manna við í dag“. Þá mælti Kjartan: „Eigi mun Bolli frændi minn slá banaráðum við mik; enn ef þeir Ósvífrssynir sitja fyrir mér, þá er eigi reynt, hvárir frá tíðendum eiga at segja, þó at ek eiga við nökkurn liðsmun“. Síðan riðu þeir bræðr vestr aftr.

49. Nú riðr Kjartan suðr eftir dalnum ok þeir þrír saman, Án svartí ok Þórarinn. Þorkell hét maðr, er bjó á Hafratindum í Svínadal. Þar er nú auðn. Hann hafði farit til hrossa sinna um daginn ok smalasveinn hans með honum. Þeir sá hváratveggju, Laugamenn í fyrirsátinni, ok þá Kjartan, er þeir riðu eftir dalnum þrír saman. Þá mælti smalasveinn, at þeir mundu snúa til móts við þá Kjartan; kvað þeim þat mikit happ, ef þeir mætti skirra vandræðum svá miklum, sem þá var til stefnt. Þorkell mælti: „Þegi skjótt“, segir hann, „mun fóli þinn nökkurum manni líf gefa, ef bana verðr auðit; er þat ok satt at segja, at ek spari hvariga til, at þeir eigi nú svá ilt saman, sem þeim líkar; sýnist mér þat betra ráð at vit komim okkr þar, at okkr sé

við engu hætt, enn vit megim sem gerzt sjá fundinn, ok hafim gaman af leik þeira. Því at þat ágæta allir, at Kjartan sé vígr hverjum manni betr; væntir mik ok, at hann þurfi nú þess; því at okkr er þat kunnigt, at ærinn er liðsmunr“. Ok varð svá at vera sem Þorkell vildi. Þeir Kjartan riða fram at Hafragili. Enn í annan stað gruna þeir Ósvífrssynir, hví Bolli mun sér hafa þar svá staðar leitast, er hann mátti vel sjá, þá er menn riðu vestan. Þeir gera nú ráð sitt, ok þótti sem Bolli mundi þeim eigi vera trúr, ganga at honum upp í brekkuna, ok brugðu á glímu ok á glens ok tóku í fætr honum ok drógu hann ofan fyrir brekkuna. Enn þá Kjartan bar brátt at er þeir riðu hart, ok er þeir kómu suðr yfir gilit, þá sá þeir fyrirsátina ok kendu mennina. Kjartan spratt þegar af baki ok sneri í móti þeim Ósvífrssonum. Þar stóð steinn einn mikill. Þar bað Kjartan þá við taka. Enn áðr þeir mættist, skaut Kjartan spjótinu, ok kom í skjöld Þórólfs fyrir ofan mundriðann, ok bar at honum skjöldinn við. Spjótit gekk í gegnum skjöldinn ok handlegginn fyrir ofan olboga ok tók þar í sundr aflvöðvann. Lét Þórólfr þá lausan skjöldinn, ok var honum ónýt höndin um daginn. Síðan brá Kjartan sverðinu ok hafði eigi konungsnaut. Þórhöllu synir runnu á Þórarin, því at þeim var þat hlutverk ætlat.

Var sá atgangr harðr, því at Þórarinn var rammr at afli; þeir váru ok vel knáir; mátti þar ok varla í milli sjá, hvárir þar mundu drjúgari verða. Þá sóttu þeir Ósvífrs synir at Kjartani, ok Guðlaugr. Váru þeir sex, enn þeir Kjartan ok Án tveir. Án varðist vel ok vildi æ ganga fram fyrir Kjartan. Bolli stóð hjá með Fótbit. Kjartan hjó stórt, enn sverðit dugði illa; brá hann því jafnan undir fót sér. Urðu þá hváirtveggju sárir, Ósvífrs synir ok Án, enn Kjartan var þá enn ekki sárr. Kjartan barðist svá snart ok hraustlega, at þeir Ósvífrs synir hopuðu undan ok sneru þá þar at, sem Án var. Þá fell Án ok hafði hann þá barizt um hrið, svá at úti lágu iðrin. Í þessi svipan hjó Kjartan fót af Guðlaugi fyrir ofan kné ok var honum sá áverki ærinn til bana. Þá sækja þeir Ósvífrs synir fjórir Kjartan, ok varðist hann svá hraustlega, at hvergi fór hann á hæl fyrir þeim. Þá mælti Kjartan: „Bolli frændi, hví fórtu heiman, ef þú vildir kyrr standa hjá? ok er þér nú þat vænst, at veita öðrum hvárum ok reyna nú, hversu Fótbitr dugir“. Bolli lét sem hann heyrði eigi. Ok er Óspakr sá, at þeir mundu eigi bera af Kjartani, þá eggjar hann Bolla á alla vega, kvað hann eigi mundu vilja vita þá skömm eftir sér, at hafa heitit þeim vígsgengi ok veita nú ekki, — „ok var Kjartan oss þá þungr í skiftum, er vér höfð-

um eigi jafnstórt til gert, ok ef Kjartan skal nú undan rekast, þá mun þér, Bolli, svá sem oss, skamt til afarkosta“. Þá brá Bolli Fótbit ok snýr nú at Kjartani. Þá mælti Kjartan til Bolla: „Víst ætlar þú nú, frændi, niðingsverk at gera, enn miklu þykki mér betra at þiggja banaorð af þér, frændi, enn veita þér þat“. Síðan kastaði Kjartan vápnum ok vildi þá eigi verja sik, enn þó var hann lítt sárr, enn ákaflega vígmóðr. Engi veitti Bolli svör máli Kjartans, enn þó veitti hann honum banasár. Bolli settist þegar undir herðar honum, ok andaðist Kjartan í knjám Bolla. Iðraðist Bolli þegar verksins, ok lýsti vígi á hendr sér. Bolli sendi þá Ósvífrs sonu til heraðs, enn hann var eftir ok Þórarinn hjá líkunum. Ok er þeir Ósvífrs synir kómu til Lauga, þá sögðu þeir tíðendin. Guðrún lét vel yfir, ok var þá bundit um höndina Þórólfs, greri hon seint ok varð honum aldregi meinlaus. Lík Kjartans var fært heim í Tungu. Síðan reið Bolli heim til Lauga. Guðrún gekk í móti honum ok spurði, hversu framorðit væri. Bolli kvað þá vera nær nóni dags þess. Þá mælti Guðrún: „Mikil verða hermdarverk; ek hefi spunnit tólf álna garn, enn þú hefir vegit Kjartan“. Bolli svarar: „Þó mætti mér þat óhapp seint ór hug ganga, þóttu mintir mik ekki á þat“. Guðrún mælti: „Ekki tel ek slíkt með óhöppum; þótti mér sem þú

hefðir meiri metorð þann vetr, er Kjartan var í Noregi, enn nú er hann trað yðr undir fótum, þegar hann kom til Íslands; enn ek tel þat þó síðast, er mér þykkir mest vert, at Hrefna mun eigi ganga hlæjandi at sænginni í kveld“. Þá segir Bolli ok var mjök reiðr: „Ósýnt þykki mér, at hon fölni meir við þessi tíðendi enn þú, ok þat grunar mik, at þú brygðir þér minnr við, þó at vér lægim eftir á vígvellinum, enn Kjartan segði frá tíðendum“. Guðrún fann þá, at Bolli reiddist, ok mælti: „Haf ekki slíkt við, því at ek kann þér mikla þökk fyrir verk- it; þykki mér nú þat vitat, at þú vilt ekki gera í móti skapi mínu“. Síðan gengu þeir Ósvífrssynir í jarðhús þat, er þeim var búit á laun, enn þeir Þórhöllusynir váru sendir út til Helgafells at segja Snorra goða þessi tíðendi, ok þat með, at þau báðu hann senda sér skjót- an styrk til liðveizlu á móti Óláfi ok þeim mönnum, er eftirmál áttu eftir Kjartan. — Þat varð til tíðenda í Sælingsdalstungu þá nótt, er vígit hafði orðit um daginn, at Án settist upp, er allir hugðu at dauðr væri. Urðu þeir hrædd- ir, er vöktu yfir líkinu, ok þótti þetta undr mikit. Þá mælti Án til þeira: „Ek bið yðr í guðs nafni, at þér hræðizt mik eigi, því at ek hefi lifat ok haft vit mitt alt til þeirrar stundar, at rann á mik ómeginshöfgi; þá dreymdi mik en sama kona ok fyrr, ok þótti mér hon

nú taka hrisit ór maganum, enn lét koma inn-
yflin í staðinn, ok varð mér gott við þat skifti“. Síðan váru bundin sár þau, er Án hafði, ok
varð hann heill, ok var síðan kallaðr Án hris-
magi. — Enn er Óláfr Höskuldsson spurði þessi
tíðendi, þá þótti honum mikit at um víg Kjart-
ans, enn þó bar hann drengilega. Þeir synir
hans vildu þegar fara at Bolla ok drepa hann.
Óláfr segir: „Þat skal fjarri fara; er mér ekki
sonr minn at bættri, þó at Bolli sé drepinn, ok
unna ek Kjartani um alla menn fram, enn eigi
mátta ek vita mein Bolla. Enn sé ek yðr
maklegri sýslu: fari þér til móts við Þórhöllu-
sonu, er þeir eru sendir til Helgafells at stefna
liði at oss. Vel líkar mér, þótt þér skapið þeim
slíkt víti, sem yðr líkar“. Síðan snarast
þeir til ferðar Ólafssynir ok gengu á ferju, er
Óláfr átti. Váru þeir sjau saman. Róa út
eftir Hvammsfirði ok sækja knálega ferðina.
Þeir hafa veðr lítit ok hagstætt. Þeir róa undir
seglinu þar til er þeir koma undir Skorrey ok eigu
þar dvöl nökkura ok spyrjast þar fyrir um
ferðir manna. Ok litlu síðar sjá þeir skip róa
vestan um fjörðinn; kendu þeir brátt mennina.
Váru þar Þórhöllusynir. Leggja þeir Halldórr
þegar at þeim; þar varð engi viðtaka, því at
þeir Ólafssynir hljópu þegar út á skipit at
þeim; urðu þeir Steinn handteknir ok höggvir

fyrir borð. Þeir Ólafssynir snúa aftr ok þótti þeira ferð allsköruleg vera.

50. Óláfr fór í móti liki Kjartans. Hann sendi menn suðr til Borgar at segja Þorsteini Egilssyni, ok þat með, at hann vildi hafa styrk af honum til eftirmáls, ef stórmenni slægist í móti með Ósvífrssonum; þá kvaðst hann alt vildu eiga undir sér; slík orð sendi hann norðr í Víðidal til Guðmundar mágs síns ok þeira Ásgeirssona, ok þat með, at hann hafði lýst vígi Kjartans á hendr öllum mönnum, þeim er í tilför höfðu verit, nema Óspaki Ósvífrssyni — hann var áðr sekr um konu þá er Aldís hét, hon var dóttir hólmgöngu-Ljóts af Ingjalds-sandi; þeira son var Úlfr, er síðan var stallari Haralds konungs Sigurðarsonar; hann átti Jór-unni Þorbergsdóttur; þeira son var Jón faðir Erlends hímalda, föður Eysteins erkibiskups. — Óláfr hafði lýst vígsökinni til Þórsnessþings; hann lét flytja heim lik Kjartans ok tjalda yfir, því at þá var engi kirkja ger í Dölum. Enn er Óláfr spurði, at Þorsteinn hafði skjótt við brugðit ok hafði tekið upp mikit fjölmenni ok svá þeir Víðdælir, þá lætr Óláfr safna mönnum fyrir um alla dali. Var þat mikit fjölmenni. Síðan sendi Óláfr lið þat alt til Lauga ok mælti svá: „Þat er minn vili, at þér verið Bolla, ef hann þarf, eigi verr enn þér fylgið mér, því at nær er þat minni ætlan, at þeir þykkist nökkut eiga

eftir sínum hlut at sjá við hann utanheraðsmennirnir, er nú munu brátt koma á hendr oss“. Ok er þessu var skipat með þessum hætti, þá kómu þeir Þorsteinn ok svá Viðdælir, ok váru þeir enir óðustu. Eggjaði Hallr Guðmundarson mest ok Kálfr Ásgeirsson at ganga skyldi at Bolla ok leita Ósvífrssoða, þar til er þeir fyndist, ok sögðu, at þeir mundu hvergi ór heraði farnir. Enn með því at Óláfr latti mjök at fara, þá váru borin á milli sáttmál, ok var þat auðsótt við Bolla, því at hann bað Ólaf einn ráða fyrir sína hönd. Enn Ósvífr sá engi sín efni at mæla í móti, því at honum kom ekki lið frá Snorra. Var þá lagðr sættarfundr í Ljárskógum. Kómu mál öll óskoruð undir Óláf; skyldi koma fyrir víg Kjartans, svá sem Óláfi líkaði, fé ok mannsektir. Síðan var slitit sættarfundir. Eigi kom Bolli til sættarfundarins, ok réð Óláfr því. Gerðum skyldi upp lúka á Þórsnessþingi. Nú riðu þeir Mýramenn ok Viðdælir í Hjarðarholt. Þorsteinn Kuggason bauð Ásgeiri syni Kjartans til fóstrs til hugganar við Hrefnu. Enn Hrefna fór norðr með bræðrum sínum ok var mjök harmþrungin; enn þó bar hon sig kurteislega, því at hon var við hvern mann létt í máli. Engan tók Hrefna mann eftir Kjartan. Hon lifði litla hríð, síðan er hon kom norðr, ok er þat sögn manna, at hon hafi sprungit af stríði.

51. Lík Kjartans stóð uppi viku í Hjarðarholti. Þorsteinn Egilsson hafði gera látit kirkju at Borg. Hann flutti lík Kjartans heim með sér, ok var Kjartan at Borg grafinn. Þá var kirkja nývigð ok í hvítaváðum. Síðan leið til Þórsnessþings. Váru þá mál til búin á hendr þeim Ósvífrsnum, ok urðu þeir allir sekir. Var gefit fé til, at þeir skyldi vera ferjandi, enn eiga eigi útkvæmt, meðan nökkurr Óláfssona væri á dögum eða Ásgeirr Kjartansson. Enn Guðlaugr systerson Ósvífrs skyldi vera ógildr fyrir tilför ok fyrirsát við Kjartan. Ok engar skyldi Þórólfr sæmdir hafa fyrir áverka þá er hann hafði fengit. Eigi vildi Óláfr láta sækja Bolla, ok bað hann koma fé fyrir sik. Þetta líkaði þeim Halldóri ok Steindóri stórilla, ok svá öllum sonum Óláfs, ok kváðu þungt mundu veita, ef Bolli skyldi sitja samheraðs við þá. Óláfr kvað hlýða mundu, meðan hann væri á fótum. Skip stóð uppi í Bjarnarhöfn, er átti Auðun festargarmr. Hann var á þinginu ok mælti: „Þat er til kostar, at þessa manna sekt mun eigi minni í Noregi, ef vinir Kjartans lifa“. Þá segir Ósvifr: „Þú, festarhundr, munt verða eigi sannspár; því at synir mínir munu vera virðir mikils af tignum mönnum, enn þú, festargarmr, munt fara í trollendr í sumar. Auðun festargarmr fór utan þat sumar, ok braut skipit við Færeyjar. Þar týndist

hvert mannsbarn af skipinu; þótti þat mjök hafa á hrinit, er Ósvífr hafði spát. Ósvífrsynir fóru utan þat sumar, ok kom engi þeira út síðan. Lauk þar eftirmáli, at Óláfr þótti hafa vaxit af því, at hann lét þar með beini ganga, er maklegast var, þar er þeir váru Ósvífrssynir; enn hlífði Bolla fyrir frændsemis sakir. Óláfr þakkaði mönnum vel liðveizlu. Bolli hafði landkaup í Tungu at ráði Óláfs. Þat er sagt, at Óláfr lifði þrjá vetr, síðan Kjartan var veginn. Enn síðan, er hann var allr, skiftu þeir synir hans arfi eftir hann. Tók Halldórr bústað í Hjarðarholti. Þorgerðr móðir þeira var með Halldóri. Hon var mjök heiftarfingin til Bolla, ok þótti sár fóstrelaunin.

52. Þau Guðrún ok Bolli settu bú saman um várit í Sælingsdalstungu ok varð þat brátt risulegt. Þau Bolli ok Guðrún gátu son. Þeim sveini var nafn gefit ok kallaðr Þorleikr. Hann var vænn sveinn snemma, ok vel fljótlegur. Halldórr Ólafsson bjó í Hjarðarholti, sem fyrr var ritat. Hann var mjök fyrir þeim bræðrum. Þat vár, at Kjartan var veginn, tók Þorgerðr Egilsdóttir vist frændsveini sínum með Þorkatli at Hafratindum. Sveinninn gætti þar fjár um sumarit. Honum var Kjartan mjök harmdaði sem öðrum. Hann mátti aldri tala til Kjartans, svá at Þorkell væri hjá, því at hann

mælti jafnan illa til hans, ok kvað hann verit hafa hvítan mann ok huglausan, ok hermdi hann oft eftir, hverneg hann hafði við orðit áverkann. Sveininum varð at þessu illa getit, ok ferr í Hjarðarholt ok segir til Halldóri ok Þorgerði, ok bað þau viðtöku. Þorgerðr bað hann vera í vist sinni til vetrar. Sveinninn kvaðst eigi hafa þrótt til at vera þar lengr, — „ok mundir þú mik eigi biðja þessa, ef þú vissir, hversu mikla raun ek hefi af þessu“. Þá gekst Þorgerði hugr við harmtölur hans, ok kvaðst mundu láta honum uppi vist fyrir sína hönd. Halldórr segir: „Gef ekki gaum sveini þessum, því at hann er ómerkr“. Þá svarar Þorgerðr: Lítils er sveinn verðr“, segir hon, „enn Þorkatli hefir alls kostar illa farit þetta mál, því at hann vissi fyrirsát Laugamanna fyrir Kjartani ok vildi eigi segja honum. Enn gerði sér af gaman ok skemtan af viðskiftum þeira, enn hefir síðan lagt til mörg óvingjarnleg orð. Mun yðr fjarri fara bræðrum, at þér munið þar til hefnda leita, sem ofrefli er fyrir, er þér getið eigi launat sín tilög slíkum mannfýlum sem Þorkell er“. Halldórr svarar fá hér um, enn bað Þorgerði ráða vist sveinsins. Fám dögum síðar riðr Halldórr heiman ok þeir nökkurir menn saman. Hann ferr til Hafratinda ok tók hús á Þorkatli. Var Þorkell leiddr út ok drepinn, ok varð hann ó-

drengilega við sitt líflát. Engu lét Halldórr ræna, ok fór heim við svá búit. Vel lét Þorgerðr yfir þessu verki, ok þótti minning sjá betri enn engi. Þetta sumar var kyrt at kalla, ok var þó et fæsta með þeim Bolla ok Óláfssonum; létu þeir bræðr et ólinligsta við Bolla. Enn hann vægði í öllu fyrir þeim frændum, þess er hann minkaði sik í engu, því at hann var enn mesti kappsmaðr. Bolli hafði fjölment, ok helt sik ríkmannlega, því at eigi skorti fé. Steindórr Ólafsson bjó á Dönustöðum í Laxárdal. Hann átti Þuríði Ásgeirsdóttur, er átt hafði Þorkell kuggi. Þeira son hét Steindórr, er kallaðr var gróslappi.

53. Enn næsta vetr eftir andlát Óláfs Höskuldssonar, þá sendir Þorgerðr Egilsdóttir orð Steindóri syni sínum at áliðnum vetri, at hann skyldi koma á fund hennar. Ok er þau mæðgin hittast, segir hon honum skil á, at hon vill fara heiman ok vestr til Saurbæjar at hitta Auði vinkonu sína. Hon segir Halldóri, at hann skal fara. Þau váru fimm saman. Halldórr fylgdi móður sinni. Fara nú til þess er þau koma fyrir bæinn í Sælingsdalstungu. Þá sneri Þorgerðr hestinum upp at bænum ok spurði: „Hvat heitir bær sjá?“ Halldórr svarar: „Þess spyrst þú eigi af því, móðir, at eigi vitir þú áðr; sjá bær heitir í Tungu“. „Hverr býr hér“, segir hon? Hann svarar:

„Veiztu þat móðir“. Þá segir Þorgerðr ok blés við: „Veit ek at visu“, segir hon, „at hér býr Bolli bróðurbani yðvarr, ok furðu ólikir urðu þér yðrum frændum göfgum, er þér vilit eigi hefna þvílíks bróður sem Kjartan var, ok eigi mundi svá gera Egill móðurfaðir yðvarr, ok er ilt at eiga dáðlausa sonu; ok víst ætla ek yðr til þess betr felda, at þér værið dætr föður yðvars ok værið giftar; kemr hér at því, Halldórr, sem mælt er, at einn er auðkvisi ættar hveffarr, ok sú er mér auðsæzt ógifta Óláfs, at honum glaptist svá mjök sona-eignin; kveð ek þik af því at þessu, Halldórr“, segir hon, „at þú þykkist mest fyrir yðrum bræðrum. Nú munum vér aftr snúa, ok var þetta erendit mest, at minna yðr á þetta, ef þér myndið eigi áðr“. Þá svarar Halldórr: „Ekki munum vér þér þat kenna, móðir, þótt oss líði ór hug þetta. Halldórr svarar hér fá um, ok þó þrútnaði honum mjök móðr til Bolla. Líðr nú vetr sjá, ok er sumar kemr, þá líðr framan til þings. Halldórr lýsir þingreið sinni ok þeir bræðr hans; ríða þeir með mikinn flokk ok tjalda búð þá, er Óláfr hafði átt; var þingit kyrt ok tíðendalaust. Þeir váru á þingi norðan Víðdælir, synir Guðmundar Sölmundarsonar. Barði Guðmundarson var þá átján vetra gamall. Hann var mikill maðr ok sterkr. Óláfs-synir bjóða Barða frænda sínum heim með sér

ok leggja til þess mörg orð. Hallr Guðmundarson var þá eigi hér á landi. Barði tók þessu vel, því at ástúðigt var með þeim frændum. Ríðr nú Barði vestr af þingi með þeim Óláfssonum; koma þeir heim í Hjarðarholt, ok er Barði þar um sumarit, þat sem eftir var.

54. Nú segir Halldórr Barða í hljóði, at þeir bræðr ætla at fara at Bolla, ok sögðust eigi lengr þola frýju móður sinnar — „er ekki því at leyna, Barði frændi, at mjök var undir heimboði við þik, at vér vildim hér til hafa þitt liðsinni ok brautargengi“. Þá svarar Barði: „Illa mun þat fyrir mælast, at ganga á sættir við frændr sína, enn í annan stað sýnist mér Bolli torsóttlegr; hann hefir mart manna um sik, enn er sjálfr enn mesti garpr; þar skortir ok eigi vitrlegar ráðagerðir, er þau eru Guðrún ok Ósvífr; þykki mér við þetta alt saman óauðsóttlegt“. Halldórr segir: „Hins munu vér þurfa, at torvelda ekki þetta mál fyrir oss; hefi ek ok þetta eigi fyrr upp kveðit, enn þat mun framgengt verða, at vér munum til leita hefndanna við Bolla; vænti ek ok, frændi, at þú skerist eigi undan ferð þessi með oss“. Barði svarar: „Veit ek, at þér mun ósannlegt þykkja, at ek víkjumst undan; mun ek þat ok eigi gera, ef ek sé, at ek fæ eigi latt“. „Þá hefir þú vel af máli“, segir Halldórr, „sem ván var at“. Barði sagði, at þeir mundu verða ráðum

at at fara. Halldórr kvaðst spurt hafa, at Bolli hafði sent heiman menn sína, suma norðr til Hrútafjarðar til skips, enn suma út á strönd, — „þat er mér ok sagt, at Bolli sé at seli í Sælingsdal, ok sé þar ekki fleira manna enn húskarlar þeir er þar vinna heyverk; sýnist mér svá sem eigi muni í annat sinn sýna at leita til fundar við Bolla enn nú“. Ok þetta staðfesta þeir með sér Halldórr ok Barði. Maðr hét Þorsteinn svarti; hann bjó í Hundadal í Breiðafjarðardölum, vitr maðr ok auðigr. Hann hafði verit langan tíma vinr Óláfs pá. Systir Þorsteins hét Solveig; hon var gift þeim manni er Helgi hét ok var Harðbeinsson. Helgi var mikill maðr ok sterkr ok farmaðr mikill; hann var nýkominn þá út, ok var á vist með Þorsteini mági sínum. Halldórr sendir orð Þorsteini svarta ok Helga mági hans. Enn er þeir kómu í Hjarðarholt, segir Halldórr þeim ætlan sína ok ráðagerð ok bað þá til ferðar með sér. Þorsteinn lét illa yfir þessi ætlan — „er þat enn mesti geigr, at þér frændr skuluð drepast niðr á leið fram; eru nú fáir slíkir menn í yðvarri ætt sem Bolli er“. Enn þó at Þorsteinn mælti slíkt, þá kom fyrir ekki. Halldórr sendir orð Lamba föðurbróður sínum, ok er hann kom á fund Halldórs, þá sagði hann honum ætlan sína. Lambi fýsti mjök, at þetta skyldi fram ganga. Þorgerðr húsfreyja

var ok mikill hvatamaðr at þessi ferð skyldi takast; kvaðst aldri hefnt þykkja Kjartans, nema Bolli kæmi fyrir. Eftir þetta búast þeir til ferðar. Í þessi ferð váru þeir Óláfs synir fjórir, enn fimti var Barði. Þessir váru Óláfs synir: Halldórr ok Steindórr, Helgi ok Höskuldr; enn Barði var son Guðmundar; sétti Lambi, sjaundi Þorsteinn, átti Helgi mágr hans, niundi Án hrismagi. Þorgerðr réðst ok til ferðar með þeim; heldr löttu þeir þess, ok kváðu slikt ekki kvennaferð. Hon kvaðst at vísu fara skyldu — „því at ek veit gerst um yðr sonu mína, at þurfi þér brýningina“. Þeir segja hana ráða mundu.

55. Eftir þat riða þeir heiman ór Hjarðarholti níu saman. Þorgerðr var en tíunda. Þau riða inn eftir fjörum ok svá til Ljárskóga; þat var öndverða nótt; létta eigi fyrr enn þau koma í Sælingsdal, þá er nökkut var mornat. Skógr þykkir var í dalnum í þann tíð. Bolli var þar í seli, sem Halldórr hafði spurt; selin stóðu við ána, þar sem nú heita Bollatóftir. Holt mikit gengr fyrir ofan selit ok ofan at Stakkagili; milli hlíðarinnar ok holtsins er engi mikit, er í Barmi heitir. Þar unnu húskarlar Bolla. Þeir Halldórr ok hans förunautar riðu at Öxnagróf yfir Ránarvöllu, ok svá fyrir ofan Hamarengi; þat er gegnt selinu; þeir vissu at mart manna var í selinu; stíga af baki, ok ætluðu

at bíða þess, er menn færi frá selinu til verks. Smalamaðr Bolla fór at fé snemma um morgininn uppi í hliðinni; hann sá mennina í skóginum ok svá hrossin, er bundin váru. Hann grunar, at þetta muni eigi vera friðmenn, er svá leynilega fóru. Hann stefnir þegar heim et gegnsta til selsins ok ætlar at segja Bolla kvámu manna. Halldórr var skygn maðr. Hann sér, at maðrinn hleypr ofan ór hliðinni ok stefndi til selsins. Hann segir förunautum sínum, at þat mun vera smalamaðr Bolla, — „ok mun hafa sét ferð vára; skulum vér nú gera í móti honum ok láta hann engri njósn koma til selsins“. Þeir gerðu sem hann mælti fyrir. Án hrismagi varð þeira skjótastr ok getr farit sveininn, tekr hann upp ok keyrir niðr; þat fall varð á þá leið, at hrygggrinn brotnaði í sundr í sveininum. Síðan riðu þeir at selinu; selin váru tvau: svefnsel ok búr. Bolli hafði verit snemma á fótum um morgininn ok skipat til vinnu, enn lagizt þá til svefns, er húskarlar fóru í brott. Þau váru tvau í selinu, Bolli ok Guðrún. Þau vöknudu við dyninn, er þeir hlupu af baki; heyrðu þau ok, er þeir ræddu um, hverr fyrstr skyldi inn ganga í selit at Bolla, Bolli kendi mál Halldórs ok fleiri þeira förunauta. Bolli mælti við Guðrúnu ok bað hana ganga ór selina í brott, ok segir, at sá einn mundi fundr þeira verða, er henni mundi ekki gaman at

verða. Guðrún kvaðst hyggja, at þau ein tíð-
 endi mundi þar verða, at hon mundi sjá mega,
 ok kvað Bolla ekki mundu mein at sér, þótt
 hon væri nær honum stödd. Bolli kvaðst þessu
 ráða vilja, ok svá var, at Guðrún gekk út ór
 selinu. Hon gekk ofan fyrir brekkuna til læk-
 jar þess er þar fell, ok tók at þvá léreft sín.
 Bolli var nú einn í selinu; hann tók vápn sín,
 setti hjálm á höfuð sér, ok hafði skjöld fyrir
 sér, enn sverðit Fótbit í hendi; enga hafði hann
 brynju. Þeir Halldórr ræða nú um með sér,
 hversu at skal orka; því at engi var fúss at
 ganga inn í selit. Þá mælti Án hrísmagi:
 „Eru þeir menn hér í ferð, er Kjartani eru
 skyldari at frændsemi enn ek; enn engi mun
 sá, at minnisamara muni vera um þann atburð,
 er Kjartan lézt enn mér. Var mér þat þá í
 hug, at ek var heim færðr í Tungu ódauðr at
 einu, enn Kjartan var veginn, at ek munda
 feginn vinna Bolla mein, ef ek kæmumst í færi.
 Mun ek fyrstr inn ganga í selit“. Þá svarar
 Þorsteinn svart: „Hreystimannlega er slikt
 mælt; enn þó er ráðlegra at rasa eigi fyrir ráð
 fram, ok fari menn nú varlega, því at Bolli
 mun eigi kyrr fyrir standa, er at honum er
 sótt. Nú þótt hann sé fáliðr fyrir, þá munu
 þér þar ván eiga snarprar varnar. Því at Bolli
 er bæði stærkr ok vígfimr. Hefir hann ok sverð
 þat er örugt er til vápns. Síðan gengr Án inn

í selit hart ok skjótt, ok hafði skjöldinn yfir höfði sér ok sneri fram enu mjóra. Bolli hjó til hans með Fótbit ok af skjaldarsporðinn, ok þar með klauf hann Án í herðar niðr; fekk hann þegar bana. Síðan gekk Lambi inn; hann hafði hlíf fyrir sér, enn sverð brugðit í hendi. Í því bili kipti Bolli Fótbit ór sárinu, ok bar þá af honum skjöldinn. Þá lagði Lambi í lær Bolla, ok varð þat mikit sár. Bolli hjó í móti á öxl Lamba, ok rendi sverðit ofan með siðunni; hann varð þegar óvigr, ok aldri síðan varð honum höndin meinlaus, meðan hann lifði. Í þessarri svipan gekk inn Helgi Harðbeinsson, ok hafði í hendi spjót þat, er alnar var löng fjöðrin, ok járnri vafit skaftit. Enn er Bolli sér þat, þá kastar hann sverðinu, enn tók skjöldinn tveim höndum, ok gekk fram at seldyrnunum í móti Helga. Helgi lagði til Bolla með spjótinu, í gegnum skjöldinn ok sjálfan hann. Bolli hallaðist upp at selsvegginum. Nú þustu menn inn í selit, Halldórr ok bræðr hans. Þorgerðr gekk ok inn í selit. Þá mælti Bolli: „Þat er nú ráð, bræðr, at ganga nær enn hér til“. Kvaðst þess vænta, at þá mundi skömm vörn. Þorgerðr svarar máli hans, ok sagði eigi spara þurfa at vinna ógrunsamlega at við Bolla; bað þá ganga milli bols ok höfuðs. Bolli stóð þá enn upp við selsvegginn ok helt at sér kyrtlinum, at eigi hlypi út iðrin.

Þá hljóp Steindórr Ólafsson at Bolla ok hjó til hans með exi mikilli á hálsinn við herðarnar, ok gekk þegar af höfuðit. Þorgerðr bað hann heilan njóta handa; kvað nú Guðrúnu mundu eiga at búa um rauða skör Bolla um hrið. Eftir þetta ganga þeir út ór selinu. Guðrún gengr þá neðan frá læknum ok til tals við þá Halldórr, ok spurði, hvat til tíðenda hafði gerzt í skiftum þeira Bolla. Þeir segja slíkt sem í hafði gerzt. Guðrún var í námkyrtli, ok við vefjarupphlutr þröngr, enn sveigr mikill á höfði. Hon hafði knýtt um sik blæju ok váru í mörk blá ok tröf fyrir enda. Helgi Harðbeinsson gekk at Guðrúnu ok tók blæjuendann, ok þerði blóð af spjótinu því enu sama, er hann lagði Bolla í gegnum með. Guðrún leit til hans ok brosti við. Þá mælti Halldórr: „Þetta er illmannlega gert ok grimmlega“. Helgi bað hann eigi þat harma, — „því at ek hygg þat“, segir hann, — „at undir þessu blæjuhorni býi minn höfuðsbani“. Síðan tóku þeir hesta sína ok riðu í brott. Guðrún gekk á veg með þeim ok talaði við þá um hrið. Síðan hvarf hon aftr.

56. Þat ræddu þeir förunautar Halldórs, at Guðrúnu þætti litit dráp Bolla, er hon slóst á leiðiorð við þá, ok átti alt tal við þá, svá sem þeir hefði ekki at gert, þat er henni væri í móti skapi. Þá svarar Halldórr: „Ekki er þat mín ætlan, at Guðrúnu þykki litit lát Bolla;

hygg ek, at henni gengi þat meir til leiðiorðs við oss, at hon vildi vita sem gerzt, hverir menn hefði verit í þessi ferð; er þat ok ekki ofmæli, at Guðrún er mjök fyrir öðrum konum um allan skörungsskap. Þat er ok eftir ván-um, at Guðrúnu þykki mikit lát Bolla; því at þat er satt at segja, at eftir slíka menn er mestr skaði, sem Bolli var, þó at vér frændr bærim eigi giftu til samþykkis“. Eftir þetta riða þeir heim í Hjarðarholt. Þessi tíðendi spyrjast brátt við, ok þóttu mikil. Var Bolli et mesta harmdauði. Guðrún sendi þegar menn á fund Snorra goða; því at þar þóttust þau Ósvífr eiga alt traust, er Snorri var. Snorri brá við skjótt orðsending Guðrúnar, ok kom í Tungu við sex tigu manna. Guðrún var fegin kvámu hans. Hann bauðst at leita um sættir; enn Guðrúnu var litit um þat, at játa því fyrir hönd Þorleiks, at taka fé fyrir vig Bolla — „þykki mér þú, Snorri, þat liðsinni mér mest veita“, segir Guðrún, „at þú skiftir bústöð-um við mik, svá at ek sitja eigi samtýnis við þá Hjarðhyltinga“. Í þenna tíma átti Snorri deilur miklar við þá Eyrbyggja. Snorri kvaðst þetta mundu gera fyrir vinfengis sakir við Guðrúnu, enn þó muntu, Guðrún, þessi missari verða at búa í Tnngu“. Býst nú Snorri í brott ok gaf Guðrún honum virðulegar gjafir. Riðr nú Snorri heim, ok var kyrt at kalla þau miss-

12*

ari. Enn næsta vetr eftir víg Bolla fæddi Guðrún barn; þat var sveinn. Sá var Bolli nefndr. Hann var snimma mikill ok vænn. Guðrún unni honum mikit. Ok er vetr sá liðr af ok vár kom, þá ferr fram kaup þat, sem rætt hafði verit, at þau myndu kaupa um lönd Snorri ok Guðrún. Réðst Snorri í Tungu ok bjó þar, meðan hann lifði. Guðrún ferr til Helgafells ok þau Ósvífr, ok setja þar bú saman risulegt; vaxa þar upp synir Guðrúnar Þorleikr ok Bolli. Þorleikr var þá fjögurra vetra gamall, er Bolli var veginn faðir hans.

57. Maðr hét Þorgils ok var Hölluson, enn því var hann kendr við móður sína, at hon lifði lengr enn faðir hans; hann hét Snorri ok var son Álfs ór Dölum. Halla móðir Þorgils var dóttir Gests Oddleifssonar. Þorgils bjó í Hörðadal á þeim bæ, er í Tungu heitir. Þorgils var mikill maðr ok vænn ok enn mesti ofláti; engi var hann kallaðr jafnaðarmaðr. Oft var heldr fátt með þeim Snorra goða; þótti Snorra Þorgils hlutgjarn ok áburðarmikill. Þorgils gaf sér mart til erenda út í sveitina; hann kom jafnan til Helgafells, ok bauð sik til umsýslu með Guðrúnu. Hon tók á því vel at eins, ok lítit af öllu. Þorgils bauð heim Þorleiki syni hennar, ok var hann löngum í Tungu, ok nam lög at Þorgísl, því at hann var enn lögkænsti maðr. Í þenna tíma var í förum

Þorkell Eyjólfsson; hann var enn frægsti maðr ok kynstórr, ok var hann mikill vin Snorra goða. Hann var ok jafnan með Þorsteini Kuggasyni frænda sínum, þá er hann var út hér. Ok eitt sinn er Þorkell átti skip uppi standanda í Vaðli á Barðaströnd, þá varð atburðr sá í Borgarfirði, at son Eiðs ór Ási var veginn af sonum Helgu frá Kroppi. Hét sá Grímr, er vegit hafði, enn bróðir hans Njáll; hann drukknaði í Hvítá litlu síðar. Enn Grímr varð sekr skógarmaðr um vígit, ok lá hann úti á fjöllum, er hann var í sektinni; hann var mikill maðr ok sterkr. Eiðr var þá mjök gamlaðr, er þetta var tíðenda; varð af því at þessu gerr engi reki. Mjök lögðu menn til orðs Þorkatli Eyjólfssyni, er hann rak eigi þessa réttar. Um várit eftir, þá er Þorkell hafði búit skip sitt, ferr hann suðr um Breiðafjörð, ok fær sér þar hest, ok riðr einn saman, ok léttir eigi ferðinni, fyrr enn hann kemr í Ás til Eiðs frænda síns. Eiðr tók við honum feginsamlega. Þorkell segir honum sitt erendi, at hann vill leita til fundar við Grím skógarmannt hans; spyr þá Eið, ef hann vissi nökkut til, hvar bæli hans mundi vera. Eiðr svarar: „Ekki em ek þess fúss; þykki mér þú miklu til hætta, hversu ferðin tekst, enn at eiga við heljarmann slíkan, sem Grímr er. Ef þú vill fara, þá far þú við marga menn, svá at þú

eigir alt undir þér“. „Þat þykki mér engi frami“, segir Þorkell, „at draga fjölmenni at einum manni; enn þat vilda ek, at þú léðir mér sverðit Sköfnung, ok vænti ek þá, at ek skyla bera af einhleypingi einum, þótt hann sé vel at sér búinn“. „Þú munt þessu ráða“, segir Eiðr, „enn ekki kemr mér þat á óvart, þóttu iðrist eitthvert sinn þessa einræðis; enn með því at þú þykkist þetta gera fyrir mínar sakir, þá skal þér eigi þessa varna, er þú beiðir, því at ek ætla Sköfnung vel niðr kominn, þóttu berir hann. Enn sú er náttúra sverðins, at eigi skal sól skína á hjöltin, ok honum skal eigi bregða, svá at konur sé hjá. Ef maðr fær sár af sverðinu, þá má þat sár eigi græða, nema lyfsteinn sá sé riðinn við, er þar fylgir“. Þorkell kvaðst þessa ætla vandlega at gæta, ok tekr við sverðinu enn bað Eiðr vísa sér leið þangat sem Grímr ætti bæli. Eiðr kvaðst þat helzt ætla, at Grímr ætti bæli norðr á Tvidægru við Fiskivötn. Síðan riðr Þorkell norðr á heiðina þá leið, er Eiðr vísaði honum, ok er hann sótti á heiðina mjök langt, sér hann hjá vatni einu miklu skála ok sækir þangat til.

58. Nú kemr Þorkell til skálans, ok sér hann þá, hvar maðr sitr við vatnit við einn lækjarós ok dró fiska; sá hafði feld á höfði. Þorkell stígr af baki ok bindr hestinn undir skálavegginum. Síðan gengr hann fram at

vatninu, þar sem maðrinn sat. Grímr sá skuggann mannsins, er bar á vatnit, ok sprettr hann upp skjótt. Þorkell er þá kominn mjök svá at honum, ok höggr til hans; höggit kom á höndina fyrir ofan úflið, ok var þat ekki mikit sár. Grímr rann þegar á Þorkel ok takast þeir fangbrögðum; kendi þar brátt aflsmunar, ok fell Þorkell ok Grímr á hann ofan. Þá spurði Grímr, hvær þessi maðr væri. Þorkell kvað hann engu skifta. Grímr mælti: „Nú hefir öðruvís orðit, enn þú mundir ætlat hafa, því at nú mun þitt líf vera á mínu valdi“. Þorkell kvaðst ekki mundu sér friðar biðja, — „því at mér hefir ógiftulega tekizt“. Grímr sagði ærin sín óhöpp, þótt þetta liði undan; „mun þér annarra forlaga auðit verða, enn deyja á okkrum fundi, ok vil ek þér líf gefa; enn þú launa því sem þú vill“. Standa þeir nú upp báðir ok ganga heim til skálans. Þorkell sér, at Grím mæðir blóðrás; tekr þá Sköfnungs-stein ok riðr, ok bindr við hönd Gríms, ok tók þegar allan sviða ok þrota ór sárinu. Þeir váru þar um nóttina. Um morgininn býst Þorkell í brott ok spyr, ef Grímr vili fara með honum. Hann kveðst þat at visu vilja. Þorkell snýr þegar vestr ok kemr ekki á fund Eiðs; léttir ekki fyrr enn hann kemr í Sælingsdalstungu. Snorri goði fagnar honum með mikilli blíðu. Þorkell sagði honum, at ferð sjá

hafði illa tekist. Snorri kvað hafa vel orðit, — „lízt mér giftusamlega á Grím; vil ek at þú leysir hann vel af hendi. Væri þat nú mitt ráð, vinr, at þú létir af ferðum ok fengir þér staðfestu ok ráðakost, ok gerist höfðingi, sem þú átt kyn til“. Þorkell svarar; „Oft hafa mér vel gefizt yður ráð“, ok spurði, ef hann hefði um hugsat, hveurrar konu hann skyldi biðja. Snorri svarar: „Þeirar skaltu konu biðja, er beztr kostur er, enn þat er Guðrún Ósvífrsdóttir“. Þorkell kvað þat satt vera, at ráðahagrinn var virðulegr — „enn mikit þykki mér á liggja ofstæki hennar“, segir hann, „ok stórræði; hon mun vilja hefna láta Bolla bónda síns. Þar þykkist í ráðum vera með henni Þorgils Hölluson, ok má vera, at honum sé eigi allr getnaðr at þessu; enn vel er mér Guðrún at skapi“. Snorri mælti: „Ek mun í því bindast, at þér mun ekki mein verða at Þorgísl, ok meiri ván þykki mér, at nökkur umskifti sé orðin um hefndina Bolla, áðr þessi missari sé liðin“. Þorkell svarar: „Vera kann, at þetta sé eigi tóm orð, er þú talar nú; enn um hefnd Bolla sé ek ekki liklegra nú enn fyrir stundu, nema þar snarist nökkurir enir stærri menn í bragð“. Snorri mælti: „Vel líkar mér, at þú farir enn utan í sumar; sjám þá, hvat við berr“. Þorkell kvað svá vera skyldu, ok skiljast þeir við svá búit. Fór Þorkell vestr

yfir Breiðafjörð ok til skips. Hann flutti Grím utan með sér; þeim byrjaði vel um sumarit ok tóku Noreg sunnarla. Þá mælti Þorkell til Gríms: „Kunnigr er þér málavöxtr ok atburðir um félagsskap okkarn; þarf þat ekki at tjá; enn gjarna vilda ek, at hann seldist með minnum vandræðum út enn áhorfðist um hríð; enn at hraustum manni hefi ek þik reynt, ok fyrir þat vil ek þik svá af höndum leysa sem ek hafa aldri þungan hug á þér haft. Kaupeyri mun ek þér fá svá mikinn, at þú megir ganga í hraustra manna lög; enn þú nem ekki staðar norðr hér í landi, því at frændr Eiðs eru margir í kaupföllum, þeir er þungan hug hafa á þér“. Grímr þakkaði honum þessi orð, ok kvaðst eigi beiða mundu kunna jafnframarla, sem hann bauð. At skilnaði gaf hann Grími góðan kaupeyri; töludu þat margir, at þetta væri gert allstórmannlega. Síðan fór Grímr í Vik austr ok staðfestist þar; hann þótti mikill maðr fyrir sér, ok endast þar frá Grími at segja. — Þorkell var í Noregi um vetrinn ok þótti vera mikils háttar maðr; hann var stórauðigr at fé ok enn mesti ákafamaðr. Nú verðr þar frá at hverfa um stund, enn taka til út á Íslandi ok heyra, hvat þar gerist til tíðenda, meðan Þorkell er utan.

59. Guðrún Ósvífrsdóttir fór heiman þat sumar at tvímánaði ok inn í Dali; hon reið í

Þykkvaskóg. Þorleikr var þá ýmist í Þykkvaskógi með þeim Ármóðs sonum, Halldóri ok Örnólfi, stundum var hann í Tungu með Þorgíslí. Sömu nótt sendi Guðrún mann til Snorra goða, at hon vill finna hann þegar um daginn eftir. Snorri brá skjótt við, ok reið þegar við annan mann, þar til at hann kom til Haukaldalsár. Hamarr stendr fyrir norðan ána, er Höfði heitir; þat er í Lækjarskógs landi. Í þeim stað hafði Guðrún ákveðit at þau Snorri skyldu finnast. Þau kómu þar mjök jafnsnemma. Fylgdi ok einn maðr Guðrúnu; var þat Bolli Bollason; hann var þá tólf vetra gamall; enn fullkominn var hann at afli ok hyggju, svá at þeir váru margir, er eigi biðu meira þroska, þó at alrosknir væri; hann bar þá ok Fótbit. Þau Snorri ok Guðrún tóku þegar tal; enn Bolli ok förunautar Snorra sátu á hamrinum ok hugðu at mannaferðum um heraðit. Ok er þau Snorri ok Guðrún höfðu spurzt tíðenda, þá frétti Snorri at erendum, hvat þá hefði nýlega við borit, er hon sendi svá skyndilega orð. Guðrún mælti: „Þat er satt, at mér er þessi atburðr spánnýr, er ek mun nú upp bera, enn þó varð hann fyrir tólf vetrum; því at um hefndina Bolla mun ek nökkut ræða; má þér þat ok ekki at óvörum koma, því at ek hefi þik á mint stundum. Mun ek þat ok fram bera, at þú hefir þar til heitit mér nökkurum

styrk, ef ek biða með þolinmæði; enn nú þykki mér rekin ván, at þú munir gaum at gefa váru máli. Nú hefir ek beðit þá stund, er ek fæ mér skap til; enn þó vilda ek hafa heil ráð af yðr, hvar hefnd þessi skal niðr koma“. Snorri spurði, hvar hon hefði helzt ætlat. Guðrún mælti: „Þat er minn vili, at þeir haldi eigi allir heilu Óláfs synir“. Snorri kvaðst þat banna mundu at fara á hendr þeim mönnum, er mest váru virðir í heraðinu, enn náfræendr þeira, er nær munu ganga hefndunum, ok er alt mál, at ættvíg þessi takist at“. Guðrún mælti: „Þá skal fara at Lamba ok drepa hann; er þá af einn, sá er illfúsastr er“. Snorri svarar: „Er sök við Lamba, þótt hann væri drepinn, enn eigi þykki mér Bolla hefnt at heldr, ok eigi mun þeira Bolla slíkr munr gerr í sættum, sem vert er, ef þeim vígum er saman jafnat“. Guðrún mælti: „Vera kann, at vér fáim ekki jafnmæli af þeim Laxdælum, enn gjalda skal nú einhverr afráð, í hverjum dal sem hann býr; skal ok nú þar at snúa, er Þorsteinn svartí er; því at engi hefir sér verra hlut af deilt þessum málum enn hann“. Snorri mælti: „Slíkt er Þorsteinn í sökum við yðr sem þeir menn, er í tilför váru vigs Bolla ok unnu ekki á honum; enn þú lætr þá menn sitja hjá kyrra, er mér þykkir sem í meira lagi sé hefnd í, enn hafi þó borit banaorð af Bolla, er

Helgi er Harðbeinsson“. Guðrún mælti: „Satt er þat, enn eigi má ek vita, at þessir menn siti um kyrt allir, er ek hefi áðr þenna fjandskap miklat á hendr“. Snorri svarar: „Ek sé þar gott ráð til; þeir Lambi ok Þorsteinn skulu vera í ferð með sonum þínum, ok er þeim Lamba þat maklegt friðkaup; enn ef þeir vilja eigi þat, þá mun ek ekki mæla þá undan, at eigi skapi þér þeim slíkt viti sem yðr likar“. Guðrún mælti: „Hverneg skal at fara at koma þessum mönnum til ferðar, er þú hefir upp nefnt“? Snorri mælti: „Þat verða þeir at annast, er fyrir skulu vera ferðinni“. Guðrún mælti: „Þar munu vér hafa þína forsjá á því, hverr ferðinni skal stjórna ok fyrir vera“. Þá brosti Snorri ok mælti: „Hér hefir þú kyrit mann til“. Guðrún mælti: „Þetta muntu tala til Þorgils“? Snorri segir svá vera. Guðrún mælti: „Rætt hefi ek þetta áðr við Þorgils, ok er sem því sé lokit; því at hann gerði þann einn kost á, er ek vilda ekki á lita; enn ekki fór Þorgils undan at hefna Bolla, ef hann næði ráðahag við mik; enn þess er borin ván, ok mun ek því ekki biðja hann til þessarrar ferðar“. Snorri mælti: „Hér mun ek gefa ráð til, fyrir því at ek fyrirman Þorgisli ekki þessar ferðar. Honum skal at vísu heita ráðahag, ok gera þat þó með undirmálum þeim at þú sér engum manni samlendum gift öðrum enn

Þorgisli, ok þat skal enda, því at Þorkell Eyjólfsson er nú eigi hér á landi, enn ek hefi honum ætlat þenna ráðahag“. Guðrún mælti: „Sjá mun hann þenna krók“. Snorri svarar: „Sjá mun hann víst eigi, því at Þorgils er meir reyndr at ákafa enn vitsmunum. Ger þenna máldaga við fára manna vitni; lát hjá vera Halldór fóstbróður hans, enn eigi Örnólf, því at hann er vitrari, ok kenn mér, ef eigi dugir“. Eftir þetta skilja þau Guðrún talit, ok bað hvárt þeira annat vel fara. Reið Snorri heim, enn Guðrún í Þykkvaskóg. Um myrgininn eftir riðr Guðrún ór Þykkvaskógi, ok synir hennar með henni, ok er þau riða út eftir Skógarströnd, sjá þau, at menn riða eftir þeim. Þeir riða hvatan, ok koma skjótt eftir, ok var þar Þorgils Hölluson; fagna þar hvárir öðrum vel. Riða nú öll saman um daginn út til Helgafells.

60. Fám nóttum síðar enn Guðrún hafði heim komit, heimti hon sonu sína til máls við sik í laukagarð sinn; enn er þeir koma þar, sjá þeir, at þar váru breidd niðr línklæði, skyrtá ok línbrækr; þau váru blóðug mjök. Þá mælti Guðrún: „Þessi sömu klæði, er þit sjáið hér, frýja ykkur föðurhefnda; nú mun ek ekki hafa hér um mörg orð, því at ekki er ván at þit skipizt af framhvöt orða, ef þit ihugið ekki við slíkar bendingar ok áminningar“. Þeim

bræðrum brá mjök við þetta, er Guðrún mælti, enn svöruðu þó á þá leið, at þeir hafa verit ungir til hefnda at leita ok forystulausir; kváðust hvárki kunna ráð gera fyrir sér né öðrum — „ok muna mættim vit, hvat vit höfum látit“. Guðrún kvaðst ætla, at þeir mundu meir hugsa um hestavíg eða leika. Eftir þetta gengu þeir í brott. Um nóttina eftir máttu þeir bræðr eigi sofa. Þorgils varð þess varr ok spurði, hvat þeim væri. Þeir segja honum alt tal þeira mæðgina ok þat með, at þeir mega eigi bera lengr harm sinn ok frýju móður sinnar, — „viljum vér til hefnda leita“, sagði Bolli, „ok höfum við bræðr nú þann þroska, at menn munu mjök á leita við okkr, ef vit hefjum eigi handa“. Um daginn eftir taka þau tal með sér Þorgils ok Guðrún, enn Guðrún hóf svá mál sitt: „Svá þykki mér, Þorgils, sem synir mínir nenni eigi kyrrsetu þessi lengr, svá at þeir leiti eigi til hefnda eftir föður sinn; enn þat hefir mest dvalit hér til, at mér þóttu þeir Þorleikr ok Bolli of ungir hér til at standa í mannráðum. Enn ærin hefir nauðsyn til verit at minnast þess nökkuru fyrr“. Þorgils svarar: „Því þarftu þetta mál ekki við mik at ræða, at þú hefir þvert tekit at ganga með mér; enn alt er mér þat samt í hug ok fyrr, þá er vit höfum þetta átt at tala; ef ek nái ráðahag við þik, þá vex mér ekki í augu at

stinga af einnhvern þeira eða báða tvá, þá er næst gengu vígi Bolla“. Guðrún mælti: „Svá þykki mér sem Þorleiki virðist engi jafnvel til fallinn at vera fyrirmaðr, ef þat skal nökkut vinna, er til harðræða sé; enn þik er ekki því at leyna, at þeir sveinarnir ætla at stefna at Helga Harðbeinssyni berserkinum, er sitr í Skorradal at búi sínu ok uggir ekki at sér“. Þorgils mælti: „Aldregi hirði ek, hvárt hann heitir Helgi eða öðru nafni, því at hvárki þykki mér ofrefli at eiga við Helga eða einnhvern annan; er um þetta mál alt rætt fyrir mína hönd, ef þú heitr með vátum at giftast mér, ef ek kem hefndum fram með sonum þínum“. Guðrún kvaðst þat efna mundu alt, er hon yrði á sátt, þótt þat væri við fára manna vitni gert, ok sagði hon, at þetta mundi at ráði gert. Guðrún bað þangat kalla Halldór fóstbróður hans ok þá sonu sína. Þorgils bað ok Örnólf við vera. Guðrún kvað þess enga þörf, — „eru mér meiri grunir á um trúleika Örnólfs við þik, enn ek ætla þér vera“. Þorgils bað hana ráða. Nú koma þeir bræðr á fund Guðrúnar ok Þorgils; þar var Halldórr í tali með þeim. Guðrún segir þeim nú skyn á, at — „Þorgils hefir heitit at gerast fyrirmaðr ferðar þeirar, at veita heimferð at Helga Harðbeinssyni með sonum mínum at hefna Bolla; hefir Þorgils þat til mælt ferðarinnar, at hann næði

ráðahag við mik. Nú skirskota ek því við vitni yðru, at ek heit Þorgíslí, at giftast engum manni öðrum samlendum enn honum; enn ek ætla ekki at giftast í önnur lönd“. Þorgíls þykkir nú þetta vel mega fyrir bíta, ok sér hann ekki í þetta. Slíta þau nú þessu tali. Þetta ráð er nú fullgert, at Þorgíls skal til ferðar ráðast. Býst hann frá Helgafelli ok með honum synir Guðrúnar; ríða þeir inn í dali ok fyrst heim í Tungu.

61. Enn næsta drottinsdag var leið, ok reið Þorgíls þangat með flokki sínum. Snorri goði var eigi á leið; var þar fjölmenni. Um daginn heimti Þorgíls til tals við sík Þorstein svarta ok mælti: „Svá er, sem þér er kunnigt, at þú vart í tilför með Óláfssonum, þá er veginn var Bolli; hefir þú þær sakir óbætt við þá sonu hans. Nú þó at síðan sé langt liðit, er þeir atburðir urðu, þá ætla ek þeim eigi ór minni liðit við þá menn, er í þeirri ferð váru. Nú virða þeir bræðr svá sem þeim sami þat sízt, at leita á við Óláfssonu fyrir sakir frændsemi; er nú þat ætlun þeira bræðra, at venda til hefnda við Helga Harðbeinsson, því at hann veitti Bolla banasár. Viljum vér þess biðja þik, Þorsteinn, at þú sér í ferð þessi með þeim bræðrum ok kaupir þik svá í frið ok í sætt“. Þorsteinn svarar: „Eigi samir mér þetta, at sæta vélræðum við Helga mág minn; vil ek

miklu heldr gefa fé til friðar mér, svá at þat þykki góðr sómi“. Þorgils segir: „Lítit ætla ek þeim um þat bræðrum, at gera þetta til fjár sér; þarftu ekki í því at dyljast, Þorsteinn, at þú munt eiga tvá kosti fyrir höndum, at ráðast til ferðar eða sæta afarkostum, þegar er þeir megu við komast; vilda ek ok, at þú tækir þenna kost, þótt þér sé vandi á við Helga; verðr hverr fyrir sér at sjá, er menn koma í slíkt öngþveiti“. Þorsteinn mælti: „Mun gerr fleirum slíkr kostr, þeim er í sökum eru við sonu Bolla? Þorgils svarar: „Um slíkan kost mun Lambi eiga at kjósa“. Þorsteinn kvaðst þá betra þykkja, ef hann skyldi eigi verða um þetta einlagi. Eftir þat kallar Þorgils Lamba til móts við sik ok biðr Þorstein heyra tal þeira ok mælti: „Slíkt sama mál vil ek við þik ræða, Lambi, sem ek hefi upp borit við Þorstein; hverja sæmd viltu bjóða sonum Bolla fyrir sakarstaði þá, er þeir eigu við þik? því at þat er oss með sönnu sagt, at þú ynnir á Bolla; ferr þat saman, at þú ert sakbitinn í meira lagi, fyrir því at þú eggjaðir mjök, at Bolli væri drepinn; var ok við þik í meira lagi várkunn, þegar er leið sonu Óláfs“. Lambi spurði, hvers beitt mundi vera. Þorgils svarar, at slíkr kostr mundi honum gerr sem Þorsteini, at ráðast í ferð með þeim bræðrum. Lambi segir: „Ilt þykki mér friðkaup í þessu ok ódrengilegt;

em ek ófúss þessar farar“. Þá mælti Þorsteinn: „Eigi er einsætt, Lambi, at skerast svá skjótt undan ferðinni, því at hér eigu stórir menn í hlut, ok þeir er mikils eru verðir, enn þykkjast lengi bafa setit yfir skörðum hlut; er mér sagt um sonu Bolla, at þeir sé þorska-vænlegir menn ok fullir ofrkapps, enn eigu mikils at reka; megum vér ekki annat ætla, enn leysast af nökkuru eftir slik stórvirki. Munu menn ok mér mest til ámælis leggja þetta fyrir sakir tengda með okkr Helga; þykki mér ok sem svá verði flestum gefit, at alt láti fjörvi firri; verðr því vandræði fyrst at hrinda, er bráðast kemr at höndum“. Lambi mælti: „Auðheyrt er þat, hvers þú fýsir, Þorsteinn, ætla ek þat vel fallit, at þú rádir þessu, ef þér sýnist svá einsætt, því at lengi höfum við átt vandræða félag mikit saman; vil ek þat til skilja, ef ek geng at þessu, at þeir frændr mínir Ólafssynir siti kyrrir ok í friði, ef hefnd gengr fram við Helga“. Þorgils játtar þessu fyrir hönd þeira bræðra. Réðst nú þetta, at þeir Þorsteinn ok Lambi skulu ráðast með Þorgisli til ferðar; kváðu á með sér, at þeir skyldu koma þriðja dag snimma í Tungu í Hörðadal. Eftir þetta skilja þeir; riðr Þorgils heim um kveldit í Tungu. Líðr nú sjá stund, er þeir höfðu ákvedit, at þeir skyldu koma á fund Þorgils, er til ferðar vóru ætlaðir með honum;

þriðja myrgininn fyrir sól koma þeir Þorsteinn ok Lambi í Tungu. Fagnar Þorgils þeim vel.

62. Þorgils býst nú heiman, ok riða þeir upp eftir Hörðadal tíu saman. Þar var Þorgils Hölluson flokkstjóri. Þar váru í ferð synir Bolla, Bolli ok Þorleikr. Þórðr köttr var enn fjórði, bróðir þeira; fimti Þorsteinn svartí, sétti Lambi, sjaundi ok átti Halldórr ok Örnólfr, níundi Sveinn, tíundi Húnbogi; þeir váru synir Álfs ór Döllum. Þessir váru allir víglegir; þeir riða leið sína upp til Sópandaskarðs ok yfir Langavatnsdal, ok svá yfir Borgarfjörð þveran. Þeir riðu at Eyjarvaði yfir Norðrá, enn at Bakkavaði yfir Hvítá skamt frá bæ ofan; riðu þeir Reykjardal, ok svá yfir hálsinn til Skorradals, ok svá upp eftir skóginum í nánd bænum at Vatnshorni; stíga þar af hestum sínum; var þá mjök kveldit áliðit. Bærinn at Vatnshorni stendr skamt frá vatninu fyrir sunnan ána. Þorgils mælti þá við förunauta sína, at þeir mundu þar vera um nóttina, — „ok mun ek fara heim til bæjarins á njósn at forvitnast, hvárt Helgi sé heima; mér er sagt, at Helgi hafi heldr fáment oftast, enn sé allra manna varastr um sik ok hvíli í rammlegri lokrekkju“. Förunautar Þorgils báðu hann fyrir sjá. Gerir Þorgils nú klæðaskifti; steypir af sér kápu blárri, enn tók yfir sik váskufl cinn grán; hann

ferr heim til bæjarins, ok er hann var kominn nálega at garði, þá sér hann mann ganga í móti sér, ok er þeir finnast, mælti Þorgils: „Þér mun ek þykkja ófróðlega spyrja, félagi, hvar em ek kominn í sveit? eða hvat heitir bær sjá? eða hvern býr hér?“ Maðrinn svarar: „Þú munt vera furðu heimskr maðr ok fáviss, ef þú hefir eigi heyrt getit Helga Harðbeinsonar, ens mesta garps ok mikilmennis“. Þorgils spyr þá, hversu góðr Helgi væri viðtakna, ef ókunnir menn koma til hans, ok þeir er mjök þurfa ásjá. Hann svarar: „Gott er þar satt frá at segja, því at Helgi er et mesta stórmenni bæði um manna viðtökur ok annan skörungskap“. Hvárt er Helgi nú heima?“ segir Þorgils, „ek vilda skora á hann til viðtöku“. Hinn spyr, hvat honum væri á höndum. Þorgils svarar: „Ek varð sekr í sumar á þingi; vilda ek nú leita mér trausts nökkurs til þess manns, er mikill væri fyrir sér; vilda ek þar í mót veita honum fylgd mína ok þjónostu; skaltu nú fylgja mér heim til bæjarins til fundar við Helga“. „Vel má ek þat gera“, segir hann, „at fylgja þér heim, því at heimul mun þér gisting hér vera náttlangt; enn ekki muntu Helga finna, því at hann er eigi heima“. Þá spyr Þorgils, hvar hann væri. Hann svarar: „Helgi er í seli sínu, þar er heitir í Sarpi“. Þorgils spyr, hvar þat væri eða hvat manna

væri með honum. Hann kvað þar vera son hans Harðbein ok tvá menn aðra, er sekir váru ok hann hafði við tekit. Þorgils bað hann vísa sér sem gegnst til selsins, — „því at ek vil þegar hitta Helga, er ek nái honum ok reka erendi mitt“. Húskarlinn gerði svá, at hann vísaði honum leiðina, ok eftir þat skilja þeir. Snýr Þorgils í skóginn ok til förunauta sinna, ok segir þeim, hvers hann hefir viss orðit um hagi Helga — „munu vit hér dveljast náttlangt ok venda ekki fyrr til selsins enn á morgin“. Þeir gera sem hann mælti fyrir. Um morgininn riðu þeir Þorgils upp eftir skóginum, þar til er þeir kómu skamt frá selinu; þá bað Þorgils þá stíga af hestunum ok eta dagverð, ok svá gera þeir. Dveljast þar um hrið.

63. Nú er at segja, hvat tíðenda er at selinu, at Helgi var þar ok þeir menn með honum, sem fyrr var sagt. Helgi ræddi um morgininn við smalamann sinn, at hann skyldi fara um skóga í nánd selinu ok hyggja at mannaferðum eða hvat hann sæi til tíðenda, — „erfitt hafa draumar veitt í nótt“. Sveinninn ferr eftir því sem Helgi mælti. Hann er horfinn um hrið, ok er hann kemr aftr, þá spyr Helgi, hvat hann sæi til tíðenda. Hann svarar: „Sét hefi ek þat, at ek ætla at tíðendum muni gegna“. Helgi spyr, hvat þat væri. Hann

kvaðst sét hafa menn eigi allfá, — „ok hygg ek vera munu utanheraðsmenn“. Helgi mælti: „Hvar váru þeir, er þú sátt þá? eða hvat höfðust þeir at? eða hugðir þú nokkut at klæðabúnaði þeira eða yfirlitum?“ Hann svarar: „Ekki varð mér þetta svá mjök umfelmt, at ek hugleiddak eigi slíka hluti, því at ek vissi, at þú mundir eftir spyrja“. Hann sagði ok, at þeir væri skamt frá selinu, ok þeir átu þar dagverð. Helgi spyrr, hvárt þeir sæti í hvirfingi eða hvern út frá öðrum. Hann kvað þá í hvirfingi sitja í söðlum. Helgi mælti: „Seg mér nú frá yfirlitum þeira; vil ek vita, ef ek mega nokkut ráða at likendum, hvat manna þetta sé“. Sveinninn mælti: „Þar sat maðr í steindum söðli ok í blári kápu; sá var mikill ok drengilegr, vikóttir ok nokkut tannberr“. Helgi segir: „Þenna mann kenni ek gerla at frásögn þinni; þar hefir þú sét Þorgils Hölluson vestan ór Hörðadal; eða hvat mun hann vilja oss kappinn?“ Sveinninn mælti: „Þar næst sat maðr í gyldum söðli; sá var í skarlatskyrtli rauðum ok hafði gullhring á hendi, ok var knýtt gullhlaði um höfuð honum; sá maðr hafði gult hár, ok liðaðist alt á herðar niðr; hann var ljóslitaðr ok liðr á nefi, ok nokkut hafit upp framan nefit, eygðr allvel, bláeygr ok snareygr ok nokkut skoteygr, ennibreidr ok fullr at vöngum; hann hafði brúnaskurð á hári,

ok hann var vel vaxinn um herðar ok þykkr undir hönd; hann hafði allfagra hönd ok sterklegan handlegg, ok alt var hans látbragð kurteislegt, ok því orði lýk ek á, at ek hefi engan mann sét jafnvasklegan at öllu; hann var ok unglegr maðr, svá at honum var ekki grön vaxin; sýndist mér sem þrútinn mundi vera af trega“. Þá svarar Helgi: „Vendilega hefir þú at þessum manni hugat; mun ok mikils um þenna mann vert vera; enn ekki mun ek þenna mann sét hafa; þó mun ek geta til, hverr hann er; þat hygg ek, at þar hafi verit Bolli Bollason; því at þat er mér sagt, at hann sé efnilegr maðr“. Þá mælti sveinninn: „Þá sat maðr í smeltum söðli; sá var í gulgrænum kyrtli; hann hafði mikit fingrgull á hendi; sá maðr var enn fríðasti sýnum, ok mun enn vera á ungum aldri, jarpr á hárslit, ok ferr allvel hárit, ok at öllu var hann enn kurteisasti maðr“. Helgi svarar: „Vita þykkjumst ek, hverr þessi maðr mun vera, er þú hefir nú frá sagt; þar mun vera Þorleikr Bollason, ok ertu skýrr maðr ok glöggþekkin“. Sveinninn segir: „Þar næst sat ungr maðr, hann var í blám kyrtli ok í svörtum brókum ok gyrðr í brækr; sá maðr var réttleitr ok hvítr á hárlit ok vel farinn í andliti, grannlegr ok kurteislegr“. Helgi svarar: „Þenna mann kenni ek, ok hann mun ek sét hafa, ok mundi þá vera maðrinn allungr; þar mun vera Þórðr

Þórðarson, fóstri Snorra goða, ok hafa þeir kurteist lið mjök Vestfirðingarnir; hvat er enn þá?“ Þá mælti sveinninn: „Þá sat maðr í skozkum söðli, hárr í skeggi ok skolbrúnn mjök, svartr á hárr ok skrúfhárr, ok heldr ósýnilegr, ok þó garplegr; hann hafði yfir sér fellikápu grá“. Helgi segir: „Glögt sé ek, hverr þessi maðr er; þar er Lambi Þorbjarnarson ór Laxárdal, ok veit ek eigi, hvi hann er í för þeira bræðra“. Sveinninn mælti: „Þá sat maðr í standsöðli, ok hafði yzta heklú blá ok silfrhring á hendi; sá var búandlegr ok heldr af æsku aldri, dökkjarpr á hárr ok hrökk mjök; hann hafði örr í andliti“. „Nú vesnar mjök frásögnin“, sagði Helgi, „þar muntu sét hafa Þorstein svarta mág minn, ok víst þykki mér undarlegt, er hann er í þessi ferð, ok eigi munda ek veita honum slíka heimsókn, eða hvat er enn þá?“ Hann svarar: „Þá sátu tveir menn, þeir váru líkir sýnum, ok mundu vera miðaldra menn ok enir knáligstu, rauðir á hárlit ok freknóttir í andliti ok þó vel sýnum“. Helgi mælti: „Gerla skil ek, hverir þessir menn eru: þar eru þeir Ármóðssynir, fóstbræðr Þorgils, Halldórr ok Örnólfr, ok ertu skilvís maðr; eða hvárt eru nú taldir þeir menn, er þú sátt?“ Hann svarar: „Litlu mun ek nú við auka: þá sat þar næst maðr ok horfði út ór hringinum; sá var í spangabrynju

ok hafði stálhúfu á höfði, ok var barmrinn þverrar handar breiðr; hann hafði öxi ljósa um öxl, ok mundi vera alnar fyrir munn; sjá maðr var dökklitaðr ok svarteygr ok enn víkingligsti“. Helgi svarar: „Þenna mann kenni ek glögt at frásögn þinni; þar hefir verit Húnbogi enn sterki, son Álfs ór Dölum, ok vant er mér at sjá, hvat þeir vilja, ok mjök hafa þeir valda menn til ferðar þessar“. Sveinninn mælti: „Ok enn sat maðr þar et næsta þessum enum sterklega manni; sá var svartjarpr á hár, þykkleitr ok rauðleitr ok mikill í brúnum, hár meðal-maðr“. Helgi mælti: „Hér þarftu eigi lengra frá at segja; þar hefir verit Sveinn, son Álfs ór Dölum, bróðir Húnboga; ok betra mun oss at vera eigi ráðlausum fyrir þessum mönnum; því at nær er þat minni ætlan, at þeir muni vilja hafa minn fund, áðr þeir losni ór heraði, ok eru þeir menn í för þessi, er várn fund munu kalla skaplegan, þó at hann hefði nökkuru fyrr at hendi komit. Nú skulu konur þær, sem hér eru at selinu, snarast í karlföt ok taka hesta þá, er hér eru hjá selinu, ok riða sem hvatast til vetrhúsa; kann vera, at þeir sem nær oss sitja þekki eigi, hvárt þar riða karlar eða konur; munu þeir þurfa litils tóms at ljá oss, áðr vér munum koma mönnum at oss, ok er þá eigi sýnt, hvárra vænna er“. Konurnar riða í brott fjórar saman. Þorgils grunar, at

njósn muni borin vera frá þeim ok til Helga, ok bað þá taka hesta sína ok riða at sem tíðast, ok svá gerðu þeir, ok áðr þeir stigi á bak, reið maðr at þeim þjóðsýnlega. Sá var lítill vexti ok allkvíklátr; hann var margeygr furðulega ok hafði færilegan hest. Þessi maðr kvaddi Þorgils kunnlega. Þorgils spyr hann at nafni ok kynferði ok svá, hvaðan hann væri kominn. Hann kveðst Hrappr heita ok vera breiðfirzkr at móðurkyni, — „ok þar hefi ek upp vaxit; hefi ek nafn Víga-Hrapps ok þat með nafni, at ek em engi dældarmaðr, þó at ek sé lítill vexti; enn ek em sunnlenzkr at föðurkyni; hefi ek nú dvalizt þar nökkura vetr, ok allvel hefir þetta til borit, Þorgils, er ek hefi þik hér ratat; því at ek ætlaða þó þinn fund at sækja, þó at mér yrði um þat nökkuru torsóttara; enn vandkvæði eru mér á hendi; ek hefi áðr orðit misátttr við húsbónda minn; hafða ek af honum viðfarar ekki góðar, enn ek hefi þat af nafni, at ek vil ekki sitja mönnum slíkar hneisur, ok veitta ek honum tilræði; enn þó get ek, at annathvært hafi tekit lítt eða ekki; enn litla stund var ek þar til raunar síðan, því at ek þóttumst hirðr, þegar ek kom á bak hesti þessum, er ek tók frá bónda“. Hrappr segir mart, enn spurði fás, enn þó varð hann brátt varr, at þeir ætluðu at stefna

at Helga, ok lét hann vel yfir því ok sagði, at hans skal eigi á bak at leita.

64. Þeir Þorgils tóku reið mikla, þegar þeir kómu á bak, ok riðu nú fram ór skóginum. Þeir sá fjóra menn ríða frá selinu; þeir hleyptu ok allmikit. Þá mæltu sumir förnautar Þorgils, at ríða skyldi eftir þeim sem skjótast. Þá svarar Þorleikr Bollason: „Koma munu vér áðr til selsins ok vita, hvat þar sé manna; því at þat ætla ek síðr, at hér sé Helgi ok hans fylgdarmenn; sýnist mér svá sem þetta sé konur einar“. Þeir váru fleiri, er í móti mæltu. Þorgils kvað Þorleik ráða skyldu; því at hann vissi, at Þorleikr var manna skygnastr; snúa nú at selinu. Hrappr hleypir fram fyrir ok dúði spjót-sprikuna, er hann hafði í hendi, ok lagði fram fyrir sik, ok kvað þá vera alt mál at reyna sik. Verða þeir Helgi þá eigi fyrr varir við, enn þeir Þorgils taka á þeim selit. Þeir Helgi lúka aftr hurðina ok taka vápn sín. Hrappr hleypr þegar upp á selit ok spurði, hvárt skolli væri inni. Helgi svarar: „Fyrir þat mun þér ganga, sem sá sé nökkut skæðr, er hér býr inni, at hann muni bíta kunna nær greninu“, — ok þegar lagði Helgi spjóti út um selsglugginn ok í gegnum Hrapp; fell hann dauðr til jarðar af spjótinu. Þorgils bað þá fara varlega ok gæta sín við slysum, — „því at vér höfum ærin efni

til at vinna selit ok Helga, þar sem hann er nú kominn, því at ek hygg, at hér sé fátt manna fyrir“. Selit var gert um einn ás, ok lá hann á gafilhlöðum, ok stóðu út af ásendarnir, ok var einart þak á húsinu ok ekki gróit. Þá mælti Þorgils, at menn skyldu ganga at ásendunum ok treysta svá fast, at brotnaði, eða ella gengi af innraftarnir; enn sumir skyldu geyma dyranna, ef þeir leitaði út. Fimm váru þeir Helgi inni í selinu; Harðbeinn son hans var þar; hann var tólf vetra gamall; ok smalamaðr hans ok tveir menn aðrir, er þat sumar höfðu komit til hans ok váru sekir; hét annarr Þorgils, enn annarr Eyjólf. Þorsteinn svartí stóð fyrir selsdurunum ok Sveinn son Dala-Álfs; enn þeir aðrir förunautar rifu af ræfrit af selinu, ok höfðu þeir þar skipt liði til; tók annan ásenda Húnbogi enn sterki ok þeir Ármóðs synir, enn þeir Þorgils ok Lambi annan ásenda ok þeir synir Guðrúnar; treysta þeir nú fast á ásinn ok brotnaði hann í sundr í miðju, ok í þessi svipan lagði Harðbeinn út atgeiri ór selinu, þar sem hurðin var brotin; lagit kom í stálhúfu Þorsteins svarta, svá at í enninu nam staðar; var þat mjök mikill áverki. Þá mælti Þorsteinn þat er satt var, at þar váru menn fyrir. Því næst hljóp Helgi út um dyrnar svá djarflega, at þeir hrukku fyrir er næstir váru. Þorgils var þá nær staddr ok

hjó eftir honum með sverði ok kom á öxlina; varð þat mikill áverki. Helgi snerist þá í móti ok hafði í hendi viðaröxi. Helgi mælti: „Enn skal þessi enn gamli þora at sjá í mót vápnum“, — ok fleygði öxinni at Þorgíslu ok kom öxin á fót honum, ok varð þat mikit sár. Ok er Bolli sá þetta, þá hleypr hann at Helga ok hafði í hendi Fótbit ok lagði í gegnum Helga; var þat banasár hans. Þeir fylgdamenn Helga hlaupa þegar ór selinu ok svá Harðbeinn. Þorleikr Bollason víkr í móti Eyjólfu; hann var sterkr maðr. Þorleikr hjó til hans með sverði ok kom á lærit fyrir ofan kné ok tók af fótinn; fell hann dauðr til jarðar, enn Húnbogi enn sterki hleypr í móti Þorgíslu ok hjó til hans með öxi, ok kom á hrygginn, ok tók hann sundr í miðju. Þórðr kotttr var nær staddr, þar er Harðbeinn hljóp út, ok vildi þegar ráða til hans. Bolli hleypr til, er hann sá þetta, ok bað eigi veita Harðbeini skaða, — „skal hér engi maðr vinna klækis-verk, ok skal Harðbeini grið gefa“. Helgi átti annan son, er Skorri hét; sá var at fóstri á Englandi í Reykjardal enum syðra.

65. Eftir þessi tíðendi riða þeir Þorgíslu í brott ok yfir hálsinn til Reykjardals, ok lýstu þar vígum þessum; riðu síðan ena sömu leið vestr, sem þeir höfðu vestan riðit; létu eigi sinni ferð, fyrr enn þeir kómu í Hörðadal.

Þeir segja nú þessi tíðendi, er gerzt höfðu í för þeira; varð þessi ferð en frægsta, ok þótti þetta mikit stórvirkl, er slíkr kappi hafði fallit sem Helgi var. Þorgils þakkar mönnum vel ferðina, ok slíkt et sama mæltu þeir bræðr Bollasynir. Skiljast þeir menn nú, er í ferð höfðu verit með Þorgísl. Lambi ríðr vestr til Laxárdals ok kemr fyrst í Hjarðarholt ok sagði þeim frændum sínum innilega frá þessum tíðendum, er orðit höfðu í Skorradal. Þeir létu illa yfir hans ferð ok töldu mjök á hendr honum; kváðu hann meir hafa sagzt í ætt Þorbjarnar skrjúps enn Mýrkjartans Írakonungs. Lambi reiddist mjök við orðtak þeira ok kvað þá kunna sik ógerla, er þeir veittu honum á-tölur, — „því at ek hefi dregit yðr undan dauða“, segir hann. Skiftust þeir síðan fám orðum við; því at hvárumtveggjum líkaði þá verr enn áðr. Ríðr Lambi heim til bús síns. Þorgils Hölluson ríðr út til Helgafells, ok með honum synir Guðrúnar ok fóstbræðr hans, Halldórr ok Örnólfr. Þeir kómu síðla um kveldit til Helgafells, svá at allir menn váru í rekkjum. Guðrún ríss upp ok bað menn upp standa ok vinna þeim beina. Hon gengr til stufu ok heilsar Þorgísl ok öllum þeim, ok spurði þá tíðenda. Þorgils tók kveðju Guðrúnar. Hann hafði þá lagt af sér kápuna ok svá vápnin, ok sat þá upp til stafa. Þorgils var í rauðbrún-

um kyrtli ok hafði um sik breitt silfrbelti. Guðrún settist niðr í bekkinn hjá honum. Þá kvað Þorgils vísu þessa:

- (2) Sóttum heim at Helga.
 Hrafn létum ná svelga.
 Ruðum farröðuls eiki,
 þá er fylgdum Þorleiki.
 Þrjá létum þar falla
 þjóðnýta gervalla
 hjálms allkæna þolla.
 Hefnt teljum nú Bolla.

Guðrún spurði þá vendilega at þessum tíðendum, er orðit höfðu í för þeira. Þorgils sagði slíkt, er hon spurði. Guðrún kvað ferðina orðna ena snöfurligstu ok bað þá hafa þökk fyrir. Eftir þat er þeim beini veittr, ok er þeir váru mettir, var þeim fylgt til rekkna; sofa þeir af nóttina. Um daginn eftir gengr Þorgils til tals við Guðrúnu ok mælti: „Svá er háttat sem þú veizt, Guðrún, at ek hefi fram komit ferðinni, þeiri er þú batt mik til; tel ek þat fullmannlega afhöndum int, vænti ek ok, at ek hafa því vel vart; þú munt þat ok muna, hverjum hlutum þú hefir mér heitit þar í mót; þykkjumst ek nú til þess kaups kominn“. Þá mælti Guðrún: „Ekki hefir síðan svá langt liðit, er vit ræddumst við, at mér sé þat ór minni liðit; ætla ek ok þat eina fyrir mér, at efna við þik alt, þat er ek varð ásátt, eða hvers minnir þik um, hversu mælt var með

okkr?“ Þorgils kvað hana muna mundu. Guðrún svarar: „Þat hygg ek, at ek héta þér því at giftast engum manni samlendum öðrum enn þér, eða viltu nökkut mæla í móti þessu?“ Þorgils kvað hana rétt muna. „Þá er vel“, segir Guðrún, „ef okkr minnir eins um þetta mál; vil ek ok ekki lengr draga þetta fyrir þér, at ek ætla þess eigi auðit verða, at ek sjá þín kona; þykkjumst ek enda við þik öll ákveðin orð, þó at ek giftumst Þorkatli Eyjólfssyni, því at hann er nú eigi hér á landi“. Þá mælti Þorgils ok roðnaði mjök: „Gerla skil ek, hvaðan alda sjá renn undir; hafa mér þaðan jafnan köld ráð komit; veit ek, at þetta eru ráð Snorra goða“. Sprettir Þorgils upp þegar af þessu tali, ok var enn reiðasti; gengr til förunauta sinna ok sagði, at hann vill í brott ríða. Þorleiki líkar illa, er svá var hagat, at Þorgíslu var eigi geð á, enn Bolli samþykkist hér um vilja móður sinnar. Guðrún kvaðst gefa skyldu Þorgíslu góðar gjafir ok bliðka hann svá. Þorleikr kvað þat ekki tjá mundu, — „því at Þorgils er miklu skapstærri maðr, enn hann muni hér at smáhlutum lúta vilja“. Guðrún kvað hann þá heima huggast skyldu. Þorgils riðr við þetta frá Helgafelli ok með honum föstbræðr hans; kemr hann heim í Tungu til bús síns ok unir stórilla sínum hlut.

66. Þann vetr tók Ósvífr sótt ok andaðist.

Þat þótti mannskaði mikill, því at hann hafði verit enn mesti spekingr. Ósvífr var grafinn at Helgafelli, því at Guðrún hafði þar þá látit gera kirkju. Á þeim sama vetri fekk sótt Gestr Oddleifsson, ok er at honum leið sóttin, þá kallaði hann til sín Þórð lága, son sinn, ok mælti: „Svá segir mér hugr um, at þessi sótt muni skilja vára samvistu. Ek vil mik láta færa til Helgafells, því at sá staðr mun verða mestr hér í sveitum; þangat hefi ek oft ljós sét“. Eftir þetta andaðist Gestr. Vetrinn hafði verit kuldasamr, ok váru íslög mikil, ok hafði langt lagt út Breiðafjörð, svá at eigi mátti á skipum komast af Barðaströnd. Lík Gests stóð uppi tvær nætr í Haga; enn þá sömu nótt gerði á veðr svá hvast, at isinn rak allan frá landi; enn um daginn eftir var veðr gott ok lygnt. Þórðr tók skip ok lagði á lík Gests ok fara þeir suðr um daginn yfir Breiðafjörð ok koma um kveldit til Helgafells. Var þar vel tekit við Þórði, ok er hann þar um nóttina. Um morgininn var niðr sett lík Gests, ok hvildu þeir Ósvífr í einni gröf. Kom nú fram spásagan Gests, at skemra var í milli þeira, enn þá er annarr var á Barðaströnd enn annarr í Sælingsdal. Þórðr enn lági ferr heim, þegar hann er búinn; enn næstu nótt eftir gerði á æðiveðr; rak þá isinn allan at landi; helt því lengi um vetrinn, at ekki mátti þar á skipum

fara. Þóttu at þessu mikil merki, at svá gaf til at fara með lík Gests, at hvárki var fært áðr né síðan.

67. Þórarinn hét maðr, er bjó í Langadal; hann var goðorðsmaðr ok ekki ríkr. Son hans hét Auðgísl; hann var frálegr maðr. Þorgils Hölluson tók af þeim feðgum goðorðit, ok þótti þeim þat en mesta svívirðing. Auðgísl fór á fund Snorra goða ok sagði honum þenna ójafnað ok bað hann ásjá. Snorri svaraði vel at einu, ok tók lítinn af öllu ok mælti: „Gerist hann Höllu-slappi nú framgjarn ok áburðarmikill. Hvárt mun Þorgils enga þá menn fyrir hitta, at eigi muni honum alt vilja þola? Er þat víst auðsætt, at hann er mikill maðr ok knálegr, enn komit hefir orðit slíkum mönnum í hel sem hann er“. Snorri gaf Auðgísli öxi rekna, er hann fór í brott. Um vórit fóru þeir Þorgils Hölluson ok Þorsteinn svartí suðr til Borgarfjarðar, ok buðu bætr sonum Helga ok öðrum frændum hans; var sæzt á þat mál ok var ger góð sæmd. Galt Þorsteinn tvá hluti bóta vígsins, enn Þorgils skyldi gjalda þriðjung, ok skyldi greiða á þingi. Þetta sumar reið Þorgils til þings, ok er þeir kómu á hraunit at Völlum, sá þeir konu ganga í móti sér; sú var mikil harðla. Þorgils reið í móti henni, enn hon veik undan, ok kvað þetta:

- (3) Kosti fyrðar,
 ef framir þykkjast,
 ok varist við svá
 vélum Snorra;
 engi mun við varast;
 vitr er Snorri.

Síðan gekk hon leið sína. Þá mælti Þorgils:
 „Sjaldan fór svá, þá er vel vildi, at þú færir
 þá af þingi, er ek fór til þings“. Þorgils riðr
 nú á þingit ok til búðar sinnar, ok var kyrt
 öndvert þingit. Sá atburðr varð einnhvern dag
 um þingit, at fest váru út klæði manna til
 þerris. Þorgils átti blá heklu; hon var breidd
 á búðarvegginn. Menn heyrðu, at heklan kvað
 þetta:

- (4) Hangir vát á vegg,
 veit hattkilau bragð,
 þvigít oftar þurr,
 þeygi dyl ek, at hon viti tvau.

Þetta þótti et mesta undr. Enn næsta dag
 eftir gekk Þorgils vestr yfir ána, ok skyldi
 gjalda fé sonum Helga; hann sezt niðr á hölk-
 nit fyrir ofan búðirnar; með honum var Hall-
 dórr fóstbróðir hans ok fleiri váru þeir saman.
 Þeir synir Helga kómu til mótsins. Þorgils
 rekr nú at telja silfrit. Auðgísl Þórarinsson
 gekk þar hjá, ok í því er Þorgils nefndi tíu,
 þá hjó Auðgísl til hans, ok allir þóttust heyra,
 at höfuðit nefndi ellifu, er af f auk hálsinum.
 Auðgísl hljóp til Vatnsfirðingabúðar, enn Hall-

dórr hljóp þegar eftir honum, ok hjó hann í búðardurunum til bana. Þessi tíðendi kómu til búðar Snorra goða, at Þorgils Hölluson var veginn. Snorri segir: „Eigi mun þér skilizt hafa; Þorgils Hölluson mun vegit hafa“. Maðrinn segir: „Enda fauk höfuðit af bolnum“. „Þá má vera, at satt sé“, sagði Snorri. Sæzt var á víg þessi, sem í sögu Þorgils Höllusonar segir.

68. Þat sama sumar, er Þorgils Hölluson var veginn, kom skip í Bjarnarhöfn; þat átti Þorkell Eyjólfsson; hann var þá svá auðigr maðr, at hann átti tvá knörru í förum; annarr kom í Hrutafjörð á Borðeyri, ok var hvárrtveggi viði hlaðinn. Ok er Snorri goði spurði útkvámu Þorkels, riðr hann þegar til skips. Þorkell tók við honum með allri bliðu. Þorkell hafði ok mikinn drykk á skipi sínu; var veitt allkappsamlega; varð þeim ok mart talat. Spurði Snorri tíðenda af Noregi. Þorkell segir frá öllu vel ok merkilega. Snorri segir í mót þau tíðendi, sem hér höfðu gerzt, meðan Þorkell hafði utan verit. „Sýndist mér nú þat ráð“, segir Snorri, „sem ek rædda fyrir þér, áðr þú fórt utan, at þú tækir þik ór förum ok settist um kyrt ok aflaðir þér kvánfangs þess ens sama, sem þá var orði á komit“. Þorkell svarar: „Skil ek, hvar þú ferr, ok alt er mér slíkt et sama nú í hug, sem þá ræddum vit;

því at eigi fyrirman ek mér ens göfgasta ráðs, ef þat má við gangast“. Snorri mælti: „Til þess skal ek boðinn ok búinn at ganga með þeim málum fyrir þína hönd; er nú ok afráðinn hvárrtveggi hlutrinn, sá er þér þótti tor-sóttlegastr, ef þú skyldir fá Guðrúnar, at Bolla er hefnt, enda er Þorgils frá ráðinn“. Þorkell mælti: „Djúpt standa ráð þín, Snorri, ok at visu vil ek at vanda þessu máli“. Snorri var at skipi nökkurar nætr; síðan tóku þeir skip teinært, er þar flaut við kaupskipit, ok bjuggust til ferðar, hálfr þriði togr manna; þeir fóru til Helgafells. Guðrún tók við Snorra ágæta vel; var þeim veittr allgóðr beini, ok er þeir höfðu verit þar eina nótt, þá kallar Snorri til tals við sik Guðrúnu ok mælti: „Svá er mál með vexti, at ek hefi ferð þessa veitt Þorkatlj Eyjólfssyni vin mínum; er hann nú hér kominn, sem þú sér, enn þat er erendi hans hingat at hefja bónorð við þik. Er Þorkell göfugr maðr; er þér ok alt kunnigt um ætt hans ok athæfi; skortir hann ok eigi fé; þykkir oss hann nú einn maðr líkastr til höfðingja vestr hingat, ef hann vill sik til þess hafa; hefir Þorkell mikinn sóma, þá er hann er út hér, enn miklu er hann meira virðr, þá er hann er í Noregi með tignum mönnum“. Þá svarar Guðrún: „Synir mínir munu hér mestu af ráða, Þorleikr ok Bolli, enn þú ert svá enn þriði maðr, Snorri,

at ek mun mest þau ráð undir eiga, er mér þykkja allmiklu máli skifta, því at þú hefir mér lengi heilráðr verit“. Snorri kvaðst einsett þykkja, at hnekkja Þorkatli eigi frá. Eftir þat lét Snorri kalla þangat sonu Guðrúnar; hefir þá uppi við þá málit ok tjár, hversu mikill styrkr þeim mætti verða at Þorkatli fyrir sakir fjárafla hans ok forsjá, ok taldi þar um mjúklega. Þá svarar Bolli: „Móðir mín mun þetta glöggvast sjá kunna; vil ek hér um hennar vilja samþykkja; enn víst þykkir oss ráðlegt at virða þat mikils, er þér flytit þetta mál, Snorri, því at þú hefir marga hluti stórvel gert til vár“. Þá mælti Guðrún: „Mjök munum vér hlíta forsjá Snorra um þetta mál, því at oss hafa þín ráð heil verit“. Snorri fýsti í hverju orði, ok réðst þat af, at ráðahagr skyldi takast með þeim Guðrúnu ok Þorkatli; bauð Snorri at hafa boð inni. Þorkatli líkaði þat vel, — „því at mik skortir eigi föng til at leggja fram, svá sem yðr líkar“. Þá mælti Guðrún: „Þat er vili minn, at boð þetta sé hér at Helgafelli; vex mér ekki þat fyrir augum at hafa hér kostnað fyrir; mun ek hvárki til þess krefja Þorkel né aðra, at leggja starf á þetta“. „Oft sýnir þú þat, Guðrún“, segir Snorri, „at þú ert enn mesti kvenskörungr“. Verðr nú þat af ráðit, at brullaup skal vera at Helgafelli at sex vikum sumars. Fara þeir

Snorri ok Þorkell við þetta á brott; fór Snorri heim, enn Þorkell til skips; er hann ýmist um sumarit í Tungu eða við skip. Líðr til boðsins. Guðrún hefir mikinn viðbúnað ok tilöflun. Snorri goði sótti þessa veizlu með Þorkatli ok höfðu þeir nær sex tigu manna, ok var þat lið mjök valit, því at flestir menn váru í litklæðum. Guðrún hafði nær hundrað fyrirboðsmanna. Þeir bræðr Bolli ok Þorleikr gengu í mót þeim Snorra ok með þeim fyrirboðsmenn. Er Snorra allvel fagnat ok hans föruneysi. Er nú tekit við hestum þeira ok klæðum; var þeim fylgt í stufu; skipuðu þeir Þorkell ok Snorri bekk annan, þann er æðri var, enn boðsmenn Guðrúnar enn óæðra bekk.

69. Þetta haust hafði Gunnarr Þiðrandabani verit sendr Guðrúnu til trausts ok halds; hon hafði ok við honum tekit, ok var leynt nafni hans. Gunnarr hafði sekr orðit um víg Þiðrande Geitissonar ór Krossavík, sem segir í sögu Njarðvíkinga. Fór hann mjök huldu höfði, því at margir stórir menn veittu þar eftirsjár. Et fyrsta kveld veizlunnar, er menn gengu til vatns, stóð þar maðr mikill hjá vatninu; sá var herðimikill ok bringubreiðr; sá maðr hafði hatt á höfði. Þorkell spurði, hverr hann væri. Sá nefndist svá sem honum sýndist. Þorkell segir: „Þú munt segja eigi satt; værir þú líkari at frásögn Gunnari Þiðrandabana; ok ef þú ert svá mikil kempa,

sem aðrir segja, þá muntu eigi vilja leyna nafni þínu“. Þá svarar Gunnarr: „Allkappsamlega mælir þú til þessa; ætla ek mik ok ekki þurfa at dyljast fyrir þér; hefir þú rétt kendan manninn, eða hvat hefir þú mér hugat at heldr?“ Þorkell kvaðst þat vilja mundu, at hann vissi þat brátt. Hann mælti til sinna manna, at þeir skyldu handtaka hann. Enn Guðrún sat innar á þverpalli ok þar konur hjá henni ok höfðu lín á höfði, enn þegar hon verðr vör við, stígr hon af brúðbekkinum ok heitr á sína menn at veita Gunnari lið; hon bað ok engum manni eira, þeim er þar vildi óvísu lýsa. Hafði Guðrún lið miklu meira; horfðist þar til annars, enn ætlat hafði verit. Snorri godi gekk þar í milli manna, ok bað lægja storm þenna, — „er þér Þorkell einsætt at leggja ekki svá mikit kapp á þetta mál; máttu sjá, hversu mikill skörungr Guðrún er, ef hon berr okkr báða ráðum“. Þorkell lézt því hafa heitit nafna sínum Þorkatli Geitissyni, at hann skyldi drepa Gunnar, ef hann kæmi vestr á sveitir, — „ok er hann enn mesti vinr minn“. Snorri mælti: „Miklu er þér meiri vandi á at gera eftir várum vilja; er þér ok þetta sjálfum höfuðnaðsyn, því at þú fær aldri slíkrar konu sem Guðrún er, þótt þú leitir víða“. Ok við untölur Snorra ok þat með, at hann sá, at hann mælti satt, þá sefaðist Þorkell, enn Gunnari var i

brott fylgt um kveldit. Veizla fór þar vel fram ok skörulega; ok er boði var lokit, búast menn í brott. Þorkell gaf Snorra allfémiklar gjafir ok svá öllum virðingamönnum. Snorri bauð heim Bolla Bollasyni ok bað hann vera með sér öllum þeim stundum, er honum þætti þat betra. Bolli þiggr þat ok ríðr heim í Tungu. Þorkell settist nú at Helgafelli ok tekr þar við búsumsýslu; þat mátti brátt sjá, at honum var þat eigi verr hent enn kaupferðir. Hann lét þegar um haustit taka ofan skála, ok varð upp gerr at vetri, ok var hann mikill ok risulegr. Ástir takast miklar með þeim Þorkatli ok Guðrúnu. Líðr fram vetrinn. Um várit eftir spyr Guðrún, hvat hann vili sjá fyrir Gunnari Þiðrandabana. Þorkell kvað hana mundu fyrir því ráða, — „hefir þú tekit þat svá fast, at þér mun ekki at getast, nema hann sé sæmilega af höndum leyst. Guðrún kvað hann rétt geta, — „vil ek“, sagði hon, „at þú gefir honum skip, ok þar með þá hluti, sem hann má eigi missa at hafa“. Þorkell svarar ok brosti við: „Eigi er þér lítit í hug um mart, Guðrún“, segir hann, „ok er þér eigi hent at eiga vesalmenni; er þat ok ekki við þitt æði; skal þetta gera eftir þínum vilja“. Ferr þetta fram. Gunnarr tók við gjöfinni allþakksamlega — „mun ek aldri svá langhendr verða, at ek fá yðr launat þann sóma allan, sem þit veitit mér“.

Fór Gunnarr utan ok kom við Noreg. Eftir þat fór hann til búa sinna. Gunnarr var stórauðigr ok et mesta mikilmenni ok góðr drengr.

70. Þorkell Eyjólfsson gerðist höfðingi mikill. Helt hann sér mjök til vinsælda ok virðingar. Hann var maðr heraðsrikr ok mála-maðr mikill; þingdeilda hans er hér þó ekki getit. Þorkell var ríkastr maðr í Breiðafirði, meðan hann lifði, þegar er Snorra leið. Þorkell sat vel bæ sinn; hann lét gera öll hús at Helgafelli stór ok rammleg; hann markaði ok grundvöll til kirkju, ok lýsti því, at hann ætlaði sér at sækja kirkjuviðinn. Þau Þorkell ok Guðrún áttu son; sá er nefndr Gellir; hann var snemma enn efnilegasti. Bolli Bollason var ýmist í Tungu eða at Helgafelli; var Snorra til hans allvel. Þorleikr bróðir hans var at Helgafelli. Váru þeir bræðr miklir menn ok enir knáligstu, ok hafði Bolli alt fyrir. Vel var Þorkatli til stjúpbarna sinna. Guðrún unni Bolla mest allra barna sinna. Bolli var nú sextán vetra, enn Þorleikr tuttugu. Þá ræddi Þorleikr við Þorkel stjúpföður sinn ok móður sína, at hann vildi utan fara, — „leiðist mér at sitja heima sem konum; vilda ek, at mér væri fengin fararefni“. Þorkell svarar: „Ekki þykkjumst ek verit hafa mótgerðasamr ykk bræðrum, síðan er tengdir várar tókust; þykki mér þetta en mesta várkunn, at þik fýsi at kanna síðu annarra

manna, því at ek vænti at þú þykkir vaskr maðr, hvar sem þú kemr með dugandi mönnum“. Þorleikr kvaðst ekki mundu hafa mikit fé, — „því at ósýnt er“, hversu mér gætist til; em ek ungr ok í mörgu óráðinn“. Þorkell bað hann hafa svá sem hann vildi. Síðan kaupir Þorkell í skipi til handa Þorleiki, er uppi stóð í Dögurðarnesi; fylgir Þorkell honum til skips ok bjó hann at öllu vel heiman. Fór Þorleikr utan um sumarit. Skip þat kemr til Noregs. Var þá lands höfðingi Óláfr konungr enn helgi. Þorleikr ferr þegar á fund Óláfs konungs. Hann tók vel við honum ok kannaðist við kynferði hans ok bauð honum til sín. Þorleikr þektist þat. Er hann með konungi um vetrinn ok gerðist hirðmaðr hans; virði konungr hann vel. Þótti Þorleikr enn vaskasti maðr ok var hann með Óláfi konungi svá at vetrum skifti. Nú er at segja frá Bolla Bollasyni. Þá er hann var átján vetra gamall um várit, ræddi hann við Þorkel mág sinn ok þau móður sína, at hann vill, at þau leysi föðurarf hans. Guðrún spyr, hvat hann ætlaðist fyrir, er hann kallaði til fjár í hendr þeim. Bolli svarar: „Þat er vili minn, at konu sé beðit til handa mér; vilda ek, Þorkell mágr, segir Bolli, at þú værir mér þar um flutningsmaðr, at þat gengi fram“. Þorkell spurði, hverrar konu hann vildi biðja. Bolli svarar:

„Kona heitir Þórdís, hon er dóttir Snorra goða; hon er svá kvenna, at mér er mest um at eiga; ok ekki mun ek kvángast í bráð, ef ek nái eigi þessu ráði; þykki mér ok mikit undir, at þetta gangi fram“. Þorkell svarar: „Heimolt er þér, mágr, at ek ganga með máli þessu, ef þér þykkir þat máli skifta; vænti ek, at þetta mál verði auðsótt við Snorra, því at hann mun sjá kunna, at honum er vel boðit, þar er þú ert“. Guðrún mælti: „Þat er skjótt at segja, Þorkell, at ek vil til þess láta engan hlut spara, at Bolli fái þann ráðakost, sem honum likar; er þat bæði, at ek ann honum mest, enda hefir hann öruggastr verit í því minna barna, at gera at mínum vilja“. Þorkell lézt þat ætla fyrir sér, at leysa Bolla vel af hendi — „er þat fyrir margs sakir maklegt, því at ek vænti þess, at gott verði mankaup í Bolla“. Litlu síðar fara þeir Þorkell ok Bolli ok váru saman mjök margir menn; fara þar til er þeir koma í Tungu. Snorri tók vel við þeim ok blíðlega; eru þar enar mestu ölværðir af Snorra hendi. Þórdís Snorradóttir var heima með feðr sínum; hon var væn kona ok merkileg; ok er þeir höfðu fár nætr verit í Tungu, þá berr Þorkell upp bónorðsmálin ok mælir til mægðar við Snorra fyrir hönd Bolla, enn til samfara við Þórdísi dóttur hans. Þá svarar Snorri: „Slíkra mála er vel leitat, sem mér er at þér ván;

vil ek þessu máli vel svara, því at mér þykkir Bolli enn mannvænsti maðr, ok sú kona þykki mér vel gift er honum er gift; enn þat mun þó mestu um stýra, hversu Þórdísi er um gefit; því at hon skal þann einn mann eiga, at henni sé vel at skapi“. Þetta mál kemr fyrir Þórdísi, enn hon svarar á þá leið, at hon mundi þar um hlíta forsjá föður síns; kvaðst fúsari at giftast Bolla í sinni sveit, enn ókunnum manni lengra í brott. Ok er Snorri fann, at henni var ekki þetta í móti skapi, at ganga með Bolla, þá er þetta at ráði gert, ok fóru festar fram; skal Snorri hafa boð þat inni ok skal vera at miðju sumri. Við þetta riða þeir Þorkell ok Bolli heim til Helgafells, ok er nú Bolli heima, þar til er at brullaupsstefnu kemr. Búast þeir nú heiman Þorkell ok Bolli, ok þeir menn með þeim, er til þess váru ætlaðir; var þar fjölmenni mikit ok et sköruligsta lið. Riða nú leið sína ok koma í Tungu; eru þar allgóðar viðtökur; var þar mikit fjölmenni ok veizla en virðuligsta, ok er veizluna þrýtr, búast menn í brott. Snorri gaf Þorkatli gjafar sæmilegar ok þeim Guðrúnu báðum, slíkt sama öðrum vinum sínum ok frændum; riðr nú hvern til síns heimilis þeira manna er þetta boð hafa sótt. Bolli var í Tungu, ok tókust brátt góðar ástir með þeim Þórdísi. Snorri lagði ok mikla stund á at veita Bolla vel, ok var til hans hvar

betr enn til sinna barna. Bolli þektist þat vel, ok er þau missari í Tungu í góðu yfirlæti. Um sumarit eftir kom skip af hafi í Hvítá; þat skip átti hálftr Þorleikr Bollason, enn hálftr áttu norrænir menn. Ok er Bolli spyrir útkvámu bróður síns, riðr hann þegar suðr til Borgarfjarðar ok til skips; verðr hvárr þeira bræðra öðrum feginn; er Bolli þar svá at nóttum skiftir; síðan riða þeir báðir bræðr vestr til Helgafells. Þorkell tekr við þeim með allri bliðu, ok þau Guðrún bæði, ok buðu Þorleiki þar at vera um vetrinn, ok þat þiggr hann. Þorleikr dvelst at Helgafelli um hrið; riðr síðan til Hvítár, ok lætr setja upp skipit, enn flytja vestr varnað sinn. Þorleiki hafði gott orðit til fjár ok virðingar; því at hann hafði gerzt handgenginn enum tignasta manni, Óláfi konungi. Var hann nú at Helgafelli um vetrinn, enn Bolli í Tungu.

71. Þenna vetr finnast þeir bræðr jafnan ok höfðu tal með sér, ok hvárki hendu þeir gaman at leikum né annarri skemtun; ok eitt sinn er Þorleikr var í Tungu, þá töludu þeir bræðr svá at dægum skifti. Snorri þóttist þá vita, at þeir mundu stórt nakkvat ráða. Þá gekk Snorri á tal þeira bræðra. Þeir fögnuðu honum vel, ok létu þegar falla niðr talit. Hann tók vel kveðju þeira. Síðan mælti Snorri: „Hvat hafi þit í ráðagerðum, er þit gáid hvárki

svefns né matar?“ Bolli svarar: „Þetta eru ekki ráðagerðir, því at þat tal er með litlum merkjum, er vér eigum at tala. Ok er Snorri fann, at þeir vildu leyna hann því öllu, er þeim var í skapi, enn hann grunaði þó, at þeir mundu um þat mest tala, er stór vandræði mundu af gerast, ef fram gengi, — mælti Snorri til þeira: „Hitt grunar mik nú, sem þat muni hvárki hégómi né gamanmál, er þit munuð lengstum um tala, ok virði ek ykkur til várkunnar, þótt svá sé, ok gerið svá vel ok segið mér ok leynið mik eigi; munu vér eigi allir verr kunna um ráða þetta mál, því at ek mun hvergi í móti standa, at þat gangi fram, er ykkarr sómi vaxi við“. Þorleiki þótti Snorri vel undir taka; sagði hann í fám orðum ætlan þeira bræðra, at þeir ætla at fara at þeim Óláfssonum, ok þeir skyldi sæta afarkostum; segja sik þá ekki til skorta, at hafa jafnan hlut af þeim Óláfssonum, er Þorleikr var handgenginn Óláfi konungi, enn Bolli kominn í mægðir við slíkan höfðingja sem Snorri er. Snorri svarar á þá leið: „Ærit hefir komið fyrir víg Bolla, er Helgi var Harðbeinsson fyrir goldinn; eru hölzti mikil vandræði manna áðr orðin, þó at staðar nemi um síðir“. Bolli segir þá: „Hvat er nú, Snorri, ertu eigi jafnhvass í liðveizlunni, sem þú lézt fyrir litlu? ok eigi mundi Þorleikr þér enn þessa ætlan sagt hafa, ef

hann hefði nökkut við mik um ráðizt, ok þar er þú telr Helga hafa komit í hefnd fyrir Bolla, þá er mönnum þat kunnigt, at fé kom fyrir víg Helga, enn faðir minn er óbætr“. Enn er Snorri sá, at hann fekk þeim eigi talit hughvarf, þá býðst Snorri til at leita um sættir með þeim Óláfssonum, heldr enn manndráp tækist; ok því játta þeir bræðr. Síðan reið Snorri í Hjarðarholt með nökkura menn. Halldór tók vel við honum ok bauð honum þar at vera. Snorri kvaðst heim mundu riða um kveldit, — „enn ek á við þik skylt erendi“. Síðan taka þeir tal, ok lýsir Snorri yfir erendum sínum, at hann kvaðst þess orðinn varr, at þeir Bolli ok Þorleikr undu eigi lengr, at faðir þeira væri bótlauss af þeim Óláfssonum, — „enn nú vilda ek leita um sættir ok vita, ef endir yrði á ógiftu yðvarri frænda“. Halldórr tók þessu ekki fjarri ok svarar: „Harðla kunnigt er mér, at Þorgils Hölluson ok Bollasynir ætluðu at veita mér árás eða bræðrum mínum, áðr enn þú snerir hefndinni fyrir þeim, svá at þaðan af sýndist þeim at drepa Helga Harðbeinsson; hefir þú þér deilt góðan hlut af þessum málum, hvat sem þú hefir til lagt um en fyrri skifti vár frænda“. Snorri mælti: „Miklu þykki mér skifta, at gott verði mitt erendi ok hér kæmi því á leið, er mér er mestr hugr á, at tækist góðar sættir með yðr frændum; því

at mér er kunnigt skaplyndi þeira manna, er málum eiga at skifta við yðr, at þeir munu þat alt vel halda, er þeir verða á sáttir“. Halldórr svarar: „Þessu vil ek játta, ef þat er vili bræðra minna, at gjalda fé fyrir vig Bolla, slíkt sem þeir menn dæma, er til gerðar eru teknir; enn undan vil ek skilja sektir allar ok svá goðorð mitt, svá staðfestu; slíkt et sama þær staðfestur, er bræðr mínir búa á; vil ek ok til skilja, at þeir eigi þær at frjálsum fyrir þessa málalykt; taka ok sinn mann hvárir til gerðar“. Snorri segir: „Vel ok skörulega er þetta boðit; munu þeir bræðr þenna kost taka, ef þeir vilja at nökkuru hafa mín ráð“. Síðan reið Snorri heim ok segir þeim bræðrum, hvert orðit hafði hans erendi, ok svá þat, at hann mundi við skiljast þeira mál með öllu, ef þeir vildu eigi játta þessu. Bolli bað hann fyrir ráða, — „ok vil ek, Snorri, at þér dæmið fyrir vára hönd“. Þá sendir Snorri orð Halldóri, at þá var ráðin sættin; bað hann kjósa mann til gerðar til móts við sik. Halldórr kaus til gerðar fyrir sína hönd Steindór Þorláksson af Eyri; sættarfundr skyldi vera at Dröngum á Skógaströnd, þá er fjórar vikur eru af sumri. Þorleikr Bollason reið til Helgafells, ok var alt tíðendalaust um vetrinn. Ok er leið at þeiri stundu, er ákveðit var um fundinn, þá kom Snorri goði með þeim Bollasonum, ok váru alls

fimtán saman; jafnmargir kómu þeir Steindórr til mótsins. Tóku þeir Snorri ok Steindórr tal ok urðu ásáttir um mál þessi. Eftir þat luku þeir fésekt; enn eigi er hér ákveðit, hversu mikit þeir gerðu; frá því er sagt at fé galzt vel ok sættir váru vel haldnar. Á Þórsnesþingi váru gjöld af hendi int. Halldórr gaf Bolla sverð gott, enn Steindórr Ólafsson gaf Þorleiki skjöld; var þat ok góðr gripr, ok var síðan slitit þinginu, ok þóttu hvárirtveggju hafa vaxit af þessum málum.

72. Eftir þat er þeir höfðu sæzt Bolli ok Þorleikr ok Ólafssynir, ok Þorleikr hafði verit einn vetr á Íslandi, þá lýsti Bolli því, at hann ætlaði utan. Snorri latti þess ok mælti: „Oss þykkir mikit í hættu, hversu þér tekst; enn ef þik fýsir fleira at ráða, enn nú ræðr þú, þá vil ek fá þér staðfestu ok gera þér bú, ok þar með fá þér í hendr manna forræði ok halda þér til virðingar í öllu; vænti ek, at þat sé auðvelt, því at flestir menn leggja góðan hug til þín“. Bolli svarar: „Þat hefi ek lengi haft í hug mér, at ganga suðr um sinnsakir; þykkir maðr við þat fáviss verða, ef hann kannar ekki víðara enn hér Ísland“. Ok er Snorri sér þat, at Bolli hefir statt þetta fyrir sér, at ekki mundi tjá at letja, þá býðr Snorri honum at hafa fé svá mikit, sem hann vildi, til ferðarinnar. Bolli játtar því at hafa féit mikit, —

„vil ek“, sagði hann, „engis manns miskunnar-
maðr vera hvárki hér né utanlendis“. Síðan
riðr Bolli suðr til Borgarfjarðar ok til Hvítar,
ok kaupir skip þat hálftr at þeim mönnum, er
þat áttu. Eiga þeir bræðr þá saman skipit.
Riðr Bolli síðan vestr heim. Þau Bolli ok Þór-
dís áttu eina dóttur; sú hét Herdís; þeiri mey
bauð Guðrún til fósturs. Hon var þá vetrögömul,
er hon fór til Helgafells. Þórdís var ok löng-
um þar; var Guðrún ok allvel til hennar.

73. Nú fóru þeir bræðr báðir til skips.
Bolli hafði mikit fé utan. Þeir bjuggu nú skipit,
ok er þeir váru albúnir, létu þeir í haf. Þeim
byrjaði ekki skjótt, ok höfðu útivist langa, tóku
um haustit Noreg, ok kómu norðr við Þránd-
heim. Óláfr konungr var austr í landi ok sat
í Vikinni, ok hafði hann þar efnat til vetrsetu.
Ok er þeir bræðr spurðu þat, at konungr
mundi ekki koma norðr til Þrándheims þat
haust, þá segir Þorleikr, at hann vill leita
austr með landi ok á fund Óláfs konungs.
Bolli svarar: „Lítit er mér um þat, at rekast
milli kaupstaða á haustdegi; þykki mér þat
mikil nauð ok ófrelsi. Vil ek hér sitja vetr-
langt í bænum. Er mér sagt, at konungr mun
koma norðr í vár; enn ef hann kemr eigi, þá
mun ek ekki letja, at vit farim á hans fund“. Bolli
ræðr þessu; ryðja þeir nú skip sitt ok
taka sér bæjarsetu. Brátt fanst þat, at Bolli

mundi vera maðr framgjarn ok vildi vera fyrir öðrum mönnum; honum tókst ok svá, því at maðrinn var örlátr; fekk hann brátt mikla virðing í Noregi. Bolli helt sveit um vetrinn í Þrándheimi ok var auðkent, hvar sem hann gekk til skytninga, at menn hans váru betr búnir at klæðum ok vápnum enn annat bæjarfólk; hann skaut ok einn fyrir sveitunga sína alla, þá er þeir sátu í skytningum; þar eftir fór annat örlæti hans ok stórmenska. Eru þeir bræðr nú í bænum um vetrinn. Þenna vetr sat Óláfr konungr austr í Sarpsborg, ok þat spurðist austan, at konungs var ekki norðr ván. Snemma um várit bjuggu þeir bræðr skip sitt ok fóru austr með landi. Tókst þeim greitt ferðin, ok kómu austr til Sarpsborgar, ok fóru þegar á fund Óláfs konungs; fagnar konungr vel Þorleiki hirðmanni sínum ok hans förunautum. Síðan spurði konungr, hver sá væri enn vörpulegi maðr, er í göngu var með Þorleiki. Enn hann svarar: „Sá er bróðir minn ok heitir Bolli“. „At vísu er hann skörulegr maðr“, segir konungr. Eftir þat bauð konungr þeim bræðrum at vera með sér; taka þeir þat með þökkum, ok eru þeir með konungi um várit. Er konungr vel til Þorleiks sem fyrr, enn þó mat hann Bolla miklu meira, því at konungi þótti hann mikit afbragð annarra manna. Ok er á leið várit, þá ræða þeir bræðr

um ferðir sínar; spurði Þorleikr, hvárt Bolli vili fara út til Íslands um sumarit, — „eða viltu vera í Noregi lengr“? Bolli svarar: „Ek ætla mér hvárki; ok er þat satt at segja, at ek hafða þat ætlat, þá er ek fór af Íslandi, at eigi skyldi at spyrja til mín í öðru húsi; vil ek nú, frændi, at þú takir við skipi okkru“. Þorleiki þótti mikit, ef þeir skulu skilja, — „enn þú, Bolli, munt þessu ráða sem öðru“. Þessa sömu ræðu báru þeir fyrir konung, enn hann svarar á þá leið: „Viltu ekki, Bolli, dveljast með oss lengr“? segir konungr, „þætti mér hinn veg bezt, er þú dveldist með mér um hríð; mun ek veita þér þvilíka nafnbót, sem ek veitta Þorleiki bróður þínum“. Þá svarar Bolli: „Allfúss væra ek, herra, at bindast yðr á hendr, enn fara vil ek fyrst þangat, sem ek hefi áðr ætlat, ok mik hefir lengi til fýst, enn þenna kost vil ek gjarna taka, ef mér verðr aftrkvámu auðit“. „Þú munt ráða ferðum þínum, Bolli“, segir konungr, „því at þér eruð um flest einráðir Íslendingar; enn þó mun ek þvi orði á lúka, at mér þykkir þú, Bolli, hafa komit merkilegastr maðr af Íslandi um mína daga“. Ok er Bolli hafði fengit orlof af konungi, þá býst hann til ferðar ok gekk á kugg einn, er ætlaði suðr til Danmerkr; hann hafði ok mikit fé með sér; fóru ok nökkurir menn með honum af hans förunautum. Skildust þeir

Óláfr konungur með mikilli vináttu; veitti konungur Bolla góðar gjafar at skilnaði. Þorleikr var þá eftir með Óláfi konungi, enn Bolli fór ferðar sinnar þar til er hann kemr suðr til Danmerkr; hann er þar um vetrinn í Danmörku ok fekk þar mikinn sóma af ríki mönnum; hann helt sik ok þar at engu óríkmanlegar enn þá er hann var í Noregi. Ok er Bolli hafði verit einn vetr í Danmörku, þá byrjar hann ferð sína út í lönd ok léttir eigi fyrr ferðinni, enn hann kemr út í Miklagarð. Hann var litla hrið þar áðr hann kom sér í Væringjasetu; höfum vér ekki heyrt frásagnir, at neinn Norðmaðr hafi fyrr gengit á mála með Garðskonungi enn Bolli Bollason. Var hann í Miklagarði mjök marga vetr ok þótti enn hraustasti maðr í öllum mannaunum, ok gekk jafnan næst enum fremstum. Þótti Væringjum mikils vert um Bolla, meðan hann var í Miklagarði.

74. Nú er þar til máls at taka, at Þorkell Eyjólfsson sitr í höfðingskap sínum. Gellir son þeira Guðrúnar óx upp heima þar; hann var snemma drengilegr maðr ok vinsæll. Þat er sagt eitt sinn, at Þorkell sagði Guðrúnu draum sinn: „Þat dreymdi mik“, segir hann, „at ek þóttumst eiga skegg svá mikit, at tæki um allan Breiðafjörð“. Þorkell bað hana ráða drauminn. Guðrún spurði: „Hvat ætlar þú

penna draum þýða“? „Auðsætt þykki mér þat, at þar mun standa ríki mitt um allan Breiðafjörð“. „Vera má, at svá sé“, segir Guðrún, „enn heldr munda ek ætla, at þar mundir þú drepa skeggi í Breiðafjörð niðr“. Þat sama sumar setr Þorkell fram skip sitt ok býr til Noregs. Gellir son hans var þá tólf vetra gamall; hann fór utan með feðr sínum. Þorkell lýsir því, at hann ætlar at sækja sér kirkjuvið, ok siglir þegar á haf, er hann var búinn. Hann hafði hæga útivist ok eigi allskamma; taka þeir Noreg norðarla. Þá sat Óláfr konungr í Þrándheimi. Þorkell sótti þegar á fund Óláfs konungs ok með honum Gellir son hans. Þeir fengu þar góðar viðtökur. Svá var Þorkell mikils metinn af konungi þann vetr, at þat er alsagt, at konungr gaf honum eigi minna fé enn tíu tigi marka brends silfrs. Konungr gaf Gelli at jólum skikkju, ok þvar þat en mesta gersemi ok ágætr gripr. Þann vetr lét Óláfr konungr gera kirkju í bænum af viði; var þat stofnat allmikit mustari ok vandað alt til. Um várit var viðr sá til skips fluttr, er konungr gaf Þorkatli; var sá viðr bæði mikill ok góðr, því at Þorkell gekk nær. Þat var einn morgin snemma, at konungr gekk út við fá menn; hann sá mann uppi á kirkju þeiri, er í smíð var þar í bænum. Hann undraðist þetta mjök, því at morni var minnr fram komit, enn smíð-

ar vru vanir upp at standa. Konungr kendi manninn; var þar Þorsteinn Eyjólfsson ok lagði ml við öll en stærstu tré, bæði bita ok staf-lægjur ok uppstöðutré. Konungr sneri þegar þangat til ok mælti: „Hvat er nú, Þorkell, ætlar þú hér eftir at semja kirkjuvið þann er þú flytr til Íslands“? Þorkell svarar: „Satt er þat, herra“. Þá mælti Óláfr konungr: „Högg þú af tvær alnar hverju stótré, ok mun sú kirkja þó ger mest á Íslandi“. Þorkell svarar: „Tak sjálfr við þinn, ef þú þykkist ofgefit hafa, eða þér leiki aftrmund at, enn ek mun ekki alnarkeffi af honum höggva; mun ek bæði til hafa atferð ok eljun at afla mér annan við“. Þá segir konungr ok allstillilega: „Bæði er, Þorkell, at þú ert mikils verðr, enda gerist þú nú allstórr; því at víst er þat ofsi einum bóndasyni at keppast við oss; enn eigi er þat satt, at ek fyrirmuna þér viðarins, ef þér verðr audit at gera þar kirkju af; því at hon verðr eigi svá mikil, at þar muni of þitt alt inni liggja. Enn nær er þat mínu hugboði, at menn hafi litla nytsemd viðar þessa, ok fari því firr, at þú getir gert neitt mannvirki ór viðinum“. Eftir þat skilja þeir ræðuna; snýr konungr í brott, ok fanst þat á, at honum þótti verr, er Þorkell vildi at engu hafa, þat er hann lagði til. Lét konungr þat þó ekki við veðri komast; skildust þeir Þorkell með mikl-

um kærleik. Stígr Þorkell á skipfjöl ok lætr í haf. Þeim byrjaði vel, ok váru ekki lengi úti. Þorkell kom skipi sínu í Hrutafjörð. Hann reið brátt frá skipi ok heim til Helgafells. Allir menn urðu honum fegnir. Hafði Þorkell fengit mikinn sóma í þessi ferð. Hann lét upp setja skip sitt ok um búa, ok fekk kirkjuviðinn til varðveizlu þar er vel var kominn, því at eigi varð norðan fluttr um haustit, því at hann átti starfsamt jafnan. Þorkell sitr nú heima um vetrinn í búi sínu. Hann hafði jóladrykkju at Helgafelli, ok var þar fjölmenni mikit, ok með öllu hafði hann mikla rausn þann vetr, enn Guðrún latti þess ekki ok sagði til þess fé nýtt vera, at menn miklaði sik af, ok þat mundi ok á framreitum, er Guðrúnu skyldi til fá um alla stórmensku. Þorkell miðlaði marga góða gripi þann vetr vinum sínum, er hann hafði út haft.

75. Þenna vetr eftir jól bjóst Þorkell heim-an norðr til Hrutafjarðar at flytja norðan víðu sína. Ríðr hann fyrst inn í Dali ok þaðan í Ljárskóga til Þorsteins frænda síns ok aflar sér manna ok hrossa. Hann ferr síðan norðr til Hrutafjarðar ok dvelst þar um hrið ok hefir ætlan á um ferðina; safnar at sér hestum þar um fjörð, því at hann vildi eigi fleiri farar at gera, ef svá mætti takast. Varð þetta ekki skjótt. Þorkell var í starfi þessu fram á langa-

föstu; hann kemr þessu starfi til vegar; hann dró viðinn norðan meir enn á þrjátíu hestum, ok lætr liggja viðinn á Ljáeyri. Síðan ætlaði hann at flytja á skipi út til Helgafells. Þorsteinn átti ferju mikla, ok ætlaði Þorkell þat skip at hafa, þá er hann færi heimleiðis. Þorkell var í Ljárskógum um föstuna, því at ástúðigt var með þeim frændum. Þorsteinn ræddi við Þorkel, at þat mundi vel hent, at þeir færi í Hjarðarholt, — „vil ek fala land at Halldóri, því at hann hefir litit lausafé, síðan hann galt þeim Bollasonum í föðurbætr; enn þat land er svá, at ek vilda helzt eiga“. Þorkell bað hann ráða; fara þeir heiman ok váru saman vel tuttugu menn. Þeir koma í Hjarðarholt; tók Halldórr vel við þeim ok var enn málreifasti. Fátt var manna heima, því at Halldórr hafði sent menn norðr í Steingrímsfjörð; þar hafði komit hvalr, er hann átti í. Beinir enn sterki var heima; hann einn lifði þá þeira manna, er verit höfðu með Óláfi föður hans. Halldórr hafði mælt til Beinis, þegar er hann sá reið þeira Þorsteins: „Gerla sé ek erendi þeira frænda; þeir munu fala land mitt at mér, ok ef svá er, þá munu þeir heimta mik á tal. Þess get ek, at á sína hönd mér setist hvárr þeira, ok ef þeir bjóða mér nökkurn ómaka, þá vertu eigi seinni at ráða til Þorsteins enn ek til Þorkels; hefir þú lengi verit trúr oss frændum. Ek hefi

ok sent á ena næstu bæi eftir mönnum; vilda ek, at þat hæfðist mjök á, at lið þat kæmi ok vér slitim talinu“. Ok er á leið daginn, ræddi Þorsteinn við Halldór, at þeir skyldu ganga allir saman á tal, — „eigum vit erendi við þik“. Halldórr kvað þat vel fallit. Þorsteinn mælti við förunauta sína, at ekki þyrfti þeir at ganga með þeim; enn Beinir gekk með þeim ekki at síðr, því at honum þótti mjök eftir því fara sem Halldórr gat til. Þeir gengu mjök langt á brott í túnit. Halldórr hafði yfir sér-samda skikkju ok á nist löng sem þá var títt Halldórr settist niðr á völlinn, enn á sína hönd honum hvárr þeira frænda ok þeir settust nálaga á skikkjuna, enn Beinir stóð yfir þeim ok hafði öxi mikla í hendi. Þá mælti Þorsteinn: „Þat er erendi mitt hingat, at ek vil kaupa land at þér. Legg ek þetta því nú til umræðu, at nú er Þorkell frændi minn við; þætti mér okkr þetta vel hent, því at mér er sagt, at þú hafir ógnógleg lausafé, enn land dýrt undir. Mun ek gefa þér í móti þá staðfestu, at sæmileg sé, ok þar í milli, sem vit verðum á sáttir“. Halldórr tók ekki svo fjarri í fyrstu, ok intust þeir til um kaupakosti, ok er þeim þótti hann ekki fjarri taka, þá feldi Þorkell sik mjök við umræðuna ok vildi saman færa með þeim kaupit. Halldórr dró þá heldr fyrir þeim, enn þeir sóttu eftir því fastara, ok þar

kom um síðir, at þess firr var, er þeir gengu nær. Þá mælti Þorkell: „Sér þú eigi, Þorsteinn frændi, hversu þetta ferr? Halldórr hefir þetta mál dregit fyrir oss í allan dag, enn vér höfum setit hér at hégóma hans ok ginningum; nú ef þér er hugr á landkaupi, þá munum vér verða at ganga nær“. Þorsteinn kvaðst þá vilja vita sinn hluta; bað nú Halldórr ór skugga ganga, hvárt hann vildi unna honum landkaupsins. Halldórr svarar: „Ek ætla, at ekki þurfi at fara myrkt um þat, at þú munt kauplaust heim fara í kveld“. Þá segir Þorsteinn: „Ek ætla ok ekki þurfa at fresta því, at kveða þat upp, er fyrir er hugat, at þér eru tveir kostir hugðir, því at vér þykkjumst eiga undir oss hærra hlut fyrir liðsmunar sakir; er sá kostur annarr, at þú gerir þetta mál með vild ok haf þar í mót vinfengi vart; enn sá er annarr, at sýnu er verri, at þú rétt nauðigr fram höndina ok handsala mér Hjarðarholts land“. Enn þá er Þorsteinn mælti svá framt, þá sprettr Halldórr upp svá hart, at nistin rifnaði af skikkjunni, ok mælti: „Verða mun annat fyrr, enn ek mæla þat, er ek vil eigi“. „Hvat mun þat“? spyr Þorsteinn. „Bolöx mun standa í höfði þér af enum versta manni, ok steypa svá ofsa þínum ok ójafnaði“. Þorkell svarar: „Þetta er illa spát, ok væntum vér, at eigi gangi eftir, ok ærnar kalla ek

nú sakar til, þóttu, Halldórr, látir land þitt ok hafir eigi fé fyrir“. Þá svarar Halldórr: „Fyrr muntu spenna um þöngulshöfuð á Breiðafirði, enn ek handsala nauðigr land mitt“. Halldórr gengr nú heim eftir þetta. Þá drífa menn at bænum, þeir er hann hafði eftir sent. Þorsteinn var enn reiðasti, ok vildi þegar veita Halldóri atgöngu. Þorkell bað hann eigi þat gera, — „ok er þat en mesta óhæfa á slíkum tíðum, enn þegar þessi stund liðr af, þá mun ek ekki letja, at oss lendi saman“. Halldórr kvaðst þat ætla, at hann mundi aldri vanbúinn við þeim. Eftir þetta riðu þeir í brott ok ræddu mart um ferð þessa með sér. Þorsteinn mælti, kvað þat satt vera, at þeira ferð var en dáligsta, — „eða hvi varð þér svá bilt, Þorkell frændi, at ráða til Halldórs ok gera honum nökkura skömm“? Þorkell svarar: „Sáttu eigi Beini, er hann stóð yfir þér með reidda öxina? ok var þat en mesta ófæra, því at þegar mundi hann keyra öxina í höfuð þér, er ek gerða mik líklegan til nökkurs“. Ríða þeir nú heim í Ljárskóga. Liðr nú föstunni ok kemr en efsta vika.

76. Á skírdag snemmendis um morgininn býst Þorkell til ferðar. Þorsteinn latti þess mjök, — „því at mér lízt veðr ótrúlegt“, sagði hann. Þorkell kvað veðr duga mundu et bezta, — „ok skaltu nú ekki letja mik, frændi, því

at ek vil heim fyrir páskana“. Nú setr Þorkell fram ferjuna ok hlóð. Þorsteinn bar jafn-skjótt af utan sem Þorkell hlóð ok þeir förunautar hans. Þá mælti Þorkell: „Hættu nú frændi, ok heft ekki ferð vára; eigi fær þú nú ráðit þessu at sinni“. Þorsteinn svarar: „Sá okkarr mun nú ráða, er verr mun gegna, ok mun til mikils draga um ferð þessa“. Þorkell bað þá heila hittast. Gengr Þorsteinn nú heim ok er ókátr mjök. Hann gengr til stufu, ok biðr leggja undir höfuð sér ok svá var gert; griðkonan sá, at tárin runnu ofan á hægindit ór augum honum. Enn litlu síðar kom vindsgnýr mikill á stufuna. Þá mælti Þorsteinn: „Þar megum vér nú heyra gnýja bana Þorkels frænda“. Nú er at segja frá ferð þeira Þorkels. Þeir sigla um daginn út eftir Breiðafirði ok váru tíu á skipi; veðrit tók at hvessa mjök ok gerði enn mesta storm, áðr létti. Þeir sóttu knálega ferðina, ok váru þeir menn enir röskustu. Þorkell hafði með sér sverðit Sköfnung ok var þat í stokki. Þeir Þorkell sigla, þar til er þeir kómu at Bjarnarey; sá menn ferðina af hvárutveggja landinu, enn er þeir váru þar komnir, þá laust hviðu í seglit, ok hvelfði skipinu. Þorkell druknaði þar ok allir þeir menn, er með honum váru. Viðuna rak víða um eyjar; hornstafina rak í þá ey, er Stafey heitir síðan. Sköfnungr var festur við

innviðuna í ferjunni; hann hittist við Sköfnungsey. Enn þat sama kveld, er þeir Þorkell höfðu druknat um daginn, varð sá atburðr at Helgafelli, at Guðrún gekk til kirkju, þá er menn váru farnir í rekkju, ok er hon gekk í kirkjugarðshliðit, þá sá hon draug standa fyrir sér. Hann laut yfir hana ok mælti: „Mikil tíðendi, Guðrún“, sagði hann. Guðrún svarar: „Þegi þú yfir þeim þá, armi“. Gekkt Guðrún til kirkju, svá sem hon hafði áðr ætlat, ok er hon kom til kirkjunnar, þá þóttist hon sjá, at þeir Þorkell váru heim komnir ok stóðu úti fyrir kirkju. Hon sá, at sjár rann ór klæðum þeira. Guðrún mælti ekki við þá ok gekk inn í kirkju ok dvaldist þar slíka hríð, sem henni sýndist; gengr hon síðan inn til stufu, því at hon ætlaði, at þeir Þorkell mundu þangat gengnir; ok er hon kom í stufuna, þá var þar ekki manna. Þá brá Guðrúnu mjök í brún um atburð þenna allan jafnsaman. Föstudag enn langa sendi Guðrún menn sína at forvitnast um ferðir þeira Þorkels, suma inn á strönd, enn suma um eyjar; var þá rekinn víða kominn um eyjarnar ok svá til hvárrartveggju strandar. Þváttdaginn fyrir páska spurðust tíðendin ok þóttu vera mikil, því at Þorkell hafði verit mikill höfðingi. Þorkell hafði átta vetr ens fimta tigar, þá er hann druknaði, enn þat var fjórum vetrum fyrr, enn enn heilagi Óláfr

konungr fell. Guðrúnu þótti mikit fráfall Þorkels, enn bar þó skörulega af sér. Fátt eina náðist af kirkjuviðinum. Gellir var þá fjórtán vetra gamall; hann tók þá til búsumsýslu með móður sinni ok tók við manna forráði. Var þat brátt auðsætt á honum, at hann var vel til fallinn til fyrirmanns. Guðrún gerðist trúkona mikil. Hon nam fyrst kvenna saltara á Íslandi. Hon var löngum um nætr at kirkju á bænum sínum. Herdis Bolladóttir fór jafnan með henni um nætrnar. Guðrún unni mikit Herdísí. Þat var sagt einhverja nótt, at meyna Herdísí dreymdi, at kona kæmi at henni; sú var í vefjarskikkju ok faldin höfuðdúki; ekki sýndist henni konan svípleg. Hon tók til orða: „Seg þú þat ömmu þinni, at mér hugnar illa við hana, því at hon bröltir allar nætr á mér ok fellir á mik dropa svá heita, at ek brenn af öll. Enn því segi ek þér til þessa, at mér líkar til þín nökkuru betr, enn þó svífr enn nökkut kynlegt yfir þik; enn þó munda ek við þik semja; ef mér þætti eigi meiri bóta vant, þar sem Guðrún er“. Síðan vaknaði Herdis ok sagði Guðrúnu drauminn. Guðrúnu þótti góðr fyrirburðrinn. Um morgininn eftir lét Guðrún taka upp fjalar ór kirkjugólfinu, þar sem hon var vön at falla á knébed. Hon lét grafa þar niðr í jörð. Þar fundust undir bein; þau váru blá ok illileg; þar fanst ok kinga ok seiðstafr

mikill. Þóttust menn þá vita, at þar mundi verit hafa vóluleiði nökkut. Váru þau bein færð langt í brott, þar sem sízt var manna vegr.

77. Þá er fjórir vetr váru liðnir frá druknun Þorkels Eyjólfssonar, þá kom skip í Eyjafjörð; þat átti Bolli Bollason; váru þar á flestir norrænir hásetar. Bolli hafði mikit fé út ok marga dýrgripi, er höfðingjar höfðu gefit honum. Bolli var svá mikill skartsmaðr, er hann kom út ór för þessi, at hann vildi engi klæði bera nema skarlatasklæði ok pellsklæði ok öll vápn hafði hann gullbúin. Hann var kallaðr Bolli enn þrúði. Hann lýsti því fyrir skipverjum sínum, at hann ætlaði vestr til heraða sinna, ok fekk skip sitt ok varnað í hendr skipverjum sínum. Bolli riðr frá skipi við tólfta mann; þeir váru allir í skarlatasklæðum fylgdarmenn Bolla ok riðu í gyldum söðlum; allir váru þeir listulegir menn, enn þó bar Bolli af. Hann var í pellsklæðum, er Garðskonungr hafði gefit honum; hann hafði yzta skarlataskápu rauða; hann var gyrðr Fótbit, ok váru at honum hjölt gullbúin ok meðalkafinn gulli vafiðr; hann hafði gyldan hjálm á höfði ok rauðan skjöld á hlið ok á dreginn riddari með gulli; hann hafði glædel í hendi, sem títt er í útlöndum, ok hvar sem þeir tóku gistingar, þá gáðu konur engis annars enn horfa á Bolla ok skart

hans ok þeira féлага. Með slíkri kurteisi riðr Bolli vestr í sveitir, alt þar til er hann kom til Helgafells með liði sínu; varð Guðrún allfegin Bolla syni sínum. Dvaldist Bolli þar eigi lengi, áðr hann reið inn í Sælingsdalstungu ok hittir Snorra mág sinn ok Þórdísi konu sína. Varð þar mikill fagnafundr. Snorri bauð Bolla til sín með svá marga menn, sem hann vildi. Bolli þektist þat, ok er hann með Snorra um vetrinn ok þeir menn, sem norðan riðu með honum. Bolli varð frægr af ferð þessi. Snorri lagði eigi minni stund nú á at veita Bolla með allri bliðu enn fyrr, er hann var með honum.

78. Enn er Bolli hafði verit einn vetr á Íslandi, þá tók Snorri goði sótt. Sú sótt fór ekki ótt. Snorri lá mjök lengi, ok er sóttin óx, heimti Snorri til sín frændr sína ok nauðleytamenn. Þá mælti hann til Bolla: „Þat er vili minn, at þú takir hér við búi ok mannaforræði eftir dag minn; ann ek þér eigi verr virðingar enn mínum sonum; er sá ok nú minn sonr eigi hér á landi, er ek hygg at þeira verði mestr maðr, er Halldórr er“. Síðan andaðist Snorri. Hann hafði þá sjau vetr ens sjaunda tigar. Þat var einum vetri eftir fall Óláfs konungs ens helga; svá sagði Ari prestur enn fróði. Snorri var í Tungu grafinn. Bolli ok Þórdís tóku við búi í Tungu, sem Snorri hafði

mælt; létu synir Snorra sér þat vel líka. Varð Bolli mikilhæfr maðr ok vinsæll. Herdís Bolla-dóttir óx upp at Helgafelli ok var hon allra kvenna vænst; hennar bað Ormr son Hermundar Illugasonar, ok var hon gefin honum; þeira son var Koðrán, er átti Guðrúnu Sigmundar-dóttur; sonr Koðráns var Hermundr, er átti Úlfheiði dóttur Rúnólfs Ketils sonar byskups; þeira synir váru Ketill, er ábóti var at Helgafelli, ok Hreinn ok Koðrán ok Styrmir; dóttir þeira var Þórvör, er átti Skeggi Brandsson, ok er þaðan komit Skógverja kyn. Óspakr hét son Bolla ok Þórdísar; dóttir Óspaks var Guðrún, er átti Þórarinn Brandsson: þeira son var Brandr, er setti stað at Húsafelli; hans son var Sighvatr prestr, er þar bjó lengi. Gellir Þorkelsson kvángaðist; hann fekk Valgerðar dóttur Þorkels Arasonar af Reykjanesi. Gellir fór utan ok var með Magnúsi konungi enum góða ok þá af honum tólf aura gulls ok mikit fé annat. Synir Gellis váru þeir Þorkell ok Þorgils; sonr Þorgils var Ari enn fróði; son Ara hét Þorgils; hans son var Ari enn sterki. Nú tekr Guðrún mjök at eldast ok lifði við slíka harma, sem nú var frá sagt um hrið. Hon var fyrst nunna á Íslandi ok einsetukona; er þat ok almæli, at Guðrún hafi verit göfgust jafnbörinna kvenna hér á landi. Frá því er sagt eitthvert sinn, at Bolli kom

til Helgafells, því at Guðrúnu þótti ávalt gott, er hann kom at finna hana. Bolli sat hjá móður sinni löngum ok varð þeim mart talat. Þá mælti Bolli: „Muntu segja mér þat, móðir, at mér er forvitni á at vita? Hverjum hefir þú manni mest unt“? Guðrún svarar: „Þorkell var maðr ríkastr ok höfðingi mestr, enn engi var maðr gervilegri enn Bolli ok allbetr at sér. Þórðr Ingunnarson var maðr þeira vitrastr ok lagamaðr mestr. Þorvalds get ek at engu“. Þá svarar Bolli: „Skil ek þetta gerla, hvat þú segir mér frá því, hversu hverjum var farit bænda þinna, enn hitt verðr enn ekki sagt, hverjum þú ynnir mest; þarftu nú ekki at leyna því lengr“. Guðrún svarar: „Fast skorar þú þetta, sonr minn“, segir Guðrún, „enn ef ek skal þat nökkurum segja, þá mun ek þik helzt velja til þess“. Bolli bað hana svá gera. Þá mælti Guðrún: „Þeim var ek verst, er ek unna mest“. „Þat hyggjum vér“, svarar Bolli, „at nú sé sagt alleinarðlega“, ok kvað hann vel hafa gert, er hon sagði þetta, er hann forvitnaði. Guðrún varð gömul kona, ok er þat sögn manna, at hon yrði sjónlaus. Guðrún andaðist at Helgafelli ok þar hvílir hon. Gellir Þorkelsson bjó at Helgafelli til elli, ok er mart merkilegt frá honum sagt; hann kemr ok við margar sögur, þótt hans sé hér lítt getit. Hann lét gera kirkju at Helgafelli

virðulega mjök, svá sem Arnórr jarlaskáld váttar í erfdrápu þeiri, er hann orti um Gelli, ok kveðr þar skýrt á þetta. Ok er Gellir var nökkut hniginn á enn efra aldr, þá býr hann ferð sína af Íslandi. Hann kom til Noregs ok dvaldist þar eigi lengi, ferr þegar af landi á brott ok gengr suðr til Róms, sækir heim enn helga Pétr postola. Hann dvelst í þeiri ferð mjök lengi; ferr síðan sunnan ok kemr í Danmörk; þá tekr hann sótt ok lá mjök lengi ok fekk alla þjónustu. Síðan andaðist hann, ok hvílir í Róiskeldu. Gellir hafði haft Sköfnung með sér, ok náðist hann ekki síðan; enn hann hafði verit tekinn ór haugi Hrólfs kraka. Ok er andlát Gellis spurðist til Íslands, þá tók Þorkell son hans við föðurleifð sinni at Helgafelli, enn Þorgils annarr son Gellis druknaði ungr á Breiðafirði ok allir þeir, er á skipi váru með honum. Þorkell Gellisson var et mesta nytmenni, ok var sagðr manna fróðastr.

79. Í þann tíma er Bolli Bollason bjó í Tungu ok nú var áðr frá sagt, þá bjó norðr í Skagafirði á Miklabæ Arnórr kerlingarnef, son Bjarnar Þórðarsonar frá Höfða. Þórðr hét maðr, er bjó á Marbæli. Guðrún hét kona hans; þau váru vel at sér ok höfðu gnótt fjár; son þeira hét Óláfr ok var hann ungr at aldri ok allra manna efnilegastr. Guðrún kona Þórðar var náskyld Bolla Bollasyni; var hon systrungr hans; Óláfr son þeira Þórðar var heitinn eftir Óláfi þá í Hjarðarholti. Þórðr ok Þorvaldr Hjaltasynir bjuggu at Hofi í Hjaltadal; þeir váru höfðingjar miklir. Maðr hét Þórólfr, ok var kallaðr stærimaðr; hann bjó í Þúfum; hann var óvinveittr í skapi ok æðimaðr mikill; hann átti griðung grán ólman. Þórðr af Marbæli var í förum með Arnóri. Þórólfr stærimaðr átti frændkonu Arnórs, enn hann var þingmaðr Hjaltasona; hann átti ilt við búa sína ok lagði þat í vanda sinn; kom þat mest til þeira Marbælinga; graðungr hans gerði mönnum mart mein, þá er hann kom ór

afréttum; meiddi hann fé manna, enn gekk eigi undan grjóti; hann braut ok andvirki ok gerði mart ilt. Þórðr af Marbæli hitti Þórólfr at máli, ok bað hann varðveita graðung sinn, — „viljum vér eigi þola honum ofriki“. Þórólfr lézt eigi mundi sitja at fé sínu; ferr Þórðr heim við svá búit. Eigi miklu síðar getr Þórðr at líta, hvar graðungrinn hefir brotit niðr torfstakka hans. Þórðr hleypr þá til ok hefir spjót í hendi, ok er boli sér þat, veðr hann jörð, svá at upp tekr um klaufir. Þórðr leggr til hans, svá at hann fellr dauðr á jörð. Þórðr hitti Þórólfr, ok sagði honum at boli var dauðr. „Þetta var litit frægðarverk“, svarar Þórólfr, „enn gera munda ek þat vilja, er þér þætti eigi betr“. Þórólfr var málóði ok heitaðist í hverju orði. Þórðr átti heimanferð fyrir höndum. Óláfr son hans var þá sjau vetra eða átta; hann fór af bænum með leik sínum ok gerði sér hús, sem börnum er títt, enn Þórólfr kom þar at honum; hann lagði sveininn í gegnum með spjóti; síðan fór hann heim ok sagði konu sinni. Hon sagði: „Þetta er ilt verk ok ómannlegt; mun þér þetta illu reifa“. Enn er hon tók á honum þungt, þá fór hann í brott þaðan ok létti eigi fyrr enn hann kom á Miklabæ til Arnórs; fréttust þeir tíðenda. Þórólfr sagði honum víg Óláfs, — „sé ek þar nú til trausts sem þér eruð sakir mágsemdar“.

„Eigi ferr þú sjáandi eftir um þenna hlut“, sagði Arnórr, „at ek muna virða meira mágsemd við þik enn virðing mína ok sæmd, ok ásjá áttu hér engrar ván af mér“. Fór Þórólfr upp eftir Hjaltadal til Hofa, ok fann þá Hjaltasonu ok sagði þeim, hvar komit var hans máli, — „ok sé ek hér nú til ásjá sem þit eruð“. Þórðr segir: „Slíkt eru niðingsverk, ok mun ek enga ásjá veita þér um þetta efni“. Þorvaldr varð um fár; fær Þórólfr ekki af þeim at sinni; reið hann í brott ok upp eftir Hjaltadal til Reykja; fór þar í laug; enn um kveldit reið hann ofan aftr ok undir virkit at Hofi, ok ræddist við einn saman, svá sem annarr maðr væri fyrir ok kveddi hann ok frétti, hvern þar væri kominn. „Ek heiti Þórólfr“, kvað hann. „Hvert vartu farinn? eða hvat er þér á höndum?“ spyrr launmaðrinn. Þórólfr sagði tilfelli þessi öll, eftir því sem váru, — „bað ek Hjaltasonu ásjá“, segir hann, „sakir nauðsynja minna“. Þessi svarar, er fyrir skyldi vera: „Gengit er nú þaðan, er þeir gerðu erfit, þat et fjölmenna, er tólf hundruð manna sátu at, ok ganga slíkir höfðingjar mjök saman, er nú vilja eigi veita einum manni nökkura ásjá“. Þorvaldr var úti staddr ok heyrði talit; hann gengr þangat til ok tók í tauma hestsins, ok bað hann af baki stíga, — „enn þó er eigi virðingarvænlegt við þik at eiga fyrir sakir fólsku þinnar“.

80. Nú er at segja frá Þórði, er hann kom heim ok frá víg sonar síns ok harmaði þat mjök. Guðrún kona hans mælti: „Þat er þér ráð at lýsa vígi sveinsins á hönd Þórólfi, enn ek mun riða suðr til Tungu ok finna Bolla frænda minn, ok vita, hvern styrk hann vill veita okkr til eftirmáls“. Þau gerðu svá, ok er Guðrún kom í Tungu, fær hon þar viðtökur góðar. Hon segir Bolla víg Óláfs sonar síns ok beiddi, at hann tæki við eftirmálinu. Hann svaraði: „Eigi þykki mér þetta svá hæglegt at seilast til sæmdar í hendr þeim Norðlendingum; fréttist mér ok svá til, sem maðrinn muni þar niðr kominn, at ekki muni hægt eftir at leita“. Bolli tók þó við málinu um síðir ok fór Guðrún norðr ok kom heim; hon sagði Þórði bónda sínum, svá sem nú var komit, ok líðr nú svá fram um hrið. Eftir jól um vetrinn var lagðr fundr í Skagafirði at Þverá, ok stefndi Þorvaldr þangat Guðdala-Starra; hann var vinr þeira bræðra. Þorvaldr fór til þingsins við sína menn, ok er þeir kómu fyrir Urðskriðuhóla, þá hljóp ór hliðinni ofan at þeim maðr; var þar Þórólfr; reðst hann í ferð með þeim Þorvaldi, ok er þeir áttu skamt til Þverár, þá mælti Þorvaldr við Þórólfi: „Nú skaltu hafa með þér þrjár merkr silfrs, ok sitja hér upp frá bænum at Þverá; haf þat at marki, at ek mun snúa skildi mínum ok at þér holinu,

ef þér er fritt, ok máttu þá fram ganga; skjöldrinn er hvítr innan“. Ok er Þorvaldr kom til þingsins, hittust þeir Starri ok tóku tal saman. Þorvaldr mælti: „Svá er mál með vexti, at ek vil þess beiða, at þú takir við Þórólfi stærimanni til varðveizlu ok trausts; mun ek fá þér þrjár merkr silfrs ok vináttu mína“. „Þar er sá maðr“, segir Starri, „er mér þykkir ekki vinsæll, ok óvist, at honum fylgi hamingja; enn sakir okkars vinskapar, þá vil ek við honum taka“. „Þá gerir þú vel“, segir Þorvaldr; sneri hann þá skildinum ok frá sér hvolfinu, ok er Þórólfr sér þat, gengr hann fram, ok tók Starri við honum. Starri átti jarðhús í Guðdölum, því at jafnan váru með honum skógar-menn; átti hann ok nökkut sökótt.

81. Bolli Bollason býr til vígsmálit Óláfs; hann býst heiman ok ferr norðr til Skagafjarðar með þrjá tigi manna; hann kemr á Miklabæ, ok er honum þar vel fagnat; segir hann, hversu af stóð um ferðir hans, — „ætla ek at hafa fram vígsmálit nú á Hegranessþingi á hendr Þórólfi stærimanni; vilda ek, at þú værir mér um þetta mál liðsinnaðr“. Arnórr segir: „Ekki þykki mér þú Bolli, vænt stefna út, er þú sækir norðr hingat við slíka ójafnaðarmenn, sem hér er at eiga; munu þeir þetta mál meir verja með kappi enn réttindum; enn ærin nauðsyn þykkir mér þér á vera; muu vér ok freista

at þetta mál gangi fram“. Arnórr dregr at sér fjölmenni mikit; riða þeir Bolli til þingsins. Þeir bræðr fjölmenna mjök til Hegranessþings; þeir hafa frétt um ferðir Bolla; ætla þeir at verja málit; ok er menn koma til þingsins hefir Bolli fram sakir á hendr Þórólfi; ok er til varnar var boðit, gengu þeir til Þorvaldr ok Starri við sveit sína, ok hugðu at eyða málinu fyrir Bolla með styrk ok ofriki. Enn er þetta sér Arnórr, gengr hann í milli með sína sveit ok mælti: „Þat er mönnum einsætt, at færa hér eigi svá marga góða menn í vandræði sem á horfist, at menn skyli eigi ná lögum um mál sín, er ok ófallit at fylgja Þórólfi um þetta mál; muntu Þorvaldr ok óliðdrjúgr verða, ef reyna skal“. Þeir Þorvaldr ok Starri sáu nú, at málit mundi fram ganga, því at þeir höfðu ekki liðsafra við þeim Arnóri, ok létu þeir frá. Bolli sekti Þórólf stærimann þar á Hegranessþingi um víg Óláfs frænda síns, ok fór við þat heim. Skildust þeir Arnórr með kærleikum. Sat Bolli í búi sínu.

82. Þorgrímr hét maðr; hann átti skip uppi standanda í Hrutafirði; þangat reið Starri ok Þórólfr við honum. Starri mælti við stýrimann: „Hér er maðr at ek vil at þú takir við ok flytir út, ok hér eru þrjár merkr silfrs, er þú skalt hafa ok þar með vináttu mína“. Þorgrímr mælti: „Á þessu þykki mér nökkur

vandi, hversu af hendi verðr leyst; enn við áskorun þína mun ek við honum taka; enn þó þykki mér þessi maðr vera ekki giftuvænlegr“. Þórólfr réðst nú í sveit með kaupmönnum; enn Starri riðr heim við svá búit. Nú er at segja frá Bolla; hann hugsar um efni þeira Þórólfs, ok þykkir eigi verða mjök með öllu fylgt, ef Þórólfr skal sleppa; frétti hann nú, at hann er til skips ráðinn. Bolli býst heiman; setr hann hjálm á höfuð sér, skjöld á hlið, spjót hafði hann í hendi, enn gyrðr sverðinu Fótbit; hann riðr norðr til Hrutafjarðar, ok kom í þat mund er kaupmenn váru albúnir. Var þá ok vindr á kominn. Ok er Bolli reið at búðardurunum, gekk Þórólfr út í því ok hafði húðfat í fangi sér. Bolli bregðr Fótbit, ok leggr í gegnum hann. Fellr Þórólfr á bak aftr í búðina inn, enn Bolli hleypr á hest sinn. Kaupmenn hljópu saman ok at honum. Bolli mælti: „Hitt er yðr ráðlegast, at láta nú vera kyrt, því at yðr mun ofstýri verða at leggja mik við velli; enn vera má, at ek kvista einnhvern yðvarn eða alla tvá, áðr ek em felldr“. Þorgrímr segir: „Ek hygg, at þetta sé satt“. Létu þeir vera kyrt, enn Bolli reið heim, ok hefir sótt mikinn frama í þessi ferð; fær hann af þessu virðing mikla, ok þótti mönnum farit skörulega. Hefir sektan manninn í öðrum fjórðungi, enn síðan riðit

einn saman í hendr óvinum sínum ok drepit hann þar.

83. Um sumarit á alþingi fundust þeir Bolli ok Guðmundr enn ríki ok töluðu mart. Þá mælti Guðmundr: „Því vil ek lýsa, Bolli, at ek vil við slíka menn vingast, sem þér eruð; ek vil bjóða þér norðr til mín til hálfsmánaðar veizlu, ok þykki mér betr, at þú komir“. Bolli svarar, at vísu vill hann þiggja sæmdir at slíkum manni, ok hét hann ferðinni. Þá urðu ok fleiri menn til at veita honum þessi vinganarmál. Arnórr kerlingarnef bauð Bolla ok til veizlu at Miklabæ. Maðr hét Þorsteinn; hann bjó at Hálsi; hann var sonr Hellu-Narfa; hann bauð Bolla til sín, er hann færi norðan, ok Þórðr af Marbæli bauð Bolla. Fóru menn af þinginu ok reið Bolli heim. Þetta sumar kom skip í Dögurðarnes ok settist þar upp. Bolli tók til vistar í Tungu tólf kaupmenn; váru þeir þar um vetrinn, ok veitti Bolli þeim allstórmannlega. Sátu þeir um kyrt fram yfir jól; enn eftir jól ætlar Bolli at vitja heimboðanna norðr, ok lætr hann þá járna hesta ok býr ferð sína; váru þeir átján í reið; váru kaupmenn allir vápnaðir. Bolli reið í blári kápu, ok hafði í hendi spjótit konungsnaut et góða. Þeir riða nú norðr, ok koma á Marbæli til Þórðar; var þar allvel við þeim tekit; sátu þrjár nætr í miklum fagnaði. Þaðan riðu þeir

á Miklabæ til Arnórs ok tók hann ágætlega vel við þeim. Var þar veizla en bezta. Þá mælti Arnórr: „Vel hefir þú gert, Bolli, er þú hefir mik heimsótt; þykki mér þú hafa lýst í því við mik mikinn félagsskap; skulu eigi eftir betri gjafir með mér, enn þú skalt þiggja mega; mín vinátta skal þér ok heimol vera; enn nökkurr grunr er mér á, at þér sé eigi allir menn vinhollir í þessu heraði; þykkjast sviftir vera sæmdum; kemr þat mest til þeira Hjaltasona; mun ek nú ráðast til ferðar með þér norðr á Heljardalsheiði, þá er þér farið heðan“. Bolli svarar: „Þakka vil ek yðr, Arnórr bóndi, alla sæmd, er þér gerið til mín nú ok fyrrum; þykki mér ok þat bæta várn flokk, at þér riðit með oss; enn alt hugðum vér at fara með spekt um þessi heruð, enn ef aðrir leita á oss, þá má vera, at vér leikim þá enn nökkut í mót“. Síðan ræðst Arnórr til ferðar með þeim, ok riða nú vegg sinn.

84. Nú er at segja frá Þorvaldi, at hann tekr til orða við Þórð bróður sinn: „Vita muntu, at Bolli ferr heðra at heimboðum; eru þeir nú at Arnórs átján saman ok ætla norðr Heljardalsheiði“. „Veit ek þat“, svarar Þórðr. Þorvaldr mælti: „Ekki er mér þó um þat, at Bolli blaupi hér svá um horn oss, at vér finnim hann eigi; því at ek veit eigi hverr minni sæmd hefir meir niðr drepit enn hann“. Þórðr mælti:

„Mjök ertu ihlutunarsamr ok meir enn ek vilda, ok ófarin mundi þessi, ef ek réða; þykki mér óvist, at Bolli sé ráðlauss fyrir þér“. „Eigi mun ek letjast láta“, svarar Þorvaldr, „enn þú munt ráða ferð þinni“. Þórðr mælti: „Eigi mun ek eftir sitja, ef þú ferr, bróðir, enn þér munu vér eigna alla virðing, þá er vér hljótum í þessi ferð, ok svá, ef öðruvis berr til“. Þorvaldr safnar at sér mönnum, ok verða þeir átján saman, ok riða á leið fyrir þá Bolla ok ætla at sitja fyrir þeim. Þeir Arnórr ok Bolli riða nú með sína menn, ok er skamt var í milli þeira ok Hjaltasona, þá mælti Bolli til Arnórs: „Mun eigi þat nú ráð, at þér hverfit aftr? hafi þér þó fylgt oss et drengiligsta; munu þeir Hjaltasynir ekki sæta fláráðum við mik“. Arnórr mælti: „Eigi mun ek enn aftr hverfa; því at svá er sem annarr segi mér, at Þorvaldr muni til þess ætla at hafa fund þinn, eða hvat sé ek þar upp koma? blika þar eigi skildir við? ok munu þar vera Hjaltasynir; enn þó mætti nú svá um búast, at þessi þeira ferð yrði þeim til engrar virðingar, enn megi metast fjörráð við þik“. Nú sjá þeir Þorvaldr bræðr, at þeir Bolli eru hvergi liðfæri enn þeir, ok þykkjast sjá, ef þeir sýna nökkura óhæfu af sér, at þeira kostur mundi mikit versna, sýnist þeim þat ráðlegast at snúa aftr, alls þeir máttu ekki sínum vilja fram koma. Þá

mælti Þórðr: „Nú fór sem mik varði, at þessi ferð mundi verða hæðileg, ok þætti mér enn betra heima setit; höfum sýnt oss í fjandskap við menn, enn komið engu á leið“. Þeir Bolli riða leið sína; fylgir Arnórr þeim upp á heiðina, ok skildi hann eigi fyrr við þá, enn hallaði af norðr; þá hvarf hann aftr, enn þeir riðu ofan eftir Svarfaðardal ok koma á bæ þann, er á Skeiði hét; þar bjó sá maðr, er Helgi hét; hann var ættsmár ok illa í skapi, auðigr at fé; hann átti þá konu, er Sigríðr hét; hon var frændkona Þorsteins Hellu-Narfasonar; hon var þeira skörungr meiri. Þeir Bolli litu heygard hjá sér; stigu þeir þar af baki ok kasta þeir fyrir hesta sína ok verja til heldr litlu, enn þó helt Bolli þeim aftr at heygjöfni — „veit ek eigi“, segir hann, „hvert skaplyndi bóndi hefir“. Þeir gáfu heyvöndul, ok létu hestana grípa í. Á bænum heima gekk út maðr ok þegar inn aftr ok mælti: „Menn eru við heygard þinn, bóndi, ok reyna desjarnar“. Sigríðr húsfreyja svarar: „Þeir einir munu þeir menn vera, at þat mun ráð at spara eigi hey við“. Helgi hljóp upp í óðafári ok kvað aldri hana skyldu þessi ráða, at hann léti stela heyjum sínum. Hann hleypr þegar sem hann sé vitlauss ok kemr þar at sem þeir áðu. Bolli stóð upp er hann leit ferðina mannsins, ok studdist við spjótit konungsnaut, ok þegar Helgi kom at honum, mælti

hann: „Hverir eru þessir þjófarnir, er mér bjóða ofríki, ok stela mik eign minni, ok rífa í sundr hey mitt fyrir faraskjóta sína?“ Bolli segir nafn sitt. Helgi svarar: „Þat er ólíðlegt nafn ok muntu vera óréttviss“. „Vera má, at svá sé“, segir Bolli, „enn hinu skaltu mæta, er réttvísi er í“. Bolli keyrði þá hestana frá heynu ok bað þá eigi æja lengr. Helgi mælti: „Ek kalla yðr hafa stólit mik þessu, sem þér hafið haft, ok gert á hendr yðr skóggangssök“. „Þú munt vilja, bóndi“, sagði Bolli, „at vér komim fyrir oss fébótum við þik, ok hafir þú eigi sakir á oss; mun ek gjalda tvenn verð fyrir hey þitt“. „Þat ferr heldr fjarri“, svarar hann, „mun ek framar á hyggja um þat, er vér skiljum“. Bolli mælti: „Eru nökkurir hlutir þeir, bóndi, er þú vilir hafa í sætt af oss?“ „Þat þykki mér vera mega, svarar Helgi, at ek vili spjót þat et gullrekna, er þú hefir í hendi“. „Eigi veit ek“, sagði Bolli, „hvárt ek nenni þat til at láta; hefi ek annat nökkut heldr fyrir því ætlat; máttu þat ok varla tala, at beiðast vápns ór hendi mér. Tak heldr annat fé svá mikit, at þú þykkist vel haldinn af“. „Fjarri ferr þat“, svarar Helgi, „er þat ok bezt at þér svarið slíku fyrir, sem þér hafið til gert“. Síðan hóf Helgi upp stefnu ok stefndi Bolla um þjófnað, ok lét varða skóggang. Bolli stóð ok heyrði til ok brosti við lítinn þann.

Enn er Helgi hafði lokit stefnunni, mælti hann: „Nær fórtu heiman?“ Bolli sagði honum. Þá mælti bóndi: „Þá tel ek þik hafa á öðrum alizt meir enn hálfan mánuð“. Helgi hefr þá upp aðra stefnu ok stefnir Bolla um verðgang; ok er því var lokit þá mælti Bolli: „Þú hefir mikit við, Helgi, ok mun betr fallit at leika nökkut í móti við þik“. Þá hefr Bolli upp stefnu ok stefndi Helga um illmæli við sik, ok annari stefnu um brekráð til fjár síns. Þeir mæltu förunautar hans at drepa skyldi skelmi þann. Bolli kvað þat eigi skyldu. Bolli lét varða skóggang. Hann mælti eftir stefnuna: „Þér skuluð færa heim húsfreyju Helga knif ok belti, er ek sendi henni, því at mér er sagt at hon hafi gott eina lagt til várara haga“. Bolli riðr nú í brott, enn Helgi er þar eftir. Þeir Bolli koma til Þorsteins á Háls ok fá þar góðar viðtökur; er þar búin veizla frið.

85. Nú er at segja frá Helga, at hann kemr heim á Skeið, ok segir húsfreyju sinni, hvat þeir Bolli höfðu við ázt. „Þykkjumst ek eigi vita“, segir hann, „hvat mér verðr til ráðs at eiga við slíkan mann, sem Bolli er, enn ek em málamaðr engi; á ek ok ekki marga, þá er mér muni at málum veita“. Sigríðr húsfreyja svarar: „Þú ert orðinn mannfóli mikill; hefir átt við ena göfgustu menn ok gert þik at undri; mun þér ok fara, sem maklegt er, at þú munt

hér fyrir uppgefa alt fé þitt ok sjálfan þik“. Helgi heyrði á orð hennar ok þóttu ill vera, enn grunaði þó, at satt mundi vera, því at honum var svá farit, at hann var vesalmenni, ok þó skapillr ok heimskr; sá hann sik engi færi hafa til leiðréttu, enn mælt sik í ófæru; barst hann heldr illa af fyrir þetta alt jafnsaman. Sigríðr lét taka sér hest ok reið at finna Þorstein frænda sinn Narfason, ok vóru þeir Bolli þá komnir; hon heimti Þorstein á mál ok sagði honum, í hvert efni komit var. „Þó hefir slíkt illa til tekizt“, svarar Þorsteinn. Hon sagði ok, hversu vel Bolli hafði boðit, eða hversu heimsklega Helga fór; bað hon Þorstein eiga í allan hlut, at þetta mál greiddist. Eftir þat fór hon heim. Enn Þorsteinn kom at máli við Bolla: „Hvat er um, vinr“, segir hann, „hvárt hefir Helgi af Skeiði sýnt fólsku mikla við þik? vil ek biðja, at þér leggið niðr fyrir min orð ok virðið þat engis, því at ómæt eru þar afglapa orð“. Bolli svarar: „Þat er víst, at þetta er engis vert; mun ek mér ok ekki um þetta gefa“. „Þá vil ek, sagði Þorsteinn, „at þér gefið honum upp þetta fyrir mína skyld ok hafið þar fyrir mína vináttu“. „Ekki mun þetta til neins váða horfa“, sagði Bolli, „lét ek mér fátt um finnast, ok biðr þat várdaga“. Þorsteinn mælti: „Þat mun ek sýna, at mér þykkir máli skifta, at þetta gangi eftir mínum vilja; ek vil

gefa þér hest, þann er beztr er hér í sveitum, ok eru tólf saman hrossin“. Bolli svarar: „Slikt er allvel boðit, enn eigi þarftu at leggja hér svá mikla stund á; ek gaf mér litit um slikt; mun ok litit af verða þá er í dóm kemr“. „Þat er sannast“, sagði Þorsteinn, „at ek vil selja þér sjálfðæmi fyrir málit“. Bolli svarar: „Þat ætla ek sannast, at ekki þurfi um at leitast, því at ek vil ekki sættast á þetta mál“. „Þá kýstu þat er öllum oss gegnir verst“, sagði Þorsteinn, „þótt Helgi sé lítilsverðr, þá er hann þó í venzlum bundinn við oss; þá munu vér hann eigi upp gefa undir vápn yður, síðan þú vill engis mín orð virða. Enn at þeim atkvæðum at Helgi hafði í stefnu við þik, lízt mér þat engi sæmdarauki, þó at þat sé á þing borit“. Skildu þeir Þorsteinn ok Bolli heldr fálega; riðr hann í brott, ok hans félagar, ok er ekki getit, at hann sé með gjöfum í brott leyst.

86. Bolli ok hans förunautar kómu á Möðruvöllu til Guðmundar ens ríka; hann gengr í móti þeim með allri blíðu ok var enn glaðasti. Þar sátu þeir hálfan mánuð í góðum fagnaði. Þá mælti Guðmundr til Bolla: „Hvat er til haft um þat, hefir sundrþykki orðit með yðr Þorsteini?“ Bolli kvað litit til haft um þat, ok tók annat mál. Guðmundr mælti: „Hverja leið ætlar þú aftr at riða?“ „Ena sömu“,

svarar Bolli. Guðmundr mælti: „Letja vil ek yðr þess, því at mér er svá sagt, at þit Þorsteinn hafið skilit fálega; ver heldr hér með mér ok rið suðr í vár, ok látum þá þessi mál ganga til vegar“. Bolli lézt eigi mundu öregða ferðinni fyrir hót þeira, — „enn þat hugða ek, þá er Helgi fólit lét sem heimsklegast ok mælti hvert óorðan at öðru við oss ok vildi hafa spjótit konungsnaut ór hendi mér fyrir einn heyvöndul, at ek skylda freista, at hann fengi ömbun orða sinna; hefi ek ok annat ætlat fyrir spjótinu, at ek munda heldr gefa þér ok þar með gullhringinn, þann er stólkonunggrinn gaf mér; hygg ek nú, at gripirnir sé betr niðr komnir, enn þá at Helgi hefði þá“. Guðmundr þakkaði honum gjafir þessar ok mælti: „Hér munu smærri gjafir í móti koma, enn verðugt er“. Guðmundr gaf Bolla skjöld gulllagðan ok gullhring ok skikkju; var í henni et dýrsta klæði, ok búin öll, þar er bæta þótti; allir váru gripirnir mjök ágætir. Þá mælti Guðmundr: „Illa þykki mér þú gera, Bolli, er þú vill riða um Svarfaðardal“. Bolli segir þat ekki skada munu. Riðu þeir í brott ok skilja þeir Guðmundr við enum mestum kærleikum. Þeir Bolli riða nú veg sinn út um Galmarströnd. Um kveldit kómu þeir á þann bæ, er at Krossum heitir. Þar bjó sá maðr, er Óttarr hét. Hann stóð úti; hann var sköllóttir ok í skinnstakki.

Óttarr kvaddi þá vel, ok bauð þeim þar at vera. Þat þiggja þeir. Var þar góðr beini ok bóndi enn kátasti; váru þeir þar um nóttina. Um morgininn, er þeir Bolli váru ferðar búnir, þá mælti Óttarr: „Vel hefir þú gert, Bolli, er þú hefir sótt heim bæ minn; vil ek ok sýna þér lítit tillæti, gefa þér gullhring ok kunna þökk at þú þiggir; hér er ok fingrgull, er fylgja skal“. Bolli þiggr gjafirnar ok þakkar bónda. Óttarr var á hesti sínum því næst, ok reið fyrir þeim leiðina, því at fallit hafði snjór litill um nóttina. Þeir riða nú veg sinn út til Svarfaðardals, ok er þeir hafa eigi lengi riðit, snerist hann við Óttarr, ok mælti til Bolla: „Þat mun ek sýna, at ek vilda, at þú værir vin minn; er hér annarr gullhringr, er ek vil þér gefa; væra ek yðr velviljaðr í því, er ek mætta; munu þér ok þess þurfa“. Bolli kvað bónda fara stórmannlega til sín, — „enn þó vil ek þiggja hringinn“. „Þá gerir þú vel“, segir bóndi.

87. Nú er at segja frá Þorsteini af Hálsi. Þegar honum þykkir ván, at Bolli muni norðan riða, þá safnar hann mönnum ok ætlar at sitja fyrir Bolla, ok vill nú, at verði umskifti um mál þeira Helga. Þeir Þorsteinn hafa þrjátígi manna, ok riða fram til Svarfaðardalsár ok setjast þar. Ljótr hét maðr, er bjó á Völlum í Svarfaðardal. Hann var höfðingi mikill ok

vinsæll ok málamaðr mikill; þat var búningr hans hversdaglega, at hann hafði svartan kyrtil ok refði í hendi, enn ef hann bjóst til víga, þá hafði hann blán kyrtil ok öxi snaghyrnda; var hann þá heldr ófrýnlegr. Þeir Bolli ríða út eftir Svarfaðardal; fylgir Óttarr þeim út um bæinn at Hálsi ok at ánni út. Þar sat fyrir þeim Þorsteinn við sína menn, ok þegar er Óttarr sér fyrirsátina, bregðr hann við ok keyrir hest sinn þvers í brott. Þeir Bolli ríða at djarflega, ok er þeir Þorsteinn sjá þat ok hans menn, spretta þeir upp; þeir váru sínum megin ár hvárir, enn áin var leyst með löndum, enn íss flaut á miðri; hleypa þeir Þorsteinn út á ísinn. Helgi af Skeiði var ok þar, ok eggjar þá fast, ok kvað nú vel, at þeir Bolli reyndi, hvárt honum væri kapp sitt ok metnaðr einhlítt, eða hvárt nökkurir menn norðr þar mundu þora at halda til móts við hann, — „þarf nú ok eigi at spara at drepa þá alla; mun þat ok leiða öðrum“, sagði Helgi. „at veita oss ágang“. Bolli heyrir orð Helga, ok sér, hvar hann er kominn út á ísinn. Bolli skýtr at honum spjóti, ok kemr á hann miðjan; fellr hann á bak aftr í ána, enn spjótit flýgr í bakkann öðrum megin, svá at fast var, ok hekk Helgi þar á niðr í ána. Eftir þat tókst þar bardagi enn skarpasti; Bolli gengr at svá fast, at þeir brökkva undan, er nær váru; þá sótti fram

Þorsteinn í móti Bolla, ok þegar þeir fundust, höggr Bolli til Þorsteins á öxlina, ok varð þat mikit sár; annat sár fekk Þorsteinn á fæti; sóknin var en harðasta. Bolli varð ok sárr nökkut ok þó ekki mjök. Nú er at segja frá Óttari. Hann ríðr upp á Völlu til Ljóts, ok þegar þeir finnast, mælti Óttarr: „Eigi er nú setuefni, Ljótr“, sagði hann, „ok fylg þú nú virðing þinni, er þér liggr laus fyrir“. „Hvat er nú helzt í því, Óttarr?“ „Ek hygg, at þeir berist hér niðri við ána Þorsteinn af Hálsi ok Bolli, ok er þat en mesta hamingja at skirra vandræðum þeira“. „Ljótr mælti: „Oft sýnir þú af þér mikinn drengskap“. Ljótr brá við skjótt ok við nökkura menn, ok þeir Óttarr báðir; ok er þeir kómu til árinna, berjast þeir Bolli sem óðast. Váru þá fallnir þrír menn af Þorsteini. Þeir Ljótr ganga fram í meðal þeira snarlega, svá at þeir máttu nær ekki at hafast. Þá mælti Ljótr: „Þér skuluð skilja þegar í stað“, segir hann, „ok er þó nú ærit at orðit; vil ek einn gera milli yðvar um þessi mál, enn ef því neita aðrirhvarir, þá skulu vér veita þeim atgöngu“. Enn með því at Ljótr gekk at svá fast, þá hættu þeir at berjast; ok því játtu hvarirtveggju, at Ljótr skyldi gera um þetta þeira í milli. Skildust þeir við svá búit. Fór Þorsteinn heim, enn Ljótr býðr þeim Bolla heim með sér, ok þat þiggr hann. Fóru

þeir Bolli á Völlu til Ljóts. Þar heitir í Hestanesi, sem þeir höfðu barizt. Óttarr bóndi skildist eigi fyrri við þá Bolla, enn þeir kómu heim með Ljóti. Gaf Bolli honum stórmannlegar gjafir at skilnaði ok þakkaði honum vel sitt liðsinni; hét Bolli Óttari sinni vináttu. Fór hann heim til Krossa ok sat í búi sínu.

88. Eftir bardagann í Hestanesi fór Bolli heim með Ljóti á Völlu við alla sína menn, enn Ljótr bindr sár þeira, ok greru þau skjótt, því at gaumr var at gefinn. Enn er þeir váru heilir sára sinna, þá stefndi Ljótr þing fjölment; riðu þeir Bolli á þingit; þar kom ok Þorsteinn af Hálsi við sína menn. Ok er þingit var sett, mælti Ljótr: „Nú skal ekki fresta uppsögn um gerð þá, er ek hefi samit milli þeira Þorsteins af Hálsi ok Bolla. Hefi ek þat upphaf at gerðinni, at Helgi skal hafa fallit óheilagr fyrir illyrði sín ok tiltekju við Bolla; sárum þeira Þorsteins ok Bolla jafna ek saman; enn þá þrjá menn, er fellu af Þorsteini, skal Bolli bæta, enn fyrir fjörráð við Bolla ok fyrirsát skal Þorsteinn greiða honum fimtán hundruð þriggja alna aura. Skulu þeir at þessu alsáttir“. Eftir þetta var slitið þinginu. Segir Bolli Ljóti, at hann mun ríða heimleiðis ok þakkar honum vel alla sína liðveizlu, ok skiftust þeir fögrum gjöfum við ok skildu við góðan vinskap. Bolli tók upp bú Sigríðar á Skeiði,

því at hon vildi fara vestr með honum; ríða þau veg sinn, þar til er þau koma á Miklabæ til Arnórs. Tók hann harðla vel við þeim; dvöldust þar um hríð, ok sagði Bolli Arnóri alt um skifti þeira Svarfdæla, hversu farit hafði. Arnórr mælti: „Mikla heill hefir þú til borit um ferð þessa við slíkan mann sem þú áttir, þar er Þorsteinn var; er þat sannast um at tala, at fáir eða engir höfðingjar munu sótt hafa meira frama ór öðrum heruðum norðr hingat enn þú, þeir sem jafnmarga öfundarmenn áttu hér fyrir“. Bolli ríðr nú í brott af Miklabæ við sína menn ok heim suðr; tala þeir Arnórr til vináttu með sér af nýju at skilnaði; enn er Bolli kom heim í Tungu, varð Þórdís húsfreyja hans honum fegin; hafði hon frétt áðr nökkut af orrostum þeira Norðlendinga, ok þótti mikit í hættu, at honum tækist vel til; sitr Bolli nú í búi sínu með mikilli virðingu. Þessi ferð Bolla var ger at nýjum sögum um allar sveitir, ok töluðu allir einn veg um, at slík þótti varla farin hafa verit nálega; óx virðing hans af slíku ok mörgu öðru. Bolli fekk Sigríði gjaforð göfugt ok lauk vel við hana, ok höfum vér eigi heyrtr þessa sögu lengri.

Vísna skýringar.

1 (**Hólmgöngu-Bersi**). Vísa þessi er einnig í Kor- máks sögu, og er auðskilin.

2 (**Þorgils Hölluson**). Vísan er auðskilin, *Farröðuls* er tilgáta dr. Finns Jónssonar fyrir *fagröðuls*, sem í handritunum stendr: *farröðull*, skjöldr; *eiki*, tré, vöndr; *farröðuls eiki*, sverð.

3 (**Kona**, fylgja Þorgeirs). Þessi vísa þarf ekki skýr- ingar við.

4 (**Heklan**). *Hattkílan* er víst kápuhötrinn; getið hefir verið til, að *-kílan* væri skylt *-kíli* í *einkíli* (sbr. *kíla* á sænsku og *kjæle* á dönsku), einkavindr, enn það er ólíklegt; væri *-kílan* = *kýlan*, gæti það verið *hatt- skýlan*, enda stendr 'hattsk.' í Vatnshyrnu handritinu. *Þvígít* er: því-eigi at.

Hugsunin er ekki ljós. Virðist vera:

Kápan hangir vot á vegg, hettan veit bragð, því eigi oftar þur(?) Eg dyl þess eigi, að hún viti tvö (brögð). (Annað: vélráð Snorra, að fá Þorgils til að vega Helga Harðbeinsson, og hitt: banaráð Snorra við Þorgils).

Nöfn.

(Talanæer blaðsíðutala).

- Aldis Ljótsdóttir 165.
Álfdis (en barreyska) 9, 11.
Álftafjörðr (austanlands) 129.
Álfr í Dölum 8, 180, 195, 201.
Án enn hvíti 67, 147, 148.
Án svartí, hrísmagi 67, 154, 156, 159, 161, 163, 174—177.
Ari Másson 8.
Ari Þorgilsson enn fróði 4, 242.
Ari Þorgilsson enn sterki 242.
Ármóðr ór Þykkvaskógi (Þorgrímsson) 89, 93.
Ármóðssynir (Þorgrímssonar) 200, 204.
Arnbjörn sleitu-Bjarnarson 48.
Arnórr jarlaskáld 245.
Arnórr Bjarnarson kerlingarnef 246—248, 250, 251, 253—256, 266.
Ásbjarnarnes, bær í Húnav.s. 85, 142, 144.
Ásbjarnarstaðir, bær í Mýrasýslu 7.
Ásbjörn auðgi Harðarson 7.
Ásbjörn Ketils son ens fiskna 1.
Ásgautr þræll 18, 30—35.
Ásgeirr æðikollr Auðunarson 116, 138, 143—145, 151.
Ásgeirr Auðunarson Ásgeirs sonar æðikolls 116.
Ásgeirr Erpsson 8.
Ásgeirr Kjartansson 151, 166.
Ásgeirr Knattarson 85.
Ásgeirsá, bær í Húnavatnsýslu 116.
Ásgeirssynir Auðunar sonar 165.
Ásmundr Þorgrímsson hærukolls 116.
Áss, bær í Borgarfj.s. 181.

- Ástríðr, kona Bárðar Höskuldssonar 71.
 Auðgísl (Auðgíls) Þórarinnsson 210—211.
 Auðr, kona Þórðar Ingi-mundarsonar 88, 97—100, 156—157, 170.
 Auðun Ásgeirs son æðikolls 116.
 Auðun Ásgeirsson Auðunarsonar 116.
 Auðun festargarmr 167.
 Auðun skökull (Bjarnarson) 116.
 Bakkavað á Hvítá 195.
 Barðaströnd 89, 181, 209.
 Barði Guðmundarson 85, 171—174.
 Bárðr Höskuldsson 15, 16, 48, 50, 62, 71, 73—75.
 Barmr, engi í Sælingsdal í Dalas. 147.
 Beinir can sterki, húskarl Óláfs pá 67, 234, 237.
 Bergþóra Óláfsdóttir 77, 86.
 Bersi (Véleifsson, hólmgöngu-Bersi) 16, 77, 78.
 Bjarnarey (Lambey?) í Hvammshlíði 238.
 Bjarnarfjörðr í Strandas. 14.
 Bjarnarhöfn, bær í Snæfellsness. 4, 167, 212.
 Bjarnarey á Breiðafirði 26.
 Bjarni Skeggjason 119.
 Björg Eyvindardóttir 8.
 Björn í Bjarnarfirði 14, 15.
 Björn buna 1.
 Björn Ketilsson enn aust-ræni 1—4, 6.
 Björgvin, bær í Noregi 18.
 Bláskógaheiðr (við Þingvallarsveit) 97.
 Blönduóss í Húnav.s. 18.
 Bollasynir Þorleikssonar 206, 224, 225, 234.
 Bollatóftir í Sælingsdal 174.
 Bolli Bollason 180, 186, 190, 205, 213—215, 217—230, 241—244, 247, 249—266.
 Bolli Þorleiksson 73, 77, 79, 85, 94, 114—120, 122, 123, 126—128, 131—135, 140, 146, 149, 150, 152—154, 156, 158—168, 171—180, 186—189, 192—195, 207.
 Borðeyrr við Hrutafjörð 48, 61, 212.
 Borg, bær á Mýrum 63, 117, 165.
 Borgarfjörðr (sunnanlands) 63, 105, 117, 119, 138, 181, 195, 210, 222, 227.
 Borgfirðingar 66.
 Brandr Vermundarson enn örvi 119, 120.
 Breiðár-Skeggi 119.

- Breiðafjarðardalir** 7, 86, 115, 154, 163.
- Breiðasund í Hvammsfirði** 43.
- Breiðfjörðr** 3, 6, 23, 26, 39, 43, 68, 81, 181, 185, 209, 218, 230, 231, 237, 245.
- Brenna, örnefni í Hundadal í Dalas.** 112.
- Brenneyjar úti fyrir Gautelfar ósi** 19.
- Búðardalr í Dalas.** 23.
- Bær í Borgarfirði** 195.
- Börkr Þorsteinsson enn digri** 11, 39.
- Dala-Álfr = Álfr í Dölum.**
- Dalaheiðr í Dalasýslu** 103.
- Dala-Kollr = Kollr.**
- Dalir (= Breiðafjarðardalir)** 8, 30, 138, 139, 165, 180, 185, 192, 195, 201, 233.
- Dalla Þorvaldsdóttir** 116.
- Dalr (= Stóri-Dalr) undir Eyjafjöllum** 130, 131.
- Danmörk** 19, 35, 114, 229, 230, 245.
- Djúpifjörðr í Barðastr.s.** 86.
- Drafnarnes (= Lambastaðarnes) í Laxárdal** 67.
- Drangar, bær við Hvammsfjörð** 225.
- Dyflinn (= Dublin), borg á Írlandi** 58.
- Dögurðarnes, nes við Hvammsfjörð** 6, 12, 35, 114, 219, 253.
- Dönustaðir, bær í Laxárdal** 170.
- Egill Auðunarson** 116.
- Egill skalla-Grímsson** 63—67, 78, 171.
- Eiðr ór Ási Skeggjason** 181—183.
- Einarr Rögnvaldsson (Torf-Einarr) jarl** 5.
- Eldgrímr** 105—108.
- Eldgrímsholt** 108.
- England** 128.
- England, bær í Borgarfj.s.** 205.
- Erlendr Jónsson himaldi** 165.
- Erpr Melduns son jarls** 8.
- Esjuberg, bær í Kjósars.** 4.
- Eyfirðingar** 9.
- Eyjasfjöll í Rangárv.s.** 130.
- Eyja fjörðr** 4.
- Eyjarvað á Norðrá** 195.
- Eyjólfr, sekr maðr** 204.
- Eyjólfr Eyjólfsson enns halta** 116.
- Eyjólfr enn halti Guðmundarson** 116.
- Eyjólfr Þórðarsou grái** 11.

- Eyrr (= Hallbjarnareyri) í Snæfellsness. 4, 225.
- Eysteinn Erlendsson erki-
byskup 165.
- Eyvindr austmaðr (Bjarnar-
son) 1.
- Fiskivötn, á Tvídægri 82.
- Fljótshlíð 119.
- Fljótshlíðingar 47.
- Færeyjar 5, 6, 167.
- Galmarströnd (= Árskógs-
strönd) í Eyjafj.s. 261.
- Garpsdalr 95.
- Gautland 115.
- Geirmundr guýr 79—85.
- Gellir Þorkelsson 218, 231,
240, 243, 245.
- Gestr Oddleifsson 89—94,
97, 103, 180, 209, 210.
- Gilli enn gerzki 19—21.
- Gilsfjörðr inn úr Breiða-
firði 95.
- Gizorr Ísleifsson byskup
116.
- Gizorr hvíti Teitsson 129
—131.
- Gjafflug Arnbjarnardóttir
48.
- Glúmr Geirason 88, 96.
- Guþuskörð örn. í Dalas. 88.
- Goddastaðir, bær í Laxár-
dal í Dalas. 17, 28, 30,
31, 33, 35, 62, 67, 69.
- Grettir Ásmundarson 116.
- Grima, kona Kotkels 96,
101—104, 108—110.
- Grimr Helgason 181—185.
- Grimsdalr í Borgarf. 105.
- Grisartunga í Borgarfj.s. 105.
- Gróa Geirmundardóttir 82
—84.
- Gróa Kolsdóttir 16.
- Gróa Þorsteinsdóttir 5.
- Guðdala-Starri = Starri
Eiríksson.
- Guðdalir, bær í Skagafirði
250.
- Guðlaugr, systirson Ósvífrs
158, 161, 167.
- Guðmundareyjar úti fyrir
Hvammfirði 40.
- Guðmundr, háseti 40, 41.
- Guðmundr enn ríki Eyjólfss-
son 131, 253, 260, 261.
- Guðmundr Sölmundarson
85, 138, 139, 142, 145,
165, 171, 174.
- Guðný Bárðardóttir 71.
- Guðríðr Þorsteinsdóttir 17,
40, 41.
- Guðrún Guðmundardóttir
85.
- Guðrún í Marbæli 246,
249.
- Guðrún Óspaksdóttir 243,
- Guðrún Ósvífrsdóttir 87, 89
—93, 95—99, 102—104,
115, 116, 118, 131—136,

- 138, 140, 146, 147, 149
—154, 156—158, 162,
163, 168, 172, 175—176,
178—180, 185—192, 206
—208, 213—222, 227,
230, 233, 239, 240, 242,
244.
- Guðrún Sigmundardóttir
243.
- Gufuáróss í Borgarfirði 117.
- Gunnarr Hlífarson 11.
- Gunnarr Þiðrandabani 215
—218.
- Gunnbjörn Erpsson 8.
- Gunnhildr konungamóðir
42, 43, 51, 52, 56, 60.
- Gunnlaugr ormatunga Ill-
ugason 7.
- Göngu-Hrólfur = Hrólfur
Öxna-Þórisson.
- H**afragil, gil í Svinadal í
Dalas. 158, 160.
- Hafratindar, bær í Svinadal
í Dalas. 159.
- Hagi, bær á Barðaströnd
89, 209.
- Hákon konungur (Haraldr?)
87.
- Hákon konungur Aðalsteins-
fóstri 14, 18, 22.
- Hákon jarl 79, 80, 119.
- Halla Gestsdóttir 180.
- Hallbjörn slíkisteinsauga
Kotkelsson 97, 101, 110,
112, 113.
- Halldís Erpsdóttir 8.
- Halldórr Ármóðsson 89,
186, 189, 191, 195, 200,
206, 211.
- Halldórr (Heðinsson) Garps-
dalsgoði 95.
- Halldórr Guðmundarson 131.
- Halldórr Ólafsson 77, 78,
134, 164, 167—178, 224
—226, 234—237.
- Halldórr Snorrason 242.
- Hallfredr vandræðaskáld
119, 126, 127.
- Hallgerðr langbrók 15.
- Hallr Guðmundarson 85,
142, 145, 166, 172.
- Halir af Siðu (= Siðu-Hallr)
Þorsteinsson 129.
- Hallr víga-Styrsson 71.
- Hallsteinn goði (Þórólfsson)
96, 101, 103.
- Hallsteinsnes, bær við
Þorskatjörð í Barðastr.s.
96.
- Háls, bær í Svarfaðardal í
Eyjafj.s. 253, 258, 262,
264, 265.
- Hamarengi í Sælingsdal
174.
- Haraldr konungur enn hárf-
agri 1, 2, (nefndr Há-
kon) 87.
- Haraldr konungur Gunnhild-

- arson 42, 48, 51, 52, 56, 60, 61, 65, 106.
- Haraldr konungr Sigurðarson 165.
- Harðbeinn Helgason 197, 204, 205.
- Harraból, örnefni í Hjarðarholtslandi 86.
- Harrastaðir, bær í Miðdölum í Dalas. 86.
- Haugsgarðr, örnefni í Laxárdal 67.
- Haugsnæs í Barðastr.s. 102.
- Haukadalur, sveit í Dalas. 110.
- Haukadalsá, á í Dalas. 186.
- Hegranesþing, vor þingstaðr í Skagafirði 254, 255.
- Helgafell, bær í Snæfellsness. 102, 163, 164, 180, 189, 192, 206, 209, 213, 214, 217, 218, 221, 222, 225, 227, 233, 234, 239, 242, 244, 245.
- Helga Kjallaksdóttir 4.
- Helga frá Kroppi 181.
- Helga Óláfsdóttir feilans 11.
- Helgi Eyvindarson enn magri 1, 3, 4, 8.
- Helgi Harðeinsson 173, 174, 177, 178, 188, 191—207.
- Helgi bjólan Ketilsson 1, 3, 4, 6, 9, 10.
- Helgi Ólafsson 77, 174.
- Helgi Ósvífrsson 87, 158.
- Helgi á Skeiði 256—263, 265.
- Heljardalsheiðr milli Skagafjarðar og Svarfaðardals 254.
- Hellu-Narfi = Narfi (Ásbrandsson).
- Herdís Bolladóttir 227, 240, 243.
- Herjólfur, lendr maðr í Norgegi 12, 13.
- Hermundur Illugason 7, 243.
- Hermundur Kódránsson 243.
- Hersteinn Þorkelsson 11.
- Hestanes í Svarfaðardal 265.
- Hildir Þórarinsdóttir 39, 40.
- Hjaltadalr í Skagafirði 246, 248.
- Hjaltasynir 76, 246, 248, 254, 255.
- Hjalti Skeggjason 129—131.
- Hjarðarholt, bær í Laxárdal í Dalns. 69, 70, 77, 78, 81, 82, 85, 86, 93, 112, 118, 131, 132, 135, 138, 140, 141, 144, 146, 151, 166, 168, 172—174, 179, 206, 224, 234, 236, 246.
- Hjarðhyltingar 140, 151, 152, 167, 179.
- Hlöðvér Þorfinns son jarls 5.
- Hof, bær í Hjaltadal 246, 248.

- Hóll (= Saurhóll), bær í Saurbæ 88, 97, 155, 156.
- Hólmgöngu Bersi = Bersi (Véleifsson).
- Hólmgöngu-Ljótr = Ljótr (Þorgrímsson) 165.
- Hrappr 202, 203.
- Hrappr Sumarliðason (Viga-Hrappr) 16, 17, 37, 38, 68, 70, 71, 202.
- Hrappsstaðir, bær í Laxárdal 23, 38, 39, 42, 68.
- Hrefna Ásgeirsdóttir 117, 138, 139, 143—149, 152, 163, 166.
- Hreinn Hermundarson 243.
- Hröðný Skeggjadóttir 11.
- Hrólfur lausingi 72.
- Hrólfur konungur kraki 245.
- Hrólfur (= Göngu-Hrólfur) Öxna-Þórisson 87.
- Hrútafjörður 48, 61, 233, 251, 252.
- Hrútr Herjólfsson 13, 42—48, 51, 72, 73, 106—111, 114, 115.
- Hrútsstaðir, bær í Laxárdal, nú í eyði 47, 106.
- Hrýtlingar 72.
- Húnbogi Álfsson enn sterki 195, 201, 204.
- Hundadalur, afdalur úr Miðdölum í Dalas. 8, 111, 173.
- Hundi leysingi Unnar 8.
- Húsafell, bær í Borgarfj.s. 243.
- Hvalfjörður 4.
- Hvammr, bær í Hvammsveit í Dalas. 7—9, 10.
- Hvamsdalur í Saurbæ í Dalas. 99.
- Hvamsfjörður 6, 83, 92, 164.
- Hvítá í Borgarfirði 138, 181, 195, 222, 227.
- Hvítidalur, dalur og bær í Saurbæ í Dalas. 155, 157.
- Höfðamenn 8.
- Höfði á Höfðaströnd í Skagaf. 48, 246.
- Höfði (= Gálghamarr) klettr við Haukadalsá í Dalas. 186.
- Hörðabólstaður (= Hörðaból), bær í Dalas. 7.
- Hörðadalur (= Hörðudalur), dalur í Dalas. 7, 9, 180, 195, 198, 205.
- Hörðaland (= Söndre Berg-ehusamt) í Noregi, 18, 79.
- Hörður, fylgjari Unnar 7, 9.
- Höskuldr (Dala-) Kollsson 7, 11—25, 35—38, 42—50, 61, 63—67, 69, 70, 72—75.
- Höskuldr Óláfs sonur pá 77, 144.

- Höskuldastaðir, bær í Laxárdal í Dalas. 12, 15, 16, 44, 61, 66—68, 76.
- Höskuldssýnir 75.
- Illugi enn svartí (Hallkels-son) 7.
- Ingibjörg Tryggvadóttir konungs systir 131, 132, 136, 137.
- Ingjaldr Sauðeyjargoði 26, 28—35.
- Ingjaldssandr, sveit í Ísa-fjarðars. 165.
- Ingunnarstaðir, bær í Geiradal í Dalas. 96.
- Ingunn (Þórólfsdóttir) 96, 101.
- Írar 1, 49, 53—57, 65.
- Írland 25, 50, 53, 60, 62.
- Ísland 3, 6, 12, 13, 14, 43, 52, 56—58, 60, 62, 76, 78, 80, 87, 116, 118, 119, 121, 124, 125, 128—131, 135, 136, 138, 185, 226, 229, 232, 240, 243, 245.
- Ísleifr byskup 116.
- Íslendingar 120, 122, 123, 126, 129, 130, 137.
- Jófríðr Gunnarsdóttir 11.
- Jón Úlfsson 165.
- Jórunn Bjarnadóttir 14, 15, 18, 23, 25, 45, 46, 69.
- Jórunn Ketilsdóttir 1.
- Jórunn Þorbergadóttir 165.
- Kaðlin göngu-Hrólfadóttir 87.
- Kálfr Ásgeirsson 116, 117, 128, 136, 138, 139, 143—145, 166.
- Kambnes, nes og bær við Hvammsfjörð í Dalas. 7, 43, 44, 47, 73, 103, 107, 110.
- Kári Hróttsson 109.
- Katanes (= Caithness), norðausturtangi Skotlands 5.
- Ketill Bjarnarson flatnefr 1—4, 13.
- Ketill enn fiskni (fífiski) 1.
- Ketill Hermundarson 243.
- Ketill veðr 1.
- Kirkjubær, bær á Síðu í Skaftaf.s. 1.
- Kjalarey á Breiðafirði 102.
- Kjalarnes 4.
- Kjallakr enn gamli 4.
- Kjartan Ásgeirsson 85.
- Kjartan Ólafsson 77—79, 94, 115—129, 131—133, 135—169, 171, 176.
- Kjartan Þorbhallsson 86.
- Kjarvalr (= Cearbhalh) Íra-konungur 1.
- Kuarrarnes, örnefni í Dalas. 112.

- Knútr**, mágr Þórðar Ingunnarsonar 88.
Koðrán Hermundarson 243.
Koðrán Ormsson 243.
Kolbeinn Þórðarson 131.
Kolkistustraumur (= Kollköstungr?), straumur milli Ólafseyjar og lands 39.
Kollafjörðr 4.
Kollr (Dala-Kollr) 5, 7, 9, 11, 12, 15.
Kotkell 96, 101—105, 108—110, 113, 115.
Kristsnes, bær í Eyjafirði 4.
Króksfjörðr, sveit í Barðastrandars. 96.
Kroppr, bær í Borgarfjarðars. 181.
Krossar, bær á Árskógsströnd í Eyjafj.s. 261.
Krossavík, bær í Vopnafirði 215.
Lambadalr, afdalr úr Sælingsdal í Dalas. 99.
Lambastaðir, bær í Laxárdal í Dalas. 50.
Lambi Þorhjarnarson 62, 113, 173, 174, 177, 187, 188, 193—195, 200, 204, 206.
Langavatnsdalr, eyðidalr í Mýras. 195.
Langidalr, sveit í Húnav.s. 210.
Laugar, bær í Sælingsdal í Dalas. 87, 96—100, 116, 118, 131, 132, 134, 140, 141, 148—155, 157, 162, 165.
Laxá, á í Laxárdal í Dalas. 7, 23, 25, 31, 32, 50, 67, 68, 94.
Laxárdalr, sveit í Dalas. 7, 13, 16—18, 25, 39, 67, 104, 110, 111, 113, 170, 200, 206.
Laxáróss í Dalas. 23, 30, 81, 83.
Laxdælir 45, 47, 66, 142, 187.
Leiðólfsstaðir, bær í Laxárdal 104.
Ljá, á í Dalas. 93.
Ljáeyrr við Ljá í Dalas. 234.
Ljárskógar, bær í Dalas. 147, 166, 174, 233, 234, 237.
Ljótr (Þorgrímsson, hölm-göngu-Ljótr) 165.
Ljótr á Völlum 262, 264—265.
Ljúfa kona Bjarnar í Bjarnarf. 14.
Lækjarskógar, bær í Dalas. 186.
Magnús konungr enn góði 243.

- Marbæli**, bær í Óstandshlíð í Skagafirði 246, 247, 253.
Marbælingar 246.
Meðalfellströnd (= Fellsströnd), sveit í Dalas. 6.
Meldun jarl 8.
Melkorka Mýrkjartans dóttir Íra konungs 25, 36, 48—50, 56, 58, 60, 62, 113.
Melkorkustaðir, eyðibýli í Laxárdal í Dalas. 25, 48.
Miðá, á í Miðdölum í Dalas. 8.
Miðfjarðar-Skeggi = Skeggi Bjarnarson.
Miðfjörðr í Húnav.s. 142.
Miklibær, bær í Óslandshlíð í Skagafj.s. 246—247, 250, 253, 254, 266.
Mikligarðr (= Konstantinopel) 230.
Mjósyndi, örnefni í Svínadal í Dalas. 158.
Máli (= Múlakotsmáli) í Borgarfj.s. 105.
Mýramenn 63, 70, 166.
Mýrkjartan (= Muircertach) írskr konungr 25, 49, 51, 56, 59, 62, 77, 206.
Mæri (= Norðmæri) í Nor-egi 5.
Mörðr gigja 47.
- Narfi** (= Helli-Narfi, Ásbrandsson) 253.
Nið, á, sem fellr í Þrándheimsfjörð í Noregi 120.
Niðaróss (= Þrándheimr, Trondhjem), bær í Nor-egi 119.
Njáll Helguson 181.
Njarðvikingar 215.
Norðlendingafjórðungr 142.
Norðlendingar 249.
Norðmæri í Noregi 1.
Norðrá, á í Norðrárdal í Mýras. 195.
Norðrárdalr, sveit í Mýras. 118.
Norðrsel, forn sel í Svínadal í Dalas. 158.
Noregr 1, 12, 14, 18, 22, 23, 35, 50, 56, 59—61, 85, 114, 119, 124, 130, 131, 135—137, 163, 167, 185, 212, 213, 218, 219, 227—231, 245.
- Oddr** (= Tungu-Oddr) Önundarson 11.
Oddr Þórhölluson 88, 158.
Óðinn 125.
Óláfr feilan Þorsteinsson 6, 8—11, 24.
Óláfr konungr enn helgi Haraldsson 219, 220, 223, 227—228, 230—232, 242.
Óláfr hvíti Ingjaldsson 1.

- Óláfr pái Höskuldsson 24, 25, 36, 37, 46, 48—71, 73—77, 79—83, 85—87, 93—94, 110—116, 118, 131, 133—135, 138, 140, 141, 144—149, 151, 158, 164—168, 171, 173, 193, 234, 246.
- Óláfr konungr Tryggvason 119—156, 135—137, 140, 142, 145.
- Óláfr Þórðarson 246—247, 249—251.
- Ólafseyrnir 94, 164, 165, 167, 170, 174, 187, 192, 193, 223, 224, 226.
- Ólof Guðmundardóttir 85.
- Ólof Þorsteinsdóttir 5.
- Orkneyjar 5.
- Ormr Erpsson 8.
- Ormr Hermundarson 243.
- Orrostudalur, örnefni í Dalas. 45.
- Ósk Þorsteins dóttir rauðs 8.
- Ósk Þorsteins dóttir surts 17.
- Óspakr Bollason 243.
- Óspakr Ósvífrsson 87, 156, 158, 161, 165.
- Ósvífr Helgason 67, 93, 95, 99, 100, 102, 104, 115, 134, 135, 145—147, 152, 153, 156, 158, 161, 167, 172, 179, 180, 209.
- Ósvífrssynir 98, 159—162, 165—167.
- Óttarr Bjarnarson 4.
- Óttarr á Krossum 261—265.
- Þéttur postoli 245.
- Rafarta Kjarvalsdóttir 1.
- Ránarvellir, örnefni í Sælingsdal í Dalas. 174.
- Raumsdalr 1.
- Raumsdælafylki 1.
- Reykir, bær í Hjaltadal í Skagafj.s. 248
- Reykjanes í Barðastr.s. 8.
- Reykjanes í Gullbringus. 23.
- Reykjardalur enn syðri (= Lundarreykjadalr) í Borgarfj.s. 195, 205.
- Reyknesingar 8.
- Reynisnes (= Gjöggratá) við Eyjafjörð 4.
- Róiskelda (Hróarskelda = Roskilde), bær í Danmörku 245.
- Róm (= Roma), borg á Ítalíu 245.
- Rúnólfr Ketilsson 243.
- Rúnólfr Úlfsson 243.
- Rögnvaldr Mærajarl 5.
- Sarpr, (sel í sögunni, nú) bær í Skorradal 196.
- Sarpsborg, bær í Noregi við Glommen 228.

- Sauðafell, bær í Miðdölum í Dalas. 8, 18, 31, 33, 34.
- Sauðeyjar á Breiðafirði 26.
- Saurbær, sveit í Dalas. 77, 88, 97, 98, 154, 170.
- Sighvatr Brandason 243.
- Sighvatr Surtsson 1.
- Siglunes við Eyjafjörð 4.
- Sigríðr kona Helga á Skeiði 256, 258, 259, 266.
- Sigurðr jarl Hlóðvísason 5.
- Skagafjörðr 246, 249, 250.
- Skálmarnfjörðr í Barðastr.s. 97.
- Skálmarnes í Barðastr.s. 96, 101, 102.
- Skeggi Brandsson 243.
- Skeggi = Breiðár Skeggi 119.
- Skeggi Bjarnarson (= Miðfjarðar-Skeggi) 7, 11.
- Skjaldarey á Breiðafirði 102.
- Skógarströnd, sveit í Snæfellsness. 189.
- Skorradalur, sveit í Borgarfj.s. 191, 195, 206.
- Skorrey á Breiðafirði 164.
- Skorri Helgason 205.
- Skotar 4.
- Skotland 4.
- Skrámuhlaupsá í Dalas 7.
- Skrattavardi, örnefni í Dalas. 110.
- Sköfnungsey 239.
- Snorri Álfsson 180.
- Snorri Þórðarson 85.
- Snorri Þorgrímsson goði 11, 102, 103, 163. 179—181, 183, 184, 186—189, 200, 208, 210, 212—218, 220. 226, 242.
- Snæfellsnes 23.
- Sólveig kona Helga Harðbeinssonar 173.
- Sópandaskarð, milli Langa-vatnsdals og Hörðadals í Dalas. 195.
- Staðr (= Stadtland), höfði milli Sunnmæris og Fjarða í Noregi 85.
- Stafá, á í Helgafellssveit í Snæfellsness. 3.
- Stakkagil í Sælingsdal í Dalas. 88, 174.
- Starri (= Guðdala-Starri) Eiríksson 249—252.
- Steindórr (Steinþórr) Þorláksson á Eyri 225, 226.
- Steingrímur Guðmundarson 85.
- Steingrímsfjörðr 14, 234.
- Steinþórr (Steindórr) Ólafsson 77, 134, 167, 170, 174, 178, 226.
- Steinþórr Steinþórsson gróslappi 170.
- Stígandi Kotkelsson 97.
- Strandamenn 16.
- Strandir = Strandasýsla 14.
- Stúfr Þórðarson skáld 103.

- Sturla Kjartansson (smið-
 Sturla) 86.
 Styrmir Hermundarson 243.
 Styrr Þorgrímsson (víga-
 Styrr) 47.
 Suðreyjar (= Hebrides) við
 Skotland 16.
 Sumarliði Hrappsson 16, 38.
 Sunnmæri í Neregi 1.
 Surtr Þorsteinsson 1.
 Svarfaðardalur í Eyjafj.s.
 256, 261—263.
 Svarfaðardalsá 263.
 Svarfðelar 266.
 Sveinn Álfsson 195.
 Sverðskelda 148.
 Svertingr Rúnólfsson 130.
 Svertlingar 1.
 Svignaskarð, bær í Mýras.
 148.
 Svínadalr í Dalas. 155.
 Sælingsdalr í Dalas. 87, 97,
 99, 148, 155, 157, 173,
 174, 209.
 Sælingsdalsá 87.
 Sælingsdalsheiðr 99, 155.
 Sælingsdalslaug 89, 115.
 Sælingsdalstunga, bær í
 Dalas. 148, 163, 168, 170,
 183, 242.
 Sökkólfr landnámsmaðr 8.
 Sökkólfadalr í Dalas. 8.
 Tjaldanes, bær í Saurbæ í
 Dalas. 101.
 Torf-Einarr = Einar Rögn-
 valdsson.
 Torráðr Ósvífrsson 87, 158.
 Tröllaskeið, örnefni í Dalas.
 47.
 Tunga, bær í Saurbæ í
 Dalas. 78.
 Tunga, bær í Hörðudal í
 Dalas. 180, 186, 194,
 208.
 Tunguá, á í Dalas. 8.
 Tungu-Oddr = Oddr Önund-
 arson.
 Tvidægri 182.
 Úlfheiðr Eyjólfsdóttir 116.
 Úlfheiðr Rúnólfsdóttir 242.
 Úlfr Óspaksson 165.
 Úlfr Uggason 82.
 Unnr en djúpúðga Ketils-
 dóttir 1, 3, 5—10.
 Unnr Marðardóttir 47.
 Urðir, bær, nú í eyði, á
 Skálmarnesi í Barðastr.s.
 97.
 Urðskriðuhólar, örn. milli
 Svaðastaða og Hofstaða
 í Blönduhlíð í Skagaf.
 249.
 Vaðill 79, 181.
 Valgerðr Þorgilsdóttir 243.
 Vandráðr Ósvífrsson 87.
 Vatnadalr, sveit í Húnav.s.
 142.

- Vatnsfirðingabúð á alþingi 211.
- Vatnsfjörðr, bær í Ísafj.s. 85.
- Vatnshorn, bær í Skorradal í Borgarfj.s. 195.
- Vatnsnes, sveit í Húnav.s. 142.
- Véleifr gamli Þorgeirsson 16.
- Vellir, bær í Svarfaðardal 262, 264, 265.
- Vémundur Þorgrímsson 4, 85, 119.
- Vestarr Þórólfsson 4.
- Vestfirðingar 200.
- Vestfirðir 14, 95.
- Vestmannaeyjar 131.
- Viddælir 166, 171.
- Víðidalr, sveit í Húnav.s. 85, 116, 142, 165.
- Vifill, leysingi Unnar 8.
- Viga-Hrappr = Hrappr Sumarliðason.
- Viga-Styrr = Styrr Þorgrímsson.
- Vigdís Hallsteinsdóttir 16, 37, 38.
- Vigdís Ingjaldsdóttir 17, 28—31, 33—36, 46.
- Vigdís Þorsteinsdóttir 8.
- Vik í Noregi (við Kristjáníufjörð, einkum austanmegin) 18, 22, 87, 185, 227.
- Vikrarskeið (? = Skeið, ströndin vestr af Ölfusárós) 6.
- Væringjar 230.
- Yngvildr Ketilsdóttir 1.
- Þang-Brandr prestur 129, 130.
- Þiðrandi Geitisson 215.
- Þjóðólfr lági (ór Höfn) 87.
- Þóra Óláfsdóttir feilans 11.
- Þórarinn Bárðarson 71.
- Þórarinn Brandsson 243.
- Þórarinn, breiðfirzkr maðr 17, 39—41.
- Þórarinn í Laugadal 210.
- Þórarinn Raga-bróðir 11.
- Þórarinn Þórðarson fylsenni 11.
- Þórarinn Þórisson 88, 148, 152—154, 159, 160—162.
- Þorbjörg Ármódsdóttir 47.
- Þorbjörg digra Óláfsdóttir 77, 85.
- Þorbjörg Skeggjadóttir 7.
- Þorbjörn skjúpr 18, 48, 49, 62, 113, 206.
- Þórdís Óláfsdóttir 11.
- Þórdís Snorradóttir 220, 221, 227, 242, 243, 266.
- Þórdís Þjóðólfsdóttir 87.
- Þórðr Freysgoði 131.
- Þórðr Gestsson enn lági 94, 209.

- Þórðr Gilsson 86.
 Þórðr goddi 17, 28—30, 33—37, 44, 46, 67.
 Þórðr Hjaltason 246, 248, 254—256.
 Þórðr í Hundadal 111.
 Þórðr Ingunnarson 88, 95—102, 244.
 Þórðr af Marbæli 246, 247, 249, 253.
 Þórðr gellir Ólafsson 11, 17, 18, 35, 36, 46, 117.
 Þórðr köttr Þórðarson 103, 195, 199, 200, 205.
 Þórðr Þorvaldsson 85.
 Þorfinna Vermundardóttir 86.
 Þorfinnr Einarsson jarl 5.
 Þorfinnr Sigurðarson jarl 5.
 Þorgerðr Álfisdóttir 8.
 Þorgerðr Egilsdóttir 63—67, 77, 79, 81—83, 148, 151, 168—171, 173, 177.
 Þorgerðr Ólafsdóttir 77.
 Þorgerðr Þorsteinsdóttir rauða 7.
 Þorgils, sekr maðr 204.
 Þorgils Arason af Reykjanesi 243.
 Þorgils Arason hins fróða 243.
 Þorgils Gellisson 243, 245.
 Þorgils Hölluson 180, 184, 188—198, 203—208, 210—212, 224,
 Þorgrímr stýrimaðr 251.
 Þorgrímr hærukollr Auðunarson 116.
 Þorgrímr Kjallaksson 4.
 Þorgrímr Þorsteinsson 11.
 Þórhalla málga 87, 155, 157, 158.
 Þórhallr Skeggjason 119.
 Þórhildr Þorsteinsdóttir surts 8.
 Þórhöllusynir 160, 163, 164.
 Þórir sælingr 88.
 Þórir (= Öxna-Þórir) 87.
 Þorkell blund-Ketilsson 11.
 Þorkell Eyjólfsson 181—185, 189, 208, 212—221, 230—241, 244.
 Þorkell Geitisson 216.
 Þorkell Gellisson 243.
 Þorkell á Hafratindum 159, 160, 168, 169.
 Þorkell hvelpr 88, 98, 157, 158, 159.
 Þorkell trefill rauða-Bjarnarson 17, 40—42.
 Þorkell skalli 113.
 Þorkell Þórðarson kuggi 11, 170.
 Þorlákr Vestarsson (rétt: Ásgeirsson) 4.
 Þorlaug Þórðardóttir 48.
 Þorleikr Bollason 168, 180, 186, 195, 199, 203, 205, 208, 215, 218, 219, 222—224, 226—229.

- Dorleikr Höskuldsson 15,
 47, 48, 71—77, 103—106,
 111, 113—115.
 Dóroddr Tungu-Oddsson 11.
 Dórólfr 26—33, 35.
 Dórólfr blöðruskali 4.
 Dórólfr Mostrarskegg 11.
 Dórólfr Ósvífrsson 87, 147,
 148, 151, 158, 160, 162,
 167.
 Dórólfr rauðnefr 18, 31, 33.
 Dórólfr (skalla-Grimsson)
 78.
 Dórólfr stærimaðr 246—252.
 Dórr 125.
 Dorskafjörðr í Barðastr.s. 96.
 Dórsnes, nes í Snæfellsness.
 16, 39.
 Dórsnesþing 166, 226.
 Dorsteinn Ásbjarnarson 1.
 Dorsteinn Egilsson 11, 67,
 117, 165—167.
 Dorsteinn surtr Hallsteins-
 son 8, 16, 17, 38—40.
 Dorsteinn Kuggason (Dor-
 kelsson) 86, 117, 166,
 181, 234—238.
 Dorsteinn Narfason 253,
 256, 258—266.
 Dorsteinn rauðr Ólafsson
 4—8, 13.
 Dorsteinn svartí 173, 174,
 176, 187, 188, 192—195,
 200, 204, 210.
 Dorsteinn þorskabitr Dór-
 ólfsson 11.
 Dórunn Gunnarsdóttir 11.
 Dórunn hyrna Ketilsdóttir
 1, 3, 4.
 Dórunn Oddleifsdóttir 89.
 Dórvaldr Ásgeirsson 116.
 Dórvaldr Halldórsson 95,
 96, 244.
 Dórvaldr Hjaltason 247,
 248—251, 254—255.
 Dórvaldr Kjartansson 85.
 Dórvaldr Snorrason 85.
 Dórvör Hermundardóttir
 243.
 Drándheimr (= Trondbjem)
 í Noregi 119, 122, 227,
 231.
 Drændir 122.
 Dúfur, bær í Óslandshlíð í
 Skagaf. 246.
 Duriðr Ásgeirsdóttir 116,
 170.
 Duriðr Eyvindardóttir 4.
 Duriðr Höskuldsdóttir 15.
 Duriðr Óláfsdóttir 68, 81—
 85, 138, 139, 143, 144.
 Dváltá, bær í Álftafirði
 eystra 129.
 Dverá, bær í Blönduhlíð í
 Skagafirði 249.
 Dykkviskógr, bær eða bæir
 í Dalas. 89, 93, 113,
 189.

Örn hirðmaðr Haralds konungs 48, 50—53, 60.	Öxnagróf, örnefni í Dalas. 174.
Örnólfr Ármóðsson 89, 186, 189, 191, 195, 200, 206.	Öxna-Þórir = Þórir.
Örnólfsdalr, dalr og bær í Mýras. 7.	Öxney á Breiðafirði 83.

Leiðréttingar.

Bls. 84₁: Gróu á að vera Gró. Bls. 84₂₅: sverðit réttara sverðsins. Bls. 86₈: gangandi fé á að vera ganganda fé. Bls. 93₂₃: sjá; réttara er eflaust Ljá, þótt sjá standi í Möðruvallabók. Bls. 122₁₄: Þrændr á að vera Þrændir. Bls. 195₁₅: bæ á að vera Bæ.



Stefnir (I, 16.) getur um útgáfunu á Íslendingasögum þannig:

„Íslendinga-sögur eru svo alkunnar, að það er óþarfi að lýsa þeim hjer; enginn sannur Íslendingur efast um ágæti þeirra, öllum er kunnugt, að þær, ásamt öðrum fornsögum vorum, hafa viðsvegar um hinn menntaða heim vakið undrun og aðdáun frægustu vísindamanna, og vegna þeirra höfum vjer hlótið margan og mikinn heiður. Fornsögum vorum eigum vjer mest að þakka, að vjer höfum haldið tungu fedra vorra næstum óbreyttri í margar aldir, og þær hafa óþafa átt mikinn og góðan þátt í því að viðhalda þreki og þoli þjóðarinnar til að afbera allar þær hörmungar og kvalir, sem á hana voru lagðar um langan aldur af náttúrunnar völdum og vægðarlausum kúgurum. Án fornsagna vorra mundi þjóð vor að líkindum dauð úr öllum æðum og liðin undir lok fyrir löngu síðan“.

Verð: 75 aur.

Íslendinga sögur.

12.

Eyrbyggja saga.

Báid hefir til prentunar
Valdimar Ásmundarson.

Reykjavík.


Kostnaðarmaður: **Sigurður Kristjánsson.**

1895.

12

EYRBYGGJA SAGA.

BÚÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.
KOSTNAÐARMAÐUR: *SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.*
1895.

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.

FORMÁLI.

Eyrbyggja saga hefir þrisvar verið gefin út áðr; í fyrsta sinni í Kaupmannahöfn 1787 af Grími Thorkelin með latneskum formála og latneskri þýðingu, og í öðru sinni gaf Guðbr. Vigfússon hana út í Leipzig 1864. Í þriðja sinni gaf séra Þorleifr Jónsson sögu þessa út á Akreyri 1882 eftir útgáfu G. V., enn gat ekki lesið prótarkir eða haft eftirlit með útgáfunni, af því að hann var fjarri. Af því leiðir, að prentvillur eru æðimiklar í þeirri útgáfu. Auk þess eru kaflar úr sögunni prentaðir í „Antiquitates Americanae“ og í „Grönlands historiske Mindesmærker“. Á dönsku er sagan þýdd af N. M. Petersen í „Is-lændernes Færd hjemme og ude“, og á ensku af hinu fræga skáldi Walter Scott (í ágripi).

Þessi fjórða útgáfa sögunnar er prentuð eftir útgáfu Guðbrands Vigfússonar, enn af því stafsetning á útgáfu Þorleifs Jónssonar er nær stafsetning þeirri, sem fylgt er í þessum sagna útgáfum vorum, og af því að í henni eru og bættir leshættir, einkum eftir einu merku handriti, hefir hún að nokkuru leyti verið notuð.

Séra Þorleifr Jónsson í Presthólum sendi mér fyrir skömmu Eyrbyggju, sem hann hafði búið til prentunar af

nýju, enn hún kom of seint til þess að hægt væri að hafa hana til samanburðar.

Sagan er fyrst talin færð í letr litlu fyrir miðja 13. öld. Frumrit hennar er glatað, eins og flestra fornsagna vorra, enn hún var ásamt mörgum öðrum sögum á Vatns-
hyrnu, sem brann í Kaupmannahöfn 1728. Eftir endrriti af Vatnshyrnu, sem er í safni Á. M., 448, 4to., hefir sagan verið gefin út. — Enn auk þess er til mjög merkilegt brot af sögunni á skinnbók í bókasafni í Wolfenbüttel á Þýzkalandi; byrjar þar í miðjum 20. kap. og nær til enda. — Bók þessari rændi Napoleon keisari eftir bardagann við Jena (1806), enn henni var skilað aftr. — Úr þessu handriti er að mestu orðamunur sá sem tekinn er upp í þessa útgáfu og Akreyrarútgáfuna.

Í vísnaðskýringunum er að mestu fylgt skýringum Þorleifs Jónssonar, sem eru aitan við Akreyrarútgáfuna, enn hann hefir aftr stuðzt við skýringar Guðbr. Vigfússonar. Vísurnar munu margar vera afbakaðar meira eða minna, og er enginn hæðarleikr að lagfæra þær.

Eyrbyggja saga hefir jafnan verið talin með hinum merkari Íslendinga sögum. Hún er mjög fjölskrúðug að efni, og mun varla vera mjög breytt frá því, sem hún hefir verið í upphafi.

Um áreiðileik Eyrbyggja sögu má hið sama segja sem um margar aðrar beztu sögur vorar, að ekki er ástæða til að véfengja hana yfirleitt eða í mörgum greinum. Sem áðr er sagt, er álitid að sagan, svo sem hún nú er, sé rituð um 1250, og er hún þá rituð 250—370 árum síðar enn sagan gerist, og hefir Sig. Vigfússon ritað um þetta

í 'Árbók fornleifafélagsins' 1888—92. — Eru þá líkindi til, að sagan hafi fyrr verið rituð, eða önnur sögurit sem hún hafi verið byggð á, enda er það víst, að breiðfirzkar sögur hafa verið ritaðar um sama tímabil og þessi saga gerðist á, sem nú eru glataðar. Orð söguritarans benda og jafnvel á, að hann hafi þekt slíkar sögur, þar sem hann tekr það fram á ýmsum stöðum, að sumir segi þetta og aðrir segi hitt, t. d. í 7. kap.: Þórólfr . . . fekk þeirrar konu er Unnr hét; *segja sumir*, at hon væri dóttir Þorsteins rauðs, enn Ari Þorgilsson enn fróði telr hana eigi með hans börnum' — og líkt þessu kemst höf. víða að orði. — Öll gerð sögunnar, og vísurnar, sem í henni eru, sem flestar munu upphaflegar, benda á, að hún sé snemma samin.

Staðarannsóknir Fornleifafélagsins hafa í mörgum greinum staðfest frásagnir Eyrbyggja sögu, þótt mjög sé alt orðið breytt á Snæfellsnesi á síðari öldum og byggðin víða horfin, sem áður var þar.



TÍMATAL.

Landnám í Breiðafirði	um 884—96.
Útkoma Þórólfs Mostrarskeggs í Breiðafjörð og landnám hans í Þórsnesi	um 884.
Útkoma Bjarnar austræna og Hallsteins Þórólfssonar	— 884.
Útkoma Uðar djúpúðgu í Breiðafjörð	— 892.
Landnám í Breiðafirði að norðanverðu	um 895—90.
Fæddr Þorsteinn Þorskabítr	um 913.
Andlát Þórólfs Mostrarskeggs	— 918.
Sett og haldið fyrsta alþingi	930.
Deila Þórsnesinga og Kjarleklinga á Þórsnesþingi	um 932—34.
Reistr bærinn að Helgafelli	um 935.
Druknan Þorsteins Þorskabíts; fæddr Þorgrímr goði	— 938.
Þorgrímr goði kvæntist Þórdísi systur Gísla Súrssonar og flyzt vestr í Dýrafjörð	— 960.
Þorgrímr goði myrti Véstein mág Gísla Súrssonar. Víg Þorgríms goða	962—63.

VII

- Fæddr Snorri goði í nóvember 963.
- Utanför Snorra um 977.
- Snorri goði kemr út aftr — 978.
- Snorri reisir bú að Helgafelli — 978.
- Viðreign Þorgríms Kjarlakssonar og
Illuga svarta. Andlát Þorgríms
Kjarlakssonar — 980.
- Friðrik biskup og Þorvaldr Koðránsson
hefja hið fyrsta kristniboð á Ís-
landi. — Máhliðingamál — 981.
- Mál Eiríks rauða við Þorgest gamla
og sonu Þórðar gellis; Eiríkr gerr
útlægr og finnr Grænland — 982.
- Snorri goði kvongast Ásdísi dóttur Víga-
Styrs — 983.
- Þóroddr Snorrason borinn — 985.
- Viðreign Arnkels goða og Snorra goða um 986—93.
- Dráp Arnkels goða um 993.
- Eftirmál um víg Arnkels; tekið úr lög-
um, að konur megi vera sakar-
aðilar. Utanferð Þorleifs kimba,
banamanns Arnkels — 994.
- Þorleifr kimbi kom aftr út. Útkoma
Bjarnar Breiðvíkingakappa og Arn-
bjarnar hins sterka bróður hans — 996.
- Deilur Snorra goða og Eyrbyggja. Bar-
dagi um haustið í Álftafirði. Orr-
usta á Vigrafirði á jólaföstu — 997.

VIII

- Björn Breiðvíkingakappi tekr aftr að
 hitta Þuríði á Fróðá . . . um 997—98.
- Sætt Snorra goða og Steinþórs á Eyri
 á Þórsnesþingi um vorið. — Heim-
 sókn Snorra goða til Bjarnar Breið-
 víkingakappa. Utanfór Bjarnar
 og hrakningr til Ameríku . . . um 998.
- Fundr Vínlands hins góða — 1000.
- Kristni lögtekin á alþingi — 1000.
- Fróðár-undr — 1001.
- Veginn Víga-Styrr í nóvember 1007.
- Snorri goði fer í Sælingsdalstungu, enn
 Guðrún Ósvífrsdóttir aftr að Helga-
 felli um 1008.
- Viðreign við Óspak Glúmsson; Snorri
 fer til Bitru og berst við ræningja;
 drepinn Óspakr um 1010—12.
- Snorri goði deyr um vor, 67¹/₂ ára
 gamall um 1031.



Eyrbyggja saga.

Ketill flatnefr hét einn ágætr hersir í Noregi. Hann var sonr Bjarnar bunu Gríms sonar hersis ór Sogni. Ketill flatnefr var kvángaðr; hann átti Ingvildi dóttur Ketils veðrs, hersis af Raumaríki. Björn ok Helgi hétu synir þeira; enn dætr þeira váru þær Uðr hin djúpúðga, Þórunn hyrna ok Jórunn mannvitsbrekka. Björn son Ketils var fósturaðr austr á Jamtalandi með jarli þeim er Kjallakr hét, vitr maðr ok ágætr. Jarlinn átti son, er Björn hét, enn Gjaflaug hét dóttir hans. Þetta var í þann tíma, er Haraldr konungr enn hárfagri gekk til ríkis í Noregi. Fyrir þeim ófriði flýðu margir göfgir menn ódul sín af Noregi, sumir austr um Kjölu, sumir um haf vestr. Þeir váru sumir, er heldu sig á veturnum í Sudreyjum eða Orkneyjum, enn um sumrum herjuðu þeir í Noreg ok gerðu mikinn skada í ríki Haralds konungs. Bændr kærðu þetta fyrir konungi,

ok báðu hann frelsa sik af þessum ófriði. Þá gerði Haraldr konungr þat ráð, at hann lét búa her vestr um haf, ok kvað Ketil flatnef skyldu höfðingja vera yfir þeim her. Ketill taldist undan, enn konungr kvað hann fara skyldu. Ok er Ketill sá, at konungr vill ráða, ræðst hann til ferðarinnar ok hefir með sér konu sína ok börn, þau sem þar váru. Enn er Ketill kom vestr um haf, átti hann nökkurar orrostur ok hafði jafnan sigr. Hann lagði undir sik Suðreyjar ok gerðist höfðingi yfir; sættist hann þá við hina stærstu höfðingja fyrir vestan haf ok batt við þá tengdir, enn sendi austr aftr herinn. Ok er þeir kómu á fund Haralds konungs, sögðu þeir, at Ketill flatnefr var höfðingi í Suðreyjum, enn eigi sögðust þeir vita, at hann drægi Haraldi konungi ríki fyrir vestan haf. Enn er konungr spyr þetta, þá tekr hann undir sik eignir þær er Ketill átti í Noregi. Ketill flatnefr gifti Uði dóttur sína Ólcífi hinum hvíta, er þá var mestr herkonungr fyrir vestan haf; hann var son Ingjalds Helgasonar, enn móðir Ingjalds var Þóra, dóttir Sigurðar orms í auga, Ragnars sonar loðbrókar. Þórunni byrnu gifti hann Helga hinum magra, syni Eyvindar austmanns ok Rafurtu dóttur Kjarvals Íra konungs.

2. Björn son Ketils flatnefs var á Jamtalandi þar til er Kjallakr jarl andaðist. Hann

fekk Gjaflaugar dóttur jarls, ok fór síðan austan um Kjöl, fyrst til Þrándheims ok síðan suðr um land ok tók undir sik eignir þær er faðir hans hafði átt; rak í braut ármenn þá er Haraldr konungr hafði yfir sett. Haraldr konungr var þá í Víkinni, er hann spurði þetta, ok fór þá et efra norðr til Þrándheims, ok er hann kom í Þrándheim, stefndi hann átta fylkja þing, ok á því þingi gerði hann Björn Ketilsson útlaga af Noregi, gerði hann dræpan ok tiltækjan, hvar sem hann væri fundinn. Eftir þetta sendi hann Hauk hábrók ok aðra kappa sína at drepa hann, ef þeir fyndi hann. Enn er þeir kómu suðr um Staði, urðu vinir Bjarnar við varir ferð þeira ok gerðu honum njósn. Björn hljóp þá á skútu eina, er hann átti, með skuldalið sitt ok lausafé, ok fór undan suðr með landi, því at þá var vetrarmegn ok treystist hann eigi á haf at halda. Björn fór þar til er hann kom í ey þá er Mostr heitir ok liggr fyrir Sunnhörðalandi, ok þar tók við honum sá maðr, er Hrólfr hét, Örnólfs son fiskreka. Þar var Björn um vetrinn á laun. Konungsmenn hurfu aftr, þá er þeir höfðu skipat eign Bjarnar ok setta menn yfir.

3. Hrólfr var höfðingi mikill ok hinn mest rausnarmaðr; hann varðveitti þar í eyinni Þórs-hof, ok var mikill vin Þórs, ok af því var hann Þórólfr kallaðr. Hann var mikill maðr ok

sterkr, fríðr sýnum ok hafði skegg mikit; því var hann kallaðr Mostrarskegg. Hann var göfgrastr maðr í eyinni. Um várit fekk Þórólfr Birni langskip gott ok skipat góðum drengjum, ok fekk Hallstein son sinn til fylgðar við hann, ok heldu þeir vestr um haf á vit frænda Bjarnar. Enn er Haraldr konungr spurði, at Þórólfr Mostrarskegg hafði haldit Björn Ketilsson útlaga konungs, þá gerði hann menn til hans ok boðaði honum af löndum, ok bað hann fara útlagan sem Björn vin hans, nema hann komi á konungsfund ok leggi alt sitt mál á hans vald. Þat var tíu vetrum síðar enn Ingólfr Arnarson hafði farit at byggja Ísland, ok var sú ferð allfræg orðin, því at þeir menn, er kómu af Íslandi, sögðu þar góða landakosti.

4. Þórólfr Mostrarskegg fekk at blóti miklu, ok gekk til fréttar við Þór ástvin sinn, hvárt hann skyldi sættast við konung eða fara af landi brott ok leita sér svá annarra forlaga, enn fréttin vísaði Þórólfi til Íslands. Ok eftir þat fekk hann sér mikit hafskip, ok bjó þat til Íslands ferðar, ok hafði með sér skuldalið sitt ok búferli. Margir vinir hans réðust til ferðar með honum. Hann tók ofan hofit, ok hafði með sér flesta við, þá er þar höfðu í verit, ok svá moldina undan stallanum, þar er Þórr hafði á setit. Síðan sigldi Þórólfr í haf ok byrjaði honum vel, ok fann landit, ok sigldi fyrir sunn-

an, vestr um Reykjanes. Þá fell byrrinn, ok sá þeir, at skárust í landit inn firðir stórir. Þórólfr kastaði þá fyrir borð öndvegissúlum sínum, þeim er staðit höfðu í hofinu; þar var Þórr skorinn á annarri. Hann mælti svá fyrir, at hann skyldi þar byggja á Íslandi, sem Þórr léti þær á land koma. Enn þegar þær hóf frá skipinu, sveif þeim til ens vestra fjarðarins, ok þótti þeim fara eigi vánu seinna. Eftir þat kom hafgula; sigldu þeir þá vestr fyrir Snjófellsnes ok inn á fjörðinn. Þeir sjá at fjörðrinn er ákaflega breiðr ok langr, ok mjök stórfjöllótt hvarumtveggja megin. Þórólfr gaf nafn firðinum, ok kallaði Breiðafjörð. Hann tók land fyrir sunnan fjörðinn, nær miðjum, ok lagði skipit á vág þann er þeir kölluðu Hofsvág síðan. Eftir þat könnuðu þeir landit, ok fundu á nesi framanverðu, er var fyrir norðan váginn, at Þórr var á land kominn með súlurnar. Þat var síðan kallat Þórsnes. Eftir þat fór Þórólfr eldi um landnám sitt utan frá Stafá ok inn til þeirar ár, er hann kallaði Þórsá, ok bygði þar skipverjum sínum. Hann setti bæ mikinn við Hofsvág, er hann kallaði á Hofsstöðum. Þar lét hann reisa hof, ok var þat mikit hús; váru dyrr á hliðvegginum ok nær öðrum endanum; þar fyrir innan stóðu öndugissúlurnar, ok váru þar í naglar; þeir hétu reginnaglar. Þar fyrir innan var friðstaðr mik-

ill. Innar af hofinu var hús í þá líking sem nú er sönghús í kirkjum, ok stóð þar stalli á miðju gólfi sem altari, ok lá þar á hringr einn mótleauss, tvítögeyringr, ok skyldi þar at sverja eiða alla. Þann hring skyldi hofgoði hafa á hendi sér til allra mannfunda. Á stallanum skyldi ok standa hleytbolli, ok þar í hleytteinn sem stökkull væri, ok skyldi þar stökkva með ór bollanum blóði því er hlaut var kallat; þat var þess konar blóð, er sæfð váru þau kvikendi, er goðunum var fórnat. Umhverfis stallann var goðunum skipat í afhúsinu. Til hofsins skyldu allir menn tolla gjalda, ok vera skyldir hofgoða til allra ferða, sem nú eru þingmenn höfðingjum, enn goði skyldi hofi upp halda af sjálfs síns kostnaði, svá at eigi hrörnaði, ok hafa inni blótveizlur.

Þórólfr kallaði Þórsnes milli Vigrafjarðar ok Hofsvágs. Í því nesi stendr eitt fjall; á því fjalli hafði Þórólfr svá mikinn átrúnað, at þangat skyldi engi maðr óþveginn líta, ok engu skyldi tortíma í fjallinu, hvárki fé né mönnum, nema sjálft gengi í brott. Þat fjall kallaði hann Helgafell ok trúði, at hann mundi þangat fara þá er hann dæi ok allir á nesinu hans frændr. Á tanganum nessins, sem Þórr hafði á land komit, lét hann hafa dóma alla, ok setti þar heraðsþing; þar var ok svá mikill helgistaðr, at hann vildi með engu móti láta saurga völlinn, ok eigi

skyldi þar álfrek ganga, ok var haft til þess sker eitt, er Dritsker var kallat. Þórólfr gerðist rausnarmaðr mikill í búi ok hafði fjölmenni með sér, því at þá var gott matar at afla af eyjum ok öðru sjófangi.

5. Nú skal segja frá Birni Ketilssyni flatnefs, at hann sigldi vestr um haf, þá er þeir Þórólfr Mostrarskegg skildu, sem fyrr segir. Hann helt til Suðreyja. Enn er hann kom vestr um haf, þá var andaðr Ketill faðir hans, enn hann fann þar Helga bróður sinn ok systr sínar, ok buðu þau honum góða kosti með sér. Björn varð þess viss, at þau höfðu annan átrúnað, ok þótti honum þat lítilmannlegt, er þau höfðu hafnat fornum sið, þeim er frændr þeira höfðu haft; ok nam hann þar eigi yndi, ok enga staðfestu vildi hann þar taka; var hann þó um vetrinn með Uði systur sinni ok Þorsteini syni hennar. Enn er þau fundu, at hann vildi eigi öðlast við frændr sína, þá kölluðu þau hann Björn enn austræna, ok þótti þeim illa, er hann vildi eigi þar staðfestast.

6. Björn var tvá vetr í Suðreyjum áðr hann bjó ferð sína til Íslands. Með honum var í ferð Hallsteinn Þórólfsson. Þeir tóku land í Breiðafirði, ok nam Björn land út frá Stafá milli ok Hraunsfjarðar með ráði Þórólfs. Björn bjó í Borgarholti í Bjarnarhöfn; hann var et mesta göfugmenni. Hallsteini Þórólfssyni þótti lítill-

mannlegt at þiggja land af föður sínum, ok fór hann vestr yfir Breiðafjörð ok nam þar land ok bjó á Hallsteinsnesi. Nökkurum vetrum síðar kom út Uðr en djúpúðga ok var enn fyrsta vetr með Birni bróður sínum. Síðan nam hon öll Dala lönd í Breiðafirði, í milli Skraumu-hlaupsár ok Dögurðarár, ok bjó í Hvammi. Á þessum tíma bygðist allr Breiðifjörðr, ok þarf hér ekki at segja frá þeira manna landnánum, er eigi koma við þessa sögu.

7. Geirröðr hét maðr, er nam land inn frá Þórsá til Langadals ok bjó á Eyri; með honum kom út Úlfarr kappi, er hann gaf land umhverfis Úlfarsfell, ok Finngeirr son Þorsteins öndurs; hann bjó í Álftafirði; hans son var Þorfinnr, faðir Þorbrands í Álftafirði. Vestarr hét maðr, son Þórólfs blöðruskalla; hann kom til Íslands með föður sinn gamlan, ok nam land fyrir innan Urthvalafjörð ok bjó á Öndurðri eyri. Hans son var Ásgeirr, er bjó þar síðan.

Björn hinn austræni andaðist fyrst þessa landnámsmanna, ok var heygðr við Borgarlæk. Hann átti eftir tvá sonu; annarr var Kjallakr hinn gamli, er bjó í Bjarnarhöfn eftir föður sinn. Kjallakr átti Ástriði dóttur Hrólfs hersis, systur Steinólfs hins lága; þau áttu þrjú börn. Þorgrímr goði var son þeira, ok Gerðr dóttir, er átti Þormóðr goði son Odds hins rakka. Þriðja var Helga, er átti Ásgeirr á Eyri. Frá

börnum Kjallaks er komin mikil ætt, ok eru þat kallaðir Kjalleklingar. Óttarr hét annarr son Bjarnar; hann átti Gró Geirleifsdóttur systur Oddleifs af Barðaströnd. Þeira synir váru þeir Helgi, faðir Ósvifrshins spaka, ok Björn faðir Vigfúss í Drápuhlíð. Vilgeirr hét hinn þriði son Óttars Bjarnarsonar.

Þórólfr Mostrarskegg kvangaðist í elli sinni, ok fekk þeifar konu, er Unnr hét; segja sumir, at hon væri dóttir Þorsteins rauðs, enn Ari Þorgilsson enn fróði telur hana eigi með hans börnum. Þau Þórólfr ok Unnr áttu son, er Steinn hét. Þenna svein gaf Þórólfr Þór, vin sínum, ok kallaði hann Þórstein, ok var þessi sveinn allbráðgerr. Hallsteinn Þórólfsson fekk Óskar dóttur Þorsteins rauðs. Þorsteinn hét son þeira. Hann fóstraði Þórólfr ok kallaði Þorstein surt, enn sinn son kallaði hann Þorstein þorskabít.

8. Í þenna tíma kom út Geirriðr systir Geirröðar á Eyri, ok gaf hann henni bústað í Borgardal fyrir innan Álftafjörð. Hon lét setja skála sinn á þjóðbraut þvera, ok skyldu allir menn ríða þar í gegnum; þar stóð jafnan borð ok matr á, gefinn hverjum er hafa vildi. Af sliku þótti hon et mesta göfugkvendi. Geirriði hafði átta Björn son Bölverks blindingatrjónu, ok hét þeira son Þórólfr; hann var vikingr mikill. Hann kom út nökkuru síðar enn móðir hans, ok var með henni hinn fyrsta vetr. Þórólfi þótti þat lítit búland, ok skoraði á Úlfar

kappa til landa, ok bauð honum hólmgöngu, því at hann var við aldr ok barnlauss. Úlfarr vildi heldr deyja enn vera kúgaðr af Þórólfi; þeir gengu á hólm í Álftafirði ok fell Úlfarr, enn Þórólfr varð sárr á fæti ok gekk jafnan haltr síðan. Af þessu var hann kallaðr bægifótr. Hann gerði bú í Hvammi í Þórsárdal. Hann tók lönd eftir Úlfar ok var enn mesti ójafnaðarmaðr. Hann seldi lönd leysingjum Þorbrands í Álftafirði, Úlfari Úlfarsfell, enn Örlygi Örlygsstaði, ok bjoggu þeir þar lengi síðan. Þórólfr bægifótr átti þrjú börn. Arnkell hét son hans, enn Gunnfriðr dóttir, er átti Þorbeinir á Þorbeinisstöðum inn á Vatnshálsi, inn frá Drápuhlíð; þeira synir váru þeir Sigmundur ok Þorgils, enn hans dóttir var Þorgerðr er átti Vigfúss í Drápuhlíð. Önnur dóttir Þórólfs bægifótar hét Geirriðr, er átti Þórólfr son Herjólf's hólkinraza, ok bjoggu þau í Mávahlíð; þeira börn váru þau Þórarinn svartir ok Guðný.

9. Þórólfr Mostrarskegg andaðist á Hofstöðum. Þá tók Þorsteinn þorskabítr föðurleifð sína. Hann gekk at eiga Þóru, dóttur Óláfs feilans, systur Þórðar gellis, er þá bjó í Hvammi. Þórólfr var heygðr í Haugsnesi út frá Hofstöðum. Í þenna tíma var svá mikill ofsi Kjallæklinga, at þeir þóttust fyrir öðrum mönnum þar í sveit; váru þeir ok svá margir ættmenn Bjarnar, at engi frændabálkr var þá jafnmikill

í Breiðafirði. Þá bjó barna-Kjallakr, frændi þeira, á Meðalfellsströnd, þar sem nú heitir á Kjallaksstöðum; hann átti marga sonu ok vel menta; þeir veittu allir frændum sínum fyrir sunnan fjörðinn á þingum ok mannfundum. Þat var eitt vár á Þórsnesþingi, at þeir mágar, Þorgrímr Kjallaksson ok Ásgeirr á Eyri, gerðu orð á, at þeir mundi eigi leggja drag undir ofmetnað Þórsnesinga, ok þat, at þeir mundi ganga þar örna sinna sem annarsstaðar á mannfundum á grasi, þó þeir væri svá stollz, at þeir gerði lönd sín helgari enn aðrar jarðir í Breiðafirði; lýstu þeir þá yfir því, at þeir mundu eigi troða skó til at ganga þar í útsker til álfreka. Enn er Þorsteinn þorskabítr varð þess varr, vildi hann eigi þola, at þeir saurgaði þann völl, er Þórólfr faðir hans hafði tignat um fram aðra staði í sinni landeign; heimti hann þá at sér vini sína, ok ætlaði at verja þeim vígi völlinn, ef þeir hygðist at saurga hann. At þessu ráði hurfu með honum: Þorgeirr son Geirröðar á Eyri, ok Álftfirðingar: Þorfinnr ok Þorbrandr son hans, Þórólfr bægifótr ok margir aðrir þingmenn Þorsteins ok vinir. Enn um kvöldit, er Kjalleklingar váru mettir, tóku þeir vápn sín ok gengu út í nesit. Enn er þeir Þorsteinn sá, at þeir sneru af þeim veg, er til skersins lá, þá hljópu þeir til vápna, ok runnu eftir þeim með ópi ok eggjan. Ok er Kjalleklingar sá þat,

hljópu þeir saman ok vörðu sik; enn Þórsnesingar gerðu svá harða atgöngu, at Kjalleklingar hrukku af vellinum ok í fjöruna; snerust þeir þá við, ok varð þar enn harðasti bardagi með þeim. Kjalleklingar váru færi ok höfðu einvalalið. Nú verða viðvarir Skógstrendingar: Þorgestr hinn gamli ok Áslákr ór Langadal; þeir hljópu til ok gengu í milli, enn hváirtveggju váru hinir óðustu, ok fengu eigi skilit þá, áðr enn þeir hétu at veita þeim, er þeira orð vildi heyra til skilnaðarins, ok við þat urðu þeir skildir, ok þó með því móti, at Kjalleklingar náðu eigi at ganga upp á völlinn, ok stigu þeir á skip, ok fóru brott af þinginu. Þar fellu menn af hvárumtveggjum, ok fleiri af Kjalleklingum, enn fjöldi varð sárr. Griðum varð engum á komit, því at hvárigir vildu þau selja, ok hétu hvárir öðrum atförum, þegar því mætti við koma. Völlrinn var orðinn alblóðugr, þar er þeir börðust, ok svá þar er Þórsnesingar stóðu meðan barizt var.

10. Eftir þingit höfðu hváirtveggju setur fjölmennar, ok váru þá dylgjur miklar með þeim. Vinir þeira tóku þat ráð, at senda eftir Þórði gelli, er þá var mestr höfðingi í Breiðafirði. Hann var frændi Kjalleklinga, enn ná-mágr Þorsteins; þótti hann líkastr til at sætta þá. Enn er Þórði kom þessi orðsending, fór hann til við marga menn ok leitar um sættir;

fann hann, at stórlangt var í millum þeira þykkju, enn þó fekk hann komit á griðum með þeim ok stefnulagi. Þar urðu þær málalyktir, at Þórðr skyldi gera um, með því móti, at Kjalleklingar skildu þat til, at þeir mundu ald-rigi ganga í Dritsker örna sinna, enn Þorsteinn skildi þat til, at Kjalleklingar skyldi eigi saurga völlinn nú heldr enn fyrr. Kjalleklingar kölluðu alla þá hafa fallit óhelga, er fyrir Þorsteini höfðu fallit, fyrir þat, er þeir höfðu fyrr með þann hug at þeim farit at berjast. Enn Þórsnesingar sögðu Kjalleklinga alla óhelga fyrir lagabrot þat, er þeir gerðu á helgaðu þingi. Enn þó at vandlega væri undir skilit gerðina, þá játaði Þórðr at gera, ok vildi heldr þat, enn þeir skildi ósáttir. Þórðr hafði þat upphaf gerðarinnar, at hann kallar, at sá skal hafa happ er hlotit hefir; kvað þar engi víg bæta skulu, þau er orðit höfðu á Þórsnesi, eða á-verka, enn völlinn kallar hann spiltan af heift-arblóði, er niðr hafði komit, ok kallar þá jörð nú eigi helgari enn aðra, ok kallar þá því valda er fyrri gerðust til áverka við aðra; kallaði hann þat eitt friðbrot verit hafa; sagði þar ok eigi þing skyldu vera síðan. Enn til þess at þeir væri vel sáttir ok vinir þaðan af, þá gerði hann þat, at Þorgrímr Kjallaksson skyldi halda upp hofinu at helmingi ok hafa hálfan hoftoll, ok svá þingmenn at helmingi,

veita ok Þorsteini til allra mála þaðan af, ok styrkja hann til hveriga helgi sem hann vill á leggja þingit þar sem næst verði sett; hér með gifti Þórðr gellir Þorgrími Kjallakssyni Þórhildi frændkonu sína, dóttur Þorkels meinakrs nábúa síns. Var hann af því kallaðr Þorgrímr goði. Þeir færðu þá þingit inn í nesit þar sem nú er. Ok þá er Þórðr gellir skipaði fjórðungþing, lét hann þar vera fjórðungsþing Vestfirðinga; skyldu menn þangat til sækja um alla Vestfirðu. Þar sér enn dómhring þann er menn váru dæmdir í til blóts. Í þeim hring stendr Þórssteinn, er þeir menn váru brotnir um, er til blóta váru hafðir, ok sér enn blóðslitinn á steininum. Var á því þingi enn mesti helgistaðr, enn eigi var mönnum þar bannat at ganga örna sinna.

11. Þorsteinn þorskabítr gerðist enn mesti rausnarmaðr; hann hafði með sér jafnan sex tigu frelsingja; hann var mikill atdráttamaðr, ok var jafnan í fiskiróðrum; hann lét fyrst reisa bæinn at Helgafelli ok færði þangat bú sitt, ok var þar hinn mesti hofstaðr í þat mund. Hann lét ok bæ gera þar í nesinu, nær því sem þingit hafði verit (sett); þann bæ lét hann ok mjök vanda, ok gaf hann síðan Þorsteini surt frænda sínum; bjó hann þar síðan, ok varð hinn mesti spekingr at viti. Þorsteinn þorskabítr átti son er kallaðr var Börkr (hinn) digri. Enn

sumar þat, er Þorsteinn var hálfþrítugr, fæddi Þóra sveinbarn, ok var Grímr nefndr, er vatni var ausinn; þann svein gaf Þorsteinn Þór, ok kvað vera skyldu hofgoða, ok kallar hann Þorgrím. Þat sama haust fór Þorsteinn út í Höskullsey til fangs. Þat var eitt kveld um haustit, at sauðamaðr Þorsteins fór at fé fyrir norðan Helgafell; hann sá, at fjallit laukst upp norðan; hann sá inn í fjallit elda stóra, ok heyrði þangat mikinn glaum ok hornaskvol, ok er hann hlýddi, ef hann næmi nökkur orðaskil, heyrði hann, at þar var heilsat Þorsteini þorskabít ok förunautum hans, ok mælt, at hann skal sitja í öndvegi gegnt feðr sínum. Þenna fyrirburð sagði sauðamaðr Þóru, konu Þorsteins, um kveldit. Hon lét sér fátt um finnast, ok kallar vera mega, at þetta væri fyrirboðan stærri tíðenda. Um morguninn eftir kómu menn utan ór Höskullsey, ok sögðu þau tíðendi, at Þorsteinn þorskabítr hafði druknat í fiskiróðri, ok þótti mönnum þat mikill skaði. Þóra helt þar bú eftir, ok ræðst sá maðr til með henni, er Hallvarðr hét. Þau áttu son, er Már hét.

12. Synir Þorsteins þorskabíts uxu þar upp heima með móður sinni ok váru hinir efnilegstu menn, ok var Þorgrímur fyrir þeim í öllu, ok var þegar höfðingi, er hann hafði aldr til. Þorgrímur kvángaðist vestr í Dýrafjörð, ok fekk Þórdísar Surtsdóttur, ok ræðst hann þangat

vestr til mága sinna, Gísla ok Þorkels. Þorgrímr drap Véstein Vésteinsson at haustboði í Haukadal. Enn annat haust eftir, þá er Þorgrímr var hálfþrítugr sem faðir hans, þá drap Gíslí mágr hans hann at haustboði á Sæbóli. Nökkurum nóttum síðar fæddi Þórdís kona hans barn, ok var sá sveinn kallaðr Þorgrímr eftir feðr sínum. Litlu síðar giftist Þórdís Berki hinum digra, bróður Þorgríms, ok réðst hon til bús með honum til Helgafells; þá fór Þorgrímr son hennar í Álftafjörð, ok var þar at fóstri með Þorbrandi; hann var heldr ósvífr í æskunni, ok var hann af því Snerrir kallaðr, ok eftir þat Snorri. Þorbrandr í Álftafirði átti Þuríði dóttur Þorfinns sel-Þórissonar frá Rauðamel. Þeir váru börn þeira: Þorleifr kimbí elztr, annarr Snorri, þriðri Þóroddr, fjórði Þorfinnr, fimti Þormóðr. Þorgerðr hét dóttir þeira; þeir bræðr váru allir fóstbræðr Snorra Þorgrímssonar. Í þenna tíma bjó Arnkell, son Þórólfs bægifótar, á Bólstað við Vaðilshöfða. Hann var manna mestr ok sterkastr, lagamaðr mikill ok forvitri. Hann var góðr drengr, ok umfram alla menn aðra þar í sveit at vinsældum ok harðfengi; hann var ok hofgoði ok átti marga þingmenn. Þorgrímr Kjallaksson bjó í Bjarnarhöfn, sem fyrr var sagt, ok áttu þau Þórhildr þrjá sonu: Brandr var elztr, hann bjó í Krossnesi við Brimlárhöfða; annarr var Arn-

grímr; hann var mikill maðr ok sterkr, nefmikill, stórbeinóttir í andliti, rauðbleikr á hár ok vikóttir snimma, skolbrúnn, eygðr mjök ok vel; hann var ofstopamaðr mikill ok fullr ójafnaðar, ok fyrir því var hann Styrr kallaðr. Vermundr hét hinn yngsti son Þorgríms Kjallakssonar; hann var hár maðr, mjór, ok friðr sýnum; hann var kallaðr Vermundr enn mjóvi. Sonr Ásgeirs á Eyri hét Þorlákr; hann átti Þuríði dóttur Auðunar stota ór Hraunsfirði. Þau váru þeira börn: Steinþórr, Bergþórr, Þormóðr, Þórðr blígr ok Helga. Steinþórr var framast barna Þorláks; hann var mikill maðr ok sterkr ok manna vápnfimastr, ok hinn mesti atgervismaðr; hógværr var hann hversdaglega. Steinþórr er til þess tekinn, at hinn þriði maðr hafi bezt verit vígr á Íslandi með þeim Helga Droplaugarsyni ok Vémundi kögr. Þormóðr var vitr maðr ok stiltr vel. Þórðr blígr var ákafamaðr mikill. Bergþórr var yngstr ok þó enn efnilegsti.

13. Snorri Þorgrímsson var þá fjórtán vetra, er hann fór utan með fóstbræðrum sínum Þorleifi kimba ok Þóroddi. Börkr (enn) digri föðurbróðir hans galt honum fimm tigi silfrs til utanferðar. Þeir urðu vel reidfari, ok kómu til Noregs um haustit; þeir váru um vetrinn á Rogalandi. Snorri var með Erlingi Skjalgssyni á Sóla, ok var Erlingr vel til hans, því at þar

hafði verit forn vinátta með hinum fyrrum frændum þeira, Hörða-Kára ok Þórólfi Mostrarskegg. Um sumarit eftir fóru þeir til Íslands, ok urðu síðbúnir; þeir höfðu harða útivist ok kómu litlu fyrir vetr í Hornafjörð. Enn er þeir bjoggust frá skipi Breiðfirðingarnir, þá skauzt þar mjök í tvau horn um búnað þeira Snorra ok Þorleifs kimba. Þorleifr keypti þann hest, er hann fekk beztan; hann hafði ok steindan söðul allglæsilegan; hann hafði búit sverð ok gullrekit spjót, myrkblán skjöld ok mjök gyldan, vönduð öll klæði; hann hafði þar ok til vart mjök öllum sínum fararefnum; enn Snorri var í svartri kápu, ok reið svörtu merhrossi góðu; hann hafði fornan trogsöðul, ok vápn lítt til fegrðar búin; búnaðr Þórodds var þar á milli. Þeir riðu austan um Síðu, ok svá sem leið liggir vestr til Borgarfjarðar ok svá vestr um Flötur, ok gistu í Álftafirði. Eftir þat reið Snorri til Helgafells ok ætlar þar at vera um vetrinn. Börkr tók því seinlega, ok höfðu menn þat mjök at hlátri um búnað hans; tók Börkr svá á, at honum hefði óheppilega með féit farizt, er öllu var eytt. Þat var einn dag öndverðan vetr at Helgafelli, at þar gengu inn tólf menn alvápnadír; þar var Eyjólfur enn grái, frændi Barkar, sonr Þórðar gellis; hann bjó í Otradal vestr í Arnarfirði. Enn er þeir váru at tíðendum spurðir, þá sögðu þeir dráp Gísla Súrssonar, ok þeira

manna, er látizt höfðu fyrir honum áðr hann fell. Við þessi tíðendi varð Börkr allgleymr, ok bað Þórdísi ok Snorra at þau skyldu fagna Eyjólfí sem bezt, þeim manni, er svá mikla skömm hafði rekit af höndum þeim frændum. Snorri lét sér fátt finnast um þessi tíðendi, enn Þórdís segir, at þá var vel fagnat — „ef grautr er gefinn Gíslabana“. Börkr svarar: „Eigi hlutumk ek til málsverða“. Börkr skipar Eyjólfí í öndvegi, enn förunautum hans utar frá honum; þeir skutu vápnum sínum á gólfít. Börkr sat innar frá Eyjólfí, enn þá Snorri. Þórdís bar inn grautartrygla á borð ok helt með á spónum, ok er hon setti fyrir Eyjólf, þá fell niðr spónn fyrir henni. Hon laut niðr eftir ok tók sverð hans Eyjólfis ok brá skjótt ok lagði síðan upp undir borðit ok kom í lær Eyjólfí, enn gaddhjaltit nam við borðinu, ok varð þó sárit mikit. Börkr hratt fram borðinu, ok sló til Þórdísar. Snorri hratt Berki, svá at hann fell við, enn tók til móður sinnar ok setti hana niðr hjá sér, ok kvað ærnar skapraunir hennar, þó hon væri óbarin. Eyjólfir hljóp upp ok hans menn, ok helt þar maðr á manni. Þar urðu þær málalyktir, at Börkr seldi Eyjólfí sjálfðæmi, ok gerði hann mikit fé sér til handa fyrir áverkann; fór hann við þat í brott. Af þessu óx mjök óþokki með þeim Berki ok Snorra.

14. Á várþingi um sumarit heimti Snorri

2*

föðurarf sinn af Berki. Börkr svarar svá, at hann mundi gjalda honum föðurarf sinn, — „enn eigi nenni ek“, segir hann, „at skifta Helgafelli sundr, enn ek sé, at okkr er eigi hent at eiga saman tvíbýli, ok vil ek leysa landit til mín“. Snorri svarar: „Þat þykki mér jafnlegast, at þú leggir land svá dýrt, enn ek kjósa hvárr okkarr leysa skal“. Börkr hugsar þetta mál, ok hugðist svá, at Snorri mundi eigi lausafé hafa at gefa við landinu, ef skjótt skyldi gjalda, ok lagði hálf t landit fyrir sex tigu silfrs, ok tók þó af áðr eyjarnar, því at hann hugðist litlu verði þær mundu fá, enn Snorri fengi aðra staðfestu; þat fylgdi ok, at þá skyldi þegar uppgjalda féit, ok leita eigi láns undir aðra menn til þess fjár, — „ok kjós þú nú, Snorri“, sagði Börkr, „þegar í stað hvárt þú vill“. Snorri svarar: „Þess kennir nú at, Börkr frændi, at þér þykkir ek févani, er þú leggr svá ódýrt Helgafellsland, enn undir mik kýss ek föðurleifð mína at þessu verði, ok rétt fram höndina ok handsala mér nú landit“. „Eigi skal þat fyrr“, segir Börkr, „enn hverr penningr er fyrir goldinn“. Snorri mælti til Þorbrands föstra síns: „Hvárt selda ek þér sjóð nökkurn á hausti?“ „Já“, segir Þorbrandr, ok brá sjóðnum undan kápu sinni. Var þá talt silfrit ok goldit fyrir landit hverr penningr, ok var þá eftir í sjóðinum sex tigur silfrs.

Börkr tók við fénu ok handsalar Snorra landit. Síðan mælti Börkr: „Silfrdrjúgari hefir þú nú orðit, frændi, enn vér hugðum; vil ek nú, at vit gefim upp óþokka þann, er millim hefir farit, ok mun ek þat tilleggja til hlunnenda við þik, at vit skulum búa báðir samt þessi misseri at Helgafelli, er þú hefir kvikfjár fátt“. Snorri svarar: „Þú skalt njóta kvikfjár þins ok verða í brottu frá Helgafelli“. Svá varð að vera sem Snorri vildi. Enn er Börkr var í brott búinn frá Helgafelli, gekk Þórdís fram ok nefndi sér vátta at því, at hon sagði skilit við Børk bónda sinn, ok fann þat til foráttu, at hann hafði lostit hana, ok hon vildi eigi liggja undir höggum hans. Var þá skift fé þeira, ok gekk Snorri at fyrir hönd móður sinnar, því at hann var hennar erfingi; tók þá Börkr þann kost, er hann hafði öðrum ætlat, at hafa litit fyrir eyjarnar. Eftir þat fór Börkr í brott frá Helgafelli ok vestr á Meðalfellsströnd, ok bjó fyrst á Barkarstöðum milli Orrahváls ok Tungu.

15. Snorri Þorgrímsson gerði bú at Helgafelli, ok var móðir hans fyrir innan stökk. Már Hallvarðsson, föðurbróðir Snorra, réðst þangat með mart búfé ok tók forráð fyrir búi Snorra; hafði hann þá et mesta rausnarbú ok fjölment. Snorri var meðalmaðr á hæð ok heldr grannlegr, fríðr sýnum, réttleitr ok ljóslitaðr, bleikhárr ok rauðskeggjaðr; hann var hógværr

hversdaglega; fann lítt á honum hvárt honum þótti vel eða illa; hann var vitr maðr ok forspár um marga hluti; langrækr ok heiftúðigr; heilráðr vinum sínum, enn óvinir hans þóttust heldr kulda af kenna ráðum hans. Hann varðveitti þá hof; var hann þá kallaðr Snorri goði; hann gerðist þá höfðingi mikill, enn ríki hans var mjök öfundsamt, því at þeir váru margir, er eigi þóttust til minna um komnir fyrir ættar sakir, enn áttu meira undir sér fyrir afls sakir ok prófaðrar harðfengi. Börkr digri ok Þórdís Súrsdóttur áttu þá dóttur, er Þuríðr hét, ok var hon þá gift Þorbirni enum digra, er bjó á Fróða; hann var son Orms ens mjóva, er þar hafði búit ok numit Fróðár land. Þuríði dóttur Ásbrands frá Kambi ór Breiðavík hafði hann áðr átta; hon var systir Bjarnar Breiðvíkingakappa, er enn kemr síðar við þessa sögu, ok Arnbjarnar ens sterka. Synir þeira Þorbjarnar váru þeir Ketill kappi ok Gunnlaugr ok Hallsteinn. Þorbjörn var mikill fyrir sér ok ósvífr við sér minni menn. Þá bjó í Mávalhlið Geirríðr dóttir Þórólfs bægifótar ok Þórarinn svartí son hennar. Hann var mikill maðr ok sterkr, ljótr ok hljóðlyndr, ok vel stíltr hversdaglega; hann var kallaðr mannasættir. Hann var eigi fémikill, ok hafði þó bú gagnsamt. Svá var hann maðr óhlutdeilinn, at óvinir hans mæltu, at hann hefði eigi síðr kvenna-

skap enn karla. Hann var kvángaðr maðr ok hét Auðr kona hans; Guðný var systir hans, er átti Vermundr mjóvi. Í Holti út frá Mávahlíð bjó ekkja sú er Katla hét. Hon var frið kona sýnum, enn eigi var hon við alþýðuskap. Oddr hét son hennar; hann var mikill maðr ok knár, hávaðamaðr mikill ok máligr, slysinn ok rógsamr. Gunnlaugr son Þorbjarnar digra var nángjarn; hann var oft í Mávahlíð ok nam kunnáttu at Geirriði Þórólfsdóttur, því at hon var margkunnig. Þat var einn dag er Gunnlaugr fór í Mávahlíð, at hann kom í Holt ok talaði mart við Kötlu, enn hon spurði hvárt hann ætlar þá enn í Mávahlíð — „ok klappa um kerlingar nárann?“ Gunnlaugr kvað eigi þat sitt erendi, — „enn svá at eins ertu ung, Katla, at eigi þarftu at bregða Geirriði elli“. Katla svarar: „Eigi hugða ek at þat mundi líkt vera, enn engu skiftir þat“, segir hon, „engi þykkir yðr nú kona nema Geirriðr ein, enn fleiri konur kunna sér enn nökkut enn hon ein“. Oddr Kötluson fór oft með Gunnlaugi í Mávahlíð, enn er þeim varð sið aftr farit, bauð Katla Gunnlaugi oft þar at vera, enn hann fór jafnan heim.

16. Þat var einn dag öndverðan vetr þann er Snorri gerði fyrst bú at Helgafelli, at Gunnlaugr Þorbjarnarson fór í Mávahlíð ok Oddr Kötluson með honum. Þau Geirriðr ok Gunn-

laugr töluðu þá löngum um daginn; ok er mjök leið á kveldit, mælti Geirriðr við Gunnlaug: „Þat vilda ek, at þú færir eigi heim í kveld, því at margir eru marliðendr; eru ok oft flögð í fögru skinni, enn mér lizt nú eigi sem hamingjusamlegast á þik“. Gunnlaugr svarar: „Eigi mun mik saka“, segir hann, „er vér erum tveir saman“. Hon svarar: „Ekki gagn man þér at Oddi verða, enda mantu sjálfr gjalda einrædis þíns“. Síðan gengu þeir út Gunnlaugr ok Oddr, ok fóru þar til er þeir kómu í Holt. Katla var þá komin í rekkju sína; hon bað Odd bjóða Gunnlaugi þar at vera; hann sagðist þat gert hafa, — „ok vill hann heim fara“, segir hann. „Fari hann þá, sem hann hefir fyrir sér gert“, segir hon. Gunnlaugr kom eigi heim um kveldit, ok var um rætt, at hans skyldi leita fara, enn eigi varð af. Um nóttina, er Þorbjörn sá út, fann hann Gunnlaugson sinn fyrir dyrum; lá hann þar ok var vitlauss. Þá var hann borinn inn ok dregin af honum klæði; hann var allr blóðrisa um herðarnar, enn hlaupit holdit af beinunum; lá hann allan vetrinn í sárum, ok var margrætt um hans vanheilsu; flutti þat Oddr Kötluon, at Geirriðr mun hafa riðit honum; segir, at þau hefði skilit í stuttleikum um kveldit, ok þat hugðu flestir menn at svá væri. Þetta var um stefnudaga reið Þorbjörn í Mávahlíð, ok stefndi

Geirriði um þat, at hon væri kveldriða ok hon hefði valdit meini Gunnlaugs. Málit fór til Þórsnessþings ok veitti Snorri goði Þorbirni, mági sínum, enn Arnkell goði varði málit fyrir Geirriði systur sína. Tylftarkviðr átti um at skilja, enn hvárrgi þeira Snorra né Arnkels þótti bera mega kviðinn fyrir hleyta sakir við sækjanda ok varnaraðila; var þá Helgi Hofgarðagoði kvaddr tylftarkviðar, faðir Bjarnar, föður Gests, föður skáld-Refs. Arnkell goði gekk at dómi, ok vann eið at stallahring at því, at Geirriðr hafði eigi valdit meini Gunnlaugs. Þórarinn vann eið með honum ok tíu menn aðrir, enn eftir þat bar Helgi af kviðinn ok ónýttist málit fyrir þeim Snorra ok Þorbirni ok fengu þeir af þessu óvirðing.

17. Á þessu þingi deildu þeir Þorgrímr Kjallaksson ok synir hans við Illuga svarta um mund ok heimanfylgju Ingibjargar Ásbjarnardóttur, konu Illuga, er tin-Forni hafði átt at varðveita. Um þingit váru stormar miklir, svá at engi maðr mátti koma til þingsins af Meðalfellsströnd; hamlaði þat mjök afla Þorgrims, at frændr hans kómu eigi. Illugi hafði hundrað manna ok einvalalið, ok helt hann fram málunum, enn Kjalleklingar gengu at dómnum ok vildu upp hleypa; var þá þröng mikil; áttu menn þá hlut í at skilja þá. Kom þá svá, at

tin-Forni greiddi féit at tölum Illuga. Svá kvað Oddr skáld í Illuga-drápu:

- (1) Vestr vas þröng á þingi
 Þórsness, með hug stórum
 höppum studdr þars hodda
 hjalmraddar stafr kvaddi.
 Snarráðan kom síðan
 — sætt vasat gær með létta —
 Forna sjóðs und fæði
 farmr dólgsvölu barma.

Eftir þat létti upp storminum, ok kómu Kjalleklingar vestan af ströndinni; vildi Þorgrímr Kjallaksson þá eigi halda sættina ok veitti þeim Illuga atgöngu; tókst þar þá bardagi. Snorri goði bað sér þá manna til meðalgöngu ok kómu á griðum með þeim. Þar fellu þrír menn af Kjalleklingum, enn fjórir af Illuga. Styrr Þorgrímsson vá þar tvá menn. Svá segir Oddr í Illuga-drápu:

- (2) Drótt gekk sýnt á sættir
 svellendr enn þar fellu
 þremja svells fyr þolli
 þrír andvöku randa,
 áðr kynframaðr kœmi
 kvánar fleggs við seggi
 — frægt gerdisk þat fyrða
 forráð — griðum Snorri.

Illugi þakkaði Snorra goða sína liðveizlu ok bauð honum fyrir fé, enn hann kveðst eigi vildu laun fyrir hina fyrstu liðveizlu. Þá bauð Illugi honum heim með sér, ok þat þá Snorri,

ok fekk hann þá góðar gjafir; váru þeir Snorri ok Illugi þá vinir um hrið.

18. Þetta sumar andaðist Þorgrímur Kjallaksson, enn Vermundr (enn) mjóvi, son hans, tók þá við búi í Bjarnarhöfn. Hann var vitr maðr ok stundar heilráðr. Styrr hafði þá ok búit um hrið undir Hrauni inn frá Bjarnarhöfn. Hann var vitr maðr ok harðfengr. Hann átti Þorbjörgu dóttur Þorsteins hreggnasa. Þorsteinn ok Hallr váru synir þeira. Ásdís hét dóttir þeira, drengileg kona ok heldr skapstór. Styrr var heraðríkr, ok hafði fjölment mjök. Hann átti sökótt við marga menn, því at hann vá mörg víg, enn bætti engi.

Þetta sumar kom út skip í Salteyrarósi, ok áttu hálftr norrænir menn. Hét Björn stýrimaðr þeira; hann fór til vistar á Eyri til Steinþórs. Hálftr skipit áttu suðreyskir menn, ok hét Álfgéirr stýrimaðr þeira; hann fór til vistar í Mávahlíð til Þórarins svarta, ok félagi hans með honum, er Nagli hét, mikill maðr ok fót-hvatr; hann var skozkr at kyni. Þórarinn átti víghest góðan á fjalli. Þorbjörn digri átti ok stóðhross mörg saman, er hann lét standa í fjallhögum ok valdi hann hross um haustum til slátr. Þetta haust gerðist þat til tíðenda, at eigi fundust hross Þorbjarnar, ok var víða leitast, enn haustit var heldr veðrhart. Í öndverðan vetr sendi Þorbjörn Odd Kötluson suðr

um heiði undir Hraun. Þar bjó sá maðr, er spá-Gils hét. Hann var framsýnn ok eftirrýningamaðr mikill um stuldi, eða þá hluti aðra, er hann vildi forvitnast. Oddr spyrr, hvárt hrossum Þorbjarnar höfðu stolit útlendir menn, eða utanheraðsmenn, eða nábúar hans. Spá-Gils svarar: „Segðu svá Þorbirni, sem ek mæli, at ek hygg at hross hans muni eigi langt gengin ór høgum þeira, enn vant er á menn at kveða, ok er betra at missa síns, enn stór vandræði hljótist af“. Enn er Oddr kom til Fróðár, virðu þeir Þorbjörn sem spá-Gils hefði nökkurar sneiðir stungit Máhliðingum um mál þessi; sagði Oddr ok, at hann hefði svá mælt, at þeir væri líkastir til hrossatöku, er sjálfir váru févana, ok höfðu þó aukit hjónum ór því sem vandi var til. Í þessum orðum þótti Þorbirni kveðit á Máhliðinga. Eftir þetta reið Þorbjörn heiman við tólfta mann. Hallsteinn son hans var þar í för, enn Ketill kappi, annarr son hans, var þá utan lands. Þar var Þórir son Arnar af Arnarhváli, nábúi Þorbjarnar, hinn röskvasti maðr. Oddr Kötluson var í þessi ferð. Enn er þeir kómu í Holt til Kötlu, færði hon Odd son sinn í kyrtil móbrúnan, er hon hafði þá nýgert. Síðan fóru þeir í Mávahlíð, ok var Þórarinn ok heimamenn í dyrum úti, er þeir sá mannferðina; þeir kvöddu Þorbjörn ok spurðu tíðenda. Síðan mælti Þorbjörn: „Þat er vart

erendi hingat, Þórarinn“, segir hann, „at vér leitum eftir hrossum þeim, er stolin váru frá mér í haust, viljum vér hér beiða rannsóknar hjá yðr“. Þórarinn svarar: „Er rannsókn þessi nökkut með lögum upp tekin, eða hafið þér nökkura lögsjándr til kvadda, at skynja þetta mál, eða vili þér nökkur grið selja oss í rannsókn þessi, eða hafi þér nökkut víðara farit til rannsóknar?“ Þorbjörn svarar: „Ekki ætlum vér at víðar þurfi þessa rannsókn at fremja“. Þórarinn svarar: „Þá viljum vér þverlega þessar rannsóknar synja, ef þér vilið aflaga eftir leita ok upp hefja“. Þorbjörn svarar: „Þá munum vér þat fyrir satt hafa, at þú sér sannr at sökinni, er þú vill þik eigi láta undan bera með rannsókninni“. „Gerið þat sem yðr likar“, segir Þórarinn. Eftir þat setti Þorbjörn duradóm, ok nefndi sex menn í dóm; síðan sagði Þorbjörn fram sökina á hendr Þórarini um hrossatökuna. Þá gekk Geirriðr út í dyrnar ok sá hvat er títt var ok mælti: „Of satt er þat, er mælt er, at meir hefir þú, Þórarinn, kvennaskap enn karla, er þú skalt þola Þorbirni digra hverja skömm, ok eigi veit ek, hvi ek á slíkan son“. Þá mælti Álfrgeirr stýrimaðr: „Veita munum vér þér alt þat er vér megum, hvat sem þú vill upp taka“. Þórarinn svarar: „Eigi nenni ek nú lengr hér at standa“. Eftir þetta hlaupa þeir Þórarinn út, ok vilja hleypa

upp dóminum; þeir váru sjau saman ok sló þegar í bardaga. Þórarinn vá húskarl Þorbjarnar, enn Álfeirr annan; þar fell ok húskarl Þórarins. Ekki festi vápn á Oddi Kötlusyni. Auðr húsfreyja hét á konur at skilja þá, ok kastaðu þær klæðum á vápn þeira. Eftir þat gengr Þórarinn inn ok hans menn, enn þeir Þorbjörn riðu í brott ok sneru áðr málum til Þórsnessþings; þeir riðu upp með vágum ok bundu sár sín undir stakkgarði þeim er Kambgarðr heitir. Í túninu í Mávahlíð fanst hönd þar sem þeir höfðu barizt, ok var sýnd Þórarni; hann sá at þetta var konuhönd; hann spurði, hvar Auðr var; honum var sagt, at hon lá í sæng sinni. Þá gekk hann til hennar, ok spurði, hvárt hon var sár. Auðr bað hann ekki um þat hirða, enn hann varð þó viss, at hon var handhöggvin; kallar hann þá á móður sína, ok bað hana binda sár hennar. Þá gekk Þórarinn út ok þeir félagar, ok runnu eftir þeim Þorbirni; ok er þeir áttu skamt til garðsins, heyrðu þeir mælgí til þeira Þorbjarnar, ok tók Hallsteinn til orða ok mælti: „Af sér rak Þórarinn ragmælit í dag“. „Djarflega bardist hann“, segir Þorbjörn, „enn margir verða vaskir í einangrinum, þó at lítt sé vaskir þess í milli“. Oddr svarar: „Þórarinn mun vera hinn röskvasti maðr, enn slys mun þat þykkja, er hann henti, þá er hann hjó höndina af konu sinni“. „Var

þat satt?“ segir Þorbjörn. „Satt sem dagr“, segir Oddr. Þá hljópu þeir upp ok gerðu at þessu mikla sköll ok hlátr. Í þessu kómu þeir Þórarinn eftir ok varð Nagli skjótastr. Enn er hann sá, at þeir ofruðu vápnunum, glúpnaði hann, ok hljóp umfram ok í fjallit upp, ok varð at gjalti. Þórarinn hljóp at Þorbirni ok hjó með sverði í höfuðit ok klauf ofan í jaxla. Eftir þat sótti Þórir Arnarson at Þórarni við þriðja mann. Hallsteinn sótti Álfgeir við annan mann. Oddr Kötluon sótti féлага Álfgeirs við annan mann. Þrír förunautar Þorbjarnar sóttu tvá menn Þórarins, ok var bardagi þessi sótttr með miklu kappi. Þeira skifti fóru svá, at Þórarinn hjó fót af Þóri, þar er kálfi var digrastr, enn drap báða förunauta hans. Hallsteinn fell fyrir Álfgeiri sárr til ólífis; enn er Þórarinn var lauss, rann Oddr Kötluon við þriðja mann; hann var eigi sárr, því at eigi festi vápn á kyrtli hans. Allir lágu eftir aðrir förunautar þeira; látnir váru ok báðir húskarlar Þórarins. Þeir Þórarinn tóku hesta þeira Þorbjarnar ok riða þeim heim, ok sá þeir þá hvar Nagli hljóp hit efra um hliðina; ok er þeir kómu í túnit, sá þeir at Nagli var kominn fram um garðinn ok stefndi inn til Búlandshöfða. Þar fann hann þræla Þórarins tvá, er ráku sauði ór höfðanum. Hann segir þeim fundinn ok liðsmun hverr var; kallaðist hann

víst vita, at Þórarinn ok hans menn váru látnir, ok í því sá þeir, at menn riðu heiman eftir vellinum. Þá tóku þeir Þórarinn at hleypa, því at þeir vildu hjálpa Nagla, at hann hlypi eigi á sjó eða fyrir björg; ok er þeir Nagli sjá, at mennirnir riðu æsilega, hugðu þeir at Þorbjörn mundi þar fara; tóku þeir nú rás af nýju allir inn til höfðans, ok runnu þar til er þeir koma þar sem nú heitir Þrælaskriða, þar fengu þeir Þórarinn tekit Nagla, því at hann var nálega sprunginn af mæði, enn þrælarnir hljópu þar fyrir ofan ok fram af höfðanum ok týndust sem ván var, því at höfðinn er svá hár, at alt hefir bana þat sem þar ferr ofan. Síðan fóru þeir Þórarinn heim ok var Geirríðr í durum, ok spyr þá hvé farizt hefir. Þórarinn kvað þá vísu:

(3) Varðak mik þars myrðir
 morðfárs vega þorði
 — hlaut örn af ná neyta
 nýjum — kvinna frýju.
 Barkak vægð at vígi
 valnaðrs í styr þaðra
 — mælik hól — fyr hœli
 hjaldrs goðs — of þat — sjaldan.

Geirríðr svarar: „Segi þér víg Þorbjarnar?“ Þórarinn kvað:

(4) Knátti hjörr und hetti
 hræflóð bragar Móða
 rauk um sóknar søeki
 slíðrbeitr staðar leita,

blóð fell — enn vas váði
 vígtjalds næri — skaldi
 — vas dæmisalr dóma
 dreyrafullr — um eyru.

„Tekit hefir þá brýningin“, sagði Geirriðr,
 „ok gangit inn, ok bindit sár yður“. Ok svá
 var.

Nú er at segja frá Oddi Kötlusyni; hann fór þar til er hann kom til Fróðár ok sagði þar tíðendin; lét Þuriðr húsfreyja safna þá mönnum ok fara eftir likunum, enn flytja heim sára menn. Þorbjörn var í haug lagiðr, enn Hallsteinn son hans var græddr; Þórir af Arnarhvali var ok græddr ok gekk við tréfót síðan; því var hann kallaðr Þórir viðleggrr; hann átti Þorgrímu galdrakinn; þeira synir váru þeir Örn ok Valr, drengilegir menn.

19. Eina nótt var Þórarinn heima í Mávalhlíð; enn um morgininn spyr Auðr Þórarin, hvert ráð hann ætlar fyrir sér — „vildim vér eigi úthýsa þér“, segir hon, „enn hrædd em ek, at hér sé fleiri settir dyradómarnir í vetr, því at ek veit, at Snorri goði mun ætla at mæla eftir Þorbjörn mág sinn“. Þá kvað Þórarinn:

(5) Myndit vitr í vetri
 vekjandi mik sekja
 — ák lífhvötud leyðan —
 lögráns — of þat vánir, —
 ef niðbræði næðak
 nás valfallins ásar

— Hugins létum nið njóta
nágrundar — Vermundi.

Þá mælti Geirriðr: „Þat er nú ráðlegast, at leita at slíkum tengdamönnum, sem Vermundr eða Arnkell bróðir minn“. Þórarinn svarar: „Meiri ván, at hvárttveggja þurfi áðr lýkr þessum málum, enn þar munu vér þó fyrst á treysta, er Vermundr er“. Ok þann sama dag riðu þeir allir, er at vígum höfðu verit, inn um fjörðu, ok kómu í Bjarnarhöfn um kveldit ok gengu inn, er menn váru komnir í sæti. Vermundr heilsar þeim ok rýmdi þegar öndugit fyrir Þórarni. Enn er þeir höfðu niðr sezt, þá spurði Vermundr tíðinda. Þórarinn kvað:

(6) Skalk þrymviðum þremja
— þegi herr meðan — segja
— ván es ísarns ásum
ørleiks — frá því gørla,
hvé hjaldrviðir heldu
haldendr við mik skjaldar
— roðinn sák hrundar handa
hnigreyr — lögum — dreyra.

Hvat er þar frá at segja, mágr?“, segir Vermundr. Þórarinn kvað:

(7) Sóttu heim þeirs hættu
hjör-Nirðir mik fjörvi
— gnýljómi beit geymi
geira stígs — at vígi;
svá gørdu vér sverða
sóknuiðjungum Þriðja
sleitka líknar leiki
lostigr fáa kosti.

Guðný systir hans nam staðar á gólfinu ok mælti: „Hefir þú nökkut varit þik nú frýju-orðinu þeira út þar?“ Þórarinn kvað:

- (8) Urðu vér at verja
 — vas ár drifin sára;
 hrafn naut hræva — gefnar
 hjaldrskýja mik frýju,
 þás við hjalm — á holmi —
 hrein míns föður sveini
 þaut andvaka unda
 — unnar bentækir runnu —.

Vermundr mælti: „Bratt þykki mér sem þér hafið við ázt“. Þórarinn kvað:

- (9) Knáttu hjalmi hættar
 hjaldrs á mínum skjaldi
 Þrúðar vangs ens þunga
 þings spámeyjar singva,
 þás bjúgröðull bóga
 baugs fyrir ódaldraugi
 — Gjöll óx vápnis á völlum —
 varð blóðdrifinn Fróða.

Vermundr mælti: „Hvært vissu þeir nú hvárt þú vart karlmaðr eða kona?“ Þórarinn kvað:

- (10) Reka þóttumk Rakna
 remmiskóðs við Móða
 kunnfáka hné kennir
 klámorð af mér borða,
 hvatki es — Hildar gotna
 hrafn sleit af ná beitu
 síks — við sína leiku
 sælingr um þat mælin.

Eftir þat segir Þórarinn tíðindin. Þá spurði

Vermundr: „Hví fórtu þá eftir þeim? Þótti þér eigi ærit at orðit hit fyrra sinn?“ Þórarinn kvað:

- (11) Kveðit man Hrofts at heiftum
 hyrskerðir mér verða
 — kunnak áðr fyr Enni
 ylg teiti svá leita, —
 es hlautviðir hétu
 — hlækendr þeirs skil flækja
 eggjumk bófs — at hjöggak
 Hlín guðvefjar mína.

„Várkunn var þat“, segir Vermundr, „at þú stæðist þat eigi, enn hversu gáfust þér þeir (hinir) útlenzku menn?“ Þórarinn kvað:

- (12) Nágöglum fekk Nagli
 nest dálega flestum;
 kafsunnu réð kennir
 klækkr í fjall at stökkva,
 heldr gekk hjalmi faldinn
 — hjaldrs — at vápna galdri
 — þurði eldr um aldir —
 Alfgeirr af hvöt meiri.

„Bar Nagli sik eigi allvel“, kvað Vermundr. Þórarinn kvað:

- (13) Grátandi rann gætir
 geirastígs frá vígi
 — vasat grímu geymi
 góð ván friðar hánun —,
 svát merskyadir myndi
 menskiljandi vilja
 — hugði bjóðr á bleyði
 bífstaups — á sjá hlaupa.

Ok er Þórarinn hafði verit um nótt í

Bjarnarhöfn, þá mælti Vermundr: „Eigi man þér mér þykkja fara mikilmannlega, mágr, um liðveizluna við þik; ek berr eigi traust til at taka við yðr, svá at eigi gangi fleiri menn í þetta vandræði, ok munu vér riða inn í dag á Bólstað ok finna Arnkel frænda þinn, ok vita, hvat hann vill veita oss, því at mér sýnist Snorri goði þungr í eftirmálinu“. „Þér skuluð ráða“, segir Þórarinn. Ok er þeir váru á leið komnir, kvað Þórarinn:

(14) Munu vér at várum,
 Vermundr, glaðir stundum,
 auðarþollr, áðr ollum
 auðvarpaðar dauða.
 Nú sjámk hitt, at hlæja,
 hör-Gerðr, munum verða
 — leið erumk randa rauðra
 regn — fyr þrúðum þegni.

Þessu veik hann til Snorra goða. Þeir Vermundr ok Þórarinn riðu inn á Bólstað, ok fagnaði Arnkell þeim vel ok spyrr at tíðendum. Þórarinn kvað:

(15) Vas til hreggs at hyggja
 hrafnvíns á bæ mínum
 — þurði eldr um aldir —
 ugglegt — Munins tuggu —,
 þás á fyrða fundi
 fran víkinga mána
 lind beit lögðis kindar
 liðu, Högna vé gögnum.

Arnkell spyrr eftir atburðum um tíðindi þau, er Þórarinn sagði. Ok er hann hafði frá

sagt sem var, þá mælti Arnkell: „Reiðst hefir þú nú, frændi, svá hógværr sem þú ert“. Þórarinn kvað:

(16) Héttu hirðinjótar
 haukaness til þessa
 — heftandi vask heiftar —
 hóglífan mik drífu;
 oft kœmr — alnar leiftra —
 — ævifús — ór dúsi
 — nú kná iörð til orða —
 æðiregn — at fregna —.

„Verða kann þat“, segir Arnkell, — „enn þat vil ek við þik mæla, Þórarinn frændi, at þú ver með mér þar til er lýkr málum þessum á nökkurn hátt; enn þó at ek gerumk nökkut gerkólfr í þessu boði, þá vil ek þat við þik mæla, Vermundr, at þú sér eigi við skiliðr mál þessi, þó at ek taka við Þórarni“. „Skylt er þat“, segir Vermundr, „at ek veita Þórarni þat er ek má, eigi at síðr, þótt þú sér fyrirmaðr at liðveizlu við hann“. Þá mælti Arnkell: „Þat er mitt ráð, at vér sitim hér í vetr allir saman samtýnis við Snorra goða“. Ok svá gerðu þeir, at Arnkell hafði fjölment um vetrinn. Var Vermundr ýmist í Bjarnarhöfn eða með Arnkatli. Þórarinn helt hinum sömu skaphöfnum ok var löngum hljóðr. Arnkell var hífylaprúðr ok gleðimaðr mikill; þótti honum ok illa, ef aðrir vóru eigi jafnglaðir sem hann, ok ræddi oft um við Þórarin, at hann skyldi

vera kátr ok ókviðinn; lézt hafa spurt, at ekkjan at Fróðá bar vel af sér harmana, ok mun henni hlæglegt þykkja, ef þér berið yðr eigi vel“. Þórarinn kvað:

- (17) Skalat öldrukkin ekkja
 — ek veit at gat beitu
 hrafn af hræva efni —
 hoppfögr af því skoppa,
 at ek — hjördæggar — hygga
 — hér es fjón komin ljóna,
 haukr unir hörðum leiki
 hræva, stríðs — á kviðu.

Þá svarar einn heimamaðr Arnkels: „Eigi veiztu fyrr enn í vár, er lokit er Þórsnessþingi, hversu einhlítr þú verðr þér í málunum“. Þórarinn kvað:

- (18) Láta hitt, at hljóta
 haldendr mynir skjaldar
 — sækjum ráð und ríkjann —
 rómusamt ór dómi,
 nema Arnketill órum
 orðgóðr við lof þjóðar
 — vel trúik grímu geymi
 galdrs — sakmálum haldi.

20. Geirriðr húsfreyja í Mávahlíð sendi þau orð inn á Bólstað, at hon var þess vís orðin, at Oddr Kötluon hafi höggit höndina af Auði; kallaðist hafa til þess orð hennar sjálfrar, ok svá kvað hon Odd hafa því hælzt fyrir vinum sínum. Ok er þeir Þórarinn ok Arnkell heyrðu þetta, riðu þeir heiman við tólfta mann út til

Mávahlíðar ok váru þar um nótt. Enn um morgininn riðu þeir út í Holt, ok er sén ferð þeira ór Holti. Þar var ekki karla fyrir fleira enn Oddr. Katla sat á palli ok spann garn; hon bað Odd sitja hjá sér, — „ok ver hit næsta mér“. Hon bað konur sitja í rúmum sínum, — „ok verit hljóðar“, kvað hon, „enn ek má hafa orð fyrir þeim“. Ok er þeir Arnkell kómu, gengu þeir inn þegar, ok er þeir kómu í stofu, heilsaði Katla Arnkatli ok spurði at tíðindum. Arnkell kvaðst engi segja, ok spyrr, hvar Oddr sé. Katla kvað hann farinn suðr til Breiðavíkr, — „ok mundi hann eigi forðast fund þinn, ef hann væri heima, því at vér treystum þér vel um drengskapinn“. „Vera má þat“, segir Arnkell, „enn rannsaka viljum vér þ r“. „Þat skal sem yðr likar“, segir Katla, ok bað mat-selju bera ljós fyrir þeim ok lúka upp búri; þat eitt er hús læst á bænum. Þeir sá, at Katla spann garn af rokki. Nú leita þeir um húsin ok finna eigi Odd, ok fóru brott eftir þat. Ok er þeir kómu skamt frá garðinum, nam Arnkell staðar ok mælti: „Hvárt mun Katla eigi hafa heðni veift um höfuð oss? ok hefir þar verit Oddr son hennar er oss sýndist rokkrinn“. „Eigi er hon ólíkleg til“, segir Þórarinn, „ok förum aftr“. Þeir gerðu svá. Ok er sást ór Holti, at þeir hurfu aftr, þá mælti Katla við konur: „Enn skulu þér sitja í rúm-

um yðrum, enn vit Oddr munum fram ganga“. Enn er þau koma fram um dyrr, gekk hon í öndina gegnt útidyrum ok kembir þar Oddi syni sínum, ok skerr hár hans. Þeir Arnkell hljópu inn í dyrnar, ok sá hvar Katla var, ok lék at hafri sínum, ok jafnaði topp hans ok skegg ok greiddi flóka hans. Þeir Arnkell gengu í stofu ok sá hvergi Odd; lá þar rokkr Kötlu í bekknum. Þóttust þeir þá vita, at Oddr mundi eigi þar hafa verit; gengu síðan út ok fóru í brott; enn er þeir koma nær því sem fyrr hurfu þeir aftr, þá mælti Arnkell: „Ætli þér eigi, at Oddr hafi verit í hafrslikinu?“ „Eigi má vita“, segir Þórarinn; „enn ef vér hverfum nú aftr, þá skulu vér hafa hendr á E du“. Freista munu vér enn“, segir Arnkell, „ok vita hvat í gerist“. Ok snúa enn aftr. Enn er sén var ferðin, bað Katla Odd ganga með sér; enn er þau koma út, gekk hon til öskuhaugs, ok bað Odd leggjast niðr undir hauginn, — „ok ver þar, hvatki sem í gerist“. Enn er þeir Arnkell kómu á bæinn, hljópu þeir inn, ok til stofu, ok sat Katla á palli ok spann. Hon heilsar þeim ok kvað þá þykksfarit gera. Arnkell kvað þat satt. Förunautar hans tóku rokkinn, ok hjoggu í sundr. Þá mælti Katla: „Eigi er nú þat heim at segja í kveld, at þér hafið eigi erendi haft hegat í Holt, er þér hjogguð rokkinn“. Síðan

gengu þeir Arnkell ok leituðu Odds úti ok inni, ok sá ekki kvikt, utan túngölt einn, er Katla átti, er lá undir haugnum, ok fóru brott eftir þat; ok er þeir koma miðleiðis til Mávahlíðar, kom Geirriðr í móti þeim ok verkamaðr hennar, ok spyrr, hversu þeim hefði farizt. Þórarinn sagði henni; hon kvað þá hafa varleitað hans Odds, — „ok vil ek enn at þér hverfið aftr, ok mun ek fara með yðr, ok mun eigi mega með laufsegli at sigla þar sem Katla er“. Síðan snúa þeir aftr. Geirriðr hafði blá skikkju yfir sér. Ok er ferð þeira var sén ór Hólti, er Kötlu sagt, at nú væri fjórtán menn saman, ok einn í litklæðum. Þá mælti Katla: „Mun Geirriðr tröllit þar komin? ok mun þá eigi sjónhverfingum einum mega við koma“. Stóð hon þá upp af pallinum ok tók hægindin undan sér; var þar hlemmr undir ok holr innan pallinn; lét hon Odd þar í koma ok bjó um sem áðr, ok settist á ofan, ok kvað sér vera heldr kynlegt. Enn er þeir (Arnkell) koma í stofu, þá varð eigi at kveðjum með þeim. Geirriðr varp af sér skikkjunní ok gekk at Kötlu ok tók selbelg, er hon hafði haft með sér, ok færði hann á höfuð Kötlu; síðan bundu förunautar þeira at fyrir neðan. Þá bað Geirriðr brjóta upp pallinn, ok var Oddr þar fundinn ok síðan bundinn. Eftir þat váru þau færð inn til Búlandshöfða, ok var Oddr þar hengdr. Ok er hann

spornar gálgann, mælti Arnkell til hans: „Ilt hlýtr þú af þinni móður; kann ok vera, at þú eigir illa móður“. Katla mælti: „Vera má víst, at hann eigi eigi góða móður, enn eigi hlýtr hann af því ilt af mér, at ek vilda þat, enn þat væri vili minn, at þér hlytið allir ilt af mér; vænti ek ok, at þat mun svá vera; skal nú ok eigi leyna yðr því, at ek hefir valdit meini Gunnlaugs Þorbjarnarsonar, er þessi vandkvæði hafa öll af hlotizt; enn þú Arnkell“, segir hon, „mátt eigi af þinni móður ilt hljóta, er þú átt enga á lífi, enn um þat vilda ek at mín ákvæði stæðist, at þú hlytir því verra af feðr þínum, enn Oddr hefir af mér hlotið, sem þú hefir meira í hættu enn hann; vænti ek ok, at þat sé mælt áðr lýkr, at þú eigir illan föður“. Eftir þat börðu þeir Kötlu grjóti í hel þar undir höfðanum; síðan fóru þeir í Mávahlíð ok váru þar um nóttina, enn riðu heim eftir um daginn; spurðust nú þessi tíðendi öll jafnsaman ok var engum harmsaga í. Liðr nú svá vetrinn.

21. Eftir um várit var þat einn dag, at Arnkell kallar á tal við sik Þórarin, frænda sinn, Vermund ok Álfgeirr, ok spurði, hver liðveizla þeim þætti vinveittust við sik, hvárt þeir færi til þings, — „ok kostim at því allra vina várara; kann vera, at þá sé annathvárt at menn sættist, ok mun yðr þat verða féskyllft, at bæta þá

menn alla, er þar létust, eða fyrir sárum urðu; þat kann ok vera, ef á þingreiðina er hætt, at vandræðin aukist, ef málin eru með ofrkappi varin; hinn er annar kostr“, segir hann, „at leggja á allan hug, at þér komizt utan með lausafé yðvart, enn þá leikist um lönd sem auðit er, þau sem eigi verða seld“. Þeirar liðveizlu var Álfgeirr fúsastr. Þórarinn kvaðst ok eigi sjá efni sín til at bæta sakir þær allar með fé, er gerzt höfðu í þeim málum. Vermundr kvaðst eigi mundu skilja við Þórarin, hvárt er hann vildi at hann færi utan með honum eða veita honum vígsgengi hér á landi; enn Þórarinn kauss, at Arnkell veitti þeim til utanferðar. Síðan var maðr sendr út á Eyri til Bjarnar stýrimanns, at hann skyldi allan hug á leggja, at búa skip þeira sem fyrst mátti hann.

22. Nú skal segja frá Snorra goða, at hann tók við eftirmálum um víg Þorbjarnar mágs síns; hann lét ok Þuríði systur sína fara heim til Helgafells, því at sá orðrómr lék á, at Björn, son Ásbrands frá Kambi, vendi þangat kvámur sínar til glapa við hana. Snorri þóttist ok sjá alt ráð þeira Arnkels, þegar er hann spurði skipbúnaðinn, at þeir mundi eigi ætla fébótum uppi at halda eftir vígin, við þat at engar váru sættir boðnar af þeira hendi, enn þó var kyrt alt fram til stefnudaga. Enn er sá tími kom,

safnar Snorri mönnum, ok reið inn í Álftafjörð með átta tigu manna, því at þat váru þá lög, at stefna heiman vígsök svá at vegendr heyrði, eða at heimili þeira, ok kveðja eigi búa til fyrr enn á þingi. Enn er ferðin Snorra var sén af Bólstað, þá ræddu menn um, hvárt þegar skyldi sæta áverkum við þá, því at fjölment var fyrir. Arnkell segir, at eigi skal þat vera, — „ok skal þola Snorra lög“, segir hann, ok kvað hann þat eitt at gera svá búit, er nauðsyn rak til. Ok er Snorri kom á Bólstað, váru þar engi áköst með þeim. Síðan stefndi Snorri Þórarni til Þórsnessþings, ok þeim öllum er at vígum höfðu verit. Arnkell hlýddi vel stefnunni. Eftir þat riðu þeir Snorri í brott ok upp til Úlfarsfells. Ok er þeir váru á brott farnir, kvað Þórarinn vísu:

(19) Esat sem grepp fyrir glœpi,
 grund fagrvíta mundar,
 fúra fleygiáru
 frænings lögum ræni,
 ef sannvitendr sunnu
 — sék þeira lið meira;
 oss megni guð gagni —
 Gauts þekju mik sekja.

Snorri goði reið upp um háls til Hrísa, ok svá til Drápuhliðar, ok um morguninn út til Svínavatns, ok svá til Hraunsfjarðar, ok þaðan sem leið liggr út til Tröllaháls, ok létti eigi ferðinni fyrr enn við Salteyrarós. Enn er þeir

kómu þar, varðveittu sumir austmennina, enn sumir brendu skipit, ok riðu þeir Snorri svá heim, at þetta alt var gert. Arnkell spyr þetta, at Snorri hefir brent skipit; þá gengu þeir á skip, Vermundr ok Þórarinn, með nökkura menn, ok reru vestr um fjörð til Dögurðarness; þar stóð skip uppi, er austmenn áttu; þeir Arnkell ok Vermundr keyptu þat skip, ok gaf Arnkell Þórarni hálf skipit, enn Vermundr bjó sinn hluta. Þeir fluttu skipit út í Dímun, ok bjoggu þar; sat Arnkell þar við til þess er þeir váru búnir, ok fór síðan með þeim út um Elliðaey, ok skildu þar með vináttu; sigldu þeir Þórarinn á haf, enn Arnkell fór heim til bús síns, ok lagðist sá orðrómr á, at þessi liðveizla þætti hin sköruglegsta. Snorri goði fór til Þórsnessþings ok helt fram málum sínum; varð Þórarinn þar sekr ok allir þeir, er at vigum höfðu verit; enn eftir þingit heimti Snorri sér slíkt, er hann fekk af sektarfé, ok lauk svá þessum málum.

23. Vigfúss, son Bjarnar Óttarssonar, bjó í Drápuhlíð, sem fyrr segir; hann átti Þorgerði Þorbeinisdóttur; hann var gildr bóndi ok ódældarmaðr mikill. Með honum var á vist systurson hans, er Björn hét; hann var örórðr maðr ok ógegn. Um haustit eftir Máhliðingamál fundust stóðhross Þorbjarnar digra á fjalli, ok hafði bestrinn eigi haldit högum fyrir hesti

Þórarins ok hafði hrakit hrossin, ok fundust öll dauð. Þetta sama haust áttu menn rétt fjölmenna í Tungu milli Laxá upp frá Helgafelli; þangat fóru til réttar heimamenn Snorra goða, ok var Már Hallvarðsson, föðurbróðir Snorra, fyrir þeim. Helgi hét sauðamaðr Snorra; hann lá á réttargarðinum. Björn, frændi Vigfúss, hafði fjallstöng í hendi. Helgi dró sauði. Björn spurði, hvat sauð þat væri, er hann dró; enn er at var hugat, þá var mark Vigfúss á sauðnum. Björn mælti: „Slundasamlega dregr þú sauðina í dag, Helgi“. „Hættara mun yðr þat“, segir Helgi, „er sitið í afrétt manna“. „Hvat mun þjófr þinn vita til þess“, segir Björn, ok hljóp upp við ok laust hann með stönginni, svá hann fell í óvit. Ok er Már sér þetta, brá hann sverði, ok hjó til Bjarnar ok kom á höndina upp við öxl ok varð þat mikit sár. Eftir þat hljópu menn í tvá staði, enn sumir gengu í milli ok skildu þá, svá at eigi varð fleira til tíðinda þar. Um morguninn eftir reið Vigfúss ofan til Helgafells ok beiddi bóta fyrir vansa þenna; enn Snorri segir, at hann kvedst eigi mun gera þeira atburða, er þar höfðu orðit. Þetta likar Vigfúsi illa, ok skyldu þeir með enum mesta styttingi. Um várit bjó Vigfúss áverkamálit til Þórsnessþings, enn Snorri drepit til óhelgi við Björn, ok urðu þau málalok, at Björn varð óheilagr af frum-

hlaupinu við Helga, ok fekk engar bætr fyrir áverkann; enn hann bar í fatla höndina jafnan síðan.

24. Á þessu sama þingi sóttu þeir Þorgestr hinn gamli ok synir Þórðar gellis Eirík hinn rauða um víg sona Þorgests, er látizt höfðu um haustit, þá er Eiríkr sótti setstokkana á Breiðabólstað, ok var þetta þing allfjölment. Þeir höfðu ádr haft setur fjölmennar. Eiríkr bjó um þingit skip til hafs í Eiríksvági í Öxnaey; ok vottu þeir Eiríki, Þorbjörn Vífilsson ok víga-Styrr ok synir Þorbrands ór Álftafirði ok Eyjólfr Æsuson ór Svíney, enn Styrr einn var á þinginu liðveizlumanna Eiríks, ok dró alla menn undan Þorgesti, þá er hann mátti. Styrr beiddi þá Snorra goða, at hann skyldi eigi fara at Eiríki eftir þingit með Þorgestlingum, ok hét Snorra í mót, at hann mun veita honum í annat sinn, þó hann eigi vandræði at halda; ok fyrir þessi heit Styrts leiðir Snorri hjá sér þessi málaferli. Enn eftir þingit fóru þeir Þorgestr með mörgum skipum inn í eyjar, enn Eyjólfr Æsuson leyndi skipi Eiríks í Dímunarsvági ok kómu þeir Styrr ok Þorbjörn þar til móts við Eirík; gerðu þeir Eyjólfr ok Styrr þá eftir dæmum Arnkels, at þeir fylgdu Eiríki á sinni ferju hvárr þeira út um Elliðaey. Í þeiri ferð fann Eiríkr rauði Grænland, ok var þar þrjá vetr, ok fór síðan til Íslands, ok var

þar einn vetr, áðr hann fór at byggja Grænland, enn þat var fjórtán vetrum fyrir kristni lögtekna á Íslandi.

25. Nú er at segja frá þeim Vermundi ok Þórarni svarta, at þeir kómu af hafi norðr við Þrándheimsminni, ok heldu inn í Þrándheim; þá réð Hákon jarl Sigurðarson fyrir Noregi, ok fór Vermundr til jarls ok gerðist honum handgenginn. Þórarinn fór vestr um haf þegar um haustit með Álfgeiri, ok gaf Vermundr þeim sinn hlut í skipinu, ok er Þórarinn eigi við þessa sögu heðan af. Hákon jarl sat at Hlöðum um vetrinn. Vermundr var með honum í kærleikum; var jarl vel til hans, því at hann vissi, at Vermundr var stórættaðr út hér. Með jarli váru bræðr tveir svænskir at ætt; hét annarr Halli, enn annarr Leiknir; þeir váru menn miklu meiri ok sterkari enn í þann tíma fengist þeira jafningjar í Noregi eða víðara annarstaðar; þeir gengu berserksgang, ok váru þá eigi í mannlegu eðli, er þeir váru reiðir, ok fóru galnir sem hundar ok óttuðust hvárki eld né járn, enn hversdaglega váru þeir eigi illir viðreignar, ef eigi var í móti þeim gert, enn þegar hinir mestu órskiftamenn, er þeim tók við at horfa. Eiríkr enn sigrsæli, Sviakonungr, hafði sent jarli berserkina, ok sett varnað á, at hann skyldi gera vel til þeira ok sagði sem var, at hit mesta fulltingi mátti at þeim verða,

ef til yrði gætt skapsmuna þeira. Um várit, er Vermundr hafði verit einn vetr með jarli, þá fýstist hann til Íslands, ok bað jarl gefa sér orlof til þeirar ferðar. Jarl bað hann fara sem hann vildi, ok bað hann hugsa um áðr, — „ef nökkurir eru þeir hlutir í mínu valdi aðrir meir enn aðrir, er þú vill þiggja þér til framkvæmdar, enn báðum okkr til sæmdar ok virðingar“. Enn er Vermundr hugsaði eftir, hverra hluta hann skal af jarli beiðast, þá kom honum í hug, at honum mundi mikillar framkvæmdar afla á Íslandi, ef hann hefði slíka eftirgöngumenn, sem berserkirnir váru, ok staðfestist þat í skapi hans, at hann mundi leita eftir, ef jarlinn vildi fá honum berserkina til eftirgöngu; enn þat bar til, er hann beiddist þessa, at honum þótti Styrr bróðir sinn mjök sitja yfir sínum hlut ok hafa ójafnað við sik sem flesta aðra, þá er hann fekk því við komit; hugði hann, at Styrr mundi þykkja ódælla við sik at eiga, ef hann hefði slíka fylgdarmenn, sem þeir bræðr váru. Nú segir Vermundr jarli, at hann vill þann sóma af honum þiggja, at hann gefi honum til trausts ok fylgdar berserkina. Jarl svarar: „Þar beiddist þú þess, er mér sýnist, at þér muni engi nytsemd í verða, þó ek veita þér; hygg ek at þeir verði þér stírdir ok skapstórir, þegar er þér kaupizt við; hygg ek þat flestum bóndasonum ofrefli, at stýra þeim, eða

halda hræddum, þó at þeir hafi mér hlýðnir verit í sinni þjónustu“. Vermundr kvaðst mundu til hætta at taka við þeim, ef jarl vill gefa þá í hans vald. Jarl bað hann leita fyrst við berserkina, ef þeir vildi honum fylgja. Hann gerði svá; leitaði ef þeir vildi fara með honum til Íslands ok veita honum fylgd ok sporgöngu, enn hann hét í móti at gera vel til þeira, ok þá hluti er þeim þætti sik varða, ok þeir kunna honum til at segja. Berserkirnir kváðust eigi hafa sett hug sinn eftir at fara til Íslands; létust þeir ok eigi vita ván þar þeira höfðingja, er þeim þætti sér hent at þjóna, — „enn ef þú kostgæfir svá mjök, Vermundr, at vit skulum fara til Íslands með þér, þá máttu svá ætla, at vit munim því illa kunna, ef þú veitir okkr eigi slíkt er vér beiðum, ef þú hefir föng á“. Vermundr kvað þat ok eigi vera skyldu. Eftir þat fekk hann jáyrði af þeim at fara með sér til Íslands, ef þat væri jarls vili ok samþykki. Nú segir Vermundr jarli, hvar þá var komit. Jarl veitti þá órskurð, at berserkir skuli fara með honum til Íslands, — „ef þér þykkir þat þin sæmd mest gerr“, enn bað hann svá hugsa, at honum mundi fjandskapr í þykkja, ef hann lýkr illa við þá, svá sem þeir eru nú á hans vald kommir. Enn Vermundr kvað eigi mundu þurfa til þess at taka. Eftir þat fór Vermundr til Íslands með berserkina, ok varð vel reið-

fari, ok kom heim í Bjarnarhöfn til bús síns, hit sama sumar sem Eiríkr rauði fór til Grænlands, sem fyrr er ritað. — Brátt er Vermundr kom heim, vakti Halli berserkr til þess við Vermund, at hann mundi fá honum kvánfang mjög sæmilegt; enn Vermundr þóttist eigi vita ván þeirrar konu af góðum ættum, er sik mundi binda við berserk, né sín forlög, ok hafði Vermundr undandrátt um þetta mál. Enn er Halli fann þat, sló hann á sik úlfúð, ok fór þá alt í þverúð með þeim; gerðu berserkir sik stóra ok ómjúka við Vermund; tók Vermundr þá at iðrast eftir, at hann hafði berserkina á hendr tekizt. Um haustit hafði Vermundr boð mikit ok bauð Arnkatli goða til sín ok Eyrbyggjum, ok Styr bróður sínum. Ok er boðinu var lokit, bauð Vermundr at gefa Arnkatli berserkina, ok kallar þat bezt henta; enn hann vill eigi þiggja. Þá leitar Vermundr ráðs við Arnkel, hversu hann skal af sér koma þessu vandræði, enn hann lagði þat til, at hann skyldi gefa Styr; kallar honum bezt fallit, at hafa slíka menn fyrir sakir ofsa ok ójafnaðar. Ok er Styrr var brott búinn, gekk Vermundr at honum ok mælti: „Nú vilda ek, bróðir, at vit legðim niðr fæð þá er með okkr var áðr ek fór utan, enn við tækim upp holla frændsemi með góðri vináttu, ok þar með vil ek gefa þér menn þá, er ek hefir út flutt, þér til styrktar ok fylgdar,

ok veit ek eigi þeira manna ván, at traust muni til hafa, at stríða við þik, ef þú hefir slíka sporgöngumenn sem þeir eru“. Styrr svarar: „Vel vil ek því taka, frændi, at batni frændsemi okkur, enn þá eina frétt hefir ek til þessa manna, er þú hefir út flutt, at þat man heldr vera vandræðatak, enn menn muni framkvæmd eða auðnu af þeim hljóta; nú vil ek aldri, at þeir komi í mín hibýli, þvíat ærnar eru mínar óvinsældir, þó ek hljóta eigi vandræði af þeim“. „Hvert ráð gefr þú þá til, frændi“, segir Vermundr, „at ek koma þessu vandræði af mér?“ „Annat mál er þat“, sagði Styrr, „at ek leysa vandræði þitt, enn hitt, at þiggja menn þessa af þér í vingjafir, ok þat vil ek eigi, enn vandræði þitt er engi maðr jafnskyldr at leysa sem ek, ef okkr þykkir einn veg báðum“. Enn þó at Styrr mælti svá um, þá kauss Vermundr at Styrr tæki við berserkjunum, ok skilja þeir bræðr nú með kærleik. Fór Styrr þá heim ok berserkirnir með honum, ok váru þeir þess eigi fúsir í fyrstu, ok kalla Vermund eigi eiga at selja sik né gefa sem ánauðga menn, enn þó kalla þeir nær sínu skapi at fylgja Styr enn Vermundi, ok fóru þeira skifti mjög líklega fyrst. Þá váru berserkirnir með Styr, er hann fór vestr um fjörð at drepa Þorbjörn kjálka, er bjó í Kjálkafirði, hann átti lokrekkju sterka gerva af timbrstokk-

um, ok brutu berserkirnir þegar upp, svá at af gengu nafarnar fyrir utan, enn þó varð Styrr banamaðr Þorbjarnar kjálka.

26. Þat haust, er berserkirnir kómu til Styr, varð þat til tíðenda, at Vigfúss í Drápuhlíð fór til kolgerðar þangat sem nú heita Seljabrekkur ok með honum þrælar hans þrír; einn hét Svartr hinn sterki; ok er þeir koma í skóginn, mælti Vigfúss: „Allmikill harmr er þat, ok svá mun þér þykkja, Svartr, er þú skalt vera ánauðigr maðr, svá sem þú ert sterkr ok drengilegr at sjá“. Víst þykki mér mikit mein at því“, segir hann, „enn eigi er mér þat sjálfrátt“. Vigfúss mælti: „Hvat viltu til vinna, at ek gefa þér frelsi?“ „Eigi má ek þat með fé kaupa, því ek á ekki, enn þá hluti, er ek má, mun ek enga til spara“. Vigfúss mælti: „Þú skalt fara til Helgafells ok drepa Snorra goða, enn eftir þat skaltu sannlega fá frelsi þitt, ok þar með góða kosti, er ek mun veita þér“. „Því mun ek eigi til leiðar koma“, segir Svartr. „Ek skal ráð til setja“, segir Vigfúss, „þat er þetta skal framkvæmt verða mannhættulaust“. „Heyra vil ek þat“, segir Svartr. „Þú skalt fara til Helgafells, ok ganga í loft þat er þar er yfir útidyrum ok rýma fjalir í gólfinu, svá at þú fáið þar lagt atgeir í gegnum; enn þá er Snorri gengr til kamars, þá skaltu leggja atgeirnum í gegnum loftsgólfit í bak Snorra svá

fast at út gangi um kviðinn, hlaup síðan út á ræfrit, ok svá ofan fyrir vegginn, ok lát náttmyrkrit gæta þín“. Ok með þessu ráði fór Svartr til Helgafells, ok rauf ráfrit yfir úti-dyrum ok gekk þar inn í loftit; þat var í þann tíma, er þeir Snorri sátu við málelda. Í þenna tíma váru útikamrar á bæjum. Enn er þeir Snorri gengu frá eldinum, ætluðu þeir til kamarsins, ok gekk Snorri fyrstr, ok bar undan út í dyrrin, áðr tilræðit Svarts varð; enn Már Hallvarðsson gekk næst Snorra, ok lagði Svartr atgeirnum til hans, ok kom lagit á herðarblaðit ok rendi út undir höndina ok skar þar út, ok varð þat eigi mikit sár. Svartr hljóp út, ok ofan fyrir vegginn; honum varð hált á brústeinunum ok fell hann fall mikit, er hann kom niðr, ok fekk Snorri tekit hann áðr hann stóð upp; váru þá hafðar af honum sannar sögur, ok sagði hann þá alt, hversu farit hafði með þeim Vigfúsi, ok svá þat, at hann er at kolbrennu undir Seljabrekkum. Síðan var bundit sár Mús. Eftir þat fóru þeir Snorri sjau saman út til Drápuhlíðar; sá þeir, þá er þeir koma upp í hlíðina, eldinn, er þeir Vigfúss brendu kolin. Þeir kómu at þeim Vigfúsi óvörum, ok drápu Vigfús, enn gáfu grið húskörlum hans. Síðan fór Snorri heim, enn húskarlar Vigfúss sögðu þessi tíðendi heim í Drápuhlíð. Vigfúss var heygðr eftir um daginn. Þann sama dag

fór Þorgerðr, kona Vigfúss, inn á Bólstað, at segja Arnkatli, frænda sínum, ok bað hann taka við eftirmáli um víg Vigfúss, enn Arnkell veik því af sér, ok kvað þat koma til Kjalleklinga, frænda hans, ok vísaði hann þessu máli helzt á Styr; segir hans vera at mæla eftir Vigfús frænda sinn, með því at hann vildi þó í mörgu starfa. Þormóðr Trefilsson kvað vísu þessa um víg Vigfúss:

(20) Feldi fólksvaldi
 fyrst hins gullbyrsta
 velti valgaltar;
 Vigfús þann hétu;
 slitu þar síðan
 sára benskárar
 brád af böð-Nirði,
 Bjarnar arfnytja.

27. Eftir þetta fór Þorgerðr út undir Hraun, ok bað Styr mæla eftir Vigfús frænda sinn. Hann svarar: „Því hét ek Snorra goða í vár, þá er hann sat hjá málum várum Þorgestlinga, at ek skyldi eigi með fjandskap ganga í móti honum um þau mál, er margir væru jafnnánir sem ek; nú máttu sækja Vermund bróður minn at þessu máli eða aðra frændr vára“. Eftir þat fór hon út til Bjarnarhafnar, ok beiddi Vermund liðveizlu, ok kallar honum vandast um, — „því at Vigfúss trúði þér bezt af öllum sínum frændum“. Vermundr svarar: „Skyldr em ek hér. nökkut gott til at leggja, enn eigi

nenni ek at ganga í þetta vandræði fyrir aðra frændr vára, enn vera skal ek atveitandi, bæði með framkvæmd ok ráðum, slíkt er ek fær atgert; vil ek fyrst at þú farir út á Eyri ok finnir Steinþór, frænda Vigfúss; honum er nú léttvígt, ok er mál, at hann reyni sik í nökkurskonar málaferlum“. Þorgerðr svarar: „Mikit geri þér mér fyrir þessu máli, enn eigi munda ek mitt erfiði til spara ef til framkvæmda yrði“. Síðan fór hon út á Eyri, ok fann Steinþór, ok bað hann gerast formann eftirmælis þessa. Steinþór svarar: „Hví beiðir þú mik þessa? ek em ungr maðr, ok átt eigi hlut at málum manna, enn frændr Vigfúss, þeir er honum eru nánari enn ek, eru meiri uppvöðslu menn enn ek, ok er þess engi ván, at ek taka þetta mál fyrir hendr þeim, enn eigi mun ek skiljast við frændr mína, þá er eftir þessu máli eigu at sjá“. Fekk Þorgerðr þar eigi önnur svör. Fór hon heim eftir þat inn yfir fjörðu á fund Vermundar, ok sagði honum hvar þá var komit; kvað alt sitt mál fyrir borði verða, nema hann gerðist skörungr fyrir þessu máli. Vermundr svarar: „Meiri ván er, at reki verði at gerr þessum málum þér til hugganar; skal ek þó til leggja enn ráð með þér, ef þú vill þér at fylgja“. Hon svarar: „Flesta hluti mun ek til þess vinna“. „Nú skaltu heim fara“, segir Vermundr, „ok lát upp grafa Vigfús,

bónda þinn, tak síðan höfuð hans, ok fær Arnkatli, ok seg honum svá, at þetta höfuð mundi eigi við aðra meta at mæla eftir hann, ef þess þyrfti við“. Þorgerðr kvaðst eigi vita, hvar þessu máli mundi koma, enn sjá kvaðst hon, at þeir spörðu hana eigi til erfðis ok skaprauna — „enn til mun ek þetta vinna“, sagði hon, „ef þá yrði þyngri hlutr óvina minna enn áðr“. Eftir þat ferr hon heim, ok hafði þessa meðferð alla, sem henni var kend. Ok er hon kom á Bólstað, segir hon Arnkatli, at frændr Vigfúss vildu, at hann gerðist fyrirmaðr at eftirmáli um víg Vigfúss, enn þeir hétu allir sinni liðsemd. Arnkell kvaðst hafa sagt áðr, hversu honum var gefit um þetta mál. Þá brá Þorgerðr höfðinu undan skikkju sinni ok mælti: „Hér er nú þat höfuð“, segir hon, „er eigi mundi undan teljast at mæla eftir þik, ef þess þyrfti við“. Arnkatli brá mjök við þetta, ok hratt henni frá sér, ok mælti: „Far brott“, segir hann, „ok seg svá frændum Vigfúss, at þeir skjoplist eigi meir í liðveizlunni móti Snorra goða, enn ek mun í fyrirvist málanna; enn svá segir mér hugr, hversu sem þetta mál ferr, at fyrr leggi þeir undir land enn ek, enn sé ek, at þetta eru ráð Vermundar, er þú ferr nú með, enn eigi mun hann þurfa at eggja mik fram, hvar sem vit mágar erum staddir“. Síðan fór Þorgerðr heim; leið vetrinn; enn um

várit bjó Arnkell mál um víg Vigfúss á hendr þeim mönnum öllum, er til vígs höfðu farit, nema Snorra goða, enn Snorri lét til búa fjör-ráðsmál við sik ok áverkamál Más til óhelgi Vigfúsi, ok fjölmentu hváirtveggju til Þórs-nessþings ok veittu allir Kjalleklingar Arnkatli, ok urðu þeir fjölmennari; helt Arnkell fram þessum málum með mikilli frekju. Ok er málin kómu í dóm, gengu menn at, ok váru málin í gerð lagin með umgangi ok sættarboðum góð-gjarnra manna, ok kom svá, at Snorri goði gekk til handsala fyrir víg Vigfúss, ok váru þá gervar miklar fésektir; enn Már skyldi vera utan þrjá vetr; enn Snorri galt fé upp ok lauk svá þinginu, at þar var sæzt á öll mál.

28. Nú gerist þat næst til tíðenda sem fyrr er ritat, at berserkir váru með Styr; ok er þeir höfðu þar verit um hrið, slóst Halli á tal við Ásdísi dóttur Styr; hon var ung kona ok sköru-leg, ofláti mikill ok heldr skapstór. Enn er Styrr fann tal þeira, þá bað hann Halla eigi gera sér svívirðing eða skapraun í því at glepja dóttur hans. Halli svarar: „Dat er þér engi svívirðing, þó ek tala við dóttur þína; vil ek þat ok eigi til vanvirðu gera við þik; er þér þat skjótt af at segja, at ek hefir svá mikinn ást-arhug til hennar felt, at ek fæ þat eigi ór hug mér gert; nú vil ek“, segir Halli, „leita eftir staðfastrí vináttu við þik, ok biðja, at þú giftir

mér Ásdísi dóttur þína, enn þar í móti vil ek leggja mína vináttu ok trúlega fylgd, ok svá mikinn styrk með krafti Leiknis, bróður míns, at á Íslandi skal eigi fást jafnmikil frægð í tveggja manna fylgd, sem við skulum þér veita; skal ok okkur framkvæmd meir styrkja þinn höfðingskap, enn þó at þú giftir dóttur þína þeim bónda, er mestr er í Breiðafirði; skal þat þar í mót koma at vit erum eigi fésterkir; enn ef þú vill hér engi kost á gera, þá mun þat skilja vára vináttu; munu þá ok hvárir verða at fara með sínu máli sem líkar; mun þá ok raunlítit tjóa at vanda um tal okkart Ásdisar“. Enn er hann hafði þetta mælt, þá þagnaði Styrr, ok þótti nökkurr vandi á svörum, ok mælti er stund leið: „Hvárt er þessa leitit með alhuga, eða er þetta orðaframkast ok mála-leitan?“ „Svá skaltu svara“, segir Halli, „sem þetta sé eigi hégómatal, ok mun hér öll vár vinátta undir felast, hversu þessu máli verðr svarat“. Styrr mælti: „Þá vil ek þetta mál tala við vini mína, ok taka ráð af þeim hversu þessu skal svara“. Halli mælti: „Þetta mál skaltu tala við þá menn er þér líkar innan þriggja náttu; vil ek eigi þessi svör láta draga fyrir mér lengr, því at ek vil eigi vera vánbiðill þessa ráðs“. Ok eftir þetta skildu þeir. Um morguninn eftir reið Styrr inn til Helgafells. Ok er hann kom þar, bauð Snorri hon-

um þar at vera, enn Styrr kvaðst tala vilja við hann ok riða síðan. Snorri spurði, ef hann hefði nökkur vandamál at tala. „Svá þykki mér“, segir Styrr. Snorri svarar: „Þá skulu vit ganga upp á Helgafell; þau ráð hafa sízt at engu orðit, er þar hafa ráðin verit“. „Þér skuluð slíku ráða“, segir Styrr. Síðan gengu þeir á fjallit upp, ok sátu þar á tali alt til kvelds; vissi þat engi maðr, hvat þeir töluðu. Síðan reið Styrr heim. Um morguninn eftir gengu þeir Halli á tal; spyrr Halli Styr, hvern stað eiga skal hans mál. Styrr svarar: „Þat er mál manna, at þú þykkir heldr félitill, eða hvat skaltu til þessa vinna, með því at þú hefir eigi fé fram at leggja?“ Halli svarar: „Til mun ek vinna þat er ek má, af því at eigi er fé til“. Styrr svarar: „Sé ek“, sagði hann, „at þat mun þér mislíka, ef ek gifti þér eigi dóttur mína. Nú mun ek gera sem fornir menn, at ek mun láta þik vinna til ráðahags þessa þrautir nökkurar“. Hverjar eru þær?“, segir Halli. „Dú skalt ryðja“, segir Styrr, „götu yfir hraunit út til Bjarnarhafnar ok leggja haga-garð yfir hraunit milli landa várara, ok gera byrgi hér fyrir innan hraunit; enn þessum hlutum framkomnum, mun ek gifta þér Ásdísi dóttur mína“. Halli svarar: „Eigi em ek vanr til vinnu, enn þó mun ek undir þetta játtast, ef ek skal þá auðveldlega komast at ráðahagn-

um“. Styrr kvað þá þessu kaupa mundu. Eftir þetta tóku þeir at ryðja götuna, ok er þat hit mesta mannvirki. Þeir lögðu ok garðinn, sem enn sér merki. Ok eftir þat gerðu þeir byrgit. Enn er þeir váru at þessu verki, lét Styrr gera baðstofu heima undir Hrauni, ok var grafin í jörð niðr, ok var gluggr yfir ofninum, svá at utan mátti á gefa, ok var þat hús ákaflega heitt. Ok er lokit var mjök hváru-tveggja verkinu, var þat enn síðasta dag, er þeir váru at byrginu; þá gekk Ásdís Styrsdóttir hjá þeim, enn þat var nær bænum. Hon hafði tekit sinn bezta búnað; enn er þeir Halli mæltu við hana, þá svarar hon engu. Þá kvað Halli vísu þessa:

(21) Hvert hafð Gerðr gerva
gangfögr liðar hanga
— ljúg vætr at mér — leygjar
línbundin för þína?
því t í vetr hin vitra
vangs sákat þik ganga
hirðidís frá húsi
húns skrautlegar búna.

Þá kvað Leiknir:

(22) Sólgrund Siggyar linda
sjaldan hefr um faldit
jafnhátt, öglis stéttar
ells nús skart á þellu;
byrsunds hvat býr undir
Hlín oflæti þíuu

hýrmælt hóti fleira
hvítörm enn vér litum?

Eftir þetta skildi með þeim. Berserkirnir gengu heim um kveldit, ok váru móðir mjök, sem háttr er þeira manna, sem eigi eru einhama, at þeir verða máttlausir mjök, er af þeim gengr berserksgangrinn. Styrr gekk þá í mót þeim, ok þakkaði þeim verk, ok bað þá fara í bað ok hvíla sik eftir þat. Þeir gerðu svá; ok er þeir kómu í baðit, lét Styrr byrgja baðstofuna ok bera grjót á hlemminn, er var yfir forstofunni, enn hann lét breiða niðr nautshúð hráblauta hjá uppganginum; síðan lét hann gefa utan baðit í glugg, er yfir var ofninum; var þá baðit svá heitt, at berserkir þoldu eigi í baðinu, ok hljópu á hurðirnar; fekk Halli brotit hlemminn, ok komst upp, ok fell á húðinni; veitti Styrr honum þá banasár. Enn er Leiknir vildi hlaupa upp ór dyrunum, lagði Styrr í gegnum hann, ok fell hann inn í baðstofuna, ok lézt þar. Síðan lét Styrr veita umbúnað líkum þeira; váru þeir færðir út í hraunit, ok kasaðir í dal þeim, er þar er í hrauninu, er svá er djúpr, at engan hlut sér ór nema himinn yfir sik; þat er við sjálfa götuna. Yfir grefti berserkjanna kvað Styrr vísu:

(2.) Sýndisk mér sem myndi
móteflandar spjóta
Ála ekki dælir
elherðundum verða;

uggi ek eigi seggja
 ofrgang um mik strangan.
 Nú hefr bilgrönduðr brandi
 berserkjum stað merkðan.

Enn er Snorri goði spyrr þetta, reið hann út undir Hraun, ok sátu þeir Snorri ok Styrr enn allan dag. Enn af tali þeira kom þat upp, at Styrr fastnaði Snorra goða Ásdísi dóttur sína, ok tókust þessi ráð um haustit eftir, ok var þat mál manna at hvárrtveggja þótti vaxa af tengdum þessum; var Snorri goði ráðamaðr meiri ok vitrari, enn Styrr atgöngumeiri; báð-ir váru þeir frændmargir ok fjölmennir innan heraðs.

29. Þóroddr hét maðr. Hann var ættaðr af Meðalfellsströnd. Hann var farmaðr mikill, ok átti skip í ferðum. Þóroddr hafði siglt kaupferð vestr til Írlands til Dýflinnar. Í þann tíma hafði Sigurðr jarl Hlöðvesson í Orkneyjum herjat til Suðreyja ok alt vestr í Mön. Hann lagði gjald á Manarbygðina. Ok er þeir höfðu sæzt, setti jarl eftir menn at biða skattsins, enn hann var mest goldinn með brendu silfri; enn jarl sigldi þá undan norðr til Orkneyja. Enn er þeir váru seglbúnir, er skattsins biðu, tóku þeir útsunnan veðr; enn er þeir höfðu siglt um stund, gekk veðr til landsuðrs ok austrs ok gerði storm mikinn, ok bar þá norðr um Írland, ok brutu þar skipit í spán

við ey eina óbygða; ok er þeir váru þar at komnir, bar þar at þeim Þórodd Íslending, er hann sigldi ór Dýflinni. Jarlsmenn kölluðu á kaupmenn til hjálpar sér. Þóroddr lét skjóta báti, ok gekk þar á sjálfr. Ok er þeir fundust, hétu jarlsmenn á Þórodd til hjálpar sér, ok buðu honum fé til, at hann flytti þá heim til Orkneyja, á fund Sigurðar jarls, enn Þóroddr þóttist þat eigi mega, er hann var áðr búinn til Íslands ferðar. Enn þeir skoruðu á hann fast, því at þeim þótti við liggja fé sitt ok frelsi, at þeir væri eigi upp leiddir á Írland eða Suðreyjar, þar sem þeir höfðu áðr herjat. Ok svá kom, at hann seldi þeim bátinn frá hafskipinu, ok tók þar við mikinn hlut af skattinum; heldu þeir síðan bátinum til Orkneyja, enn Þóroddr sigldi bátlaust til Íslands ok kom sunnan at landinu; helt hann síðan vestr fyrir, ok sigldi inn á Breiðafjörð, ok kom með heilu í Dögurðarnes, ok fóru um haustit til vistar hjá Snorra goða til Helgafells. Hann var síðan kallaðr Þóroddr skattkaupandi. Þetta var litlu síðar eftir víg Þorbjarnar digra. Þann vetr var at Helgafelli Þuríðr, systir Snorra goða, er Þorbjörn digri hafði átt. Litlu eftir þat er Þóroddr kom út, hafði hann uppi orð sín, ok bað Snorra goða, at hann gifti sér Þuríði systur sína; enn með því, at hann var auðigr at fé, ok Snorri vissi góð skil á honum, ok

hann sá, at hon þurfti mjök forvistu, — við þetta alt saman sýndist Snorra goða at gifta honum konuna, ok veitti hann brúðkaup þeira um vetrinn þar at Helgafelli. Enn um várit eftir tók Þóroddr við búi at Fróðá ok gerðist hann góðr bóndi ok skilríkr. Enn þegar Þuríðr kom til Fróðár, vandi Björn Ásbrandsson þangat kvámur sínar, ok var þat alþýðumál, at með þeim Þuríði væri fíflingar; tók Þóroddr þá at vanda um kvámur hans, ok hafði eigi at sök. Þá bjó Þórir viðleggr at Arnarhváli, ok váru synir hans þá vaxnir, Örn ok Valr, ok váru enir efnilegstu menn; þeir lögðu Þóroddi til ámælis, at hann þoldi Birni slíka skömm, sem hann veitti honum, ok buðust þeir til fylgðar með Þóroddi, ef hann vildi ráða bætr á kvámum Bjarnar. Þat var eitt sinn, at Björn kom til Fróðár, at hann sat á tali við Þuríði, enn Þóroddr var jafnan vaur inni at sitja, þá er Björn var þar, enn nú sést hann hvergi. Þuríðr mælti: „Hugsa þú svá ferðir þínar, Björn“, sagði hon, „at ek hygg, at Þóroddr ætli nú af at ráða hingatkvámur þínar, ok get ek, at þeir hafi farit á veg fyrir þik, ok mun hann ætla, at þér skylið eigi jafnliða finnast“. Þá kvað Björn vísu þessa:

(24) Guls — mundu vit vilja —
 viðar ok blás í miðli —
 grund — fæ ek stöð stundum —

strengs — þenna dag lengstan,
 alls í aftan þella
 ek tegunk sjalfr at drekka
 oft horfinnar erfi
 armiinns gleði minnar.

Eftir þat tók Björn vörn sín ok gekk í brott ok ætlar heim. Enn er hann kom upp um Digramúla, hljópu upp fyrir honum fimm menn. Þar var Þóroddr, húskarlar hans tveir, ok synir Þóris viðleggs; þeir veittu Birni atgöngu, enn hann varðist vel ok drengilega; gengu þeir fastast at Þóris synir; þeir veittu honum áverka, enn hann varð banamaðr beggja þeira. Eftir þat leitaði Þóroddr undan með húskarla sína ok var sárr litt, enn þeir ekki. Björn gekk leið sína þar til er hann kom heim, ok gekk til stofu; ok kvaddi húsfreyja griðkonu, at vinna honum beina, ok er hon kom í stofu með ljós, þá sá hon, at Björn var blóðigr mjök; gekk hon þá fram ok sagði Ásbrandi, föður hans, at Björn var blóðigr heim kominn; gekk Ásbrandr í stofu; þá spyr hann, hví Björn var blóðigr, — „eða hafð þit Þóroddr fundizt?“ Björn svarar, ok segir at svá var. Ásbrandr spyr, hvernig farit hafi skifti þeira. Björn kvað:

(25) Munat byrlesti braustum
 hriðar mér at stríða
 — heldr höfum vígi valdit
 Viðleggs sona tveggja —.

sem vígbalkar válki
valdr geymi-Bil falda,
eða dalsveigi deigum
Draupnis skatt at kaupa.

Síðan batt Ásbrandr sár hans, ok varð hann græddr at heilu. Þóroddr sótti Snorra goða at eftirmáli um víg Þórissona ok lét Snorri búa mál til Þórsnessþings, enn synir Þorláks á Eyri veittu Breiðvíkingum at málum þeim, ok urðu þær málalyktir, at Ásbrandr gekk til handsala fyrir Björn son sinn, ok helt upp fébótum fyrir vigin, enn Björn var sekr gerr utan um þrjá vetr, ok fór hann í brott samsumars. Þat sama sumar fæddi Þuríðr at Fróðá sveinbarn, ok var nefndr Kjartan; óx hann upp heima at Fróðá ok var snemma mikill ok efni-legr. Enn er Björn kom um haf, fór hann suðr til Danmerkr, ok þaðan suðr til Vindlands til Jómsborgar; þá var Pálnatóki fyrir Jómsvíkingum. Björn gekk þar í lög þeira ok var þar kappi kallaðr. Hann var þá í Jómsborg, er Styrbjörn enn sterki vann hana; fór Björn ok til Svíþjóðar, er Jómsvíkingar veittu Styrbirni; hann var ok í orrostunni á Fyrisvöllum, þá er Styrbjörn fell, ok komst þaðan á skóg með öðrum Jómsvíkingum; ok meðan Pálnatóki lifði var Björn með honum, ok þótti enn bezti drengr ok enn hraustasti í öllum mannaunum.

30. Nú skal þessu næst segja frá Þórólfi bægifót. Hann tók nú at eldast fast ok gerðist illr ok æfr við ellina, ok mjök ójafnaðarfullr; lagðist ok mjök ómjúkt á með þeim Arnkatli feðgum. Þat var einn dag, at Þórólfr reið inn til Úlfarsfells at finna Úlfar bónda; hann var forverksmaðr góðr, ok tekinn til þess, at honum hirðist skjótara hey enn öðrum mönnum; hann var ok svá fésæll, at fé hans drapst aldri af megri eða drephriðum. Enn er þeir Þórólfr fundust, spurði Þórólfr, hvert ráð Úlfarr gæfi honum, hversu hann skyldi haga verksháttum sínum, eða hversu honum segði hugrum sumar, hversu þerrisamt vera mundi. Úlfarr svarar: „Eigi kann ek þér annat ráð at kenna enn sjálfum mér; ek mun láta bera út ljá í dag, ok slá undir sem mest má þessa viku alla, því at ek hygg at hon mun verða regnsöm, enn ek get, at eftir þat mun verða gott til þerra hinn næsta hálfan mánuð“. Fór þetta svá sem hann sagði, því þat fanst oft á, at hann kunni gerr veðr at sjá enn aðrir menn. Síðan fór Þórólfr heim; hann hafði með sér mart verkmanna; lét hann nú ok þegar taka til engiverka. Veðr fór þannig sem Úlfarr hafði sagt. Þeir Þórólfr ok Úlfarr áttu engi samañ upp á hálsinn; þeir slógu fyrst hey mikit hváirtveggju; síðan þurkuðu þeir ok færðu í stórsæti. Þat var einn morgun snemma, at Þór-

ólfr stóð upp; sá hann þá út at þá var veðr þykt, ok hugði hann at glepjust mundi þerririnn; bað hann þræla upp standa ok aka saman hey, ok bað þá at vinna sem mest um daginn, — „því at mér sýnist veðr eigi trúlegt“. Þrælarnir klæddust ok fóru til heyverks, enn Þórólfr hlóð heyinu ok eggjaði á fast um verkit, at sem mest gengi fram. Þenna morgun sá Úlfarr út snemma, ok er hann kom inn, spurðu verkmenn at veðri. Hann bað þá sofa í náðum, — „veðr er gott“, sagði hann, „ok mun skína af í dag; skulu þér slá í töðu í dag, enn vér munim annan dag hirða hey vart, þat er vér eigum upp á hálsinn“. Fór svá um veðrit sem hann sagði. Ok er á leið kveld, sendi Úlfarr mann upp á hálsinn, at sjá um andvirki sitt, þat er þar stóð. Þórólfr lét aka þrennum eykjum um daginn, ok höfðu þeir hirt heyit at nóni, þat er hann átti. Þá bað hann þá aka heyi Úlfars í garð sinn; þeir gerðu sem hann mælti. Enn er sendimaðr Úlfars sá þat, hljóp hann ok sagði Úlfari. Úlfarr fór upp á hálsinn ok var óðr mjök, ok spyrr, hví Þórólfr rændi sik. Þórólfr sagðist eigi hirða, hvat hann sagði, ok var málóði, ok illr viðreignar, ok helt þeim við áhöld; sá Úlfarr þá engan sinn kost annan enn verða á brottu; ferr Úlfarr þá til Arnkels ok segir honum skaða sinn, ok bað hann ásjá, lézt ella allr mundu fyrir borði

verða. Arnkell sagðist mundu beiða föður sinn bóta fyrir heyit, enn kvað sér þó þungt segja hug um, at nökkut mundi at sök hafa. Ok er þeir feðgar fundust, bað Arnkell föður sinn bæta Úlfari heytökuna, enn Þórólfr kvað þræl þann helzti auðgan. Arnkell bað hann gera fyrir sín orð, at bæta honum heyit. Þórólfr lézt ekki gera þar fyrir, nema versnaði hlutr Úlfars, ok skildust þeir við þat. Enn er Arnkell fann Úlfar, segir hann honum, hversu Þórólfr hefir svarat. Þat fanst á Úlfari, at honum þótti, sem Arnkell hefði litt fylgt málinu; ok kvað hann ráða slíku við föður sinn, ef hann vildi. Arnkell galt Úlfari fyrir heyit slíkt verð sem honum líkaði; ok er þeir feðgar fundust í annat sinn, þá heimti Arnkell enn heyverð at föður sínum, enn Þórólfr lét eigi batna um svörin, ok skildu þeir þá reiðir. Um haustit eftir lét Arnkell reka af fjalli yxn sjau, er Þórólfr faðir hans átti, ok lét drepa alla í bú sitt. Þetta líkaði Þórólfi stórilla, ok heimti verð at Arnkatli, enn Arnkell kvað þá skyldu koma fyrir heyit Úlfars. Þá líkaði Þórólfi miklu verr enn áðr, ok kallar þetta af Úlfari hlotizt hafa; kvað hann sik skyldu fyrir finna.

31. Þenna vetr um jól hafði Þórólfr drykkju mikla, ok veitti kappsamlega þrælum sínum; enn er þeir váru orðnir druknir, eggjar hann

þá, at fara inn til Úlfarsfells, ok brenna Úlfar inni, ok hét at gefa þeim þar til frelsi. Þrælarnir sögðust þetta mundu vinna til frelsis sér, ef hann efndi orð sín. Síðan fóru þeir sex saman inn til Úlfarsfells; tóku þeir viðköst, ok drógu at bænum, ok slógu eldi í. Í þenna tíma sátu þeir Arnkell við drykkju á Bólstað; ok er þeir gengu til svefnis, sá þeir eld til Úlfarsfells; fóru þá þegar til, ok tóku þrælana, enn slöktu eldinn; váru þá enn lítt brend hús. Um morgininn eftir lét Arnkell flytja þrælana inn í Vaðilshöfða, ok váru þeir þar hengdir allir. Eftir þat handsalaði Úlfarr Arnkatli fé sitt alt, ok gerðist hann þá varnaðarmaðr Úlfars. Þetta handsal líkaði illa Þorbrandssonum, því at þeir þóttust eiga alt fé eftir Úlfar, leysingja sinn, ok tókst af þessu fæð mikil með þeim Arnkatli ok Þorbrandssonum, ok máttu þeir þaðan af eigi leika saman eiga, enn áðr höfðu þeir leikizt við; ok var Arnkell þó sterkastr at leikum, enn sá maðr tók bezt í mót honum, ok var annarr sterkastr, er hét Freysteinn bófi, ok var fóstri Þorbrands ok kenningarson, því at þat var flestra manna sögn, at hann væri hans son, enn ambátt var móðir hans; hann var drengilegr maðr ok mikill fyrir sér. Þórólfi bægifót líkaði stórilla við Arnkel, er þrælarnir váru drepnir, ok beiddi bóta fyrir, enn Arnkell synjaði þverlega, at gjalda fyrir þá nökk-

urn penning; líkaði Þórólfi nú verr enn áðr. — Þat var einn dag, at Þórólfr reið út til Helgafells, at finna Snorra goða, ok bauð Snorri honum þar at vera, enn Þórólfr kvaðst eigi þurfa at eta mat hans, — „em ek því hér kominn, at ek vil, at þú réttir hlut minn, því at ek kalla þik heraðshöfðingja, ok skyldan at rétta þeira manna hlut, er áðr eru vanhluta“. „Fyrir hverjum liggur hlutr þinn undir, bóndi?“, sagði Snorri. „Fyrir Arnkatli syni mínum“, segir Þórólfr. Snorri mælti: „Þat skalt þú eigi kæra, því at þér á svá hvern hlutr at þykkja sem honum, því hann er betri maðr enn þú“. „Þann veg er eigi“, segir hann, „því at hann veitir mér nú mestan ágang; vil ek nú gerast vin þinn fullkominn, Snorri, enn þú tak við eftirmálum um þræla mína, er Arnkell hefir drepa látit, ok mun ek eigi mæla mér allar bætrnar“. Snorri svarar: „Eigi vil ek ganga í deilu með ykkur feðgum“. Þórólfr svarar: „Engi ertu vin Arnkels, enn þat kann vera, at þér þykki ek féglöggr, enn nú skal eigi þat; ek veit“, sagði hann, „at þú vilt eiga Kráku- nes ok skóginn með, er mest gersemi er hér í sveit; nú mun ek þetta alt handsala þér, enn þú mæl eftir þræla mína, ok fylg því svá skörulega at þú vaxir af, enn þeir þykkist ofgert hafa, er mik svívirðu; vil ek ok engum manni hlífa láta, þeim er hér hafa hlut í átt, hvárt

sem þat er meiri eða minni minn vandamaðr“. Snorri þóttist mjök þurfa skóginn; ok er svá sagt, at hann tók handsölum á landinu, ok tók við eftirmáli þrælanna; reið Þórólfr síðan heim, ok undi vel við, enn þetta mæltist lítt fyrir af öðrum mönnum. Um várit lét Snorri búa mál til Þórsnessþings á hendr Arnkatli um þræladrápit; fjölmentu þeir báðir til þingsins ok helt Snorri fram málum. Ok er mál koma í dóm kvaddi Arnkell sér bjargkviðar, ok færði þat til varna, at þrælarnir váru teknir með kveyktum eldi til bæjarbrennu. Þá færði Snorri þat fram, at þrælarnir váru óhelgir á þeim vettfangi — „enn þat, at þér færðuð þá inn í Vaðilshöfða ok drápuð þá þar, ok þat hygg ek at þeir væri þar eigi óhelgir“. Helt þá Snorri fram málinu ok eyddi bjargkviðnum Arnkels. Eftir þat áttu menn hlut í at sætta þá, ok var sættum á komit; skyldu þeir bræðr gera um málit, Styrr ok Vermundr; þeir dæmdu fyrir þrælana tólf aura fyrir hvern; gjalda féit þegar á þinginu. Ok er féit var goldit, fekk Snorri Þórólfi sjóðinn. Hann tók við ok mælti: „Eigi ætlaða ek til þess, þá er ek fekk þér land mitt, at þú mundir þessu svá lítilmannlega fylgja, ok þat veit ek, at eigi mundi Arnkell þessa hafa varnat mér, at ek hefða slíkar bætr fyrir þræla mína, ef ek hefða undir hann lagit“. Snorri svarar: „Þat kalla ek, at þú sér skammlauss

af þessu, enn eigi vil ek veðsetja virðing mína til móts við illgírni þína ok ranglæti“. Þórólfr svarar: „Þat er ok mest wán, at ek sækja þik eigi oftár at málum, ok sofi yðr þó eigi öll vá heraðsmönnum“. Eftir þetta fóru menn af þinginu, ok undu þeir Arnkell ok Snorri illa við þessar málalyktir, enn Þórólfr þó verst, sem maklegt var.

32. Svá er sagt, at þat gerðist nú til tíðenda, at Örlygr á Örlygsstöðum tók sótt; ok er at honum tók at liða, sat Úlfarr bróðir hans yfir honum; hann andaðist af þessi sótt. Enn er Örlygr var látinn, sendi Úlfarr þegar eftir Arnkatli; fór Arnkell þegar á Örlygsstaði, ok tóku þeir Úlfarr fé alt undir sik þat er þar stóð saman. Enn er Þorbrandssynir spurðu andlát Örlygs, fóru þeir á Örlygsstaði, ok veittu tilkall um fé þat, er þar stóð saman, ok kalla sína eign þat er leysingi þeira hafði átt, enn Úlfarr kallast arf eiga eftir bróður sinn at taka. Þeir spurðu, hvern hlut Arnkell vill at eiga. Arnkell kvað Úlfar órændan skyldu fyrir hverjum manni, meðan félag þeira væri, meðan hann mætti ráða. Fóru Þorbrandssynir þá í brott, ok fyrst út til Helgafells, ok segja Snorra goða, ok beiddu hann liðveizlu, enn Snorri goði kvaðst eigi mundu þetta mál leggja í þrætur við Arnkel, með því at þeim hafði svá slept til tekizt í fyrstunni, at þeir Arnkell höfðu fyrri komit

höndum á féit. Þorbrandssynir kváðu hann eigi mundu meira stjórna, ef hann hirti eigi um slíkt. Þetta haust eftir hafði Arnkell inni haustboð mikit, enn þat var vandi hans at bjóða Úlfari vin sínum til allra boða ok leiða hann jafnan með gjöfum út. Þann dag, er menn skyldu frá boðinu fara af Bólstað, reið Þórólfr bægifótr heiman; hann fór at finna spá-Gils vin sinn; hann bjó í Þórsárdal á spá-Gilstöðum; hann bað hann riða með sér inn á Úlfarsfellsháls. Þræll Þórólfs fór með honum. Ok er þeir koma inn á hálsinn, þá mælti Þórólfr: „Þar mun Úlfarr fara frá boðinu, ok meiri ván, at hann hafi gjafir sémilegar með at fara; nú vilda ek, spá-Gils“, segir hann, „at þú færir mót honum, ok sætir fyrir honum undir garðinum at Úlfarsfelli, ok vil ek, at þú drepir hann, enn þar til vil ek gefa þér þrjár merkr silfrs; ek skal bótum upp halda fyrir vígit; enn þá er þú hefir drepit Úlfar, skaltu taka af honum gripi þá, er hann hefir þegit af Arnkatli; þú skalt hlaupa út með Úlfarsfelli til Krákuness; enn ef nökkurir menn fara eftir þér, lát skóginn hlifa þér; far síðan á minn fund, ok svá skal ek til sjá, at þik skal eigi saka“. Enn með því at spá-Gils var ómegðarmaðr ok mjök fépurfi, þá tók hann við flugu þessi, ok fór utan undir túngarðinn at Úlfarsfelli; sá hann þá, at Úlfarr gekk neðan frá Bólstað ok hafði

skjöld góðan, er Arnkell hafði gefit honum, ok sverð búið. Ok er þeir fundust, beiddist Gils at sjá sverðit. Hann hældi Úlfari mjök, ok kvað hann vera göfgan mann, er hann þótti þess verðr, at þiggja enar sæmilegstu gjafir af höfðingjum. Úlfarr vatt við skegginu, ok seldi honum sverðit ok skjöldinn. Gils brá þegar sverðinu, ok lagði í gegnum Úlfar. Eftir þat hljóp hann út með Úlfarsfelli til Kráku-ness. Arnkell var úti staddr; hann sá hvar maðr hljóp, ok hafði skjöld, ok þóttist kenna skjöldinn; kom honum í hug, at Úlfarr mundi eigi hafa skjöldinn látið sjálfráðr. Kvaddi Arnkell þá menn til at fara eftir manningum, — „enn með því“, segir hann, „at hér hafa komit fram ráð föður míns, ok hafi þessi maðr veitt Úlfari bana, þá skulu þér þegar drepa hann, hverr sem hann er, ok látið hann eigi koma mér í augsyn“. Þá gekk Arnkell upp til Úlfarsfells; fundu þeir Úlfar dauðan. Þórólfr bægi- fótr sá, at spá-Gils hljóp út með Úlfarsfelli, ok hafði skjöld; þóttist hann þá vita, hversu farit hafði með þeim Úlfari. Þá mælti hann við þræl- inn, er honum fylgdi: „Nú skaltu fara inn á Kársstaði, ok segja Þorbrandssonum, at þeir fari til Úlfarsfells, ok láti nú eigi ræna sik leysingja arfinum, sem fyrr, því nú er Úlfarr drepinn“. Eftir þat reið Þórólfr heim, ok þótt- ist nú hafa vel sýslat. Eunn þeir er eftir spá-

Gils hljópu, fengu tekit hann út við klif, er upp ríðr ór fjörunni; fengu þeir þá af honum sannar sögur. Ok er hann hafði sagt alt sem farit hafði, tóku þeir hann af lífi ok kösuðu hann þar við kleifina, enn þeir tóku gripina ok færðu Arnkatli. Enn þræll Þórólfs kom á Kársstaði, ok sagði Þorbrandssonum orðsending Þórólfs. Þá fóru þeir út til Úlfarsfells, ok er þeir koma þar, var Arnkell þar fyrir, ok mart manna með honum. Þá veittu Þorbrandssynir tilkall um fé þat, er Úlfarr hafði átt, enn Arnkell leiddi fram vátta sögu, þeira er við váru handsal þeira Úlfars, ok kvaðst þat halda mundu, því at hann kvað þar eigi ósátt á hafa gengit at lögum; bað þá eigi ákall veita um fé þetta, því at hann kvaðst halda mundu sem föðurarfí sínum. Sá Þorbrandssynir þá sinn kost, at hverfa frá; fóru þá enn út til Helgafells ok fundu Snorra goða, ok sögðu honum hvar þá var komit, ok báðu hann liðveizlu. Snorri kvað enn farit hafa sem fyrr, at þeir höfðu orðit tafli seinni enn Arnkell, — „ok munu þér“, sagði hann, „eigi þrifa í hendr Arnkatli eftir þessum penningum, með því at hann hefir áðr tekit undir sik lausafé, enn löndin liggja yðr öllum jafnnær, ok munu þeir þau hafa, er handsterkastir eru; enn þat er þó meiri ván, at Arnkell hafi hér af meira hlut sem af öðrum yðrum skiftum; er yðr þat ok satt at segja, at má yðr þat er yfir

margan gengr, því at Arnkell sitr nú yfir hvers manns hlut hér í heraði, ok mun þat svá vera meðan hann lifir, hvárt sem þat er lengr eða skemr“. Þorleifr kimbi svarar: „Satt segir þú, Snorri; má þat ok kalla várkunn, at þú réttir eigi várn hlut við Arnkel, því at þú heldr engu máli til fulls við hann, þat er þit eigizt við með ykkir at skifta“. Eftir þat fóru þeir Þorbrandssynir heim ok líkaði þeim allþungt.

33. Snorri goði lét nú vinna Krákunesskóg, ok lét mikit at gera um skógarhöggit. Þórólfi bægifót þótti spillast skógrinn; reið Þórólfr þá út til Helgafells ok bað Snorra fá sér aftr skóginn, ok kvaðst hafa lëð honum, enn eigi gefit. Snorri kvað þat skyldu skýrra vera, þá er þeir bera um sem við handsalit váru; kvaðst ok eigi skyldu skóginn láta, nema þeir bæri af honum. Þórólfr reið þá í brott, ok var í allillu skapi; hann reið þá inn á Bólstað, at finna Arnkel son sinn. Arnkell fagnar vel föður sínum, ok spyr at erendum hans. Þórólfr svarar: „Þat er erendi mitt hingat, at ek sé missmíði á, at fæð er með okkr; vilda ek, at nú legðim vit þat niðr, ok tækim upp frændsemi okkra, því at þat er óskaplegt, at vit séim ósáttir, því at mér þætti, sem vit myndim miklir verða hér í heraði við harðfengi þína, enn ráðagerðir mínar“. „Því betr þætti mér“, segir Arnkell, „er fleira væri með okkr“. „Þat vil ek“, sagði

Þórólfr, „at vit hafim upphaf at sættargerð okkarri ok vináttu, at vit heimtim Krákunesskóg af Snorra goða; þykki mér þat verst, er hann skal sitja yfir hlut okkrum, enn hann vill nú eigi lausan láta skóginn fyrir mér ok kallar at ek hafa gefit honum, enn þat er lygð“, segir hann. Arnkell svarar: „Eigi gerðir þú þat til vináttu við mik, er þú fekst Snorra skóginn, ok mun ek eigi gera þat fyrir róg þitt, at deila við Snorra um skóginn; enn veit ek, at hann hefir eigi réttar heimildir á skóginum, enn eigi vil ek, at þú hafir þat fyrir illgirni þína, at gleðjast af deilu okkarri“. „Þat hygg ek“, segir Þórólfr, „at meirr komi þar til lítilmepska, enn þú sparir, at ek henda gaman at deilu ykkarri“. „Haf þú þat fyrir satt, sem þú vill þar um“, segir Arnkell, „enn eigi mun ek svá búit deila um skóg við Snorra“. Við þetta skildu þeir feðgar; fór Þórólfr heim ok unir stórilla sínum hlut, ok þykkist nú eigi sinni ár fyrir borð koma. Þórólfr bægifótr kom heim um kveldit ok mælti við engan mann; hann settist niðr í öndvegi sitt ok mataðist eigi um kveldit; sat hann þar eftir, er menn fóru at sofa. Enn um morguninn, er menn stóðu upp, sat Þórólfr þar enn ok var dauðr. Þá sendi húsfreyja mann til Arnkels, ok bað segja honum andlát Þórólfs; reið þá Arnkell upp í Hvamm, ok nökkurir heimamenn hans; ok er

þeir kómu í Hvamm, varð Arnkell þess viss, at faðir hans var dauðr ok sat í háseti, enn fólk alt var óttafult, því at öllum þótti óþokki á andliti Þórólfs. Gekkk Arnkell nú inn í eldaskálann ok svá inn eftir setjum á bak Þórólfi; hann bað hvern at varast, at ganga framan at honum, meðan honum váru eigi nábjargir veittar; tók Arnkell þá í herðar Þórólfi, ok varð hann at kenna aflsmunar, áðr hann kæmi honum undir; síðan sveipaði hann klæði um höfuð Þórólfi ok bjó um hann eftir síðvana. Eftir þat lét hann brjóta vegginn á bak honum, ok kom honum þar út. Síðan váru yxn fyrir sleða beitt; var þar Þórólfr í lagiðr, ok óku honum upp í Þórsárdal, ok varð þat eigi þrautalaust, áðr hann kom í þann stað, sem hann skyldi vera; dysjuðu þeir Þórólfr þar rammlega. Eftir þat reið Arnkell heim í Hvamm, ok kastaði eign sinni á fé þat alt, er þar stóð saman, ok faðir hans hafði átt; var Arnkell þar þrjár nætr, ok var þessa stund tíðendalaust; fór hann síðan heim.

34. Eftir dauða Þórólfs bægifóts þótti mörgum mönnum verra úti þegar er sólina lægði; enn er á leið sumarit, urðu menn þess varir, at Þórólfr lá eigi þá kyrr; máttu menn þá aldri í friði úti vera þegar er sól settist. Þat var ok með, at yxn þau er Þórólfr var ekinn á, urðu tröllriða, ok alt þat fé, er nær kom dys Þór-

ólfs, þá ærðist þat ok æpti til bana. Smalamaðr í Hvammi kom svá oft heim, at Þórólfr hafði eltan hann. Sá atburðr varð um haustit í Hvammi, at hvárki kom heim smalamaðr né féit, ok um morguninn var leita farit, ok fanst smalamaðr dauðr skamt frá dys Þórólfs; var hann allr kolblár ok lamit í hvert bein; var hann dysjaðr hjá Þórólfi, enn fénaðr allr, sá er verit hafði í dalnum, fanst sumr dauðr, enn sumr hljóp á fjöll, ok fanst aldri. Enn ef fuglar settust á dys Þórólfs, fellu niðr dauðir. Svá gerðist mikill gangr at þessu, at engi maðr þorði at beita upp í dalinn. Oft heyrðu menn úti dunur miklar um nætr í Hvammi; urðu menn þess varir, at oft var riðit skálanum. Ok er vetr kom, sýndist Þórólfr oft heima á bænum, ok sótti mest at húsfreyju; varð ok mörgum mönnum at þessu mein; enn henni sjálfri helt við vitfirring. Svá lauk þessu, at húsfreyja lézt af þeim sökum; var hon ok færð upp í Þórsárdal ok var dysjuð hjá Þórólfi. Eftir þetta stukku menn burt af bænum; tók Þórólfr nú at ganga svá víða um dalinn, at hann eyddi alla bæi í dalnum; svá var ok mikill gangr at aftrgöngum hans, at hann deyddi suma menn, enn sumir stukku undan; enn allir menn, þeir er létust, vóru sénir í ferð með Þórólfi; kærðu menn nú þetta vandkvæði mjök; þótti mönnum Arnkell eiga at ráða bætr á.

Arnkell bauð þeim öllum til sín, er þat þótti vildara enn vera annarsstaðar; enn hvar sem Arnkell var staddr, varð aldri þar mein at Þórólfi ok sveitungum hans. Svá váru allir menn hræddir við aftrgöngur Þórólfs, at engir menn þorðu at fara ferða sinna, þó at erendi ætti, um vetrinn. Enn er af leið vetrinn, váraði vel; ok er þeli var ór jörðu, sendi Arnkell mann inn á Kársstaði eftir Þorbrandssonum, ok bað þá fara til með sér, ok færa Þórólf braut ór Þórsárdal ok leita annars legstaðar. Jafnskylt var öllum mönnum í lögum þeira, at færa dauða menn til graftar, sem nú, ef þeir váru kvaddir. Enn er Þorbrandssynir heyrðu þetta, kváðu þeir sér enga nauðsyn til bera, at leysa vandkvæði Arnkels eða manna hans. Þá svarar Þorbrandr karl: „Þat er nauðsyn“, segir hann, „at fara ferðir þær allar, er mönnum eru lögskyldar, ok eru þér nú þess beiddir, er þér eiguð eigi at synja“. Þá mælti Þóróddr við sendimanninn: „Far þá, ok seg Arnkatli, at ek mun fara ferð þessa fyrir oss bræðr, ok kem ek til Úlfarsfells, ok finnumst þar“. Nú fór sendimaðrinn ok sagði Arnkatli; bjó hann nú ferð sína, ok váru þeir tólf saman; höfðu þeir með sér eyki ok graftól; fóru þeir fyrst til Úlfarsfells, ok fundu þar Þóródd Þorbrandsson, ok váru þeir þrír saman. Þeir fóru upp yfir hálsinn ok kómu í Þórsárdal, ok

til dysjar Þórólfs, brjóta dysina, ok finna Þórólfr þar ófúinn, ok var hann nú enn illilegasti; þeir tóku hann upp ór gröfinni, ok lögðu hann í sleða, ok beittu fyrir tvau sterk yxn, ok drógu hann upp á Úlfarsfellsháls, ok váru þá þrotnir yxnirnir ok teknir aðrir ok drógu hann upp á hálsinn; ætlaði Arnkell, at færa hann inn á Vaðilshöfða ok jarða hann þar; enn er þeir kómu inn á hálsbrúnina, þá ærðust yxnirnir ok urðu þegar lausir ok hljópu þegar af hálsinum fram ok stefndu út með hliðinni fyrir ofan garð at Úlfarsfelli ok þar út til sjóvar ok váru þá sprungnir báðir; enn Þórólfr var þá svá þungr, at þeir fengu þá hvergi komit honum; færðu þeir hann þá á einn flítinn höfða, er þar var hjá þeim, ok jörðuðu hann þar, ok heitir þat síðan Bægifótshöfði. Lét Arnkell síðan leggja garð um þveran höfðann fyrir ofan dysina, svá hávan, at eigi komst yfir nema fugl fljúgandi, ok sér enn þess merki; lá Þórólfr þar kyrr alla stund, meðan Arnkell lifði.

35. Snorri goði lét vinna Krákunesskóg alt at einu, þó at Þórólfr bægifótr hefði um vandat, enn þat fanst á Arnkatli goða, at honum þótti eigi at lögum farit hafa heimildartak á skóginum; þótti honum Þórólfr gert hafa arfsvik í því, er hann hafði fengit Snorra goða skóginn. Þat var eitt sumar, er Snorri sendi þæla sína

at vinna skóginn, ok hjoggu þeir timbr mart ok hlóðu saman, ok fóru heim eftir þat. Enn er timbrit þornaði, lét Arnkell sem hann mundi sækja timbrit, enn þat varð þó eigi; enn þó bað hann smalamann sinn verða varan við, þá er Snorri léti sækja timbrit, ok segja sér. Enn er þurr var viðrinn, sendi Snorri þræla sína þrjá at sækja viðinn; hann fekk til Hauk fylgdarmann sinn at fylgja þrælunum til styrks við þá; fóru þeir síðan ok bundu timbrit á tólf hesta; sneru síðan heim á leið. Smalamaðr Arnkels varð varr við ferð þeira, ok segir Arnkatli; hann tók vápn sín, ok reið eftir þeim, ok gat farit þá út frá Svelgsá milli ok Hóla; ok þegar hann kemr eftir þeim hljóp Haukr af baki, ok lagði til Arnkels með spjóti, kom þat í skjöldinn, ok varð hann eigi sárr. Þá hljóp Arnkell af baki, ok lagði til Hauks með spjóti, ok kom þat á hann miðjan, ok fell hann þar sem nú heitir Hauksá. Ok er þrælarnir sá fall Hauks, tóku þeir á rás, ok hljópu heim á leið, ok elti Arnkell þá alt um Öxnabrekkur; hvarf þá Arnkell aftr, ok rak þá heim með sér viðarhestana; tók af þeim viðinn, lét lausa hestana, ok festi reipin upp á þá; var þeim síðan visat út með fjalli; ganga þá hestarnir til þess er þeir kómu heim til Helgafells; spurðust nú þessi tíðendi; stóð alt kyrt þessi misseri; enn um várit eftir bjó Snorri goði til vigsmálit

Hauks til Þórnessþings, enn Arnkell bjó frumhlaupit til óhelgi Hauki; ok fjölmentu mjök hváirtveggju til þingsins, ok gengu með miklu kappi at þessum málum. Enn þær urðu mála-lyktir, at Haukr varð óheilagr at frumhlaupinu, ok ónýttust mál fyrir Snorra goða, ok riðu við þat heim af þinginu; váru þá dylgjur miklar með mönnum um sumarit.

36. Þorleifr hét maðr. Hann var austfirzkr at ætt, ok hafði orðit sekr um konumál. Hann kom til Helgafells um haustit ok beiddi Snorra goða viðtöku, enn hann veik honum af höndum, ok töluðu þeir mjök lengi áðr hann fór á brott. Eftir þat fór Þorleifr inn á Bólstað ok kom þar um kveld ok var þar aðra nótt. Arnkell stóð upp snemma um morgininn ok negldi saman útihurð sína, enn er Þorleifr reis upp, gekk hann til Arnkels, ok beiddi hann Arnkel viðrtöku. Hann svarar heldr seinlega, ok spyrr ef hann hefir fundit Snorra goða. „Fann ek hann“, segir Þorleifr, „ok vildi hann engan á gera at taka við mér, enda er mér litit um“, segir Þorleifr, „at veita þeim manni fylgd, er jafnan vill sinn hlut láta undir liggja við hvern mann, sem um er at eiga“. „Eigi kemr mér þat í hug“, segir Arnkell, „at Snorri kaupi sínu kaupi betr, þótt hann gefi þér mat til fylgdar“. „Hér vil ek á halda um viðrtökuna, Arnkell, sem þú ert“, segir Þorleifr. „Eigi em ek vanr“,

segir Arnkell, „at taka við utanheraðsmönnum“. Áttust þeir þar við um hríð; helt Þorleifr á um málit, enn Arnkell veik af höndum. Þá boraði Arnkell hurðarokann, ok lagði niðr meðan tálguöxina. Þorleifr tók hana upp ok reiddi skjótt yfir höfuð sér, ok hugði at setja í höfuð Arnkatli. Enn er Arnkell heyrði hvininn, hljóp hann undir höggit, ok hóf Þorleif upp á bringu sér, ok kendi þar afsmunar, því at Arnkell var rammr at afli; feldi hann Þorleif svá mikit fall, at honum helt við óvit, enn öxin hraut ór hendi honum, ok fekk Arnkell hana tekit, ok setti í höfuð Þorleifi, ok veitti honum banasár. Sá orðrómr lagðist á, at Snorri goði hefði þenna mann sendan til höfuðs Arnkatli. Snorri lét þetta mál eigi til sín taka, ok lét hér ræða um hvern þat er vildi, ok liðu svá þau misseri, at eigi varð til tíðenda.

37. Annat haust eftir at vetrnóttum hafði Snorri goði inni haustboð mikit ok bauð til vinum sínum. Þar var öldrykkja ok fast drukkit. Þar var ölteiti mörg; var þar talat um mannjöfnuð ok hvern þar væri göfgastr maðr í sveit eða mestr höfðingi; ok urðu menn þar eigi á eitt sáttir, sem oftast verðr, ef um mannjöfnuð er talat; váru þeir flestir, at Snorri goði þótti göfgastr maðr, enn sumir nefndu til Arnkel; þeir váru enn sumir, er nefndu til Styr. Enn er þeir töluðu þetta, þá svarar þar til Þorleifr

kimbi: „Hví þræta menn um slíka hluti“, segir hann, „er allir menn megu sjá, hversu er?“ „Hvat viltu til segja, Þorleifr“, sögðu þeir, „er þú deilir þetta mál svá mjök brotum?“ „Miklu mestr þykki mér Arnkell“, segir hann. „Hvat finnr þú til þess?“ segja þeir. „Þat er satt er“, segir hann; „ek kalla, at þar sé sem einn maðr, er þeir eru, Snorri goði ok Styrr, fyrir tengda sakir, enn engir liggja heimamenn Arnkels ógildir hjá garði hans, þeir er Snorri hefir drepit, sem Haukr fylgdarmaðr Snorra liggir hér hjá garði hans, er Arnkell hefir drepit“. Þetta þótti mönnum mjök mælt, ok þó satt, þar sem þeir váru komnir, ok fell niðr þetta tal. Enn er menn fóru í brott frá boðinu valdi Snorri gjafir vinum sínum; hann leiddi Þorbrandssonu til skips inn til Raudavíkrhöfða. Ok er þeir skildu, gekk Snorri at Þorleifi kimba ok mælti: „Hér er öx, Þorleifr, er ek vil gefa þér, ok á ek þessa háskæftasta, ok mun hon eigi taka til höfuðs Arnkatli, þá er hann býr um hey sitt á Örlygsstöðum, ef þú reidir heiman til ór Álftafirði“. Þorleifr tók við öxinni ok mælti: „Hugsa þú svá“, segir hann, „at ek mun eigi dvelja, at reida öxina at honum Arnkatli, þá er þú ert búinn at hefna Hauks fylgdarmanns þíns“. Snorri svarar: „Þat þykkist ek eiga at yðr Þorbrandssonum, at þér haldið njósnum, nær færi gefr á Arnkatli, enn

ámælið mér þá, ef ek kem eigi til móts við yðr, ef nökkut má at skapast, ef þér gerið mik varan við“. Skildu þeir við þat, at hvárir-tveggju létust búnir, at ráða Arnkel af lífi, enn Þorbrandssynir skyldu halda njósn um ferðir hans. Snemma vetrar gerði íslög mikil, ok lagði fjörðu alla. Freysteinn bófi gætti sauða í Álftafirði. Hann var settr til at halda njósn-um, ef færi gæfi á Arnkatli. Arnkell var starfsmaðr mikill, ok lét þræla sína vinna alla daga milli sólsetra. Arnkell hafði undir sig bæði löndin, Úlfarsfell ok Örlygsstaði, því at engir urðu til at byggja löndin fyrir ófrelsi Þorbrandssona; enn um vetrinn var þat siðr Arnkels, at flytja heyit af Örlygsstöðum um nætr, er nýlýsi váru, því at þrælarnir unnu alla daga; hirti hann ok eigi, þó at Þorbrandssynir yrði eigi við varir, þá er heyit var fært. Þat var eina nótt um vetrinn fyrir jól, at Arnkell stóð upp um nótt ok vakti þræla sína þrjá, ok hét einn Ófeigr. Arnkell bóndi fór með þeim inn á Örlygsstaði; þeir höfðu fjögr yxn ok tvá sleða með. Þorbrandssynir urðu varir við ferð þeira, ok fór Freysteinn bófi þegar um nótt út til Helgafells eftir ísnum, ok kom þar er menn höfðu í rekkju verit um hrið. Hann vakti upp Snorra goða. Snorri spyrr, hvat hann vill. Hann svarar: „Nú er örninn gamli floginn á æzlit á Örlygsstaði“. Snorri stóð upp, ok bað

menn klæðast. Ok er þeir váru klæddir, þá tóku þeir vápn sín, ok fóru níu saman inn eftir ísnum til Álftafjarðar; ok er þeir koma inn í fjarðarbotninn, kómu Þorbrandssynir til móts við þá sex saman; fóru þeir síðan upp til Örlýgsstaða, ok er þeir kómu þar, þá hafði þrællinn einn heim farit með heyhlassit, enn þeir Arnkell váru þá at gera annat. Þá sá þeir Arnkell, at menn vápnaðir fóru frá sjó neðan; ræddi Ófeigr um, at ófriðr mundi vera, — „ok er sá einn til, at vit farim heim“. Arnkell svarar: „Hér kann ek gott ráð til, því at hér skulu gera hvárir þat er betra þykkir: þit skuluð hlaupa heim ok vekja fylgdarmenn mína, ok munu þeir koma skjótt til móts við mik, enn hér er vígi gott í stakkgarðinum, ok mun ek heðan verjast, ef þetta eru ófriðarmenn, því at mér þykkir þat betra enn renna; mun ek eigi skjótt verða sótt; munu mínir menn koma skjótt til móts við mik, ef þit rekið drengilega erendit“. Ok er Arnkell hafði þetta mælt, hófu þrælarnir á rás; varð Ófeigr skjótari; hann varð svá hræddr, at hann gekk nálega af vitinu, ok hljóp í fjall upp ok þaðan í fors einn ok týndist, ok heitir þar Ófeigsfors. Annarr þræll hljóp heim á bæinn, ok er hann kom til hlöðunnar, var þar fyrir lögunautr hans, ok bar inn heyit. Hann kallar á þann þrælinn er hljóp, at hann skyldi leggja inn heyit at hon-

um, enn þat fanst á, at þrælnum var verkit eigi leitt, ok fór hann til með honum. — Nú er at segja frá Arnkatli, at hann kendi ferð þeira Snorra goða; þá reif hann meiðinn undan sledanum ok hafði upp í stakkgarðinn með sér. Garðrinn var mjök hár utan enn vaxinn mjök upp innan; ok var þat gott vígi; hey var í garðinum ok váru teknir á garðsetar; enn er þeir Snorri kómu at garðinum, þá er eigi getit at þeir hefðist orð við, ok veittu þeir honum þegar atgöngu ok mest með spjóta-lögum, enn Arnkell laust af sér með meiðnum, ok gengu mjök í sundr spjótsköftin fyrir þeim, enn Arnkell varð eigi sárr. Enn er þeir höfðu látit skotvápnin, þá rann Þorleifr kimbi at garðinum, ok hljóp upp á garðinn með brugðit sverð, enn Arnkell laust sledmeiðnum í mót honum, ok lét Þorleifr þá fallast undan högginu út af garðinum, enn meiðrinn kom á garðinn, ok gekk ór garðinum upp fyrir jarðartorfa frosin, enn sledmeiðrinn brotnaði í fjötrarraufinni, ok hraut annarr hlutrinn út af garðinum. Arnkell hafði reist við heyit sverð sitt ok skjöld; tók hann þá upp vápn sín ok varðist með þeim; varð honum þá skeinisamt; kómust þeir þá upp í garðinn at honum, enn Arnkell hljóp upp á heyit ok varðist þaðan um hríð; enn þó urðu þær málalyktir, at Arnkell fell, ok huldu þeir hann í garðinum með heyi. Eftir þetta

fóru þeir Snorri heim til Helgafells. Um dráp Arnkels kvað Þormóðr Trefilsson vísu þessa:

(26) Fekk hinn folkrakki,
 — fegrðist ungr sigri,
 Snorri sárorra
 sverði gnógs verðar.
 Laust í lífs köstu
 leifa má-reifir
 unda gjalfrs eldi,
 es hann Arnkel feldi.

Nú er at segja frá þrælunum Arnkels, at þeir gengu inn, þá er þeir höfðu heyit inn borit, ok fóru af skinnstökkum sínum. Þá vöknudu fylgdarmenn Arnkels, ok spurðu hvar hann var. Þá var sem þrællinn vaknaði af svefni ok svarar: „Dat er satt“, segir hann, „hann mun berjast inn á Örlygsstöðum við Snorra goða“. Þá hljópu menn upp ok klæddust, ok fóru sem skyndilegast inn á Örlygsstaði ok fundu Arnkel bónda dauðan, ok var hann öllum mönnum mjök harmdauði, því at hann hefir verit allra manna bezt at sér um alla hluti í fornum sið, ok manna vitrastr, vel skapi farinn, hjartaprúðr, ok hverjum manni djarfari, einarðr ok allvel stiltr; hafði hann ok jafnan enn hærra hlut í málaferlum, við hverja sem skifta var; fekk hann af því öfundsamt, sem nú kom fram. Tóku þeir nú lík Arnkels ok bjoggu um ok færðu til graftar. Arnkell var lagðr í haug

við sjóinn út við Vaðilshöfða, ok er þat svá víðr haugr sem stakkgarðr mikill.

38. Eftir víg Arnkels váru konur til erfðar ok aðildar, ok var fyrir því eigi svá mikill reki at gerr um vígit, sem ván mundi þykkja um svá göfgan mann; enn þó var sæzt á vígit á þingi, ok urðu þær einar mannsektir, at Þorleifr kimbi skyldi vera utan þrjá vetr, því at honum var kent banasár Arnkels. Enn með því, at eftirmál varð eigi svá sæmilegt, sem líklegt þótti um svá mikinn höfðingja sem Arnkell var, þá færðu landsstjórnarmenn lög þau, at aldri síðan skyldi kona vera sakaraðili um vígsmál, né yngri karlmaðr enn sextán vetra, ok hefir þat haldizt jafnan síðan.

39. Þorleifr kimbi tók sér fari um sumarit með kaupmönnum þeim er bjoggust í Straumfirði ok var hann í sveit með stýrimönnum. Þat var þá kaupmanna siðr, at hafa eigi mat-sveina, enn sjálfir mótunautar hlutuðu með sér, hverr búðarvörð skyldi halda dag frá degi; þá skyldu ok allir skiparar eiga drykk saman, ok skyldi ker standa við siglu, er drykkurinn var í, ok lok yfir kerinu, enn sumr drykkur var í verplum, ok var þaðan bætt í kerit, svá sem ór var drukkit. Enn er þeir váru mjök búnir, þá kom þar maðr á búðarhamar; þessi maðr var mikill vexti ok hafði byrði á baki; sýndist mönnum hann nökkut undarlegr; hann spyrr at

stýrimanni, ok var honum vísat til hans búðar; hann lagði af sér baggann hjá búðardyrum ok gekk síðan í búðina. Hann spyr, ef stýrimaðr vildi veita honum far um hafit. Þeir spurðu hann at nafni, enn hann nefndist Arnbjörn, son Ásbrands frá Kambi, ok kvaðst vilja fara utan ok leita Bjarnar, bróður síns, er utan hafði farit fyrir nökkurum vetrum, ok hafði eigi til hans spurzt síðan hann fór til Danmerkr. Austmenn sögðu, at þá var bundinn búlki, ok þóttust eigi leysa mega. Hann lézt eigi hafa fararefni meiri, enn liggja megi á búlka. Enn með því at þeim þótti honum nauðsyn á ferðinni, þá tóku þeir við honum, ok var hann einn saman í mötuneyti, ok bjó á þiljum frammi. Í bagga hans váru þrjú hundruð vaðmála ok sjö vararfeldir ok farnest hans. Arnbjörn var liðgóðr ok oflétr, ok virðist kaupmönnum hann vel. Þeir fengu hæga útivist ok kómu við Hörðaland ok tóku þar útsker eitt. Þeir bjoggu þar mat sinn á landi. Þorleifr kimbi hlaut búðarvörð, ok skyldi gera graut. Arnbjörn var á landi ok gerði sér graut; hafði hann búðarkefil, þann er Þorleifr skyldi hafa síðan. Gekk Þorleifr þá á land upp ok bað Arnbjörn fá sér kefilinn, enn hann hafði þá enn eigi þafðan sinn graut ok hrærði þá enn í katlinum; stóð Þorleifr yfir honum uppi. Þá kölluðu austmenn af skipinu, at Þorleifr skyldi matbúa, sögðu

Þorleif mjök islenskan fyrir tómlæti sitt. Þá varð Þorleifi skapfátt, ok tók ketilinn, enn steypiti niðr grautinum. Þorleifr sneri á brott síðan með ketilinn. Arnbjörn helt á þvörunni, ok laust með henni til Þorleifs, ok kom á hálsinn; þat var lítit högg; enn með því at grautrin var heitr, þá brann Þorleifr á hálsinum. Hann mælti: „Eigi skulu Noregsmenn at því hlæja, með því at vit erum hér komnir tveir islenskir menn, at þeir þurfi at draga okkr í sundr sem hunda, enn minnast skal þessa, þá er vit erum á Íslandi“. Arnbjörn svarar engu. Lágu þeir þar fár nætr, áðr þeim byrjaði at landi inn, ok skipuðu þar upp. Vistaðist Þorleifr þar, enn Arnbjörn tók sér fari með byrðingsmönnum nökkurum austr til Víkr, ok þaðan til Danmerkr, at leita Bjarnar bróður síns.

40. Þorleifr kimbi var tvá vetr í Noregi ok fór síðan til Íslands með sömu kaupmönnum ok hann fór utan; kómu þeir í Breiðafjörð ok tóku Dögurðarnes; fór Þorleifr heim í Álftafjörð um haustit, ok lét vel yfir sér sem vandi hans var til. Þat sama sumar kómu þeir bræðr út í Hraunhafnarósi, Björn ok Arnbjörn. Björn var síðan kallaðr Breiðvíkingakappi; hafði Arnbjörn þá góða penninga út haft, ok keypti hann þegar um sumarit, er hann kom út, land á Bakka í Hraunhöfn, ok gerði þar bú um várit eftir. Hann var um vetrinn á Knerri með Þórði blýg,

mági sínum. Arnbjörn var engi áburðarmaðr ok fámáligr um flesta hluti, enn hann var þó enn gildasti karlmaðr um alla hluti. Björn bróðir hans var áburðarmaðr mikill, er hann kom út, ok helt sik vel, því at hann hafði samit sik eftir sið útlenzkra höfðingja; var hann maðr miklu fríðari enn Arnbjörn, enn í engu var hann ógildari maðr, enn reyndr miklu meir í framgöngu, er hann hafði framit sik utanlands. Um sumarit, þá er þeir váru nýkomnir út, var stefnt fjölment mannamót fyrir norðan heiðina undir Haugabrekkum, inn frá Fróðárósi, ok riðu þeir (til) kaupmennirnir allir í litklæðum. Ok er þeir koma til mannamótsins, var þar mart manna fyrir; þar var Þuríðr hús-freyja frá Fróðá, ok gekk Björn til tals við hana, ok lagði engi maðr þat til orðs; þótti mönnum at vánum, at þeim yrði hjaldrjúgt, svá langt sem í milli funda hafði verit. Þar urðu áverkar með mönnum um daginn. Þar var særðr til ólifis maðr þeira norðanmanna, ok var hann borinn undir hrísrunn einn, er stóð á eyrinni, ok hljóp blóð mikit ór sárinu, ok stóð blóðtjörn í runninum. Þar var sveinninn Kjartan, son Þuríðar frá Fróðá; hann hafði öxi litla í hendi; hann hljóp at runninum, ok laugaði öxina í blóðinu. Enn er þeir Heiðsynningar riðu suðr af mannamótinu, spyrir Þórðr blýgr, hversu á horfist um tal með þeim

Þuríði at Fróða. Björn lét vel yfir. Þá spurði Þórðr, hvárt hann hefði sét um daginn sveininn Kjartan, son þeira Þórodds allra saman. „Sá ek hann“, segir Björn. „Hvern veg leizt þér á hann?“ segir Þórðr. Þá kvað Björn vísu þessa:

(27) Sásk hvar rann í runni
 runnr at Fenris brunni
 ægilegr í augum
 iðglíki menbrikar.
 Láta þeygi þrjótar
 þat barn vita Marnar
 hesta hleypi rastar
 hlunnis sinn föður kunna.

Þórðr mælti: „Hvat mun Þóroddr nú til segja, hvárr ykkarr eiga mun sveininn?“ Þá kvað Björn vísu:

(28) Þá mun þöll hin mjóva
 Þórodds aðalbjóra
 — fold unni mér falda
 fannhvít — getu sanna,
 ef áttgöfig ætti
 auðbrik sonu glíka
 — enn emk gjarn til Gunnar
 gjalfrelða — mér sjalfum.

Þórðr mælti: „Þat mun þá vera yðar ráð, at eigast fátt við, ok snúa frá hug sínum þar sem Þuríðr er“. „Þat mun vera gott ráð“, segir Björn, „enn firr er þat mínu skapi, þó at við nökkurn mannamun sé at eiga, þar sem Snorri er, bróðir hennar“. „Þú sér nú ráð

fyrir þér“, segir Þórðr. Ok skildi þar talit með þeim. Björn fór um vetrinn heim til Kambs, ok tók þar bústjórn, því at faðir hans var þá andaðr. Hann hóf ferð sína um vetrinn yfir heiði norðr at hitta Þuríði. Enn þó at Þór-oddi þætti þat illa, þá þótti honum sér óhægt vera bætr á at ráða; taldi þat í hug sér, hversu hart hann hafði af fengit, þá er hann hafði um vandat hagi þeira, enn hann sá, at Björn var nú miklu kraftameiri enn fyrr. Þóroddr keypti um vetrinn at Þorgrímu galdrakinn, at hon skyldi gera hriðviðri at Birni, þá er hann færi um heiðina. Þat var einn dag, at Björn fór til Fródár, ok um kveldit er hann bjóst heim at fara, var þykt veðr ok regn nökkut, ok var hann heldr siðbúinn. Enn er hann kom upp á heiðina, kólnaði veðrit ok dreif; var þá svá myrkt, at hann sá eigi leiðina fyrir sér. Eftir þat laust á hrið, með svá miklu hreggi, at hann fekk varla stýrt sér; tók þá at frysta at honum klæðin, er hann var áðr alvátr; fór hann þá ok svá villr, at hann vissi eigi hvert hann horfði. Hann hitti um nóttina hellisskúta einn ok fór þar inn í, ok var þar um nóttina ok hafði kalda búð. Þá kvað Björn:

(29) Mundit Hlín um byggja
 hafleygjjar vel þeygi,
 sús berr — í vrá viðá —
 váðir, mínu ráði,

ef eld-Njörunn öldu
 einn vissi nú steina
 hirðipoll í helli
 hafvigg's kalinn liggja.

Ok enn kvað hann:

(30) Sýlda skar ek svanaföld
 súdum, því at gœi-brúðr
 ástum leiddi oss fast —
 austan — með hlaðit flaust. —
 Viða gat ek vásbúð —
 viglundr nú um stund
 helli byggir hugfullr
 — hingat — fyrir konu bing.

Björn var úti þrjú dægr í hellinum, áðr
 upp létti hriðinni, enn þá kom hann af heið-
 inni hit fjórða dægrit ok kom þá heim til
 Kambs. Hann var þrekaðr mjök; spurðu heima-
 menn hann, hvar hann hefði verit um veðrin.
 Björn kvað:

(31) Spurdusk vár und vörðum
 verk Styrbjarnar merkjum;
 iarnfaldinn hlóð öldum
 Eiríkr í dyu geira.
 Nú trað ek hauðr um heiði
 hundvillr, þvít fat illa
 víða braut, í váttri
 vífs gørninadrífu.

Björn var nú heima um vetrinn. Um vár-
 it gerði Arnbjörn, bróðir hans, bú á Bakka í
 Hraunhöfn, enn Björn bjó at Kambi, ok hafði
 rausnarbú mikit.

41. Vár þetta hit sama á Þórsnessþingi hóf

Þorleifr kimbi bónorð sitt, ok bað Helgu Þorlákssdóttur á Eyri, systur Steinþórs á Eyri, ok ok gekk mest með þessu Þormóðr, bróðir hennar; hann átti Þorgerði Þorbrandsdóttur, systur Þorleifs kimba. Enn er þetta mál kom til Steinþórs, tók hann því seinlega, ok veik nökkut til ráða bræðra sinna; gengu þeir þá til Þórðar blýgs. Ok er þetta mál kom fyrir hann, svarar hann svá: „Eigi mun ek þessu máli skjóta til annarra manna; má ek hér verða skörungr, ok er þat þér at segja, Þorleifr, hér af, at fyrr skulu grónir grautardílarnir á hálsi þér, þeir er þú brant, þá er þú vart barðr fyrir þrem vetrum í Noregi, enn ek myna gifta þér systur mína“. Þorleifr svarar: „Eigi veit ek hvers þar verðr um auðit, enn hvárt sem þess verðr hefnt eða eigi“, segir hann, „þá munda ek þat vilja, áðr enn liði þrír vetr, at þú værir barðr“. Þórðr svarar: „Óhræddr sit ek fyrir hótum þeim“. Um morgininn eftir höfðu þeir torfleik hjá búð Þorbrandssona, ok þar ganga þeir hjá Þorlákssynir; ok er þeir fóru framhjá, flaug sandtorfa ein mikil, ok kom undir hnakka Þórði blýg; var þat högg svá mikit, at fótunum kastaði fram yfir höfuðit. Enn er hann stóð upp, sá hann at Þorbrandssynir hlógu at honum mjök. Sneru Þorlákssynir þá þegar aftr, ok brugðu sverðum; hljópu þeir þá í mót ok börðust þegar. Þá urðu nökkurir menn sárir,

enn engi lézt. Steinþórr hafði eigi við verit; hafði hann talat við Snorra goða. Enn er þeir váru skildir, var leitast um sættir, ok varð þat at sætt, at þeir Snorri ok Steinþórr skyldi gera um; var jafnat sárum manna ok frumhlaupum, enn bættr skakki; ok váru allir kallaðir sáttir, er heim riðu.

42. Þetta sumar kom skip í Hraunhafnarós, enn annat í Dögurðarnes. Snorri goði reið til skips í Hraunhöfn ok reið heiman við fimtánda mann. Enn er þeir koma suðr yfir heidina í Dufgusdal, hleyptu þar eftir þeim sex menn alvápnaðir; váru þar Þorbrandssynir. Snorri spyr, hvert þeir ætla at fara. Þeir kváðust fara skyldu til skips í Hraunhafnarós. Snorri kvaðst mundu lúka erendum þeira, enn bað þá fara heim ok glettast eigi við menn; kallar oft lítit þurfa til með þeim mönnum, er ádr var fátt í meðal, ef fundi bæri saman. Þorleifr kimbi svarar: „Eigi skal þat spyrjast, at vér þorim eigi at riða um sveitir fyrir þeim Breiðvíkingum, enn vel máttu heim riða, ef þú þorir eigi at riða leið þína, þó at þú eigir erendi“. Snorri svarar engu. Riðu þeir síðan út yfir hálsana, ok svá út til Hofgarða, ok þaðan út um sanda með sjó; ok er þeir kómu mjök út at ósinum, riðu Þorbrandssynir frá þeim ok upp at Bakka, ok er þeir kómu at bænum, hljópu þeir af baki ok ætludu inn at ganga, ok fengu

eigi upp brotit hurðina; hljópu þeir þá upp á húsinn ok tóku at rjúfa. Arnbjörn tók vörn sín, ok varðist innan ór húsunum; lagði hann út í gegnum þekjuna, ok varð þeim þat skeinisamt. Þetta var snemma um morguninn ok var veðr bjart. Þenna morgun höfðu Breiðvíkingar staðit upp snemma ok ætluðu at riða til skips; enn er þeir kómu inn fyrir Öxlina, sá þeir at maðr var í skrudklæðum á húsum uppi á Bakka; enn þeir vissu, at þat var eigi búnaðr Arnbjarnar. Tóku þeir þá at gæða reiðina ok sneru þeir Björn þá þangat ferð sinni. Enn er Snorri goði vissi, at Þorbrandssynir höfðu frá riðit föruneyti hans, þá reið hann eftir þeim. Ok er þeir kómu á Bakka, vóru þeir sem óðastir at rjúfa húsinn, ok þá bað Snorri þá frá hverfa, ok gera engan ófrið í sínu föruneyti; ok með því, at þeim hafði eigi tekizt inngangan, þá gáfu þeir upp atsóknina sem Snorri bað, ok riðu síðan til skips með Snorra. Breiðvíkingar kómu til skips um daginn, ok gengu hvárir með sínum flokki; vóru þá miklar dylgjur ok viðsjár með þeim, enn hvárigir leituðu á aðra; vóru Breiðvíkingar fjölmennari í kaupstefnunni. Snorri goði reið um kveldit suðr í Hofgarða; þar bjó þá Björn ok Gestr, son hans, faðir Hofgarða-Refs. Þeir Björn Breiðvíkingakappi buðu Arnbirni at riða eftir þeim Snorra, enn Arnbjörn vildi þat eigi, ok kvað nú hafa skyldu

hvárir þat er fengit hafa. Þeir Snorri riðu heim um daginn eftir ok undu Þorbrandssynir nú sínum hlut verr enn áðr. Tók nú at liða á haustit.

43. Þorbrandr bóndi í Álftafirði átti þræl þann er Egill sterki hét; hann var manna mestr ok sterkast, ok þótti honum ill ævi sín, er hann var ánauðigr, ok bað oft Þorbrand ok sonu hans, at þeir gæfi honum frelsi, ok bauð þar til at vinna slíkt er hann mátti. Þat var eitt kveld, er Egill gekk at sauðum í Álftafirði út til Borgardals; ok er á leið kveldit, sá hann at örn flaug vestan yfir fjörðinn. Dýrhundur mikill fór með Agli; örninn lagðist at hundinum ok tók hann í klær sér, ok flaug vestr aftr yfir fjörðinn á dys Þórólfs bægifóts, ok hvarf þar undir fjallit. Þenna fyrirburð kvað Þorbrandr vera mundu fyrir tíðendum. Þat var siðr Breiðvíkinga um haustum, at þeir höfðu knattleika um vetrnáttafkeið undir Öxlinni suðr frá Knerri; þar heita síðan Leikskálavellir; ok sóttu menn þangat um alla sveitina; váru þar gervir leikskálar miklir; vistuðust menn þangat, ok sátu þar hálfan mánuð eða lengr; var þar þá gott mannval um sveitina, ok byggð mikil, ok flestir hinir yngri menn at leikum, nema Þórðr blýgr; hann mátti eigi at vera fyrir kapps sakir, enn eigi var hann svá sterkr, at hann mætti eigi fyrir þá sök at vera;

sat hann á stóli, ok sá á leikinn. Þeir bræðr, Björn ok Arnbjörn, þóttu eigi at leiknum hæfir fyrir afss sakir, nema þeir lékist við sjálfir. Þetta sama haust ræða Þorbrandssynir við Egil þræl sinn, at hann skal fara út til knattleikanna, ok drepa nökkurn af Breiðvíkingum, Björn eða Þórð eða Arnbjörn, með nökkuru móti, enn síðan skal hann hafa frelsi. Þat er sumra manna sögn, at þat væri gert með ráði Snorra goða, ok hafi hann svá fyrir sagt, at hann skyldi vita, ef hann mætti leynast inn í skálann, ok leita þaðan til áverka við menn, ok bað hann ganga ofan skarðit, þat er upp er frá Leikskálum, ok ganga þá ofan, er máleldar væri gervir, því at hann sagði þat mjök far veðranna, at vindar lögðust af hrauninu um kveldum, ok helt þá reykinum upp í skarðit, ok bað hann þess bíða um ofangönguna, er skarðit fylti af reyk. Egill réðst til ferðar þessarrar, ok fór fyrst út um fjörðu, ok spyrr at sauðum Álftfirðinga ok lét sem hann væri í eftirleit; enn á meðan hann væri í þessi ferð, skyldi Freysteinn bófi gæta sauða í Álftafirði. Um kveldit er Egill var heiman farinn, gekk Freysteinn at sauðum vestr yfir ána, ok er hann kom á skriðu þá er Geirvör heitir, er gengr ofan fyrir vestan ána, þá sá hann mannshöfuð laust óbúlit. Höfuðit kvað stöku þessa:

(32) Roðin es Geirvör
gunna blóði,
hon mun hylja
hausa manna.

Hann sagði Þorbrandi fyrirburðinn, ok þótti honum vera tíðenda-vænlegt. Þat er at segja af ferð Egils, at hann fór út um fjörðu, ok upp á fjall fyrir innan Búlandshöfða, ok svá suðr yfir fjallit, ok stefndi svá, at hann gekk ofan í skarðit at Leikskálum; leyndist hann þar um daginn, ok sá til leiksins, Þórðr blýgr sat hjá leikinum; þá mælti hann: „Þat veit ek eigi, hvat ek sé upp í skarðit, hvárt þar er fugl eða leynist þar maðr, ok kemr upp stundum; kvikt er þat“, segir hann, „þykki mér ráð, at um sé forvitnast“. Engi maðr sá þetta annarra, ok varð því ekki at leitast. Þenna dag hlutu þeir búðarvörð, Björn Breiðvikingakappi ok Þórðr blýgr. ok skyldi Björn gera eld, enn Þórðr taka vatn. Ok er eldrinn var gerr, lagði reykinn upp í skarðit, sem Snorri hafði getit til; gekk Egill þá ofan eftir reykinum ok stefndi til skálans. Þá var enn eigi lokit leiknum, enn dagrinn var mjök áliðinn, ok tóku eldarnir mjök at brenna, enn skálinn var fullr af reyk; ok stefnir Egill þangat ok hafði stirðnat mjök á fjallinu, ok síðan legit eftir í skarðinu. Egill hafði skúfaða skópvengi, sem þá var síðr til, ok hafði losnat annarr

þvengrinn ok dragnaði skúfrinn; gekk þrællinn þá inn í forhúsit; enn er hann gekk í aðalskálann, vildi hann fara hljóðlega, því at hann sá at þeir Björn ok Þórðr sátu við eld, ok ætlaði Egill nú á lítilli stundu at vinna sér til ævinlegs frelsis. Ok er hann vildi stiga yfir þresköldinn, þá steig hann á þvengjarskúfann þann er dragnaði; ok er hann vildi hinum fætinum fram stiga, þá var skúfrinn fastr, ok af því reiddi hann til falls, ok fell hann innar á gólfít; varð þat svá mikill dynkr, sem nausbúk flegnum væri kastað niðr á gólfít. Þórðr hljóp upp, ok spurði hvat fjánda þar færi. Björn hljóp ok upp, ok at honum, ok fekk tekit hann áðr hann komst á fætr ok spyrr, hvern hann væri. Hann svarar: „Egill er hér, Björn félagi“, sagði hann. Björn spurði: „Hvern er Egill þessi?“ „Þetta er Egill ór Álftafirði“, segir hann. Þórðr tók sverð, ok vildi höggva hann. Björn tók þá Þórð, ok bað hann eigi svá skjótt höggva manninn, — „viljum vér áðr hafa af honum sannar sögur“. Lét Þórðr þá heftast. Settu þeir þá fjötur á fætr Agli. Enn um kveldit er menn kómu heim til skála, segir Egill, svá at allir menn heyrðu, hversu ferð hans hafði ætluð verit; sat hann þar um nóttina, enn um morgininn leiddu þeir hann upp í skarðit — þat heitir nú Egilsskarð, — ok drápu hann þar. Þat váru lög í þann tíma, ef

maðr drap þræl fyrir manni, at sá maðr skyldi færa heim þrælsgjöld, ok hefja ferð sína fyrir hina þriðju sól eftir víg þrælsins; þat skyldu vera tólf aurar silfrs. Ok ef þrælsgjöld váru at lögum færð, þá var eigi sókn til um víg þrælsins. Eftir víg Egils tóku Breiðvíkingar þat ráð, at færa þrælsgjöld at lögum, ok völdu þrjátíu manna þaðan frá Leikskálum, ok var þat einvalalið. Þeir riðu norðr um heiði ok gistu um nótt á Eyri hjá Steinþóri; réðst hann þá til ferðar með þeim; váru þeir þaðan á ferð sextíu manna, ok riðu inn um fjörðu, ok váru aðra nótt á Bakka at Þormóðar, bróður Steinþórs. Þeir kvöddu þá Styr ok Vermund, frændr sína, til þessar ferðar ok váru þá saman átta tíu manna. Þá sendi Steinþórr mann til Helgafells, ok vildi vita, hvat Snorri goði tæki til ráða, er hann spurði liðsafnaðinn. Enn er sendimaðrinn kom til Helgafells, sat Snorri goði í öndugi sínu, ok var þar engi breytni á hýbýlum; varð sendimaðr Steinþórs engra tíðenda viss, hvat Snorri ætlaðist fyrir. Enn er hann kom út á Bakka, segir hann Steinþóri, hvat tíðenda var at Helgafelli. Steinþórr svarar: „Þess var ván, at Snorri mundi þola mönnum lög; ok ef hann ferr eigi inn til Álftafjarðar, þá sé ek eigi, til hvers vér þurfum liðsfjölda þenna, því ek vil, at menn fari spaklega, þó vér haldim málum vorum til laga; sýnist mér

ráð, Þórðr frændi“, segir hann, „at þér Breiðvíkingar sétt hér eftir, því at þar mun minnst til þurfa, at í komi með ykkur Þorbrandssonum“. Þórðr svarar: „Þat er víst, at ek skal fara, ok skal Þorleifr kimbi eigi eiga at því at spotta, at ek þora eigi at færa þrælsgjöld“. Þá mælti Steinþórr til þeira bræðra, Bjarnar ok Arnbjarnar: „Þat vil ek“, segir hann, „at þitt sétt eftir með tuttugu menn“. Björn svarar: „Eigi mun ek keppast til fylgdar við þik meir enn þér þykkir hæfilegt, enn eigi hefi ek þar fyrr veritt, at ek hafa liðrækr veritt gerr; hygg ek“, segir hann, „at yðr verði Snorri goði djúpsær í ráðunum, enn eigi em ek framsýnn“, sagði Björn, „enn þat er hugboð mitt, at þar komi í þessi ferð, at þér þykki þínir menn eigi ofmargir, áðr enn vér finnumst næst“. Steinþórr svarar: „Ek skal gera ráð fyrir oss meðan ek em hjá, þó ek sé eigi svá djúpsær sem Snorri goði“. „Mega skaltu þat, frændi, fyrir mér“, segir Björn. Eftir þetta riðu þeir Steinþórr brott af Bakka nær sextíu manna inn eftir Skeiðum til Drápuhlíðar, ok inn yfir Vatnshálshöfða ok um þveran Svelgsárdal, ok stefndu þaðan inn á Úlfarsfellsháls.

44. Snorri goði hafði sent nábúum sínum orð, at þeir skyldu flytja skip sín undir Rauðavíkrhöfða; fór hann þegar þangat með heimamenn sína, er sendimaðr Steinþórs var farinn

brott; enn því fór hann eigi fyrr, at hann þóttist vita, at maðrinn mundi sendr vera at njósna um athafnir hans. Snorri fór inn eftir Álftafirði þrennum skipum, ok hafði nær fimmtíu manna, ok kom hann fyrr á Kársstaði enn þeir Steinþórr. Enn er menn sá ferð þeira Steinþórs af Kársstöðum, þá mæltu Þorbrandssynir, at þeir skyldu gera í móti þeim, ok láta þá eigi ná at koma í túnit, — „því at vér höfum lið mikit ok frítt“. Þar váru áttatíu manna. Þá svarar Snorri goði: „Eigi skal þeim verja bæinn, ok skal Steinþórr ná lögum, því at hann mun vitrlega ok spaklega fara með sínu máli; vil ek at allir menn sé inni, ok takist engum orðum á, svá at af þeim aukist vandræði manna“. Eftir þat gengu allir inn í stofu, ok settust í bekki, enn Þorbrandssynir gengu um gólf. Þeir Steinþórr riðu at dyrum ok er svá frá sagt, at hann væri í rauðum kyrtli, ok hafði drepit upp fyrir blöðunum undir beltit; hann hafði fagran skjöld ok hjálm, gyrdr sverði; þat var forkunnlega búit; hjöltin váru hvít fyrir silfri, ok vafiðr silfri meðalkaffinn ok gyldar listur á. Þeir Steinþórr stigu af hestum sínum, ok gekk hann upp at dyrum, ok festi á hurðarklofann sjóð þann er í váru 12 aurar silfrs. Hann nefndi þá vátta, at þrælskjöld váru þá at lögum færð. Hurðin var opin, enn heimakona ein var í dyrunum, ok heyrði vátta-

nefnuna; gekk hon þá í stofu ok mælti: „Þat er bæði“, sagði hon, „at hann Steinþórr af Eyri er drengilegr, enda mæltist honum vel, er hann færði þrælskjöldin“. Ok er Þorleifr kimbi heyrði þetta, þá hljóp hann fram, ok aðrir Þorbrandssynir, ok síðan gengu fram allir þeir er í stofunni váru. Þorleifr kom fyrstr í dyrnar, ok sá, at Þórðr blýgr stóð fyrir dyrum ok hafði skjöld sinn, enn Steinþórr gekk þá fram í túnit. Þorleifr tók spjót, er stóð í dyrunum, ok lagði til Þórðar blýgs, ok kom lagit í skjöldinn, ok rendi af skildinum í öxlina, ok var þat mikit sár. Eftir þat hljópu menn út; varð þar bardagi í túninu. Steinþórr var hinn ákafasti, ok hjó til beggja handa; ok er Snorri goði kom út, bað hann menn stöðva vandræðin, ok bað þá Steinþór riða brott af túninu, enn hann kvaðst eigi mundu láta eftir fara. Þeir Steinþórr fóru ofan eftir vellinum, ok skildi þá fundinn. Enn er Snorri goði gekk heim at dyrum, stóð þar fyrir honum Þórøddr, son hans, ok hafði mikit sár á öxlinni; hann var þá tólf vetra. Snorri spurði, hvern hann hefði særðan. „Steinþórr af Eyri“, sagði hann. Þorleifr kimbi svarar: „Nú launaði hann þér maklega, er þú vildir eigi eftir honum láta fara; er þat nú mitt ráð, at vér skilim eigi við þetta“. „Svá skal ok nú vera“, segir Snorri goði, „at vér skulum eigast fleira við“. Bað hann Þorleif nú

segja mönnum, at eftir þeim skyldi fara. Þeir Steinþórr váru komnir ofan af vellinum, er þeir sá eftirreiðina; fóru þeir þá yfir ána ok sneru síðan upp í skriðuna Geirvör, ok bjoggust þar fyrir, því at þar var vígi gott fyrir grjóts sakir. Enn er flokkurinn Snorra gekk neðan skriðuna, þá skaut Steinþórr spjóti at fornum sið til heilla sér yfir flokk Snorra, enn spjótit leitaði sér staðar, ok var fyrir Már frændi Snorra, ok varð hann þegar óvigr. Ok er þat var sagt Snorra goða, þá svarar hann: „Gott er at þat sýnist“, sagði hann, „at eigi er jafnan bezt at ganga síðast“. Eftir þetta tókst þar bardagi mikill; var Steinþórr í öndverðum flokki sínum, ok hjó á tvær hendr, enn sverðit hans hit búna dugði eigi, er þat kom í hlifarnar, ok brá hann því oft undir fót sér. Hann sótti þar mest at, sem fyrir var Snorri goði. Styrr Þorgrímsson sótti hart fram með Steinþóri, frænda sínum; varð þat víg fyrst, at hann drap mann ór flokki Snorra mágs síns. Ok er Snorri goði sá þat, mælti hann til Styr: „Svá hefnir þú Þórodds, dóttursonar þíns, er Steinþórr hefir særðan til ólifis, ok eigi ertu meðalníðingr?“ Styrr svarar: „Þetta fæ ek skjótt bætt“. Skifti hann þá um sínum skildi ok gekk í lið með Snorra goða, ok drap annan mann ór liði Steinþórs. Í þenna tíma kómu þeir at fedgar ór Langa-dal, Áslákr ok Illugi rammi, son hans, ok leit-

uðu meðalgöngu; þeir höfðu þrjátíu manna. Gekk þá Vermundr hinn mjóvi í lið með þeim; beiddu þeir þá Snorra goða, at hann léti stöðvast manndrápin. Snorri bað Eyrbyggja þá ganga til griða. Þá báðu þeir Steinþór taka grið til handa sínum mönnum. Steinþórr bað Snorra þá rétta fram höndina, ok svá gerði hann. Þá reiddi Steinþórr upp sverðit ok hjó á hönd Snorra goða, ok varð þar við brestr mikill; kom þat högg í stallahringinn, ok tók hann mjök svá í sundr, enn Snorri varð eigi sárr. Þá kallar Þóroddr Þorbrandsson: „Engi grið vilja þeir hafa, ok léttum nú eigi fyrr, enn drepnir eru allir Þorlákssynir“. Þá svarar Snorri goði: „Agasamt mun þá verða í heraðinu, ef allir Þorlákssynir eru drepnir, ok skulu haldast grið, ef Steinþórr vill, eftir því sem áðr var mælt“. Þá báðu allir Steinþór taka griðin. Fór þetta þá fram, at grið váru sett með mönnum þar til at hverr kæmi til síns heimilis.

Þat er at segja frá Breiðvíkingum, at þeir spurðu, at Snorri goði hafði farit með fjölmenni til Álftafjarðar; tóku þeir þá hesta sína, ok riðu eftir Steinþóri sem ákafast, ok váru þeir á Úlfarsfellshálsi þá er bardaginn var á skriðunni, ok er þat sumra manna sögn, at Snorri goði sæi þá Björn, er þeir váru upp í hálsbrúninni, er hann horfði í gegn þeim, ok verit því svá auðveldr í griðasölunni við þá Steinþór.

Þeir Steinþórr ok Björn finnast á Örlygsstöðum; sagði Björn þá, at þetta hefði farit eftir getu hans — „er þat mitt ráð“, sagði hann, „at þér snúið aftr, ok herðum nú at þeim“. Steinþórr svarar: „Halda vil ek grið mín við Snorra goða, hversu sem mál vár Snorra skipast síðan“. Eftir þat riðu þeir allir hverr til sinna heimkynna, enn Þórðr blýgr lá í sárum á Eyri.

Í bardaganum í Álftafirði fellu fimm menn af Steinþóri, enn tveir af Snorra goða, enn margir urðu sárir af hvarumtveggjum, því at fundrinn var hinn harðasti. Svá sagði Þormóðr Trefilsson í Hrafnsmálum:

(33) Saddi svangreddir
 sára dynbáru
 örn á ulfsvirði
 í Álftafirði;
 þar lét þá Snorri
 þegna at hjörregni
 fjörvi fimm numna,
 svá skal fjáendr hemna.

Þorbrandr hafði verit í bardaganum í meðalgöngu með þeim Ásláki ok Illuga, ok hann hafði þá beðit at leita um sættir; þakkar hann þeim vel sína liðveizlu, ok svá Snorra goða fyrir sinn styrk. Fór Snorri goði þá heim til Helgafells eftir bardagann; var þá svá ætlat, at Þorbrandssynir skyldi vera ýmist at Helgafelli eða heima í Álftafirði þar til at lyki mál-

um þessum, því at þá váru hinar mestu dylgjur, sem ván var, er alt var griðalaust með mönnum, þegar er menn váru heim komnir frá fundinum.

45. Þat sumar áðr bardaginn var í Álftafirði, hafði skip komit í Dögurðarnes sem fyrr var sagt; þar hafði Steinþórr af Eyri keypt teinæring við skipit; ok er hann skyldi heim færa skipit, tók hann vestanveðr mikit, ok sveif þeim inn um Þórsnes, ok lendu í Þingskálanesi, ok settu þar upp skipit í Grufunausti ok gengu þaðan út yfir ásana til Bakka, ok fóru þaðan á skipi heim, enn teinæringrinn hafði ekki sótt orðit um haustit, ok stóð hann þar í Grufunausti. Þat var einn morgin litlu fyrir jól, at Steinþórr stóð upp snemma, ok segir, at hann vill sækja skip sitt inn í Þingskálanes. Þá réðust til ferðar með honum bræðr hans, Bergþórr ok Þórðr blýgr; þá váru sár hans mjök gróin svá at hann var vel vápnfærr; þar váru ok í ferð austmenn Steinþórs tveir; alls váru þeir átta saman, ok váru fluttir inn yfir fjörð til Seljahöfða, ok gengu síðan inn á Bakka, ok fór þaðan Þormóðr, bróðir þeira; hann var hinn níundi. Íss var lagðr á Hofstaðavág mjök svá at Bakka hinum meira, ok gengu þeir inn eftir ísum, ok svá inn yfir eið til Vigrarfjarðar, ok lá hann allr. Honum er svá háttat, at hann fjarar allan at þurru, ok legst issinn á

leirana, er fjara er, enn sker þau er váru í firðinum stóðu upp ór ísnum, ok var þar brotinn mjök ísinn um skerit, ok váru jakarnir hallir mjök út af skerinu. Lausasnjór var fallinn á ísinn, ok var hált mjök á ísinum. Þeir Steinþórr fóru í Þingskálanes, ok drógu skipit ór naustinu; þeir tóku bæði árar ok þiljur, ok lögðu þar eftir á ísinum, ok svá klæði sín, ok vápn þau er þyngst váru; síðan drógu þeir skipit inn eftir firðinum, ok svá út yfir eiðit til Hofstaðavágs, ok alt út af skörinni; síðan gengu þeir inn eftir klæðum sínum, ok öðrum fögum; ok er þeir gengu inn aftr í Vigrafjörð, sá þeir, at sex menn gengu sunnan ór Þingskálanesi, ok fóru mikinn út eftir ísnum ok stefndu til Helgafells. Þeir Steinþórr höfðu grun af, at þar mundu fara Þorbrandssynir, ok mundu ætla til Jólavistar út til Helgafells; tóku þeir Steinþórr þá ferð mikla út eftir firðinum til klæða sinna ok vápna þeira sem þar váru. Enn þetta var sem Steinþórr gat, at þetta váru Þorbrandssynir. Ok er þeir sá, at menn hljópu innan eftir firðinum. Þóttust þeir vita, hverir þar mundu vera, ok hugðu at Eyrbyggjar mundu vilja sækja þeira fund; tóku þeir þá ok ferð mikla, ok stefndu til skersins, ok hugðu þeir sér til viðtöku, ok fórust þeir þá mjök svá í mót, ok kómust Þorbrandssynir í skerit. Enn er þeir Steinþórr hljópu fram um skerit,

þá skaut Þorleifr kimbi spjóti í flokk þeira, ok kom þat á Bergþór Þorláksson miðjan, ok varð hann þegar óvigr; gekk hann inn á ísinn, ok lagðist þar niðr, enn þeir Steinþórr sóttu þá at skerinu, enn sumir fóru eftir vápnum þeira. Þorbrandssynir vörðust vel ok drengilega; höfðu þeir vígi gott, því at jakarnir váru hallir út af skerinu, ok váru ákaflega hálr; tókust því seint áverkar með mönnum, áðr þeir kómu aftr, er vápnin sóttu. Þeir Steinþórr sóttu sex at skerinu, enn austmenn gengu í skotmál á ísinn frá skerinu. Þeir höfðu boga ok skutu á þá í skerit, ok varð þeim þat skeinusamt. Þorleifr kimbi mælti, þá er hann sá at Steinþórr brá sverðinu: „Hvítum ræðr þú enn hjöltunum, Steinþórr“, sagði hann, „enn eigi veit ek hvárt þú ræðr enn deigum brandinum sem á hausti í Álftafirði“. Steinþórr svarar: „Þat vilda ek, at þú reyndir, áðr enn vit skildim, hvárt ek hefða deigan brandinn eða eigi“. Sóttist þeim seint skerit. Ok er þeir höfðu langa hrið við ázt, gerði Þórðr blýgr skeið at skerinu, ok vildi leggja spjóti til Þorleifs kimba, því at hann var jafnan fremstr sinna manna; lagit kom í skjöld Þorleifs; enn með því, at hann varði sér mjök til, sprúttu honum fætr á jakanum þeim hinum halla, ok fell á bak aftr, ok rendi öfugr ofan af skerinu. Þorleifr kimbi hljóp eftir honum ok vildi drepa hann, áðr hann kæmist á fætr.

Freysteinn bófi hljóp eftir Þorleifi; hann var á skóbroddum. Steinþórr hljóp til ok brá skildi yfir Þórð, er Þorleifr vildi höggva hann, enn annarri hendi hjó hann til Þorleifs kimba, ok undan honum fótinn fyrir neðan kné. Enn er þetta var tíðenda. Þá lagði Freysteinn bófi til Steinþórs, ok stefndi á hann miðjan. Enn er hann sá þat, þá hljóp hann í loft upp, ok kom lagit milli fóta honum; ok þessa þrjá hluti lék hann senn, sem nú váru taldir. Eftir þetta hljóp hann til Freysteins, ok hjó á hálsinn með sverðinu, ok brast við hátt. Hann mælti: „Ball þér nú, Bófi?“ sagði hann. „Ball víst“, sagði Freysteinn, „ok ball hvergi meirr enn þú hugðir, því at ek em eigi sárr“. Hann hafði verit í flókahettu ok saumat í horn um hálsinn, ok kom þar í höggit. Síðan snerist Freysteinn aftr upp í skerit. Steinþórr bað hann eigi renna, ef hann væri eigi sárr. Snerist þá Freysteinn bófi í skerinu, ok sóttust þá allfast, ok varð Steinþóri fallhætt, er jakarnir váru bæði hálir ok hallir, enn Freysteinn stóð fast á broddum, ok hjó bæði hart ok tíðum. Enn svá lauk þeira skiftum, at Steinþórr kom sverðshöggi á Freystein fyrir ofan mjaðmir, ok tók manninn í sundr í miðju. Eftir þat gengu þeir upp á skerit, ok létu eigi fyrr enn fallnir váru allir Þorbrandssynir. Þá mælti Þórðr blýgr, at þeir skyldi á milli bols ok höfuðs ganga allra Þor-

brandssona; enn Steinþórr kvaðst eigi vilja vega at liggjandi mönnum. Gengu þeir þá ofan af skerinu, ok þar til er Bergþórr lá; var hann þá eigi málhress, ok fluttu þeir hann með sér inn eftir ísinum ok svá út yfir eið til skipsins; reru þeir þá skipinu út til Bakka um kveldit.

Sauðamaðr Snorra goða hafði verit á Öxnabrekkum um daginn, ok hafði þaðan sét fundinn á Vigrafirði; fór hann þegar heim ok sagði Snorra goða, at fundrinn hefði orðit á Vigrafirði um daginn litt vinsamlegr. Þeir Snorri tóku vápn sín ok fóru inn til Vigrafjarðar níu menn saman; ok er þeir koma þar, váru þeir Steinþórr í brottu, ok komnir inn af fjarðarísinum. Sá þeir Snorri goði á sár manna, ok váru þar engir menn látnir, nema Freysteinn bófi, enn allir váru þeir sárir nær til ólífis. Þorleifr kimbi kallaði á Snorra goða, ok bað þá fara eftir þeim Steinþóri ok láta engan þeira undan komast. Síðan gekk Snorri goði þangat sem Bergþórr hafði legit, ok sá þar blóðfleck mikinn; hann tók upp alt saman, blóðit ok snjóinn, í hendi sér, ok kreisti, ok stakk í munn sér, ok spurði hverjum þar hefði blætt. Þorleifr kimbi segir, at Bergþóri hefir blætt. Snorri segir, at þat var holblóð. „Má þat fyrir því“, segir Þorleifr, „at þat var af spjóti“. „Þat hygg ek“, sagði Snorri, „at þetta sé feigs manns blóð, ok munu vér eigi eftir fara“. Síðan váru

Þorbrandssynir færðir heim til Helgafells ok bundin sár þeira. Þóroddr Þorbrandsson hafði svá mikit sár aftan á hálsinn, at hann helt eigi höfðinu; hann var í leistabrókum, ok váru vátar allar af blóðinu. Heimamaðr Snorra skyldi draga af honum; ok er hann skyldi kippa brókinni, fekk hann eigi af honum komit. Þá mælti hann: „Eigi er þat logit af yðr Þorbrandssonum, er þér eruð sundrgerðamenn miklir, at þér hafið klæði svá þröng, at eigi verðr af yðr komit“. Þóroddr mælti: „Vantekit mun á vera“. Eftir þat spyrndi sá fótum í stokkinn, ok togaði af öllu afli, ok gekk eigi af brókin. Þá gekk til Snorri goði, ok þreifaði um fótinn, ok fann, at spjót stóð í gegnum fótinn, milli hásinarinnar ok fótleggsins, ok hafði níst alt saman, fótinn ok brókina. Mælti Snorri þá, at hann væri eigi meðalsnápr, at hann hafði eigi hugsat slíkt. Snorri Þorbrandsson var hressastr þeira bræðra ok sat undir borði hjá nafna sínum um kveldit, ok höfðu þeir skyr ok ost. Snorri goði fann, at nafni hans bargst litt við ostinn, ok spurði, hvi hann mataðist svá seint. Snorri Þorbrandsson svaraði, ok sagði, at lömbunum væri tregast um átið, fyrst er þau eru nýkefð. Þá þreifaði Snorri goði um kverkarnar á honum, ok fann at ör stóð um þverar kverkarnar, ok í tungurætrnar; tók Snorri goði þá spennitöng, ok kipti brott örinni; ok eftir

þat mataðist hann. Snorri goði græddi þá alla Þorbrandssonu. Ok er hálsinn Þórodds tók at gróa, stóð höfuðit gneipt af bolnum nakkvat svá. Þá segir Þóroddr, at Snorri vildi græða hann at örkuðlamanni; enn Snorri goði kvaðst ætla, at upp mundi hefja höfuðit, þá er sinar knýtti; enn Þóroddr vildi eigi annat, enn aftr væri rifit sárit, ok sett höfuðit réttara. Enn þetta fór sem Snorri gat, at þá er sinarnar knýtti, hóf upp höfuðit, ok mátti hann lítt lúta jafnan síðan. Þorleifr kimbi gekk alla stund síðan við tréfót.

46. Þá er þeir Steinþórr á Eyri koma til nausta á Bakka, settu þeir þar upp skip sitt ok gengu þeir bræðr heim til bæjar; enn þar var tjaldat yfir Bergþóri um nóttina. Þat er sagt, at Þorgerðr húsfreyja vildi eigi í rekkju fara um kveldit hjá Þormóði bónda sínum; ok í þat bil kom maðr neðan frá naustinu, ok sagði þá Bergþór látinn. Ok er þetta spurðist, fór húsfreyja í rekkju sína, ok er eigi getit, at þeim hjónum yrði síðan at sundrþykki. Steinþórr fór heim á Eyri um morgininn, ok var atfararlaust með mönnum vetrinn þaðan í frá. Enn um várit, er leið at stefnudögum, þótti góðgjörnum mönnum í vant efni komit, at þeir menn skyldu missáttir vera, ok deildir við eigast, er þar váru göfgastir í sveit; völdust þá til hinir beztu menn, vinir hvárratveggju; ok

þar kom, at þeir leituðu um sættir með þeim, ok var Vermundr hinn mjóvi fyrir þeim, ok með honum margir góðgjarnir menn, þeir er váru tengdamenn hvárratveggju; enn þat varð af um síðir, at grið váru sett, ok þeir sættust, ok er þat flestra manna sögn, at málin kæmi í dóm Vermundar; enn hann lauk gerðum upp á Þórsnessþingi, ok hafði við hina vitrustu menn, er þar váru komnir. Þat er frá sagt sáttagerðinni, at mannalátum var saman jafnat ok atferðum; var þat jafnt gert, sár Þórðar blýgs í Álftafirði ok sár Þórodds, sonar Snorra goða. Enn sár Más Hallvarðssonar ok högg þat, er Steinþórr hjó til Snorra goða, þar kómu í móti þriggja manna víg, þeira er fellu í Álftafirði; enn þau víg, er Styrr vá í hvern flokk, váru jöfn látin; enn á Vigrafirði var líkt látið; víg Bergþórs ok sár þeira Þorbrandssona; enn vígit Freysteins bófa kom á móti þeim manni, er áðr var ótaldr, ok látizt hafði af Steinþóri í Álftafirði. Þorleifi kimba var bætt fóthöggit. Enn sá maðr, er látizt hafði af Snorra goða í Álftafirði, kom fyrir frumhlaup þat, at Þorleifr kimbi hafði þar víg vakit. Síðan var saman jafnat annarra manna sárum, ok bætt skakki sá er á þótti vera, ok skildust menn sáttir á þinginu, ok helzt sú sætt vel meðan þeir lifðu báðir, Steinþórr ok Snorri goði.

47. Sumar þetta hit sama eftir sættina

baud Þóroddr skattkaupandi Snorra goða, mági sínum, til heimboðs þangat til Fróðár, ok fór Snorri þangat við niunda mann. Enn er Snorri var at heimboðinu, þá kærði Þóroddr fyrir honum, at hann þóttist hafa beðit skömm ok skapraun af ferðum Bjarnar Ásbrandssonar, er hann fór at finna Þuríði konu hans, enn systur Snorra goða; sagði Þóroddr, at honum þótti Snorri eiga at ráða bætr á þeim vandræðum. Snorri var at heimboðinu nökkurar nætr; leiddi Þóroddr hann á brott með sæmilegum gjöfum; reið Snorri goði þaðan suðr yfir heiði, ok gerði þat orð á fyrir alþýðu, at hann mundi riða til skips í Hraunhafnarós. Þetta var sumar um túnannir. Enn er þeir kómu suðr á Kambsheiði, þá mælti Snorri: „Hér munu vér riða af heiðinni ofan at Kambi; vil ek yðr þat kunnigt gera“, segir hann, „at ek vil hefja tilfarar við Björn, ok taka hann af lífi, ef færi gefr, enn eigi sækja hann í hús inn, því at hús eru hér sterk, enn Björn er hraustr ok harðfengr enn vér höfum afla lítinn; enn þeim mönnum hefir lítt sókzt ofrmenni slíkt í hús inn, er meira afla hafa til farit, sem dæmi finnast á þeim *Þorgeiri* ok *Gizuri* hvíta, þá er þeir sóttu Gunnar at Hliðarenda inn í hús með áttatiu manna, enn hann var einn fyrir, ok urðu sumir sárir enn sumir drepnir, ok létu frá atsókninni, áðr *Gizurr* goði fann þat at skyni sjálfs sín, at hon-

um fækkuðust skotvápnin“. „Nú með því“, sagði hann, „at Björn sé úti, sem nú er ván, með því at þerridagr er góðr, þá ætla ek þér, Már frændi, at sæta áverkum við Björn, ok sé þú svá fyrir, at hann er engi klektunarmaðr, ok er því fangs ván at frekum úlfí, þar er hann er, ef hann fær eigi þann áverka í fyrstunni, er honum vinnist skjótt til bana“. Ok er þeir riðu ofan af heiðinni at bænum, þá sá þeir, at Björn var úti á túnvelli ok smíðaði vögur ok var ekki manna hjá honum, ok engi vápn, nema litil öx ok tálguknífr mikill, er hann hafði ór vagaborunum; hann var spannar fram frá hefti. Björn sá, at þeir Snorri goði riðu ofan af heiðinni ok á völlinn; hann kendi þegar mennina. Snorri goði var í blárri kápu ok reið fyrstr. Þat var fangaráð Bjarnar, at hann tók knífinn, ok gekk snúðigt í móti þeim. Hann tók annarri hendi kápuermina, er þeir Snorri fundust, enn annarri hendi hnefaði hann knífinn, ok helt sem honum var hægast at leggja fyrir brjóst Snorra, ef honum sýndist þat ráð. Björn heilsaði þeim, þegar þeir fundust, enn Snorri tók kveðju hans, enn Mávi fellust hendr, því at honum þótti Björn skjótleggr til meins við Snorra, ef honum væri nökkut gert til ófriðar. Síðan sneri Björn á leið með þeim Snorra goða, ok spurði almæltra tíðenda, ok helt þeim tókum, er hann tók í fyrstunni. Síðan tók Björn til

orða: „Svá er háttat, Snorri bóndi, at ek dylst eigi við, at ek hafa gert þá hluti til yðvar, er þér megið vel sakir á gefa, ok mér er þat sagt, at þér hafið þungan huga til mín; nú er mér bezt at skapi“, segir hann, „ef þér eigið nökkur erendi við mik, önnur enn at koma hér um farinn veg, at þér lýsið yfir því; enn ef þat er eigi, þá vil ek, at þér játið mér griðum, ok vil ek snúa aftr, því at ek em eigi leiðifífl“. Snorri svarar: „Svá hefir þú fangsæll orðit á fundi várum, at þú munt grið hafa at sinni, hversu sem áðr var ætlat, enn þess vil ek biðja þik, at þú heft þig at heðan af, at gleþja Þuriði, því at eigi mun um heilt gróa með okkr, ef þú heldr þar um teknum hætti“. Björn svarar: „Því einu vil ek heita þér, er ek efni, enn ek veit eigi hversu ek fæ þat efnt“, segir hann, „ef vit Þuriðr erum sams heraðs“. Snorri svarar: „Þik heldr eigi svá mart, at þú megir eigi vel bægja hér heraðsvist“. Björn svarar: „Satt er þat, er nú segir þú, skal ok svá vera, er þú ert sjálfr kominn á minn fund, ok þann veg sem fundr várr er orðinn, at ek mun því heita þér, at þit Þóroddr skulið eigi hafa skapraun af fundum okkrum Þuriðar hina næstu vetr“. „Þá gerir þú vel“, segir Snorri. Eftir þetta skildu þeir; reið Snorri goði til skips ok síðan til Helgafells heim. Annan dag eftir reið Björn suðr í Hraunhöfn til skips ok tók sér þar

þegar fari um sumarit, ok urðu heldr síðbúnir. Þeir tóku útlandnyrðing, ok viðraði þat löngum um sumarit, enn til skips þessa spurðist eigi síðan langan tíma.

48. Eftir sætt Eyrbyggja ok Álftfirðinga, þá fóru Þorbrandssynir til Grænalands, Snorri ok Þorleifr. Við hann er kendr Kimbavágr á Grænalandi millum jökla. Ok bjó Þorleifr á Grænalandi til elli. Enn Snorri fór til Vinlands hins góða með Karlsefni; ok er þeir börðust við skrælingja þar á Vinlandi, þá fell þar Þorbrandr son Snorra, enn röskvasti maðr. Þór-oddr Þorbrandsson bjó eftir í Álftafirði; hann átti Ragnhildi Þórðardóttur, Þorgilssonar arnar, enn Þorgils örn var son Hallsteins góða af Hallsteinsnesi, er þrælana átti.

49. Þat er nú því næst, at Gizurr hinn hvíti ok Hjalti, mágr hans, kómu út með kristni-boð, ok allir menn váru skirðir á Íslandi, ok kristni var í lög tekin á alþingi, ok flutti Snorri goði mest við Vestfirðinga, at við kristni væri tekit. Ok þegar er þingi var lokit, lét Snorri goði gera kirkju at Helgafelli, enn aðra Styrr, mágr hans, undir Hrauni, ok hvatti menn þat mjök til kirkjugerðar, at þat var fyrirheit kennimanna, at maðr skyldi jafnmörgum mönnum eiga heimilt rúm í himinríki, sem standa mætti í kirkju þeiri er hann lét gera. Þóroddr skattkaupandi lét ok kirkju gera á bæ sinum at

Fróðá, enn prestar urðu eigi til at veita tíðir at kirkjum, þótt gervar væri, því at þeir váru fáir á Íslandi í þann tíma.

50. Sumar þat er kristni var lögtekin á Íslandi, kom skip af hafi út við Snjófellsnes; þat var Dýflinnarfar; váru þar írskir menn ok suðreyskir, enn fáir norrænir; þeir lágu mjök lengi um sumarit við Rif, ok biðu þar byrjar at sigla inn eftir firði til Dögurðarness, ok fóru margir menn of Nesit til kaupa við þá. Þar var á ein kona suðreysk, er Þórgunna hét; þat sögðu hennar skipmenn, at hon mundi hafa gripí þá með at fara, at slíkir mundu torugætir á Íslandi. Enn er Þuríðr húsfreyja at Fróðá spyr þetta, var henni mikil forvitni á at sjá gripina, því at hon var glysgjörn ok skartskona mikil; fór hon þá til skips ok fann Þórgunnu ok spurði, ef hon hefði kvenbúnað nökkurn, þann er afbragðlegr væri. Hon kveðst enga gripí eiga til sölu, enn hafa lézt hon gripí, svá at hon væri óhneist at boðum eða öðrum mannfundum. Þuríðr beiddist at sjá gripina; ok þat veitti hon henni, ok sýndust henni vel gripirnir, ok sem bezt farandi, enn eigi fémiklir. Þuríðr falaði gripina, enn Þórgunna vildi eigi selja. Þá bauð Þuríðr henni þangat til vistar með sér, því at hon vissi at Þórgunna var fjölskrúðig, ok hugðist hon mundi fá gripina af henni í tómi. Þórgunna svarar: „Gott þykki mér at fara til

vistar með þér, enn vita skaltu þat, at ek nenni litt at gefa fyrir mik, því at ek em vel verkfær; er mér ok verkit óleitt, enn þó vil ek engi vásverk vinna; vil ek sjálf ráða, hvat ek skal gefa fyrir mik af því fé sem ek hefi“. Talaði Þórgunna um heldr harðfarlega, enn Þuríðr vildi þó at hon færi þangat; váru þá föng Þórgunnu borin af skipi; þat var örk mikil læst, er hon átti, ok sviftikista; var þat þá fært heim til Fróðár; ok er Þórgunna kom til vistar sinnar, bað hon fá sér rekkju; var henni fengit rúm í innanverðum skála. Þá lauk hon upp örkina, ok tók þar upp ór rekkjuklæði; ok váru þau öll mjök vönduð, breiddi hon yfir rekkjuna enskar blæjur ok silkikult; hon tók ór örkinni rekkjurefil ok allan ársalinn með; þat var svá góðr búningr, at menn þóttust eigi slíkan sét hafa þess kyns. Þá mælti Þuríðr húsfreyja: „Met þú við mik rekkjubúnaðinn“. Þórgunna svarar: „Eigi mun ek liggja í hálmi fyrir þér, þó at þú sér kurteis ok berist á mikit“. Þetta mislíkar Þuríði, ok falar eigi oftár gripina. Þórgunna vann völdverk hvern dag, er eigi var heyverk; enn þá er þerrar váru, vann hon at þurru heyi í töðunum, ok lét gera sér hrifu, þá er hon vildi ein með fara. Þórgunna var mikil kona vexti, bæði digr ok há ok holdug mjök; svartbrún ok mjóeyg, jörp á hár ok hærð mjök; háttagóð hversdaglega, ok kom til

kirkju hvern dag áðr hon færi til verks síns, enn eigi var hon hóglynd eða margmælt hversdaglega. Þat hugðu flestir menn, at Þórgunna mundi komin á hinn séttu tug, ok var þó konan hin errilegasta. Í þenna tíma var Þórir viðleggr kominn á framfærslu til Fróðár, ok svá Þorgríma galdrakinn kona hans, ok lagðist heldr þungt á með þeim Þórgunnu. Kjartan son bónda var þar svá manna, at Þórgunna vildi flest við eiga, ok elskaði hon hann mjök, enn hann var heldr fár við hana, ok varð hon oft af því skapstygg. Kjartan var þá fimtán vetra gamall ok var bæði mikill vexti ok skörulegr at sjá.

51. Sumar var heldr óperrisamt, enn of haustit kómu þerrar góðir; var þá svá komit heyverkum at Fróðá, at taða öll var slegin, enn fullþurr nær helmingrinn; kom þá góðr þerridagr ok veðr kyrt ok þurt, svá at hvergi sá ský á himni. Þóroddr bóndi stóð upp snemma um morgininn ok skipaði til verks; tóku þá sumir til ekju, enn sumir hlóðu heyinu, enn bóndi skipaði honum til at þurka heyit, ok var skift verkum með þeim, ok var Þórgunnu ætlað naustfóðr til atverknaðar; gekk mikit verk fram um daginn. Enn er mjök leið at nóni, kom skýflóki svartr á himininn norðr yfir Skor, ok dró skjótt yfir himin, ok þangat beint yfir bæinn; þóttust menn sjá, at regn mundi í skýinu. Þóroddr bað menn

raka upp heyit, enn Þórgunna rifjaði þá sitt hey; tók hon eigi at raka upp, þótt þat væri mælt. Skýflókann dró skjótt yfir; ok er hann kom yfir bæinn at Fróðá, fylgdi honum myrkr svá mikit, at menn sá eigi ór túninu á brott, ok varla handa sinna skil; ór skýinu kom svá mikit regn, at heyit varð alt vátt, þat er flatt lá; flókann dró ok skjótt af, ok lýsti veðrit; sá menn, at blóði hafði rignt í skúrinni. Um kveldit gerði þerri góðan, ok þornaði blóðit skjótt á heyinu öllu, nema því er Þórgunna þurkaði; þat þornaði eigi, ok aldri þornaði hrifan, er hon hafði haldit á. Þuríðr spurði, hvat Þórgunna ætlar, at undr þetta man benda. Hon kvaðst eigi þat vita, — „enn þat þykkir mér líklegast“, segir hon, „at þetta mundi furða nökkurs þess manns, er hér er“. Þórgunna gekk heim of kveldit, ok til rúms síns, ok lagði af sér klæðin þau hin blóðgu; síðan lagðist hon niðr í rekkjuna ok andvarpaði mjök; fundu menn, at hon hafði sótt tekit. Skúr þessi hafði hvergi víðar komit enn at Fróðá. Þórgunna vildi engum mat bergja um kveldit. Enn um morgininn kom Þóroddr bóndi til hennar, ok spurði at um sótt hennar, hvern enda at hon hyggr at eiga mundi. Hon kvaðst þat ætla, at hon mundi eigi taka fleiri sóttir. Síðan mælti hon: „Þik kalla ek vítrastan mann hér á bæ“, segir hon, „vil ek því þér segja mína tilskip-

an, hverja ek vil á hafa um fé þat, er ek á eftir, ok um sjálfa mik, því at þat mun svá fara sem ek segi“, sagði hon, „þó at yðr þykki fátt merkilegt um mik, at ek get lítt duga munu af því at bregða, sem ek segi fyrir; hefir þetta þann veg upp hafizt, at ek get eigi til mjórra enda þoka munu, ef eigi eru rammar skorður við reistar“. Þóroddr svarar: „Eigi þykkir mér lítt ván, at þú verðir nærgæt um þetta; vil ek ok því heita þér“, sagði hann, „at bregða eigi af þínum ráðum“. Þórgunna mælti: „Þat er skipan mín, at ek vil láta færa mik í Skálaholt, ef ek öndumst ór þessi sótt, því at mér segir svá hugr um, at sá staðr man nökkura hríð göfgastr á þessu landi; veit ek ok“, segir hon, „at þar munu nú vera kennimenn at veita mér yfirsöngva; vil ek þess biðja þik, at þú látir flytja mik þangat; skaltu þar fyrir hafa af minni eign svá at þik skaði þar eigi í; enn af óskiftri minni eigu skal Þuríðr hafa skarlatsskikkju þá er ek á; geri ek þat til þess, at hon skyli létta á leggja. at ek sjá fyrir öðru mínu fé þat er mér líkar; enn ek vil, at þú takir í kostnað þann er þú hefir fyrir mér þat er þú vill eða henni líkar af því er ek læt til; gullhring á ek, ok hann skal fara til kirkju með mér, enn rekkju mína ok rekkju-tjald vil ek láta brenna í eldi, því at þat mun engum manni at nytjum verða; ok mæli ek þetta

eigi fyrir því, at ek unna engum at njóta grip-anna, ef ek vissa, at at nytjum mundi verða, enn nú mæli ek því svá mikit um“, segir hon, „at mér þykkir ilt, at menn hljóti svá mjök þyngsl af mér, sem ek veit at verða mun, ef af er brugðit því sem ek segi fyrir“. Þóroddr hét, at gera eftir því sem hon beiddi. Eftir þetta meгнаðist sóttin við Þórgunnu; lá hon eigi mörg dægr áðr hon andaðist. Líkit var fyrst borit í kirkju, ok lét Þóroddr gera kistu at likinu. Um daginn eftir lét Þóroddr bera út rekkju-klæðin í veðr ok færði til viðu ok lét hlaða þar bál hjá. Þá gekk at Þuriðr húsfreyja, ok spyr at, hvat hann ætlar at gera af rekkju-klæðunum. Hann kvaðst ætla at brenna þau í eldi sem Þórgunna hafði fyrir mælt. Hon svarar: „Þat vil ek eigi“, segir hon, „at þvilíkar gersemar sé brendar“. Þóroddr svarar: „Hon mælti mikit um, at eigi mundi duga at bregða af því er hon mælti“. Þuriðr mælti: „Slíkt er eigi nema öfundarmál eitt; unni hon engum manni at njóta; hefir hon af því svá fyrir mælt; enn þar munu eigi býsn eftir koma, hversu sem slíku er breytt“. „Eigi veit ek“, segir hann, „at þetta takist annan veg enn hon hefir fyrir sett“. Síðan lagði hon hendr yfir háls honum, ok bað, at hann skyldi eigi brenna rekkjubúnaðinn; sótti hon þá svá fast, at honum gekst hugr við, ok kom hon máli svá, at

Þóroddr brendi dýnur ok hægindi, enn hon tók til sín kult ok blæjur ok ársalinn allan, ok líkaði þó hvárgi vel. Eftir þetta var búin líkferð, ok fengnir skilgóðir menn at fara með líkinu ok góðir hestar, er Þóroddr átti. Líkit var sveipat línúkum, enn saumat eigi um, ok síðan lagt í kistu; fóru þeir síðan suðr um heiði, svá sem leiðir liggja; ok er eigi sagt af þeira ferð áðr þeir fóru suðr um Valbjarnarvöllu; þar fengu þeir keldur blautar mjök, ok lá oft ofan líkit; fóru síðan suðr til Norðrár, ok yfir ána at Eyjarvaði, ok var djúp áin; var bæði hregg ok allmikit regn. Þeir kómust at lyktum á bæ þann í Stafholtstungum, er í Nesi heitir hinu neðra; kvöddu þar gistingar, enn bóndi vildi engan greiða gera þeim; enn með því at þá var komit at nótt, þóttust þeir eigi mega fara lengra, því at þeim þótti eigi friðlegt, at eiga við Hvítá um nótt. Þeir tóku þar af hestum sínum, ok báru líkit í hús eitt fyrir dyrum úti; gengu síðan í stofu, ok fóru af klæðum sínum, ok ætluðu at vera þar um nótt matlausir, enn heimamenn fóru í dagsljósi í rekkju. Ok er menn kómu í rekkjur, heyrðu þeir hark mikit í búrit; var þá farit at forvitnast, hvárt eigi væri þjófar inn komnir; ok er menn kómu til búrsins, var þar sén kona mikil; hon var nökvíð, svá at hon hafði engan hlut á sér; hon starfaði at matseld; enn þeir menn er hana sá

urðu svá hræddir, at þeir þorðu hvergi nær at koma. Enn er líkmenn vissu þetta, fóru þeir til, ok sá, hversu háttat var; þar var Þórgunna komin, ok sýndist þat ráð öllum, at fara eigi til með henni. Ok er hon hafði þar unnit slíkt er hon vildi, þá bar hon mat í stofu. Eftir þat setti hon borð, ok bar þar á mat. Þá mæltu líkmenn við bónda: „Vera má, at svá lúki við, ádr vér skiljum, at þér þykki alkeypt, at þú vildir engan greiða gera oss“. Þá mæltu bæði bóndi ok húsfreyja: „Vit viljum vist gefa yðr mat ok gera yðr annan greiða, þann er þér þurfið“. Ok þegar er bóndi hafði boðit þeim greiða, þá gekk Þórgunna fram ór stofunni ok út eftir þat; fóru þá gestirnir í stofu, ok sýndist hon eigi síðan. Eftir þetta var gert ljós í stofu, ok dregin af gestum klæði þau, er vát váru, enn fengin önnur þurr í staðinn. Síðan gengu þeir undir borð ok signdu mat sinn, enn bóndi lét stökkva vígðu vatni um öll hús; átu gestir mat sinn, ok sakaði engan mann, þótt Þórgunna hefði matbúit; svófu af þá nótt, ok váru þeir í allbeinum stað. Um morguninn bjoggu þeir ferð sína ok tókst hon þeim allgreið, enn hvar sem þessi atburðr spurðist, þá sýndist flestum þat ráð, at vinna þeim þann beina, er þeir kvöddu; var þaðan af alt tíðindalaust um þeira ferð. Ok er þeir kómu í Skálaholt, váru fram greiddir gripir þeir, er

Þórgunna hafði þangat gefit, bringr ok aðrir gripir. Tóku þá kennimenn glæðlega við öllu saman. Var Þórgunna þar jörðuð, enn líkmenn fóru heim, ok tókst þeim alt greitt um sína ferð, ok kómu með öllu heilu heim.

52. At Fróðá var eldaskáli mikill ok lok-rekkja innar af eldaskálanum, sem þá var siðr; utar af eldaskálanum váru klefar tveir, sinn á hönd hvarri, ok hlaðit skreið í annan, enn mjölvi í annan. Þar váru gervir máleldar hvert kveld í eldaskála, sem siðr var til; sátu menn löngum við eldana, áðr menn gengu til matar. Þat kveld, er líkmenn kómu heim, þá er menn sátu við málelda at Fróðá, þá sá menn á veggþili eldhússins, at komit var tungl hálf; þat máttu allir menn sjá, þeir er í eldhúsinu váru; þat gekk öfugt um húsit ok andsælis. Þat hvarf eigi á brott meðan menn sátu við elda. Þór-oddr spurði Þóri viðlegg, hvat þetta mundi boða. Þórir kvað þat vera urðarmána. „Man hér eftir koma manndauðr“, segir hann. Þessi tíðindi bar þar við viku alla, at urðarmáni kom inn hvert kveld sem annat.

53. Þat bar hér næst til tíðinda at Fróðá, at sauðamaðr kom inn með hljóðleikum miklum; hann mælti fátt, enn af þjósti þat er var; sýndist mönnum þann veg helzt, sem hann mundi leikinn, því at hann fór hjá sér, ok talaði við sjálfan sik, ok fór svá fram um hríð; enn er

liðnar váru tvær vikur af vetri, kom sauðamaðr heim eitt kveld, gekk þá til rekkju sinnar ok lagðist þar niðr; enn um morguninn, er menn kómu til hans, var hann dauðr, ok var hann grafinn þar at kirkju. Brátt eftir þetta gerðust reimleikar miklir. Þat var eina nótt, at Þórir viðleggr gekk út nauðsynja sinna ok frá dyrunum annan veg; ok er hann vildi inn ganga, sá hann, at sauðamaðr var kominn fyrir dyrnar; vildi Þórir þá inn ganga, enn sauðamaðr vildi þat vist eigi; þá vildi Þórir undan leita, enn sauðamaðr sótti eftir, ok fekk tekit hann ok kastaði honum heim at dyrunum; honum varð ilt við þetta, ok komst þó til rúms síns, ok var hann orðinn kolblár. Af þessu tók hann sótt, ok andaðist; var hann ok grafinn þar at kirkju; sýndust þeir báðir jafnan síðan í einni ferð, sauðamaðr ok Þórir viðleggr, ok af þessu varð fólkið alt óttafult sem ván var. Þat fylgdi ok, þá er Þórir var út borinn, at þá tók sótt húskarl Þórodds, ok lá þrjár nætr áðr hann andaðist; síðan dó hvárr at öðrum, þar til er sex váru látnir; var þá komit at jólaföstu, enn þó var þann tíma eigi fastað á Íslandi. Skreiðinni var svá hlaðit í klefann, at hann var svá fullr, at eigi mátti hurðinni upp lúka, ok tók hlaðinn upp undir þvertrén, ok varð stiga til at taka at rjúfa hlaðann ofan. Þat var eitt kveld er menn sátu við málelda, at rifin var

skreiðin, ok enn þá er til var leitat, fanst þar eigi kvíkt. Þat var um vetrinn litlu fyrir jól, at Þóroddr bóndi fór út á Nes eftir skreið sinni; þeir váru sex saman á teinæringi, ok váru út þar um nótt. Þat var tíðenda at Fróðá þat sama kveld, er Þóroddr hafði heiman farit, at máleldar váru gervir, ok er menn kómu fram, sá þeir at selshöfuð kom upp ór eldgrófinni. Heimakona ein kom fyrst fram ok sá þessi tíðendi; hon tók þvátvíf, er lá í dyrunum, ok laust í höfuð selnum; hann gekk upp við höggit ok gægðist upp á ársalinn Þórgunnu. Þá gekk til húskarl ok barði selinn; gekk hann upp við hvert högg, þar til at hann kom upp yfir hreifana, þá fell húskarl í óvit; urðu þá allir óttafullir, þeir er við váru. Þá hljóp til sveinninn Kjartan, ok tók upp mikla járndrepsleggju ok laust í höfuð selnum, ok varð þat högg mikit, enn hann skók höfuðit ok litaðist um; lét Kjartan þá fara hvárt at öðru, enn selrinn gekk þá niðr við sem hann ræki hæl; hann barði þar til, at selrinn gekk svá niðr, at hann lamdi saman gólfít fyrir ofan höfuð honum, ok svá fór jafnan um vetrinn, at allir fyrirburðir óttuðust mest Kjartan.

54. Um morguninn, er þeir Þóroddr fóru utan af Nesi með skreiðina, týndust þeir allir út fyrir Enni; rak þar upp skipit ok skreiðina undir Ennit, enn líkin fundust eigi. Enn er

Þessi tíðendi spurðust til Fróðár, buðu þau Kjartan ok Þuríðr umsitjundum þangat til erfis; var þá tekit jólaöl þeira, ok snúit til erfisins. Enn et fyrsta kveld, er menn váru at erfinu ok menn váru í sæti komnir, þá gengr Þóroddr bóndi í skálann ok förunautar hans allir alvátir. Menn fögnuðu vel Þóroddi, því at þetta þótti góðr fyrirburðr, því at þá höfðu menn þat fyrir satt, at þá væri mönnum vel fagnat at Ránar, ef sjódauðir menn vitjuðu erfis síns, enn þá var enn lítt af numin forneskjan, þó at menn væri skirðir, ok kristnir at kalla. Þeir Þóroddr gengu eftir endilöngum setaskála, enn hann var tvídyrðr; þeir gengu til eldaskála, ok tóku engis manns kveðju; settust þeir við eld, enn heima-menn stukku ór eldaskálanum, enn þeir Þóroddr sátu þar eftir, þar til er eldrinn var fölsk-aðr; þá hurfu þeir á brott; fór þetta svá hvert kveld meðan erfit stóð, at þeir kómu til eld-anna; hér var mart um rætt at erfinu; gátu sumir, at þetta mundi af taka, er lokit væri erfinu; fóru boðsmenn heim eftir veizluna, enn þar váru hibýli heldr daufleg eftir. Þat kveld er boðsmenn váru brottu, váru gervir máleldar at vanda; enn er eldar brunnu, kom Þóroddr inn með sveit sína, ok váru allir vátir; settust þeir niðr við eldinn ok tóku at vinda sik; ok er þeir höfðu niðr sezt, kom inn Þórir viðleggr ok hans sveitungar sex; váru þeir allir moldugir;

þeir skóku klæðin ok hreyttu moldinni á þá Þórodd; heimamenn stukku ór eldhúsinu sem ván var at, ok höfðu hvárki á því kveldi ljós né steina, ok enga þá hluti, at þeir hefði neina vermu af eldinum. Annat kveld eftir var mál-eldr gerr í öðru húsi; var þá ætlat, at þeir mundu síðr þar til koma; enn þat fór eigi svá, því at alt gekk með sama hætti ok hit fyrra kveldit; kómu þeir hváirtveggju til eldanna. Hit þriðja kveld gaf Kjartan þat ráð til, at gera skyldi langeld mikinn í eldaskála, enn máleld skyldi gera í öðru húsi litlu; ok svá var gert, ok þá endist með því móti, at þeir Þóroddr sátu við langeld, enn heimamenn burgust við hinn litla eld, ok svá fór fram um öll jólin. Þá var svá komit, at meir ok meir lét í skreiðarhláðanum; var þá svá at heyra nætr sem daga, at skreiðin væri rifin. Eftir þat váru þær stundir, at skreiðina þurfti at hafa; var þá leitit til hláðans, ok sá maðr, er upp kom á hláðann, sá þau tíðendi, at upp ór hláðanum kom rófa, vaxin sem nautsrófa sviðin; hon var svört ok selhár; sá maðr, er upp fór á hláðann, tók í rófunu ok togaði, ok bað aðra menn til fara með sér; fóru menn þá upp á hláðann, bæði konur ok karlar, ok toguðu rófunu, ok fengu eigi at gert; skildu menn eigi annat, enn rófan væri dauð; ok er þeir toguðu, strauk rófan ór höndum þeim, svá at skinnit fylgdi ór lófum

þeira, er mest höfðu á tekit, enn síðan varð eigi vart við rófunu; var þá skreiðin upp borin, ok var þar hvern fiskr ór roði rifinn, svá at þar beið enginn fisk í, þegar niðr sótti í hlaðann, enn þar fanst engi hlutr kvikr í hlaðanum. Næst þeim tíðendum tók sótt Þorgríma galdra-kinn, kona Þóris viðleggs; hon lá litla hrið áðr hon andaðist, ok hit sama kveld sem hon var jörðuð, sást hon í liði með Þóri bónda sínum. Þá endrnýjaði sóttina í annat sinn, þá er rófan hafði sýnzt, ok andaðist þá meirr konur enn karlar; létust þá enn sex menn í hriðinni, enn sumt flýði fyrir reimleikum ok aftrgöngum. Um haustit höfðu þar verit þrjátíu hjóna; enn átján önduðust, enn fimm stukku í brottu, enn sjau váru eftir at Góí.

55. Enn þá er svá var komit undrum þeim, var þat einn dag, at Kjartan fór inn til Helgafells at finna Snorra goða, móðurbróður sinn, ok leitaði ráðs við hann, hvat at skyldi gera undrum þeim er yfir váru komin. Þá var kominn prestur sá til Helgafells, er Gizorr hvíti hafði sent Snorra goða; sendi Snorri prestinn út til Fróðar með Kjartani ok Þórd kausa, son sinn, ok sex menn aðra; hann gaf þau ráð til, at brenna skyldi ársal Þórgunnu, enu sækja þá menn alla í dyradómi er aftr gengu; það prest veita þar tíðir, vígja vatn ok skrifta mönnum, ok kvöddu menn af næstum bæjum með

sér um leið, ok kómu um kveldit til Fróðár fyrir Kyndilmessu, í þann tíma, er máleldar váru gervir. Þá hafði Þuríðr húsfreyja tekit sótt með þeim hætti sem þeir er látizt höfðu. Kjartan gekk inn þegar, ok sá, at þeir Þór-oddr sátu við eld, sem þeir váru vanir. Kjartan tók ofan ársalinn Þórgunnu; gekk síðan í eldaskála, tók glóð af eldi ok gekk út með; var þá brendr allr rekkjubúnaðrinn, er Þórgunna hafði átt. Eftir þat stefndi Kjartan Þóri viðlegg, enn Þórðr kausi Þóroddi bónda um þat, at þeir gengi þar um hibýli ólofat, ok firði menn bæði lífi ok heilsu; öllum var þeim stefnt, er við eldinn sátu. Síðan var nefndr dyradómr, ok sagðar fram sakir, ok farit at öllum málum sem á þingadómum; váru þar kviðir bornir, reifð mál ok dæmd; enn síðan er dómsorði var á lokit á Þóri viðlegg, stóð hann upp, ok mælti: „Setit er nú meðan sætt er“. Eftir þat gekk hann út, þær dyr sem dómrinn var eigi fyrir settr; þá var lokit dómsorði á sauðamann; enn er hann heyrði þat, stóð hann upp ok mælti: „Fara skal nú, ok hygg ek, at þó væri fyrr sæmra“. Enn er Þorgríma galdrakinn heyrði, at dómsorði var á hana lokit, stóð hon upp ok mælti: „Verit er nú meðan vært er“. Síðan var sótt hverr at öðrum, ok stóð svá hverr upp sem dómr fell á, ok mæltu allir nökkut, er út gengu, ok fanst þat á hvers orðum at

nauðigr losnaði. Síðan var sókn feld á Þór-odd bónda; ok er hann heyrði þat, stóð hann upp ok mælti: „Fátt hygg ek hér friða, enda flýjum nú allir“. Gekkk hann þá út eftir þat. Síðan gengu þeir Kjartan inn; þar prestur þá vígt vatn ok helga dóma um öll hús. Eftir um daginn söng prestur tíðir allar ok messu hátiðlega, ok eftir þat tókust af allar aftrgöngur at Fróða ok reimleikar, enn Þuríði batnaði sóttarinnar, svá at hon varð heil. Um várit eftir undr þessi tók Kjartan sér hjón ok bjó at Fróða lengi síðan ok varð hinn mesti garpr.

56. Snorri goði bjó at Helgafelli átta vetr síðan er kristni var lögtekin á Íslandi; þann vetr bjó hann þar síðast, er Styrr mágr hans var drepinn á Jörva í Flisuhverfi. Snorri goði fór eftir líkinu suðr þangat, ok hann gekk í dyngjuna at Styr í Hrossholti, þá er hann hafði upp sezt ok helt um miðja dóttur bónda. Þat vár eftir keypti hann um lönd við Guðrúnu Ósvífrsdóttur, ok færði Snorri þá bú sitt í Tungu í Sælingsdal; þat var tveim vetrum eftir víg Bolla Þorleikssonar, bónda Guðrúnar Ósvífrsdóttur. Þat sama vár fór Snorri goði suðr til Borgarfjarðar í málatilbúnað eftir víg Styr's við fjögr hundruð manna; þar var í ferð þá með honum Vermundr hinn mjóvi, bróðir Styr's; hann bjó þá í Vatnsfirði; þar var ok Steinþórr af Eyri ok Þóroddr Þorbrandsson ór

Álftafirði, Þorleikr Brandsson ór Krossnesi, bróðurson Styrs, ok margir aðrir virðingamenn. Þeir kómust hit lengsta suðr til Hvitár at Haugsvaði, gegnt Bæ; þar var fyrir sunnan ána Illugi (enn) svarti, Kleppjárn inn gamli, Þorsteinn Gíslason, Gunnlaugr ormstunga, Þorsteinn Þorgilsson ór Hafsfjarðarey; hann átti Vigdísi, dóttur Illuga svarta; margir voru ok aðrir virðingamenn, ok höfðu meir enn fimm hundruð manna. Þeir Snorri goði náðu eigi at riða suðr yfir ána, ok höfðu þar fram málin, er þeir kómu framast, svá at þeim var óhætt, ok stefndi Snorri Gestu um vig Styrs. Þessi sömu mál ónýtti Þorsteinn Gíslason fyrir Snorra goða um sumarit á alþingi. Þat sama haust reid Snorri goði suðr til Borgarfjarðar ok tók af lífi Þorstein Gíslason ok Gunnar son hans; þá var enn Steinþórr af Eyri í för með honum, ok Þór-oddr Þorbrandsson, Bárðr Höskuldsson, Þorleikr Brandsson, ok alls váru þeir fimtán. Um várit eftir fundust þeir á Þórsnesþingi Snorri goði ok Þorsteinn ór Hafsfjarðarey, mágr Illuga svarta. Þorsteinn var son Þorgils Þorfinnssonar, Sel-Þórissonar frá Rauðamel; enn móðir hans var Auðr, dóttir Álfs ór Dölum, ok var Þorsteinn systrungr Þorgils Arasonar af Reykjahólum ok Þorgeirs Hávarssonar ok Þorgils Höllu-sonar, ok Bitru-Odda ok Álftfirðinga, Þorleifs kimba ok þeira Þorbrandssona. Þorsteinn hafði

búit mál mörg til Þórsnesþings. Þat var einn dag í þingbrekku, at Snorri goði spurði, ef Þorsteinn hefði þangat búit mál mörg til þings. Þorsteinn kvaðst búit hafa þangat nokkur mál. Snorri mælti: „Nú muntu vilja, at vér greiðim svá mál með þér, sem þér Borgfirðingar greidd-uð vár mál í fyrra vár?“ „Eigi fýsist ek þess“, sagði Þorsteinn. Enn er Snorri goði hafði þetta mælt, lögðu hér til stórbungt synir Snorra goða ok margir aðrir frændr Stýrs; sögðu, at Þorsteini skyldi sá beztr, at þar felli hvert mál sem komit var; ok sögðu hitt maklegra, at hann gyldi sjálfan sik fyrir þá svivirðing, er þeir Illugi, mágr hans, höfðu gert til þeira hit fyrra sumarit. Þorsteinn svarar hér fá til, ok gengu menn við þat af þingbrekku. Þorsteinn ok frændr hans Rauðmelingar höfðu þar samt allir mikla sveit; enn er til dóma skyldi ganga, bjóst Þorsteinn til at hafa fram mál þau öll, er hann hafði þangat búit; ok er frændr Stýrs ok tengdamenn vissu þat, vápnuðust þeir ok gengu á milli dóms ok Rauðmelinga, er þeir vildu ganga at dóminum. Þá tókst bardagi með þeim. Þorsteinn ór Hafsfjarðarey geymdi eigi annars, enn sækja þar at, sem fyrir var Snorri goði. Þorsteinn var bæði mikill maðr ok röskr til vápn. Enn er Þorsteinn sótti fast at Snorra, þá hljóp fram fyrir hann Kjartan frá Fróða, systurson hans; börðust þeir Þorsteinn tveir lengi, ok

váru þeira vápnaskifti mjök harðskeytt. Eftir þat kómu til beggja vinir, ok gengu millum ok kómu á griðum. Eftir þat kómu til beggja vinir, ok gengu millum ok kómu á griðum. Eftir bardagann mælti Snorri goði við Kjartan frænda sinn: „Fram sóttir þú nú mjök í dag, Breið-
vikingrinn“. Kjartan svarar heldr reiðulega: „Eigi þarft þú at bregða mér ætt minni“, segir hann. Í bardaga þeim fellu af Þorsteini sex, enn margir sárir af hvarumtveggjum. Málum þeim var þar slegit í sætt þegar á þingi ok var Snorri goði ósmár í öllum sáttamálum, því at hann vildi eigi, at þessi mál kæmi til alþingis, því at þá var eigi sætt enn á vig Þorsteins Gíslasonar; þóttist hann þó ærit eiga at svara á alþingi, at eigi væri þessi mál at kæra. Um þessi tíðendi öll saman, vig Þorsteins Gíslasonar ok Gunnars, sonar hans, um bardagann á Þórsnesþingi, orti Þormóðr Trefilsson í Hrafnsmálum vísu þessa:

(34) Meirr vá enn móðbarri
menn at hjörsennu
týnir tjör-Rínar
tvá fyrr á sunnan;
lágu sex síðan
— slíks eru jarteknir —
gífrs á grandnesi
gumnar fjörnumnir.

Var skilt í sætt þeira, at Þorsteinn skyldi fram hafa mál sín öll á Þórsnesþingi, sem hann

hafði þangat tilboðit. Enn sumarit á alþingi var sætt á víg Þorsteins Gíslasonar ok Gunnars, sonar hans; réðust þá til utanferðar þeir menn, er til víganna höfðu farit með Snorra goða. Þetta sumar tók Þorsteinn ór Hafsfjarðarey Rauðmelinga goðorð ór Þórsnesþingi, því at hann þóttist þar aflvani orðit hafa fyrir Snorrungum; tóku þeir frændr þá upp þing í Straumfirði ok heldu þat lengi síðan.

57. Þá er Snorri goði hafði fá vetr búit í Sælingsdalstungu, þá bjó sá maðr á Eyri í Bitru norðr, er Óspakr hét. Óspakr var kvángaðr maðr; hann átti son þann er Glúmr hét ok var ungr í þann tíma. Óspakr var son Kjallaks frá Kjallaksá af Skriðinsenni. Óspakr var manna mestr ok sterkastr; hann var óþokkasæll ok hinn mesti ójafnaðarmaðr; hann hafði með sér karla sjau eða átta, ok váru þeir mjök sakgæfir við menn þar norðr; höfðu þeir jafnan skip fyrir landi, ok tóku af hvers manns eigu eða rekum, þat er þeim sýndist. Álfr litli hét maðr; hann bjó í Þambárdal í Bitru; hann átti vel fé ok var hinn mesti maðr í búi sínu; hann var þingmaðr Snorra goða ok varðveitti reka hans út undir Guðlaugshöfða. Álfr þóttist ok kenna kulda af Óspaki ok hans félögum; ok kærði þat jafnan fyrir Snorra goða, þá er þeir fundust. Þórir gull-Harðarson bjó þá í Tungu í Bitru; hann var vin Sturlu Þjóðrekssonar, er víga-

10

Sturla var kallaðr; hann bjó á Staðarhóli í Saurbæ. Þórir var gildir bóndi ok var fyrir mönnum um Bitruna; hafði hann umboð ok varðveizlu á rekum Sturlu norðr þar. Þeir Óspakr ok Þórir eldu oft grátt silfr, ok veitti ýmsum léttara; var Óspakr fyrirmaðr út þar um Krossárdal ok Ennit. Þat var einn vetr, at snemma kom á vetrarriki mikit, ok gerði þegar jarðbönn þar um Bitruna; tóku menn þá aflát stór, enn sumir ráku fé sitt um heiði. Þetta sumar áðr hafði Óspakr látit gera virki á bæ sínum á Eyri; þat var örugt vígi, ef menn væri til varnar. Um vetrinn á Góí kom hrið mikil, ok helzt hon viku; þat var norðanveðr mikit. Enn er af létti hriðinni, sá menn, at hafiss var at kominn alt hit ytra, enn þá var issinn eigi kominn inn í Bitruna; fóru menn þá at kanna fjörur sínar. Enn frá því er at segja, at út frá Stiku, á milli ok Guðlaugshöfða, hafði rekit upp reyði mikla. Í hval þeim áttu mest Snorri goði ok Sturla Þjóðreksson. Álfr enn litli ok enn fleiri bændr áttu þar nökkut í; menn fóru til þar um Bitruna, ok skáru hvalinn eftir tilskipan Þóris ok Álfs. Ok er menn váru at hvalskurðinum, sá þeir, at skip reri handan um fjörðinn frá Eyri, ok kendu, at þat var tólfæringr mikill, er Óspakr átti; lendu þeir þar við hvalinn; gengu þar upp fimtán menn alvápnadir; ok er Óspakr kom á land, gekk hann at hvalnum,

ok spurði, hverir fyrir hvalnum réði. Þórir sagði, at hann réð fyrir þeim er Sturla átti, en Álfr fyrir þeim er hann átti, svá ok fyrir þeim er Snorri goði átti, enn þá ræðr hverr fyrir sinum hlut annarra bænda. Óspakr spyrr, hvat þeir vildi fá honum af hvalnum. Þórir svarar: „Ekki vil ek fá þér af þeim hlut, er ek skal annast, enn ek veit eigi nema bændr vili selja þann er þeir eigu, eða hvat skal við gefa?“ „Veiztu þat, Þórir“, sagði Óspakr, „at ek em eigi vanr at kaupa hval at yðr Bitrumönnum“. „Þat er mér þó ván“, sagði Þórir, „at þú fái engan ókeypis“. Hvalr lá í kös sá er skorinn var, ok var engum skift. Óspakr bað sína menn ganga til ok bera hvalinn út á skipit. Þeir er við hvalinn váru, höfðu fátt vápna, nema öxar þær er þeir skáru hval með. Enn er Þórir sá, at þeir Óspakr gengu til hvalsins, hét hann á menn, at þeir skyldu eigi láta rænast; hljópu þeir þá til öðrum megin; gengu þeir þá frá hinum óskorna hvalnum, ok varð Þórir skjótastr; sneri þegar Óspakr honum í móti, ok laust hann með öxarhamri; kom höggit við cyrat, ok fell hann þegar í óvit; enn þeir er honum váru næstir, tóku til hans, ok kiptu honum að sér, ok styrmdu yfir honum meðan hann lá í óvitinu; enn þá varð hvalrinn eigi varinn. Þá kom at Álfr hinn litli, ok bað þá eigi taka hvalinn. Óspakr mælti: „Far þú eigi til, Álfr“, sagði

hann, „þú hefir haus þunnan, enn ek hefir öxi þunga; mun ferð þín verri enn Þóris, ef þú gengr feti framar“. Þetta heilræði hafði Álfr, sem honum var kent. Þeir Óspakr báru hvalinn á skipit ok höfðu þat gert, áðr Þórir vitkaðist; enn er hann vissi hvat títt var, ávítaði hann sína menn. at þeim tækist auvirðlega, er þeir stóðu hjá, er sumir váru ræntir, enn sumir bardir; hljóp Þórir þá upp, enn Óspakr hafði þá flotat skipinu, ok létu frá landi. Reru síðan vestr yfir fjörðinn til Eyrar, ok störfuðu at föngum sínum, ok lét Óspakr enga þá frá sér fara, er þessa ferð höfðu farit; höfðu þar setu ok bjoggust fyrir í virkinu. Þeir Þórir skiftu hval, ok létu þat jafnt allra skaða, er upp var tekit, eftir því sem hverir áttu í hvalnum; fóru heim allir eftir þetta; var nú fjandskapr með þeim Þóri ok Óspak, enn af því at Óspakr hafði mannmart, þá gengu þeim skjótt föngin.

58. Þat var eina nótt, at þeir Óspakr fóru í Þambárdal fimtán saman, ok gengu þar inn at Álfi, ok ráku hann í stofu ok hjú hans öll meðan þeir ræntu þar, ok báru þaðan á fjórum hestum. Enn menn höfðu varir orðit við ferð þeira frá Fjarðarhorni, ok var þaðan sendr maðr í Tungu, at segja Þóri. Þórir safnaði mönnum, ok urðu saman átján ok fóru ofan til fjarðarbotnsins; sá Þórir þá, at þeir Óspakr fóru um fram, ok fóru þá út frá Fjarðarhorni. Ok er

Óspakr sá eftirferðina, mælti hann: „Menn fara þar, ok man þar Þórir fara“, segir hann, „ok mun ætla nú at hefna höggins þess, er ek laust hann á vetri; eru þeir átján, enn vér fimtán, búnir betr; er þat enn vant at sjá, hverir enn verða höggum fegnir, enn hestar þeir er vér höfum haft ór Þambárdal munu vera heimfúsir, enn ek vil eigi láta aftakast, þat er vér höfum hendi á komit; skulu nú tveir várir menn, þeir er minst eru viðbúnir, reka klyfjahestana fyrir út til Eyrar, enn láta menn fara í móti oss þá sem heima eru, enn vér þrettán munum taka í móti þeim, slíkt sem verða má“. Þeir gerðu sem Óspakr mælti. Ok er Þórir kom eftir, heilsaði Óspakr þeim ok spurði at tíðendum; hann var mjúkr viðmælis, ok vildi svá dvelja þá Þóri. Þórir spurði, hvaðan þeir hefði fong haft. Óspakr segir, at þeir höfðu ór Þambárdal. „Hvern veg kómust þér at því?“ segir Þórir. Óspakr svarar: „Hvárki váru gefin né goldin, né solum seld“. „Vili þér þá laust láta“, segir Þórir, „ok fá oss í hendr?“ Óspakr sagðist eigi því nenna. Síðan hljópust þeir á, ok tókst þar bardagi; váru þeir Þórir hinir áköfustu, enn þeir Óspakr vörðust alldrengilega. Urðu þeir þó sárir, enn sumir fellu. Þórir hafði bjarnsviðu í hendi, ok hljóp at Óspaki ok lagði til hans, enn Óspakr laust af sér lagit. Enn er Þórir hafði sér mjök til varit, enn eigi varð

fyrir spjótinu, þá fell hann á knén, ok laut áfram við. Óspakr hjó þá á bak Þóri með exi, ok varð þar við brestr mikill. Óspakr mælti: „Þat man þik letja langfaranna Þórir“, sagði hann. Þórir sagði: „Má þat, enn fara hykk ek mik enn munu fullum dagleiðum fyrir þér ok höggi þínu“. Þórir hafði haft tygilkníf á hálsi, sem þá var títt, ok kastat á bak sér aftr, ok hafði þar komit í höggit, enn hann hafði skeinzt á hrygglundunum tveim megin ok þó litt. Eftir þat hljóp til förunautr Þóris, ok hjó til Óspaks, enn hann brá við öxinni, ok kom í skaftit svá at í sundr tók, ok fell þá öxin niðr. Þá kallar Óspakr, ok bað sína menn undan halda; tók hann þá ok sjálfr at renna; enn þegar er Þórir stóð upp, þá skaut hann sviðunni eftir Óspaki, ok kom í lærit, ok rendi fram útan lærs. Óspakr kipti brott sviðunni ór sárinu, ok snerist við; sendi hann aftr sviðuna, ok kom á þann miðjan, er höggit hafði til hans, ok fell sá dauðr til jarðar. Eftir þat rann Óspakr ok fylgdarmenn hans, enn þeir Þórir eltu þá út með fjörum mjök svá til Eyrar. Þá fóru menn heiman af bænum, bæði karlar ok konur; hurfu þeir Þórir þá aftr; var þá atfaralaust með þeim þaðan af um vetrinn. Á þeim fundi fellu þeir menn af Óspaki, enn einn af Þóri, enn margir urðu sárir af hvárumtveggjum.

59. Snorri goði tók við málum Álfs hins

litla öllum á hendr þeim Óspaki, ok gerði þá Óspak alla seka á Þórsnesþingi. Eftir þingit fór Snorri goði heim í Tungu, ok sat heima til feralsdóms; fór hann þá norðr í Bitru með fjölmenni. Ok er hann kom þar, var Óspakr á brottu með alt sitt; höfðu þeir farit norðr á Strandir fimtán saman, ok höfðu tvau skip; þeir vátu á Ströndum um sumarit, ok gerðu þar margar óspektir; þeir bjoggust fyrir norðr í Þaralátrsfirði, ok söfnuðu at sér mönnum. Þar kom til þeira sá maðr, er Hrafn hét, ok var kallaðr víkingr; hann var einn illgerðamaðr, ok hafði legit úti á Norðrströndum; þeir gerðu þar mikit hervirki í ránum ok manndrápum; vátu þar allir samt framan til vetrnáttu; þá söfnuðust þeir saman Strandamenn, Óláfr Eyvindarson frá Dröngum, ok aðrir bæendr með honum, ok fóru at þeim; höfðu þeir þá enn virki um bæ sinn þar í Þaralátrsfirði, ok vátu þá saman nær þrjátíu manna. Þeir Óláfr settust um virkit ok þótti torsóttlegt vera; töluðust menn þá við, ok buðu illvirkjarnir at fara brott af Ströndum, ok gera þar engar óspektir þaðan af, enda skyldu þeir fara frá virkinu. Enn með því at þeim þótti eigi í hendi liggja at eiga við þá, þá tóku þeir þann kost, ok bundu þat svarðögum með sér. Fóru bæendr við þat heim.

60. Nú er at segja frá Snorra goða, at hann fór til feralsdóms í Bitru norðr, sem fyrr var

ritat, ok er hann kom á Eyri, var Óspakr í brottu, ok háði Snorri goði féránsdóm, sem lög stóðu til, ok tók upp alt sektarfé, ok skifti með þeim mönnum, er þeir höfðu mesta óspekt gert, Álfi litla ok þeim mönnum öðrum, er fyrir ránum höfðu orðit. Síðan reið Snorri goði heim í Tungu, ok leið svá sumarit. Þeir Óspakr fóru af Ströndum um vetrnáttaskeið, ok höfðu tvau skip mikil; fóru þeir inn fyrir Strandir, ok síðan norðr yfir Flóa til Vatnsness; gengu þar upp ok rændu, ok hlóðu bæði skipin, sem borð báru; heldu síðan norðr yfir Flóann í Bitru, ok lendu á Eyri, ok báru þar föng sín upp í virkit; þar hafði kona Óspaks verit um sumarit ok Glúmr son þeira með tvær kýr. Þegar hina sömu nótt ok þeir höfðu heim komit, reru þeir báðum skipunum yfir til fjarðarbotns ok gengu upp til bæjar í Tungu, ok brutu þar upp hús; þeir tóku Þóri bónda ór rekkju sinni ok leiddu út, ok drápu; síðan rændu þeir þar fé öllu, því er innan gátta var, ok færðu það til skipa; síðan reru þeir til Þambárdals, hljópu þar upp ok brutu hurðir sem í Tungu. Álfr litli hafði legit í klæðum sínum; ok er hann heyrði, at hurðin var upp brotin, hljóp hann upp ok til laundyra, er váru á bak húsum; hann komst þar út, ok hljóp upp eftir dal. Þeir Óspakr rændu öllu því, er þeir kómu höndum á, ok færðu til skipa sinna, ok fóru heim á Eyri með hlaðin bæði

skipin, ok færðu föng þessi bæði í virkit; þeir færðu ok skipin í virkit, ok fyldu þau bæði vatns, ok læstu síðan virkit; þat var hit bezta vígi; sátu þar síðan um vetrinn.

61. Álfr litli hljóp suðr yfir heiði þar til er hann kom í Tungu til Snorra goða, ok sagði honum vandræði sín; eggjaði hann mjök, at þá skyldi þegar fara norðr at þeim Óspaki; enn Snorri goði vildi fyrst spyrja norðan, hvat þeir hefði fleira gert enn stökt honum norðan, eða hvárt þeir staðfestist nökkvat þar í Bitrunni. Nökkuru síðar spurðist norðan ór Bitru víg Þóris ok viðbúningr sá, er Óspakr hafði þar; spurðist mönnum svá til, sem þeir mundi eigi vera auðsóttir. Þá lét Snorri goði sækja lið Álfs, ok svá fé þat er eftir var; fór þat alt í Tungu ok var þar um vetrinn. Óvinir Snorra goða lögðu honum til ámælis, at hann þótti seint rétta hluta Álfs; lét Snorri goði þar tala um hvern þat er vildi, enn þó varð eigi at gert. Sturla Þjóðreksson sendi þau orð at vestan, at hann væri þegar búinn at fara at þeim Óspaki, er Snorri vildi, ok kallar sik eigi óskyldara at fara þessa för enn Snorra; leið svá vetrinn fram um jól, ok spurðust jafnan óspektir norðan frá þeim Óspaki. Vetrarriki var á mikít, ok lágu firðir allir. Þat var litlu fyrir föstu, at Snorri goði sendi út á Nes til Ingjaldshváls; þar bjó sá maðr er Þrándr stigandi hét; hann var son

Ingjalds, þess er bærinn er við kendr á Ingjalðshváli. Þrándr var allra manna mestr ok sterkastur ok manna fóthvatastr; hann hafði verit fyrr með Snorra goða, ok var kallaðr eigi einhamr, meðan hann var heiðinn, enn þá tók af flestum tröllskap, er skírðir váru. Snorri sendi til þess orð Þrándi, at hann skyldi koma inn þangat í Tungu á fund hans, ok búast svá við ferðinni, sem hann mundi nökkura mannaun fyrir höndum eiga. Ok er Þrándi kómu orð Snorra goða, mælti hann við sendimann: „Þú skalt hvila þik hér slíka stund, er þér líkar; enn ek mun fara at orðsending Snorra goða, ok munu vit eigi verða samfara“. Sendimaðr hvað þá vita, er reynt væri. Enn um morguninn, er sendimaðr vaknaði, var Þrándr allr í brottu; hann hafði tekit vápn sín, ok gekk inn undir Enni, ok svá sem leið liggr inn til Búlandshöfða; svá inn um fjörðu til bæjar þess, er á Eiði heitir; þar gekk hann á ís ok svá yfir Kolgrafafjörð ok Seljafjörð, ok þaðan inn til Vigrafjarðar, ok svá inn eftir ísum alt í fjarðarbotn, ok kom í Tungu um kveldit, er Snorri sat undir borðum. Snorri fagnaði honum blíðlega. Þrándr tók því, ok spurði hvat hann vildi honum; kvaðst þá búinn, at fara þangat, er hann skyldi, ef hann vildi senda hann nökkut. Snorri bað hann þar vera um nóttina í náðum; váru þá tekin klæði Þrándar.

62. Þessa sömu nótt sendi Snorri goði mann vestr á Staðarhól til Sturlu Þjóðrekssonar, ok bað hann kæmi til móts við sik í Tungu norðr í Bitru um daginn eftir. Snorri sendi ok menn á bæi þar ok stefndi at sér mönnum; fóru þeir síðan norðr um Gaffellsheiði með fimtíu manna; kómu í Tungu í Bitru um kveldit; var Sturla þar fyrir með þrjátíu manna; fór þaðan út til Eyrar um nóttina; ok er þeir kómu þar, gengu þeir Óspakr út á virkit, ok spyrja hverir fyrir flokkinum réði. Þeir sögðu til sín, ok báðu þá upp gefa virkit, enn Óspakr kvaðst eigi mundu upp gefast, — „enn gera munum vér yðr þann kost sem Strandamönnum“, segir hann, „at fara á brott ór sveit, ef þér farit frá virkinu“. Snorri kvað þá eigi skyldu gera sér neina etjukosti. Um morguninn eftir, þegar er ljóst var, skiftu þeir virkinu með sér til atsóknar; hlaut Snorri goði þann hlut virkisins til atsóknar, er Hrafn vikingr varði, enn Sturla þar sem Óspakr varði. Synir Barkar hins digra, Sámr ok Þormóðr, sóttu at einum megin, enn synir Snorra sóttu at enum fjórða vegginum, Þóroddr ok Þorsteinn þorskabitr. Þeir Óspakr höfðu mest grjót til varnar, svá at þeir mætti við koma; létu þeir þat ok óspart við þá, því þar vóru hinir vöskustu menn fyrir. Þeir Snorri ok Sturla höfðu mest til atsóknar skotvápn, bæði bogaskot ok handskot; höfðu þeir því mart at

flutt, at þeir höfðu lengi búizt at vinna virkit. Atsókn varð hin harðasta; urðu því margir sárir af hvarumtveggjum, enn hvarigir fellu. Þeir Snorri skutu svá titt, at þeir Hrafn hrukku inn af vegginum. Þá gerði Þrándr stígandi skeið at vegginum, ok hljóp svá langt í upp, at hann fékk krækt öxi sinni á virkit, enn síðan las hann sik upp eftir öxarskaftinu, þar til at hann kom upp á virkit. Enn þá er Hrafn sá, at maðr er kominn í virkit, hljóp hann at Þrándi, ok lagði til hans með spjóti, enn Þrándr laust af sér lagit, enn hjó á höndina Hrafnni uppi við öxlina, ok tók þar af höndina. Eftir þat kómu þeir margir að honum; lét hann þá fallast út af virkisvegginum ok kom svá til sinna manna. Óspakr eggjaði sína menn til varnar, ok barðist sjálfr alldjarflega; hann gekk mjök út á virkit, er hann kastaði steinunum. Þat var eitt sinn, er hann varði sér mjök til, ok kastaði steini í flokk Sturlu, enn í því skaut Sturla snerisþjóti til hans; þat kom á hann miðjan, ok fell hann út af virkinu. Sturla hljóp þegar at honum, ok tók hann til sín, ok vildi eigi at fleiri menn ynni á honum, því at hann vildi, at þat væri einmælt, at hann yrði banamaðr hans. Hinn þriði maðr fell af þeim vegginum, er þeir Barkarsynir sóttu. Eftir þetta buðu víkingar at gefa upp virkit, enn þeir skyldu hafa lífsgrið ok lima, ok buðu þar með alt sitt

mál á dóm þeira Snorra goða ok Sturlu; enn með því at þeir Snorri goði váru farnir mjök at skotvápnnum, þá játuðu þeir því. Var þá virkit upp gefit, ok gengu virkismenn á vald Snorra goða, enn hann lét alla hafa lífsgrið ok lima, sem þeir höfðu skilit. Þeir létust þegar báðir, Óspakr ok Hrafn, ok hinn þriði maðr enn af þeira liði, enn margir urðu sárir af hvárumtveggjum. Svá sagði Þormóðr í Hrafnsmálum:

(35) Böð varð í Bitru,
bráð hykk þar náðu
gørvi gnógs styrjar
gjóðum sigrfjóða;
lágu lífs vanir
leiðendr hafreiðar
þrir fyr þrekstæri,
þar fekk hrafn væri.

Snorri goði lét konu Óspaks hafa þar bú eftir, ok Glúm son þeira. Glúmr fekk síðan Þórdísar, dóttur Ásmundar hærukolls, systur Grettis hins sterka, ok var þeira son Óspakr, er deildi við Odd í Miðfirði Ófeigsson. Þeir Snorri goði ok Sturla stöktu á brott öllum vikingum sinn veg hvárum ok dreifðu svá óaldarflokki þessum ok fóru heim síðan. Þrándr stigandi var skamma stund með Snorra goða, áðr hann fór heim út til Ingjaldshváls, ok þakkadi Snorri honum vel góða fylgd. Þrándr stigandi bjó lengi síðan á Ingjaldshváli, enn eft-

ir þat á Þrándarstöðum, ok var hann mikil maðr fyrir sér.

63. Í þenna tíma bjó Þóroddr Þorbrandsson í Álftafirði; hann átti þá bæði löndin, Úlfarsfell ok Örlygsstaði, enn þá var svá mikill gangr at um aftrgöngur Þórólfs bægifóts, at menn þóttust eigi mega búa á löndum þeim; var þá ok Bólstaðr auðr, því at Þórólfr tók þegar aftr at ganga, er Arnkell var látinn, ok deyddi bæði menn ok fé þar á Bólstað; hefir ok enginn maðr traust til borit at byggja þar fyrir þær sakir. Enn er þar var aleytt, sótti Bægifótr upp til Úlfarsfells, ok gerði þar mikil vandræði; alt fólk varð óttafult, þegar vart varð við Bægifót. Fór þá bóndi inn á Kársstaði ok kærði þetta vandræði fyrir Þóroddi, því at hann var hans landseti; sagði, at þat var ætlan manna, at Bægifótr mundi eigi fyrr léttá, enn hann hefði eytt allan fjörðinn, bæði at mönnum ok fé, ok ef engra ráða væri í leitá, — „man ek eigi lengr þar við haldast, ef eigi er at gert“. Enn er Þóroddr heyrði þetta, þótti honum eigi gott til órræða. Um morguninn eftir lét Þóroddr taka hest sinn; hann kvaddi með sér hús-karla sína; hann lét ok fara menn með sér af næstum bæjum; fara þeir út til Bægifótshöfða, ok til dysjar Þórólfs; var hann þá enn ófúinn ok hinn tröllslegsti at sjá; hann var blár sem Hel ok digr sem naut; ok er þeir vildu hræra

hann, þá fengu þeir hvergi rygat honum; lét Þóroddr þá færa undir hann brot, ok við þetta kómu þeir honum upp ór dysinni; síðan veltu þeir honum á fjöru ofan ok kvistuðu þar bál mikit, slógu síðan eldi í, veltu þar í Þórólfi, ok brendu upp alt saman at köldum kolum, ok var þat þó lengi, at eigi orkaði eldr á Þórólfi; vindr var á hvass, ok fauk askan víða, þegar brenna tók, enn þeiri ösku, er þeir máttu, sköruðu þeir á sjó út; ok er þeir höfðu þessu erfíði lokit, fóru þeir heim, ok váru þá náttmál, er Þóroddr kom heim; váru þá konur at mjöltum, ok er Þóroddr reið á stöðulinn, hljóp kýr ein undan honum, ok brotnaði í fótrinn; þá var kýrin tekin, ok var svá mögr, at eigi þótti dræp; lét Þóroddr þá binda fótinn, enn undan kúnni tók nyt alla; enn er fótrinn kýrinnar var festr, var hon færð út í Úlfarsfell til feitingar, því at þar var hagi góðr, sem í eylandi væri. Kýrin gekk oft ofan í fjöruna, þar sem bálit hafði verit, ok sleikti steinana, þar sem askan hafði fokit. Þat er sumra manna sögn, at þá er eyjamenn fóru utan eftir firði með skreidarfarma, at þá sæi þeir kúna upp í hliðina, ok naut annat apalgrátt at lit, enn þess átti engi maðr ván. Enn um haustit ætlar Þóroddr at drepa kúna; ok er menn skyldu sækja hana, fanst hon eigi. Þóroddr lét oft leita hennar um haustit, ok fanst hon aldri; hugðu menn eigi annat, enn

kýrin mundi dauð eða stolin ella. Er skamt var til jóla, var þat einn morgun snemma þar á Kársstöðum, at nautamaðr gekk til fjóss eftir vanda, at hann sá naut fyrir fjóssdyrum, ok kendi, at þar var þá komin kýrin hin fótbrotna, er vant hafði verit; leiddi hann kúna á bás ok batt, ok sagði síðan Þóroddi; hann gekk til fjóss, sá kúna, ok hafði á hendr; þeir kendu kálf í kúnni, ok þótti þeim þá eigi dræp. Þóroddr hafði þá ok skorit í bú sitt sem hann bar nauðsyn til. Enn um várit, er litit var af sumri, þá bar kýrin kálf; þat var kviga; nökkuru síðar bar hon kálf annan, ok var þat graðungur, ok komst hon nauðulega frá, svá var hann mikill. Ok litlu síðar dó kýrin. Kálfr þessi hinn mikli var borinn inn í stofu; var hann apalgrár at lit, ok alleigulegr; var þá hvárrtveggi kálfrinn í stofunni ok sá er fyrr var borinn. Kerling ein gömul var í stofunni; sú var fóstra Þórodds ok þá sjónlaus; hon þótti verit hafa framsýn á fyrri tíðum, enn er hon eldist, var henni virt til gamalóra þat er hon mælti; enn þat gekk þó mart eftir sem hon sagði. Enn er kálfrinn sá hinn mikli var bundinn á gólfnu, kvað hann við hátt. Ok er kerlingin heyrði þat, þá varð henni ilt við ok mælti: „Þetta eru tröllslæti“, segir hon, „enn eigi annars kvikindis, ok gerið svá vel, skerið vábeyðu þessa“. Þóroddr kvað þat eigi fært at skera kálfinn;

segir allælilegan, ok kvað verða mundu ágæta naut, ef upp væri alinn. Þá kvað kálfrinn við annat sinn. Þá mælti kerling, ok flugði öll: „Fóstri minn“, sagði hon, „láttu skera kálfinn, því at vér munum ilt af honum hljóta, ef hann er upp alinn“. Hann svarar: „Skera skal kálf er þú vill, fóstra“. Var þá borinn út kálfrinn hvárrtveggi; lét Þóroddr þá skera kvígukálfinn, ok bera hinn út í hlöðu; ok bauð Þóroddr varnað á, at enginn skyldi segja kerlingu, at kálfrinn lifði. Kálfr þessi óx dagvöxtum, svá at um várit, er kálfar váru út látnir, þá var hann eigi minni enn þeir, er alnir váru á öndverðum vetri; hann hljóp mikit í töðunni, er hann kom út, ok beljaði hátt sem graðungr gylli, svá at gerla heyrði í hús inn. Þá mælti kerlingin: „Þat var þó, at tröllit var eigi drepit, ok munu vér meira ilt af honum hljóta enn vér mættim orð eftir senda“. Kálfrinn óx skjótt ok gekk í túni um sumarit; var hann um haustit svá mikill, at færi vetrögömul naut váru stæri; hann var hyrnr vel ok allra nauta fríðastr at sjá. Graðungrinn var kallaðr Glæsir; er hann var tvævetr, var hann svá mikill sem fimm vetra gamlir uxar; hann var jafnan heima með kúneytum, ok hvert sinn er Þóroddr kom á stöðul, gekk Glæsir at honum ok daunsnaði um hann, ok sleikti um klæði hans, enn Þóroddr klappaði um hann; hógværr var hann bæði við menn ok

fé sem sauðr, enn jafnan er hann beljaði, lét hann stórum afskræmilega; enn er kerling heyrði hann, brá henni jafnan mjök við. Þá er Glæsir var fjögurra vetra gamall, gekk hann eigi undan konum, börnum eða ungmennum, ok ef karlar gengu hjá honum, reygdist hann við ok lét ótrúlega, enn gekk undan þeim í þraut. Þat var einn dag, er Glæsir kom heim á stöðul, at hann gall ákaflega hátt, at svá gerla heyrði inn í húsin sem hjá væri. Þóroddr var í stofu ok svá kerling. Hon andvarpaði mjök ok mælti: „Eigi virðir þú mikils orð mín í því, at láta drepa graðunginn, fóstri“, segir hon. Þóroddr svarar: „Uni þú nú vel við, fósttra mín“, sagði hann, „nú skal Glæsir lifa til hausts, enn þá skal hann drepa, er hann hefir fengit sumarholdin“. „Þá mun of seinat“, sagði hon. „Vant er þat at sjá“, sagði Þóroddr. Ok er þau töludu þetta, kvað graðungr við ok lét enn verr enn fyrr. Þá kvað kerling vísu þessa:

(36) Haus knýr hjardar vísi
 — hann ræðr um fjör manna —
 hallar hristir mjallar
 hadds, blóðvita raddu;
 sá kennir þér sinna
 svarðhristir ben jarðar,
 þat verðr at fé fjötrar
 fjör þitt, enn sék gërva.

Þóroddr svarar: „Gamalær gerist þú nú, fósttra, ok mantu eigi þat sjá“. Hon kvað:

- (37) Oft es auðar þófta
 æri, es tungu hrærir,
 — sék á blóðgum búki
 bengrát — enn þér látið.
 Tarfr mun hér, þvit horfa
 hann tekr reiðr við mannum,
 — þat sér gulls hin gjalla
 Gerðr — þinn bani verða.

„Ekki man svá verða“, sagði hann. „Því er verr, at svá mun verða“, sagði hon. Þat var um sumarit, at Þóroddr hafði látit raka töðu sína alla saman í stórsæti, at þá kom á regn mikit; enn um morguninn, er menn kómu út, sá þeir at Glæsir var kominn í tún, ok var stokkrinn af hornum hans, er á hafði feldr verit, er hann tók at ýggjast; hann hafði týnt venju sinni, því at hann var aldri vanr at granda heyinu, þó at hann gengi í töðunni; enn nú hljóp hann at sátnum, ok stakk hornunum undir botnana ok hóf upp sætit, ok dreifði svá um völlinn; tók hann þegar aðra, er önnur var brotin, ok fór svá beljandi um völlinn, ok lét öskurlega, ok stóð mönnum svá mikil ógn af honum, at engi þorði til at fara, at reka hann ór töðunni. Var þá sagt Þóroddi hvat Glæsir hafðist at; hann hljóp út þegar, enn viðarbuðlungr stóð fyrir dyrum úti, ok tók hann þar af birkiraft mikinn ok reiddi um öxl, svá at hann helt um skálmirnar, ok hljóp ofan á völlinn at graðunginum. Enn er Glæsir sá hann, nam

hann stað, ok snerist við honum. Þá hestist Þóroddr á hann, enn graðungrinn gekk eigi undan at heldr. Þá hóf Þóroddr upp raftinn ok laust milli horna honum svá mikit högg, at raftrinn gekk í sundr í skálmunum; enn við höggit brá Glæsi svá, at hann hljóp at Þóroddi; enn Þóroddr fekk tekit hornin, ok veik honum hjá sér, ok fóru þeir svá um hríð, at Glæsir sótti eftir enn Þóroddr fór undan, ok brá honum á ýmsar hliðar sér, alt þar til at Þóroddr tók at mæðast, þá hljóp hann upp á háls graðunginum ok spenti höndum niðr undir kverkina. enn lá fram á höfuð graðunginum milli hornanna, ok ætlar svá at mæða hann. Enn graðungrinn hljóp aftr ok fram um völinn með hann. Þá sá heimamenn Þórodds at í óefni var komit með þeim, enn þeir þorðu eigi til at fara vápnlausir; gengu þeir þá inn eftir vápnum, ok er þeir kómu út, hljópu þeir ofan á völinn með spjót ok önnur vápn; ok er graðungrinn sá þat, rak hann höfuðit milli fóta sér, ok snaraðist við, svá at hann fekk komit öðru horninu undir hann Þórodd; síðan brá hann upp höfðinu svá snart, at fótahlutinum Þórodds sló á loft. svá at hann stóð nær á höfðinu á hálsi graðunginum. Enn er Þóroddi sveif ofan, vatt Glæsir undir hann höfðinu, ok kom annat hornit í kviðinn, svá at þegar stóð á kafi; lét Þóroddr þá laust höndunum, enn graðungrinn rak upp

skræk mikinn ok hljóp ofan til árinna eftir vellinum. Heimamenn Þórodds hljópu eftir Glæsi, ok eltu hann um þvera skriðuna Geirvör, ok alt þar til er þeir kómu at feni einu fyrir neðan bæinn at Hellu; þar hljóp gradungrinn, út á fenit, ok lauk svá, at hann kom aldri upp síðan, ok heitir þar síðan Glæsiskelda. Enn er heimamenn kómu aftr á völlinn, var Þóroddr á brottu þaðan; hafði hann gengit heim til bæjar, enn er þeir kómu heim, lá Þóroddr inn í rúmi sinu, ok var þá andaðr; var hann færðr til kirkju ok grafinn. Kárr, son Þórodds, tók við búi eftir föður sinn í Álftafirði ok bjó þar lengi síðan, ok við hann er kendr bærinn á Kársstöðum.

64. Guðleifr hét maðr; hann var son Guðlaugs hins auðga ór Straumfirði, bróðir Þorfinns, er Sturlungar eru frá komnir. Guðleifr var farmaðr mikill; hann átti knörr mikinn, enn annan Þórólfr, son Eyra-Lofts, þá er þeir börðust við Gyrd, son Sigvalda jarls; þá lét Gyrd auga sitt. Þat var ofarlega á dögum Óláfs hins helga, at Guðleifr hafði kaupferð vestr til Dýflinnar; enn er hann sigldi vestan, ætlaði hann til Íslands; hann sigldi fyrir vestan Írland, ok fekk austanveðr ok landnyrðinga, ok rak þá langt vestr í haf ok í útsuðr, svá at þeir vissu ekki til landa; enn þá var mjök áliðit sumar, ok hétu þeir mörgu, at þá bæri ór

hafinu, ok þá kom þar, at þeir urðu við land varir; þat var mikit land, enn eigi vissu þeir hvat land þat var. Þat ráð tóku þeir Guðleifr, at þeir sigldu at landinu, því at þeim þótti ilt at eiga lengr við hafsmegnit. Þeir fengu þar höfn góða; enn er þeir höfðu þar litla stund við land verit, þá koma menn til fundar við þá; þeir kendu þar engan mann, enn helzt þótti þeim, sem þeir mælti írsku; brátt kom til þeira svá mikit fjölmenni, at þat skifti mörgum hundruðum. Þessir menn veittu þeim atgöngu ok tóku þá höndum alla ok bundu, ok ráku þá síðan á land upp. Þá váru þeir færðir á mót eitt, ok dæmt um þá. Þat skildu þeir, at sumir vildu at þeir væri drepnir, enn sumir vildu at þeim væri skift á vistir ok væri þeir þjádir. Ok er þetta var kært, sá þeir hvar reið flokkur manna, ok var þar borit merki í flokkinum; þóttust þeir þá vita, at höfðingi nökkurr mundi vera í flokkinum; ok er flokkur þenna þar þangat at, sá þeir, at undir merkinu reið mikill maðr ok garplegr, ok var þó mjök á efra aldr ok hvítr fyrir hærum. Allir menn er þar váru fyrir hneigðu þeim manni, ok fögnuðu sem herra sínum; fundu þeir þá brátt, at þangat var skotið öllum ráðum ok atkvæðum, sem hann var. Síðan sendi þessi maðr eftir þeim Guðleifi; ok er þeir kómu fyrir þenna mann, þá mælti hann til þeira á norrænu, ok spyrr, hvaðan af lönd-

um þeir váru. Þeir sögðu, at þeir væri flestir íslenzkir. Þessi maðr spurði hverir þeir væri þessir íslenzku menn; gekk Guðleifr þá fyrir þenna mann ok kvaddi hann virðulega, enn hann tók því vel, ok spyrr hvaðan af Íslandi þeir væri, enn Guðleifr segir at hann væri ór Borgarfirði; þá spurði hann hvaðan ór Borgarfirði hann var; enn Guðleifr segir þat. Eftir þat spurði hann vandlega eftir sérhverjum hinna stærri manna í Borgarfirði ok Breiðafirði. Ok er þeir töluðu þetta, spyrr hann eftir Snorra goða ok Þuríði frá Fróða, systur hans, ok hann spurði vandlega eftir öllum hlutum frá Fróða ok mest at sveininum Kjartani, er þá var bóndi at Fróða. Landsmenn kölluðu í öðrum stað, at nökkurt ráð skyldi gera fyrir skipshöfninni. Eftir þat gekk þessi mikli maðr brott frá þeim; ok nefndi með sér tólf menn af sínum mönnum, ok sátu þeir langa hrið á tali. Eftir þat gengu þeir til mannfundarins. Þá mælti hinn mikli maðr til þeira Guðleifs: „Vér landsmenn höfum talat nökkut mál yður, ok hafa landsmenn nú gefit yðvart mál á mitt vald, enn ek vil nú gefa yðr fararleyfi þangat sem þér vilit fara; enn þó yðr þykki nú mjök á liðit sumar, þá vil ek þó þat ráða yðr, at þér látið á brott heðan, því at hér er fólk ótrútt ok ilt viðreignar; enn þeim þykkja áðr brotin lög á sér“. Guðleifr mælti: „Hvat skulum vér til segja,

ef oss verðr auðit at koma til ættjarða várara, hverr oss hafi frelsi gefit?“ Hann svarar: „Þat mun ek yðr eigi segja, því at ek ann eigi þess frændum mínum ok fóstbræðrum, at þeir hafi hingat þvílíka ferð, sem þér munduð haft hafa, ef þér nytið eigi mín við; enn nú er svá komit aldri mínum, sagði hann, at þat er á engri stundu örvænt, nær elli stígr yfir höfuð mér; enn þó at ek lifa enn um stundar sakir, þá eru hér á landi ríkari menn enn ek, þeir at lítinn frið munu gefa útlendum mönnum, þó at þeir sé eigi hingat nálægir, sem þér eruð at komnir“. Síðan lét þessi maðr búa skipit með þeim, ok var þar við til þess er byrr kom, sá er þeim var hagstæðr út at taka. Enn áðr þeir Guðleifr skildu, tók þessi maðr gullhring af hendi sér, ok fær í hendr Guðleifi, ok þar með gott sverð; enn síðan mælti hann við Guðleif: „Ef þér verðr auðit at koma til fóstjarðar þinnar, þá skaltu færa sverð þetta Kjartani, bóndanum at Fróðá, enn hringinn Þuriði móður hans. Guðleifr mælti: „Hvat skal ek til segja, hverr þeim sendi þessa gripi?“ Hann svarar: „Seg, at sá sendi, at meiri vin var húsfreyjunnar at Fróðá enn godans at Helgafelli, bróður hennar. Enn ef nökkurr þykist vita þar af, hverr þessa gripi hefir átt, þá seg þau mín orð, at ek banna hverjum manni á minn fund at fara, því at þat er en mesta ófæra, nema þeim takist þann

veg giftusamlega um landtökuna sem yðr hefir tekist; er hér ok land vítt ok ilt til hafna, enn ráðinn ófriðr allstaðar útlendum mönnum, nema svá beri til sem nú hefir orðit“. Eftir þetta skildu þeir. Þeir Guðleifr létu í haf, ok tóku Írland síð um haustit, ok váru í Dýflinni um vetrinn; enn um sumarit sigldu þeir til Íslands, ok færði Guðleifr þá af höndum gripina, ok höfðu allir þat fyrir satt, at þessi maðr hafi verit Björn Breiðvíkingakappi; enn engi önnur sannindi hafa menn til þess, nema þau sem nú váru sögd.

65. Snorri goði bjó í Tungu tuttugu vetr ok hafði hann fyrst heldr öfundsamt setr, meðan þeir lifðu stórbokkarnir, Þorsteinn Kuggason ok Þorgils Hölluson, ok enn fleiri hinir stærri menn, þeir er óvinir hans váru; kemr hann ok við margar sögur, ok getr hans í Laxdælasögu, sem mörgum er kunnigt. Hann var hinn mesti vin Guðrúnar Ósvífrsdóttur ok sona hennar. Hann kemr ok við Heiðarvígásögu, ok veitti mest manna Barða eftir Heiðarvíg, annarr enn Guðmundr enn ríki. Enn er hann tók at eldast, þá tóku at minka óvinsældir hans ok bar þat til þess, at þá fækkudust öfundarmenn hans, þat bætti um vinsældir, at hann batt tengdir við en mestu stórmenni í Breiðafirði ok víðar annarsstaðar. Hann gifti dóttur sína Sigríði Brandi hinum örva, syni Vermundar hins mjóva;

hana átti síðar Kolli Þormóðar son, Þorláks sonar, bróður Steinþórs á Eyri, ok bjoggu þau í Bjarnarhöfn. Unni dóttur sína gifti hann Víga-Barða; hana átti síðar Sigurðr, son Þóris hunds, ór Bjarkey á Hálogalandi; ok var þeira dóttir Rannveig, er átti Jón, son Árna Árna sonar, Ármóðssonar; þeira son var Viðkunnr ór Bjarkey, er einn hefir verit helztr lendra manna í Norgei. Snorri gifti dóttur sína Þórdísi Bolla Bolla-syni, ok eru af þeim komnir Gilsbekkingar. Hallberu, dóttur sína, gifti Snorri Þórði, syni Sturlu Þjóðrekssonar; þeira dóttir var Þuríðr, er átti Hafliði Másson, ok er þaðan komin mikil ætt. Þóru dóttur sína gifti Snorri Keru-Bersa, syni Halldórs Ólafssonar ór Hjarðarholti; hana átti síðan Þorgrímur sviði, ok er þaðan komin mikil ætt ok göfug. Enn aðrar dætr Snorra goða vǫru giftar at honum daudum. Þuríði hina spöku, Snorradóttur, átti Gunnlaugr, son Steinþórs af Eyri. Enn Guðrúnu, dóttur Snorra goða, átti Kálfr af Sólheimum. Halldóru Snorradóttur átti Þorgeirr ór Ásgarðshólum. Álöfu Snorradóttur átti Jörundr Þorfinnsson, bróðir Guðlaugs ór Straumfirði. Halldórr Snorrason goða var göfgastr sona hans; hann bjó í Hjarðarholti í Laxárdal; frá honum eru komnir Sturlungar ok Vatnsfirðingar. Þóroddr Snorrason goða var annarr göfgastr; hann bjó

at Spákonufelli á Skagaströnd. Máni son Snorra bjó á Sauðafelli; hans son var Ljótr, er kallaðr var Mána-Ljótr; hann var kallaðr mestr sonarsona Snorra goða. Þorsteinn Snorrason bjó at Laugarbrekku, ok eru frá honum komnir Ásbirningar í Skagafirði ok mikil ætt. Enn Þórðr kausi, son Snorra goða, bjó í Dufgusdal. Eyjólfur, son Snorra goða, bjó á Lambastöðum á Mýrum. Þorleifr, son Snorra goða, bjó á Meðalfellsströnd; frá honum eru komnir Ballæringar. Snorri, son Snorra goða, bjó í Tungu eftir föður sinn. Kleppur hét son Snorra goða, ok vitu menn eigi bústað hans, ok eigi vitu menn neinrar sögur af honum. Snorri goði andaðist í Sælingsdalstungu, einum vetri eftir fall Ólafs konungs hins helga; hann var jarðaðr at kirkju þeiri, er hann hafði gera látit í Tungu, enn þá er kirkjan var færð, váru bein hans upp tekin ok færð ofan til þess staðar, er nú stendr hon, ok var þar viðstödd Guðný Böðvarsdóttir móðir Sturlusona, Snorra, Þórðar ok Sighvats, ok sagði hon svá frá, at þat væri meðalmanns bein ok eigi stór. Þá váru þar ok upp tekin bein Barkar ens digra, föðurbróður Snorra goða, ok kvað hon þau vera ákaflega mikil. Þá váru ok upp tekin bein Þórdisar kerlingar, dóttur Þorbjarnar súrs, móður Snorra goða, ok sagði Guðný þau vera litil kvenmannabein, ok svá

svört sem sviðin væri, ok váru þau bein öll
grafin niðr þar sem nú stendr kirkjan. Ok
lýkr þar sögu Þórsnesinga, Eyrbyggja ok Álft-
firðinga.

Viðbætur.

I.

Úr AM. 44. b.

Börn Snorra ok æfital.

Snorri goði átti níttján börn frjálsborin, þau er ór barnæsku kómust. Þórðr kausi var elztr, annarr Þóroddr, þriði Þorsteinn, fjórði Guðlaugr munkr; þeir váru synir Ásdísar víga-Styrs dóttur; fimta var Sigríðr, sétta Unnr; þær váru dætr Þuríðar, dóttur Illuga hins rauða; sjaundi Kleppr, áttunda Halldóra, níunda Þórdís, tíunda Guðrún, ellefti Halldórr, tólfti Máni, þrettándi Eyjólf, fjórtánda Þóra, fimtánda Hallbera, sextánda Þuríðr, sautjándi Þorleifr, átjándi Álöf, níttjándi Snorri; hann var fæddr eftir föður sinn; þessi váru börn Hallfríðar Einarsdóttir. Snorri goði átti þrjú börn þýborin, hét annarr Þórðr kausi, Jörundr ok Þórhíldr. Snorri goði var fjórtán vetr, er hann fór utan; hann var utan einn vetr. Hinn næsta vetr er hann kom út, var hann at Helgafelli með Berki enum digra, föðurbróður sínum ok Þórdísi móður sinni.

Þetta haust drap Eyjólfur hinn grá, son Þórðar gellis, Gísla Súrsson, ok þetta vár eftir, er Snorri var sextán vetra gamall, gerði hann bú at Helgafelli, ok bjó þar tuttugu ok þrjá vetr, áðr kristni var í lög tekin á Íslandi, enn þaðan frá bjó hann átta vetr at Helgafelli; ok á þeim síðasta vetri drap Þorgestr Þórhallsson Víga-Styr, mág Snorra goða, á Jörfa í Flisuhverfi. Síðan fór hann bú sínu í Sælingsdalstungu, ok bjó þar tuttugu vetr. Hann lét kirkju gera at Helgafelli, enn aðra í Tungu í Sælingsdal; enn sumir segja, at hann léti gera í annat sinn at Helgafelli með Guðrúnu kirkju, þá er sú brann, er hann hafði gera látit. Hann andaðist ór sótt á hinum sjaunda vetri hins sjautiganda aldrs síns; þat var einum vetri eftir fall Óláfs konungs hins helga, ok var Snorri goði grafinn heima þar í Sælingsdalstungu at þeiri kirkju, er hann sjálf hafði gera látit. Hann er orðinn stórum kynsæll, því at til hans telja ættir flestir hinir göfgustu menn á Íslandi, ok Bjarkreyingar á Hálogalandi, Götuskeggjar í Færeyjum, ok mart annat stórmenni, þat er hér eigi talt bæði á þessu landi ok öðrum.

II.

Úr Hauksbók.

Um mannanöfn dregin af goðanöfnum.

Þat er fróðra manna sögn, at þat væri siðr í fyrndinni, at draga af nöfnum guðanna nöfn sona sinna eða dætra, svá sem af Þórs nafni Þórólfr eða Þorsteinn, Þorgrímr; eða sá er Oddr hét fyrstr, hét af hans nafni Þóroddr, sem Þormóðr kvað um Snorra goða ok Odd son hans, er hann kallaði Þórodd, eða Þorbergr, Þórálfr, Þorleifr, Þorgeirr; ok enn eru fleiri nöfn dregin af Ásum ok goðum, þó at af Þór sé flest. Menn höfðu mjök svá þá tvau nöfn; þótti þat líkast til langlífis ok heilla; þótt nökkurir fyrirmælti þeim við guðin, þá mundi þá ekki skaða, ef þeir ætti eitt annat nafn.



Vísaskýringar.

1 (Oddr skáld). Vestr á Þórnesþingi var þröng, þar es höppum studdr hjalmraddar stafr¹ kvaddi hodda² með stórum hug. Sjóðs farmr Fornar³ kom síðan und snarráðan fæði dolgsvölu barma⁴. Sætt var at gær með léttu.

1. *hjalmrödd*, sverð; *hjalmraddar stafr*, mannekning. — 2. *hoddar*, fé; *kvæðja hodda*, heimta fé. — 3. *sjóðs farmr*, fé. — 4. *dolgsvala*, örn(?); *dolgsvölu-barmi*, einhver hræfugl; fæðir hræfugls, maðr.

Þröng var vestr á Þórnesþingi, er hinn gæfusami Illugi krafði stórhuga fjár síns. Kom síðan fé Fornar (Tiu-Fornar) undir hinn snarráða kappu. Það gekk ekki greitt að koma sættum á.

2 (Oddr skáld). Drótt¹ gekk sýnt á sættir, enn þrjár randa andvöku svellendr² fellu þar fyr þolli þremja sveli³ áðr fleggskvánar kynfrömuðr⁴, Snorri, kæmi gríðum við seggi; þat fyrða forráð gerðisk frægt.

1. *drótt*, þjóð. — 2. *rönd*, skjöldr; *randa andvaka*, orrusta; *randa andvöku svellandi*, orrustu æsandi, mannekning. — 3. *þremja svell*, sverð; *þremjar smiðrim* á sverði; *þollr*, tré, viðr, sverðsviðr, mannekning. — 4. *fleggr*, jötunn; *fleggs kván*, tröllkona, *fleggs kvánar kynfrömuðr*, mannekning = Snorri. — Í handrituum stendr hreggs og reggs, enn Konráð Gíslason getr til *fleggs*, og er hér farið eftir því. Sbr. Njálu 2,391.

Menn gengu þar sýnilega á sættir, enn þrír menn fellu þar fyrir Illuga áðr Snorri kæmi gríðum við menn. Stjórn hans á þessum mönnum varð fræg.

3 (Þórarinn Máhliðingr). Varðak mik kvinna frýju, þars morðfárs myrðir¹ þorði vega; örn hlaut neyta af nýjum ná; barkak vægð at vígi fyr hjaldrs goðs hœli² þaðra³ í valnaðrs styr⁴. Mælik sjaldan hól of þat.

1. *morðfár* orrusta; *morðfárs myrðir*, mannkennning. — 2. *hjaldr*, orrusta; *hjaldrs goð*, Óðinn; *hjaldrs goðs hælir*, maðr (Þorbjörn). — 3. *þaðra* = þar. — 4. *valnaðr*, sverð; *valnaðrs styrr*, orrusta.

Eg bratt af mér ámæli kvenna, þegar til bardaga kom; örn fekk þar nýja bráð; eg vægði ekki Þorbirni í þeim bardaga. Hæli mér (þó) sjaldan af því.

4 (Þórarinn Máhliðingr) Slíðrbeitr¹ hjörr² bragar Móða³ knátti leita staðar und hetti⁴. Hræflóð⁵ rauk of sóknar söeki⁶; blóð fell of eyru; dóma dæmisalr⁷ vas fullr dreyra, enn vígtjalds váði⁸ vas næri skaldi.

Hér er fylgt þeirri orðaröð, sem K. G. hefir á vísu þessari í „Udvalg“ bls. 105 (sbr. Njálu II, 550—551 og 557—558), enn samkvæmt því sem vísan er hér prentuð, verðr orðaröðin:

Slíðrbeitr hjörr bragar Móða knátti leita staðar und hetti; hræflóð rauk um sóknar söeki. Blóð fell um eyru skaldi, enn vígtjalds váði vas næri; dæmisalr dóma vas dreyrafullr.

1. *slíðrbeitr*, mjög beitr. — 2. *hjörr*, sverð. — 3. *Móði*, Áss, sonr Þórs; *bragar Móði*, skáld; sbr. „bragar Ullr“. — 4. *hötr*, hjálmr. — 5. *hræflóð*, blóð. — 6. *sóknar sækir*, sá sem sækir að öðrum í bardaga (Þorbjörn). — 7. *dóma dæmisalr*, munnr. — 8. *vígtjald*, skjöldr; *vígtjalds váði*, sverð.

Hárbeitt sverð mitt nam staðar und hjálmi (Þorbjarnar). Blóðið fell um hann, og rann af eyrum hans og munn, enn við sjálft lá, að eg yrði fyrir sverði hans.

5 (Þórarinn Máhliðingr). Vitr lögráns vekjandi¹ myndit sekja mik í vetr; ek á leyfðan² lífhvötuð³; vánir of þat; ef ek næða valfallins nás ásar niðbræði⁴, Vermundi, létum Hugins nið⁵ njóta nágrundar⁶.

5. vísuorð virðist vera aflagað, að minsta kosti ekki rétt rimað.

1. *lögráns vekjandi*, sá sem gerir ójöfnuð (Snorri). — 2. *leyfðr* = lofaðr. — 3. *lífhvötuðr*, lífgjafi, verndari, (Arnkell goði). — 4. *niðbræðir valfallins nás Ásar* (Óðins), manntenning. — 5. *Huginn*, hrafn Óðins; *Hugins niðr*, hrafn, hræfugl. — 6. *nágrund*, valr.

Hinn vitri og rangsleitni maðr (Snorri) mun ekki sækja mig í vetr. Eg á verndarmann, sem menn lofa; vonir eru um það. Næði eg Vermundi, mundi eg veita vargi bráð.

6 (Þórarinn Máhliðingr). Ek skal segja þremja þrymviðum¹ gørla frá því, hvé hjaldrviðir², haldendr skjalda³ heldu við mik lögum; ek sá handa hnigreyr⁴ hrundar⁵ roðinn dreyra — þegi herr meðan; ísarns ásum⁶ es ván orleiks⁶.

1. *þremja þrymr*, orrusta; orrustu viðr, maðr. — 2. og 3. manntenning. — 4. *Hrund* er hér hálfkenning. — 5. *ísarn*, járn; *ísarns Áss*, maðr. — 6. *orleikr*, örvaleikr, orrusta.

Eg skal ekki dylja ykk, hve menn beittu mig ólögum; eg sá handlegg konu minnar blóðugan; hlustið þér til á meðan. Það er von ófriðar af þeim.

7 (Þórarinn Máhliðingr). Hjör-Nirðir¹, þeirs hættu

fjörvi, sóttu mik heim; gnyljómi² beit geymi geira stígs³ at vígi; svá gerðu vér Þriðja sóknniðjungum⁴ fáa líknarkosti; sleitka lostigr sverða leiki.

1. *hjør-Nirðir*, menn. — 2. *gnyljómi* (hálfkenning), sverð. — 3. *geira stigr*, skjöldr; skjaldar *geymir*, mannekning. — 4. *Þriði*, Áss; *Þriðja sóknniðjungar*, bardagamenn.

Menn þessir hættu lífi sínu, er þeir sóttu mig heim. Sverðið beit á þá í bardaganum. Vér gerðum þeim fáa líknarkosti. Eg hætti ekki bardaganum með ljúfu geði.

8 (Þórarinn Máhliðingr). Urðu vér at verja mik frýju hjaldr-skýja Gefnar¹, þá es hrein unda andvaka² þaut við hjalm sveini föður míns á holmi; ár sára³ varð drifin, hrafn naut hrœva, benuunar lækir⁴ runnu.

1. *hjaldrský*, skjöldr; *hjaldrskýja Gefn*, valkyrja. — 2. *unda andvaka*, sverð. — 3. *sára ár*, sverð. — 4. *benuunar lækir*, blóðlækir.

Eg hlaut að reka af mér slíðrorð valkyrjunnar, þá er hið hjarta sverð þaut við hjalm minn í bardaganum; sverð (mitt) varð (blóði) drifið; hrafn át hræ, og blóðlækir runnu.

9 (Þórarinn Máhliðingr). Spámeypjar hins þunga hjaldrs þrúðarvangs þings¹, hættar hjalmi, knáttu singva á skjaldi mínum, þás Fróða bóga bjúgröðull² varð blóðdrifinn fyr baugs óðaldraugi³. Vápnš Gjöll⁴ óx á völlum.

1. *Þrúðarvangr* = *Þrúðvangr*, bústaðr Þórs, þing *Þrúðvangs*, Æsir; Ása *hjaldr*, orrusta; *spámeypjar* Ása hjaldrs, örvar. — 2. *Fróði*, sækunungsheiti; *bógr Fróða*, skip; *bjúgröðull* skipa, skjöldr. — 3. *óðaldraugr baugs*, mannekning. — 4. *Gjöll*, fljót; *vápnš Gjöll*, blóð.

Örvarnar, hættulegar hjálmiaum, sungu á skildi mínum,
12*

og skildirnir urðu blóðdrifnir fyrir mér; blóðið streymdi um völluma.

10 (Þórarinn Máhliðingr). Þóttumk reka af mér klámorð við borða remmiskóðs Móða¹, — kennir Rakna kunnfáka² hné, — hvatki es sælingr³ mælir um þat við sína leiku⁴. Hrafn sleit beitu af ná-Hildar síks gotna⁵.

1. *remmiskóð*, sverð; *borð remmiskóðs*, skip; *borða remmiskóðs Móði*, maðr. — 2. *Rakni*, sækonungr; *Rakna kunnfákr*, skip, *kennir skips*, maðr. — 3. *sælingr*, göfugmennir (Snorri goði). — 4. *leika*, leiksystir, vinkona. — 5. *síkr*, fiskr, *Hildar fiskr*, sverð; *gotar sverðs*, mannkennig.

Eg þóttist reka af mér klámorð við hann — hann fell — hvað sem höfðinginn (Snorri) segir um það við vinkonu sína. Hrafninn sleit náinn.

11 (Þórarinn Máhliðingr). Hrofts hyrskerðir¹, mér man verða kveðit at heiftum, es hlautviðir², þeir es flækja skil³, hétu at ek hjögga guðvefjar Hlín⁴ mína. Kunna ek svá áðr leita ylg teiti⁵ fyr Enni⁶. Hlækjendr hófs⁷ eggjumk.

1. *Hroftir*, Óðinn; *hyrr*, eldr; *Hrofts hyrskerðir*, mannkennig. — 2. *hlaut*, blóð; *hlautviðir*, goðorðsmenn. — 4. *guðvefjar Hlín*, kvenkennig. — 5. *ylgr*, úlfr; *leita ylg teiti*, leita úlf gleði, berjast. — 6. *Enni* = Ólafsvíkr-Enni. — 7. *hlækjendr* (af *hlækja*) *hófs*, brögðóttir menn, sem rangfæra hið rétta.

Það mun verða borjð út af hatri um mig, er goðorðsmenn þeir sem bera mig ólögum létu heita svo, að eg hefði höggvið konu mína. Eg hefi áðr barizt hér fyrir Enni. Þessir rangsleitnu menn hafa eggjað mig.

12 (Þórarinn Máhliðingr). Nagli fekk flestum ná-

göglum¹ dálega nest; klökkur kafsunnu² kennir réð at stökkva í fjall; hjalmi faldinn Alfgeirr gekk heldr af meiri hvöt at vápna galdri³; hjaldrs eldr⁴ þurði⁵ of aldir.

1. *nágagl*, hræfugl. — 2. *kafsunna* = vatnssól, gull; *kennir* gulls, maðr. — 3. *vápna galdr*, orrusta. — 4. *hjaldrs eldr*, sverð. — 5. *þurði* (þátíð af þyrja, þeysa) fór hart yfir.

Nagli fekk vörgum laklega bráð (bardist ómannlega); ragmennid stökk í fjall. Álfgeirr gekk með meiri hug að bardaganum; sverðið æddi yfir mennina.

13 (Þórarinn Máhliðingr). Gætir geirastígs¹ rann grátandi frá vígi; þar vasat hánun, grímu geymi², góð ván friðar, svát menskiljandi³, merskyndir⁴, mundi vilja hlaupa á sjá; bjóðr bifstaups⁵ hugði á bleyði.

1. *geirastígr*, skjöldr; *gætir* skjaldar, mannkennng. — 2. *grímu geymir*, mannkennng. — 3. *menskiljandi*, mannkennng. — 4. *merskyndir*, merreki, hestastrákr. — 5. *bifr*, bjór, drykkur; *bjóðr bifstaups*, mannkennng.

Hann (Nagli) rann grátandi frá bardaganum; þar var honum ekki góð friðar von, og ætlaði því merrekinn að hlaupa á sjó út. Hann hugði á bleyði.

14 (Þórarinn Máhliðingr). Vermundr, vér munum, at (vér) várum glaðir stundum áðr auðar þollr¹ olli dauða auðvarpaðar². Hör-Gerðr³, nú sjámk hitt, at vér munum verða hlæja⁴ fyr þrúðum þegni; leið erumk rauðra randa regn⁵.

1. *auðar þollr*, mannkennng. — 2. *auðvarpaðr*, mannkennng (hér: Þorbjörn). — 3. *hör-Gerðr*, kvenkennng. — 4. *hlæja* er líklega eitthvað afbakað, enda vantar hendingar í þetta vísuorð, enn meiningin er: að verða at

athlægi, eða lúta í lægra haldi. — 5. *randa regn*, bardagi.

Í handritunum stendr: ollum, enn hér er því breytt í olli, sem þykir fara betr, og leitt erumk rauðra randa, enn með þessari breytingu verða hendingar í vísuorðinu, og hefir dr. Jón Þorkelsson bent á það.

Vermundr, vér minnumst þess, að vér vórum stundum gladdir, áðr enn ég varð banamaðr Þorbjarnar. Nú sjáum vér hitt, að vér verðum að lúta í lægra haldi fyrir Snorra. Mér leiðist þessi ófriðr.

15 (Þórarinn Máhliðingr). Ugglegt vas at hyggja til hrafnvíns hreggs¹ á bæ mínum. Munins tuggu eldr² þurði of aldir, þás frá vikinga mána lind³ á firða fundi beit lögðis kindar⁴ liðu gegnum Högna vé⁵.

1. *hrafnvín*, blóð, blóðs *hregg*, bardagi. — 2. *Muninn*, hrafn Óðins; *Munins tugga*, hræ; hrældr, sverð. — 3. *vikinga mána lind* = vikinga tungls tré, sverð. — 4. *lögðis kind*, menn. — 5. *Högna vé*, skildir.

Uggvænt var að hyggja til bardagans á bæ mínum. Sverðin óðu yfir mennina og bitu þá gegnum skjölduna.

16 (Þórarinn Máhliðingr). Haukaness drifu hirðinjótar¹ hétu mik höglífan til þessa; vask heftandi heiftar. Oft kœmr æðiregn ór dúsi². Nú kná ævifús alnar leiftra jörð³ fregna til orða.

1. *haukanes*, hönd; *haukaness drífa*, gull; *hirðinjótar* gulls, mannkennning. — 2. *dús*, kyrð (sbr. sögnina að dúsa, hvíla sig). — 3. *alnar leiftr*, handleggs eldr, gull; gulls *jörð*, kona.

Menn töldu mig hægan viðreignar til þessa; eg hvatti

menn til friðar. Oft kemr stórríging úr logni. Nú getr hin fjöruga kona frétt til orða minna.

17 (Þórarinn Máhliðingr). Hoppfögr¹ ekkja skal at skoppa² öldrukkin af því, at ek hyggja á kvíðu. Hér er komin ljóna stríðs fjón³; ek veit at hrafn gat beitu af hræva efni; hrævahaukr⁴ unir hörðum hjördöggar leiki⁵.

1. *hoppfögr*, fögr í limaburði (danzfögr?). — 2. *skoppa*, stökkva upp (ef gleði). — 3. *ljónar menn*; *fjón*, hatr; *ljóna stríðs fjón*, hatrsfullr ófriðr manna. — 4. *hrævahaukr*, hræfugl. — 5. *hjördagg*, blóð; *blóðs leikr*, bardagi.

Hin friða ekkja skal ekki gleðjast af því, að eg sé kvíðinn. Hér er kominn hatrsfullr ófriðr milli manna. Hrafn hefir fengið sér bráðir; hræfuglinn unir við bardagana.

18 (Þórarinn Máhliðingr). Skjaldar haldendr¹ láta hátt, at (vér) munim hljóta rómusamt ór dómi, nema Arnketill, orðgóðr við þjóðar lof, haldi sakmálum órum; sækjum ráð und ríkjan; trúik vel grímu galdrs geymi².

1. *skjaldar haldendr*, menn. — 2. *grímu galdr*, hjálma söngur, sverð; *sverða geymir*, mannskenning.

Þeir draga ekki dulur á, að vér munum verða sekir á þingi, nema Arnkell, sem leggr gott til allra mála, og allir lofa, haldi uppi vörn fyrir oss; sækjum ráð undir hinn völduga mann; eg trúi honum vel.

19 (Þórarinn Máhliðingr). Mundar fagrviða Grund¹, esat sem ræni frænings gráps fúra fleygi-áru² lögum fyr glæpi, ef Gauts þekju sunnu sannvitendr³ sekja mik; sék þeira lið meira; guð megni oss gagni.

1. *mundar fagrviði*, gull, gulls Grund, kvenkenning.

— 2. *fræningr*, spjót; *frænings gráps fúrr*, örvar; örva-*fleygi-árr* mankenning. — 3. *Gauts þekju sunnu sannvitendr*, mankenning.

Kona, eigi er svo sem þeir geri ræni oss lögum fyrir glæpi, ef þeir gera mig sekan. Eg sé að þeirra lið er meira. Guðin veiti mér lið.

20 (Þormóðr Trefilsson). Folksvaldi¹ feldi fyrst velti hins gullbyrsta valgaltar²; þann hétu Vigfús; benskárar³ slitu þar síðan sára bráð af böð-Nirði⁴, arfnytja⁵ Bjarnar.

1. *fólksvaldi*, höfðingi (Snorri). — 2. *veltir valgaltar*, mankenning. — 3. *benskári*, hræfugl. — 4. *böð-Njörðr*, mankenning. — 5. erfingi.

Snorri feldi fyrst þenna hrausta mann, er Vigfús hét; hrafnar slitu síðan hræ af syni Bjarnar.

21 (Halli berserkr). Gangfögr, linbundin, liðar hanga leygjjar Gerðr¹, hvert hafð gerva för þína? — ljúg vætr² at mér — þvit í vetr sákat þik, hin vitra húns vangs hirðidis³, ganga skrautlegar búna frá húsi.

1. kvenkenning. — 2. *vætr*, ekki neinu. — 3. kvenkenning.

Kenningarnar í þessari vísu eru fremr tortryggilegar, eða úr lagi færðar.

Fagra, linklædda mær, hvert er ferð þinni heitið? — seg mér satt frá því — því að í vetr hefi eg ekki séð þig ganga skrautlegar búna að heiman.

22 (Leiknir berserkr). Siggjar linda sól-Grund¹ hefir sjaldan um faldit jafnbátt; nú es skart á öglis stéttar ells þellu². Hvitörm, hýrmælt hyrsunds Hlín³, hvað býr hóti fleira undir oflæti þínu enn vér litum?

1. *Siggjar lind*, sækonungs vatn, sjór; sjávar sól, gull;

gulls-Grund, kvenkenning. — 2. *öglir*, haukr; *öglis stétt*, hönd; handar *eldr* gull (ells = elds); gulls *þella*, kona. — 3. *hyrsunds Hlín*, kvenkenning.

Dú hefir sjaldan faldið jafnhátt (borið svo hávan fald); nú er skart á þér. Hvíthenda, hýrlega mær, hvað býr fleira undir viðhöfn þinni enn vér sjáum?

23 (Víga-Styrr). Mér sýndisk sem spjóta móteflandar¹ mundu ekki verða dælir Ála elherðundum². Uggik eigi strangan ofrgang seggja um mik; bilgrönduðr² hefir nú merkðan berserkjum stað brandi.

1. *spjótamóteflandar*, menn. — 2. *Áli*, sækonungr; *Ála el*, orrusta; *Ála elherðandi*, maunkenning. — 3. *bilgrönduðr* (sbr. óbilgjarn), hraustr maðr.

Mér sýndist sem berserkirnir mundu ekki verða góðir viðreignar; eg var þó ekki hræddr við þá. Eg, sem er friðsamr maðr, hefi nú markað berserkjunum stað með sverði mínu.

24 (Björnu Breiðvíkingakappi). Strengs Grund¹, vit mundu vilja þenna dag lengstan milli guls og blás viðar, — ek fæ stundum stöð, alls, armlinns þella², ek tekk sjálfr at drekka í aftan erfi oft horfinnar gleði minnar.

K. G. ætlar, og er það mjög líklegt, að gulls, sem stendr í handr., eigi að vera *guls*. Tegumk stendr líka í handr., enn þar mun mega lesa tekk, enda verða þá aðalhendingar tekk—drekki.

1. *strengs Grund*, kvenkenning. — 2. *armlinnr*, handleggsormr, gullhringr.

Við mundum vilja, að þessi dagr yrði okkr lengstr milli himins og jarðar. Eg fæ stundum að hvíla mig — því að í kveld fer eg að drekka erfi gleði minnar, sem eg hefi oft mist.

25 (Þórarinn Máhlíðingr). Hraustum hriðar hyrlesti¹ munat at stríða mér; höfum heldr valdit vígi tveggja sona Viðleggs sem valdr vig-balkar² vólki falda geymi-Bil³ eða deigum dalsveigi at kaupa Draupnis skatt⁴.

1. *hriðar hyrlestir*, á víst að vera mannkennning, enn er líklega afbökuð — 2. *vigbalkar*, skjöldr, skjaldar-valdr, mannkennning. — 3. *falda geymi-Bil* er kvenkennning. — 4. *Draupnis skattr*, gull.

Síðari bluti visu þessarar er litt skiljanlegr.

Hinum hrausta bardaga manni ferst ekki að fást við mig o. s. frv.

26 Þormóðr Trefilsson). Hinn folkrakki Snorri fekk sárorra¹ gnógs verðar sverði; fegrðist² ungr sigri. Leifa máreifir³ laust unda gjalfrs eldi⁴ í lífsköstu⁵ es Arnkel feldi.

1. *sárorri*, hræfugl. — 2. *fegrðist*, varð friðr, frægr. — 3. *máleifa-reifir* er mannkennning; *máleifar*, hræ. — 4. *unda gjalfr*, blóð; *unda gjaldrs eldr*, sverð. — 5. *lífsköstr*, brjóstr.

Leifa-máreifir er tilgáta K. G., Nj. II, 270, og mun vera rétt. Í handr. stendr framðist, enn dr. Jón Þorkelsson rektor getr til, að þar eigi að standa *fegrðist*, og er þá rímið nær réttu lagi.

Hinn djærfi bardagamaðr, Snorri, fekk vargi næga bráð; hann varð ungr frægr (fagr) af sigrum. Hann laust eldi í lífsviðu (brjóstr) Arnkels, er hann feldi hann.

27 (Björn Breiðvíkingakappi). Sásk hvar hlunns runnr¹ eðgilegr í augum rann at fenris brunni² í runni. Þrjótar Marnar vita³ láta þeygi þat barn kunna⁴ föður sinn, hleyppi rastar hesta⁵.

1. *hlunns runnr*, mannkennning. — 2. *fenrir*, úlfr; úlfs

brunnr, blóð. — 3. *Marnar viti*, gull; *þrjótar Marnar vita*, mannkennng. — 4. *kunna*, þekkja. — 5. *hleypir rastar hesta* (skipa), mannkennng.

Eg sá hvar Kjartan hraustlegr, líkr móður sinni, hljóp að bardaganum. Menn álíta ekki það barn þekkja föður sinn.

28 (Björn Breiðvíkingakappi). Þá mun hin mjóva aðalbjóra þöll¹ Þórodds sanna getu, — fannhvít falda fold² unni mér — ef áttgöfug auðbrík³ ætti sonu glika sjalfum mér; enn emk gjarn til gjalfrelða Gunnar⁴.

1. *aðalbjóra þöll*, kvenkennng. — 2. *falda Fold*, kvenkennng. — 3. *auðbrík*, kvenkennng. — 4. *Gunnr*, valkyrja, *Gunnar gjalfreldr*, orrusta.

Þá mun hin grannvaxna kona sanna spá (mína), ef hún (hin ættgöfuga kona) ætti sonu sem líktust mér. Eg er enn fús til að eiga í bardögum.

29 (Björn Breiðvíkingakappi). Hafleygjar Hlín¹, sú es berr váðir, mundit þeygi um hyggja vel mínu ráði í víða vrá², ef öldu eld-Njörunn³ vissi nú hafviggs hirði-þoll liggja einn kalinn í steina helli.

1. *Hafleygjar Hlín*, kvenkennng. — 2. *vrá* (d. *vraa*), horn, skúmaskot; *víða vrá*, skógr. — 3. *öldu eld-Njörun*, kvenkennng.

Konunni, sem hvílir í rekkju(?), mundi ekki þykja vel fara um mína hagi í skóginum(?), ef hún vissi mig nú liggja aleinan kalinn í helli þessum.

30 (Björn Breiðvíkingakappi). Eg skar súðum¹ sýlda² svanfold³ austan með hlaðit flaut⁴, því at gœibrúðr⁵ leiddi oss fast ástum; ek gat⁶ hingat víða vásbúð; hugtullr víglundr⁷ byggir nú um stund helli fyrir konu bing⁸.

1. *súð*, skip. — 2. *sýldr*, svell-lagðr (af *sýla*, sem algengt er í alþýðumáli). — 3. *svanfold*, vatn, sjór. — 4. *flaust*, skip. — 5. *gæibrúðr*, glöð, kát kona (sbr. *góligr*, skemtinn). — 6. *gat* = fekk. — 7. *víglundur*, mannkenn-ing. — 8. *bingr*, (hér) rekkja.

Eg risti sýldan sjóinn með hlöðnu skipi að austan, því að ást hinnar glöðu konu dró mig fast að sér; eg fekk vosbúð hingað; eg byggi nú ókvíðinn helli í staðinn fyrir konu rúm.

31 (Björn Breiðvíkingakappi). Vár verk und vörðum¹ merkjum Styrbjarnar² spurðusk; iarnfaldinn³ Eiríkr hlóð öldum í geira dyn⁴. Nú trað ek hundvillr hauðr um heiði í vátri gerninga drífu⁵ vífs, því at ek fat⁶ illa víða braut.

1. *vörðum*, sem voru varin. — 2. Styrbjörn Sviakappi er Björn hafði verið með og fell í bardaganum á Fyrivöllum. — 3. *iarnfaldinn*, með hjálm á höfði. — 4. *geiradynr*, bardagi. — 5. *gerninga-drífa*, galdrahríð. — 6. *fat* (af *feta*, *ganga*), rataði.

Verk vor und merkjum Styrbjarnar hafa frézt. Hinn hjálmfaldni Eiríkr feldi menn í bardaganum. Nú ráfa eg rammviltr á heiði í galdrahríð, því eg gat illa fundið veginn.

32 (Draugr). Þessi vísa þarf engrar skýringar við.

33 (Þormóðr Trefilsson). Sára dynbáru svangreddir¹ saddi örn á úlfs virði² í Áltafirði; Snorri lét þar þá fimm þegna numna fjörvi at hjörregni³; svá skal hemna⁴ fjáendr.

1. *sára dynbára*, blóð; blóðsvanr, hræfugl; hræfugla *greddir*, bardagamaðr. — 2. *ulfsvirði* = ulfsverði (af *ulfs-*

verðr, úlfsmatr). — 3. *hjörregn*, bardagi. — 4. *hemna* = hefna.

Bardagamaðrinn (Snorri) saddi hræfugla í Álftafirði. Drap Snorri þar fimm menn í bardaga. Svo skal hefna sín á óvinum.

34 (Þormóðr Trefilsson). Hinn móðbarri¹ tjör-Rínar týnir² vá tvá menn meir at hjörsennu³ fyr sunnan á; síðan lágu sex gumnar fjörnumnir⁴ á gifrs grandnesi⁵; slíks eru jarteknir⁶.

1. *móðbarr*, hugrakkr. — 2. *tjör*, eldr? *Rínar tjör*, gull; gulls *týnir*, mannkenning. — 3. *hjörsenna*, orrusta. — 4. *fjörnumnir*, dauðir. — 5. *gifr*, tröll, *gifrs grand*, Þórr; *gifrs grand-nes* er því = Þórsnes. — 6. *jarteknir*, ljós merki.

Hinn hugrakki maðr vó enn fremr tvo menn í bardaga fyrir sunnan á (Hvítá í Borgarfirði). Síðan lágu sex menn dauðir í Þórsnesi; til þessa eru ljós merki.

35 (Þormóðr Trefilsson). Í Bitru varð böð¹; þar hykk gørvi gnógs styrjar² fengu gjóðum sigrfljóða³ bráð; þrír hafreiðar leiðendr⁴ lágu þar lífs vanir fyr þrekstæri⁶; þar fekk hrafn væri⁶.

1. *böð*, orrusta. — 2. *gørvir styrjar*, sem gerir styrjöld (hér: Snorri). — 3. *gjóðr*, fugl; *sigrfljóð*, valkyrja; *valkyrjufugl*, hræfugl. — 4. *hafreið*, skip; *skipleiðandi*, mannkenning. — 5. *þrekstærir*, kappi (hér: Snorri goði). — 6. *væri* er líklega eitthvað rangt, á að vera = bráð.

Í Bitru varð bardagi; fekk Snorri þar hræfuglum bráð; þrír menn lágu þar dauðir fyrir honum; hrafn fekk þar bráð.

36 (Fóstra Þórodds). Hristir hadds hallar mjallar¹,

hjarðar vísi² knýr haus blóðvita raddu; hann ræðr um fjör manna; sá svarðhristir³ kennir þér sinna jarðar ben⁴. Þat verðr at fé⁵ fjötrar fjör þitt. Enn sék gørva⁶.

1. *haddr*, hár; *hadds höll*, höfuð; *höfuðmjöll*, gull; *gulls hristir* manntenning. — 2. *vísi*, konungr; *hjarðarkonungr*, (hér:) nautið Glæsir. — 3. *svaðhristir*, (hér:) nautið. — 4. *sinna jarðar ben* er fremr óljóst. Þorl. Jónsson lætr það þýða: hugsa um gröfina, dauðann. — 5. *fé*, fénaðr (*graðungrinn*). — 6. *gørva*, gerla.

Þóroddr, nautið segir fyrir mannsbana; það kennir þér að hugsa um dauðann; það verðr, að fénaðr verðr þér að bana. Eg er enn þá glöggskygn.

37 (Fóstra Þórodds). Auðar þofta¹ er oft æri² es hrærir tungu enn þér látið; sék bengrát³ á blóðgum búki; tarfr hér mun verða bani þinn, þvít hann tekr horfa reiðr við mannum; Gerðr hins gjalla gulls⁴ sér þat.

1. *auðar þofta*, kvenkenning. — 2. *æri* (miðst. af órr, ungr), yngri. — 3. *bengrát*, blóð. — 4. *gulls Gerðr*, kvenkenning.

Eg er oft yngri enn þér hyggið, þegar eg tala; eg sé þig blóðugan. Tarfrinn hér mun verða bani þinn, því að hann er orðinn illilegr; eg sé það.

Nöfn.

- Alfgeirr stýrimaðr** 27, 29
—31, 36.
Alfr ór Dölum 142.
Alfr litli 145—148, 150—
153.
Alftafjörðr vestra 8—10, 18,
104, 106—107, 109, 112
—114, 116, 121, 125.
Alftfirðingar 11, 104, 125.
Alþingi 125, 144.
Ari hinn fróði Þorgilsson
9.
Arnarfjörðr 18.
**Arnarhváll, bær í Snæfells-
ness.** 28.
**Arnbjörn sterki Ásbrands-
son** 22, 94—96, 99, 102,
104.
**Árni Árnason í Bjarkey í
Noregi,** 170.
Árni Arnmóðsson 170.
Arngrímur = Styrr 17.
Arnkell goði Þórólfsson 10,
16, 25, 34, 37—46, 48,
52, 56, 58—59, 69—93.
Arnkelsaugr 93.
Arnmóðr 170.
Ásbjörn auðgi 25.
Ásbrandr frá Kambi 22.
Ásdis Styrsdóttir 27, 59—
62, 64.
**Ásgarðshólar = Hólar, bær
í Dalasýslu** 170.
Ásgeirr á Eyri Vestarsson
8, 11, 17.
Áslákr ór Langadal 12, 111.
Ásmundr hærukollr 157.
Ástriðr Hrólfsdóttir 8.
Auðr Dala-Alfsdóttir 142.
Auðr kona Þórarins svarta
23, 30, 33, 39.
Auðun stoti Válasón 17.
**Bakki í Hraunhöfn í Snæ-
fellsness.** 95, 99, 102.
**Bakki = Bakki hinn meiri
(nú Kóngsbakki) í Snæ-
fellsness.** 107, 108, 114,
120.
Ballæringar 171.

- Barðaströnd 9.
 Barði Guðmundarson 169.
 Bárðr Höskuldsson 142.
 Barkarstaðir í Dalas. 21.
 Barkarsynir = Þormóðr og Sámr.
 Barna-Kjarlacr = Kjarlacr.
 Bergþórr Þorláksson 17, 114, 121.
 Berserkjahraun 61—63.
 Bitra, herað í Strandasýslu 145—147, 151—153, 157.
 Bitrumenn 147.
 Bitru-Oddi 142.
 Bjarkey í Noregi 170.
 Bjarkeyingar 174.
 Bjarnarhöfn, bær í Snæfellsness. 7, 16, 27.
 Björn Breiðvíkingakappi Ásbrandsson 22, 44, 66—68, 95—99, 102, 104—106, 108, 112, 113, 122—125, 169.
 Björn buna hersir 1.
 Björn Bölverksson blind-ingatrjónu 9.
 Björn Helgason 102.
 Björn hinn austræni Ketilsson 1—4, 7—10.
 Björn Kjarlaksson jarls 1.
 Björn Óttarsson 9.
 Björn í Drápuhlíð 46—47.
 Björn stýrimaðr 27, 44.
 Bolli Bollason 170.
 Bolli Þorleiksson 141.
 Bölstaðr, eyðibýli í Snæfellsness. 16, 58, 76, 79.
 Borgardalr, dalverpi í Snæfellsness. 9, 103.
 Borgarfjörðr sunnanlands 19, 141.
 Borgarholt = Bjarnarhöfn, bær í Snæfellsness. 7.
 Borgarlækr í Snæfellsness. 8.
 Brandr hinn örvi Vermundarson 169.
 Breiðavík í Snæfellsness. 22.
 Breiðibólstaðr, bær í Snæfellsness. 48.
 Breiðifjörðr 5, 8, 11, 12, 65.
 Breiðvíkingar 102, 104, 107.
 Brimlárhöfði í Snæfellsness. 16.
 Búlandshöfði í Snæfellsness. 31, 42, 105.
 Bægifótshöfði í Snæfellsness. 84, 158.
 Bær, bær í Borgarfirði 142.
 Bölverkr blindingatrjóna 9.
 Börkr digri 14, 17—21, 171.
 Dagverðarnes = Dögurðarnes.
 Dalir = Breiðafjarðardalir 8.
 Danmörk 68, 94.
 Digrimúli í Snæf.n.s. 67.

- Dímun (nú: Dímunarklakk-
 ar) í Snæfellsness. 46.
 Dímunarvágur í Snæfellsness.
 48.
 Drangar, bær í Strandas.
 151.
 Drápublið, bær í Snæfells-
 ness. 9, 45, 46, 55.
 Dritsker í Snæfellsness. 7,
 13.
 Dufgusdalr, bær í Hnappa-
 dalss. 101, 171.
 Dyflinn 64, 165, 169.
 Dýrafjörðr 15.
 Dögurðarnes í Dalas. 46, 95,
 101, 114, 126.
 Dögurðará í Dalas. 8.
 Egill sterki þræll 103—
 107.
 Egilsskarð 106.
 Eið, bær í Snæfellsness.
 154.
 Eið, milli Vigrarfjarðar og
 Hofvágs 115.
 Einar Þveræingr Eyjólfsson
 173.
 Eiríkr rauði 48.
 Eiríkr sigrsæli Sviakon-
 ungr 49.
 Eiríksvágur í Öxnaey á
 Breiðafirði 48.
 Elliðaey, ey á Breiðafirði
 46, 48.
 Enni = Ólafsvíkr-Enni í
 Snæfellsnessýslu 36, 136,
 154.
 Enni = Skriðins-Enni í
 Strandas. 146.
 Erlingr Skjálgsson 17.
 Eyjarvað á Norðrá í Mýras.
 132.
 Eyjólfur Snorra son goða
 171, 173.
 Eyjólfur Æsuson 48.
 Eyjólfur hinn grái Þórðar-
 son 174.
 Eyra Loftr 165.
 Eyrar = Eyrarbakki í Ár-
 ness. 165.
 Eyrbyggjar 17, 52, 125, 172.
 Eyrr = Geirróðareyrr (nú:
 Narfeyri), bær í Snæfells-
 ness. 8, 9, 11.
 Eyrr = Öndurðeyrr (nú
 Hallbjarnareyri), bær í
 Snæfellsness 8, 11, 27.
 Eyrr = Óspakseyrr, bær í
 Bitru 145, 146, 148—
 150.
 Eyvindr austmaðr 2.
 Finngæirr Þorsteinsson 8.
 Fjarðarhorn, bær í Strandas.
 148.
 Flisuhverfi, hérað í Hnappa-
 dalss. 141, 174.
 Flói = Húnaflói 152.
 Flötur, nú Flatir í Hnappa-
 dalss. 18.

- Freysteinn bófi 72, 89, 104, 117, 118, 121.
 Fróðá, bær undir Jökli 22, 33, 66, 68, 96—98, 126—141, 167, 168.
 Fróðárós 96.
 Fyrisvellir í Svíþjóð 68.
Gaffellsheiðr, milli Bitru og Hvammssveitar 155.
 Geirleifr Eiríksson 9.
 Geirriðr systir Geirröðar á Eyri 9.
 Geirriðr í Mávalhið Þórólfsdóttir 10, 22, 23.
 Geirröðr á Eyri 9.
 Geirröðareyrr = Eyrr.
 Geirvör, örnefni í Snæfellsness. 104, 105, 111.
 Gerðr Kjarlaksdóttir 8.
 Gestr Bjarnarson 25.
 Gestr = Þorgestr Þórhalla-son 103, 174.
 Gilsbekkingar 170.
 Gísli Súrsson 16, 18, 19, 174.
 Gizurr hvíti 122, 125, 139.
 Gjaflaug Kjarlaksdóttir 1.
 Glámr Óspaksson 145.
 Glæsiskelda 165.
 Grettir sterki Ásmundarson 157.
 Grímr = Þorgrímr goði 15.
 Grímr hersir í Sogni 1.
 Gróa Geirleifsdóttir 9.
 Grufunaust 114.
 Grænland 49, 125.
 Guðlaugr munkr, Snorra son goða 173.
 Guðlaugr Þorfinnsson 170.
 Guðlaugr auðgi Þormóðarson 165.
 Guðlaugshöfði 145.
 Guðleifr Guðlaugsson 165—169.
 Guðmundr ríki Eyjólfsson 169.
 Guðný Böðvarsdóttir 171.
 Guðný Þórólfsdóttir 23.
 Guðrún Ósvífrsdóttir 141, 169, 174.
 Guðrún Snorra dóttir goða 170, 173.
 Gull-Hörðr 145.
 Gunnarr á Hlíðarenda Hámundarson 122.
 Gunnarr Þorsteinsson 142, 144.
 Gunnfríðr Þórólfsdóttir 10.
 Gunnlaugr ormstunga 142.
 Gunnlaugr Steinþórsson 170.
 Gunnlaugr Þorbjarnarson 22—25.
 Gyrðr Sigvaldason jarls 165.
 Götuskeggjar 174.
Hafliði Músson 170.
 Hafstjardaroy, bær í Hnappadals. 142, 143, 145.

- Hallbera Snorradóttir 170, 173.
 Halldóra Snorradóttir 170, 173.
 Halldórr Óláfs son pá 170.
 Halldórr Snorrason 170, 173.
 Hallfríðr Einarsdóttir 173.
 Halli berserkr 49—54, 59—63.
 Hallr Styrsson 27.
 Hallsteinn Þorbjarnarson 22, 28, 30, 31.
 Hallsteinn Þórólfsson 4, 7, 9, 125.
 Hallsteinsnes 8.
 Hallvarðr ráðsmaðr 15.
 Haraldr konungr hárfagri 1.
 Haugabrekkur 96.
 Haugsnes 10.
 Haugsvað á Hvitá 142.
 Haukadalur í Dýrafirði 16.
 Hauksá, tværá í Snæf.n.s.85.
 Haukr hábrók 3.
 Haukr heimamaðr Snorra goða 85, 86.
 Hákon Hlaðajarl 49.
 Hálogaland í Noregi 170.
 Heiðr = Fródárheiði á Snæfellsnesi 98, 132.
 Helgafell, bær 14, 47, 54, 113, 124, 125, 141, 173.
 Helgafell, fjall 6, 15, 61.
 Helga Kjarlaksdóttir 8.
 Helga Þorláksdóttir 100.
 Helgi Droplaugarson 17.
 Helgi magri Eyvindarson 2.
 Helgi Hofgarðagoði 25.
 Helgi bjóla Ketilsson 1, 7.
 Helgi Óttarsson 9.
 Helgi saudamaðr Snorra goða 47.
 Hella, bær í Snæfellsness. 165.
 Herjólfur hölkinrazi 10.
 Hjalti Skeggjason 125.
 Hjarðarholt, bær í Dölum 170.
 Hlaðir í Noregi 49.
 Hlödvir jarl Þorfinnsson 64.
 Hofgarðar, bær í Snæfellsness. 25, 101, 102.
 Hofgarða-Refr = Refr skáld.
 Hofstaðir, bær í Snæfellsness. 5, 10.
 Hofsvágr = Hofstaðavágr í Snæfellsnessýslu 5, 6, 114, 115.
 Holt, bær í Snæfellsness. 23, 28.
 Hornafjörðr hérað 18.
 Hólar, bær í Snæfellsness. 85.
 Hrafn vikingr 151.
 Hraun, bær í Snæf.n.s. 28.
 Hraun = Berserkjakraun, (bær Styr) í Snæf.n.s. 27, 56, 62, 64, 125. 13*

- Hraunhöfn 101, 124.
 Hrannsfjörðr í Snæfellsness.
 7, 17, 45.
 Hraunshafnaróss = Búðaóss
 95, 101.
 Hris, bær í Snæf.n.s. 45.
 Hrossholt, bær 141.
 Hrólfr = Þórólfr Mostrar-
 skegg.
 Hrólfr hersir á Ögðum 8.
 Hvammr, bær í Dalasýslu
 8, 10.
 Hvammr, bær í Snæfellsn.s.
 10, 82.
 Hvitá í Borgarfirði 132.
 Hörða-Kári 18.
 Hörðaland í Noregi 94.
 Höskuldr Dala-Kollsson 142.
 Höskuldsey á Breiðafirði
 15.
 Illugi hinn raními Ásláks-
 son 111.
 Illugi hinn rauði 125.
 Illugi svartí 25, 26, 142.
 Ingibjörg Ásbjarnardóttir
 25.
 Ingjaldr Helgason 2.
 Ingjaldr á Ingjaldshváli
 154.
 Ingólfr Arnarson 4.
 Írland 64, 165, 169.
 Ísland 4, 7, 50, 51, 65,
 95, 125, 126, 141, 165,
 167, 174.
 Jamtaland í Noregi 2.
 Jónsborg á Vindlandi 68.
 Jónsvíkingar 68.
 Jón Árnason 170.
 Jörunn mannvitsbrekka 1.
 Jörundr Snorrason 172.
 Jörundr Þorfinnsson 170.
 Jörfi, bær í Hnappadalss.
 141, 174.
 Kalfr (Kolfdór) á Sólheim-
 um 170.
 Kambgarðr, örnefni í Snæ-
 fellsness. 30.
 Kamsheiðar 122.
 Karlsefni = Þorfinnr karls-
 efni 125.
 Katla, töfrakona í Holti 23,
 40—43.
 Kárr Þóroddsson 165.
 Keru-Bersi Halldórsson 170.
 Ketill flatnefr 1, 2, 7.
 Ketill veðr 1.
 Ketill kappi Þorbjarnarson
 22, 28.
 Kimbavágr á Grænlandi
 125.
 Kjarlacr hinn gamli Bjarn-
 arson 8.
 Kjarlacr = Barna-Kjarlacr
 11.
 Kjarlacr frá Kjarlaksá
 145.
 Kjarlaksá, bær í Stranda-
 sýslu 145.

- Kjareklingar** 11—13.
Kjartan að Fróðá 68, 96, 97.
Kjarvalr Írakonungur 2.
Kjalkafjörðr, bær og fjörðr í Barðastr.s. 53.
Kjölr í Noregi 3.
Kleppjárn hinn gamli 142.
Kleppr (Klyppr) Snorrason 171, 173.
Knörr, bær í Snæfellsness. 95, 103.
Kolgrafafjörðr í Strandas. 154.
Kolli Þormóðarson 170.
Krákunes í Snæfellsness. 73, 76.
Krákunesskógr 73, 79, 84.
Krossárdalur 146.
Krossnes í Snæfellsness. 16, 142.
Lambastaðir, bær í Mýras. 171.
Langidalr, í Snæfellsness. 8, 12, 111.
Laugarbrekka, bær í Snæfellsness. 171.
Laxár í Þórsnesi (nú: Gríshólsá og Bakkaá) 47.
Laxárdalur, sveit í Dalas. 170.
Leiknir berserkr 49—54, 59—63.
Leikskálar, bær í Snæfellsness. 105, 107.
Leikskálavellir 103.
Ljótr Mánason = Mána-Ljótr.
Loftr = Eyra-Loftr.
Mávahlíð, bær í Snæfellsness. 10, 22—24, 27, 28, 30, 33, 39, 43.
Máhlíðingar 28, 46.
Mána-Ljótr 171.
Máni Snorrason 171, 173.
Már Hallvarðsson 15, 47, 55, 59, 123.
Meðalfellsströnd = Fellsströnd og Skarðsstr. í Dalas. 11, 21, 25, 64, 171.
Miðfjörðr í Húnav.s. 157.
Mostr, ey í Noregi 3.
Mýrar hérað (Mýrasýsla) 171.
Mön, ey við England 64.
Nagli, skozkr maðr, 27, 31, 32, 36.
Nes = Neðranes bær í Mýras. 132.
Noregr 1, 49, 100.
Noiðrá í Mýras. 132.
Oddleifr Geirleifsson 9.
Oddr = Þóroddr Snorrason 175.

- Oddr Kötluson 23, 27, 28, 30, 31, 33, 39—42.
 Oddr Ófeigsson 157.
 Oddr rakki 8.
 Oddr skáld 26.
 Orkneyjar 1, 64.
 Ormr hinn mjóvi 22.
 Orrahváll, bær í Dalas. 21.
 Otradalr við Arnarfjörð 18.
 Ófeigr þræll 89, 90.
 Ófeigsfors, örnefni í Snæfellsness. 67.
 Óláfr feilan 10.
 Óláfr hvíti Ingjaldsson konungur 2.
 Óláfr Eyvindarson 151.
 Óláfr helgi konungur 165.
 Ósk Þorsteinsdóttir 9.
 Óspakr Glúmsson 157.
 Óspakr Kjarlaksson 145—157.
 Óspakseyrr = Eyrr.
 Ósvífr spaki Helgason 9.
 Óttarr Bjarnarson 9.
- Pálnatóki** 68.
- Rafurta** Kjarvalsdóttir 2.
 Ragnarr loðbrók 2.
 Ragnhildr Þórðardóttir 125.
 Rannveig Sigurðardóttir 170.
 Rauðavíkrhöfði = Rauðavíkrhöfn í Snæfellsness. 108.
- Rauðimeir, bær í Hnappadalss. 16, 142.
 Rauðmelingar 143.
 Raumaríki í Noregi 1.
 Refr skáld = Skáld-Refr.
 Reykjahólar, bær í Barðastr.s. 142.
 Reykjanes í Gullbringusýslu 5.
 Rif, undir Jökli, 126.
 Rogaland í Noregi 17.
- Salteyróss í Snæfellsness. 27, 45.
 Saudafell, bær í Dalas. 171.
 Saurbær, sveit í Dalas. 146.
 Sámr Barkarson 155.
 Seljabrekkur í Snæfellsness. 55.
 Seljafjörðr í Snæfellsness. 154.
 Sel-Þórir Grimsson 16, 142.
 Sighvatr Sturluson 171.
 Sigmundur Þorbeinsson 10.
 Sigríðr Snorradóttir 169.
 Sigurðr jarl Hlödviðsson 64.
 Sigurðr ormr í auga 2.
 Sigurðr Þórisson 170.
 Sigvaldi jarl 165.
 Síða, hérað í Skaftafellss. 18.
 Skagafjörðr 171.
 Skagaströnd 171.
 Skálaholt 130, 133.
 Skáld-Refr Gestsson 25.

- Skeið, vegr í Snæfellsness. 108.
- Skor, höfði í Barðastr.s. 128.
- Skógarströnd í Snæfellsness. 12.
- Skógstrendingar 12.
- Skraumhlaupsá, skilr Dala- og Snæfellsness. 8.
- Skriðins-Enni í Strandas. 145.
- Skraelingjar = Indianar(?) 125.
- Snerrir = Snorri goði 16.
- Snjófellsnes = Snæfellsnes 5, 126.
- Snorri goði Þorgrímsson 16
—21, 23, 25, 26, 44—48,
54—56, 59—61, 64—66,
73—75, 78—80, 84—89,
91, 92, 97, 101—105, 107
—113, 118—125, 139,
141—146, 150—157, 169
—175.
- Snorri Snorrason 173.
- Snorri Sturluson 171.
- Snorri Þorbrandsson 16 125.
- Snorrungar 145.
- Sogn, hérað í Noregi 1.
- Sólheimar 170.
- Sóli, bær í Noregi 17.
- Spá-Gils 76.
- Spá-Gilsstaðir 76.
- Spákonufell, bær í Skaga-
fjs. 171.
- Staðarhóll, bær í Dalas. 146.
- Stafá í Snæfellsness. 5, 7.
- Stafholtstungur, hérað í
Mýras. 132.
- Staðir, höfði í Noregi 3.
- Steinn = Þorsteinn þorska-
bitr 9.
- Steinólfr lági 8.
- Steinþórr á Eyri Þorláks-
son 17.
- Stika, á í Strandas. 146.
- Strandamenn 151.
- Strandir = Hornstrandir
151.
- Straumfjörðr, verzlunarstaðr
í Mýras. 93, 145, 165.
- Sturla (= Víga-Sturla)
Þjóðreksson 145—147,
155.
- Sturla (= Hvamm-Sturla)
Þórðarson 171.
- Sturlungar 170.
- Styrhjörn enn sterki 68.
- Styrr (= Víga-Styrr) Þor-
grímsson 17, 26, 48, 50,
52—54, 56, 59—64, 141.
- Suðreyjar (= Hebrides) 2.
- Sunn-hörðaland í Noregi.
- Súrr = Þorbjörn súrr 15,
22.
- Svartr þræll 54.
- Svelgsá, bær í Snæfellsness.
85.
- Svelgsárdalur í Snæfellsness.
85.

- Svínavatn í Snæfellsness. 45.
 Svíney = Purkey á Breiða-
 firði 48.
 Svíþjóð 68.
 Sæból, bær við Dýrafjörð
 16.
 Sælingsdalstunga = Tunga
 í Sælingsdal, bær í Dalas.
 141, 145, 174.
- Tin-Forni** 25, 26.
 Tröllaháls í Snæfellsness.
 45.
 Tunga = Snartartunga í
 Strandas. 145, 148, 151
 —155.
 Tunga, bær á Fellsströnd í
 Dalas. 21.
 Tunga, hjá Helgafelli, ör-
 nefni 47.
- Uðr** hin djúpúðga 1, 2, 7, 8.
 Ulfarr kappi 8, 10.
 Ulfarr leysingi 10.
 Ulfarsfell, fjall og bær í
 Snæfellsness. 8, 10, 45,
 77, 158, 159.
 Ulfarsfellsháls í Snæfells-
 ness. 84, 108, 112.
 Unnr Snorradóttir 170.
 Unnr kona Þórólfs Mostrar-
 skeggs 9.
 Urthvalafjörðr = Grundar-
 fjörðr 8.
- Vaðilshöfði í Snæfellsness
 16.
 Valbjarnarvellir í Mýras.
 133.
 Valr Þórisson 33.
 Vatnsfirðingar 170.
 Vatnsfjörðr, bær í Ísafj.s.
 141.
 Vatnsháls í Snæfellsness.
 10.
 Vatnshálshöfði í Snæfells-
 ness. 108.
 Vatnsnes í Húnavatnss. 152.
 Vémundur kögr 17.
 Vermundur mjóvi Þorgríms-
 son 17, 23, 27, 34, 38,
 43, 46, 49—53, 56—58,
 121, 141.
 Vestarr Þórólfsson 8.
 Vésteinn Végeirsson 16.
 Vésteinn Vésteinsson 16.
 Vestfirðingar 14, 125.
 Vestfirðir 14.
 Viðkunnr Árnason 170.
 Viðill leysingi 48.
 Víga-Barði = Barði Guð-
 mundarson.
 Víga-Sturla = Sturla Þjóð-
 reksson.
 Víga-Styrr = Styrr Þor-
 grimsson.
 Vigdís Illugadóttir 142.
 Vigfús í Drápuhlíð Ottars-
 son 9, 46, 47, 54—59.

- Vigraffjörör í Snæfellsness. 6, 114, 115, 118.
- Vikin í Noregi 3, 95.
- Vilgeirr Óttarsson 9.
- Vinland = Norðr-Ameríka 125, 166, 167.
- Vindland 68.
- Þ**ambárdalur í Strandas. 145.
- Þaralátrsfjörör í Strandas. 151.
- Þingskálanes í Snæfellsness. 114, 115.
- Þóra Ólafsdóttir 10.
- Þóra Sigurðardóttir 2.
- Þóra Snorradóttir 170, 173.
- Þórarinn svartí Máhliðingr 10, 22, 27—39, 41, 43—46, 49.
- Þorbeinir á Þorbeinisstöðum 10.
- Þorbeinisstaðir 10.
- Þorbjörn digri Ormsson 22, 24, 25, 27—31, 33.
- Þorbjörn kjálki 53.
- Þorbjörn súrr = Súrr.
- Þorbjörn Vífilsson 48.
- Þorbrandr Snorrason 125.
- Þorbrandr Þorfinnsson 8, 11, 16, 20.
- Þorbrandssynir (= Álftfirðingar) 16, 100—102, 109, 113, 125, 142.
- Þórdís Ásmundardóttir 157.
- Þórdís Snorradóttir 170, 173.
- Þórdís Sársdóttir 15, 19, 22.
- Þórör blígr Þorláksson 17, 95—98, 100, 103—106, 108, 114, 116, 117.
- Þórör gellir 10, 12—14.
- Þórör kausi Snorrason 139, 171.
- Þórör (annarr) kausi Snorrason 173.
- Þórör Sturlu son Þjóðreks sonar 170.
- Þórör Sturluson í Hvammi 171.
- Þórör Þorgilsson 125.
- Þorfinnr Finngeirsson 8, 11.
- Þorfinnr Guðlaugsson 165.
- Þorfinnr sæl-Þórisson 16.
- Þorfinnr Þorbrandsson 16.
- Þorgerör Þorbeinisdóttir 10, 46, 56—58.
- Þorgerör Þorbrandsdóttir 16, 100.
- Þorgeirr (Þórarinn) ör Ásgarðshólum 170.
- Þorgeirr Geirröðarson 11.
- Þorgeirr Hávarsson 142.
- Þorgestlingar 48, 56.
- Þorgestr gamli 12, 48.
- Þorgils Arason 142.
- Þorgils Gellisson 9.
- Þorgils örn Hallsteinsson 125.
- Þorgils Hölluson 142, 169.

- Þorgils Þorbeinsson 10. 68, 97, 98, 122, 124, 128
 —132, 135—138, 140.
 Þorgríma galdrakinn 33, 128, 139. Þóroddr Snorrason 155, 170,
 173, 175.
 Þorgrímr goði Kjarlaksson 8, 11, 13, 16, 25—27. Þóroddr Þorbrandsson 16—
 18, 83, 125, 158—165.
 Þorgrímr goði Þorsteinsson 15, 16. Þórólfr bægifótr 9, 10, 22,
 69—84, 158.
 Þorgrímr sviði 170. Þórólfr blöðruskalli 8.
 Þorgrímr = Snorri goði 16. Þórólfr Eyra-Loftsson 165.
 Þórgunna ór Sudreyjum 126. Þórólfr Mostrarskegg 3—11,
 18.
 Þórhildr Þorkelsdóttir 14. Þórólfr Herjólfsson hólk-
 inraza 10.
 Þórhildr Snorradóttir 173. Þórsárdalr í Snæfellsness. 10.
 Þórir Gull-Hardarson 145. Þórsá í Snæfellsness. 8.
 Þórir hundr 170. Þórshof í Mostr 3.
 Þórir viðleggr 28, 31, 33, 128. Þórsnes, þingstaðr 6, 7.
 Þórisssynir = Örn og Valr. Þórsnesingar 11, 12.
 Þorkell meinakr 14. Þórsnesþing 6, 11, 14, 25,
 26, 39, 46, 47, 59, 74,
 Þorkell Súrsson 15. 86, 99, 121, 142, 144,
 151.
 Þorlákur Ásgeirsson 17. Þorsteinn Gíslason 142—
 144.
 Þorlákssynir = Eyrbyggjar. Þorsteinn hreggnasi 27.
 Þorleifr kímí Þorbrandsson 16, 17, 87—95, 100, 110, 116—118, 120, 121, 125. Þorsteinn Kuggason 169.
 Þorleifr Snorrason 171, 173. Þorsteinn rauði konungr 9.
 Þorleifr flugumaðr 86, 87. Þorsteinn surtr Hallsteins-
 son 9.
 Þorleikr Brandsson 142. Þorsteinn þorskabitr Þór-
 ólfsson 9—15.
 Þormóðr Barkarson 155. Þorsteinn þorskabitr Snorra-
 son 155, 171, 174.
 Þormóðr goði Oddsson 8. Þorsteinn Styrrson 27.
 Þormóðr skáld Trefilsson 56, 92, 113, 144, 157, 173.
 Þormóðr Þorbrandsson 16.
 Þormóðr Þorláksson 17, 107.
 Þóroddr skattkaupandi 64—

- Þorsteinn Þorgilsson 142—
 145.
- Þorsteinn öndurr 8.
- Þórunn hýrna 1.
- Þrándarstaðir, bær í Snæ-
 fellsness. 154.
- Þrándheimr í Noregi 3, 49.
- Þrándheimsminni 49.
- Þrándr stígandi 153, 154.
- Þuríðr Ásbrandsdóttir 22.
- Þuríðr Auðunardóttir 17.
- Þuríðr Illugadóttir 175.
- Þuríðr spaka Snorradóttir
 170, 175.
- Þuríðr Barkardóttir að Fróðá
 22, 33, 65, 66, 96—99,
 122, 124, 126, 127, 129,
 131, 140, 167, 168.
- Þuríðr Þórðar dóttir Sturlu
 sonar 170.
- Þuríðr Þorfinnsdóttir 16.
- Yngvildr Ketilsdóttir 1.
- Æsa móðir Eyjólfss 48.
- Öndurðeyrr = Eyrr 8.
- Örlýgr leysingi 10.
- Örlýgsstaðir 10.
- Örn faðir Ingólfs 4.
- Örn Þóris son viðleggs 33.
- Örn faðir Þóris viðleggs 28.
- Örnólfr fiskreki 3.
- Öxl, fjall í Snæfellsnessýslu
 102, 103.
- Öxnabrekkur í Snæfellsness.
 85.
- Öxney á Breiðafirði 48.

Leiðréttingar.

Nafnið Kjallakr, sem þannig er ritað í útgáfu Guðbr. Vigfússonar af sögu þessari og eflaust í handr. því sem hún er byggð á, er í Landn. ritað Kjarlakr, enn með því að ekki er hægt að reiða sig á rithátt Landn. er nafnið hér ritað Kjallakr nema í registinu. Nafnið bligr (Þórðr bligr) er hér á nokkurum stöðum misprentað blýgr, og stafar sú villa frá útgáfu Þorleifs Jónssonar, sem notuð var í prentsmiðjunni við letrsetningu þessarar útgáfu.

Bls. 152^o: Srtsdóttur les Súrsdóttur. Bls. 971: Fróða les Fróðá. Bls. 170^e: Armóðssonar les Arnmóðssonar. Bls. 1731^o: Einarsdóttir les Einarsdóttur.



Sumir af hinum heiðruðu áskrifendum að Íslendingasögum hafa stundum kvartað yfir því, hve dræmt sögurnar kæmi út, og neita jeg ekki, að þeir hafi mikið til síns máls, og æskilegra væri, að útgáfan gæti gengið hraðara. En jeg hef aptur á móti gildar ástæður fyrir því, að útgáfunni eigi er hraðað meir en gjört hefir verið hingað til. — Af því verðið á sögunum er svo óvanalega lágt, þurfa þær að ná meiri kaupendatölu en flestar aðrar bækur hjer á landi, ef útgáfa þeirra á að geta haldið áfram; en viðunanlegur kaupendafjöldi fæst því að eins, að gjaldið, er kaupendur eiga að greiða á ári hverju fyrir sögurnar, sje svo lítið, að nálega engum fátækling sje ofvaxið að inna það af hendi, og þeim þannig gert mögulegt að eignast sögurnar á hagkvæmlegan hátt, — því meðal alþýðumanna og margra fátækra eiga sögurnar ágæta vini, eins og meðal hinna efnadri. — Eigi maður því að hafa það fyrir augum, sem sjálfsagt er, að þessi ódýra útgáfa af sögunum komizt inn á sem flest heimili hjer á landi, verður að haga útgáfunni svo, að fátækur sem ríkur geti eignast hana, því báðum er hún jafn kær. Og þótt útgáfan á sögunum fari eigi hraðara hjer eptir en hingað til, mun sá dagur síðar koma, að menn sjái allar Íslendinga sögur í afar-ódyrri útgáfu — því „þolinmæðin þrautir vinnur allar“.

Reykjavík, 15. júní 1895.

Sigurður Kristjánsson.


Verð: 60 aur.

Íslendinga sögur.

13.

Fljótsdæla saga.

Búið hefir til prentunar
Valdimar Ásmundarson.



Reykjavík.

Kostnaðarmaður: **Sigurður Kristjánsson.**

1896.

13

FLJÓTSDÆLA SAGA.

BÚIÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.
KOSTNAÐARMAÐUR: *SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.*
1896.

FÈLAGSPRENTSMÍÐJAN.

FORMÁLI.

Áðr hefir þessi saga að eins verið gefin út einu sinni: „Fljótsdæla hin meiri, eller den længere Droplaugarsona saga, efter håndskrifterne udgiven af Kristian Kålund, Kjöbenhavn 1883“, og lét „Samfundet til udgivelse af gammel nordisk litteratur“ prenta hana.

Útgefandinn, dr. Kålund, hefir ritað langan formála fyrir sögunni og skýrt þar frá ýmsu álitinu um aldr og efni sögunnar.

„Fljótsdæla hin meiri“, eða *Fljótsdæla saga*, sem hún er nefnd í þessari útgáfu, hefir verið litt kunn og handrit af henni óviða, þótt ein tvö handrit sé til af henni í handritasafni ísl. Bókmenntafél. í Khöfn og eitt í Bókmentafélagssafninu hér (í safni Guðmundar Einarssonar, enn það er ekki talið í prentuðu handritaskránni) og enn finnist örfá handrit af henni víðar hjá einstökum mönnum eða á söfnum.

Það er því ekki rétt, sem dr. Kålund segir, að almenningr muni telja sögu þessa fullkomnari enn Droplaugarsona sögu, því almenningr hefir ekki þekt hana og þekkir hana jafnvel ekki enn, þrátt fyrir útgáfu dr.

a*

IV

Kålunds. Því söguútgáfur „Samf. til útgivelse af gl. nordisk litteratur“ eru svo dýrar, að almenningr hér á landi kaupir ekki.

Enn hitt er víst, að lærðir menn og vísindamenn hafa álitid sögu þessa gamla, og því hefir verið ráðið að gefa hana út með latneskri þýðingu, eins og dr. Kålund getur um, þótt aldrei hafi orðið af því, enda hefir Sv. Egilsson virt söguna svo mikils, að safna orðum úr henni í „Skáldamáls orðbók“ sína („Lexicon poeticum“), eins og dr. Kålund líka tekur fram.

Konráð Maurer kallar söguna „tilbúning“ frá 17. öld, enn það er auðsætt, að hann hefir ekki þekkt hana til hlítar.

Kålund telur söguna vera samda á yfirfarstímabili milli miðaldanna og nýja tímans, eða nákvæmara tiltekið á fyrra hlut 16. aldar.

Enn það er alls ekki líklegt, að þessi saga sé rituð um þær mundir. Málið á henni er of fornlegt til þess, og vér þekkjum engin rit frá þeim tíma í svo fornum búningi. Málið á söguritunum frá siðskiftatímanum er alt öðruvísi. Það er og mjög ósennilegt, að 16. aldar menn hafi kunnað að fyrna svo ritmál sitt, eins og Kålund heldr.

Meiri líkur eru því til, að sagan sé rituð á 15. öld, og hún gæti jafnvel, að því er málið snertir, verið rituð seint á 14. öld, því auðsætt er, að það hefir breyzt hjá þeim sem síðar hafa skrifað upp söguna.

Það yrði oflangt mál hér að færa sönnur á þetta, fremur enn nú er gert.

Enn þótt sagan sé svona gömul, þá kemr frásögnin í henni allvíða ekki heim við hinar austfirzku sögur, einkanlega Droplaugarsona sögu. Eigi að síðr er ekki tyrir að synja, að frásagnir Fljótsdæla sögu geti átt við sannleika að styðjast. Sagan er færð í letr mjög löngu eftir þann tíma er hún gerðist, og er því eðlilegt, að þar geti ýmislega verið blandað málum, enn annars eru ekki ósennilegri frásagnir í Fljótsdælu enn í mörgum öðrum Íslendingasögum; slíkt kemr jafnvel fyrir í hinum beztu þeirra.

Svo virðist sem Fljótsdæla saga hafi upphaflega verið lengri enn hún er nú, og að síðari hluta Droplaugarsona sögu, sem hefst með 6. kap., hafi verið bætt síðar við söguna, af því að þá hefir vantað aftan við hana. Þessi partr af Droplaugarsona sögu á heldr ekki vel við það, sem á undan er komið. Þar á móti bendir ýmisl. í Fljótsdæla sögu á, að endir hennar hafi verið, eða átt að vera, allr annar upphaflega.

Í 27. kap. segir frá deilum þeim er urðu út af drápi Bjarnar í Snotrunesi, enn þar er ekki getið um Sveinunga Þórisson, sem Droplaugarsona saga segir frá í 6. kap. með þessum orðum:

Sveinungr hét maðr, er bjó á Bakka í Borgarfirði. Hann var Þórisson. Hann var mikill maðr ok sterkr ok vitr. Hann var vinr Helga Droplaugarsonar.

Þar segir og, að Sveinungr og Helgi hafi farið báðir

VI

til móts við Björn, þá er Helgi það hann að „láta af kvámum til Þórdísar“.

Að öðru leyti er frásögnin hin sama sem í Droplaugarsona sögu, nema það sem sagt er um þá Hallsteinssonu og klausan um Flosa á Svínafelli, sem prentað er aftan við þessa útg. ásamt fyrri hluta af Droplaugarsona sögu, sem rétt þótti að prenta hér til þess að lesendrnir hefði glöggara yfirlit yfir söguna í heild sinni.

Það yrði langt mál, ef fara ætti að bera saman Droplaugarsona sögu og Fljótsdælu, að því leyti sem þeim ber á milli, og verður hér að sleppa því, enda getr lesandinn séð það sjálf.

Mér þykir eigi ólíklegt, að Fljótsdæla sé rituð í Eyjafirði, og dreg eg það af örnefnum *Naustadæli* og *Vindgjá*, sem eg ætla að muni verið hafa við Eyjafjörð innanverðan. Þar heitir bæ Naust öðrum megin fjarðar, enn Varðgjá hinum megin, og Varðgjá getr hafa misritast Vindgjá. Vegalengdin þar á milli er álika og yfir Njarðvík, svo að þetta kemr vel heim. — Væri þá sennilegast, að sagan væri rituð á klaustrinu öðru hvoru, Munka-Þverá eða Möðruvöllum.

Fljótsdæla saga er hér prentuð eftir útgáfu Kálunds, nema hvað einstöku leshættir eru hér leiðréttir.

Með því að fá handrit eru til af Fljótsdæla sögu, og þau meira og minna rangskrifuð, má búast við að ýmsar afbakar sé enn í sögunni. Af því má ekki ætla, að sagan sé yngri enn hún er. Þar sem sagt er að „Hreidarr sat við fornsögu“, þá getr það verið einhver misritun, eða að svo eigi að skilja, að hann hafi hlýtt á meðan forn-

VII

saga var sögð. — Lýsingar á búningum og hibýlum manna eru mjög fornlegar.

Fljótsdæla saga er vel sögð og skemtilega. Málið er fornt. Staðalýsingarnar eru nákvæmar og réttar. Af bæjanöfnunum má meðal annars ráða aldr sögunnar, og benda þau á, að hún sé ekki yngri enn getið er til hér að framan.

TÍMATAL.

Fæddr Ketill þrymr	um 930.
Fæddir Droplaugarsynir	— 965.
Fæddr Helgi Ásbjarnarson	— 950.
Víg Helga Droplaugarsonar	— 998.
Víg Helga Ásbjarnarsonar	— 1005.
Grimr Droplaugarson deyr	— 1006.



Fljótsdæla saga.

Þorgerðr hét kona. Hon bjó í Fljótsdal austr. Hon var ekkja af hinum beztum ættum ok hafði þá fé lítit. Þar bjó hon, sem nú heitir á Þorgerðarstöðum. Frændr Þóris *Hrafnelssonar* vildu, at hann staðfesti ráð sitt ok fengi sér forystu ok fýstu, at hann bæði Þorgerðar; sögðu forgang góðan í því ráði. Þórir fekk þessarrar konu, ok skyldi boð vera at *Hrafnelssstöðum* á mánaðar fresti. Var Ásbirni *bróður hans* boðit til boðs. — Glúmr hét maðr, er bjó í Fljótsdal fyrir vestan, þar sem nú heitir á Glúmsstöðum. Þuríðr hét kona hans ok var Hámundardóttir, kynjuð sunnan ór Þjórsárdal. Þau áttu sér eina dóttur, þá er Oddbjörg hét. Þær mæðgur fóru í fjós einn morgin snemma; nautamaðr var í fjósi, enn Glúmr lá í rekkju sinni. Enn þá er þær kómu heim at bænum, var hlaupin skriða á bæinn ok

þar Glúmr inni orðinn ok allr lýðr, sá er á bænum var, nema þessir þrír menn. Eftir þessi tíðindi lætr Þuríðr færa bæinn yfir ána, hóti ofar enn áðr var. Hon bjó þar lengi; sá bær heitir nú síðan á Þuríðarstöðum. Þessi tíðindi spurðust í Hrafnkelsdal. Þuríðr var hin vitrasta kona og skörungr mikill; fæddi hon upp meyna með mikilli virkt; var hon ok allra kvenna vænst ok bezt ment. Ok er Ásbirni kómu orð bróður síns, *tekr hann* því vel ok býðr at sér vinum sínum, riðr vestan yfir heiði ok kemr á Þuríðarstaði þess erendis, at hann biðr Oddbjargar sér til eiginkonu, ok þat var ráðit; fór við þat ofan til bodsins, at hann flutti þetta brúðarefni með sér. Sjá veizla fór vel fram ok var all-fjölmenn; váru bæði brullaupin í senn. Eftir boðit riðr Ásbjörn vestr yfir heiði með konu sína heim á Aðalból; váru góðar samfarar þeira. Þau Þórir ok Þorgerðr váru ásamt til þess, at þau gátu son ok dóttur; hann hét Hrafnkell, enn hon Eyvör. Hon var gefin Hákonu á Hákonarstöðum, er nam Jökulsdal. Enn þau Ásbjörn ok Oddbjörg áttu fjórar dætr ok kómust engar ór barnæsku. Enn síðast áttu þau son, er Helgi hét; hann vóx upp með föður sínum ok var hinn efnilegasti maðr. Þeir frændr uxu upp þar í heraðinu jafnsnemma ok var þeira fjogurra vetra munr. Þeir bræðr sátu langa hríð í ríki sínu, ok var gott samþykki

þeira, meðan þeir lifðu báðir, ok varð Þórir sótt dauðr; enn eftir hann tók fé ok mannaforráð kona hans ok Hrafnkell son hans, þó at hann væri ungr at aldri, með umsjá Ásbjarnar. Helgi vóx upp á Aðalbóli með föður sínum; hafði hann alla hluti til þess, at hann þótti betr mentr enn aðrir menn, bæði at yfirlitum og skapsmunum. Oddr hét maðr. Hann hafði þar land numit; bæði var hann blindr ok gamall í þann tíð. Hann átti einn son, er Ölviðr hét; hann tók fjárforráð eftir föður sinn. Ölviðr var mikill maðr vexti, allra manna málgastr, ósvinnr ok óvinsæll, heimskr ok illgjarn ok í öllu ójafnaðarmaðr. Hann var aðráttarmaðr mikill at búinu, bæði af fjörðum neðan ok af fjöllum ofan.

2. Þat bar til á einu sumri, at Ölviðr bjó ferð sína upp í Fljótisdals herað til grasa, alt fram at jöklum. Í þessarri ferð ganga hrossin frá þeim Ölvið ofan eftir Fljótisdal, enn hann leitar ok hans menn ofan eftir heiðum hrossanna ok finnr eigi. Ok er hann kemr fyrir botninn á Hrafnkelsdal, þá sjá þeir stóðhross mörg ofan í dalinu, er Ásbjörn átti. Ölviðr bað þá taka hrossin ok færa upp á föng sín. Mönnum hans þótti þat óráðlegt, at taka hross Ásbjarnar; sögðu þat eigi vel dugat hafa við föður hans. Ölviðr kvaðst eigi vilja vera óbirgr á fjöllum uppi fyrir eign amarra manna, —

„ok hirði ek aldri, hvern á, ok skal taka hross at vísu“. Ok svá gerðu þeir, ok eru síðan lagðar klyfjar á hrossin ok gengu þau heim á Oddsstaði með. Ok eftir þat sendir hann hrossin vestr yfir heiði, ok váru þau tilger all-óþokkulega. Ok er hrossin kómu aftr, þá riðr Ásbjörn austr yfir heiði ok kemr á Oddsstaði. Hann drap á dyr ok bað Ölvið út ganga. Hann gerir svá ok heilsar vel Ásbirni. Ásbjörn spurði, hvern óskunda hann átti honum at gjalda. Enn Ölviðr kvaðst honum ekki ilt eiga at gjalda. „Þat ætlaða ek“, sagði Ásbjörn, „því at ek þykjumst ómeinn við aðra; skal ek þetta vel í höndum hafa, ef þú vilt þessa máls áunna sem öðrum þykkir rétt, nema þú vilir heldr, at vit semjum með okkr“. Ölviðr kveðst eigi vita, at um þetta væri at málþarfa, ok kvaðst engis máls vilja áunna, - - „þykki mér þat jafnskaplegt, at hvárr vár bónda sé eigi óbirgr fyrir annars eign; mun ek ok gera alla jafna um þetta mál, þó at þér hafið heldr mannaforráð enn vér; ok man þér mál þykja bóta fyrir þetta mál áðr ek bæti þér þetta eða öðrum, þó at ek geri þeim slíkt“. Ásbjörn segir, at honum mundi þat eigi vel gefast. Reið hann heim við svá búit, ok er heima þau misseri. Ok er leið fram at várþingi, þá reið Ásbjörn ofan í Fljótsdals herað ok stefndi Ölviði til várþings til Kiðjafells, — þessi þingstöð er á hálsinum milli Skriðudals ok

Fljótsdals — ok sótti þar hrossamálit. Þar urðu öngvir menn til varnar, ok lýkr Ásbjörn sektarorði við Ölvið; reið við þat heim at hans (*ok*) háði féránsdóm. Síðan riðr Ásbjörn á Oddsstaði ok tekr Ölvið höndum í rekkju, leiddu hann út ok drápu þegar. Ásbjörn kvaðst svá leiða skyldu smámendum at veita bóndum ágang. Skifti Ásbjörn þá fénu við konu hans; tók hon lausafé ok búsbirgðir; hann tók bústaðinn undir sik ok fekk þar forráðsmann fyrir. Enn hann sitr á Aðalbóli um hrið, ok hlýtr þar nú frá at hverfa um sinn.

3. Þiðrandi hét maðr; hann bjó á þeim bæ, er í Njarðvík heitir; hon liggr milli Fljótsdals heraðs ok Borgarfjarðar. Þiðrandi átti mannaforráð um Njarðvík ok upp í herað at Selfjóti. Selfjót gengr fyrir austan ór heiðinni milli Gilsárteigs ok Ormstaða, ok svá fellr þat ofan í Lagarfljót. Þetta *fljót er* fyrir ofan reitinn, enn Lagarfljót fyrir vestan, ok er þat kölluð Útmannasveit. Þetta var þá hundrad bónda eign ok LXX. Þiðrandi var ríkr maðr ok þó vinsæll, því at hann var hægr við sína undirmenn. Hann var sterkr ok mikill vexti, ok haukr at hug. Hann bjó lengi ok var gagnveitull; ok þá er hann var gamall maðr, var hann kallaðr Þiðrandi hinn gamli. Var hann ok svá, því at menn segja þat, at hann hefði sex vetr hins fjórtanda tigar. Hann var þá þó enn hress maðr;

hann var virkr at fé, ok gekk hann þá jafnan at, er húskarlar gáfu litinn gaum at. Þat var einn vetr um brundtíð, at húskarlar hans váru rónir á sjó at leita fiska, enn sumir at heyvi, at hann gengr til hrútahúss síns, þess er innan garðs var. Á því kveldi kómu allir fyrri heim enn hann. Menn spyrja, hvar hann muni vera. Konur sögðu, at hann hefði gengið til hrútahúss síns. Nú er hans leit at þangat; sitr hann fyrir utan garðinn þar hjá húsinu. Menn spyrja, hvi hann færi eigi heim. Hann segir sér gönguna óhæga verit hafa, enn kvað þá þó lítit um hafa batnat, ok sagði hrút einn hafa lostit sundr í sér lærlegginn. Var hann við þetta heim borinn ok ger hvíla hans. Ok eftir þat lystr í verkjum, ok blæss lærit mjök ok þetta leiðir hann til bana. Hann átti eftir tvá sonu; hét hinn eldri Ketill, enn Þorvaldr hinn yngri. Hvártrveggi þeira bræðra var mikill vexti. Þorvaldr var manna sjálegastr, hljóðr ok fáskiftinn; hann var hinn mesti sannsmaðr um flesta hluti. Enn Ketill var manna sterkastur í þat mund; hann var ljótr maðr ok þó höfðinglegur, dökkr ok mikilúðlegur; hann var manna hægastr hversdaglega, enn hann var þögull ok fálátr snemma, ok var kallaðr Þrum-Ketill. Gallar stórir váru á hans skapsmunum; sumir kölluðu þat meinsemd. Þat kom at honum í hverjum hálfum mánaði, at skjálfti hljóp

á hans hörund, svá at hverr tónn í hans höfði gnötraði, ok hrærði hann upp ór rúminu. Varð þá at gera fyrir honum elda stóra, ok leita honum allra hæginda, þeira er menn máttu veita. Þessum hroll ok kulda fylgdi bræði mikil, ok eirði hann þá engu, því er fyrir varð, hvárt sem var þili eða stafr eða menn; svá þó at eldar væri, þá óð hann. Þá gekk hann undan húsum þili eða dyrabúning, ef fyrir varð, ok gekk þetta á hverjum þeim degi, er at honum kom, ok urðu menn þá alla vega at vægja til við hann, sem máttu. Enn þá er af honum leið, var hann hægr ok stjórnsamr. Þetta kom ok til mikils gagns honum ok mörgum öðrum, þá er á leið æfi hans. Systir þeira bræðra hét Hallkatla, dóttir Þiðranda hins gamla. Hon var gift Geiti Lýtingssyni, er bjó í Krossavík norðr í Vápnafirði. Geitir var vinsæll maðr, enn forgangr Hallkötlu var einkar góðr. Þau áttu tvá sonu; hét hinn eldri Þorkell, enn Þiðrandi hinn yngri; hann hafði nafn afa síns. Þessir bræðr váru báðir vel mentir, ok þó sinn veg hvárr. Þorkell var jarpr á hár, dökkr maðr, lágr og þreklegr, ok kallaðr manna minstr, þeira sem þá váru, manna skjótlegastr ok hvatastr, sem raun bar á, því at hann átti oft við þungt at etja ok bar sik í hvert sinn vel. Þiðrandi Geitisson var manna mestr ok sterk- astr; fanst eigi sá maðr í þann tíma, er sæmi-

legri væri. Er ok svá sagt, at hann hafi hinn fjórði maðr verið bezt mentr á öllu Íslandi, enn annarr maðr er til nefndr Kjartan Ólafsson; hinn þriði Höskuldr Þorgeirsson Ljósvetninga-góða, enn hinn fjórði Ingólfr Þorsteinsson, er kallaðr var Ingólfr hinn væni. Segja fróðir menn, að öngvir hafi með slikri mentan skapaðir verið á öllu Íslandi, sem þessir fjórir menn, ok er svo mikit af sagt ásjánu þessarra manna, at margar konur fengu eigi haldit skipi sínu, ef litu fegrð þeirra; ok þat er alþýðu rómr, at þar eftir færi önnur mentan þeira.

4. Hróarr hét maðr. Hann bjó á þeim bæ, er at Hofi hét; þat er í Fljótsdals heraði fyrir vestan Lagarfljót ok fyrir utan Rangá, enn fyrir austan Jökulsá. Þessi sveit hefir tekit viðnefni af Hróari ok heitir Hróarstunga. Hann fekk ok viðnefni af Tungunni ok var kallaðr Tungu-góði. Barnlauss maðr var hann ok átti mergð fjár. Hann var þá gamall maðr. Þess er getit, at Hróarr gerir heimanför sína norðr til Vápnafjarðar. Hann kemr at kveldi í Krossavík hina ytri. Geitir Lýtingsson tók við honum vel ok ágætlega ok bauð honum þar at sitja meðan hann vildi. Hróarr Tungu-góði er þar þrjár nætr. Eftir þat biðr hann reka at besta þeira féлага ok kvaðst þá vilja lýsa yfir erendum sínum — „ok em ek til þess hingat kominn, at ek býð heim til fósturs Þiðranda syni þínum;

ok ef þú vilt þetta, þá gef ek honum eftir minn dag fé ok staðfestu ok ríki. Enn Þorkell taki þitt mannaforráð eftir þinn dag. Þykki mér þú því at eins mína ferð góða gera, ef ek fæ þetta sem ek beiði; mun okkr þá at þessum manni vera mikill styrkr, at hann er sonr þinn, enn fóstri minn ok erfingi“. Geitir kvaðst eigi nenna né vilja drepa hendi við svá miklum sæmdum. Ferr nú Þiðrandi austr með Hróari í Tungu ok gerir Hróarr til hans hvað öðru betr. Hefir Þiðrandi þar litla stund áðr verit, at þat máttu allir sjá, at Hróarr unni honum mikið, ok þar út í frá alþýða manns; svá var hann vinsæll, ok þat helzt honum til dauðadags. Var þá Þiðrandi sex vetra gamall, er hann fór til fóstrs ór Krossavík. Þorkell var þá tíu vetra.

5. Þeir bræðr í Njarðvík sömdu eigi öll mál með sér um fjárráð. Ketill vildi einn ráða öllu, svá at Þorvaldr var at öngu kvaddr. Enn Þorvaldi leiddist þat brátt, ok beiði at þeir mundi skifta fé ok mannaforráði. Enn Ketill bað hann skifta, þegar hann vildi, ok kvaðst honum unna við sik alls fjár at helmingi — „enn mannaforráð er litit, ok nenni ek eigi at skifta, því at ek ann þess öngum nema mér“. Þorvaldr þóttist iafnt eiga hvárttveggja, þó at hann næði eigi, — „enn sét hef ek þat fyrir löngu, at þú vilt mig flestu affella. Þykki mér sem sénn muni minn kostr, at ek muni slikt hljóta at hafa,

sem þú skefr mér af fé; enn þó skulu vit skilja at sinni, þó at þú gerir minn harðan. Enn vita skaltu þat, at ek þykkjumst at helmingi eiga, þó at ek fái eigi svá búit“. Síðan leitaði Ketill at fémunum, ok skiftir öllu fé í helminga við Þorvald, bæði kvikfé ok lausafé, ok öllu því er innan veggja var, nema goðorði; því skifti hann eigi. Eftir þat fór Þorvaldr á burt með alla eign sína upp um heiði; hann byggði lendur sínar, þær sem hann hafði hlotit, enn seldi kvikfé at leigu. Skip stóð upp í Fljótsdals heraði við hin eystri fjöll, þar sem heitir Unaóss. Þorvaldr fær vöru, ok ræðr sik í þetta skip ok fór utan; ok er þeir koma í haf, byrjaði þeim lítt, ok velktust úti lengi sumars, ok at áliðnu sumri fá þeir veðr stór ok ákaflega hrið. Þessi veðr leiða þá ór hafi ok sigla at Hjaltlandi um nótt. Þar váru útfiri mikil, ok sigla þeir í boða ok brjóta skipit í spán, ok týndist fé alt, enn menn kómust lifs á land. Þorvaldr kom á land sem aðrir menn; var hann í íslenzkum klæðum. Öngvan hlut rak upp af fé Þorvalds nema eitt spjót mikit; tók hann þat í hönd sér. Hann var tvær nætr við ströndina ok beið, ef nökkut ræki upp af hans varnaði, ok vill þat ekki verða, at þau mörk finnist, at Þorvaldr ætti. Sýnist honum þat ráð, at sitja þar eigi lengr birgðalaust; er þat einn dag, at hann gengr í burt. Fyrir Hjaltlandi

réd þá jarl einn, sá er Björgólfr hét; hann var þá gamall maðr. Það sýnist Þorvaldi, at snúa þangat at, er jarl réð fyrir. Hann settist utarlega um kveldit, enn um morguninn gekk hann fyrir jarl. Sjá jarl var vinsæll af alþýðu, enn var þó þá óglaðr. Hann kvaddi vel jarlinn. Hann tók því vel. Jarl spurði, hvern hann væri. Hann kvaðst vera íslenzkr maðr, leysingi einn af smám ættum, nýkominn ór skipbroti, auralauss maðr — „veitið mér, herra, vetrvist, því at ek vil gjarnan með yðr vera“. Jarl mælti: „Svá lízt mér á þik sem þess munir þú þurfa“. Þorvaldr bað hann vísa sér til sætis. Jarl mælti: „Sittu á óæðra bekk, þar sem mætast þrælar ok frjálsir menn; vertu fáskiptinn ok kátr af þyrft þinni við alla“. Þorvaldr gekk til sætis ok er hann þar um vetrinn; gerir hann eftir því sem jarl mælti, at hann var kátr við bekkjunauta sína, enda váru þeir auðveldir í öllum spurningum, ok spurði hann jafnan margs. Ok leið vetrinn mjök fram at jólum. Þá ógladdist mjök lýðrinn; jarlinn gerði þá mjök ókátan. Jarl átti sér konu unga, ok tvá sonu við, unga at aldri enn væna at álitu. Ok þat var einn aftan, at Þorvaldr spyrr þá er næstir honum váru, hvat mönnum stæði fyrir ógleði; enginn vildi segja honum ok liðr nú at jólunum. Þat var eina nótt, at þeir menn heyrðu, sem næst lágu Þorvaldi, at hann lét illa í svefni. Þeir

vildu vekja hann, enn jarl bað þá láta hann njóta draums síns. Síðan vaknaði hann ok spurðu menn, hvat hann hefði dreymt, enn hann vildi þar ekki frá segja. Þat var tveim náttum áðr at menn heldu jól sín, at Þorvaldr gekk fyrir jarl ok kvaddi hann vel ok virðulega. Jarlinn tók því blíðlega. Þorvaldr mælti: „Því em ek hér kominn, at ek vil spyrja yðr at því, er enginn vill annarr mér segja; ek vilda vita, hvat til berr um ógledi þeira manna er hér eru; því at menn njóta hvárki svefns né matar, ok aflar mér þat nökkurrar hrygðar. Þykki mér þú af því líklegastr til at segja mér, þeira sem hér eru, at þú ert hér formaðr annarra“. Jarl kvað hann þess ekki þurfa at forvitnast — „því at þat skiftir þik öngu. Þú munt ekki at því gera, ok hafðu öngva þökk fyrir fréttina; forvitnizt þér þat margt, at yðr er engin þörf á, ok væri þat maklegt, at þess gildi einhverr“. Þorvaldr kvaðst eigi mundu at hafa spurt, ef hann hefði vitat, at honum þótti fyrir — „mun ek þá ok frá hverfa, enn bið ek, at þér ráðið draum minn“. Jarl svarar: „Enginn em ek drauma maðr; kann ek ok eigi ráða þá, því at ek hendi ekki tal af þeim, enn þó máttu segja, ef þú vilt“. Þorvaldr mælti: „Þóttumst ek ganga til sjávarsins með þeim sama búningi, sem ek em vanr at hafa hversdaglega. Mér þótti þann veg ljóst, at ek sá leið mína. Spjót

mitt hafða ek í hendi mér. Mér þótti vera fjara, er ek kom til sjávarins, enn eigi flóð. Ek þóttumst ganga með sjónum, þar sem váru sandar miklir ok útfiri; ok er þat þraut, varð fyrir mér fles ein; enn er ek fór yfir gjögurinn, var þar vaxit þangi stóru, ok þá sá ek á land upp hæð mikla eða fjall; enn í fjalli því fram- an váru hamrar við sjóinn ok bjarg mikit ok hátt. Ek þóttumst þar vaða fyrir framan ok hafa djúpt. Þá kom ek á smámöl; gekk ek þá lengi með sjónum milli ok bjargsins. Þá varð fyrir mér hellir mikill ok gekk ek þar inn. Ek sá þar brenna ljós, svá at hvergi bar skugga á. Ek sá járnsúlu eina standa upp í hellinum undir ræfr; enn við þessa súlu var bundin ein kona; hendr hennar váru bundnar á bak aftr, enn hári hennar var vafið um súluna; hlekkir váru um hana ór jární; var þar láss í öðrum enda, ok var hon þar læst við; ek þóttumst taka til at leysa hana, ok þat gat ek leikit; sá ek þar ekki fleira kvikt enn hana eina. Fór ek þá þaðan í burt með hana. Þóttumst ek þá fara fyrir forvaðann ok kvámumst ek þar. Þá þótti mér sem mér væri eftirför veitt af ein- hverju kvikindi; var mér þat mikill ótti. Vit hittumst, enn ekki man ek hversu fór með okkr; mun ek þá hafa látit illa í svefninum. Í því vaknaða ek“. Jarl varð svá rauðr, er hann heyrði þetta, at honum mátti nálega einum fingri

dreyra vekja. Hann þrútnaði mjök ok mælti: „Undarlega er yðr farit, at þér segið, at yðr dreymi þat er menn segja yðr; ok er ærin skap-raun mín, þó at ek sé ekki mintr á; því at ek man enn nær dóttir mín hvarf á burt heðan. Væri þat maklegt, at sá kendi á sínum hlut er þér sagði, þar sem ek hefi áðr bannat öllum“. Þorvaldr svarar: „Vel máttu vita þetta, herra; enginn þinna manna hefir mér þessi tíðendi sagt; þetta hefir mér í svefni sýnt verit. Mun ek hér svá mikit mál til taka sem þér vilið“. Jarl þagnaði ok svaraði af stundu: „Hér skift-ir tvennu um þína hagi, at þú ert maðr for-spár, ella muntu dauðamaðr af stundu“. Þor-valdr svarar: „Ek vilda at þér segðið mér þau tíðendi, er hér hafa orðit í yðrum lýbýl-um; þykkjumst ek vita, at mikil munu orðin“. Jarl svarar: „Hví mun eigi verða svá at vera. Ek átta mér eina dóttur, fyrr enn þessa sveina tvá, er Droplaug hét; þat var kallat, at hon væri vel ment; ek unna henni mikit. Á hinum fyrr-um jólum hvarf hon heðan brott. Hana tók jötunn sá er Geitir heitir; á hann þar byggð, er þú þóttist koma; þat heitir Geitishamarr, enn þat fjall heitir Geitissúlur. At þeim manni verðr mörgum mein; meidir hann bæði mennu ok fé, enn sjá meinvættir er mest á öllu Hjaltlandi. Hefi ek þat mælt, at þeim manni munda ek hana gefa, ef nökkurr væri svá frækinn, at

henni næði á burt“. Þorvaldr kvaðst það ólíklegt þykkja, at hon mundi þaðan nást. Jarl svarar: „Eigi munda ek hana með þeim hætti á burt hafa látit, ef ek hefða ráðit“. Sýnist mér þú skyldr til að leggja þik í nökkura hættu, er þú hefir fyrstr til orðit eftir at spyrja“. Þá svarar Þorvaldr: „Ek vilda aldri eftir hafá spurt“, — ok snýr þegar á brott ok til sætis síns. Eftir náttverð fara menn til rekkna. Ok er Þorvaldr finnr, at menn eru sofnaðir, þá riss hann upp ok tekr spjót sitt í hönd sér. Hann gengr með söndum nökkurum ok stefndi til norðrs, mjök hina sömu leið, sem honum hafði sýnzt í svefninum. Þar til gengr hann, er fles ganga ok gjögrar ok þang stórt; þá varð fyrir honum malargrýti. Gengr hann enn þar til, er forvaði var, ok veðr hann fyrir forvaðann. Hér kemr hann nú, sem honum hafði sýnzt í svefninum, ok gengr at helli ok inn í hellinn. Sá hann at ljós brann; öðrum megin sá hann rekkjurúm eitt, miklu meira enn hann hefði annat fyrr sét slíkt, ok hugsaði, þó at hann legðist niðr í rúmit, ok annarr maðr jafnmikill honum ok spyndist í iljar, at þó mundi ærit langt, enn Þorvaldr var þó manna mestr. Þessi rekkja var ekki at öðru minni enn at lengd. Var þessi hvila öngu tjölduð nema borða einum, enn yfir rekkjuna var breitt guðvefjar pelli. Bedirnir váru stórir, svá at mikit var upp ór

hvilunni. Yfir hvilunni sá hann hanga eitt sverð mikit; hann tók þat ofan ok fylgdi steinafall mikit; sverðit var búit vel at umgerð; járn-hjölt vóru at; ekki var þat búit meir. Hann brá sverðinu ok var þat grænt at lit, enn brúnt með eggjunum; hvergi var ryðflekkr á sverðinu; eigi hafði hann sét vápn jafneigulegt. Hann sá öðrum megin í hellinum varnings hlada; alls kyns islenzk vara ok léreft ok margskonar varning sá hann þar liggja, er nöfnum tjáði at nefna, ok svá hin beztu föng kostar ok nóglegs drykkjar. Þar váru allskyns gæði, þau er betra var at hafa enn missa. Hann sá járn-súlu eina í miðjum hellinum, ok þar konu við bundna, með þvilikum hætti, sem bonum sýndist í svefninum. Hon sat í rauðum kyrtli, enn svá fögr sem honum sýndist hon í svefninum, þá sýndist hon honum nú miklu fegri. Hann gekk at henni ok heilsar hon honum. Hann tók því vel ok spurði, hver hon væri. Enn hon sagði til, ok kvaðst Droplaug heita ok vera dóttir Björgólfs jarls. Hon bað hann fátt við sik mæla — „er þér nauðsynlegra at leita þér lífs, því at þú ert verr kominn, enn þú hyggur. Hér ræðr fyrir troll svá mikit, at honum finst eigi annarr líkr; er ek miklu fastlegar komin, enn þú megir mér á burt koma“. Hann segir hana með sér fara mundu. Hon segir, at hann megi þat ekki, — „því at hann er miklu meira troll enn

menskir menu megi rönd við reisa. Mun hann heim koma brátt; því at hann ferr at föngum í nótt, enn bindr mik við súluna meðan hann er í burt; enn um daga er hann í rekkju sinni ok leikr þá at mér, kastar mér hönd af hendi ok hendir mik, enn þá er hann vill sofa, fær hann mér til leikna gull ok gersemar. Hann fær mér ok öngva þá fæðu, at ek megi eigi vel neyta, ok engu hótí þykist hann of vel við mik gert geta, þat er hann má“. Þorvaldr svarar: „Annathvært skulu vit bæði burt komast eða hvártki“. Hann brá þá sverðinu, ok hjó af henni járnfestina, ok beit svá vel at þegar tók í sundr. Hann leiðir hana þá út af hellinum; ekki hafði hann fé í burt nema sverð. Þau ganga nú eftir mölinni ok at forvaðanum. Hann fann at hon var dregin mjök, því at hon var örþreytt. Tekr hann hana þá upp í fang sér ok veðr fyrir forvaðann ok hafði hann nú sýnu djúpara enn í fyrra sinni, því at flætt var mjök. Hann gat litit upp fyrir sik í bergit, at skor var því líkust sem höggvin væri með berghöggi; ekki nær hann þangat. Hann sá himintungl ok var þá komit mjök at degi. Þá var hann kominn mjök á flesina; var þá seinfært mjök, ok þá heyrði hann aftr til hellisins óp mikit. Konunni brá mjök við þessi læti ok bað Þorvald láta sik ofan — „ok sagða ek þér áðr, at þú mundir ekki mega við mik kjalast;

ok leitaðu fyrir þér. Nú er hann heim kominn ok mun hann verða mér feginn; enn hann mun ekki eftir þér leita, ef hann ratar mik“. Hann svarar: „Þat skal aldri verða, því at eitt skal yfir okkr ganga, meðan ek má á þér halda“, — steypir af sér loðkápunni ok færir hana í; setr hana niðr síðan í gjögurinn ok spjótit hjá henni; enn hann snýr aftr á veginn. Hann sér þá at bar við himni höfuð jötunsins, miklu hærra enn hamarrinn. Hann bar at henni grjót svá mikit, at hon mátti ekki á burt komast. Þá tók hann sverðit ok gengr móti jötninum. Jötunninn kallar hátt ok bað hann niðr láta melluefni sitt — „ætlar þú þér mikit í fang at færast, auvirði þitt, er þú vilt taka hana frá mér, er ek hefi áðr lengi átt“. Ok í þessu stigr jötunninn upp í skoruna bjargsins, þá sem Þorvaldr hafði sétt, enn öðrum fæti á flesin ok varð hann eigi vatskorr. Ok sá hann, at til þess var þessi skor, at jötunninn vildi eigi vaða. Enn í þessu kemr Þorvaldr at, ok hleypr inn undir hann, enn jötunninn breiðir frá sér lámána ok ætlaði at taka Þorvald. Enn í því höggr Þorvaldr til hans, ok kom á mitt lærit jötunsins, ok tók af fótinn vinstra megin fyrir ofan kné ok kom sverðit í sandinn niðr. Enn jötunninn fell ok kvað við sárlega ok mælti: „Illa hefir þú mik svikit, ok meir enn ek ætlaða, at þú hefir tekit þat eitt vápn, er mér mátti grand vinna. Fór

ek af því óhræddr eftir þér, at ek hugsaði ekki, at smámenni mundi mér verða at bana. Enn nú muntu þykjast hafa mikinn sigr unnit. Muntu ætla at bera vörn þetta ok þínir ættmenn; enn þat mæli ek um, at þá verði þeim sízt gagn at, er mest liggr við“. Þorvaldr leitaði þess á, at hann skyldi ekki fleiri orð mæla þeim til óþurftar, ok höggv á hálsinn svá at af tók höfudit, ok stakk höfðinu milli þjóanna; því vann hann þat eigi fyrri, at hann fálmaði höndunum, ok fekk Þorvaldr eigi færi á honum fyrr enn hann kyrðist. Gengr hann síðan burt frá honum ok þar til er hon lá, ok fann þá at á henni var ómegin eða óvit. Hann tekr hana upp ok rann þá af henni brátt svá sem svefn. Hann gengr með hana þar til er hann kemr heim til hallar. Þá váru menn at dagdrykkju; menn höfðu saknað Þorvalds ok gáfu þeir litinn gaum at því. Ok nú gengr hann inn í höllina ok hafði Droplaugu á handlegg sér, enn sverð í annarri hendi; gekk hann fyrir jarlinn ok kvaddi hann ok kvaðst færa honum dóttur sína. Jarl var henni einkar feginn ok margir aðrir. Jarl spurði, með hverjum hætti eða atburð hann hefði henni náð. Hann sagði allan atburð, ok kvað mjök eftir drauminum gengit hafa. Jarl svarar: „Mikil er gifta þín ok gæfa, er þú hefir unnit þann óvin, er hér hefir mestr verit á váru landi; enn þó munu vér brátt sjá þetta“.

Hirðmenn sögðu, at þetta mundi ekki svá mikit tröll vera sem menn höfðu látit, — „at hann hefir einn unnit, ok man þetta lygi ein vera“. Ok eftir þetta ætlar Þorvaldr at snúa til sætis síns. Jarl kallaði þá eftir honum, ok bað hann sitja þat forsæti fyrir framan hásetit — „mun annathvært vera um hagi þína, at þú munt meiri virðingar verðr, enn ek hefi til þín gert, eða þú munt ekki langærr maðr verða. Enn þat megu allir sjá, at þú hefir oss góða fórn fært. Er þín för góð orðin, ok er oss nú jafnnýtt um sem þá er enginn varð til í þenna háska at ganga. Enn aldri mun mér efalaust, at vér njótim þessarrar konu, fyrr enn ek veit at sá fjándi er afráðinn“. Eftir þat drekka menn ok heldr í skemmra lagi; þá eru tekin ofan bord. Björgólfr jarl bað menn sína vápnast ok ganga til at sjá þessi tíðendi. Þeir fara ok Þorvaldr með þeim, ok koma þar til er sjá dólgr lá, ok sá nú allir, hversu at var unnit; gengu margir tæpt at, þeir er áðr kölluðu þetta litit þrekvirki verið hafa. Jarl lætr fella mörk ok draga saman; hann lætr hlaða bál ok láta síðan draga jötuninn út á bálið ok brenna hann at köldum kolum, ok eftir þat flytja þeir öskuna á sjá út. Síðan fara þeir til hellisins á skipunum ok flytja þaðan mikinn auð ok alt þat er fémætt var, ok flytja heim. Er þat kallat jafnan síðan Geitis

hellir eða Geitis hamrar. Ok er ekki getit, at hann sé síðan af tröllum bygðr.

6. Þá er menn kómu heim, var varningrinn tíndr, ok er þat kallat, at þar væri saman kominn mestr hluti þess varnings, er á því skipi var, er Þorvaldr hafði á verit, ok þar kendi Þorvaldr alla sína vöru. Þorvaldr ok jarl létu þat hvern mann hafa er sér kendu, enn hitt var þó miklu meira, er enginn bar kensl á, fyrir því at íslenzkr varningr var lítills verðr hjá því sem annat var, því at þat var margra manna sælur. Síðan launaði Þorvaldr þeim mönnum vel, er sitt erfíði höfðu fyrir þessu haft. Þorvaldr sitr nú í Hjaltlandi í mikilli virðingu. Þótti þat hit mesta þrekvirki, er hann hafði unnit. Jarlinn virði engan mann fyrir Þorvald fram ok þar gerðu aðrir menn eftir. Sat hann þar þau misseri hin næstu. Ok á þessu sama sumri spurðist virðing sjá til Íslands, er Þorvaldr hafði fengit á Hjaltlandi. Margir menn í Austfjörðum fögnuðu er þeir spurðu, at svá hafði atborizt, nema Ketill bróðir hans; hann lét sem hann vissi eigi. Þótti mönnum mikil gifta til Þorvalds fallit hafa, svá afskiftan sem Ketill hafði hann gert. Þorvaldr sat á Hjaltlandi framan til jóla ok þá gekk hann fyrir jarl ok kvaddi hann, ok spurði hann hvárt hann myndi nökkut til hinna fyrri jóla; hann kvaðst gerla muna. „Þá mun ek heimta þat verðkaup,

sem þú sjálfr sagðir upp, þá er ek sagða þér draum minn, at þú hétst at gefa þeim manni dóttur þína, er henni næði burt þaðan. Nú vil ek vita mitt erendi; vil ek ekki hér vera, ef mik dregr ekki til“. Jarl mælti: „Alt er mér samt í hug um þat nú ok þá, at mér lízt þú maklegastr at njóta hennar, ef nökkur nyt er í. Enn eigi sýnist mér nú jafngóðr kostr, sem þá er heðan fór; því at þessi kona er nú eigi allra færi sakir skaplyndis, enn þú sér sjálfr fyrir kosti þínum. Enn halda vil ek alt þat, sem ek hefi um mælt: enn þitt gjald mun vera, ef nökkur brestr í þar um. Er líklegt at vel verði, því at henni er allvel til þín; ok í hvert sinn, er þín er getit, þá segir hon, at enginn muni koma til jafns við þik. Enn gefa vil ek þér jarldóm til þess at synir mínir eru vel færir til við ríki at taka“. Þorvaldr kveðst eigi þat vilja — „því at mér þykkir þá bezt komit, er þér varðveitit þar til at þeir taka við, enn mér er þat eigi hent, því at ek em eigi höfðingja ættar“. Ok eftir þat var sent eftir móður Droplaugar, þeiri er Arneiðr hét. Grímr hét bróðir hennar, enn faðir hennar Helgi, danskr maðr, enn móðir þeira Hallerna. Þau systkin kómu þangat, ok er þeim sagðr þessi kaupmáli. Þeim kvaðst svo athyggjast, at eigi mundi annarr maklegri at njóta þessarrar konu enn þessi maðr, ok sögðust hér góðan þokka til mundu

leggja. Ok við þetta var Droplaug fest Þorvaldi með miklu fé. Var þá stofnuð veizla frið; skorti hvárki tilföng nóg né fjölmenni mikit ok fór veizlan allvel fram. Ok at henni liðinni gaf Þorvaldr hverjum manni góðar gjafir; fekk hann svo miklar vinsældir, at nálega báðu allir menn honum góðs ok sat hann nú þar þenna vetr til þess at váraði. Þá keypti hann skip þat er uppi stóð í Þórsá ok færir þangat til stórfé ok konu sína Droplaugu. Váru góðar þeira samfarir, því at hvárt þeira veitti öðru vel, enn við aðra menn var hon fálát ok steigrlát, enn þó var hon afbragð annarra kvenna, bæði at yfirlitum ok atgervi. Arneiðr móðir hennar átti mörg skilgetin börn; ok var hon þá ekkja, er hon átti þessa sína dóttur Droplaugu; ok á þessu vári seldi hon sonum sínum í hendr bú sitt, enn gifti dóttur sína, er Gró hét. Enn Arneiðr réð sik í skip með Þorvaldi, ok vildi fylgja dóttur sinni til Íslands; Grímr Hallernuson fór ok með þeim. Ok er þau váru búin sigldu þau í haf ok fengu góð veðr ok hagstæð; tóku Ísland snemma sumars. Þau kómu þar skipinu, er Höfn heitir í Borgarfirði, fyrir sunnan Njarðvík. Frændr Þorvalds riðu margir til skips, þegar þeir spurðu útkvámu hans, ok fögnuðu honum vel ok buðu til sín meðr sæmd með því liði, er hann vildi at færi. Enn Ketill bróðir hans kom ekki til

skips; enda sendi Þorvaldr honum engin orð. Þá var Ketill kvángaðr og átti son, er Þorkell hét, ok var kallaðr fullspakr. Hann kemr lítt við þessa sögu, enn hann kemr þó enn við síðar.

7. Hallsteinn hét maðr. Hann bjó á þeim bæ, er í Jórvík heitir. Hann var ungr maðr ok var þá nýkvongaðr. Hann var skyldr þeim mjök Njarðvíkingum. Við þenna mann var Þorvaldr ástúðugastr áðr hann fór utan. Hann reið til skips, þegar hann spurði útkvámu Þorvalds, ok bauð honum með sér at vera um vetrinn með alt sitt föruneysi. Þat þektist Þorvaldr, ok fór þangat með fjórða mann, þjónustumann hans ok þjónustumey hennar, enn aðrir skipverjar vistuðust í herað upp. Skipit var upp sett ok umbúit. Líðr vetrinn, ok sitr Þorvaldr í Jórvík með yndi miklu. Ok um várit réðu frændr hans honum, at hann skyldi kalla til við Ketil bróður sinn, at taka við goðorði sínu ok mannaforráði. Enn Þorvaldr kvaðst eigi þat mundu gera, — „því at mér mun þat lítit tjá, þó at ek geri þat, ok vinn ek þat eigi til virðingar, at deila við frændr mína“. Þat er sagt, at Þorvaldr reið heiman við nökkura menn upp í herað ok vestr yfir Lagarfljót ok upp á strönd, ok alt þar til er hann kom á þann bæ er á Vallholti *heitir*. Þetta land var lítit at húsum, enn þó fullbýlis land; þat kaupir Þorvaldr með fé. Hanu húsaði landit ok

efldi bústað þann, ok er sá bær góðr kallaðr síðan jafnan. Eftir þat tekr Arneiðr móðir hennar við búi fyrir innan stökk ok allri umsjá, er þá snúit nafni bæjarins ok kallat á Arneið-arstöðum. Sezt Þorvaldr þar í bú ok fekk hann brátt vinsældir miklar. Droplaug skifti sér ekki af ráðum; var hún ríkilát mjök; þótti mönnum mikils um hana vert. Enginn var Þorvaldr goðorðsmaðr, sem fyrr var ritat; enn þó var hann svá vinsæll, at nálega vildi svá hverr maðr sitja ok standa sem hann vildi. Frændr hans hyldust hann at mjök, enda gerði hann sér alla menn at vinum. Maðr hét Bersi ok var Özurarson; hann bjó í Fljótsdalsheraði; þat er fyrir vestan Lagarfljót, þar er heitir á Bessastöðum, við vatnsbotninn. Bersi átti tvau börn; hét sonr hans Ormsteinn, enn Þórlaug dóttir. Ormsteinn var kvángaðr, ok bjó á Viðivöllum hinum syðri; enn Þórlaug Bersadóttir var þá ung at aldri. Bersi var spekingr mikill ok kallaðr spak-Bersi, ok við hann er kendr bærinn á Bersastöðum. Við þenna mann leggr Þorvaldr heitt vinfengi, ok svá hverr við annan. Flestir fóru utan með skipinu, er út höfðu komit með Þorvaldi; því at hann sendi Björgólfi jarli skipit ok þar með mikinn íslenzkan varning. Grímr Hallernuson var eftir á Íslandi, því at hann vildi eigi utan fara. Hann keypti sér land þat er at Giljum heitir; þat er í Jök-

ulsdal neðanverðum. Hann bjó þar tvá vetr, ok þá tók Grímr Hallernuson sótt ok andaðist, ok tóku synir hans við búi ok fjárforráðum. Enn á hinum fyrstum misserum, er þau Þorvaldr ok Droplaug bjuggu á Arneiðarstöðum, þá fór hon kona eigi einsaman. Líða stundir fram í líkendum, ok þar til at hon ól barn, ok var þat sveinn. Hann var vatni ausinn ok nafn gefit ok kallaðr Helgi. Sá sveinn óx þar upp með föður sínum ok var hinn efnilegasti. Ok enn liðu stundir eigi langar, áðr þeim varð annars sonar auðit; ok var sá nefndr Grímr eftir Grími Hallernusyni. Uxu þeir nú þar upp báðir bræðr, ok var þeira tveggja vetra munr, báðir mjök efnilegir. Fjóra vetr var Arneiðr fyrir búi, áðr hún andaðist; er þar haugr hennar fyrir ofan garð ok utan. Þá tók Droplaug við öllum ráðum og varð henni þat vel í hag.

8. Gunnarr hét maðr. Hann var skyldr mjök Njarðvíkingum. Hann bað þeirar konu, er Rannveig er nefnd, ok var honum heitit konu. Býr hann þá veizlu ok býðr til mörgum mönnum. Þeim Þorvaldi ok Droplaugu var ok þangat boðit, og þeim mönnum er þau vildu, ok hétu þau ferðinni. Ok er at því kom, at þau skyldi fara, kvaddi Þorvaldr Droplaugu til ferðar með sér. Hon kvaðst hvergi fara mundu, -- „ok svá vilda ek at vit gerðim bæði“,

sagði hon. Þorvaldr spurði, hví hon væri svá hverflynd — „þar sem þú hétst sem ek“. Hon svarar: „Ekki ferr ek at því, ok biðr ek, at þú farir hvergi, því at mér segir svá hugr um, at oss verði lítil sæmd at boði þessu; ok ráðin em ek at fara alls hvergi; enn þú munt ráða þínum ferðum, þó at ek beiða annars um“. Þorvaldr svarar: „Eigi nenni ek at sýna svá mikla ómerki við frændr mína, þar sem vit hétum bæði; enn ek mundi hvergi fara, ef ek hefða eigi svá fastlega heitit“. Býr hann nú ferð sína. Enn hon varð hrygg mjök við þat. Þorvaldr ferr nú við hinn IX mann á einum teinæringi; hann var vápnaðr vel. Hon bað at hann mundi eftirláta sverðit, því at mér segir þungt hugr um þína ferð — „eigi fyrir því, einskis þykki mér vert sverðit hjá þér“. Þorvaldr sagði lítit mark at um hugboð manna — „ok hefir þú ekki þann veg látit fyrr, enn ekki er mér svá mikil elska á sverðinu, at ek megi eigi vel af því sjá“. Fer Þorvaldr nú til skips ok hon með honum, ok þykkir henni allmiklit at skiljast við hann, ok gengr hon heim enn Þorvaldr siglir út eftir vatniu útsynnings veðr; styrmdi svá mjök, at Þorvaldr týndist í þess-arri ferð, ok þeir allir, er með honum váru; enn þessi tíðendi spurðust brátt um heraðit ok þóttu mörgum mikil. Enn boðit fór vel fram alt at einu, er Gunnarr kvángaðist. Þau gerðu

bú út í heraði á þeim bæ, er á Bóndastöðum heitir ok bjuggu þar lengi. Ok þegar hin fyrstu misseri áttu þau barn; þat var dóttir, ok hét Þórdís; hon var efnileg ok vel ment. Enn á öðrum misserum áttu þau barn annat; þat var sveinn ok var nefndr Þorkell. Þessi börn þóttu bæði efnileg ok uxu þar upp. Þessi vóru elzt börn þeira; mörg áttu þau önnur börn ok koma þau eigi við þessa sögu. Þessi börn, áttu sér viðnefni ok var hann kallaðr Þorkell trani, enn hon Þórdís brestingr.

9. Svá er sagt, at Droplaug kunni illa falli Þorvalds ok annaðist mjök sjálf um fjárvarðveizlu. Enn er Bersi spurði þessi tíðindi, þá gerði hann heimanför sína út á Arneidarstaði; enn Droplaug tók við honum forkunnar vel, sem hon var vön. Bersi mælti: „Þat er sem þú veizt, at vinskapr mikill var með okkr Þorvaldi, svá at hvárr unni öðrum. Vil ek nú bjóðast til fjárforræðis með þér; þar með býð ek Helga syni þínum til fóstrs, ok því heit ek þér með, at kenna honum slíkt mannvit sem ek kann. Droplaug kvaðst eigi nenna at drepa hendi við sæmd sveinanna — „enn þó er mér nú at þeim mest yndi allra manna“. Þá var Helgi sex vetra gamall, enn Grímr fjöggra vetra; hvárrtveggi þeira var snemma roskinn. Þá svarar Helgi: „Svá ann ek mikit Grími bróður mínum, at ek má eigi við hann skilja; munu

vit annathvært vera heima báðir eða fara burt báðir“. Bersi svarar: „Gott þykki mér þat at vita, at ástúðlegt sé með ykkur; vil ek, at þit séuð þeim stundum með mér, er ykkur þykkir þat betra; ann ek ykkur þess jafnvel báðum“. Helgi segir, at þeir mundu ýmist vera með honum eða heima til yndis við móður sína. Nú fara þeir upp með Bersa, ok er hann ástsamlegur til þeira bræðra, enn lagði þó meira stund á að kenna Helga íþróttir. Þeir váru þar löngum, meðan þeir váru ungir, enn því lengr heimasem þeir váru eldri. Sinn veg var hvárr þeira bræðra yfirlits. Grímr var hvítr ok hrokkinhárr, ok at öllu sjálegr; enn Helgi var mikill maðr vexti, ljósjarpr á hárr ok rauðlitaðr, breiðleitr ok hinn kurteisasti, enn þat þótti helzt at yfirlitum Helga, at hann var munnljótr.

10. Þess er getit eitt sumar, at skip kom af hafi í Reyðarfjörð. Kona ein réð fyrir skipinu, sú er Gró hét; hon var systir Droplaugar, mjök rík at fé. Fór hon af því út hingat, at bóndi hennar hafði andazt, ok þá seldi hon lendur sínar ok keypti skip ok ætlaði at finna móður sína. Droplaug riðr til skips, ok býðr systur sinni til sín ok þat þiggr hon. Ok þenna vetr, er Gró var þar, váru sveinarnir Helgi ok Grímr heima ok var Gró vel til þeira. Ástúðigt var með þessum frændum; fundu menn þat,

at hvárri þeira systra var yndi at annarri. Enn um várit spurði Gró Droplaugu, hvar hon sæi henni bústað. Hon svarar: „Veit ek þá menn, er sitja á góðum bústað með mikit lið enn fjárkost lítinn; þykki mér líklegt, at þeim muni falt land. Sá bær heitir á Eyvindará — þat er fyrir austan Lagarfljót — ok er eitthvert bjargmest land í heraði ok þokkaland allmikit“. Svá fór þat til, at þær systur keyptu þessa jörð. Ok setr Gró þar bú saman, ok fekk Droplaug henni málnytu og aðra þá hluti, er hon þyrfti at hafa til búsin. Gró lætr höggva upp skip sitt ok flytja heim viðinn ok leggja í hús, ok þeir viðir eru þar enn í húsum. Gró sýndi brátt af sér mikla risnu ok tók mikla vinsæld. Hon var kvenna minst, enn afbragðlega sjáleg; greip í skapi ok skörungr mikill ok forvitra. Hon hafði eigi lengi búit, áðr hon ól þann grip með fé sínu, er henni þótti betri enn önnur eiga sín jafnmikil; þat var hestr, er hon kallaði Inni-Krák, því at hann var inni hvern vetr; hann var svartr at lit; lét hon hann gelda snemma. Svá mikill fégróðr hljóp at Gró at Eyvindará, at nálega þóttu tvau höfuð á hverju kvikindi. Menn fóru ór ýmsum heruðum ok báðu Gró, ok hnekti hon öllum frá, ok kvaðst svá mist hafa bónda síns, at hon ætlaði öngvan mann at eiga síðan. Synir Droplaugar váru lengi með Gró, ok var þat mál manna, at þeir

ætti góðs í milli at ganga, at vera á þeim III bæjum, er beztir váru í heraðinu; ok var þeim þar allstaðar ástsamlega veitt. Þat bar til einn dag, at drepit var á dyr á Bersastöðum, ok Bersi bóndi fagnaði þeim sem komnir váru. Var þar Ásbjörn bóndi vestan af Aðalbóli ok Helgi son hans, ok fóru bónorðsför ok báðu Þorlaugar Bersadóttur til handa Helga Ásbjarnarsonar. Bersi hyggr at ok lízt svá, at eigi muni víst, at æðri maðr veldist til við hann til mægðar, þó at hon væri góðr kostr; því at Helgi var hinn vinsælasti maðr. Var þessu ráðit; leggr Ásbjörn til mannaforráðit alt ok fé svá mikit, sem Bersi beiddi. Var Helgi hinn sæmilegasti maðr. Eftir þat var at veizlu snúit ok víða mönnum til boðit um heraðit. Droplaugar synir váru eigi heima, ok váru út á Arneidarstöðum. Bersi sendi þeim orð, at þeir skyldi koma til veizlunnar; enn þeim fanst fátt um ok létu sem þeir vissi eigi; fóru þeir ok hvergi ok sátu heima. Enn veizlan fór vel fram alt at einu. Ok upp frá því váru Droplaugar synir aldri langvistum á Bersastöðum, ok þat hafa margir fyrir satt, at Helga Droplaugarsyni væri eftirsjá at um gjaforð þessarrar konu. Eftir þetta setr Helgi Ásbjarnarson bú á Oddstöðum, ok var vel um samfarir þeira. Tók Helgi Ásbjarnarson nú vinsældir miklar ok alt mannaforráð at helmingi við Hrafinkel frænda

sinn fyrir austan vatn. Þegar hin fyrstu misseri er þau váru ásamt varð þeim barns auðit. Þat var mæð ok kölluð Ragnheiðr. Helgi sat á Oddsstöðum tvá vetr, ok unnust þau mikit ok vel; ok á hinum þriðja vetrinum beiddist hon at fara á kynnisleit upp á Bersastaði at finna föður sinn. Hon lét eftir meyna ok vandi af brjósti. Hon var uppi þar viku; ok þá þótti Helga mál at hon færi heim ok sendir eftir henni þræla tvá ok uxa. Þeir váru þar um nótt. Þá fell lognsnær um nóttina. Um morgininn fara þau heimleiðis. Þá var Helgi farinn ofan á drang þann er fram gengr af Oddsstaðahöfða. Sá hann þá, at þeir óku sunnan eftir ísinum ok í vök eina, ok druknuðu þau þar öll; þar heitir nú Þrælavík. Helgi sá upp á misfarar þeira ok þótti allmikit. Helgi gekk heim ok sagði tíðindin, ok þóttu mörgum mikil. Spurdust þessi tíðindi um alt heraðit. Ok er Bersi spurði þetta, þá bauð hann heim meynni Ragnheiði, ok fekk henni þar fóstr með sér; ætlaði hann þá, at Helgi mundi skjótara af hyggja, enn þat varð þó ekki. Enn hann sat þá enn tvá vetr at Oddsstöðum, ok þá eggjuðu menn hann at hann kvángaðist. Hann fór heim an ok norðr Smjörvatnsheiði til Vápnafjarðar ok kómu til Hofis; þar bjó sá maðr, er Bjarni hét ok var brodd-Helgason, hinn mesti skörungr ok höfðingi mikill. Hann átti sér systur, er

Þórdís hét. Hon var frið kona ok vel ment; viðrnefni átti hon sér ok var kölluð Þórdís todda; því var hon svá kölluð, at hon gaf aldri minna enn stóra todda, þá er hon skyldi fá-tækum gefa, svá var hon örlát. Hon var skapstór ok skörungur mikill, skafinn drengur ok líkleg til góðs forgangs, enn þó var hon lítills virð heima; þessarrar konu bað Helgi Ásbjarnarson sér til handa. Bjarni gaf konuna; er þá boð stofnat ok sitja menn þar at veizlu, ok er boðinu var lokit, riðr Helgi heim með konu sína Þórdísi. Tók hon þar við búi ok öllum forgangi; kölluðu margir, at þess væri vel fengit, sem síðan bar raun á, at hon var forvitra. Litlu síðar enn hann var kvángaðr, var honum kent barn. Þat hafði hann smíðat með an hann var kvánlauss. Þat var mæri ok hét Rannveig. Matselja sú var móðirin, er Helgi hafði sett fyrir bú sitt. Þórdís tók við þessarrar mey ok gerði svá til sem hon ætti; fæddist mærin þar ok var at öngu óásjálegri enn sú er skilgetin var; enn Þórdís lét þá konu þegar á burt ok fekk henni góða penninga. Á þetta lagðist mikil virðing, hversu vel Þórdísi fór þat sem mart annat. Ok er þau höfðu einn vetr ásamt verit, þá bað hon Helga selja land þetta, því at hon þóttist eigi halda mega risnu sinni fyrir atkvæmdar sakir — „ok vilda ek, at þú keyptir landit í Mjóvanesi, því at

mér sýnist þá eigi jafnmjök í garðshliði“. Þetta land kaupir Helgi ok ferr bygðum til, ok býr þar lengi síðan, þangat til at hann þóttist þar eigi mega sitja fyrir þeim tíðindum, er síðan gerðust.

11. Þórir hét maðr, er bjó í Mýnesi fyrir austan Lagarfjót. Sá bær stendr mjök í miðju heraði. Þar er einn bær í milli ok Eyvindar-ár, er Gró bjó, er heitir á Finnsstöðum. Þórir var hægr maðr ok vinsæll. Hann var þá kvánlauss ok hafði svá lengi verit; hafði hann sett ýmsar matseljur fyrir bú sitt. Þorgrímur er nefndr leysingi einn; hann átti viðnefni ok var kallaðr tordýfill; hann hafði unnit sik burt ór þrældómi ok var áðr þræll fastr á fótum. Hann var heimamaðr Mýness-Þóris ok skyldr honum mjök. Þorgrímur var lítill maðr vexti ok kviklegr, orðmargr ok illorðr, heimskr ok illgjarn, ok ef hann heyrði nökkurn mann vel látinn, þæstist hann í móti ok mátti eigi heyra; varð hann þeim öllum nökkura flýtu at fá. Sá var síðr víða í fyrndinni, at lítt váru baðstofur, ok höfðu menn þá bakstrelða stóra; var þá víða gott til eldibranda, því at öll heruð váru full af skógum. Þá var ok svá húsaskipan, at hvert hús stóð af enda annars, enn öngvar stofur; þá var alt eitt, skáli sá er menn sátu í at mat, ok þar sváfu menn, ok stigu menn undir borð hvern ór sínu rúmi. Enn innar af skál-

anum váru lokhvilur, ok lágu þar í vildararmenn. Þat var eitt kveld um haust, er menn kómu heim frá heyverki ok eru gervir eldar stórir, ok kasta verkmenn klæðum ok bakast við eldana. Þórir lá upp frá eldinum á klæðin ok talaði við gesti sína. Þá tók Þorgrímr til orða ok mælti: „Oft mun at því koma, at vér megum vel við una, at vér höfum oss betr fengið húsbóndans enn flestir aðrir; munu vér ok þess mega vilnast, at hvergi mun slíkt atganga sem hér í Mýnesi. Eðr hvar viti þér húsfreyju þá er yðr þykki honum fullkosta, ok jafnvel hafi haldit risnu eftir sinn bónda, sem hann eftir sína húsfreyju?“ Allir þögðu ok svöruðu öngu. Þá svarar Þorgrímr sér sjálfr: „Allgott er þat at vita, at ek vinn yðr orðlausu, ok veldr þat því, at þit kunnið öngu at svara.“ Sá húskarl svarar honum, er sat öðrum megin elds ok nauta var vanr at gæta. Hann mælti við Þorgrím: „Oft er þat um hagi þína, at þú rausar þat mart, er eigi kemr til þín: veit ek þá konu, er þat munu allir mæla, at hon muni skörungr vera með konum, sem Þórir með körlum, ok eigi minni rausn haldit eftir sinn bónda enn Þórir eftir sína húsfreyju, ok má ek segja hvar hon sitr. Farðu heiman vestr yfir Lagarfljót ok upp á Arneiðarstaði; þar býr sú kona, er Droplaug heitir, hana vitu vér bezt hafa setit eftir sinn bónda. Mun víðara mega

tiltaka; því at enginn mun hennar maki finnast á váru landi“, sagði húskarl, „ok þótt viðara sé“. Þorgrímur svarar: „Þat mun bezt at þegja nú ok taka fyrir belgjarmunnann; enn jafnan em ek málugr kallaðr, ok er vel, at þat komi at í kveld, at ek svari því, sem til liggr. Þá mættir þú þat mæla, at hon hafi vel unnat þeim bóndanum, er hon átti ok bezt hefir mentr verit í heraðinu, ef hon hefði eigi lagt Svart þræl sinn í rekkju hjá sér; ok þat er nú eigi færra manna orðrómr, at Helgi Droplaugarson muni vera son Svarts þræls enn Þorvalds“. Húskarl svarar: „Mikit telst þér á tungu, ok þat er öðrum þykir ómælanda; er þat líklegast, at þér taki um alt bak um síðir þat er þú lýgr“. Þórir heyrir til tals þeira ok tekr til orðs í því er hann sprettr upp — hann hafði sprota í hendi ok rekr um eyru Þorgrími ok bað hann þegja ok mæla eigi fleiri orð — „er þat líkara, at þér vefist tunga um höfuð. Enn bið ek alla þá, sem hér eru við staddir, ef þeir þykkjast nökkut mér eiga betr at launa enn Þorgrími, geri svá vel, at enginn reiði þessi orð“. Margir hétu góðu um þetta, at svá skyldi vera, sem hann beiddi; enn þó bar hinn veg raun á, at enn váru eigi allir svá þagmælskir, at þegði yfir með, ok kemr oft at því, sem mælt er, at ferr orð er um munn liðr. Þessi orð kómu upp á Arneiðarstaði til eyrna Droplaugar

ok sonum hennar. Þeir voru þá eigi heima um daginn, er Droplaug spurði þetta; því at þeir höfðu þat jafnan til skemtanar, at fara at rjúpum ok báru heim byrðum. Þeir hentu at þessu mikit gaman, ok veiddu þeir ekki þann veg rjúpur sem aðrir menn; ekki höfðu þeir net, enn skutu með snærisspjótum. Þeir báru heim þetta kveld veiði ok færðu móður sinni sem þeir váru vanir. Hon var jafnan vön at taka vel við þeim, enn þó var nú venjubrigði. Hon var nú mjök hálfær, ok mælti fátt nema af stygð, þat er var; kvaðst aldri hirða, hvárt þeir bæri heim krækilfætr nökkurar — „man ek aldri búa at síðr, þó at þit farit ekki at sliku“. Helgi svarar: „Ekki mein er þér at þessu, móðir, því at þetta verðr okkr fyrir, ok má þetta vel gera til matar mönnum; verðr oss vandlifat; illa þykir, ef vér höfumst ekki at, eða höfum ólæti, ok er eigi víst, at vit getum svá gert at öllum líki vel“. Droplaug svarar: „Má ok vera við þessa iðn, er þú hefir, at Þorgrími tordýfli þykki þú meir segjast í ætt Svarts þræls, heldr enn í ætt Þorvalds Þiðrandasonar, eða annarra Njarðvíkinga, eða enn annarra þeirra, er mér þykkja flestir íslenzkir lítills virðir hjá þeim“. Helgi svarar: „Er svá, móðir, at ruglat er skapi þínu; enn hafðu ráð mitt at því, þó at þér þykki sem er, at ek em ungr. Skipaðu aldri skap þitt eftir hins

versta manns orðum; legg aldri trúnað þinn á slíkt, er enginn mun annarra. Mun Þorgrími tordýfli jafnan heima þat er ilt er, enn þik mun þetta saka ekki. Nú mun ek, móðir, hugga þik í fám orðum, at annathvært mun vera, at mér mun ætlaðr aldr litill, eða Fljótsdælir munu sjálfir segja, at ek em son Þorvalds Þiðrandasonar — margir skulu minni til þess reka —, enn eigi sonr Svarts þræls; biðr ek, at þú gerir þér eigi angr at slíku; því at svá mun ek gera“. Þá var Helgi Droplaugarson tólf vetra gamall, ok svá vel þroskaðr, at margir váru þeir fulltíða at aldri, at bæði hafði Helgi við þeim afl ok þroska. Grímr var tíu vetra ok allvel mentr. Með þeim bræðrum var svá ástúðigt, at hvárgi vildi ganga ór húsi út, svá at annarr væri eftir. Hon snýr í burt af tali þessu ok inn. Þeir váru þar um vetrinn lengi áfram, ok var Droplaug aldri jafnblið við þá sem áðr, ok gáfu þeir at því öngvan gaum; fóru fram sínu athæfi sem þeir váru vanir. Líðr af skammdegit. Þat var eina nótt, at tekit var á fótum Grími; þá var nýlýsi mikit. Hann spurði, hverr þar væri. Helgi svarar: „Láttu hljótt. Má ek aldri sofna. Vil ek at þú risir upp, því at nú er svá ljóst, sem um dag; vil ek at þú farir með mér“. „Hvat munu vit nú at rjúpum fara um nætr?“ Helgi svarar: „Förum vit austr yfir vatn ok ofan til Eyvindarár,

at hitta Gró frændkonu okkra, því at mér leiðist fálæti móður minnar“. Grímr sprettr upp ok klædist ok ganga út síðan. Þeir váru svá búnir hversdaglega, at þeir váru í söluvaðmálukuflum mórendum; þar brækr at neðan; feldi höfðu þeir til yfirhafnar. Snærisspjót höfðu þeir í höndum, enn hvárrgi hafði afl at bera sverðit, svá var þat mikit. Þeir sneru ofan af velli á Arneiðarstöðum ok ofan á vatnsís. Þá mælti Grímr: „Hví snýr þú á ísana; ekki er þar ván rjúpna; snúum upp í heiði“. Helgi svaraði: „Ekki ætla ek þann veg at fara, því at þar er svá stigt, at hvern dag er at farit; vil ek fara ís ofan til Vallaness, ok ofan á Völlu, yfir Grímsá, svá ofan til Eyvindarár. Þeir fóru þá leið, því at Helgi varð at ráða hvert sinn. Enn er þeir koma neðan í Vallanes, þá lýsti af degi. Síðan fara þeir út eftir skógum ok skortir eigi fugl at veiða ok veiddu þeir mart; þeir kómu út til Eyvindarár, er alljóst var, ok tekr Gró við þeim allvel ok varð þeim einkar fegin ok bað þá þar lengi at vera. Helgi játaði því. Eru þeir þar þennan dag. Aðra nótt, fyrir dag, er Helgi á fótum ok vekr upp Grím bróður sinn; kvað vera veðr gott at fara at rjúpum. Þeir ráðast til ferðar ok ganga upp ór garði ok upp hjá gerði því er heitir at Uppsölum, ok er þeir koma þar, þá snýr Helgi ofan á mýrarr fyrir neðan skóga ok út eftir her-

aði. Grímr spurði, hví hann færi svá, — „veit ek, at eigi er fuglsins ván á svell eða mýrar, heldr er hans ván um skóga eða heiðar“. „Komit mun þar verða; þó mun ek fara út eftir brúnum fyrir ofan Finnsstaði og fyrir utan Mýnes ok út til Snæholtsskóga. Nú munum vit snúa upp til Tókastaða, ok svá utan með fjalli, ok heim til dögurðar til Eyvindarár. Hrim var fallit á ísana ok var vindlítit, ágætlega gott at ganga. Ok er þeir fara út eftir brúnum fyrir ofan Finnsstaði, þá lýsti af degi. Þeir sá út frá Mýnesi, hvar einn stakkgarðr stóð fram í vatnit Lagarfjót. Þennan stakkgarð átti Mýness-Þórir. Ok nú sjá þeir, at hestr stóð undir garðinum ok þar með tveir menn, ok gerði annarr hlass, enn annarr bar út heyit. Helgi mælti: „Menn eru þar niðri í nesinu, ok er eigi ólíkt! Þorgrími tordýfli þat er á hlassinu er“. „Hvat mun þik varða, hvárt hann er eða annarr maðr“. Helgi svarar: „Mér er sagt, at hann hafi mælt við mik illmæli ok móður mína“. Grímr mælti: „Hvat sagðir þú við móður þína á hausti, at hon skyldi eigi skifta skap sitt eftir hins versta manns orðum; láttu nú eigi þat á þik falla“. Helgi svarar: „Kom, ok verð ek at finna hann; vil ek vita, hvort nökkut er einörð í honum, enn ekki mun ek gera honum til meins“.

12. Nú fara þeir ofan eftir svellunum. Auð-

kennd var ferð þeira Droplaugarsona bræðra, er þeir fóru úti. Hvárrgi vildi ganga í spor öðrum ok gengu þeir jafnfram, ok af því kendist för þeira, þó at langt sæi til. Inn við garðinn, á hlassinu, var Þorgrímr tordýfill, sem þeir höfðu sét, enn nautamaðrinn var í garðinum uppi, sá er orðaskifti átti við hann. Þorgrímr mælti þá við hann: „Menn fara þar ofan eftir brúnunum fyrir ofan Finnsstaði. Þeir fara frálega; þykki mér líkt þeim Droplaugarsonum ofan af Arneidarstöðum“. Húskarl svarar: „Hvat mun okkr varða, hvat þeir fara; eru þeir vaskir sveinar ok meinlausir, ok er öngum mein at ferðum þeira“. „Aldri veit ek þat“, sagði Þorgrímr, „get ek at þeir vili mik finna“. „Hví mun þat sæta“, sagði húskarl, „eða hvat munu þeir vilja?“ Þorgrímr mælti: „Manstu eigi hvat vit töluðum á hausti vit eldinn?“ Húskarl svarar: „Hvat mun nú undir því? Hugða ek at þat mundi óviða farit hafa“. „Ekki skaltu þat ætla“, sagði Þorgrímr, „veit ek, at þau orð eru komin upp á Arneidarstaði til eyrna Droplaugar ok sonum hennar. Er mér sagt, at þau hafi beisk við orðit, ok hafi hon eggjat Helga á hendr mér; get ek at hann muni nú ætla at reka þess réttar. ok þat get ek, at ek biða þess eigi ór stað þessa vanréttis, ok mun ek beita hestinn frá hlassinu ok ríða heim í Mýnes, ok em ek þá hirðr, enn ek sé glögt, at þessir menn

snúa hingat“. „Ekki munda ek þat gera“, segir húskafl, „taktu heldr tindlur ór sleðanum, ok hafðu upp í garðinn, ok brjófum kleggjann undir færtr okkr; eru þeir ungrir báðir, ok munu þeir ekki geta at gert við okkr, ef vit neytumst duganda“. Þorgrímr svarar: „Ekki get ek hætta mega undir fjánder þessa, því svá at eins lízt mér á þessa menn, at þeim muni duga vel hendr ok hjarta, ok munu þeir geta sóttá okkr með skotum, því at þeir hafa alt þat er þeir skjóta til, bæði menn og fugla“ — tekr nú hestinn ok hleypr á bak; hann hefir vönd í hendi ok berr á tvær hliðar. Húskafl mælti: „Illa er slíkum mönnum farit sem þú ert, mælir rán ok regin við hvern mann, enn þorir öngu í gegn at ganga, ef eftir er leitá; ætla ek þat sannast, at þú sér bæði dáðlaus ok deighugaðr. Hér mun ek bíða ok víta, hvat þeir vilja“. Þorgrímr hrökkr hestinn ok hleypir þvers upp ór nesinu. Hann víkr hestinum suðr til móts við þá, bregðr upp hendinni ok veifir; hann setr þá upp óp mikít ok þóttist spotta þá. Helgi sér þetta ok þótti illa; steypir hann af sér feldinum ok hleypr til móts við Þorgrím torðýfil. Ok þegar hann þóttist í skotfæri við hann, skaut hann til hans spjóti. Þat leitar sér staðar ok flýgr undir hönd Þorgrími ok kemr út undir annarri; fellr hann þegar dauðr til jarðar. Þá tók Helgi hestinn ok leiðir þangat til; lætr Þor-

grím á bak, Grímr styðr hann, enn Helgi leiðir hestinn ofan til stakkgarðsins; þeir heilsa húskarli vel; hann tekur því glaðlega. Helgi mælti: „Nú höfum vér drepit hér mann frá verki með þér, ok er nú verkit óunnit, ok munu vit taka við at vinna með þér“. Enn hann svarar: „Einkis þarf ek með. Tel ek eigi mér þetta harmsök; því at ek get, at þat tali flestir menn, at honum mundi þessa fyrir löngu ván. Mun ek ekki vinna at ákafara, þó at þetta hafi í orðit; farið þit heim þann veg, sem ykkur gegnir bezt“. Helgi mælti: „Þorgrímr vill vera í ferð með þér heim, því at hann þykkist eigi einfærr“. Hann tekur reip ór sledanum og bindr hann á bak fram við silann. Tordýfill sitr nú heldr gneipr á baki. Þeir fara nú bræðr heim til Eyvindarár; enn húskarl gerir hlassit ok vinnr slíkt, er hann vill. Enn síðan fór hann heim, ekr hlassinu at vindauganu ok berr inn, ok eftir þat gefr hann hestinum ok brynnir, enn Þorgrímr sitr á bak á meðan. Ok er húskarl hefir dvalit daginn, sem hann vill, þá gengr hann inn, er hann hefir mokat fjós ok drepit á völlum, enn Þorgrímr sat á baki einart meðan. Þórir bóndi var þá undir borð kominn ok var þá nær hádegi. Hann segir þá Þóri tíðindin. Þórir spurði hví hann hefði svá lengi dvalit. Hann segir, at hann ætti mikit at gera, — „enn mér þótti lítills um vert, þó

at skítfluglinn væri drepinn“. Þórir sprettr þá undan borðum ok kveðr tvá menn til farar með sér ok lætr söðla hesta. Droplaugarsynir kómu heim til Eyvindarár ok sögðu Gró þessi tíðindi. Gró kvað þat vel orðit — „enn þó þykki mér þú frændi snemma taka til manndrápanna“. Þetta vig kalla menn Helga fyrst hafa vegit. Gró bað þá skamma stund dveljast — „þit skuluð riða nú heim á Arneiðarstaði“ — þeir stíga þá á bak Inni-Krák — „því at ek get, at Þórir komi hér í dag at vitja ykkar; munu vit semja mál með okkr, enn þit farið nú vel“. Þeir koma heim á Arneiðarstaði, ok er móðir þeira þá í kátara lagi; hon heilsar þeim vel ok spurði tíðinda. Þeir segja alls engin. „Hvat er í veiðum. síðan þit fóruð heiman?“ Helgi svarar: „Smátt er í veiðum móðir, veidda ek tordýfil einn“. Hon svarar: „Þat er lítill veiðr, því at þat er lítill fugl, enn njóttu heill handa; því at þann einn muntu veitt hafa, at mér mun mikil aufúsa á vera“. Enn miklu var hon nú fleiri til sveinanna enn áðr. Þórir ríðr nú heiman með félaga sína ok kemr til Eyvindarár ok drepr þar á dyrr ok bað Gró til hurðar ganga. Hon gerir svá ok heilsar þeim vel. Þórir tekr því heldr seint ok spurði at Droplaugarsonum. Hon segir þá eigi þar vera — „enn þó er sem þeir sé hér. Þat sem til tíðinda hefir orðið í ferð þeira, þá vil ek

taka máli fyrir þá. Gerðu fé svá mikit sem þú vilt, enn ek mun bæta, því at oss þykkir lít-ils vert um eins þræls dráp, heldr enn þat fari í manna munna. Enn vit höfum átt vinskap saman góðan, síðan ek kom hingat til lands. Ætla ek, at enn skyldi svá vera. Er þetta eigi stærra mál enn svá, at vit megum þetta vel semja“. Þórir segir þat vel meg a, — „því at marga hluti hefir þú vel til mín gert, ok ráð sjálfir fyrir þessum bótum“. Gróa gekk þá inn ok kom út með svá mikit fé, sem vant er að bæta þræla. Hon gaf Þóri fingrgull ok bað sveinun-um virkta. Þótti henni sér veittr vinskapr, ef hann héldi sátt við sveinana. Þórir kvað svá vera skyldu sem hon beiddi. Reið hann heim við svá búit.

13. Maðr er nefndr Nollarr. Hann bjó á þeim bæ, er heitir á Nollarsstöðum; þat er hit næsta Arneiðarstöðum. Nollarr átti fé litit, enn mikla ómegð, ok hafði þat mest til atvinnu er hann leigði. Hann var verkmaðr mikill, svartr maðr, manna mestr, kvittinn var hann, illorðr ok óvinsæll, ok í öllu var hann óþokkamaðr. Hann var bróðir Þorgríms tordýfils. Í öngu var Nollarr vinsæll. Hann spurði tíðindi þessi, er gerzt höfðu í heraðinu; hann gerði för sína, ok ferr um nótt til Mjóvaness ok finnr Helga Ásbjarnarson ok biðr hann taka við málinu. Helgi svarar því óbrátt, kvað ekki mart milli þeira Droplaugarsona, sagðist ekki hirða at þeim

yrði slíkt til -- „þykki mér, sem Þórir eigi málit. Mun hann gera þér nökkurn sóma, enn þú ert nábuí þeira bræðra ok munu þeir vera þér ásjámennt“. Nollarr svarar: „Því fór ek á þeira fund, at þú ert várr höfðingi; þykki mér þú skyldastr til að losa vandræði manna í heraðinu, þó at eigi falli jafnstórt til sem nú er orðit; enn ella er ekki skot til þín“. Helgi mælti: „Farðu á burt, ok vil ek ekki veita þína bæn, því at mér þykkir menn vel til valdir, þó at þit séuð bræðr, at þungt fáí af“. Nollarr ferr á burt, ok þykkir sín för ill orðin, ok segir Helga því oft lítinn hlut mundu hafa fyrir Droplaugarsonum — „ef þeim skal aldri refsa sín ókygni“. Nollarr leggr á þá bræðr mikinn óþokka; þeir létu sem þeir vissi þat eigi. Þorbjörn hét maðr; hann bjó á Skeggjastöðum; þat er út hit næsta Nollarsstöðum, enn suðr frá Ási. Hann hafði verit kvángaðr, enn þá var hon önduð. Hann átti dóttur eina, er Helga hét; hon var væn ok vitr. Þorbjörn var vel fjár-eigandi, vinsæll maðr ok góðr bóndi ok þá við aldr. Bersi hinn spaki var vin Þorbjarnar ok þá oft heimboð at honum ok gjafir, enn Bersi hafði gefit Helgu marga góða gripi, ok var þat orð á, at honum þætti sjá kona betri enn aðrar, síðan hans kona var önduð. Enn á þeim miss-erum var þat mælt, at Helgi Droplaugarson legði þangat kvámur sínar til Helgu Þorbjarn-

ardóttur, ok ekki var þat kallat henni um þveran hug, sem raun bar nökkut á; því at þá er þeir bræðr höfðu tvær nætr heima verit, þá tekr Helgi Inni-Kræk ok beitti fyrir sleða; hann lætr koma húð í sleðann ok kvaddi Grím til ferðar með sér; snúa síðan ofan á ís. Þeir fara út eftir ísinum, alt fyrir Skeggjastaði, snúa til bæjar, láta þar hestinn úti í túni ok kasta heyi fyrir. Þeir bræðr ganga inn í stofu. Heilsar Helga þeim vel ok sezt Helgi niðr hjá henni; ok er þau töluðu sín á meðal, þá beiddi hann, at hon mundi fara ofan til Eyvindarár ok vera þar um vetrinn. Þessu játar hon. Ok er þau töluðu þetta sín í milli, þá kemr þar inn maðr einn; sá var í svörtum kufli. Þar var Nollarr; hann reikar utar ok innar eftir gólfinu ok lætr slúta höttinn. Enn þá er minzt er ván, hleypr hann fram ok ofan eftir vellinum, ok svá ofan at vatni. Þar stendr steinn undir bakkanum; þar kastar hann klæðum ok leggr upp á steininn. Síðan skýtr hann beinspýtum undir sik, hleypr síðan upp eftir vatni, slíkt er fara má. Um hádegis-skeið kemr hann upp á Bersastaði; hann var í kodsís' brókum. Enn svá hafði hann fljótt farit, at þat var með megni. Bersi heilsar honum vel ok spyrr, hví hann færi svá mikit. Nollarr svarar: „Því, at ærin er nauðsyn, ok ferr ek ekki síðr þinna vegna enn minna“. „Hvat er þat“, sagði Bersi. „Helgi fóstri þinn er kominn

á Skeggjastaði út, ok ætlar hann at fifla Helgu Þorbjarnardóttur út til Eyvindarár, ok leggja hana í sæng hjá sér, enn þar kemr at því sem mælt er, at betra er véltum at vera, enn öngum at trúa, því at þú hefir trúat honum sem sjálfum þér. Má þat ekki í einu orði telja, hvern sóma þú hefir honum gert, enn hann launar því sem hann hefir gnægzt til, ilsku ok undirhyggju“. Bersi brosti at ok mælti: „Hví segir þú mér þessi tíðindi, heldr enn öðrum mönnum?“ Nollarr svarar: „Því at ek ætlaða, at þér mundi helzt undir þykkja ok umhug-at; því at þat er alþýðu rómr, at þér þykki hon betri enn aðrar konur“. Bersi svarar: „Þat hefir jafnt verit mátulega í hóf stilt, ok þó at Helga væri gefin fóstura mínum, þá þætti mér þar frið kona vel gefin hraustum manni. Enn þó get ek at honum þykki sér þat oflággt fyrir mannvirðingar sakir. Enn þann einn vinskap hefi ek átt við Helgu, at hvártki hefir spilzt fyrir því; hefir ek af því gefit henni gjafir, at faðir hennar hefir gefit mér góða gripi. Nú farðu og seg öðrum þessi tíðindi þín, því eigi deyfist hugr minn við mart“. Nollarr svarar: „Satt er þat þó at segja, at útlifat hafa nú kappar Fljótsdæla, er þeir láta eitt svein-sniki taka af sér konur, þar sem þú ert svá ærr fyrir henni, at þú gáir einskis. Mun ek láta af at segja þér, þó at ek verði viss, at þú

lætr sem þú vitir eigi, þó at þér sé sneypa ger. Reynist þá skaplyndi yðart, er eigi er við þá um at eiga, er yðr þykkir dælt við; er ok því siðr dáð í yðr, er meir er á yðr leitat“. Bersi svarar: „Þat veit ek at þér mun fara sem Þorgrími bróður þínum, at þú mælir til óhelgi þér, ef þú nytir þér eigi betri manna við“. Bersi sprettr þá upp; kvaddi menn til ferðar með sér. Þeir taka hesta Bersa tvá ok leggja á söðla. Ríðr Bersi ok annarr maðr með honum, enn tveir ganga hjá; Nollarr var hinn fimti. Þeir fara út eftir ísum; færð var góð ok allkalt ok strauk mjök við. Þau Helgi og Helga sátu á tali mjök til annars litar. Þá bað Helgi at hon mundi búast, — „því at langt er út til Eyvindarár, enn ek vil eigi koma þar um nótt“. Helga litadist þá um: „Hvárt var ekki Nollarr hér í morgin á gólfi um hrið?“ Helgi mælti: „Þat ætla ek víst, at hann væri hér, ok skjótt hefir hann nú burt horfit“. „Kynlegt þykki mér, ef hann þykkist eigi viss orðinn nökkurra tíðinda; mun ek hvergi fara daglangt, því at ek get hann þangat njósnir þær borit hafa, at mér þætti vel, at hann yrði lygimaðr af“. Helgi svarar: „Gerðu sem þú vilt, enn þat segir ek þér, sem ek mun efna, at eigi ferr ek eftir þér annan dag“. Helga svarar: „Vel er, þótt þú ráðir því, enn hvergi ferr ek at sinni“. Helgi gengr þá út ok sezt í sleða, enn Grímr ferr á



bak; fara þeir nú út eftir ísum. Nú sjá þeir bræðr, at menn fara sunnan eftir vatni fyrir Nollarsstöðum; þeir kenna nú mennina. Nú tekur Nollarr til orða: „Bersi, nú máttu sjá, hvárt ek hefi nökkutlogit til; þar fara þau nú út eftir ísunum frá Skeggjastöðum; riðr Grímr fyrir, enn þau Helga sitja í sleða. Er nú svá at ek tek at þreytast; vilda ek at þú leyfðir mér at fara heim, því at ek á mart at gera; enn ek er einn til“. Bersi svarar: „Farðu hvert er þú vilt; ætla ek sjaldan at kveðja þik til ferðar með mér, ok óþökk skaltu af mér hafa fyrir þessa ferð“. Nollarr snýr nú heim til bæjar síns, enn þeir Bersi fara út eftir ísum, mikit tölt. Þeir bræðr fara út undan — fara hváirtveggju með hinu vestra landinu — unz þeir koma fyrir nes þat er gengr vestan í Lagarfljót ok heitir Medalnæs. Utan í nesinu stendr bær, er heitir á Hreiðarsstöðum. Þar er nú saudahús. Þar bjó sá maðr er Hreiðarr hét; hann var landnámsmaðr ok vinr mikill Bersa ok Droplaugarsona. Hreiðarr var hinn bezti bóndi ok hinn vænsti maðr; heldr var hann nú við aldr ok hafði þar búit langa æfi. Fyrir nesit vóru alt vakar; þar bryndi Hreiðarr nautum sínum. Ok er þeir bræðr kómu at vökinni, þá segir Helgi, at þeir mundu brynna hesti sínum. Þá var mjök hálfrokkit. Þeir gera svá. Þá mælti Helgi, at þeir mundu hlaupa upp í skóginn.



Þeir bregða knífum sínum ok kvista viðinn. Helgi bendi ok gerir sýlt í neðan; þá bindr Helgi á bak hestinum fram við silann ok niðr undir kvið; hríslu bindr hann í tagl, ok leggr upp tauma ok mælti, at hann skuli fara ofan til Eyvindarár. Hríslunni hrökkr um krika hestinum ok hleypr hann því harðara ofan eftir ísunum. Þeir bræðr hlaupa upp í skóginn. Helgi brýtr sér vökur tvær ok gerir kvistlausar; hann hefir þetta í hendi sér. Nú koma þeir Bersi at vökunum, ok er þeir koma sunnan fyrir nesit, þá taka til orða húskarlar Bersa: „Eigi veit ek, hverju sá hælir, er þessa menn segir hughvata, þar er þeir renna undan þeim manni, er þeim hefir beztr verit alla æfi. Nú ætlum vér aldri dáð í þessum mönnum“. Bersi mælti: „Þetta er mikil heimska, er þit mælið; get ek heldr, at hinn veg beri raun á, at þeir verði fám líkir um hrið. Nú vil ek, at þit farið heim á bæinn á Hreiðarsstöðum, enn ek mun ríða eftir þeim bræðrum við annan mann, því at ek væntir þess, at sá einn verði fundr várr ok þeira bræðra, at ek mun ekki mannflokka við þurfa, því at hér hafa hvárigir heiftarhug á öðrum; enn þit biðið mín hér meðan, til þess er ek kem hér á morgin. Húskarlar verða þessu fegnir, ok taka við klæðum sínum, ganga til húss ok hlæja allmjök, ok kváðust aldri því líka menn hafa sét — „er hleypa undan því

4*

meira, sem meir liðr á daginn“. Bersi hrökkvir hestinn út eftir vatninu. Húskarlar gengu at vökunum ok lögðust at niðr ok drukku, er þeim var heitt orðit við gönguna; lögðu vápnin niðr á fötin, þau er þeir höfðu um daginn. Þeir váru í stakki ok brókum. Þá mælti Helgi: „Hlaupu vit nú ofan at þeim ok tökum þá ok veitum þeim harmkvæli nökkur; þeir hafa okkr mjök gabbat“. Grímr svarar: „Aldri geri ek þat, því vit eigum engum manni betr at launa enn Bersa; hefir hann okkr metit umfram alla menn aðra“. „Svá skal vera“, segir Helgi, „hans skal at njóta, því at hann er vinr minn, enn hafa skulu þeir nú erendi ellegar, enn munum svá fyrir sjá, at þá saki ekki til lengdar. Enn vita skulu þeir, at vit eigum alls kosti við þá“. Nú varð svá at vera, sem Helgi vildi. Þeir hlaupa ofan á ísinn. Tekr sinn mann hvárr þeira bræðra. Grímr fekk ekki at þeim gert, er hann tók, annat enn þat, at hann helt honum undir sér. Helgi veitir þeim umbúð, er hann vélar um, svá at hann snarar saman hendr á víxl á kviðnum, enn hneppir höfuðit aftr á meðal fótanna, skýtr völnni í knésbætrnar, nemr þá við hnakkabeininu. Nú ferr hann til með Grími ok býr um svá sem hinn fyrra, breiða yfir þá klæðin ok ganga svá til bæjar á Hreiðarsstöðum, drepa þar á dyrr ok biðja Hreiðarr út ganga. Hann gerir

svá, ok heilsar þeim vel, býðr þeim þar at vera. „Oft er þess kostur“, segir Helgi, „enn vit förum jafnan síð ok skulu vit heim í kveld, enn þó þykkjumst ek enn við þurfa, því at glófar mínir liggja niðr við nautabruna, enn nú gengr til hafs, ok þykki mér driflegt; vilda ek, at þú takir upp í kveld ok hafir heim með þér þá er þú brynnir nautum þínum“. Hreiðarr var sá einn maðr, at hann háttaði aldri fyrr enn þriðjungr var af nótt, enn lá alt til hádegis. Hreiðarr gekk inn, enn þeir bræðr gengu suðr til Hofa ok svá fyrir neðan Skeggjastaði; þá gerir á veðr ok tekr at drífa ok nú gerir á hit mesta illveðr. Þá snýr Helgi til bæjar á Nollarsstöðum — „vil ek ganga með bæjum, enn eigi eftir ísum, því at mér þykir villufært. Helgi drepr þar á dyrr. Þá var liðit dagsetr. Nollarr ríss upp ór rekkju sinni ok steypir á sik stakki ok gengr til hurðar, ok þegar hann lýkr upp hurðinni, þá þrífr Helgi í hönd honum ok kippir út í illviðrit. Grímr tekr í aðra hönd honum ok leiða hann at viðkestinum; fletta stakkinum fram yfir höfuðit. Grímr stendr á fyrir framan höfuðit, enn Helgi hnykkir einum sviga ór kestinum ok hýðir Nollar, svá at hvergi var heil húð hans milli hæls ok hnakka. Þá létu þeir hann standa upp ok báðu hann fara burt frá þeim — „skaltu hafa þetta fyrir hlaup þitt, ok bið svá verra“. Þeir fara ok snúa nú heim-

leiðis, koma svá heim er mikit var af nótt; tekr Droplaug við þeim báðum höndum, sem hon var jafnan vön. Bersi reið um kveldit til þess er hann kom til Eyvindarár. Nökkuru fyrri kom Inni-Krákr; enn í þessu kom griðkona ór fjósi ok sagði Gró, at Inni-Krákr var kominn heim með undarlegan búning. Gró gengr út, ok húskarl með henni, ok taka Inni-Krák ok heita frá sleðanum, brynna ok gefa honum; síðan leysir hann ór sleðanum rekendina. Þá kemr Bersi í tún. Gró fagnar honum með blíðu. Bersi þekkist þat ok spurði, hvárt þeir væri þar komnir frændr hennar. Hon segir, at þat væri eigi, — „eða hversu stenzt af um ferðir þínar“. Bersi segir alla sögu, sem farit hefir. Bersi var þar um nóttina; veitir Gró þeim allalvarlega. Gró biðr þeim virkta við ok mælti, at hann skuli veita þeim vinskáp. Bersi segir at svá skuli vera. Hreiðarr sat við fornsögu, til þess er liðit var dagsetr. Þá fór hann út ok gaf nautum sínum. Eftir þat rekr hann þær til brunns. Honum kemr þá í hng, hvat Helgi mælti við hann; snýr at vatninu ok at vökunum, finnr eigi glófana, sér þar bandknútu þessa er þar lágu; leysir hann þá; eru þeir svá stirðir sem stokkar. Ferr Hreiðarr heim eftir eyk, ok ekr þeim heim til bæjar; hann hjúkar þeim við ok hressast þeir vel. Þeir váru þar um nóttina. Um morgininn býst

Bersi heiman frá Eyvindará. Gró gaf honum fingurgull ok seilamöttul ok mælti til fullkominnar vináttu við Bersa. Riðr hann þar til er hann kemr á Hreiðarsstaði. Hreiðarr tók við Bersa forkunnar vel. Sögðu húskarlar hans sínar eigi sléttar. Bersi hljó mjök at, kvað gleðibragð vera ungra manna — „enn er víst, at þeir hafi sýnt þat, at þeir hafa alls kosti við ykk, enn látit mín at njóta, er þeir hafa eigi meira at gert við ykk; því at ærnar sakir gerðu þit til, þó at þeir hefði drepit ykk. Nú skulu þit láta vera kyrt“. „Svá munu vit gera“, sögðu þeir. Fara heim eftir þat; fara upp eftir ísunum, þar til er þeir koma fyrir Nollarsstaði. Þar sjá þeir Nollar sitja á hyrnishríku sem hundr ok er allhlámáll. Hann biðr Bersa at hann mundi rétta málit, slikar hrakningar sem hann hefir fengit. Bersi kvað þat maklegt, þó at hann hefði nokkurt bráðræði fengit, enn þó má ek eftir leita, þó at þú sért ómaklegr“. Nollarr dragnar heim, enn Bersi riðr, þar til er hann kemr á Arneiðarstaði. Þá var í annan lit. Þeir Droplaugarsynir váru í túninu úti ok buðu honum þar at liggja ok urðu fegnir fóstura sínum, er hann var þar kominn. Bersi þektist þat ok var hann þar um nóttina. Enn um morgininn þá ræða þeir mart ok flest um þessa hluti, er hann hafði farit eftir þeim bræðrum. „Enn ek hefi því gert ferð mína eft-

ir ykkar, at ek vil at þit varizt þat, sem ek mun segja ykkar, at þit látið eigi vanda menn komast í milli ykkar ok mín; því at þit munuð ekki til þess taka, at ek muni ykkar af hendi gefa, meðan þit veitið eigi mér ágang eða Ormsteini syni mínum, enn ef ykkar greinir á, þá mun ek í jafnan stað leggja. Mun ek með ykkar, við hvern sem þit eiguð í heraðinu, aðra enn við konu þá, er þú hefir lagt tal þitt við; þá gerðu fyrir mínar sakir; grandalaust hefir verit okkart vinfengi. Mun ek alt at einu halda vinskap við þau á Skeggjastöðum, þótt þér gerið af yðru ráði slíkt sem yðr líkar“. Helgi svarar: „Eigi veit ek, at þar þurfi um at vanda heðan í frá“. Bersi mælti: „Þat vilda ek, at þit fengið Nollar kvikindi nökkurt fyrir þat harðrétti, er þit hafið honum veitt, þó at hann hefði maklegleika til“. Helgi segir, at þat skuli víst gera fyrir hans orð. Bersi býst heiman við sína menn. Helgi gaf Bersa uxu tvá, fimm vetra gamla, gráir báðir, ok stóðhest rauðan ok var kallaðr Heiðarrauðr ok með merar þrjár. Hvárum þeira húskarla Bersa, er þeir höfðu knept við vakirnar, gaf Helgi, öðrum sverð, enn öðrum öxi. Skildust þeir vinir. Fór Bersi heim. Enn þeir bræðr sátu heima um hríð. Helgi leitast aldri á þá konu oftast, ok öngva aðra, svá at menn viti. Er þat ok alþýðu manna sögn, at Helgi hafi öngva konu elskat.

14. Þess er getit eitt sumar, at skip kom af hafi í Gautavík í Berufirði. Skipi þessu fylgdu þrændskir menn ok vistuðust hér um vetrinn. Á því sama vári eftir vetr afliðinn beiddi Þiðrandi Geitisson fóstura sinn fararefna — „vil ek kynna mér siðu annarra manna“. Hróarr svarar: „Þat þykki mér mikit, ef þú vilt fara af landi í burt, því at ek gerist mjök hrumr af elli, ok veit ek eigi hvárt þú kemr aftr. Enn alt at einu, þá skal ek sæma þik at því, sem ek hefir fōng á; enn biðja vil ek, at þú komir sem fyrst aftr. Enn þú munt ráða“. Hróarr Tungu-goði fekk Þiðranda mikit fé. Honum þótti mikit er þeir skildu, ok öllum þótti mikil hans fráför. Réðst Þiðrandi til ferðar ok ferr suðr yfir heiði, ræðr sik í skip, ferr utan um sumarit. Þeim byrjaði vel ok skjótt; þeir kómu skipinu í Þrándheim í Niðar-ós. Þá réð Hákon hinn ríki fyrir Noregi. Hann hafði atsetu at Hlöðum. Þá sýndist, hverja menning Þiðrandi hafði hlotit, því at öllum mönnum fundust orð um, at eigi hefði þvilíkr maðr komit í manna minnum, sem Þiðrandi var. Hann ferr á fund Hákonar jarls. Jarl tók við honum vel ok setti hann í háseti hjá sér ok veitir honum af mikilli blíðu um vetrinn. Hann virði öngvan sinna manna jafnan Þiðranda. Þeir töluðu löngum. Þiðrandi sýndi slíkt af sér, at unnið honum hverr maðr

hugástum. Enn er vár kom, þá beiddi Þiðrandi sér fararleyfis út til Íslands. Jarl spurði, hvi hann vildi svá litla stund dvelja við þar, — „því at ek ann þér hér allvel vistar; hefir hér enginn sá maðr komit, at mér þykki svá mikil eftirsjá at sem um þik, ef þú ferr á burt“. „Vel hefir þú til mín gert þessa stund, enn þó má ek eigi nýta at vera hér lengr, því at ek ann móður minni svá mikit, at ek hlýt at fara nú fyrst. Má yðr þat segja, at þar eru enn þeir menn, at létu sem bezt þætti, at ek kæma fyrr aftr enn síðar“. Jarl svarar: „Svá skal nú vera“. Þiðrandi kaupir sér skip ok lætr í koma mikit fé; hann þiggr af jarli góðar gjafir; eftir þat láta þeir ór landfestum ok sigla í haf. Þat hafa margir fyrir satt, at Þiðrandi hafi óvirt skaplyndi jarls fyrir sumar greinar, ok vildi af því eigi lengr vera með honum. Þiðrandi fekk þat sumar góða byri, ok kom skipi sínu í Skálavík í Vápnafirði ok bar af skipinu ok flutti heim varninginn. Eftir þat býr hann um skipit ok setr upp. Hann fór heim í Krossavík. Þar var tekit við honum forkunnar vel ok með allri blíðu; verðr þar ok fagnafundr mikill með þeim Þiðranda ok Hróari. Hann er þar fár nætr áðr enn Hróarr lýsir því, at hann vill at Þiðrandi fari austr með honum til eigna sinna ok ríkis — „því at ek má eigi annat enn vera ásamt með Þiðranda, svá ann ek honum

mikit, ok hver stund þykki mér löng, ef hann er eigi hjá mér“. Þiðrandi segir, at þat skuli þegar vera, er hann vildi, — „því at ek vil þess njóta, meðan kostur er“. Þýr Þiðrandi ferð sína, ferr með Hróari austr til Hofs í Hróarstungu; urðu frændr hans hönnum fegnir, þar sem þeir kómu í Vápnafirði. Allir frændr Þiðranda sýndu á sér mikinn feginsþokka, er hann var aftr kominn með virðingu. Ketill þrymr sendi orð Þiðranda systursyni sínum, at hann skuli koma í Njarðvík til heimboðs, ok segir, at hann skuli eigi til einskis fara — „því at hann er sá einn minna frænda, at mér er mest auþúsa at eiga mart við ok gott“. Þiðrandi heitr ferðinni, er áliði sumarit ok heyverkum er lokit, enn kvaðst þá eigi tóm eiga at, því at hann hafði fyrr heitit öðrum. Ketill segir, at Þiðranda færi vel. Maðr hét Ásbjörn; hann var sunnlenzkr ok þá nýkominn í Fljótsdalsherað. Hann var fæðingi suðr í Flóa. Hann fór þaðan austr á Rangárvöllu, þá austr á Síðu, ok léttir eigi fyrr enn hann kemr austr í Fljótsdal. Hann tekr sér þar vist. Ásbjörn var mikill maðr vexti, dökkur á hárslit, ljótr í andliti ok heldr ópokkulagr; þó slægði marga menn til at taka við honum, því at hann var garðlagsmaðr svá mikill, at enginn lagði lag við hann. Ásbjörn átti viðnefni ok var kallaðr vegghamarr. Ásbjörn hafði verit fimm vetr í Fljótsdalsheraði, er þetta varð

til tíðinda, ok hafði lagið garða um tún manna ok svá merkigarða. Ásbjörn var svá mikill meistari á garðlag, at þat er til marks, at þeir garðar standa enn í Austfjörðum, er hann hefir reista. Þorbjörn hét maðr; hann var kallaðr kórekr. Hann bjó á þeim bæ í Fljótsdalsheraði, er heitir á Kóreksstöðum fyrir austan Lagarfljót. Þat er í Útmanasveit við en eystri fjöll. Þorbjörn átti sér konu; hon var skyld þeim Njarðvíkingum. Hann átti tvá sonu; hét annarr Gunnsteinn, enn Þorkell hinn yngri. Þorkell var þá átján vetra, enn Gunnsteinn hafði tvá vetr um tuttugu; þeir váru báðir miklir menn ok sterkir ok allvasklegir; enn Þorbjörn var nú gamlaðr mjök. Hafði Ásbjörn vegghamarr verit þar tvá vetr ok grætt fé nökkut, enn á hinum þriðja vetri gerir hann bú, því at hann átti óléttu konu; átti hann áðr nökkur börn. Hann leigir land þar fyrir utan læk, þat er þá heitir á Hlaupandastöðum, enn nú at Sandlæk. Hann var þar einn misseri; honum varð ilt til fjár ok varð óhægt búit. Á þessu sumri gerir Ásbjörn vegghamarr heimanferð sína út í Njarðvík á fund Ketils ok bað at hann mundi taka við honum til húskarls. Ketill spyrr, hví hann vill eigi búa lengr. Honum kvað þykkja óefnilegt, at búa við óhægindi mikil. Ketill svarar: „Of liðmargr þykki mér þú vera“. Ásbjörn kvaðst ekki fleirum leita

vistar enn sér einum; lézt annat mundu sjá fyrir liði sínu. Ketill spyrr, hvat hann ætlar at sjá fyrir liðinu. Hann kvaðst ætla at hlaupa burt frá — „ok hingat til þín, því at ek ætla at mér sé litill ágangr veittr fyrir ríki þínu; mun ek konuna láta kjalast við börnin“. Ketill svarar: „Þat hafði ek oft ætlat, at taka við þér. Mun ek gera þér á kost; þú skalt gera garð ofan ór fjalli undan hömrum ok út í sjó; þetta skaltu vinna til tveggja missera vistar“. Ásbjörn kvaðst ætla, at hann mundi þetta fá fullvel unnit, — „munu vit þessu kaupa, enn þú skalt sitja fyrir, at eigi sé fylgt á mik ómegðinni“. Ketill játar þessu. Síðan gerir hann ferð sína upp yfir heiði, ferr eftir rekkjuklæðum sínum, enn þar hleypr hann frá liðinu ok skyldi af því heita á Hlaupandastöðum; þá tóku þeir á Kóreksstöðum við ómegð hans, enn mistu landsleigu sinnar við hann ok sátu fyrir öllum vandkvæðum. Ásbjörn tekur til garðlags út í Njarðvík ofan ór fjalli; hann vinnr mikil verk á um sumarit, enn ekki hefir hann venjubrigði í skapsmunum, því at öllum líkaði illa við hann nema Katli einum.

15. At sjau vikum sumars býr Þiðrandi heimanferð sína; hann ríðr við hinn sjaunda mann út með Lagarfljóti ok ofan eftir Hróars-tungu ok þar yfir fljótit, er heitir at Bakka-vaði, ríða út eftir heraði ok koma um kveldit á Kóreksstaði til Þorbjarnar. Þorbjörn gekk á

móti þeim Þiðranda, ok synir hans, með mikilli bliðu, ok bauð honum þar at vera svá lengi sem hann vildi. Hann var þar þessa nótt ok gera þeir til hans ágæta vel. Þeir bræðr báðu Þiðranda, at hann mundi vilja fara út til Njarðvíkr ok biðja Ketil, at hann léti lausan Ásbjörn, enn gildi þó sumarkaup, eða ella tæki hann við liði sínu. Þiðrandi kvaðst skyldr at leggja orð til — „enn eigi nenni ek at ráðast í meira, þar er Ketill er frændi minn til annarrar handar“. Þeir segja, at þeim þætti þat várkunn. Eftir nóttina afliðna búast þeir til ferðar tuttugu saman; þeir ríða út yfir Ós ok ofan heiði, þar er heitir Gönguskarð, í vikina; var þá miðr aftann, er þeir kvámu í vikina. Þá var fátt manna heima; þá var eigi lokit heyverkum, enn þar var heyland mikit. Var mannfólk á verknaði, enn Ketill var einn heima karlmanna ok konur nökkurar. Ketill sat í skála. Nú var sagt í þann mund kæmi at honum skjálfti, sem jafnan var vant, at hann hrökk af fótum upp, svá at gnötraði í honum hver tönng; honum var ok svá hrollr sem vatni væri ausit milli skinns ok hörunds. Þá mælti hann við konu eina, at gera skyldi eld fyrir honum ok vildi hann bakast. Hon kastaði undir hann gæru einni. Ketill bakast við eldinn. Enn Þiðrandi ok hans menn ríða ofan eftir vikinni, ok er þeir koma á vikina mjök at bænum, þá sjá þeir, at maðr

var upp í hliðinni at garðlagi; hann var í grám kyrtili; hann hafði knept upp blöðunum á axlir, enn lykkjurnar hengu niðr at hliðunum, ok í hvítum torfstakki yfir utan; hann hafði drepit á höfuð sér hetti. Þeir kenna þenna mann, at þar var Ásbjörn vegghamarr; hann kveðr þá ekki. Þeir ríða svá ofan með garðinum; mæltu hvárigir við aðra. Þá ríðr Gunnsteinn Kóreks-son ofan at Þiðranda ok mælti: „Illvænlega lætr sjá maðr; muntu leyfa mér at ek taka geirnagla ór spjóti mínu ok taka af spjótit af skaftinu ok skjóta til hans ok vita, hversu hann verðr við“. Þiðrandi mælti: „Gerðu þat eigi, því at þat er fornt mál, at oft hlýzt ilt af illum, ok vil ek eigi, at þú eigir við hann“. Þá snýr hann í halaferðina ok af götunni; þá tekr hann ór geirnaglann ór spjótinu ok skaut til hans með hlátri miklum. Enn er Ásbjörn sér at spjótit ferr at honum, þá hleypr hann upp við; skotit kom í kyrtilsbláðit ok í lykkjuna ok svá út í blautan garðinn ok svá at hann fellr út af garðinum. Hann sprettr upp skjótt ok tekr spjótit ok kastar niðr, enn hann hleypr upp á garðinu ok þegar inn yfir. Hann tekr þegar skeið heim til bæjar. Enn þegar er hann kemr í túnit, þá hleypr hana í eldaskálann, þar er Ketill bakast; hann kastar sér upp í sætit gegnt eldinum. Ketill spyrr, hvat honum væri. Hann svarar: „Vant er at vita, hverjum vér

skulim fagna; ætlaða ek á vári, er ek réðumst hingat, at ek munda eigi barðr til meiðinga, eða með öllu til bana. Eru þeir komnir hér Kórekssynir; hefir Gunnsteinn skotit spjóti undir hönd mér ok kom út undir annarri. Nú ætlaða ek, at ek munda hafa heimsótt höfðingja, er þér eruð; enn ek sé, at enginn er í þér dugr, at þér rekið aldrigi várra harma, þó at oss sé skammir gervar“. Ásbjörn hafði hátt raddarlag ok sárlegt andartak. Ketill hleypr upp við bræði mikla; hann þrífr ullskyrta sína ok kemst í, enn áðr í brókum leista lausum; váru ilbönd undir neðan, ok höfðu menn þá línbrækr í þat mund. Ketill gengr þá þegjandi utar eftir eldhúsinu, svá at alla vega hraut eldrinn um hann. Hann gengr utar til lokrekkju þeirar er hann var vanr at sofa, tekr ofan hjálm ok setr á höfuð sér ok sverð í hönd sér, setr skjöld fyrir sik. Eftir þat snýr hann út með brugðit sverðit, enn kastar eftir umgerðinni. Enn í því er hann kom í tún, þá riðr Þiðrandi í túnit ok hans menn. Ketill snýr þegar at Þiðranda ok höggr til hans með sverðinu. Þiðranda bar svá nær höggit, at hann sá eigi ráðrúm til at skjóta fyrir sik skildinum; hann kneppir sik aftr ór söðlinum ok kemr standandi niðr. Enn Ketill stöðvar ekki höggit at heldr. Þá riðu menn mjök í standsöðlum smeltum. Ketill höggr um endilangan söðulinn ok tekr í sundr bógana

báða ok hestinn undir söðlinum. Ketill höggur þegar annat sinn til Þiðranda. Hann kemr þá skildi fyrir sik. Ketill klýfr þá skjöldinn fyrir utan mundriða, svá at sverðit nam í vellinum stað. Konur þær er á bænum váru hlupu út þangat er menn váru á verki. Annarr bær stóð þá í víkinni, sá er at Virkihúsum heitir. Þangat hlupu sumar konur, því at þar váru enn karlar nökkurir. Fóru þeir þangat; þeir urðu alls tuttu gu menn. Þiðrandi mælti við menn sína, at enginn skyldi bera vápn á Ketil — „enn ef nökkurr gerir öðruvís, enn ek mæli fyrir, þá mun ek bera vápn á hann, þó at hann sé af mínum mönnum“. Eftir þetta biðr Þiðrandi Ketil frænda sinn allra safninga — „hefi ek hér aðrar viðtökur enn ek hugða til, ok ef nökkut er þat í vorðit várum ferðum, at yðr þykkir málþarfa, þá vil ek bótum upp halda, svá at þér þykki sæmd í. Nú meðr því, at þú vilt einskis mín orð meta, þá láttu mik njóta móður minnar enn systur þinnar, ok er meiri ábyrgarhlutr at halda þessu fram, sem nú hefir þú upp tekit“. Ketill þegir við ávalt, enn Þiðrandi biðr hann vægðar einart. *Þiðrandi* lætr sem enginn væri annarr, enn Ketill sækir hann í ákafa. Þiðrandi mælti: „Hví er nú eigi vel, at nú vinni maðr þat er má annat; enn enginn maðr skal bera vápn á Ketil, því at hann mun sefast brátt; enn eigi banna ek, at þér drepit

menn hans sem þér meguð“. Þá gera þeir svá. Þá horfa þeir suðr eftir túninu. Tekr nú at líða aftanninn mjök, ok lægir sólina, enn hross þeira váru hér ok hvar, því at þar hleypr hverr af hestum sínum sem kominn var. Þá berr suðr eftir vellinum, alt til þess er þeir koma at læk þeim er fellr fyrir utan garð þann, sem gengr fyrir neðan hlaðit. Þá stingr Þiðrandi fram blóðrefinum ok hleypr öfugr yfir lækinn. Þá var höggvinn af Þiðranda skjöldrinn allr, svá at enginn spánn var eftir, nema þat er mundriðanum fylgdi. Í þessu höggr Ketill til Þiðranda ok kemr á öxlina hægri ok leysir frá herðarblaðit, svá at inn sá í lungun. Þiðrandi hljóp þá ofan yfir lækinn, tekr sverðit hinni vinstri hendi ok höggr til Ketils ok í gegnum hann. Ketill fellr þá dauðr til jarðar; enn Þiðrandi gengr þá suðr yfir lækinn ok at þúfu þeiri er nú heitir Þiðrandapúfa. Hann sezt þar niðr. Þá stóð ekki fleira manna upp enn þeir Kórekssynir, Þorkell ok Gunnsteinn. Allir váru fallnir aðrir menn Þiðranda. Þeir Kórekssynir settust þá niðr hjá honum á sína hönd hvárr; þeir váru þá móðir mjök. Menn Ketils styrmdu yfir honum ok huldu hræ hans. Eftir þat gengu þeir heim vígmóðir, ok þó margir sárir. Nú tekr Þiðrandi til orða við Gunnstein: „Hversu þykki þér at fara, hvat mun nú tjá at lasta þat er orðit er, enn farit hefir betr, at hér

megi þér sjá nú, hversu einræðit kann at gefast; enn ekki tjár nú at ávita þik. Enn hvat hefir þú sét til Ásbjarnar félaga þíns um aftan?“ Gunnsteinn svarar: „Átt hefi ek annat verkefni enn hyggja at þeim skelmi“. *Þiðrandi mælti*: „Ekki er mér þat þó, ek hefi ekki svá annrikt átt, at ek hafi eigi augu til sent, hvat hann hefir at hafzt. Þegar í kveld, er Ketill gekk út, ok menn drifu at honum, þá kom Ásbjörn út ok hafði hönd fyrir auga ok skygndi til hversu færi á milli vár. Enn nú hefir hann ekki farit hermannlega, ok þat hygg ek nú, at hann sé hér nú í vellinum fyrir utan lækinn; ætla ek at hann fletti mannaínn einn“. Gunnsteinn sér nú hvar hann er ok hleypr út yfir lækinn; hann hafði sverð í hendi ok höggr á hrygginn ok tekr hann í sundr í miðju. Eftir þetta gengr hann til sætis síns. Kona ein gengr út um kveldit. Þat var griðkona.

16. Gunnarr hét maðr. Hann var á vist með Katli. Hann var austmaðr ok hafði komit út um sumarit. Hann var háleyskr maðr at ætt, mikill maðr ok víglegr, ungr at aldri ok allvel mentr. Hann sat í útibúri fyrir ofan hús; þar var inni varningr hans. Ekki hafði hann verit við fund þenna, ok ekki hafði hann vitat til, at styrjöld sjá hefði verit. Konan hleypr til búrsins; þetta var vinnukona hans. Gunnarr

sat í dyrrum útibúrsins ok fíðraði örvar. Hon tekr til orða: „Satt er þat er mælt er, at eigi má mann sjá, hverr hverrgi er. Mundi Ketill eigi þat ætla at hausti, er hann bauð þér hingat, at honum mundi enginn brautargangr at þér verða, ef hann þyrfti nökkurs við, enn þú ert mannfýla því meiri, er þú liggr inni kyrr, sem hundr á hvelpum, þar sem húsbóndi þinn er lagðr við velli ok margir hans menn. Er hér kominn ófriðargangr ok hafa þeir vegit Ketil“. Gunnarr hljóp upp við þessa tíðenda sögu ok þrífir boga í hönd sér, leggr ör á streng, er hann hafði nýgert. Hann gengr þá út ok mælti: „Hvært eru þessir menn á burt farnir frá óverkum sínum, er þetta hafa gert?“ Hon svarar: „Eigi er þat“. „Hvar eru þeir nú þá?“ „Þar eru þeir er eftir lifa fyrir sunnan lækinn á vellinum“. Gunnarr mælti: „Hvar er hann Þiðrandi, ek vildi hann sjá?“ „Þat ætla ek“, sagði hon, „at hann sití á fuglþúfu milli þeira bræðra, Kórekssona“. Gunnarr bendir nú bogann, ok var þat alt jafnskjótt, at strengrinn gall heima við bæinn ok Þiðrandi fell á bak aftr; kom örin fyrir brjóst Þiðranda ok út í millum herðanna. Gunnarr spurði, hvat manna sjá hefði verit. Hon svarar: „Þat var Þiðrandi Geitisson“. „Seg allra kvenna örmust. Eigi fekk annan vinsælla né betr at sér. Hefi ek þeim manni bana unnit, er ek vildi sízt“.

Þorkell Kóreksson spurði Gunnstein bróður sinn, hvárt hann væri mjök sárr. Gunnsteinn kvaðst hafa sár nökkur, — „enn hvat liðr þér, Þorkell“. „Ekki sár er skaðlegt á mér“. Þá mælti Þorkell: „Nú munu vit eigi þurfa Þiðranda at biða, enda mun eigi ráð heim at leita til bæjarins. Eigi get ek at vit náum hestum okkrum; munu vit ok eigi vera mjúkir til göngu. Þeir hverfa skildi yfir Þiðranda þar á þúfunni, ganga síðan á burt, fara upp til götu, rétta leið upp í brekkur. Þeim fórst seint, því at náttmyrkr var á mikit. Þeir gengu til þess er þeir kómu at brekkum þeim, er neðstar váru í skarðinu. Þar var hvammr fyrir sunnan götur, ok heitir Kiðjahvammr. Á fellr ofan ór skarðinu ok ofan í hvamm; þar er mikill fors í; undir forsinum er hellir mikill. Í þeim helli eru menn oft á haustin, er á fjall er gengit. Þorkell mælti: „Förum vit til hellisins, því at mik gerir svá móðan, at ek má eigi lengra ganga“ Þeir fara til hellisins; er þar hláðit grjóti fyrir framan. Gunnsteinn kastar sér niðr þegar, því at honum var heitt mjök; hann verpr af sér klæðum. Þorkell sprettir af sér belti sínu; eftir þat flettir hann af sér klæðum. Þá falla út iðrin. Hann sezt þá niðr, ok lét Þorkell þar lif sitt. Við þetta hafði hann gengit alt neðan ór Njarðvik. Nú er Gunnsteinn einn eftir hjá bróður sínum dauðum; hann var sárr mjök. Gunnsteinn sá þat af

sínu ráði, at ráðast á brott þaðan. Hann stendr þá upp ok er hann ætlar þaðan til göngu, þá var hann svá stíðr, at hann mátti hvarugan fót hræra yfir annan fram. Sezt hann þá niðr; verðr hann nú þar at vera, þó at honum þætti eigi gott. Þorbjörn kórekr lét illa í svefni þessa nátt. Enn er hann vaknar, þá ferr hann skundandi í klæði. Hann vekr upp smalamann, ok mælti, at hann mundi fara sendiför hans, — „vil ek at þú takir hesta tvá; vil ek at þú riðir út til Óss ok ofan í Gönguskarð til hellis þess, er þér eruð vanir at hafa náttból um haustum, þá er þér gangið á fjall, ok vit við hvat þú verðr þar varr. Enn ef þú verðr við nökkur tíðendi varr, þá þigg ek, at ek fengi þat at vita“. Sauðamaðr riðr ofan til Óss ok ofan í Gönguskarð; hann *lít* til ferða, enn er hann kemr ofan í Kiðjahvamm, þar stígr hann af baki ok gengr upp undir forsinn; hann gengr inn í hellinn; þá var lýst af degi. Hann spurði, hvárt nökkut væri þar, þat sem honum mætti andsvar veita. Gunnsteinn segir til sín. Sauðamaðr spyr tíðenda. Gunnsteinn segir slík sem orðin eru. Sauðamaðr spyr, hvárt hann mundi færri með honum í burt. Gunnsteinn kvað eigi annat til þess. Hann vildi þá brátt út ganga, enn mátti eigi, nema hann styddist við axlir honum öðrum fæti. Hann kemr honum í söðul, ok berr at honum klæði ok býr um hann sem

honum þótti vænlegast, ríðr nú upp yfir heiði ok kómu heim um hádegisskeið. Þá hafði Kórekr búit laug; tekr hann nú ok fægir sár Gunnsteins, ok veitir honum hægindi slík sem hann mátti.

17. Þessi tíðendi spurðust brátt, ok þótti mörgum mikil sem var. Hróari Tungu-goða fell þetta næst, svá at hann legst í rekkju af harmi ok deyr af helstriði. Eftir þenna fund kemr Þorkell fullspakr heim, því at hann hafði farit ofan í fjörðu eftir skreið. Hann kom þann dag heim, er fundrinn hafði verit áðr um nóttina. Þorkell fréttir fundinn ok at fallinn er faðir hans ok Þiðrandi. Haug verpr hann eftir Þiðranda frænda sinn, ok stendr hann þar á bakk-anum ofan undan bænum. Hann færir í haug menn þá er fellu. Þorkell rak á burt austmanninn með miklum hrakningum, kvað hann þeim mikla skömm gert hafa, svá at eigi mundu menn bætr biða, drepit þann mann, er aðrir væntu sér af hins mesta yndis. Gunnarr hvarf nú á burt ok spurðist ekki til hans.

Margir menn hörmuðu þessi tíðindi, er þeir spurðu, ok þótti þetta miklir atburðir. Bæði Þorkell Geitisson bróðir hans ok Bjarni Helgason frá Hofi í Vápnafirði, því at hann var náinn frændi Þiðranda, - - Helgi Ásbjarnarson átti Þórdisi todðu, systur Bjarna — svá þeir bræðr Þorvaldssynir Þiðranda sonar, Grímr ok Helgi; þeir váru allir í eftirleit við Gunnarr austmann

ok vildu allir Þiðranda hefna, enn til þessa manns spurðist aldri; var þat flestra ætlan, at hann mundi hafa hlaupit til fundar við aðra austmenn, þá er sátu búðsetu, þar er þeir höfðu skip uppi í vikum millum Njarðvíkr ok Borgarfjarðar fyrir handan Snotrunes. Þar sátu sautján austmenn, ok ætluðu menn af því, at hann mundi þangat vera farinn. Liðr nú á vetrinn, alt þar til at daga lengdi. Þá býr Þorkell Geitisson ferð sína norðan ór Krossavík með tíunda mann austr yfir heiði í herað. Hann ríðr upp eftir heraði fyrir austan fljót, alt þar til er hann kemr á Arneiðarstaði; hann fær þar góðar viðtökur af Droplaugu ok sonum hennar. Hann var þar um nóttina. Þá biðr hann þá bræðr, at þeir mundu fara með honum út til Njarðvíkr ok hitta Þorkel fullspak ok þaðan suðr í fjörðu — „vil ek vita, at ek komumst nökkut á sporð um þenna mann Gunnarr, er nú er kallaðr Þiðranda bani, er oss hefir mikla harmsök unnit; þetta er öllum oss mikil nauðsyn á, at geta hann afráðit“. Þeir bræðr ráðast nú til ferðar með Þorkeli, ok fara út eftir heraði; þeir kveðja upp einstaka menn ok verða þeir saman átján. Nú fara þeir ok koma um kveldit á Kóreksstaði til Þorbjarnar; þeim er þar boðit at vera ok þeir eru þar um nóttina. Þeir spyrja Gunnstein vandlega at þeim tíðindum, er gerzt höfðu um haustit í Njarðvík, enn Gunnsteinn

sagði greinilega frá ok þótti þó mikit fyrir at segja. Enn er þriðjungr lifði nær, þá stendr Helgi Droplaugarson upp; var tunglskin mikit ok færðir góðar bæði um heruð og heiðar. Hann vekr þá förunauta sína. Þá gengr hann til Gunnsteins ok mælti við hann: „Þú munt vilja með oss, frændi, út í Njarðvík“. Gunnsteinn svarar: „Fara skal ek, ef þér vilið“.

18. Eftir þat ráðast þeir til ferðar, fara út fyrir neðan Sandbrekkur ok svá út til Óss, ok upp í heiði til Gönguskarðs, unz þeir koma svá upp, at ein brekka var eftir. Þar er hvammr fyrir utan göturnar, ok heitir Djúpihvammr; þar liggr leiðin um sumarit hit syðra, enn jafnan um vetrinn fara menn ofan eftir hvamminum þá er snjáva leggr. Helgi snýr nú af götunni ok sezt niðr. Hann biðr þá alla niðr setjast, ok skipar þeim í garða enn hlið í miðju, sem í húsgarði. Þorkell Geitisson mælti: „Hvat skal breytni sú, frændi?“ Helgi svarar: „Ek þóttumst heyra mannamál upp í skarðit áðan. Nú skulu vér taka þessa menn höndum, hverir sem þeir eru.“ Ok er þeir höfðu nýsezt niðr, riða þar at þeim fimm menn á broddstöfum. Þessir menn allir höfðu stálhúfur ok girðir sverðum. Þeir kendu þessa menn, at þar var Þorkell Ketilsson fullspakr neðan ór Njarðvík ok heimamenn hans. Helgi sprettr upp ok þeir allir, ok mælti at þeir skyldi hafa hendr á þeim.

Þeir gerðu svá. Helgi gekk at Þorkeli ok heilsar honum ok spyrr, hvert hann ætlar at fara. Þorkell kvaðst ætla at fara upp í herað ok heimta skuldir. „Hví segir þú svá ólíklega, at þú munir fara at fjárreiðum í þetta mund missera? Ok sé ek at ekki er þetta þitt erendi. Nú þykkist ek vita, hvárt þú ætlar, ok svá erendi þitt. Þat munda ek ætla, at þú mundir fara upp í Mjóvanes, á fund Helga Ásbjarnarsonar, ok selja honum í hendr Gunnar Þiðrandabana; mun þér þat þykkja líklegast, at hann muni geta haldit Gunnari fyrir mér; þú veizt at fátt er með okkr“. Þorkell svarar: „Hví ætlar þú mér þann hlut, at ek muni þann mann halda, er oss hefir mesta skömm gert; munu þér þat spurt hafa, at ek rak hann í burt þegar hinn sama dag, er ek kom heim“. „Ekki hirði ek, hvat þú segir til þess. Nú er þér skjótt til at kjósa um tvá kosti, hvárt þú vilt at ek drepi þik hér í Djúpahvammi, eða ella selir þú fram manninn“. Þorkell kvaðst eigi mundu fyrir sjá um þenna mann. Helgi flöttir þá Þorkel af vápnum ok klæðum ok alla hans félaga; þá lætr Helgi leggja þá niðr ok fær til jafnmarga menn at vinna á þeim. Helgi mælti: „Eigi er oss vant við þik, ef þú virðir einkis frændsemi við mik; nú skal ek eigi hlífast við þik“. Nú sér Þorkell í hvert vandræði komit var ok mælti: „Fast gengr þú at flestu því er

þú vilt þér afskifti veita. Mér mun fara sem flestum, at ek mun kjósa at lifa, ef ek á kosti. Mun ek nú segja víst, at austmaðr er í minni varðveizlu. Hefi ek hann haldit í allan vetr, síðan er tíðindin gerðust; gerða ek þat til ólikinda at kveðja hann á brott. Uppi í heiðinni, fyrir ofan bæinn í Njarðvík, gengr hjalli sunnan frá skarðinu út fyrir Skálanes. Enn á hjallanum gegnt bænum er hlaupin urðskriða ofan ór hryggnum á hjallann; þat grjót er mjök mosa vaxit ok geitaskófu. Þar á milli steinanna sló ek tjaldi á hausti, þá er ek rak hann á brottu; þat er járngrátt ok samlitt við grjótit; þar setti ek húðfat hans, ok bjó ek um sem ek kunna, ok þar hefir hann verit síðan“. Þá svarar Helgi: „Nú gerðir þú vel, er þú sagðir hit sanna til, eigi fyrir því, vissa ek áðr, at hann var í þinni varðveizlu; skal ek nú ok eigi gera þér til meins, enn þú munt nú eigi at sinni lauss verða, at svá búnu“. Þá mælti Helgi til Þorkels Geitissonar ok spurði: „Hvárt viltu nú heldr fara ofan yfir heiði ok leita austmanns, eða viltu sitja hjá Þorkeli nafna þínum ok gæta hans til hádegis“. Þorkell Geitisson svarar: „Ek vil vera hér eftir hjá nafna mínum ok gæta hans, því at vit erum ófráir Vápnfirðingarnir; mun hér litils við þurfa, þykki mér meiri hamingjuraun eftir honum at leita. Treysti ek þér betr ok þinni giftu“. „Því bauð ek kjörs á“,

sagði Helgi, „at mér þykkir vel, at þú ráðir, enn vant er at sjá hverjum þess verður auðit. Nú skal skifta liði í helminga. Munu vit bræðr fara ofan yfir heiði við tíunda mann ok vita, hvat ek komi áleiðis, enn þér félagar farið upp á Arneidarstaði í kveld ok biðit mín þar unz ek kem á morgun, nema ek finni eigi austmanninn, þá mun ek koma á hádegi. Þá skal drepa Þorkel fullspak, ef hann hefir logit, enn ef hann segir satt, þá má hann eigi at hafa, þó at hann seti undan. Einn ef ek kem eigi aftr fyrir hádegi, þá skaltu Þorkel láta fara hvert er hann vill, því at ratat mun ek þá hafa hæli austmannsins, hvert sem hann verður fyrir höndum eða eigi“. Nú skiljast þeir þar. Fara þeir Helgi ofan yfir heiði, enn Þorkell Geitisson sitr eftir hjá nafna sínum. Einn er þeir Helgi kómu upp í skarðit, þá lýsti af degi. Þá var bakki mikill til hafs; dregr upp skjótt á himininn ok tekr at drífa; fylgir vindr af landnorðri. Þeir sækja ofan í brekkurnar. Þá sjá þeir, hvar hjallinn gengr út eftir hliðinni. Þá mælti Grímr Droplaugarson: „Vinum vér eigi tvisvar hit sama, snúum vér nú hér út eftir hjallanum. Þeir fara nú eigi lengi, áðr enn þeir sjá urðina ok tjaldit svá. Þá var hálfjóst af degi. Í þenna tíma vaknar austmaðrinn í tjaldinu. Hann þarf at ganga örna sinna. Hann ríss upp í skyrtu ok línbrækr; hann kippir skóm á fætr sér, enn

kneppir eigi; ekki hafði hann yfir sér ok ekki í hendi. Ok er hann bregðr brókum sínum, þá heyrir hann mál suðr á hjallann frá sér. Þeir áttu þá skamt til tjaldsins. Hann sá, at þá var eigi ráð at snúa í tjaldit, er ófriðarmenn váru svá nær komnir. Hann snýr þá út eftir hjallanum, slikt sem hann má fara. Þeir sjá nú manninn, ok þóttust í hendi hafa ráð hans ok ætluðu, at hann mundi skamt undan taka; eggjaði hverr annan, at eftir skyldi halda. Gunnarr hleypr nú slikt sem fætr mega bera, svá at af liggja skórnir. Nú dregr þó í sundr með þeim meðan hann var ómóðr. Gunnarr hleypr ofan hjá skálanum ok út af lautinni; þá nemr hann staðar ok hnýtir línbrókina at beininu. Þá váru þeir komnir ofan hjá skálanum á völlinn. Þeir gera garð ofan at sjónum. Grímr var þar allra manna skjótastr. Hann hleypr þá fram frá liðinu ok at honum Gunnari ok ætlar at sæta áverkum við hann. Gunnarr sér þetta ok kastar sér á kaf. Hann drepr þegar vör undir sik. Grímr sér, at hann getr eigi með vápnnum sótt hann ok skýtr eftir honum spjóti, ok kemr í ena vinstri hönd Gunnari. Hann tekr til ok kippir á burt, enn hann legst út á vikina. Þá var hvast mjök ok föll stór. Helgi kveðr nú við ok mælti: „Hvar vitið þér slíkan mann at áræði sem þennan, eða hverr er fús eftir honum at ráðast“. Enginn kvaðst til mundu

hætta. „Þess er ván“, sagði Helgi, „því at annathvært mun einum endast eða öngum af váru liði. Enn sá mun eigi fara, því at mér þykkir landtakan óvisleg, þar er Gunnarr er á strönd fyrir, enda er eigi víst, hversu sundit tekst. Nú munu vér heldr ganga inn til nausta ok vita, ef vér fáum oss þar skip at róa eftir honum, þó at oss sé þat nökkuru seinna; enn þó skulu vér at hyggja jafnan, hvert hann legst“. Þeir Helgi gera nú svá sem hann mælti fyrir, enn Gunnarr legst yfir vikina ok kemr á land fyrir sunnan skriðurnar, er nú heitir Gunnarsdæld. Því hafa þeir menn saman jafnat, er hvárttveggja hafa komit ok kunnigt er um, at þat sé jafnlangt sund, er Gunnarr hefir lagizt yfir þvera Njarðvík, ok frá Naustadæli ok yfir til Vindgjár. Gunnarr hleypr þá upp á nesið Snotrunes. Hásetar Gunnars sátu öðrum megin nessins búðsetu. Hann leitar þangat til þeirra. Þeir Droplaugarsynir róa yfir vikina ok koma litlu síðar á land enn Gunnarr. Þeir setja upp skipit ok ráðast til göngu ok sjá hvar Gunnarr ferr. Þeir herða nú eftir honum. Gunnarr hleypr inn í búðina. Þá sitja þeir at dagverði. Gunnarr bað þá ásjá, — „vilda ek, at þér verðizt með mér; munu vér þá eigi uppgöfnir fyrir þeim er eftir sækja“. Þeir kváðust aldri mundu gefa sik upp fyrir ógiftu hans. Hann gaf nafu vikinni, ok kendi við féлага sína, ok kallaði

Geitavík, ok svá heitir hon ávalt síðan. Ok er hann sér, at hann fær ekki af þeim, þá snýr hann brott ok upp á Snotrunes. Hann stefndi suðr til Borgarfjarðar með ekki meirum birgðum, enn áðr hafði hann. Þeir Droplaugarsynir sjá, at Gunnarr hleypr brott ór vikinni; koma þeir ekki þar; þeir hlaupa hit efra fyrir ofan búðirnar. Gunnarr tekr nú at hrymjast mjök á fótum, er hann hljóp berfættr um klakann, ok kuldi mikill; frjósa at honum línklæðin; dugði honum þat, at hann kostaði um ferðina slíkt er hann mátti; fekk honum því vermans. Nú dregr þó saman með þeim unz hann kom upp í ásinn; þá hallar brátt af suðr.

19. Sunnan undir hálsinum stendr bær, er heitir á Bakka. „Sá er næst“, hyggja þeir. Þar bjó sá maðr er Sveinungr hét. Hann var kraftamaðr mikill ok átti einn son níu vetra gamlan, þá er þetta varð tíðinda. Ekki var þar fleira karla; váru þar *enn* konur nökkurrar. Sveinungr var einrænn maðr ok var mál manna at hann væri eigi allr þar sem hann var sénn; enn þó var hann góðr þá er hann vildi, enn gerði við fá eiga. Sveinungr var þennan dag farinn at torfi á þá leið sem Gunnarr var á för. Hann er þá at gera hlassit, er Gunnarr hleypr þar hjá; hann hafði þá borit í hripin, enn eigi hlaðit í milli. Gunnarr hleypr at Sveinungi ok mælti: „Bjargaðu mér“. Sveinungr svarar:

„Hvers þarftu við?“ Gunnarr svarar: „Fjándmenn mínir hlaupa eftir mér ok vilja drepa mik, ef þeir ná mér“. Sveinungr spyr, hvern hann væri. Hann svarar: „Ek heiti Gunnarr ok em ek kallaðr Þiðrandabani“. Sveinungr spurði: „Hverir hlaupa eftir þér?“ Gunnarr svarar: „Ek veit þat eigi víst, þó ætla ek at þeir sé Droplangarsynir“. „Þat er vel“, segir Sveinungr, „ok mun hér eigi at sökum at spyrja; er þat gott at vita, þó at þú fáir hegning fyrir þann glæp, er þú hefir unnit, drepit þann mann, er allir hugðu bezt til“. Gunnarr svarar: „Eigi dyl ek at verkit sé ilt orðit. Er ekki þörf at minnr. Er þat öllum boðit, at bjarga sér meðan hann má“. Sveinungr mælti: „Legstu niðr á milli hripanna, ef þú vilt, enn ekki mun þér þetta duga fyrir slíkum köppum sem eftir sækja“. Sveinungr steypir af sér kuffinum ok færir hann í. Gunnarr legst nú í sledann milli hripanna, enn Sveinungr þrífir í tauma hestsins ok léttir eigi fyrr enn hann kemr heim á Bakka. Enn þá er Gunnarr lagðist niðr í sledann, bar hann inn á milli þeirra. Váru þeir Droplangarsynir þá vestan í hálsinum, enn torfin eru austan í hálsinum ok sáu þeir eigi fyrir því. Sveinungr ekr fyrir þver dyrr hlassinu. Sveinninn stóð í dyrum; hann var í hvítum stakki ok söluváðar brókum. Sveinungr mælti við sveininn: „Taktu staf þinn ok

hlaup suðr ok upp í fjall ok safna saman fé okkru, því at veðr gerir illilegt, ok rek í hús“. Sveinninn mælti: „Fara mun ek inn í stofu ok taka hött minn ok vöttu“. Sveinungr mælti: „Þá er vér várum ungir, þurftum vér hvárki hött né vöttu“. Nú hleypr sveinninn slíkt er hann má, því at hann var hræddr við föður sinn. Sveinungr beitir hestinn frá hlassinu ok leiðir til brunns; lætr síðan inn í hús; eftir þat gengr hann heim. Hann leysir þá ór sledanum reipin ok reisir hann við vegg upp. Í þessu bili koma þeir Droplaugarsynir þar í tún.

Sveinungr heilsar þeim glaðlega. Þeir tóku því vel. Hann spyrr, hversu af stæðist um ferðir þeira. Helgi spyrr, hvárt hann hefði nökkut manna sét hjá sér áðan, — „er þú ókst torfinu“. „Engan sá ek nema sjálfan mik, enn heimill er greiði við ykk, sá er þér vilið þiggja“. Helgi kvaðst einkis við þurfa — „er dags mikit enn eftir; er mér miklu meiri forvitni á um þennan mann, er áðan hljóp um torfgrafirnar; þykki mér þat eigi vera mega, at þú sæir hann eigi“. Sveinungr svarar: „Aldri veit ek, hvárt ek sá eigi áðan mann hlaupa fyrir ofan torfgrafirnar í ljósum klæðum ok sá hinn sami hleypr nú þar suðr í fjallit“. Hann réttir til höndina ok visar þeim til. Þeir sjá nú, hvar maðrinn hleypr; eggjar Helgi nú, at þeir skyldu leggja eftir manningum. Þeir

gera nú svá. Enn er hann hljóp í burt, þá hafði Sveinungr velt hlassinu inn í anddyrit; varð Gunnarr þá undir enn hripin á hann ofan. Þar lá hann þá er þeir kómu Droplaugarsynir, ok nú þegar er þeir váru burt, þá ryðr hann af honum torfinu. Hann tekr hníf ór skeiðum ok ristir af honum klæðin; eftir þat fylgir hann Gunnari í fjóshlöduna; kemr honum á heystál upp. Eftir þat gengr Sveinungr inn ok hleðr upp torfinu. Droplaugarsynir gengu suðr yfir Brunnlækjar brunna, — þat er á sunnanverðum vellinum. — Þá stingr Helgi við fótum, nemr staðar ok mælti: „Þó ferr þessi maðr frálega, er áðr er nýkominn af sundi, er hér hleypr í fjallinu. Þætti mér sem hann myndi nú mjök hrymðr, er hlaupit hefir berfættir á klaka í allan dag. Eða, hvárt æpir hann eigi at fé?“ Gunnsteinn Þorbjarnarson svarar: „Hvat muntu þat mega marka, má hann þat gera til ólíkinda“. Helgi svarar: „Eigi sýnist mér sjá maðr svá vera sem mér væri ván at Gunnarr mundi vera. Munu eigi þau töfl í vera, at Sveinungr muni hafa sent heiman son sinn at safna heim fé, enn hann hafi borgit hinum ok komit undan. Nú skulu vér ekki elta þenna mann. Skal nú snúa af ok eiga við Sveinung bónða“. Þeir ganga nú heim til bæjarins, enn Sveinungr er inni í anddyri ok hleðr upp torfinu ok mælti: „Hví farið þér svá

hverft?“ Helgi svarar: „Því at þat er vár ætlan, at maðrinn muni vera í þinni varðveizlu, enn eigi í fjalli uppi, sem þú sagðir: Er þar son þinn“. Hann svarar: „Ek ætlaða, at hann mundi í stofu inni. Enn þó veit ek eigi, hversu ek munda nú fara at fela hann“. Helgi svarar: „Þú munt hafa látit hann í milli hripanna ok velt honum af sledanum með torfinu; munu vit hafa gengið á hann. Nú viljum vér rannsaka hér“. Sveinungr svarar: „Hafi þér nú ríki til þess fyrir liðfjölda sakir, enn aldri hefi ek fyrr rannsakaðr verit sem þjófar“. Nú ganga þeir inn ok rannsaka hús öll ok finna hann eigi inni. Þá mælti Helgi: „Bæði skal koma í fjós ok hlöðu“. Sveinungr svarar: „Þat er víst, at þar sé austmaðrinn, því at hon baula er jafnan taðdrjúg“. Helgi svarar: „Aldri hirði ek um skrítyrði yður“. Sveinungr gengr til rúms síns ok tekr ofan sax eitt mikit. Þat var níu alna hátt. Hann festir þat á sik. Síðan gengr hann til fjóss ok lýkr upp fjósinu. Hann snýst þá við honum Helga ok mælti: „Vita munu þér, Helgi, hvat lög eru, því at þú ert lagamaðr mikill, at eigi skulu fleiri menn inn ganga enn fyrir eru. Nú em ek einn. Vil ek at einn yðarr gangi inn, því at ekki eru hér fleiri fylgsni, enn brátt munu ratast í básum mínum, ok stíum hjá geitfé mínu; vil ek ekki hark manna, at fé mitt skemmist af vápnnum

þeira. Enn í hlöðu eru dregnar geilar umhverfum hey; myrkt er þar, því at ek lét þar inn færa mikit úthey á hausti, ok byrgja öll vindaugu með myki, enn frosin hart; láttu menn þína höggva upp vindaugu, enn Helgi gangi með mér ok rannsaki“. Helgi svarar: „Svá skal vera, sem þú leggr ráð til“. Hann gengr inn í fjósit. Helgi gengr með honum, enn þeir Grímr ok hans menn höggva upp vindaugun. Þeim gengr seint, því at hart var mjök frosit. Helgi rannsakar fjósit í básum ok stíum. Eftir þat ganga þeir til hlöðu. Þá mælti Sveinungr: „Nú skaltu standa í dyrum enn ek mun ganga í hlöðuna ok umhverfum heyit, ek mun ok ganga upp á heyit ok velta ofan af því er vott er. Er þér ófært at fara upp á heyit fyrr enn ek hefi hreinsat áðr, því at þú ert skartsmaðr mikill; vil ek eigi at saurgist klæði þín“. Sveinungr ferr nú upp á heyit, leggr austmanninn niðr á stálit innanvert, vefr nú at honum flögu mikla ok þurra; veltir nú öllu saman út af stálinu ok lætr liggja flögurnar; ok er hann er at velta hinni fjórðu flögunni, þá hafa þeir uppi vindaugat ok er þá ljóst í hlöðinni. Þá sjá þeir, at þar eru öngvir afkymar. Þá stendr Sveinungr upp af heyinu ok mælti: „Nú hafi þér sét hér fylgsni öll. Er nú at leita í heyinu ok fletta öllu upp í flögum. Mun annat hvárt, at hann mun eigi hér vera, eða í hey-

inu; ella farið til ok brjótið upp heyt, ef þér vilið, enn ek mun standa hjá“. Helga fanst fátt um ok mælti: „Aldri nenni ek at brjóta þat upp, ætla ek, at eigi þurfi hér lengr at leita“. Eftir þetta fara þeir burtu ok biðja ekki Sveinung vel lifa. Þaðan á leið fara þeir sem fyrr, ok er þeir koma suðr í garð, þá rekr sveinninn féð þar í móti þeim. Enn þegar þeir Droplaugarsynir eru á braut, þá tekr Sveinungr austmanninn á braut, enn lætr liggja flögurnar. Hann fylgir honum til sjávar ok til nausts síns. Þar var velt fyrir framan skip, er Sveinungr átti, er hann sótti sér farm á suðr í fjörðu um haustit; váru grafnir stafirnir niðr í jörð, enn nú fokinn undir snjór hit neðra með borðunum. Þar var ok inni sauðfé, er Sveinungr átti, þá er ilt var úti. Sveinungr tekr nú pál ok grefr nú inn undir skipsborðit. Hann lætr Gunnarr koma inn undir skipit. Síðan moka hann at snjónum ok sauðamyki, enn í þessu kemr sveinninn með féð, ok reka inn ok byrgja aftr hrófit. Treðr féð svá, at ekki sér nývirki á. Sveinungr brokkar þar eftir, enn sveinninn ferr heim. Droplaugarsynir fara suðr frá garðinum. Þá stingr Helgi við fótum ok mælti: „Þar kemr at því sem mælt er, at eftir koma ósvinnum manni ráð í hug; þykki mér sem vér munum enn hafa vanleitit hér“. Grímr svarar: „Hvar ætlar þú hann muni verit

hafa?“ „Flögur þrjár velti Sveinungr utar af heyinu; enn mér þótti sem sú fyrsta væri þyngst, enn þá var myrkt at, ok þá sagði hann at ek skyldi til ganga“. Grímr svarar: „Hví sáttu eigi þetta þá sem nú“. Helgi svarar: „Því mér þótti þá eigi jafnlílegt sem nú. Nú skal þó aftr hverfa at sinni“, sagði Helgi. Sjá hlutr er sá, at mörgum aflar tvímælis á, at Helga muni áráðisfátt vorðit hafa, þá er þeir váru tveir inni, ok muni hann þá sét hafa, enn þótt eigi til ráðanda. Grímr mælti: „Skulu vér nú til fjóss ganga?“ „Nei“, sagði Helgi, „eigi get ek þess við þurfa“. Þeir ganga nú ofan eftir vellinum. Þá er Sveinungr kominn upp úr klifum neðan ór fjörunni; ok er þeir finnast, þá tekur Sveinungr til orða: „Enn stýrir þú hverft, Helgi“. Hann svarar: „Svá mun þér þat þykkja“. „Hvært skal nú áleita“, sagði Sveinungr. Helgi svarar: „Mér þykkir vanleitit enn í þínum herbergjum“. Sveinungr svarar ok brosti at: „Hvar mun hann nú verit hafa?“ „Þat get ek at hann hafi verit í flögu þeiri er þú veltir fyrst; sú valt þunglegast“. Sveinungr svarar: „Þá munda ek nú ganga þangat ok grípa hann í klær þér“. Helgi svarar: „Hafa muntu slægð til þess at koma honum þaðan á braut ok í annat leyni“. Sveinungr mælti: „Hvært viltu þá þess leita?“ Helgi svarar: „Nú vil ek leita hans niðri í naustahúsi þínu“.

Sveinungr mælti: „Þetta er miklu ráðlegast at þær gymlur muni hafa tekit við honum, því at þær hafa ráð undir hverju rífi. Ek á þar fé mart inni, ok hefi ek byrgt, enn ef þér látið hrófit upp, þá fel ek yðr alla ábyrgð á hendi, því at fénaðr er þegar í fjöru, enn nú er haf-rænlegt; kann hér jafnan þat á at verða í Borgarfirði, at flæði féð, sem áðr er kunnugt. Nú ef þér látið út féð, enn eigi inn, þá ætla ek yðr at ábyrgjast bæði við hriðum ok sjávar-gangi. Ek á þar skip inni, er ek hvelfda at hausti. Þat eitt er þar fylgsni. Nú munu þér þat verða ór stað at færa, ef þér vilið þar rann-saka. Nú fel ek yðr þar slíka ábyrgð á hendi sem á öðru, ef nökkut verðr at“. Helgi svarar: „Þat hirði ek aldri; veit ek eigi, hvat at ábyrgð verðr. Alt skal nú leita af nýju“. Helgi gengr ofan í einstigið, enn Sveinungr sezt niðr á bakkanum ok horfir út á sjóinn. Þeir ganga nú at hrófinu ok hleypa út fénu. Þá mælti Helgi: „Jafnt er sem Sveinungr segir, ekki eru hér fylgsni fleiri enn undir skipinu. Skulu þér höggva hjá um-hverfum skipit. Síðan skal færa ór stað skipit“. Þá mælti Grímr: „Eigi munu vér þess við þurfa, bróðir; stingum heldr spjótum várum inn undir borðin; munu vér þá varir verða ef nökkut verðr fyrir; enn vér megum ekki upp koma skipinu, nema vér brjótum nökkut at; er þat skaði mikill, ef brotinn verðr svá góðr gripr“.

Þá taka þeir þetta bragð; stanga spjótum alla vega undir skipit. Þá verður Gunnarr varr við ok þrífir um innviðuna, enn spyrnir í bitana, ok þar hrökkvist hann at upp, enn þeir lögðu fyrir neðan. Fekk Gunnarr mikinn þykk af eins manns vápni; hann fekk lagit í gegnum lærit fyrir neðan þjóhnappana. Þetta var mikit sár. Við þenna áverka brá Gunnarr sér ekki, ok ekki fann sá er helt annat enn hann hefði stungit í snjóinn. Ok er þeir höfðu leitast sem þeir vildu, þá ráðast þeir á burt, ganga ór naustinu ok láta eigi féð inn. Þeir ganga upp einstigit. Sitr Sveinungr þar á bakkanum. Hann mælti ekki orð við þá. Sveinungr var þústinn mjök ok litverpr; stundum var hann bleikr sem bast, enn stundum svartr sem jörð; nær horfðu fram öll hárin eftir hans haus. Þeir þóttust þá mega sjá, at honum var mikit í skapi, ok áttu þar ekki við hann, því at þeir höfðu þat fyrir satt, at þá mundi Sveinungr hafa trylzt at þeim, ef þeir hefði austmanninum náð. Eftir þat fara þeir Droplaugarsynir á burt, enn Sveinungr vitjar austmannsins ok færir hann heim á því kveldi í sín herbergi ok bindr sár hans. Eftir þat færir hann Gunnarr í jarðhús, er hann átti; þat var eigi heima á bænum. Þeir heldu suðr með hliðinni ok stefndu suðr til Dysjarmýrar; kómu þar svá at liðit var dagsétr. Þar bjó sá maðr, er Gunnsteinn hét; hann var goði

þeira Borgfirðinga ok hafði þar mannaforráð. Gunnsteinn var samborinn bróðir Sveinungs. Gunnsteinn var manna mestr ok sterkastr, búþegn góðr, ok hinn harðasti í skapi við hvern sem hann átti; var þat enn orðtak manna, at hann væri í þvilíkri náttúru sem Sveinungr, at hvárrgi væri einhamr. Þeir bræðr kalla út Gunnstein. Hann fagnar þeim vel ok býðr þeim þar at vera, ok þat þiggja þeir; er þeim fylgt í stofu ok dregin af þeim klæði. Þar höfðu menn lokit náttverði. Var þeim unninn beini góðr. Þá sezt Gunnsteinn framan at stóli þok spyrr at ferðum þeira ok erendum. Helgi segir honum léttilega frá öllum rekstri þeim er þeir höfðu haft við Sveinung um daginn. Enn er hann heyrði, at Sveinungs var getit, þá spyrr hann vandlega, hversu með þeim hefði farit. Enn Helgi segir jafnt sem farit hafði. Enginn maðr hafði þá kníf á belt; þá er menn fóru úti, höfðu þeir tygilknifa, ok festu á háls sér. Helgi bregðr knífinum ok ætlar at matast; hann tekr þann hlut, sem eftir var á diskinum; þat var skammrif eitt. Nú bregðr hann knífi ok ætlar at skera af. Hann mælti þá, Helgi: „Eigi er ofsögum sagt um fé þetta, er hér gengr um Miðfjörðu, því at mér þykkir þetta líkara af nautum munu vera“. Gunnsteinn svarar alls öngu. Hann seilist upp yfir borðit ok þrífir hönd hina hægri fyrir ofan ulfiðinn ok kreistir

höndina svá fast, at hann lýr hana alla ok ór hrytr knífrinn ok niðr á bordit. Þá kastar hann niðr skammrifinu, enn þrífir til handarinnar ok lítr til Gunnsteins. Hann sér, at Gunnsteinn var svá bleikr í andliti sem nár ok fram horfðu öll hár á höfði honum. Helgi mælti þá við Gunnstein: „Hvært ætlar fjáandi þinn at hamast á oss?“ Gunnsteinn svarar: „Ekki mun ek tryllast á þér, enn halda mun ek þangat til, er þú hefir sagt mér með röskleik, hvært þú hefir ekki mein gert bróður mínum“. Helgi svarar: „Láttu mik lausan. Ekki mein hefi ek gert honum; eigi fyrir því, slíkr skratti er hann sem þú, ok eigi ætla ek hann sé betri“. „Trúa mun ek at þú hafir drengskap til at segja satt, enn ef öðruvís er, skulu vit eigi skildir“. Gunnsteinn lætr þá lausa höndina, enn Helga varð svá stírd höndin, at hann kendi einskis fingrs á þeiri hendi. Hann sprettr þá upp undan bordinu ok allir þeir, ganga innar at pallinum ok setjast þar niðr. Engi þeira tekr til matar. Er þá fram borinn matrinn. Fóru heimamenn þá í rekkjur. Enginn þeira Helga manna þiggr þar greiða; leggjast þeir niðr í klæðum sínum ok eru þar um nóttina. Ok er lifa mun þriðjungr nætr, þá gengr Helgi út; er þá ljóss vegr, enn tungl óð í skýjum. Þá snýr Helgi inn ok vegr upp menn sína; segir at allgóðr sé vegr. Þeir fara nú burt þaðan

ok biðja Gunnstein ekki vel lifa; ganga upp á heiðina. Enn er þeir kómu upp at bæ þeim er í Hvannstóð heitir — sá er efstr í Borgarfirði, — þá lýsti af degi. Þeir ganga upp heiðina. Helgi gekk fyrir, enn ilt var at fara mjök. Helgi vildi niðr setjast ok hvilast. Hann skaut frá sér spjótinu, enn falrinn lá í knjám honnm. Hann sér at spjótit var alt blóðugt. Þá tekr Helgi til orða: „Satt er þat, sem mælt er, at oft verðr litils vant, ok get ek svá hér hafa orðit. Gefast annarra ráð verr enn mín. Þar hefir austmaðrinn verið undir skipinu. Hefir hann fengit geig nökkurn af spjóti mínu, enn eigi veit ek, hversu mikill er. Mundi yfir hafa tekit, ef svá hefði verit með farit, sem ek gaf ráð til“. Þeir syöruðu: „Förum vér aftr hvatlega, ok drepum Sveinung. ef vér náum eigi austmanninum“. Helgi svarar: „Hefði hann maklegleika til þess, enn eigi sýnast mér þeir bræðr hvers manns færi við at eiga. Get ek, at Sveinungr muni hafa brögð undir brúnum; munu vér eigi auðnu til bera yfir höfuðsvörðum Gunnars at standa, er dregr þá undan er í hvekkingum var með oss. Enn þat er nú satt at segja, at ek hygg, at Gunnarr sé fára maki í hreysti ok eljun. Mun nú skilja með oss at sinni“. Stendr Helgi þá upp ok tekr til göngu. Léttu þeir eigi fyrr, enn þeir kómu á Arneiðarstaði. Hitta þeir Þorkel Geitisson. Hann

spyr, hversu farit hafi, enn Helgi segir alla atburði, svá sem gengit hafði. Þorkell kvað mjök vaxa ófrið, enn ekki við meðalmenn at eiga, þar sem þeir váru bræðr. Þorkell kvaðst þar hafa setit yfir nafna sínum til hádegis í Djúpahvammi — „enn þá lét ek hann lausan; sneri hann þá heim til Njarðvíkr“. Nú skiljast þeir; ferr Þorkell Geitisson heim í Krossavík, enn Helgi ferr heim á Arneiðarstaði.

20. Þessi atburðr spyrzt nú víða, ok þótti mönnum sjá maðr mjök ór öngum ekit hafa. Líða nú stundir ok eigi langar, áðr enn Sveinungr ferr heiman ok austmaðr með honum. Þeir fara upp yfir heiði ok léttu eigi fyrr, enn þeir koma í Mjóvanes. Þeir finna Helga Ásbjarnarson. Ferr austmaðr heim í herað. Helgi tektr við honum ok lætr hann koma í útibúr sitt er stóð úti í túni. Ekki vissu þetta fleiri menn enn Helgi ok Sveinungr, at austmaðr var þar kominn til varðveizlu. Er hann þar þat er eftir var vetrarins; enn flestra manna ætlan er þat, at Gunnarr mundi með Sveinungi vera. Líðr nú várit ok svá fram at þingi. Þingstöð manna var at Helga Ásbjarnarsonar at Kiðjafelli. Helgi átti at helga þing. Hann sá at eigi mátti hann bæði fara at helga þing ok varðveita austmann, svá at eigi yrði nökkur varr við at hann væri þar. Hann tektr þat ráð, at hann sagði við Þórdísi toddu um kveldit þat

hit sama ok hann skyldi heiman riða um morguninn eftir, at þar væri Gunnarr Þiðrandabani í hans varðveizlu, — „vil ek nú at þú takir við valdi hans, meðan ek er í burtu ok gætir, at eigi verði menn varir við, at hann sé hér“. Þórdís svarar: „Undarleggr maðr ertu, Helgi, er þú ætlar, at ek muni halda þann mann, er oss hefir slíkt mannsPELL gert. Skal ek láta drepa hann, ef ek nái honum, ok skal ek þetta efna sem ek hét. Sýnist mér sem þó sé ærinn agi meðal vár frænda. Er þat eigi ólíklegt, at af þessu gráni enn meir með yðr enn áðr. Ek skal þegar á morgun senda mann Bjarna bróður mínum; skal hann hafa virðing af“. Helgi svarar: „Þat gerir þú sem þér líkar; þér mun ek selja hann. Máttu ok muna, hversu mikils þú varst virð meðan þú varst heima. Varstu þá í einum sloppi ok gekst þar fyrir búí; sá ek þik ekki betr haldna enn eina ambátt, áðr enn ek tók við þér. Nú máttu hugsa, hvat þú átt mér at launa, því at þú gerist nú at litlu færa kvödd enn ek; svá tekr nú at vera þín virðing, at nálega vill svá hvern maðr sitja ok standa sem þú vilt. Nú er þér þat at segja, ef þú selr fram manninn undir öx Bjarna, at jafnskjótt skaltu í burt verða ok norðr til Hofs ok hafa slíka sæmd sem Bjarni bróðir þinn hýggir þér, ok aldri skaltu í sama húsi mér vera meðan þú lifir“. Hon svarar: „Þat hirði

ek aldri, hverju þú heitr mér; mun Bjarni mik at öngu ver halda enn þú“. Þau skilja nú ok þótti sitt hváru þeira. Líðr af nóttin, enn um morguninn drífa menn at honum Helga. Hann lætr reka at hesta; ríðr Helgi á burt með sínu liði ok upp á háls; hann helgar þing. Enn er Helgi er á burtu, þá gekk Þórdís til útibúrsins ok lýkr upp. Hon gengr at Gunnari ok veitir honum beina; hon mælti ekki við hann. Líðr dagr sá til aftans; er þá hýbýlum á leið snúit í Mjóvanesi; ok er menn eru undir borð komnir, er drepit á dyrr ok til hurðar gengit. Þar eru komnir menn úti, nær átta tígum manna. Þeir kalla út Þórdísi. Hon gengr út ok kennir Bjarna bróður sinn. Hon tekr við honum með allri blíðu. Bjarni þektist þat vel. Er þá tekit af hestum þeira, ok er þeim beini veittr; ok er lokit er náttverði, þá fara menn í hvílur. Þórdís gengr þá til hvílu þeirar er Bjarni hvílir í. Hon legst á rekkjustokkinu. Þau taka tal með sér, því at þeim varð mart til tals. Þar kom þó um síðir, at Bjarni tekr svá til orða: „Þat er mitt erindi hingat, at ek hefi haft njósn, at Gunnarr hefir hér verit um hrið. Nú víska ek, at Helgi mátti eigi annast hann, meðan hann var á þingi; hann mun nú vera í þinni varðveizlu“. Hon svarar, kvað þat eigi vera — „ok eigi veit ek, hví þú ætlar niér þat, at ek munda varðveita þann mann, er svá

mikit skarð hefir gert í ætt várri, at vér munum aldri bætr bíða“. „Ekki hirði ek, hvat þú segir til þess, því at þat veit ek, at hann er í þínum hýbýlum; fór ek af því hingat til þín, at ek þóttumst vita, at þú mundir mína för góða gera. Nú er ekki at dylja þess er satt er. Enn veit ek, fyrir hvat þú dylr. Hann mun hafa boðit þér varnað á um, at segja til hans ok heitit þér ógnun, talit upp hversu ósællega þú varst sett, meðan þú varst heima; mun hann hafa heitit þér, at reka þik á burt með hrakningum. Enn þó at svá sé, at þú komir til Vápnafjarðar, þá skaltu eigi minna ráðandi enn hér í Fljótsdalshéraði, ef þú gerir nú mína sæmd sem ek beiði“. Þórdís kvaðst eigi mega þat segja, er eigi var til ok hon vissi eigi hvar væri. „Ekki hirði ek um dulkofra þinn, því at ek mun nær geta hvar hann er, ef ek vilda eftir leita. Nú mun ek mark til gera, at mér þykkir mikit undir at ná manningum. Ek hefi sjau hundruð silfrs í einum sjóð; þat er hit bezta fé; þat skal gefa þér til þess, at þú selir fram manninn mér í hendr“. Þórdís svarar: „Ófésparari ertu nú við mik, enn þá er ek var heima at Hofi; enn ekki þætti mér þat verra, þó at ek ætta þat; því minna munda ek ok við taka fénu, ek ek vissa, hvar hann væri“. Bjarni svarar: „Þá mun ek segja þér, hversu fara mun; ek mun hér rannsaka öll

hýbýli á morgun, þar sem mér þykkir líkast til. Þat get ek, at hann sé í vöruhlaða þínum, ok skal ek hann þaðan draga, ok drepa hann fyrir augum þér til hörmungar“. Þórdís svarar: „Eigi mun sú raun á verða, at hann sê hér“. Snýr hon nú til rekkju sinnar ok er skapþungt, sem ván var til. Sofa menn af um nóttina. Þegar menn eru sofnaðir, stendr Þórdís upp í klæði sín. Hon vekr upp mann einn; það hann ganga út með sér, ok er þau koma út, þá mælti Þórdís: „Þú skalt fara sendiför mína skyndilega upp undir Kiðjafell á Þingvöll. Þú skalt segja Helga, at hann komi heim sem hann má fyrst, ok fari eigi fámennr; seg, at þeir eru hér gestir komnir, at ek þykkjumst eigi fulla sæmd veita mega, nema hann sé við; því at ek á öngum manni meiri sóma at veita, enn Bjarna bróður mínum. Ek veit, at hann mun skjótt við bregða. Ríð nú mikit ok far ákaft, því at ek heit þér því, at þú skalt eigi sauðreki þurfa at vera heðan af, meðan við lifum bæði, ef þú gerir vel þetta erendi“. Hann tekr hest ok ríðr upp á hálsa ok léttir eigi fyrr enn hann kemr á þing. Hann ríðr til búðar Helga ok stígr af baki. Hann gengr inn í búðina ok at þar er Helgi hvíldi. Hann fagnar vel húskarli ok spurði tíðinda, enn hann sagði erendi sín, þau er Þórdís bauð honum. Þá var í nætr elding. Hann býst skjótt ok kveðr upp menn

sína ok biðr reka at hesta. Riðr hann þegar burt af þinginu með hálfu annat hundrað manna ok út eftir hálsu ok svá heim í Mjóvanes.

Enn um morguninn snemma í Mjóvanesi, þá stendr Bjarni upp, ok lætr menn sína brátt reka at hesta sína — „vil ek riða á burt“. Þórdís gengr at honum ok bað at hann skuli eta dagverð — „áðr þér riðið“. Bjarni kvaðst eigi nenna at rannsaka hana sem þjófa fyrir frændsemis sakir — „enn hefir þú maklegleika til; viltu allskostar ilt til mín gera. Munda ek finna hann, ef ek vilda leita með harðindum, því at þar mun hann vera sem ek sagða þér í nótt“. Eftir þetta riðr Bjarni á burt með menn sína. Skiljast þau systkin með lítilli bliðu at sinni. Síðan riðr Bjarni út með vatni. Ok er þeir eru komnir út með vatni, sjá þeir jóreyk ofan at garði í Mjóvanesi. Riðr Helgi ákaft; hann kemr í tún; er Þórdís þá eigi inn gengin. Hon snýr at Helga bónda sínum ok fagnar honum vel. Hon segir honum allar viðræður þeira Bjarna ok hversu farit hafði alt með þeim — „hefi ek þik meira metit enn alla aðra“. Hann þakkar henni allan góðvilja — „vissa ek, at ek var vel kvángaðr, enn eigi vissa ek, at þú varst slíkr skörungr sem þú ert. Hefir þú miklu betr þetta gert, enn þú hézt. Nú mun ek riða aftr á þing, ef þú þykkist birg heima“.

Hon segir Helga þá hvat Bjarni hafði fram lagit ok hvat hann hafði um mælt. Eftir þetta riðr Helgi til þings. Þórdís stjórnar búi heima. Bjarni riðr norðr til Hofs; enn þau Þórdís ok Helgi höfðu Gunnar með sér ok gerðu vel til hans. Er hann þar um sumarit í góðum fagnaði ok fæddr þó á laun.

22. Þeir Droplaugarsynir heldu svá ríkt vörð á um skip þat er Gunnarr átti, at hann náði aldri þangat at koma, ok öngum fjárlut náði hann, nema nökkurum gripum ok þó fám. Austmennirnir fara utan um sumarit, koma til Norregs ok segjast aldri vita, hvárt Gunnarr mundi koma til Hálogalands eða eigi. Nú segja þeir öll tíðindi ok undanrekstr þann allan, er hér hafði verit. Þetta sumar riða menn til þings ok leggr Þorkell Geitisson fé til höfuðs Gunnari, ok fekk öllum höfðingjum umboð, at hann skulu höndum taka. Allir hétu góðu um þetta, enn þeir þó mestu, er Þorkell átti heitast vinfengi við, ef þeir kæmi því fram. Þat var Þorkell Eyjólfsson; hann bjó vestr at Helgafelli ok átti Guðrúnu Ósvífrsdóttir. Hon var í kærleikum við Helga Ásbjarnarson; höfðu þau fyrr sendst gjöfum í millum; þó hafði Þorkell Eyjólfsson eigi vitat til þess. Ok er af liðr sumarit, þá lætr Helgi járna hesta þrjá. Hann fær mann til föruneytis við Gunnar ok sendir hann norðr á Möðrudalsheiði ok svá norðr hit

efra til Mývatns; fara svá vestr til sveita, unz hann kom til Helgafells, því at hann var sendr þangat til umsjár ok halds með gnógum jar-tegnum til Guðrúnar Ósvífrsdóttur, at hon skuli taka við honum með bliðu ok halda hann þar fyrst um vetrinn ok koma honum utan um sum-arit eftir. Bar ok vel í móti nú; er Þorkell eigi heima; hann hafði heitit Þorkeli Geitissyni, at taka Gunnar af lífi, ef hann næði honum. Þorkell hafði farit út í eyjar eftir skreið. Guð-rún tekr við Gunnari afar vel. Dvelst föru-nautr Gunnars skamma hríð. Sendir Guðrún Helga Ásbjarnarsyni góðar gjafir. Ferr hann til þess er hann kemr í Austfjörðu. Gellir hét son þeira Guðrúnar ok Þorkels; hann var ungr maðr ok vel mentr ok farmaðr mikill. Hann kom út þetta sumar í Laxárósi, enn nú var hann at vist með föður ok móður at Helgafelli. Ok er Gunnarr hefir þar verit eina nótt, þá kemr Þorkell heim síð um aftan. Þar var fjöl-menni mikit. Eru gervir eldar fyrir þeim ok dregin af þeim klæðin. Menn ganga fram ór stofu til eldanna. Þorkell sér, at þar gengr fram maðr einn, í blám kyrtli ok heklun grárri. Sá maðr var ákaflega þreklegr, enn eigi hár. Hann hafði bjarta öxi í hendi. Maðrinn var ljóss á hár, réttleitr ok vel í yfirbragði. Þor-kell spyr, hvern sá maðr væri hinn drengilegi. Hann segir til sín ok kveðst Gestr heita. Þor-

kell starir á þenna mann um hrið ok mælti: „Furðu líkr ertu þeim manni at frásögn, er heitir Gunnarr ok er kallaðr Þiðrandabani, ok hefir verit í Austfjörðum um hrið. Eða hvar er heimili þitt, eða hvárt ætlar þú at fara?“ Þá varð honum orðfall ok svarar öngu. Þorkell svarar: „Svá virðist mér, sem þú munir annarr maðr enn þú segir, ok rétt get ek at ek fara um nafn þitt ok athöfn“. Gunnarr svarar: „Enn ef svá er sem þú segir, hvar mundir þú þá til taka?“ Þorkell svarar: „Þat skaltu vita brátt“. Hann sprettr nú upp ok þrífr sverð eitt er lá í sætinu ok hét Sköfnungr, er síðan týndist með honum á Breiðafirði. Þorkell bregðr þegar sverðinu ok hleypr innar yfir eldinn ok höggr til Gunnars. Hann bregðr við öxinni ok upp yfir höfuð sér. Þorkell höggr í öxarfetann, enn misti mannsins; svá fast hjó Þorkell, at mjök svá festi sverðit í öxarfetanum. Gunnarr bregðr við ok færir upp öxina. Menn hlaupa innar í stofuna ok sögðu Guðrúnu, hvar um var í eldaskálanum. Hon gengr fram ok biðr Þorkel bónda sinn stöðvast, — „vil ek at þú gerir honum ekki grand, nema þú vilir, at vit skilim okkart félag upp frá þessum degi, ef þú gerir honum nökkurt mein, því at Gunnarr var mér sendr af vinum mínum til halds ok trausts. Skal ek hann svá annast sem son minn til þess er skip ganga af Íslandi í sumar. Enn ef nökk-

urr maðr vill hár af höfði honum blása, þá skal ek þeim líkan grimmleik gjalda, sem ek má mestu á leið koma. Enn þat mæla sumir, at þat sé lítit gaman þeim sem þat hafa reynt, at verða fyrir reiði minni. Skal ek þá ok ekki af spara, þat er ilt er, ef ek verð vör við, at nökkurr geri honum mein. Þat vil ek, at þú eigir ekki við hann, því at honum mun einhlit mín umsjá ok velgerningr“. Þorkell svarar: „Oftast ertu ráðgjörn, Guðrún. Verðr oftast engin hæfa á, ef þú ræðr eigi því sem þú vilt; verðum vér jafnan lítilmenni af, ef þú hlutast til“. Sefast Þorkell nú brátt ok rennr honum reiðin. Er Gunnarr þar um vetrinn í góðum fagnaði.

Þat er sagt einn aftan um fardaga sjálfa, at þau Guðrún eru komin í rekkju sína. Þá tekr hann til orða: „Hversu er þess gert við Gunnar félaga þinn, at þér þykki vel vera?“ Guðrún svarar: „Þat mun ek skjótt segja þér. Skip stendr uppi í Laxárósi, þat er Gellir son minn helt hingat í fyrra sumar. Þat vil ek láta hlaða þar ok búa utan í sumar ok hlaða varnaði ok góðum reiða. Þat vil ek gefa honum, enn Gellir skal sitja eftir í sumar“. Þorkell sagði ekki í móti, — „því at mikill er ofsi þinn, enn þó mun enn sem oftast, at lítit samþykki mun á verða, ef eigi er svá gert sem þú vilt“. Slitu þau talit. Líðr af nóttin. Enn

þegar um morguninn lætr Þorkell snemma at vera; er flotat skipinu, enn fluttr til mikill varningr ok góðr. Hafa þau stórkostnað fyrir. Enn þá er albúit er skipit, þá leiða þau Gunnarr til, gefa honum skip með rá ok reiða ok miklum fjárhlut. Gunnarr þakkar þeim vel þessa gjöf ok marga aðra virðing, er þau höfðu honum veitt. Skiljast þau nú allgóðir vinir. Siglir Gunnarr í haf, þegar honum gaf byri; varð hann allvel reiðfara, tók þar land sem hann kaus á ok faðir hans átti bygdir fyrir. Gunnarr var hersis son, enn hann réð fyrir Hálogalandi. Þar var honum vel fagnat, því at nálega þóttust menn hann ór helju heimtan hafa; er þat flestra manna sögn ok orðtak, at eigi muni einn maðr meir ór öngum ekit hafa enn Gunnarr, slíkir garpar sem eftir leituðu. Annat sumar eftir býr Gunnarr þetta skip með miklum fjárhlut ok sendir út til Íslands með gripum til Þorkels ok Guðrúnar Ósvífrsdóttur ok annarra þeira, er hann þóttist góða hluti eiga at launa. Skipit kemr í Laxárós; tekr Gellir við skipinu ok hefir lengi í ferðum síðan. Enn Gunnarr sitr í búi sínu á Hálogalandi ok kemr hann lítt við þessa sögu heðan í frá.

23. Hallsteinn hét maðr, er bjó á Viðivöllum enum *nyrðri* í Fljótsdalsheraði. Hans er getit fyrr í sögunni. Hann var maðr mikill ok hinn skilríkasti bóndi. Hann átti tvá sonu,

Sigvat ok Snorra; þeir váru allvel mentir. Þeir váru ýmist keima með föður sínum, eða með Hrafnkatli Þórisssyni. Þeir váru hávaðamenn miklir, ok heldu mjök til kapps við flesta. Þeir höfðu mikit traust undir Hrafnkatli; var þá höfðingsskapr hans sem mestr í þat mund. Hallsteinn bjó svá nökkur misseri, at hann setti ýmsar konur fyrir búit; varð honum þat stórmjök óhaglegt. Þess er getit eitt vár, at hann reið ofan til Bersastaða. Bersi tekr við honum ágæta vel ok spýrr hann at erendum. Hallsteinn svarar: „Ek vilda, at þú riðir með mér ofan á Arneiðarstaði. Hefi ek lengi við mikil óhægindi búit; nú vilda ek kvángast ok hafa þar til yðvart fullting“. Bersi svarar: „Hver er kona sú?“ Hallsteinn svarar: „Hon heitir Droplaug ok er dóttir Björgólfs“. Bersi svarar: „Eigi vilda ek at þú gerðir þetta, því at ek get, at hon verði þér ofstýri. Sýnist mér sem hon sé eigi hvers manns færi, enn allvel er konan ment“. Sýnist mér, sem þit munuð allóskaplik, því at hon er hinn mesti svarri ok af góðum ættum, enn þú ert af smábúanda ætt ok smálátr í skaplyndi, enn þó þú sért fêmaðr mikill, þá tekr þú mjök stein um megn þér. Vil ek þat ráð þér gefa, sem hverjum öðrum, at hann leiti sér þess ráðaneytis, at eftir hans skaplyndi sé, enn eigi með svá lítilli forsjó, at engin eru

álit. Eru synir þínir uppivöðslumenn miklir, enn þeir Helgi eru enn kallaðir nökkut ágjarnir, ok ef þér verðið eigi samþykkir, þá mun þeira fundr skakkr verða. Nú þykki mér þín ferð eigi til ágengileg verða. Ertu áhugamikill, ok miklu framar enn ek ætlaða; því at ek hefi lengi verit húsfreyjulauss ok oft verit áeggjaðr at biðja hennar, ok hygzt mér svá at, sem mér muni eigi hæfa at fá hennar; mun ek heldr búa einn saman um hrið. Nú let ek þik, enn þú gerir sem þér likar“. Hallsteinn svarar: „Satt er þat, sem mælt er, at öngum skyldi maðr treystast, því at sá kann mann mest at blekkja, er hann hefir mestan trúnað á. Nú varði mik aldri þessa, Bersi, at þú mundir svá fara fótum saman, enn mín sæmd liggr við öll; hefi ek lengi vinskap við þik átt, ok trúat nær á þik sem á goð, ok ertu því minni í vafi, sem ek þarf meir“. Bersi svarar: „Þat er forn orðskviðr, at veldr-at sá er varar. Nú hefi ek sagt sem mér sýnist, enn fara skal ek með þér ef þú vilt. Ábyrgist þú mest, hversu sem sækist, enn sannspár verð ek þér at þessu, at þessa muntu mest iðrast sjálfr af bragði“. Hallsteinn svarar: „Verði sem má, alt skal nú fara at einu“. Þeir riða nú út eftir heraði, unz þeir koma á Arneiðarstaði. Er gengit móti Bersa ok Hallsteini at vanda með allri bliðu. Eru þeir þar um nóttina, enn um morguninn gengr

Bersi at Droplaugu ok sonum hennar, ok kvaðst eiga skylt erendi við þau. Nú ganga þau á tal. Bersi segir upp sitt erendi. Þau Droplaug svara seinlega þessu máli, enn Bersi bað at þau skyldu eigi draga lengi þetta mál — „vil ek at þér verðið af skörungar ok segið, hvat yðr býr í skapi“. Helgi svarar: „Svá þykki mér sem þau Hallsteinn muni eigi skapglík mjök; nú vil ek, at hon segi fyrir sik; vil ek því samþykkja sem hon vill til sín snúa“. Droplaug svarar: „Auðsét er þat, at Hallsteinn hefir sét þat, at þú ert fjárfastr. Höfum vér þó þess fjár lengi vel notit, at Þorvaldr faðir ykkarr hefir átt ok saman dregit. Hefir nú síðan mjök í kostnað gengit, því at hvárt haust verðu vér niðr at leggja mart fé í bú vart; enn á várum verðr gripum til at verja at kaupa málnytu. Enn mér þykkir ilt at láta risnu mína. Enn nú ætla ek fátt ganga fé á fótum; enn eigi skorta jarðir eftir. Er hér skjótr kostur við Hallstein, at ek skal fara upp á Víðivöllu með þér ok eignast allan fjárhlut at helmingi við hann, enn ek mun ekki fé heðan hafa nema gripi nökkura, því at ek ann sonum mínum bezt at njóta þeirrar eignar, er hér stendr saman. Vil ek ok, at synir mínir standi þar til erfðar sem þau börn, er ek á við þér; mun ek aldri svá lengi lifa, at ek geti goldit þeim bónda, er ek átti, fyrir þann góðvilja, er hann

veitti mér; ann ek því bezt sonum mínum at njóta allra þeira hluta er gagn er at“. Synir Droplaugar báðu hana sjá fyrir kosti sínum, enn kváðust ætla, at þeim mundi endast fé um sína daga. Droplaug segir, at Hallsteinn mundi um þenna kost kjósa eiga. Hallsteinn gengr óhokinn at þessu, ok er nú þetta at ráðum gert. Droplaug er nú fest Hallsteini; riðu þeir nú heim eftir þat.

24. Þessi tíðindi spyrjast nú víða um heraðit, ok þeir Hallsteinessynir spyrja þetta sem aðrir. Þá fóru þeir heim á Viðivöllu ok skiftu fénu öllu í helminga ok taka við móðurarfi sínum. Ráðast þeir nú í burt með fé sínu. Eftir þetta er til veizlu snúit ok mönnum til boðit, ok er þar mestr hluti fyrimanna saman kominn. Enn svá mikla óvirðing sýndu þeir Hallsteini, synir Droplaugar, at þeir vildu eigi vera at boði hennar; eigi var Hrafnkell þar ok eigi Helgi Ásbjarnarson. Veizlan fór vel fram ok skörulega, enn eftir boðit tekr Droplaug við búinu ok allri umsjá fyrir utan stökk ok innan ok þvílíka risnu sem hon var vön. Þeir bræðr Droplaugar synir skipa bú sitt ok setja konu fyrir; halda öllu hinu sama um búrisnu sína, sem vant var til áðr. Um samfarar þeira Hallsteins ok Droplaugar var ekki mart, enda ekki illa, enn synir Hallsteins lögðu mikinn óþokka til Droplaugar, svá at þeir kómu aldri at finna

föður sinn. Enn á fyrstum misserum, er þau váru ásamt hjón, þá ferr Droplaug kona eigi einsaman, ok líða stundir fram í likendi, þar til er Droplaug fæddi barn; þat var sveinn. Er hann vatni ausinn ok nafn gefit ok kallaðr Björgólfr eftir móðurföður sínum. Óx sá sveinn upp ok var hinn efnilegasti; unnu þau honum mikit, því at hann var hinn bráðgervasti í öllu.

25. Synir Droplaugar kómu jafnan at finna móður sína; enn ávalt, er þeir fóru á millum, þá dvöldust þeir á Bersastöðum löngum. Einn hlutr var sá í fari Bersa, at Helga var mjök óþokki at, því at Bersi elskaði mjök goðin; hann var blótmaðr mikill, ok hafði mikinn átrúnað við goðin. Bersa þótti Helgi oflítinn átrúnað vilja hafa á goðunum, því at hann gerði sér óþokkat mjök um þat. „Sé ek öngvan þann hlut í þínu fari“, segir Helgi, „at þér verði jafnmikil heimiska í sem þetta, er þú veitir svá mikinn átrúnað undrænum þeim er menn gera með höndum sér ok bæði eru blind ok dauf ok mállaus, ok þat skil ek, at þau mega hvárki gera sér gagn né öðrum, ok því em ek miklu skemr með þér enn ek mundi ella, at ek veit einn, hversu andstyggt mér eru goðin; enn alla hluti aðra veitir þú mér með mikilli ástsemd“. Bersi svarar: „Þú værir allra manna spakastr á öllu Íslandi, þeira er nú vaxa upp, ef þú legð-

ir þinn trúnað undir þeira miskunn“. Helgi svarar: „Verði mér aldri svá ilt, at ek vænti mér góðs af þeim fjándum, er af öngu loða saman nema illu einu“. Skildu nú við svá búit. Þau Droplaug ok Hallsteinn bjuggu saman sjau vetr, svá at álitlega var; enn svá sem þau bjuggu saman lengr, þá harðnaði þeira samfarir. Gerðust nú óhægindi mikil í búinu; enn þó stóð mikit fé saman, því at Hallsteinn var fémaðr mikill. Droplaug sendi oft sonum sínum orð, at þeir skyldu koma til at skifta fénu við Hallstein, enn þeir fresta um hríð.

26. Þat er á einum vetri á skammdegi, at sendimaðr kemr ofan af Viðivöllum á Arneidarstaði ok segir, at Droplaug vill, at þeir kæmi upp þangat sem fyrst. Þeir bregða ekki skjótt við þessa orðsending. Líðr fram í vikuna. Þá kemr annarr sendimaðr með hinum sömum erendum sem hinn fyrri. Helgi bað sendimanninn fara heim — „enn ek mun fara, þá er mér þykkir tími til vera“. Sendimaðrinn ferr heim við svá búit. Þenna vetr var þung veðráttá; váru færðir illar eftir heraðinu. Þat var einn morgun snemma í ár, at Helgi er á fótum ok biðr Grím bróður sinn upp standa. Hann gerir svá, ferr í klæði sín. Síðan ganga þeir út. Þá var á hafrænt veðr ok heidrikt hið efra, enn stóð garrinn með fjöllum, frost mikit ákaflega. Helgi stefnir suðr yfir gilit ok ofan ás; enn er

þeir kómu ofan á ísinn, þá var ákaflega ilt at fara. Nú dregr saman myrkvinn ok tekr at drífa ok gerir mjök fjúkanda. Helgi tekr nú til orða: „Hér er nú miklu verra at fara enn ek ætlaða; munu vit nú snúa yfir í heiði ok upp með bæjum við þat“, því Helgi ætlaði at þar mundi miklu betra at fara. Nú gerir á þá illviðri mikit ok ákaflega hrið; gengr nú á norðr ok stendr af heiðinni veðrit. Þeir bræðr ganga lengi um daginn alt til þess er mjök var annars litar. Þá koma þeir at gili einu miklu ok fara yfir gilit. Þá tekr Grímr til orða: „Hvat gili er þetta?“ Helgi svarar: „Þat munda ek ætla, at væri Örafagil milli Bersastaða ok Skriðu, suðr frá Bersastöðum, því at mér þykkir drjúgt verit hafa neðan eftir heiðinni. Helgi kvað þat eigi mega vera — „því at er enn örðugt; enn þó get ek, at ráðlegra sé at fara ofan í bygðina; mun okkr vís gisting, hvar sem vit komum til bæjar“. Snúa þeir nú ofan ór fjallinu. Þeir áttu nú allfærðþungt, ok er þeir koma á jöfnu, urðu þeir við öngva bæi varir ok vita nú aldri hvar þeir fara. Þeir ganga þá enn upp eftir heraðinu. Þeir kómu á grjóthól einn. Þar var borit af. Þeir ganga eftir hólnum, enn er minstar vonir eru, missa þeir fóta ok hlaupa ofan fyrir hengiskafi einn. Þeir hlæja mikit, ok var þá blautt undir er þeir kómu niðr. Þeir vóru svá klæddir, at þeir vóru gyrðir í brækr,

ok váru yfir utan í vararfeldum ok kneptir at þeim undir höndum, gyrðir sverðum ok höfðu digrar stengr í höndum; svá bjuggust þeir til göngu í hvert sinn. Þeir stinga niðr broddstofunum ok finna, at íss er undir. Grímr spyrr, hvárt hann kenni nökkut til, hvar þeir váru komnir. Helgi svarar: „Þat er fjarri; hér veit ek hvergi ísa vera nema á Lagarfljóti, enn hér ganga ekki melar svá ek viti“. *Grímr* kvaðst eigi vita, hvar þeir váru komnir. Þeir herða nú enn á gönguna ok ganga burt af isinum ok koma á hrjóstr eitt. Þar sjá þeir sorta einn í hríðinni fyrir sér. Þeir sjá at þat var virki eitt mikit ok svá hátt, at Helgi getr eigi betr enn tekit upp jafnhátt. Þeir gengu umhverfis virkit. Þat var kringlótt. Þeir finna at hlið var þar fyrir grindlæst ok búit um vel. Helgi mælti: „Vita muntu, hvar vit erum komnir?“ „Nei“, sagði Grímr, „heldr ferr þat fjarri, því at hér hefi ek aldri komit fyrr svá at ek muna“. „Ekki er mér þat“, segir Helgi, „kenni ek víst, hvar vit erum komnir. Þetta er hofgarðr Bersa fóstura míns, enn hér eru brunnar fyrir ofan, ok höfum vit þar komit at áðan á isinn, enn nú hefir okkr hér at borit“. Þar heitir at Bersabrunnum. Grímr mælti: „Föru vit í burtu heðan sem skjótast“. „Nei“, sagði Helgi, „koma skal hér inn, því at ek vil sjá hýbýli þau er hér eru fyrir“. Hann gengr

þá at hliðinu ok rekr hjölt brandsins upp á lásinn ok braut frá; ganga síðan at hofinu ok brjóta upp. Þeir ganga inn í hofit. Þá tekr Grímr til orða: „Illa gerir þú nú, frændi, er þú ferr hér með svá miklu harki, at þú spillir hér hvarvetna. Veit ek, at Bersa fóstura þínum muni stórilla líka, ef hann verðr varr við. Helgi svarar: „Vita vil ek, hversu dólgar þessir sé viðtakna, því at eigi er víst, at ek þurfa meir í annat sinn enn nú; munu þau þá eigi annat sinn góð, ef þau gefast nú illa“. Þá gengr Helgi inn í hofit ok sér, at þar er ljóst, svá at hvergi berr skugga á. Þar var alt altjaldat. Setit var þar á báða bekki; þar glóaði alt í gulli ok silfri. Þeir blígðu augum, ok buðu ekki þeim er komnir váru. Í öndugi á hinn óæðra bekk sátu þeir í samsæti Freyr ok Þórr. Helgi snarar fyrir þá ok mælti svá: „Þar siti þit herjans synirnir; mun þeim þykkja þit vera sæmilegir höfðingjar, sem ykkur dýrkar. Nú ef þit vilið, at vit bræðr trúum ykkur sem aðrir, þá standið þit upp ok sýnið risnu af ykkur ok bjóðið okkr bræðrum, því at nú er vont veðr úti. Nú ef þit vilið því játa, þá munu vit bræðr trúa yðr sem aðrir menn, enn ef þit skjótið drambi á ok vilið ekki liðsinni veita okkr, þá munu vit ekki tál af ykkur halda“. Þeir skjóta drjúglæti á ok þegja við. Þá snýr Helgi um þvert gólf; þar sátu þær Frigg ok Freyja.

Hann mælti þessi hin sömu orð við þær sem áðr; kvaðst hann mundi veita þeim blíðu, ef þær vildu veita betr honum. Grímr mælti nú: „Gerðu svá vel, at þú skift eigi lengr orðum við andskota þessa ok förum nú í burt“. Helgi mælti: „Eigi skal mér þat verða sem flestum, at ek renna þar á garðinn sem lægstr er“. Hann þrífir þá til þeira Þórs ok hnykkir þeim af stólinum ok flettir af þeim klæðunum; lætr svá ganga koll af kolli, at hann flettir öll goð af klæðum ok gripum ok steypir þeim af stöllum á gólf fram. Hann berr þá alt fram í eina hyrning ok birgir, svá at eigi mátti spillast. Grímr mælti: „Þetta er ill bellivisni, er þeim er ekki eftirlæti í, enn þú munt sitja fyrir fjandskap Bersa fóstra okkars. Er þetta illverk vorðit“. Helgi svarar: „Enn ek ætla, at ek hafi aldri unnit betra verk enn þetta á minni æfi, því at þau hafa viltan stig fyrir mér í dag, því at ek hefi aldri fyrr villr farit á æfi minni“. Helgi gengr út ok lætr opit hofit. Stendr nú fok um alt húsit. Helgi snýr nú ofan at ánni ok upp eftir nesinu unz þeir kómu á Víðivöllu; þá var af dagsetri. Þar var tekit við þeim með blíðu. Þeir eru þar nökkurar nætr. Þá léttir af veðrinu. Droplaug var löngum á tali við sonu sína; vissu ekki aðrir menn til, hvat erendum var. Síðan fara þeir heim er þeim þykkir tími til kominn.

27. Þorsteinn hét maðr, er bjó á Desjarmýri í Borgarfirði; kona hans hét Þórdís ok var skyld mjök þeim Droplaugarsonum. Björn hét maðr, er bjó í Snotrunesi í Borgarfirði; hann var kvænt ok hlítti þó eigi þeirri einni saman. Þorsteinn var barnfóstri Helga Ásbjarnarsonar. Björn fór jafnan á Desjarmýri til tals við Þórdísi konu Þorsteins; hann var þá hrumdr mjök, ok var hon til fjár gefin Þorsteini; var hon þó vel at sér. Þat var einn tíma, at Þorsteinn talaði við Helga Droplaugarson ok bað hann freista, ef Björn vildi gera fyrir orð hans ok láta af tali við Þórdísi; hann var ófúss þessa, ok hét þó at freista til einu sinni. Einn tíma gekk Björn um nótt á Desjarmýri, enn Helgi fór á móts við hann. Þá mælti Helgi: „Þat vilda ek Björn, at þú léttir komum þínum til Þórdisar, ok er þér fremd engi at skaprauna gömlum manni; lát nú at orðum mínum ok mun ek veita þér í annan tíma svá“. Björn svarar engu ok gekk veg sinn. Annan tíma fann Helgi Björn, er hann fór af Desjarmýri, ok bað hann með mjúkum orðum, at láta af komum sínum þangat, enn Björn kvað eigi gera mundu um at vanda. Þat fylgdi ok því máli, at Þórdís var eigi kona einsaman, ok var þat heraðs-fleygt orðit. Helgi hafði þetta mál tekit af Þorsteini, ok beidir nú Björn bóta fyrir, enn hann kvaðst öngum bótum bæta mundu ok öng-

um svörum fyrir halda. Síðan hjó Helgi Björn banahögg, ok stefndi honum til óhelgis, er hann var veginn um sanna sök. Um nóttina eftir fór Helgi við þriðja mann í sker eitt, er þar var fyrir landi, ok færðu þeir Björn þangat ok huldu þar hræ þans. Heitir þar síðan Bjarnarsker. Menn váru sendir í Mjóvanes til Helga Ásbjarnarsonar, ok þóttist kona Bjarnar þar eiga tilsjá um eftirmálit, þar er hann var. Fór nú Helgi Ásbjarnarson í Borgarfjörð, at búa til málit, ok fann eigi hræ Bjarnar. Síðan stefndi hann Helga Droplaugarsyni um þat, er hann hefði myrðan manninn, ok sökt honum dauðum í sjó, enn hulit eigi moldu. Helgi stefndi til þings skóggangssök þeiri. Helgi Droplaugarson hafði til alþingis búit legorðs sökina. Nú fara hvártveggi málin til alþingis ok í dóm; síðan bauð Helgi Ásbjarnarson til varna; þá gekk Helgi Droplaugarson til dóms ok mikit fjölmenni með honum. Hann nefndi sér vátta, at ónýt váru öll mál Helga Ásbjarnarsonar, ok kvað þar þá þrjá menn, er þat sá, at Björn var moldu huliðr, ok urðu svá öll þessi mál ónýt fyrir Helga Ásbjarnarsyni. Þá vildi Helgi Droplaugarson gera Björn sekan, enn Helgi bauð fé fyrir, ok varð þá Helgi Droplaugarson at ráða. Gerði hann sér hundrað þeira aura, er þá gengu í gjald, ok skildu svá.

28. Nökkurum misserum síðar kom Helgi

Droplaugarson af haustþingi á Víðivöllu til Droplaugar móður sinnar. Þá mælti Droplaug við Hallstein bónda sinn, at hann skyldi bjóða Helga at vera þar um vetrinn, enn hann svarar: „Ekki er mér um þat mikit“, segir hann; „vil ek heldr gefa honum nökkur yxn eða hesta“. Enn við áeggjun hennar bauð hann Helga þar at vera, ok þat þá hann. Hallsteinn átti þræl, er Þorgils hét. Þat var hálfum mánuði síðar, at þau töluðust lengi við einn morgin, Droplaug Helgi ok þrællinn, ok vissu aðrir menn eigi þeira viðrædur. Þorgils þræll vann at sauðfé um vetrinn á gerði fyrir sunnan garð, ok var góðr verkmaðr; þangat váru borin hey mikil. Einn dag kom Þorgils at Hallsteini ok bauð hann fara at sjá hey sín ok fé. Hann fór ok kom í blöðu, ok ætlaði út um vindaugat; þá hjó þrællinn til Hallsteins með öxi, er átti Helgi Droplaugarson, ok þurfti hann eigi fleiri högg til bana. Helgi kom þar at ór hlið ofan frá hrossum sínum, ok sá at Hallsteinn var veginn; drap Helgi þegar þrællinn. Síðan fór hann heima, ok sagði móður sinni tíðendin; enn hon sat við eld ok konur hjá henni. Litlu síðar spratt þat upp af heimamönnum á Víðivöllum, at þau Droplaug, Helgi ok þrællinn hefði lengi á tali verit um daginn, áðr Hallsteinn var veginn, ok varð þetta vig óvinsælt. Þetta mál tók Helgi Ásbjarnarson ok stefnir Helga ok Droplaugu um

fjör ráð við Hallstein, ok bjó hann nú þetta mál til alþingis. Urðu mál Helga Droplaugarsonar óvinsæl, ok vildu engir menn honum veita at, nema þeir Þorkell Geitisson (ok Ketill Þiðrandason). Enn er menn fóru heiman til alþingis, þá tók Droplaug vöru þá, er þau Hallsteinn höfðu átt, ok fór til skips í Berufjörð með son sinn þrevetran, er Björgólfr hét, ok fóru þau þar utan ok kómu til Færeyja. Keypti hon sér þar jörð ok bjó þar til elli; er hon svá ör þessi sögu. Enn því hafði Helgi Ásbjarnarson þessi mál, at eigi váru synir Hallsteins hér á landi, ok varð hann nú fjölmennr á þinginu. Var þar leitast um sættir milli þeira nafna, ok fekst ekki annat af, enn Helgi Ásbjarnarson réði einn. Var sú sátt þeira, at fyrir víg Hallsteins skyldu koma tólf hundruð ok fimm kúgildi í; enn Helgi Droplaugarson skyldi fara utan ok vera þrjá vetr í burtu, ok vera nótt í húsi þar til er hann færi utan; enn ef hann færi eigi, skyldi hann sekr falla fyrir Helga Ásbjarnarsyni á milli Smjörvatnsheiðar ok Lónsheiðar. Helgi Droplaugarson leitaði ekki við utanferðinni. Þá fór Grímr bróðir hans frá búi sínu ok til móts við bróður sinn, ok váru á veturnum (með Þorkatli) í Krossavík; þeir fóru um alt herað til þinga ok mannfunda, svá sem Helgi væri ósekr. Því næst kómu út í Reyðarfirði synir Hallsteins. Þeir gáfu Helga Ás-

bjarnarsyni við til skála ok launuðu honum því eftirmál eftir föður sinn. Stendr sá skáli enn í Mjóvanesi.

29. Þorgrímr skinnhúfa bjó í Miðbæ í Norðr-firði. Kona hans hét Rannveig. Hon var systir Þórdísar, er Þorsteinn átti, ok skyld Helga Droplaugarsyni. Hon bað um várit á Múlaþingi Helga frænda sinn fara til fjárskiftis með þeim Skinnhúfu; ok þat varð, at hann hét ferðinni. Þat var nökkurum vetrum fyrr, er þeir nafnar fundust á haustþingi at Þinghöfða; þá skyldi Helgi Droplaugarson mæla lögskil, ok varð honum misint, ok hlógu menn at mjök, enn Helgi Ásbjarnarson brosti at. Helgi Droplaugarson fann þat ok mælti: „Þar stendr Hrafnkell at baki þér, Helgi“. „Þat er mér engi brigzli“, kvað Helgi Ásbjarnarson, „enn þat skaltu þó vita, at sá mun verða okkarr fundr at vit munum eigi báðir heilir skilja“. Helgi Droplaugarson svaraði: „Eigi hræðumst ek þessi hót, þótt þau sé allægileg, fyrir því at ek ætla mér at hlaða hellum at höfði þér á þeim fundi“. Ok skildi svá tal þeira at sinni.

Eftir þetta kom Grímr at máli við bróður sinn ok sagði, at nú skyldu þeir fara til Rannveigar, ok gera fjárskifti með þeim Þorgrími skinnhúfu. Þorkell ok Gunnsteinn ór (hinni) innri Krossavík fóru með ok tveir heimamenn þeira með þeim, ok váru þeir sex saman. Fara

þeir þá um heiði austr ok koma til Þorkels á Torfastaði; dóttir hans var Tófa, er kölluð var Hlíðarsól. Hon var hjalskona Helga Droplaugarsonar. Þar váru þeir um nótt, ok töluðu þau Helgi mart ok Tófa; sagði henni svá hugr um, sem hann mundi eigi aftr koma ór þessi för; hon gekk á götu með þeim ok grét mjök. Helgi spretti af sér belti, ok var þar á knífr góðr, ok gaf henni. Enn þeir fóru til bæjar þess, er at Straumi heitir; sá maðr fór þaðan með þeim, er Helgi hét; váru þeir þá sjau saman. Þeir kómu til Eyvindarár til Gró; var þeim þar vel fagnat. Þorbjörn hét maðr; sá var húskarl Gró; hann gerði vel til vápn. Helgi Droplaugarson bað hann gera til sverð sitt, meðan hann færi í fjörðu ofan, ok fekk Þorbjörn honum annat sverð. Þaðan fóru þeir í Norðrfjörð til Þorsteins mágs síns; hann átti Þórdísi systur Rannveigar, er átti Þorgrím skinnhúfa. Þann dag, er Helgi sat þar, þá kom ofan um heiði Þorkell bróðir Þórarins ór Seyðarfirði, ok einn maðr með honum. Þeir váru þar um nóttina, ok töluðu þeir Helgi mart ok mæltu til vináttu með sér. Helgi mælti við Þorkel: „Hvert ætlar þú heðan?“ Hann svarar: „Út á Nes til Bjarnar; hann seldi léreft, er ek átta í vetr; mun ek þar vera þrjár nætr“. Þá mælti Helgi: „Ek vilda at vit færim báðir saman upp um fjall“. Þorkell

kvaðst þat gjarna vilja. Síðan fara þeir allir saman í Miðbæ; (þaðan fór Þorkell út á Nes. Helgi drap á dyrr í Miðbæ, ok) gekk Rannveig til dyra. Helgi sagði við hana: „Viltu nú fjárskiftit með ykkur Þorgrími?“ „Vil ek gjarna“, kvað hon. Þá nefndi hon sér vátta, ok sagði skilit við Þorgrím skinnhúfu. Hon tók fót hans öll ok rak niðr í hlandgróf. Eftir þat fóru þau á brott, því at Helgi ætlaði síðar at heimta út fé hennar. Fara þau til dagverðar í Fannardal. Enn er þau váru í brottu, spratt Þorgrímur upp ok vafði um sik rekkjuvaðmáli sínu, því at fót váru engi. Hann rann til Hofs; þar bjó Þórarinn moldoxi (hann var mikill fyrir sér). Þórarinn mælti: „Hví ferr þú hér svá snemma, Þorgrímur, ok heldr fáklæddr?“ Hann svarar, kvað konu sína brott tekna, — „vil ek nú biðja þik ásjá um þetta mál“. Þórarinn svarar: „Gefa vil ek þér fyrst klæði, því at þess er þér nú mest þörf“. Síðan át hann þar dagverð. Þá mælti Þórarinn: „Þat mun ek þér ráða, at þú finnir Helga Ásbjarnarson ok skorir á hann, at rétta þitt mál. Enn ef svá ferr, sem ek get til, at þú fáir ekki, þá spyr þú, hvénær hann ætlar at efna orð sín, þau er hann mælti at haustþingi á Þinghöfða. Enn ef hann vaknar þá eigi við, þá leita þér ráðs. Enn seg, at Helgi Droplaugarson mun fara um fjall upp á þriggja náttu fresti ok þeir sjau

saman. Far til Helga í kveld ok kom síð; því at hann lýkr sjálfr hurðu aftan hvern í Mjóvanesi“. Þeir skildu, ok fór Þorgrímr leið sína ok kom þenna sama aftan í Mjóvanes. Helgi sat við eld. Þorgrímr bar þegar upp sín erindi, ok segir Helga vandræði sín; enn hann fekk ekki orð af Helga. Þá mælti Þorgrímr: „Allmjök dregr nú at því, at þú haldir öngva þingmenn þína skammlaust fyrir Helga Droplaugarsyni, hvárki á þingum né mannfundum. Eða hvénær ætlar þú, at fundr ykkarr skyli verða, er þú lofaðir honum á Þinghöfða, at þit skyldið eigi báðir á brott komast; eða vildir þú enn fleiri ófarar fara fyrir honum?“ Helgi Ásbjarnarson mælti: „Hvært eru þetta þín ráð eða annarra manna?“ Hann svarar: „Þórarinn moldoxi réð mér þetta“. Þá mælti Helgi: „Þú, Þorgrímr, skalt fara upp yfir háls á Mýrar til Bjarnar hvíta, ok bið hann hingat koma fyrir miðjan dag á morgin; ok þá far þú aftr um Bolungarvöll ok kom á Viðivöllu til fundar við sonu Hallsteins, ok bið þá hingat koma, ef þeir vilja hefna föður síns; þá far þú ofan fyrir vestan vatn undir Ás til Özurar, ok bið hann hingat koma, ok fylgdu honum“. Hann fór þegar. Um daginn kómu menn í Mjóvanes, þeir er Helgi hafði eftir sent. Með Helga váru á vist austmenn tveir; hét annarr Sigurðr skarfr, enn annarr Önundr. Nú fóru þeir heiman sex-

tán saman til Höfða; Helgi bað Hjarranda fara með sér ok Kára bróður hans. Hann sagði: „Ek var búinn, þótt fyrr væri“. Nú eru þeir átján saman ok fóru upp í Eyvindardal til Knútusels, ok sátu þar fyrir þeim Helga Droplaugarsyni. Ígull hét maðr (er bjó undir Skagafelli í Eyvindardal); Þórðr hét son hans; þeir skyldu halda njósn um ferðir Helga Droplaugarsonar, því at þaðan mátti fyrr sjá mannferð enn þaðan sem þeir Helgi Ásbjarnarson sátu fyrir.

30. Þá er þar til at taka, er Þorkell kemr í Fannardal til föruneytis Helga Droplaugarsonar, ok váru þeir þar um nóttina. Helgi lét illa í svefni, ok var hann þrem sinnum vaktr á þeiri nótt. Þorkell spurði, hvat hann dreymdi, enn Helgi kvaðst eigi mundu segja. Nú klæðast þeir. (Helgi bað Þorstein sjá um kost Rannveigar, — „lát fylgja henni ef þú vill til bús Gríms bróður míns“). Þeir fóru fyrir dag utan ór Fannardal ok váru níu saman ok upp á heiði; ok þá er lokið var brekkunum, hvíldist Helgi, því at honum var orðit erfitt, ok lagði undir sik feld sinn. Þá kló hann kinn sína ok gneri hökuna ok mælti: „Þat er vænna áðr enn kveld komi, at þar klæi litt; eða er þér, Þorkell, nú jafnmikill hugr at heyra draum minn sem í nótt?“ Hann svarar: „Eigi er mér nú minni hugr á því enn þá“. „Mér þótti“, segir

Helgi, „sem færir mér þessa leið, sem nú förum vér ok ofan eftir Eyvindardal (til Kálfs-hváls); þá runnu átján vargar móti oss eða tuttugu, ok var einn miklu mestr; enn vér vildum á hválinn (sem í dalnum stendr) ok kómumst eigi; enn þeir sóttu at oss (þegar), ok kleip einn í höku mér ok í tanngarðinn, ok þá var ek vaktr“. Þá kvað Þorkell: „Þat mun víst, at menn sitja í vegi fyrir þér; mun þar vera Helgi Ásbjarnarson ok aðrir heraðsmenn, ok leiðist nú flestum mönnum yfirgangr þinn í heraðinu. Nú höfum vit mælt til vináttu með okkr, ok vil ek at þú farir heim með mér, ok ver þar nokkura stund“. Helgi svarar: „Svá mun ek fara sem ek hefi ætlat“. Þeir fóru nú ofan eftir Eyvindardal ok kómu á bæ Þórdísar; hon var gömul, ok bæði ljót ok svört. Helgi ætlaði at spyrja hana tíðenda; enn í því tekr einn maðr upp snækökk ok gerði harðan í hendi sér ok laust við kinn Þórdísi ok varð henni ilt við. Hon mælti: „Fari þér svá, at yðr taki gramir allir“. Þá mælti Helgi: „Þat er heimsklegt at berja til kvenna ok er án ills gengis nema heiman hafi“. Fekk Helgi þar nú engi tíðendi. Fóru þeir svá þaðan á brott ok ofan til Valgilsár. Þá bauð Þorkell at fylgja Helga til Eyvindarár. „Eigi þarf þess“, kvað Helgi. Nú skiljast þeir; ok þá er Þorkell var kominn skamt í brekkuna, hverfr hann aftr til móts

við Helga. Hann tók allvel við Þorkatli ok kvað slíkt vinraun mikla. Nú fara þeir til Kálfsvaðseyrar; þá sjá þeir átján menn renna í móti sér. Nú vildu þeir Helgi Droplaugarson snúa til hválsins ok máttu eigi. Þá sneru þeir upp at götunni á gilspröminn hjá Eyrargilsá; þar var lítil upphæð ok lögð í snjófönn neðan; enn nú er þar hrísi vaxit um alla þá hæð, ok er þar nú lítill grjótvarði, er þeir börðust. Þá spurði Helgi Grím bróður sinn, hvárt hann vill skjóta til Helga Ásbjarnarsonar uppi eða niðri; enn Grímr kaus uppi til at skjóta. „Eigi viltu nafna minn þá feigan“, kvað Helgi, „fyrir því at eigi mun honum hlíf verða at skildinum, þar er ek skýtt til“. Nú skutu þeir báðir senn til Helga Ásbjarnarsonar, ok skaut Grímr í gegnum skjöldinn ok varð Helgi eigi sárr af því. Enn Helgi Droplaugarson skaut í knéskel honum ok rendi ofan í legginn, klofnaði til leggrinn, ok svá ofan í gegnum ristina, ok varð hann þegar óvigr. Þá settist Björn hvíti undir herðar honum, ok barðist hvárgi þeira um daginn. Özurr undan Ási gekk frá; kvaðst eigi mundu vega móti Helga Droplaugarsyni. Þórðr skarfr (son Íguls) var njósarmaðr Helga Ásbjarnarsonar ok hafði legit í ánni (um daginn); váru frosin klæði kans. Hann sótti upp í skafinn at Helga Droplaugarsyni ok þóttist við hann sakir eiga; ok er hann kom í skafinn, skaut

Helgi Droplaugarson til hans milli fótanna ok í gegnum kyllinn ok fell hann á bak aftr, enn spjótit festi í skaflinum, ok hékk hann þar á skaflinum allan daginn. Eftir þat eggjaði Helgi Ásbjarnarson mága sína til atgöngu ok nefndi til Hjarranda; sóttu þeir þá Kári ok Hjarrandi at Helga Droplaugarsyni. Enn þeir Hallsteinsynir sóttu Grím ok maðr með þeim. Enn Þorkel svartaskáld sóttu (þeir) austmenn tveir, ok var Sigurðr hinn þriði maðr bezt vígr af liði Helga Ásbjarnarsonar. Þar fell Þorkell svartaskáld, enn hann drap austmanninn annan, enn Sigurðr varð sárr mjök, því at Þorkell var bezt vígr af þeira liði (bræðra), þegar Helga leið ok Grím. Nú gangast þeir at fast; ok þá er þeir Hjarrandi ok Kári sóttu Helga Droplaugarson, þá hljóp Helgi hinn magri frá Straumi í móti Kára; áttust þeir við ok fell Kári, enn Helgi varð sárr mjök. Þá sótti Hjarrandi fast at Helga Droplaugarsyni ok hjó til hans hart ok tíðum; enn Helgi hjó hvárki færa né smæra; enn sverð þat er hann hafði, dugði ekki. Þá mælti Helgi við Hjarranda: „Allhart mundir þú fram ganga, ef þú ættir frjálsborna dóttur Helga Ásbjarnarsonar“. Hjarrandi svarar: „Láttu at því koma; jafnskyldar eru Helga báðar“. Ok sótti hann at harðara, þótt slík orð færi í. Hjóst skjölðr Helga Droplaugarsonar mjök, ok sá hann, at honum mundi eigi svá

búit duga. Þá sýndi Helgi vígfimi sína ok kastaði upp skildi sínum ok sverði ok tók sverðit vinstri hendi ok hjó til Hjarranda ok kom á lærit, enn sverðit beit eigi, þá er beinsins kendi, ok svaddi ofan í knésbótina, ok varð hann af því sári óvigr; ok í því hjó Hjarrandi til Helga, enn hann brá við skildinum ok hljóp af sverðit í andlit honum ok kom á tanngarðinn, ok af vörrina neðri. Þá mælti Helgi: „Aldri var ek fagrleitr, enn lítit hefir nú um bætt“. Tók hann þá til hendi sinni ok sletti í munn sér skegginu ok beit á. Enn Hjarrandi fór niðr fyrir skaffinn ok settist niðr. Þat er mál manna, at skemmri mundi hafa orðit fundr þeira Hjarranda, ef Helgi hefði haft sverð sitt ok hefði eigi við fleirum átt at sjá, ok var Hjarrandi þó hinn mesti fullhugi. Þá sá Helgi, at Grímr bróðir hans var fallinn; enn þeir vóru allir dauðir, er at honum sóttu; enn Grímr var sárr til ólífis. Þá tók Helgi sverð þat, er Grímr hafði átt ok mælti: „Nú er sá maðr fallinn, er ek hugða bezt; þat mun nafni minn vilja, at vit skilim eigi at þessu“. Ok stefnir Helgi þá ofan at þar er Helgi Ásbjarnarson sat. Enn þá vóru allir menn stokknir ofan af skaffinum, ok vildi þá engi bíða Helga. „Þar stendr þú, Özurr“, kvað Helgi, „ok mun ek ekki við þér sjá, því at þú jóst mik vatni“. Ok bar hann þá ofan gegnt Özuri. Þá varð Özurr skjótt

til ráða at taka, því at bani annars hvárs þeira Helganna lá við. Þat varð þá órræði Özurar, at hann lagði á Helga Droplaugarsyni spjótinu, svá at stóð í gegnum hann. Helgi gekk á spjót-it ok mælti við Özur: „Sveiktu mik nú“. Özur sá, at Helgi sneri at honum ok mundi ná til hans með sverðinu; þá hratt hann frá sér spjótinu með öllu saman; sneri þá spjótkaftinu í jörð niðr ok lét hann þá laust. Þá mælti Helgi, er hann sá, at hann náði honum eigi: „Nú seinkaða ek, enn þú bræddir heldr“. Reið hann þá af út á snjáinn, ok lauk svá æfi Helga Droplaugarsonar. Fimm menn höfðu bana af liði Helga Ásbjarnarsonar, enn sárir allir aðrir, utan Björn hvíti ok Özur. Þar fell með Helga Droplaugarsyni Þorkell svartaskáld ok förunautr hans ok austmaðr, er heiman fór með Helga Droplaugarsyni, ok Grímr bróðir hans.

Helgi Ásbjarnarson reið af fundinum ok var studdr á baki, enn Hjarrandi reið einn saman, enn Kári var á skjöldum borinn heim til Höfða ok (var þar) orpinn haugr eftir hann. Nú koma þeir til Höfða ok váru spurðir tíðenda; enn þeir sögðu þau, er orðin váru. Þá mælti einn maðr: „Hvat gerði Helgi Droplaugarson um aðra menn fram í dag?“ Sigurðr skarfr svaraði: „Ef slíkir hefði allir verit með Helga Droplaugarsyni sem hann var, þá hefði engi várr brott komizt“. Helgi hinn magri kom til

Eyvindarár ok sagði Gró tíðendin. Hann var sárr mjök. Hon mælti þá við Bárð son sinn: „Tak þú hesta ok eyki ok förum eftir þeim Helga ok Grími“. Þau fóru ok kómu til valsins, ok var þeim bræðrum velt í sleða ok Þorkatli með þeim. Enn þeir fóru á hestum, er sárir váru; enn þar váru þeir jarðaðir, er dauðir váru. Nú fara þeir heim á leið, ok fylgdi Gró þeim sleða fastast, er Grímr var í, ok lét hóglega með hann fara. Nú kómu þau heim ok létu færa likin til útibúrs eins. Gró mælti: „Nú munum vit Bárðr son minn náttseta likin; enn þér farið með þá, er lifs eru, ok vinnid þeim beina“. Enn er menn váru í svefni, fór Gró yfir um vatn til Ekkjufells; þar bjó Álfgerðr lækni. Gró bað hana fara heim með sér ok sagði henni tíðendin. Nú kómu þær heim til Eyvindarár, ok var lif með Grími. Álfgerðr batt sár hans ok hatði hann á brott með sér. Um morgininn eftir var haugr gerr utan við Eyvindará fyrir sunnan garð, ok fór Bárðr með likin ok sá maðr, er þau trúðu bezt at leyna mundi, at Grímr var á lifi, ok váru þeir Helgi ok Þorkell þar heygðir. Nú liggir Grímr í sárum þann vetr, ok svá Helgi Ásbjarnarson. Nú fló sá kvittr, at Grímr lifði, ok sannaði annarr, enn annarr kvað lygi; kom þat fyrst upp af hjónum Gró. Þá lét Helgi gera lokhvílu í Mjóvanesi, er hann spurði, at

Grímr var heill. Síðan fór Grímr norðr í Krossavík til Þorkels Geitissonar, ok var honum þar vel fagnat.

31. Nú keypti Helgi Ásbjarnarson land þat, er at Eiðum heitir, út í Heraði, enn seldi Mjóvanes, ok þóttist þar betr kominn, er þingmenn hans váru umhverfis, ok lét gera þar lokhvílu. Þórdís kona hans spurði, hví hann vildi þar heldr land eiga, er alt var skógi vaxit at húsum heim ok mátti hvergi sjá mannaferðir, þótt at garði færi. Þá kvað Helgi vísu:

- (1) Ák í mörk es myrkvir
 miðlegg daga tveggja
 — fram berk Heiðs í hljóði
 hrann-varg, — spæing margan,
 at mótstafir Meita
 minna þeirs styr vinna
 hildar-börnum hjarra
 hrælækjar mik sækja.

Grímr var nökkura vetr í Krossavík ok var eigi kátr, ok aldri hló hann síðan Helgi var fallinn. Þorkell átti för til Eyjaþjardar, at sætta þingmenn sína, ok reið hann heiman; enn Grímr var heima ok annaðist um bú. Nökkur um nóttum síðar bjóst Grímr heiman, ok sagðist eiga fjárheimtu at þeim manni, er Þorgrímr hét ok bjó í Hjarðarhaga í Jökulsdal. „Er nú reynt“, kvað Grímr, „at hann vill ekki gjalda“. Þá mælti Jórunn, kona Þorkels, hon var dóttir Einars frá Þverá: „Ek mun gjalda þér skuld

þessa, ok far þú hvergi“. „Ekki geldr hann þá“, kvað Grímr. Fór hann þá heiman ok hafði með sér nest; fóstbræðr hans fóru með honum: Glúmr ok Þorkell trani. Þeir fóru þar til er þeir kómu til Raṅgár fyrir vestan vatn. Nú lögðust þeir yfir ána með Þorkel trana ok kómu á þann bæ, er á Bakka heitir fyrir austan fljótit ok gengu þar í fjós, ok tóku þar pál ok reku ok fóru á brott síðan ok þaðan út til Oddmarslækjar fyrir vestan Eiðaskóg. Við lækinn grófu þeir sér jarðhús, ok færðu mold alla út á lækinn; vildu þeir eiga fylgsni þar, ef þeir þyrfti til at taka. Þann dag, er þeir váru við lækinn, riðu menn brott af Lambanessþingi, ok fór mart manna til Eiða með Helga Ásbjarnarsyni. Ketilormr hét maðr, er bjó á Hrolausstöðum; hann fór með Helga við þrjá tigu manna, ok þar váru þeir mágar Helga, Björn ok Hjarrandi. Þenna aftan gengu þeir Grímr ór jarðhúsinu ok heim til Eiða ok ganga inn í fjóss-dyrr; enn af fjósi gekk forskáli inn í manna hús; stóðu þeir þar, ok sá þaðan tíðendin inn í bæinn. Um kveldit mælti Helgi Ásbjarnarson við konu sína: „Hvar ætlar þú þeim Ketilormi at hvíla?“ Hon svarar: „Ek hefi búit þeim góða sæng utar af seti“. Helgi mælti: „Þau skulu liggja í sæng okkarri, því at þau ganga ór rekkju fyrir okkr hvern tíma, er vit erum þar“. Þórdís svarar: „Eigi ertu ávalt jafn-

varr; þá munda ek þíns fundar leita, ef ek ætta Gríms hlut, er flest væri gesta ok þú ættir mart at annast“. Hann svarar: „Þat er mér oft í brigzli fært, at ek sé of varr“. Nú réð hann rekkjum, enn eigi hon. Þá mælti Grímr við Þorkel: „Gakk þú inn og vit, at þú náir sverði því, er Þorbjörn hefir hvatt ok Helgi bróðir minn átti“. Þorkell gekk inn ok kom aftr ok hafði þar sverðit. Stundu síðar mælti Grímr: „Far þú nú ok vit, hvar þau Helgi munu hvila“. Þorkell var litla stund í brott ok sagði Grími, at þau hvildu utar af seti í lokhvílu ok engi hurð fyrir. Arnoddr hét maðr ok var blindr; hann var heimamaðr Helga Ásbjarnarsonar ok var rammr at afli. Hann lá gagnvart Helga í seti við þili. Þá mælti Grímr við Þorkel: „Þér ætla ek at ganga inn at sæta áverkum við Helga; því at þú ert annarr maðr skyldastr til at hefna Helga bróður míns“. „Satt er þat“, kvað Þorkell. Þá seldi Grímr honum sverð í hönd, ok þá gengu þeir heim at dyrunum. Þorkell nemr staðar ok mælti við Grím: „Eigi vil ek þú virðir svá, at ek óttumst inngöngu at Helga; enn þó þykki mér kynlegt um, at því er þú hefir mælt, at þú ynnir engum at hefna bróður þíns, nema þér sjálfum“. „Þat kemr til þess, at mér þykkir aldri fyrir ván komit, at hefnt muni verða Helga bróður míns, meðan ek lifi eftir“. Þá vildi

Þorkell inn ganga; enn Grímr tók til hans ok mælti: „Góðr drengr ertu, Þorkell; enn svá lízt mér á þik, at eigi sé vist, at þú særir Helga svá djúpu sári, sem ek munda vilja, ok lát þú at því koma, sem þú sagðir, at ek ann engum manni hefnda eftir Helga, nema mér einum“. Þá tók Grímr við sverðinu ok mælti: „Þú, Þorkell, skalt halda í hurðarhringinn, því at þér trúi ek bezt, at þér verði ekki um felmt; enn Glúmr skal skjóta slagbrandi fyrir dyrr“. Enn áðr Grímr gekk inn, tók hann riðvöl í hönd sér ok var í skyrtu ok línbrókum ok hafði enga skúa á fótum. Hann gekk inn í skálann, ok vissi, at skiðahlaði var við dyrr þær er til fjóss váru. Enn Glúmr hafði um kveldit knýtt saman hala á öllum nautum í fjósi. Þá gekk Grímr í hvilugólf þat, er var hjá sæng þeira Helga, ok setti þar niðr fyrir framan þat, er hann hafði í hendi, ok gekk síðan at sænginni ok lagði af Helga klæðin. Hann vaknadi við ok mælti: „Tóktu á mér, Þórdís, eða hvi var svá köld hönd þín?“ „Eigi tók ek á þér“, sagði hon, „ok óvarr ert þú, ok uggir mik, at til mikils dragi um“. Ok eftir þat sofnuðu þau. Þá gekk Grímr at Helga ok tók hönd Þórdísar af honum, er hon hafði lagt yfir hann. Grímr mælti: „Vaki þú, Helgi, fullsofit er“. Enn síðan lagði Grímr sverðinu á Helga, svá at stóð í gegnum hann. Helgi mælti: „Vaki sveinar

í seti; maðr vegr at mér“. Þá tók Grímr tré þat, er hann hafði niðrsett, ok kastaði; þat kom í skíðahlaðann ok hljóp hann ofan. Nú hlaupa menn upp í skálanum, ok ætluðu þangat vegandann hlaupit hafa, er skarkit var at heyra. Enn Grímr sneri til sömu dyra, sem hann gekk inn; þá greip maðr um Grím miðjan ok vá hann upp á bringu sér, ok var þat Arnoddr; hann kallaði: „Til þér hingat; ek held óhappamanninum“. Þá mælti Grímr: „Vesæll ertu halds, ok lát mik lausan; ek vilda hefna Helga“. Þá lét Arnoddr fara aðra höndina um hann ok fann, at hann var berfættr ok í línklæðum; lét hann þá Grím lausan ok mælti: „Því lét ek laust þar, at ek munda eigi vita, at betr væri, at ek hefða haldit“. Þá hljóp Grímr til dyra ok hljóp út, enn Þorkell rekr aftr hurð, enn Glúmr slagbrand fyrir, ok fara þeir til jarðhúss síns ok hafa þar fylgsni. Nú leituðu þeir sér ráðs, er eftir váru; tóku þat ráð, at halda vörð á vöðum öllum ok sitja við brúar á Jökulsá. Nú kómust þeir Hjarrandi ok Ketilormr ok nauðleytamenn Helga fyrst út ok fóru í leit. Nú koma heim flestir ór leitinni ok lifði Helgi þá ok spurði, hvárt þeir Björn væri aftr komnir ok Hjarrandi. „Hér em ek“, kvað Björn. „Svá er ok“, kvað Helgi, „at Hjarrandi lýsir enn mestan drengskap við mik“. Nú andast Helgi. Nú liðr af nóttin, ok fara þeir Grímr

ór jarðhúsinu ok upp með vatni til Höfða ok sá þar tjald. Grímr gekk at tjaldinu ok mælti: „Hví láti þér þjófa hjá skipi yðru?“ Þorlákr hét maðr, er skipit átti; hann fylgdi austmönnum til skips. Hann léði Grími bát; fluttust þeir þar yfir. Grímr fór aftr með bátinn ok lagðist síðan yfir vatnið. Þaðan fóru þeir út með vatni ok kómu til Jökulsár, ok lagðist Grímr þar yfir með Þorkel ok (þá) Glúm (sínu sinni hvárn). Fóru svá norðr í Krossavík ok var Þorkell eigi heim kominn. Þeir váru spurðir tíðenda; þeir kváðust engi segja. Um daginn eftir tefdi Grímr við austmann, ok rann at borðinu sveinn, er þau Þorkell áttu ok Jórunn, ok rótaði tafinu. Austmaðr spyrndi til sveinsins, enn hann frat við. Grímr skeldi upp ok hló. Þá gekk Jórunn at honum ok mælti: „Hvat er þess vorðit í ferð þinni, er þér fær nú hlátrar, eða hvat segir þú tíðenda?“ Þá kvað Grímr vísu:

(2) Hlógu hirðidraugar
 — hlit vas at því litil —
 seims þás særðum Grími
 sunnr vas harmr of unninn;
 nú tér Freyr at fári
 freguk auðskata dauðan
 fullar mars í fjöllum
 Fljóts annan veg þjóta.

„Er eigi þat nú“, kvað Jórunn, „at þú hafir

hefnt Helga bróður þíns?“ Þá kvað Grímr vísu:

- (3) Reka þóttumk nú nekkvat
 nadda rógs at gnógu
 Helga vígs — enn hløgir
 hug minn — við — þat — inni.
 Nús boðgjörnum Bjarna
 — beit egg Munins teiti;
 armglóðar vák eyði —
 efni mágs at hefna.

„Nú mun þat sannast“, kvað Jórunn, „at vér erum forystulaus, þegar bóndi er eigi heima; enn þó mundu vit til hætta, ef eigi væri násetur Bjarna mágs Helga Ásbjarnarsonar sem nú eru?“ Váru þeir Grímr þá í leynum, þar til er Þorkell kom heim. Nú kemr Þorkell heim, ok fór til fundar við Grím ok spurði tíðenda, ok um atburðinn um víg Helga. Grímr sagði, hversu til bar, ok kvað vísu:

- (4) Ulfr sleit ennibjalfa
 — egg kom snörp í leggi
 Helga kend ór hendi —
 harðgrams meginjarðu,
 þás hræmána hánum
 hildar borðs at morði
 úrfræningar árum
 endr fjörbrautir rendu.

- (5) Helgi varðisk herjum,
 hjörr gall at valfalli,
 þat vitt þjóðir knáttu
 þegns verk í styr fregna,
 þás gnývirðir gærði

Göndlar stígs at vígi
heiðr at hildar veðri
hjálms áru þrjá sára.

- (6) Örbeitir varð úti
unnarviggs at liggja
átta dægr við ótta
endr siz víg of bendak,
þás hjör-Móði hríðar
herðandi lét sverða
snarr á seima þverri
sárvand roðinn standa.

Þorkell reið þá til þings. Enn Grímr var í tjaldi í fjalli því, er Snæfell heitir upp frá Krossavík, ok þeir félagar.

32. Hrafnkell goði bræðrungr Helga Ásbjarnarsonar sótti vígsmál á hönd Grími. Þorkell Geitisson bauð fé fyrir Grím; enn Hrafnkell vildi ekki taka, ok varð Grímr sekr. Nú fóru menn heim af þingi. Þat sumar kom skip í Krossavík, ok áttu norrænir menn. Stýrimaðr fór til vistar með Þorkatli ok váru þeir fjórir saman. Ok er haustaði, þá færði Grímr sik af fjallinu niðr á hjalla einn, ok var varði stórr fyrir ofan tjaldit ok svá fyrir neðan; enn þat var í ofanverðum grösum. Þat er nú kallat at Grímsbygðum síðan. Austmenn kómu til leika í Krossavík at finna stýrimann. Þá mælti einn austmaðr: „Ek þykkist sjá tjald í fjallit upp, eða ella stein grán, ok hygg ek þó tjald vera“. Þorkell svarar: „Allskygn maðr ertu; þat er

steinn, ok köllu vér Tjaldstein“. Hættu þeir þá því tali. Um nóttina eftir kom Þorkell til þeira Gríms ok mælti: „Nú munu menn á fjall ganga brátt, ok vil ek at þér farið heim á Arneiðarstaði. Ingjaldr mágr þinn er vitr maðr ok mun hann vel halda yðr; enn ef honum þykkja á því óhægendi, þá fari þér hingat“. Nú kómu þeir Grímr til Ingjalds, ok fóru þeir í helli þann, er nú heitir Grímshellir. Ingjaldr talaði við sauðamann sinn: „Þótt hverfi nökkurir sauðir, þá gettu eigi um“. Þá mælti griðkona við Ingjald: „Svá er lækr várr saurigr, at varla er drekkanda ór“. „Því sætir þat, at hann var stíflr“, segir hann, „enn ek fór til at ræsta hann“. Enn þat var reyndar, at Grímr gerði jarðhús, ok kom munninn upp við sæng konu hans, ok lá hann þar um nætr; enn mold var færð í lækinn. Þorkell spakr bjó í Njarðvík. Hann (var hnýsinn mjök ok) rýndi eftir mörgum hlutum. Hanu var frændi Gríms skyldr. Hrafnkell goði gaf honum hundrað silfrs til, at hann rýndi eftir, hvar Grímr væri niðr kominn. Eigi var hann mjök vinum horfinn. Nú fór Þorkell um fjall upp í herað, upp með vatni fyrir austan, enn ofan fyrir vestan. Nú kom hann á Arneiðarstaði. Grímr átti son sex vetra gamlan. Þorkell fann sveininn ok mælti: Ertu Gríms sonr?“ „Svá er“, kvað sveinninn. Þorkell mælti: „Hvárt er faðir

þinn heima?“ „Eigi veit ek þat, enda munda ek eigi segja, þótt ek víska“. Ein kona spurði um kveldit: „Hvar er Gríms skjóla, er ek finn eigi?“ Þorkell tók til orða: „Hvat er at merki um Gríms skjólu?“ Þá kom Ingjaldr at, ok mælti: „Hafr várn kalla þær Grím, ok er honum þar brynt í skjólunni“. Þá þóttist Þorkell vita, at Grímr var þar, ok fór í brott ok sagði Hrafnkatli svá búit. Ingjaldr ok Þorkell trani fóru heiman um várit hit efra suðr um jökla ok kómu ofan í Hornafjörð. Þar stóð skip uppi. Ingjaldr tók Grími þar fari ok liði hans öllu ok Þorkatli trana, ok gaf stýrimanni fé til, at hann leyndi, ok á laun skyldu þau Grímr þangat koma. Eftir þat fór Ingjaldr heim, ok litlu síðar fylgdi hann þeim Grími til skips, þar til er þeir létu í haf. Síðan fór Ingjaldr heim. Hrafnkell varð viss, at Ingjaldr hafði borgit Grími, ok lauk hann fyrir þat þrjár merkr silfrs. Þeir Grímr kómu skipi sínu í Sogn. Þá mælti Þorkell stýrimaðr við Grím: „Mat spari ek eigi við þik; enn traust hefi ek ekki til at halda þik fyrir Gunnari austmanni, ok engum þeim, er vilja þik feigan“. Þá kaupir Þorkell þeim Grími hesta, ok fær þeim leiðtoga á Upplönd. Skiljast þeir Grímr vinir. Fara þau þar til er þau koma á Upplönd til þess manns, er Finngeirr hét; hann var ungr maðr ok ríkr at penn-ingum. Sigríðr hét systir hans; hon var væn

ok kunní sér mart vel. Þar vǫru þau Grímr um nótt. Finngæirr mælti við Grím: „Hvert ætlar þú ferð þína?“ Enn Grímr sagði honum þann vöxt, sem á var. „Haf þú hér hálfis mánadar dvöl, ef þú vill“. Enn er þat var úti, þá mælti Finngæirr: „Far þú, Grímr, til bús þess, er bróðir minn hefir átt, með lið þitt; ok ef þú vill hér dveljast, þá geym þú þess sem þú eigir“. Þat boð þá Grímr.

33. Gauss hét víkingr einn illr viðreignar. Þeir vǫru fjórir saman ok veittu mörgum mikla ósæmd; þá bitu trautt járn. Hann hafði verit á Upplöndum nökkura vetr ok stökt tveim búendum ór búi sínu ok sezt eftir í búin. Eftir þetta bað Gauss Sigríðar systur Finngæirs; enn hon vildi eigi eiga hann. Þá skoraði Gauss á Finngæirr til hólmgöngu. Finngæirr svarar: „Þat munda ek eigi spara, ef ek væra fjórum vetrum ellri, enn þó skal fyrr berjast við þik enn gifta þér systur mína“. Finngæirr bauð mönnum fé til at berjast við Gauss ok at gefa þeim systur sína, er hann dræpi, ok vildi engi þat til vinna. Grímr fylgdi Finngæiri til hólms, ok bauð at berjast fyrir hann. Nú kómu þeir Gauss. ok lagði hann sex merkr silfrs við hólmlausn „Ek mun þat fé taka“, kvað Grímr. Grímr hafði tvau sverð, því at Gauss kunní at deyfa eggjar. Grímr vá jafnt báðum höndum. Hann brá upp sverði með vinstri hendi, enn hjó

með hinni hægri til Gauss ok af fótinn fyrir ofan kné. Nú fell Gauss, ok í því veifði hann sverðinu at Grími ok kom á fótinn, ok varð þat svöðusár. Nú flýði víkingr á brott, enn Grímr fekk silfrit, ok fekk góðan orðstír af verki þessu. Finngeirr gaf Grími búit, þat er hann varðveitti, með öllum fjárhlutum, landi ok kvikfé. Sár Gríms varð illa, ok blés upp fótinn. Þat var einn aftan, er þar kom kona, ok lézt vera lækni; hon bað at binda um sár Gríms, ok þat var, at hon batt um, ok hvarf á brott. Litlu síðar kom blástr í fót Gríms ok alt upp í kviðinn. Var þá farit eftir presti ok tók hann þjónustu ok andaðist síðan. Enn þessi kona hét Gefjon hin fullkunniga, ok hafði verit frilla Gauss. Vetr þessi leið af, ok um várit keypti Finngeirr skip til handa Helgu ok fór hon út til Íslands með allan fjárhlut sinn ok Þorkell trani með henni. Þau kómu í Reyðarfjörð. Ingjaldr fór í móti dóttur sinni, ok flutti hana heim á Arneidarstaði, ok var hon þar síðan. Helga gaf Þorkatli skipit hálf, enn hálf seldi hon austmönnum. Fór Þorkell þar utan um várit eftir, ok lýkr þar frá honum at segja. Þórdís, er átt hafði Helgi Ásbjarnarson, var gefin Höskuldi syni Þorgeirs goða frá Ljósavatni. Höskuldr tók Glúm, þann er var með Grími Droplaugarsyni, þá er Helgi Ásbjarnarson var veginn, ok létu þau drepa hann. Helga

bjó eftir Ingjald liðinn á Arneidarstöðum ok Þorvaldr son þeira Gríms. Þorvaldr átti son, er Ingjaldr hét. Hans son hét Þorvaldr, er sagði sögu þessa. Vetri síðar enn Þangbrandr prestur kom til Íslands fell Helgi Droplaugarson. Ok lyktar hér svá at segja frá þeim Droplaugarsonum.

VIÐBÆTIR.

Upphaf Droplaugarsona sögu.

Ketill hét maðr, er kallaðr var þrymr. Hann bjó í Skriðudal á Húsastöðum. Atli hét maðr, er var bróðir Ketils; hann var kallaðr Atli grautr. Þeir áttu bú báðir saman ok váru fémenn miklir; fóru jafnan til annarra landa með kaupeyri ok gerðust stórríkir. Þeir váru Þiðrandasynir. Eitt vár bjó Ketill skip sitt í Reyðarfirði, því at þat stóð þar uppi, ok síðan sigldu þeir í haf. Þeir váru úti lengi ok tóku Konungahellu um haustit ok settu þar upp skip sitt; enn síðan keypti hann sér hesta ok reid austr í Jamtaland við tólfta mann til þess manns, er Vedormr hét. Hann var höfðingi mikill, enn vinátta góð var með þeim Katli. Vedormr var Rögnvaldsson, Ketils sonar raums. Vedormr átti þrjá bræðr; hét einn Grímr, annarr Guttormr, þriði Ormarr. Þeir allir bræðr váru hermenn miklir ok váru á vetrum með Vedormi, enn á sumrum í hernaði. Ketill var þar um vetrinn

með sína menn. Þar váru með Veðormi tvær konur ókunnar: önnur vann alt þat, er hon orkaði, enn önnur sat at saumum ok var sú ellri. Hin yngri konan vann alt vel, enn illa var þegit at henni. Hon grét oft. Þetta hugleiddi Ketill. Þat var einn dag, er Ketill hafði þar litla stund verit, at þessi kona gekk til ár með klæðin, ok þó, ok síðan þó hon höfuð sitt, ok var hárit mikit ok fagrt ok fór vel. Ketill vissi hvar hon var ok gekk þangat ok mælti til hennar: „Hvat kvenna ertu?“ sagði hann. „Arneiðr heiti ek“, segir hon. Ketill mælti: „Hvert er kyn þitt?“ Hon svarar: „Ek ætla þik þat engu skifta“. Hann gróf at vandlega ok bað hana segja sér. Hon mælti þá með gráti: „Ásbjörn hét faðir minn, ok var kallaðr skerjablesi; hann réð fyrir Suðreyjum, ok var jarl yfir eyjunum eftir fall Tryggva. Síðan herjaði Veðormr þangat með öllum bræðrum sínum ok átján skipum. Þeir kómu um nótt til bæjar föður míns ok brendu hann inni ok alt karlafólk, enn konur gengu út; ok síðan fluttu þeir okkr móður mína hingat, er Sigríðr heitir, enn seldu aðrar konur allar mansali; er Goðormr nú formaðr eyjanna“. Þau skilja nú. Enn annan dag eftir mælti Ketill við Veðorm: „Viltu selja mér Arneiði?“ Veðormr svarar: „Þú skalt fá hana fyrir hálftr hundrað silfrs sakir okkarrar vináttu“. Þá bauð Ketill

fé fyrir kost hennar — „því at hún skal ekki vinna“. Enn Veðormr lézt mundu veita henni kost sem öðru föruneysi hans. Á því sumri kómu heim bræðr Veðorms: Grímr ok Ormarr; þeir höfðu herjat á Svíþjóð um sumarit. Sitt knarrarskip átti hvárr þeira ok váru hlaðin með fjárhlut; váru þeir með Veðormi um vetrinn; enn um várit bjuggu þeir bræðr skip sín til Íslands, ok ætluðu þeir Ketill að halda samflota; ok er þeir lágu fyrir Víkinni, bað Arneiðr Ketill at ganga á land upp ok lesa sér aldin ok önnur kona með henni, er þar var á skipinu. Hann lofaði henni ok bað hana skamt fara. Nú gengu þær á land ok kómu undir bakka einn; þá gerði á regn mikit. Arneiðr mælti: „Gakk til skips ok seg Katli, at hann komi til mín, því at mér er krankt“. Hon gerði svá, ok gekk Ketill einn saman til Arneiðar. Hon heilsar honum ok mælti: „Kól hefi eg hér fundit“. Þau grófu þar sandinn ok fundu kistil einn fullan af silfri, ok fóru síðan til skips. Þá bauð Ketill henni að flytja hana til frænda sinna með þessu fé; enn hon kaus at fylgja honum. Síðan létu þeir í haf ok skildi með þeim. Kom Ketill skipi sínu í Reyðarfjörð ok setti upp, enn fór síðan heim til bús síns á Húsastaði. Enn hálfum mánuði síðar kom Ormarr skipi sínu í Reyðarfjörð, ok bauð Ketill honum heim; enn skip hans var upp sett. Á því sumri kom Grímr

skipi sínu á Eyrar, í þá höfn, er Knarrarsund heitir, ok var um vetrinn með þeim manni, er Þorkell hét. Enn um várit eftir nam Grímr sér land, þat er þaðan af var kallat Grímsnes, ok bjó at Búrfelli alla æfi sína.

2. Nú er þar til at taka, er Ketill þrymr kaupir sér land fyrir vestan vatn þat, er Lag-arfljót heitir, — sá bær heitir á Arneiðarstöðum, — ok bjó þar síðan. Á várþingi kaupir Ketill land fyrir Ormar; hét þat á Ormarsstöðum; þat var nökkuru utar með vatninu, ok bjó Ormarr þar til elli. Því næst kaupir Ketill sér goðorð, ok gaf silfr fyrir. Enn áðr höfðu þeir Graut-Atli bróðir hans skift með sér fé sínu. Atli kaupir land fyrir austan fljótit upp frá Hallormsstöðum, er nú heitir í Atlavík, ok bjó þar til elli; enn nú eru þar sauðahústóftir. Eftir þetta gerir Ketill brullaup til Arneiðar, því at hon var hinn mesti kvenskörungur. Þau áttu son, er Þiðrandi hét; hann var mikill maðr ok vænn. Ketill varð maðr skammlífr, ok tók Þiðrandi fjárhlut ok goðorð eftir föður sinn. Hávarr hét maðr; hann var Bersason, er kallaðr var Spak-Bersi. Hávarr bjó í Vallanesi. Hann átti konu ok tvau börn: Bersi hét son hans, enn Ingvildr dóttir; sá þótti þar kvenkostr beztr. Hennar bað Þiðrandi ok var hon honum gefin. Egill hét maðr; hann hafði numið Norðrfjörð allan ok bygði þar er kallat er á Nesi. Hann

var kallaðr hinn rauði Egill ok var Goðormsson. Hann var kvæntr maðr, ok átti eina dóttur, er Ingibjörg hét. Bersi Hávarsson bað hennar ok var hon honum gefin; henni fylgdi heiman Nessland. Þau Þiðrandi ok Ingvildr áttu mart barna; Ketill hét son þeira, annarr Þorvaldr. Jóreiðr hét dóttir þeira, er var gefin Síðu-Halli; önnur dóttir þeira hét Hallkatla; hana átti Geitir Lýtingsson, er bjó í Krossavík í Vápnafirði; Gró hét hin þriðja, er bjó út í heraði at Eyvindará. Bárðr hét son hennar. Þá er þeir váru fulltíða Ketill ok Þorvaldr, tók Þiðrandi faðir þeira sótt ok andaðist. Þeir tóku fé eftir föður sinn, ok máttu öngva stund saman eiga. Þorvaldr var mikill maðr ok sterkr, fálátr ok fastnæmr ok ríkr í heraði heima. Ketill var glaðr maðr ok málamaðr mikill. Þeir skiftu fé með sér ok hafði Þorvaldr Arneidarstaði; enn Ketill hafði goðorð ok bjó í Njarðvík ok var mikill höfðingi. Þorgrímr hét maðr, er bjó at Giljum í Jökulsdal norðr. Hann átti sér konu ok eina dóttur, er Droplaug hét; hon var væn kona ok kunní sér alt vel. Þorvaldr bað Droplaugar ok tókust þau ráð ok áttu þau tvá sonu; hét Helgi hinn ellri, enn Grímr hinn yngri; þeira var vetrar munr. Þorvaldr varð eigi gamall maðr ok andaðist; enn Droplaug bjó þar eftir ok synir hennar. Helgi var mikill maðr vexti, ok vænn ok sterkr, gleðimaðr ok hávaðasamr.

Hann vildi ekki um búnað hugsa; vígr var hann manna bezt. Grímr var mikil maðr vexti, ok afrendr at affi, hljóðlátr ok stiltr vel; hann var búmaðr mikill. Þeir bræðr vöndu sik alls kyns íþróttum, ok þóttu þeir þar fyrir öllum ungum mönnum í allri atferð sinni, svá at þeira jafningjar fengust eigi.

3. Bersi hét maðr, er bjó á Bersastöðum; hann var Özurarson. Hólmsteinn hét son Bersa; hann bjó á Viðivöllum hinum syðrum. Hann átti Áslaugu Þórisdóttur, systur Hrafnkels goða. Hallsteinn hét maðr, er bjó á Viðivöllum hinum nyrðrum, ok var kallaðr hinn breiðdælski; hann var bæði auðigr ok vinsæll. Þorgerðr hét kona hans; þau áttu þrjá sonu: Þórðr ok Þorkell ok Eindriði. Þorgeirr hét maðr, er bjó á Hrafnkelsstöðum. Helgi Ásbjarnarson bjó á Ormsstöðum upp frá Hafrsá. Hann var goðorðsmaðr; hann átti Droplaugu spak-Bersadóttur; þau áttu mart barna. Hrafnkell hét maðr; hann var bræðrungr Helga Ásbjarnarsonar; hann bjó at Hafrsá; hann var ungr. Þeir Helgi Ásbjarnarson áttu goðorð báðir saman, ok fór Helgi með goðorðit. Þá bjó sá maðr, er Ánn hét, ok var kallaðr trúðr, á Gunnlaugsstöðum ofan frá Mjóvanesi. Özurr hét maðr, er bjó undir Ási fyrir vestan vatnit; hann var mágr Helga Ásbjarnarsonar. Hjarrandi hét maðr, er bjó at Öngulsá fyrir austan vatn á Völlum út; hann átti dóttur

Helga Ásbjarnarsonar, er Þorkatla hét. Þat er sagt, at Özurr er vitr maðr ok mjök hafðr við mál manna. Björn hét maðr, er bjó á Mýrum fyrir vestan Geitdalsá; hann var kallaðr Björn hinn hvíti. Hann átti dóttur Helga Ásbjarnarsonar. Þat var siðr í þann tíma, at færa konum þeim kost, er á sæng hvíldu; ok svá bar til, at Droplaug fór at finna Ingibjörgu móður sína á Bersastaði, og fóru með henni tveir þræl- ar; þau fóru með tvá uxa, ok þar á sleða. Drop- laug var eina nótt uppi þar, því at mannboð skyldi vera á Ormsstöðum einni nótt síðar; enn þat var litlu fyrir várþing. Þá fóru þau heim ok óku eftir ísi; ok er þau kómu út um Hall- ormsstaði, þá fóru þrælarnir í sledann, því at uxarnir kunnu þá heim. Enn er þau kómu á vikina fyrir sunnan Ormsstaði, þá gengu uxarn- ir báðir niðr í eina vök, ok drukknuðu þau þar öll, ok heitir þar síðan Þrælavík. Saudamaðr Helga sagði honum einum saman tíðindin, enn hann bað hann engum segja. Síðan fór Helgi til várþings. Þar seldi hann Ormsstaði ok keypti Mjóvanes; fór þangat bygðum, ok þótti honum sér þá skjótara fyrnast líflát Droplaugar. Nökk- uru síðar bað Helgi Ásbjarnarson Þórdísar toddu dóttur brodd-Helga, ok var hon honum gefin. Þórir hét maðr, er bjó í Mýnesi út fyrir aust- an vatn; hann var kvæntr maðr ok manna vitr- astr. Sá maðr var á vist með honum, er Þor-

grímr hét ok var kallaðr tordýfill. Þorfinnr hét maðr; hann vann til fjár sér á sumrum, enn á vetrum var hann vistlauss ok fór þá með kaupvarning sinn. Um haustit var hann á gistingu hjá Þóri í Mýnesi, ok sat hann við eld hjá húskörlum Þóris. Þeir tóku tal mikit um þat, hverjar konur væri fremstar þar í heraði. Þat kom saman með þeim, at Droplaug á Arneiðarstöðum væri fyrir flestum konum. Þá segir Þorgrímr: „Svá mundi þá, ef hon hefði bónda sinn einhlítan gert“. Þeir svöruðu: Aldri höfum vér tvímæli heyrt á því“. Ok í þessu kemr Þórir bóndi og bað þá þegja þegar í stað. Líðr nóttin, ok ferr Þorfinnr brott ok kom á Arneiðarstaði ok sagði Droplaugu alt tal þeira húskarla Þóris. Hon gaf sig ekki fyrst at, utan hon var hljóð. Einn morgun spurði Helgi móður sína, hvat at henni væri. Hon segir þeim bræðrum illmælit, þat er Þorgrímr tordýfill hafði um hana talat — „ok munu þit hvárki þessar skammar hefna né annarrar, þót við mik sé ger“. Þeir létu sem þeir heyrðu ekki þat er hon talaði. Þá var Helgi þrettán vetra, enn Grímr tólf vetra. Litlu síðar bjuggust þeir heimán ok sögðust fara skyldu á kynnisleit til Eyvindarár til Gró. Þeir gengu at ísi, ok váru þar eina nótt, enn um morgininn stóðu þeir snemma upp. Gró spurði, hvat þeir skyldi þá. Þeir svöruðu: „Rjúpur skulu vit veiða“. Þeir

fóru í Mýnes ok fundu þar konu eina ok spurðu at bónda. Enn hon kvað þá farit hafa út á sanda átta saman. „Hvat gera húskarlar?“ kvað Helgi. Hon svarar: „Þorgrímr tordýfill ok Ásmundr fóru at heyi út í ey“. Síðan gengu þeir út ór garði ok undir ás þann, er Járnsíðulækr fellr með, ok fóru utan í eyna at þeim. Ásmundr var á hlassinu ok sá ferð þeira bræðra, ok kendi þá. Þeir tóku hestinn frá sleðanum, ok ætlaði Þorgrímr at ríða heim; ok í því er hann vildi á bak hlaupa, skaut Helgi spjóti á honum miðjum, ok fell Þorgrímr þegar dauðr niðr. Ásmundr fór heim með eykinn ok var hræddr. Þeir fóru ok kómu aftr til Eyvindarár. Gró spyrr, hvat þeir veiddi. Helgi svarar: „Vit höfum veitt tordýfil einn“. „Þótt ykk, segir hon, „þykki lítills vert vig þetta, þá er Þórir mikils verðr ok skulu þit nú fara heim á Arneiðarstaði“. Ok svá gerðu þeir ok höfðu þar fjölmenni mikit.

4. Þórir kom heim um aftaninn ok frétti tíðendi þessi ok kvað ekki til sin taka þenna atburð, því at Þorgrímr var lausingi Helga Ásbjarnarsonar. Síðan fór Þórir til Helga Ásbjarnarsonar ok sagði honum vígit, — „kalla ek at þú eigir eftir at tala“. Helgi sagði þat satt vera. Eftir þat fór Þórir heim. Einn tíma talaði Droplaug við sonu sína: „Ek vil senda ykk til Vápnafjarðar í Krossavík til Geitis“.

Þeir fóru heiman ok vestr á heiði; ok er þeir höfðu af fjórðung, laust á fyrir þeim hrið mikilli, ok vissu ekki hvar þeir fóru, fyrr enn þeir kómu undir húsvegg einn ok gengu um sólar-sinnis; þá fundu þeir dyrr, ok kendi Helgi, at þat var blóthús spak-Bersa. Sneru þeir brott þaðan ok kómu heim, er þriðjungr var eftir nætr, á Arneiðarstaði. Enn hriðin helzt hálfan mánuð ok þótti mönnum þat langt mjök. Enn spak-Bersi sagði þat valda svá langri hrið, er þeir Droplaugarsynir höfðu gengit sólar-sinnis um goðahús hans, ok þat annat, at þeir höfðu eigi lýst vígi Tordýfils at lögum ok hefðu goðin þessu reiðzt. Síðan fór Bersi til fundar við þá bræðr, ok lýstu þeir þá viginu, ok fóru síðan norðr í Krossavík til Geitis. Um várit eftir fóru þeir Þorkell Geitisson ok Grímr ok Helgi til Fljótsdals til Krakalækjar-várþings; þar hittust þeir Helgi Ásbjarnarson ok sættust á vig Þorgríms, ok lauk Þorkell fé fyrir. Enn Helga Droplaugarsyni likaði illa, er fé kom fyrir vig Tordýfils, ok þótt óhefnt illmælisins. Þeir bræðr váru í Krossavík, ok nam Helgi lög af Þorkatli. Helgi fór mjök með saksóknir ok tók mjök sakir á þingmenn Helga Ásbjarnarsonar. Jafnan váru þeir bræðr með móður sinni. Eindriði Hallsteinsson hafði farit utan ok var leiddr upp á Írland ok hafðr þar í höftum. Þat spurðu bræðr hans Þorkell ok Þórðr, ok fóru utan, ok

leystu hann út, ok fóru síðan til Íslands. Kona Hallsteins var þá önduð, ok bað hann Droplaugar ok fekk hennar. Enn Helgi kallaði þat eigi sitt ráð. Síðan fór hon á Viðivöllu til bús með Hallsteini. Þeir bræðr Helgi ok Grímr fóru út í Tungu við tólfta mann til bónda þess, er Ingjaldr hét, ok var Niðgestsson. Hann átti dóttur, er Helga hét; hennar bað Grímr, ok var hon honum gefin. Síðan seldi Ingjaldr land sitt, enn keypti hálfa Arneidarstaði, ok bjuggu þeir Grímr mágar báðir saman; enn Helgi Droplaugarson var ýmist í Krossavík eða með þeim Grimi. Hrafnkell kallaði til goðorðs við Helga Ásbjarnarson frænda sinn ok náði eigi. Þá fór Hrafnkell til Hólmsteins á Viðivöllu ok bað hann liðs. Hólmsteinn svarar: „Ekki mun ek vera í móti Helga Ásbjarnarsyni, því at hann hefir átta systur mína. Enn þat ræð ek þér, at þú bið Helga Droplaugarson duga þér; enn ek mun fá til þingmenn mína at veita þér“. Síðan fór Hrafnkell at finna Helga Droplaugarson ok bað hann liðs. Helgi svarar: „Mér þykkir Hólmsteinn eiga at virða þat meira við þik, at hann á systur þína, enn þat er liðit er“. Hrafnkell biðr nú Helga hjálpa sér. Helgi mælti þá: „Þat ræð ek þér, at þú far á vikufresti út á Gunnlaugsstaði ok hitt Án trúð ok lofa hann mjök; enn vinátta þeira Helga Ásbjarnarsonar var góð, því at Án gaf honum marga góða

gripi; þess skaltu spyrja Án, hversu miklar virðingar hann þykkist hafa af Helga ok lofa hann í hverju orði. Enn ef hann lætr vel yfir, þá spyr þú hann, ef hann hafi nökkuru sinni í dóm verit nefndr fyrir goðorð Helga Ásbjarnarsonar. Enn ef hann segist því eigi náð hafa, þá segðu honum, at honum væri betra, at gefa Helga Ásbjarnarsyni stóðhest sinn til þess, at hann næði þeiri virðing, at vera í dóminum“. Eftir þat skilja þeir, ok stundu síðar finnr Hrafnkell. Án ok talar við hann þat er Helgi hafði honum fyrir sagt. Enn Ánn sagðist freista skyldu. Síðan reið Hrafnkell heim. Um vórit fóru menn til várbings. Þá nefndi Helgi Ásbjarnarson Án trúð í dóm, ok skyldi því þó leyna; því at Ánn hafði gefit Helga Ásbjarnarsyni stóðhross sjau saman. Enn er Ánn var í dóm settr, lét Helgi Ásbjarnarson koma þófahatt á höfuð honum ok bað Helgi hann fátt tala. Því næst gekk Hrafnkell at dómum ok þeir Droplaugarsynir ok mart manna með þeim. Þá gekk Helgi Droplaugarson at dóminum ok þar at sem Ánn trúðr sat. Helgi sló sverðshjöltunum undir þófahattinn ok laust brott af honum ok spurði, hverr þar sæti. Ánn segir til sín. Helgi mælti: „Hverr nefndi þik í dóm fyrir goðorð sitt?“ Hann svarar: „Helgi Ásbjarnarson gerði þat“. Þá bað Helgi Droplaugarson Hrafnkel nefna sér vátta ok stefna Helga Ásbjarnarsyni af goðorðinu; sagði

ónýtt öll mál fyrir honum, hefði nefnt Án trúð í dóm. Þá gerðist þröng mikil ok búit til bardaga áðr Hólmsteinn gekk í milli ok leitaði um sættir. Varð sú sætt þeira, at Hrafnkell skyldi hafa jafnlengi goðorð sem Helgi hafði áðr haft; enn eftir þat skyldu þeir hafa báðir saman goðorð, ok skyldi Helgi þá veita Hrafnkatli at öllum málum á þingum ok mannfundum ok þar er liðs þyrfti við. Helgi Droplaugarson mælti við Hrafnkel: „Nú þykkjumst ek þér lið veitt hafa“. Hann kvað svá vera. Nú fara menn heim af þinginu.

5. Eftir um vetrinn gerði hallæri mikit ok fjárfelli. Þorgeirr bóndi á Hrafnkelsstöðum lét mart fé. Maðr hét Þórðr, er bjó á Geirólfseyri fyrir vestan Skriðudalsá. Hann fæddi barn Helga Ásbjarnarsyni ok var ríkr at fé; þangat fór Þorgeirr ok keypti at honum fimm tigu ásauðar ok gaf fyrir vöru. Ásauðar þess naut hann illa, ok gekk brott frá honum. Enn um haustit fór Þorgeirr sjálfr at leita fjár síns ok fann í kvíum á Geirólfseyri átján ær, er hann átti ok váru mjólkaðar. Hann spyrr konur, hvers ráð þat væri; enn þær sögðu, at Þórðr réði því. Þá fór hann til móts við Þórð ok bað hann bæta sér ok mælti vel til; bað hann gera, hvárt er hann vildi, fá sér tvævetra geldinga jafnmarga eða fæða ærnar eftir um vetrinn. Enn hann kvaðst hvárki vilja; kvaðst lítt

njóta þess, er hann fæddi Helga Ásbjarnarsyni barn, ef hann skyldi hér fé fyrir gjalda. Síðan fór Þorgeirr á fund Helga Ásbjarnarsonar, ok sagði honum til. Hann svarar: „Ek vil at Þórðr bæti þér ok hefir þú rétt at tala ok ber honum til orð mín“. Þorgeirr fann Þórð ok fekk ekki af. Fór hann síðan til móts við Helga Droplaugarson ok bað hann taka við málinu, — „ok vil ek at þú hafir þat, er af fæst“. Ok at þessu tók Helgi málit. Um várit fór Helgi Droplaugarson á Geirólfseyri ok stefndi Þórði til alþingis; kallaði hann leynt hafa ásauðnum þjóflaunum ok stólit nytinni. Síðan fór málit til þings, ok váru þeir Helgi Droplaugarson ok Þorkell Geitisson allfjölmennir; var þar með þeim Ketill ór Njarðvík. Helgi Ásbjarnarson hafði ekki lið til, at ónýta mál fyrir þeim. Þá báðu menn þá sættast; enn Helgi Droplaugarson vildi ekki nema sjálfðæmi, ok sú varð sætt þeira. Enn Helgi gerði svá mörg kúgildi sem ærnar höfðu verit, þær er Þórðr hafði nytja látit. Skildust nú at svá mæltu, ok þótti Helga Droplaugarsyni þetta mál hafa at óskum gengit.

Úr 8. kap. í Droplaugarsona sögu.

Því næst kómu út í Reyðarfirði synir Hallsteins Þórðr ok Þorkell, enn Eindriði var andaðr, er þeir kómu til Írlands.

Upphaf 9. kap. í Droplaugarsona sögu.

Um várit eftir¹ sendi Flosi frá Svínafelli orð Þorkatli Geitissyni, at hann skyldi fjölmenna norðan til hans. Vildi Flosi stefna til óhelgi Arnóri Örnólfssyni, bróður Halldórs í Skógum; þann mann hafði Flosi vega látit. Þorkell safnaði at sér liði ok váru þeir saman þrír tigur. Hann bað Helga Droplaugarson fara með sér. Helgi svarar: „Skyldr ok fúss væra ek at fara þessa ferð, enn krankr em ek ok mun ek heima vera“. Þorkell spurði Grím ef hann vildi fara. Enn Grím lézt eigi mundu ganga frá Helga sjúkum. Síðan fór Þorkell með þrjá tigu manna suðr til Svínafells; þaðan fóru þeir Flosi vestr í Skóga með hundrað manna.



¹⁾ Vorið eftir útkomu Hallsteinssona.

Vísaskýringar.

1 (Helgi Ásbjarnarson). Ek á í mörk¹, es miðlegg tveggja daga² myrkvir, margan spæing³ í hljóði — ek ber fram Heiðs hrannvarg⁴ — at Meita mótstafir⁵, þeir es vinna styr⁶, sækja mik minna, hildarbörnum hrælækjar hjarra⁷.

1. skógr. — 2. *miðleggr tveggja daga*, nótt. — 3. *spæingr*, spæjari, njósnarmaðr. — 4. *Heiðr*, jötunn eða dvergr; *Heiðs hrannvargr*, dvergafar, skáldskapr. — 5. *Meiti*, sækunungr; *Meita mót*, orrusta, *Meita mótstafir*, mannekning. — 6. *styr*, ófriðr. — 7. *hjarri*, hjara, löm; *hildr*, orrusta; *hildar barr*, búinn til orrustu(?) *hrælækkr*, blóð.

Eg á marga njósnarmenn í skóginum, þegar nótt fer að dimma — eg yrki um það — (svo) að ófriðarmenn munu síðr sækja að mér.

2 (Grímr Droplaugarson). Seims hirðidraugar¹ hlógu, þás særðum Grími vas of unninn harmr sunnr; litil hlít vas at því. Nú tér fullar mars Freyr² þjóta annan veg í fjöllum Fljóts³. Ek fregn auðskata⁴ dauðan at fári.

1. *seimr*, auðr; seims hirðidraugr, mannekning. — 2. *fullr*, sjór; *fullar marr*, sjávarhestr, skip. — 3. *fjöll Fljóts*, Lagarfjóts eða Fljótsdalshéraðsfjöll. — 4. mannekning.

Menn hlógu, þegar Grími særðum var unninn harmur fyrir sunnan; enn ekki var gagn að því. Nú segi eg þjóta annan veg í Fljótsdalshéraðsfjöllum (í Héraðs bú-um) Eg hefi frétt, að höfðinginn sé dauðr.

3 (Grímr Droplaugarson). Þóttumk nú reka, nekkvat at gnógu, vígs Helga við naddarógs inni¹; enn þat hlægir hug minn. Egg beit Munins teiti²; vák armglóðar eyði³. Nús böðgjörnum Bjarna efni at hefna mágs.

1. *naddr*, oddhvas broddr, ör; *nadda róg*, orrusta; orrustu-*innir*, sá sem innir bardaga af höndum, hermaðr. — 2. *Muninn*, annar hrafna Óðins, hér venjulegr hrafni; *teitir*, sá sem gleðr; *munins teitir*, bardagamaðr. — 3. *armglóðar gulls eyðir*, manukenning.

Eg þykist nú hafa hefnt vígs Helga við kappann, og gleðst eg af því. Sverðið beit hann; eg vá hann. Nú er hinum herskáa Bjarna efni að hefna mágs síns.

4 (Grímr Droplaugarson). Ulfr ennibjalfa¹ sleit meginjarðu harðgrams²; snörp egg kend ör hendi Helga kom í leggi árum hildarborðs³, þás hræmána úrfræningar⁴ rendu honum fjörbrautir⁵ endr at morði.

1. *ennibjalfi*, blif, hjálmr; *ulfr* hjálms, sverð. — 2. *harðgramr*, sverð; *meginjörð harðgrams*, skjöldr. — 3. *hræmáni*, sverð, *hræmána úr*, blóð. — 4. *blóðfræningar*, blóðbogar. — 5. *hildar borð*, skjöldr; *skjaldar árr*, manukenning.

Sleit í 1. vo. er tilgáta Konr. Gíslas. í 'Udvalg' Kh. 1892, af því að *beit* væri of máttlaust orð í þessu sambandi. — Visan er ef til vill eitthvað úr lagi færð.

Sverðið beit skjöldinn, snörp egg, sem menn kenna á, úr hendi Helga kom í leggi mönnum, þá er blóðið rann um brjóst honum í bardaganum.

5 (Grímr Droplaugarson). Helgi varðisk herjum; hjörr gall at valfalli; þat þegns verk í styr knáttu þjóðir fregna vítt, þá es Göndlar stígs gnývirðir¹, heiðr² at hildarveðri, gerði þrjá hjálms áru³ sára at vígi.

1. *Göndul*, valkyrja, *Göndlar stígr*, orrusta, orrustu *gnývirðir*, sá sem virðir orrustu gnýinn, mannkennning. — 2. *heiðr*, ágætr. — 3. *hjálm*s árr, mannkennning.

Helgi varðist óvinum sínum; það verk hans gátu þjóðir víða frétt, þá er hann í bardaganum særði þrjá menn.

6 (Grímr Droplaugarson). Unnar viggs örbeitir¹ varð endr at liggja úti, við ótta, átta dægr, síz of bendak víg, þás hjörhríðar Móði², snarr sverða herðandi, lét sárvand³ standa roðinn á seima þverri⁴.

1. *Unnar viggr*, skip; skips örbeitir, maðr. — 2. *Móði*, sonr Þórs; *hjörhríðar Móði*, mannkennning. — 3. *sárvandr* = sárvöndr, sverð. — 4. *seimr*, gull, *seima þverrir*, sá er eyðir gulli, mannkennning.

Eg varð að liggja úti við ótta átta dægr, eftir er eg vann vígið, þá er eg lét blóðugt sverðið standa á Helga Ásbjarnarsyni.

Nöfn.

- Aðalból**, bær í Jökulsdal í N.-M.s. 2, 3, 5, 31.
Álfgerðr læknir 127.
Ánn trúðr 148, 153, 154.
Arneiðarstaðir, bær í Fljótsdal í S.-M.s. 25, 26, 28, 31, 35, 36, 39, 41, 44, 45, 55, 72, 76, 91, 92, 103, 108, 136, 139.
Arneiðr Ásbjarnardóttir 144, 146.
Arneiðr (Helgadóttir) 22, 23, 25, 26.
Arnoddr 130, 132.
Arnórr Örnólfsson 157.
Ásbjörn Hrafnkelsson (Freysgoða) 1—5.
Ásbjörn skerjablesi 144.
Ásbjörn vegghamarr 59—64, 67.
Áslaug Þórisdóttir 148.
Ásmundr 151.
Áss, bær í Fellum í N.-M.s. 46, 120, 123.
Atlavík, eyðibýli í Fljótsdal í S.-M.s. 146.
Atli = graut-Atli Þiðrandason 143, 146,
Austfirðir 21, 60, 99.
Bakkavað (á Lagarfljóti) 61.
Bakki, bær í Borgarfirði í N.-M.s. 79, 80.
Bakki, bær í Fljótsdalshéraði 129.
Bárðr Gróuson 127.
Bersastaðir, bær í Fljótsdal 25, 31, 47, 103, 107, 109.
Bersi Hávarsson 146.
Bersi Özurarson 25, 28, 29, 31, 33, 47—52, 54—56, 103—105, 107, 110, 112, 148, 152.
Bjarnarsker 114.
Bjarni brodd-Helgason 32, 71, 93—98, 134.
11

- Björgólfr Hallsteinsson 107.
 Björgólfr jarl 11, 16, 20, 103.
 Björn bóndi 113, 114.
 Björn hinn hvíti 120, 123, 126, 129, 132, 149.
 Björn á Nesi 118.
 Björn í Snotrunesi 113—114.
 Bolungarvöllr 120.
 Borgarfjörðr í N.-Múlas. 5, 23, 72, 79, 87; 91, 113.
 Borgfirðingar 89.
 Bóndastaðir, bær í Fljótsdalshéraði 28.
 Brodd-Helgi 32, 149.
 Búrfell, bær í Grímsnesi 146.
 Brunnlækjarbrunnar, örnefni í Fljótsdal 82.
 Desjarmýrr, bær í Borgarförði í N.-Múlas. 113.
 Droplaug Björgólfadóttir 16—20, 22, 25—31, 35—37, 44, 50, 103, 105—108, 115, 116.
 Droplaug Bersadóttir 148, 149.
 Droplaug Þorgrímsdóttir 147, 150.
 Droplaugarsynir 31, 41, 44, 46, 50, 55, 79—82, 85, 88, 106, 107, 113.
 Egill rauði Goðormsson 147.
 Eið, bær í Fljótsdalshéraði 128, 129.
 Eiðaskógr 129.
 Einarr Þveræingr 128.
 Eindriði Hallsteinsson 148, 152.
 Ekkjufell, bær í Fellum í N.-Múlas. 127.
 Eyjafjörðr 128.
 Eyrar = Eyrarbakki 146.
 Eyrargilsá 123.
 Eyvindará, bær í Fljótsdalshéraði 30, 34, 39, 44, 51, 54, 55, 118, 122, 127.
 Eyvindardalur í S.-Múlas. 121, 122.
 Eyvör Þórisdóttir 2.
 Fannardalur í S.-Múlas. 119, 121.
 Fannstöð = Hvannstöð, bær í Borgarf. í N.-M.s. 91.
 Finngeirr 137—139.
 Finnstaðir, bær í Fljótsdalshéraði 40, 41.
 Fljótsdalr 1, 3, 5, 59, 152.
 Fljótsdalshérað 3, 5, 8, 26, 59, 95, 102.
 Fljótsdælir 38, 48.
 Flói, sveit í Árnass. 59.
 Flosi Þórðarson = Brennuflosi 157.

- Freyr** 111. 108—112, 116, 117, 123
Fljót = Lagarfjót. —140, 147, 152, 153.
Frigg 111. Grímr Hallernuson 22, 23,
 26.
Færeyjar 116. Grímsá í Fljótsdalshéraði
 39.
Gauss víkingr 138, 139. Grímsbygðir, örnefni í
 Vopnaf. 135.
Gautavík í Berufirði 57. Grímshellir, örnefni í Fljóts-
 dalshéraði 136.
Gefjon hin fjölkunniga 139. Gróa 23, 29, 30, 34, 39,
 44, 45, 54, 55, 118, 127.
Geirólfseyrr, fornbær í Gróa Þiðrandadóttir 147,
 Skriðudal 155, 156. 151.
Geitavík í N.-M.s. 79. Guðrún Ósvífrsdóttir 98—
 102.
Geitdalsá í Fljótsdalshéraði Gunnarr á Bóndastöðum 26
 149. —28.
Geitir jötunn 14, 20, 21. Gunnarr Þiðrandabani 67,
 68, 71, 74, 77—80, 82,
Geitir Lýtingsson 8, 9, 85, 88, 91—94, 98—102,
 147, 151, 152. 137.
Geitishamarr 14, 20. Gunnlaugsstaðir, bær í
 Fljótsdalshéraði 148.
Geitishellir 20. Gunnarsdæld, örnefni í Aust-
 fjörðum 78.
Geitissúlur 14. Gunnsteinn goði Borgfirð-
 inga 88—91.
Gellir Þorkelsson 99, 101 Gunnsteinn ór Innri Krossa-
 102. vik 117.
Gestr = Gunnarr Þiðranda, Gunnsteinn Þorbjarnarson
 bani 99. kóreks, 60, 63, 64, 66,
 67, 69—71, 72—73, 82.
Gil, bær í Jökulsdal í N.- Guttormr Rögnvaldsson
 Múlas. 27, 147. 143, 144.
Gilsárteigr, bær í Fljóts-
dalshéraði 5.
Glúmr á Glúmsstöðum 1, 2.
Glúmr 129, 131, 132.
Glúmsstaðir, bær í Fljóts-
dal 1.
Grímr Droplaugarson 26—
 28, 29, 38—41, 47, 50,
 52, 53, 76, 77, 84, 87,

- Gönguskarð í Fljótsdals-
héraði 70, 73.
- Hafrsá, bær í Fljótsdals-
héraði 148.
- Hákon á Hákonarstöðum 2.
- Hákon jarl 57, 58.
- Hákonarstaðir, bær á Jök-
ulsdal 4.
- Hallerna 22.
- Halldórr í Skógum 157.
- Hallkatla Þiðrandadóttir 7.
- Hallormsstaðir, bær í Fljóts-
dal (eða í Skógum) í S.-
Múlas. 146, 149.
- Hallr = Síðu-Hallr 147.
- Hallsteinn í Jörvík 24.
- Hallsteinn á Viðivöllum
102—108, 115, 116, 148,
153.
- Hallsteinssynir 106, 120.
- Hálogaland í Noregi 98,
102.
- Háls = Hallormsstaðaháls í
Fljótsdalshéraði 120.
- Hávarr Bersason 146.
- Heiðarauðr, hestr 56.
- Helga Ingjaldsdóttir 153,
139.
- Helga Þorbjarnardóttir 46
—50.
- Helgafell, bær í Snæfells-
ness. 98, 99.
- Helgi hinn magri frá
Straumi 118, 124.
- Helgi Ásbjarnarson, goði,
3, 31, 34, 45, 46, 71, 92
—94, 96—98, 106, 113,
114, 116, 117, 119—135.
- Helgi Droplaugarson 26,
31, 37, 46—56, 73—78,
81—87, 89—93, 104, 105,
107—119, 121—127, 134,
140.
- Herjólfur (= Björgólfr) Hall-
steinsson 116.
- Hjaltland 10, 14, 21.
- Hjarðarhagi, bær í Jökuls-
dal 128.
- Hjarrandi at Öngulsá 121,
124—126, 129, 132.
- Hlaðir í Noregi 57.
- Hlaupandastaðir 61.
- Hof, fornbyli í Fljótsdals-
héraði = ? Kirkjubær í
Tungu 8.
- Hof, bær í Norðfirði 119.
- Hof, bær og kirkjustaðr í
Vopnafirði 32, 71, 98, 95.
- Hornafjörðr 137.
- Hólusteinn Bersason 148,
153, 155.
- Hrafnkell goði Þórisson 3,
31, 103, 106, 117, 135—
137, 148.
- Hrafnkelsdalr 2, 3.
- Hrafnkelsstaðir í Hrafn-
kelsdal 1, 148, 155.
- Hreiðarr 52, 53, 55.

- Hreiðarsstaðir**, bær í Fljótsdalshéraði 52, 55.
Hróarr Tungu-góði 8, 9, 57—59, 71.
Hróarstunga 8, 59, 61.
Hrisastaðir, bær í Skriðudal í S.-Múlas. 143, 145.
Hrollaugsstaðir, bær í Fljótsdalshéraði 129.
Hvannstöð = Fannstöð.
Höfði, bær í Fljótadalshéraði 121, 126, 133.
Höfn, bær í Borgarfirði í N.-Múlas. 23.
Höskuldr Þorgeirsson 8, 139.
Ígull 121, 123.
Ingibjörg Egilsdóttir 147.
Ingibjörg móðir Droplaugar 149.
Ingjaldr Nið-Gestsson 136, 137, 139, 140.
Ingjaldr Þorvaldsson 140.
Ingólfr Þorsteinsson 8.
Ingvildr Hávarsdóttir 148, 149.
Inni-Krákr, hestr 30, 44, 47, 54.
Írland 152.
Ísland 8, 23, 25, 58, 100, 107, 139, 140.
Jamtaland í Noregi 148.
Jóreiðr Þíðrandadóttir 147.
Jórunn Einarsdóttir 128, 133.
Jörvík, bær í Fljótsdalshéraði 24.
Jökulsá (á brú) 8, 132, 133.
Jökulsdalr 2, 25, 26, 128.
Kálfshváll, örnefni í Eyvindardal í S.-Múlas. 122.
Kálfsvaðseyrr, örnefni í Eyvindardal 123.
Kári, bróðir Hjarranda 121, 124.
Ketill raumr 1.
Ketill eldri þrymr Þíðrandason 141, 144, 145.
Ketill yngri þrymr Þíðrandason 6, 9, 24, 60—68.
Ketilormr 129, 132.
Kiðjafell, þingstaðr 4, 92, 96.
Kiðjahvammr, örnefni í Fljótsdalshéraði 69, 70.
Kjartan Ólafsson 8.
Knarrarsund (á Eyrum) 146.
Knútusel í Eyvindardal 121.
Konungahella í Noregi 143.
Kórekr = Þorbjörn kórekr 60, 70, 71.
Kóreksstaðir í Fljótsdalshéraði 60, 61, 72.
Kórekssynir (Gunnsteinn og Þorkell) 66, 68.
Krakalækjar várþing 152.
Krossavík, bær í Vopnafirði (Innri K.) 117.
Krossavík, bær í Vopnafirði (hin ytri) 7, 8, 9, 58, 72, 92, 116, 128, 133, 135.
Lagarfljót = Fljót 5, 8, 24, 30, 32, 35, 50, 60, 61, 133, 146.
Lambanesþing 129.
Laxáróss í Dölum 99, 101, 102.
Ljósavatn, bær í S.-Þingeyjars. 139.
Lónsheiðr 116.

- Meðalnes**, bær í Fljótisdals-
héraði 50.
Miðbær í Norðfirði 117,
119.
Miðfirðir í Austfjörðum 89.
Mjóvanes, bær í Fljótisdals-
héraði 33, 45, 74, 92, 94,
97, 114, 117, 120, 128.
Múlaþing 117.
Mýnes, bær í Fljótisdalshér-
aði 34, 35, 40, 149, 151.
Mýnes-Þórir = Þórir í Mý-
nesi 34, 40.
Mýrar, bær í Skriðudal 120,
149.
Mývatn 99.
Möðrudalsheið 78.

Naustadæli 78.
Nes, bær í Austfjörðum 118.
Nes, bær í Norðfirði 146,
147.
Niðaróss í Þrándheimi 57.
Njarðvík í Austfjörðum 5,
9, 23, 59, 61—63, 69, 73,
75, 78. 92, 136, 147,
156.
Njarðvíkingar 24, 26, 37,
60.
Nollarr 45—50, 55, 56.
Nollarsstaðir, fornbyli í
Fljótisdal 46, 47, 50, 55.
Norðrfjörðr = Norðfjörðr
117, 118, 146.
Noregr 57, 98.

Oddbjörg Glúmsdóttir 1, 2.
Oddmarslækr, fyrir vestan
Eiðaskóg 129.
Oddr (á Oddsstöðum) 3.
Oddsstaðahöfði (í Skógum)
32.

Oddsstaðir í Skógum í S.-
Múlas. 4, 5, 31, 32.
Ormarr 143, 145, 146.
Ormarsstaðir, bær í Fellum
í N.-Múlas. 146.
Ormsstaðir, bær í Fljótis-
dalshéraði 5, 148, 149.
Ormsteinn Bersason 25, 56.
Óss 62, 70, 73.

Ragnheiðr Helgadóttir 32.
Rangá í Fljótisdalshéraði 8,
129.
Rangárvellir 59.
Rannveig 26.
Rannveig Helgadóttir 33.
Rannveig (brestingr) kona
Þórgrims skinnhúfu 117,
118.
Reyðarfjörðr 29, 116, 139,
143, 145.
Rögnvaldr Ketilsson 143.

Sandbrekka, bær í Fljótis-
dalshéraði 73.
Seyðarfjörðr = Seyðisfjörðr
118.
Sandlækr 61.
Selfjót 5.
Síða 59.
Sigríðr, móðir Arneiðar
144.
Sigríðr systir Finngæirs
138.
Sigurðr skarfr 120, 124.
Sigvatr Hallsteinsson 103.
Skagafell í Eyvindardal
121.
Skálanes, bær í Vopnafirði
75.
Skálavík, bær í Vopnafirði
58.


- Skeggjastaðir, bær í Fellum í N.-Múlas. 47, 48, 50, 53, 56.
 Skógar, bær undir Eyja-fjöllum 157.
 Skriðudalur = Skriðdalr, sveit í S.-Múlas. 4, 143.
 Skriðudalsá 155.
 Sköfnungr, sverð 100.
 Smjörvatnsheiðr 116.
 Snorri Hallsteinsson 103.
 Snotrunes, bær í Borgarfirði í N.-Múlas. 72, 79, 113.
 Snæfell, fjall austanvert við Vopnafjörð (í Krossavíkr fjöllum) 135.
 Snæholtsskógar í Fljótisdals-heraði 41.
 Sogn í Noregi 137.
 Spak-Bersi = Bersi Özurarson 25.
 Straumr, bær í Fljótisdals-herði 118, 124.
 Suðreyjar við Skotland 144.
 Svartr þræll 37, 38.
 Sveinungr & Bakka í Borgarfirði 79—89, 91, 92.
 Svínafell, bær í Örafum í Skaftafellssýslu 157.
 Svíþjóð 145.
 Tjaldsteinn 136.
 Tófa hliðarsól Þorkeldsdóttir 118.
 Tókastaðir, bær í Fljótisdalshéraði 40.
 Torfastaðir, bær í Jökulsárhlíð 118.
 Tryggvi 144.
 Tunga = Hróarstunga 8.
 Unaóss (Selfjóts ós?) í Fljótisdalshéraði 10.
 Upplönd í Svíþjóð 138.
 Uppsalar í Svíþjóð.
 Uppsalar, bær í Fljótisdals-heraði 39.
 Útmanasveit (= Úthérað) 60.
 Valagilsá 122.
 Vallanes, bær og kirkjustaðr í S.-Múlasýslu 39, 146.
 Vallholt, bær í Fljótisdals-heraði 24.
 Vápnafjörðr 7, 8, 32, 58, 71, 95, 147.
 Vápnfirðingar 75.
 Veðormr Rögnvaldsson 143, 144.
 Vellir, sveit í Fljótisdals-heraði 39.
 Viðivellir, nyrðri, í bær Fljótisdal 115, 120, 148.
 Viðivellir, syðri, bær í Fljótisdal.
 Vindgjá 78.
 Vikin í Noregi 145.
 Virkihús, fornþýli í Njarðvík 65.
 Þangbrandr prestur 140.
 Þiðrandapúfa í Njarðvík 65.
 Þiðrandi hinn gamli 5, 7.
 Þiðrandi faðir Atla og Ketils 143.
 Þiðrandi Geitisson 7—9, 57—69, 71, 72.
 Þiðrandi Ketilsson 146, 147.
 Þinghöfði á Krakalækjarþingi 117, 119.
 Þjörðárdalur 1.
 Þórarinn molduxi 118, 120.
 Þórarinn ór Seyðarfirði 118.

- Dorbjörn húskarl Gró 118, 130.
 Dorbjörn Kóreksson 60, 61, 71, 72.
 Dorbjörn á Skeggjastöðum 46.
 Dórdís brestingr 28.
 Dórdís í Eyvindardal 122.
 Dórdís todda brodd-Helga-dóttir 33, 35, 92—98 129—131, 139, 149.
 Dórdís kona Þorsteins 113, 114, 117, 118.
 Dórör Ígulsson 121, 123.
 Dorfinnr 150.
 Dorgerðarstaðir, bær í Fljótsdal 1.
 Dorgerðr á Dorgerðarstöðum 1, 2.
 Dorgerðr kona Hallsteins 148.
 Dorgeirr á Hrafnkelsstöðum 148, 155, 156.
 Dorgils þbræll 115.
 Dorgrímr faðir Droplaugar 147.
 Dorgrímr í Hjarðarhaga 128.
 Dorgrímr skinnhúfa 117—120.
 Dorgrímr tordýfill 34—38, 40—44, 45, 49, 149—152.
 Dórir Hrafnkelsson 1, 2.
 Dórir í Mýnesi 34—36, 40, 44, 45.
 Dorkatla Helgadóttir 149.
 Dorkell Eyjólfsson 98—202.
 Dorkell Geitisson 7, 9, 73—76, 91, 98, 116, 128, 133, 135.
 Dorkell Hallsteinsson 148.
 Dorkell fullspakr Ketilsson 24, 73—76, 92, 136.
 Dorkell ór innri Krossavík 117.
 Dorkell stýrimaðr 137.
 Dorkell svartaskáld 118, 121, 124, 126, 127.
 Dorkell á Torfastöðum 118.
 Dorkell trani 28, 129—133, 137, 139.
 Dorkell Þorbjarnarson (Kóreksson) 61, 68—70.
 Dorlákr 133.
 Þorlaug Bersadóttir 25, 91.
 Þórr 111, 112.
 Þórsá á Skotlandi (á Katanesi) 23.
 Þorsteinn á Desjarmýri 113, 117.
 Þorvaldr Grimson 140.
 Þorvaldr Ingjaldsson 140.
 Þorvaldr Þiðrandason 7, 9—28, 37, 38, 147.
 Þrándheimr í Noregi 57.
 Þrum-Ketill = Ketill þrymr 6.
 Þrælavík við Lagarfjót 32, 149.
 Þuridarstaðir, bær í Fljótsdal 2.
 Þuríðr Hámundardóttir 1.
 Þverá = Munka-Þverá í Eyjafirði 128.
 Ölviðr á Oddsstöðum 3—5.
 Öngulsá, fornþær á Völlum í Fljótsdalshéraði = ?
 Höfði á Völlum 148.
 Örafagil í Fljótsdal 109.
 Özur undir Ási 120, 123, 125, 126, 148.


L. Petersen, yfirkennari í Allinge á Borg-
undarhólmi, segir meðal annars um útgáfuna á Ís-
lendinga sögum (sjá Nationaltidende 28. desbr.
1895): „Þess voru eigi allfá dæmi fyrir mannsaldri
síðan — um 1864 — að ungir gáfumenn á kennslu-
skólum legðu, auk skyldunáms, stund á einhverja
námsgrein, er þeir kusu, að eigin gedþótta, t. a. m.
hina norrænu forntungu.


Vera má að slíkt hið sama eigi sjer enn stað,
en um þessar mundir þykir víst ekki mikið varið í
þess konar nám, þar eð það „borgar sig“ vart.
En ganga má að því vísu, að ýmsir kennendur hafi
ekki eingöngu á æskuárunum numið nokkuð í nor-
rænu, en haldið og kunnáttu sinni við og aukið
hana eptir því sem færi gafst, með því að lesa ein-
hverja fornsögu á frummálinu. En líklega hefir
eigi farið fyrir mörgum eins og þeim, er þetta rit-
ar: Norrænan varð honum að velfallinni brú yfir
til hinna nýrri bókmennta Íslands, — en í þeim er
ekki allfátt það, sem maklegt er viðkyningar. Fram
að þessu hafa þær útgáfur af fornsögnum, sem
kostur hefir verið á, optast verið harla dýrar; mun
því vinum norrænnar tungu, ef til vill þykja mik-
ils um vert, er þeir spyrja, að á seinni árum hafi á
Íslandi verið byrjað að gefa út allar Íslendingasög-
ur í alþýðlegri útgáfu, svo ódýrri, að hún geti kom-
ist inn á hvert einasta heimili þar í landi, hversu
fátækt sem er“.

7701



oogle





Google